Hæstaréttardómar 1944

Útgáfa 3.1 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af dómasafni Hæstaréttar. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af dómum Hæstaréttar án endurgjalds. Hæstiréttur Íslands stendur ekki fyrir útgáfu þessa skjals né komið að henni með öðrum hætti en lýst er hér að neðan.

Sérstakar þakkir fær Bókasafn Hafnarfjarðar fyrir að gefa flest bindanna til skönnunar og Óli Gneisti Sóleyjarson fyrir sín framlög til verkefnisins. Fjárhagslegir styrktaraðilar fá einnig þakkir fyrir fjárframlög sín.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum https://urlausnir.is. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta dómar ekki verndar höfundalaga. Skrifstofa Hæstaréttar hefur tjáð höfundi skjalsins að Hæstiréttur hyggst ekki gera neinar athugasemdir vegna birtingar þessara rafrænu eintakanna í heilu lagi, en hefur hins vegar ekki útilokað að annað efni en dómar gæti notið verndar höfundalaga. Ef ætlunin er að nýta aðra hluta skjalsins en dómana sjálfa er mælt með því að viðkomandi hafi samband við Hæstarétt eftir því sem við á.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Athugasemdir um þessa útgáfu

Minniháttar gallar á bls. 22 og 101 á prenteintaki.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

HÆSTARÉTTARDÓMAR

ÚTGEFANDI
HÆSTIRÉTTUR

XV. BINDI
1944

REYKJAVÍK
RÍKISPRENTSMIÐJAN GUTENBERG
MCMXLV

Reglulegir dómarar hæstaréttar 1944.

Gizur Bergsteinsson. Forseti dómsins frá 1. janúar til 31. ágúst.

Þórður Eyjólfsson. Forseti dómsins frá 1. september til 31. desember.

Ísleifur Árnason settur dómari í stað Einars Arnórssonar frá 1. janúar til 21. september.

Einar Arnórsson. Tók við embætti hæstaréttardómara af nýju 21. september.

Registur.

I. Málaskrá.

		Dómur	Bls.
1.	Valdstjórnin gegn Steinþóri Guðmundssyni. Brot á lögum um húsaleigu	1⅔	1
2.	Pétur A. Ólafsson gegn Jens Eyjólfssyni. Kærumál. Ómerking og vísun frá héraðsdómi vegna galla á málsmeðferð	1⅔	5
3.	Réttvísin og valdstjórnin gegn Lúðvík Dalberg Þorsteinssyni. Brot á bifreiðalögum. Manndráp af gáleysi	1⅓	6
4.	Réttvísin og valdstjórnin gegn Guðmundi Ragnari Magnússyni. Brot gegn valdstjórn. Ölvun	1⅞	11
5.	Júlíus Guðmundsson gegn Steindóri Einarssyni. Eignarkvöð	2⅓	19
6.	Jón Símonarson og Óskar Th. Jónsson gegn Guðmundi Gíslasyni. Kærumál. Umferðarkvöð. Innsetningargerð. Áfrýjun. Ómerking vegna galla á málsmeðferð	2⅓	23
7.	Dánarbú Karvels Jónssonar gegn Agli Ragnars. Skuldamál. Veð. Nauðasamningar	2⅔	25
8.	Valdstjórnin gegn Jóni Ívarssyni. Brot á verðlagsákvæðum	2⅚	30
9.	Djúpavík h/f gegn Borgarstjóra Reykjavíkur f. h. bæjarsjóðs. Útsvarsmál. Heimilisfesti hlutafélags	2⅝	42
10.	Óskar Halldórsson h/f gegn Tunnuverksmiðju Siglufjarðar s/f. Skaðabótamál vegna samningsrofa. Umboð	3⅓	45
11.	Jóhann Sigurðsson gegn Guðmundi Helgasyni. Útivistardómur	3⅓	52
12.	Alfred Rosenberg gegn Skafta Sigþórssyni. Bætur fyrir rof á vinnusamningi	½	52
13.	Réttvísin og valdstjórnin gegn Sigurði Sigurbjörnssyni. Ölvun við bifreiðarakstur	⅞	56

		Dómur	Bls.
14.	Margrét Árnadóttir og Egill Benediktsson gegn Stjórn Stúdentagarðsins. Réttur til leigugjalds eftir húsnæði	½	59
15.	Þorsteinn Jónsson gegn Magnúsi Kjaran. Skuldamál. Umboð	1½	64
16.	Sigurjón Jónsson gegn þrotabúi Guðmundar H. Þórðarsonar. Kærumál. Frávísunarkröfu hrundið	1½	68
17.	Ásta Hallsdóttir gegn Ólafi Jónssyni. Útburður úr leiguíbúð	1½	70
18.	Valdstjórnin gegn Friðrik Sigfússyni og Siegfried Hauki Björnssyni. Brot á reglum um sölu og úthlutun matvörutegunda	1½	72
19.	Garðar Þorsteinsson gegn lögmanninum í Reykjavík og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs. Dómsathöfn ómerkt vegna galla á málsmeðferð	1½	75
20.	Valdstjórnin gegn Pétri Guðmundssyni. Ölvun við akstur bifreiðar	2½	77
21.	Karl Þorfinnsson gegn Magnúsi V. Jóhannessyni. Krafa um útburð úr leiguhúsnæði	2½	79
22.	Kristinn Þórðarson gegn Gunnari Sigurðssyni. Útivistardómur	2½	85
23.	Hreppsnefnd Ólafsfjarðarhrepps f. h. hreppsins gegn Gísla J. Johnsen og Höskuldi Baldvinssyni. Kærumál. Varnarþing	2½	85
24.	Valdstjórnin gegn Finnboga Ólafssyni. Ölvun við akstur bifreiðar	⅔	87
25.	Réttvísin og valdstjórnin gegn Magnúsi Björgvin Sveinssyni. Gálaus akstur bifreiðar. Líkamsáverkar	⅔	89
26.	Réttvísin og valdstjórnin gegn Hirti Péturssyni. Bifreiðarslys. Sýknað af ákæru um manndráp af gáleysi	⅔	93
27.	Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs gegn Magnúsi Björnssyni. Uppsögn leigumála um húsnæði	1⅔	98
28.	Teitur Júlíus Júlínusson gegn tollstjóranum í Reykjavík f. h. ríkissjóðs. Skylda til greiðslu tekjuskatts. Heimilisfang	1⅔	102
29.	Lögreglustjórinn í Reykjavík, borgarstjórinn í Reykjavík og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs gegn Páli Guðjónssyni og gagnsök. Krafa um bætur fyrir brottvikning úr opinberu starfi	2⅔	105
30.	Vinnuveitendafélag Akureyrar og Verkamannafélag Akureyrarkaupstaðar gegn Bergþóri Baldvinssyni. Kærumál. Máli, er bar undir félagsdóm, vísað frá héraðsdómi	2⅔	112

		Dómur	Bls.
31.	Guðmundur Gíslason gegn Jóni Símonarsyni og Óskari Thorberg Jónssyni. Umferðarkvöð á fasteign	2⅔	114
32.	Valdstjórnin gegn Axel Sigurgeirssyni, Hringi Vigfússyni, Sigurjónu Jóhannesdóttur og Jóhannesi Bjarna Magnússyni. Kært fyrir brot á reglum um skömmtun matvörutegunda	2⅔	117
33.	Jóhann Indriðason gegn Ingimar Jónssyni. Skuldamál. Afsláttur af kaupverði vegna galla á seldum hlut	2⅔	121
34.	Þorsteinn Bernharðsson gegn borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs. Maður, er taldi sig hafa hlotið meiðsl vegna galla á gangvegi í sundhöll Reykjavíkur, krefur bæjarsjóð um bætur	2⅞	125
35.	Vilhjálmur Árnason gegn Ingibergi Þorvaldssyni. Úrskurður um öflun sakargagna	2⅔	128
36.	Réttvísin gegn Eggert Gunnarssyni. Líkamsáverki	3⅓	128
37.	Réttvísin og valdstjórnin gegn Bjarna Hafsteini Knudsen. Brot gegn valdstjórn. Ölvun við akstur	1¼	132
38.	Valdstjórnin gegn Gísla Magnúsi Gíslasyni. Brot á verðlagsákvæðum	2¾	138
39.	Réttvísin gegn Þórarni Jónssyni. Fjársvik	2¾	144
40.	Vilhjálmur Aðalsteinsson gegn bæjarstjórn Akureyrar f. h. bæjarsjóðs. Útivistardómur	2¾	146
41.	Valdstjórnin gegn Hallgrími Júlíussyni. Ómerking og heimvísun vegna galla á málsmeðferð	⅗	147
42.	Valdstjórnin gegn Karli Ó. Guðmundssyni. Ómerking og heimvísun vegna galla á málsmeðferð	⅘	150
43.	Valdstjórnin gegn Guðna Jónssyni. Ómerking og heimvísun vegna galla á málsmeðferð	⅘	153
44.	Vilhjálmur Árnason gegn Ingibergi Þorvaldssyni. Útburður úr leiguíbúð	1⅘	156
45.	Valdstjórnin gegn Gunnari Gunnarssyni. Ölvun við akstur bifreiðar	1⅘	158
46.	Valdstjórnin gegn Bjarnheiði Brynjólfsdóttur. Brot á verðlagsákvæðum	1⅖	162
47.	Magnús Guðmundsson gegn Guðjóni Samúelssyni og Jóni Eiríkssyni. Ómerking og heimvísun vegna galla á málsmeðferð	1⅖	166
48.	Réttvísin gegn Kolbeini Stefánssyni, Óskari Friðbjarnarsyni og Pétri Stefánssyni. Líkamsárás. Brot í opinberu starfi	1⅘	172
49.	Óliusamlag Vestmannaeyja gegn Magnúsi Thorlacius		

		Dómur	Bls.
	f. h. Eagle Oil Company of New York, G. m. b. H. Mál til riftunar samnings vegna galla á vöru og skaðabóta	2⅖	183
50.	Réttvísin og valdstjórnin gegn Kristínu Arnbjörgu Bogadóttur og Soffíu Guðbjörgu Þórðardóttur. Brot á verðlagsákvæðum. Brot gegn valdstjórn	2⅘	189
51.	Fulltrúaráð verklýðsfélaganna á Akureyri gegn Verklýðsfélagi Akureyrarkaupstaðar og Verkakvennafélaginu Einingu. Mál til brigðar á húseign og skaðabóta	2⅖	192
52.	Guðmundur Þorkelsson gegn Gísla Kr. Gíslasyni. Útivistardómur	3⅕	199
53.	Valdstjórnin gegn Gunnari Ólafssyni. Brot á reglum um útflutning vöru	⅕	200
54.	Kaupfélag Árnesinga gegn Gunnari Benediktssyni. Kærumál. Valdsvið dómstóla	⅕	204
55.	Gunnar Guðmundsson gegn Bifreiðastöð Reykjavíkur og gagnsök. Bætur vegna bifreiðarslyss	⅖	206
56.	Flugfélag Íslands h/f gegn Harry Rosenthal og gagnsök. Bætur vegna flugslyss	⅗	211
57.	Valdstjórnin gegn Hjálmari Þorsteinssyni. Brot á reglum um verðlag	1⅖	215
58.	Réttvísin og valdstjórnin gegn Adolph Bergssyni, Friðjóni Bjarnasyni og Guðmundi Ragnari Guðmundssyni. Skjalafals. Þjófnaður. Brot í opinberu starfi	1⅘	219
59.	Valdstjórnin gegn Ólafi Kjartani Ólafssyni og Guðmundi Jóhannssyni. Ölvun við akstur bifreiðar	1⅗	233
60.	Valdstjórnin gegn Andrési Magnúsi Andréssyni. Ölvun við akstur bifreiðar	2⅕	237
61.	Ragnar Bjarnason gegn Halldóri Einarssyni. Áfrýjað málskostnaðarákvæði héraðsdóms	2⅕	241
62.	Kristján Guðmundsson gegn Sigurlaugu Kristjánsdóttur, Sigurði Björnssyni, Sigurbirni Björnssyni, Árna Björnssyni og Örlygi Björnssyni. Máli vísað frá hæstarétti vegna ófullnægjandi málflutnings þar	2⅕	244
63.	Alexander Guðmundsson gegn Byggingarfélagi verkamanna. Um rétt til íbúðar í húsi byggingarfélags	2⅗	249
64.	Oddur A. Sigurjónsson gegn Síldarverksmiðjum ríkisins og gagnsök. Útivistardómur	2⅗	256
65.	Réttvísin gegn Hinrik Ragnarssyni og Hannesi Elíssyni. Eignarspjöll. Íkveikja	2⅘	256

		Dómur	Bls.
66.	Strætisvagnar Reykjavíkur h/f gegn Jóhanni Indriðasyni f. h. ófjárráða sonar síns Harðar. Skaðabótakrafa vegna meiðsla í bifreið	2⅞	273
67.	Þrotabú Guðmundar H. Þórðarsonar gegn Sigurjóni Jónssyni. Rifting handveðréttar	2⅞	277
68.	Alþýðuhús Reykjavíkur h/f gegn Guðrúnu I. Jónsdóttur. Kærumál. Úrskurður héraðsdóms um efnisatriði máls fellur úr gildi	2⅞	282
69.	Vinnuveitendafélag Íslands gegn Alþýðusambandi Íslands f. h. verkamannafélagsins Dagsbrúnar. Kærumál. Frestveiting. Frávísun	2⅞	284
70.	Hallbjörn Þórarinsson gegn Sverri Briem. Kærumál. Staðfesting vitnaskýrslna	2⅞	286
71.	Valdstjórnin gegn Leifi Guðmundi Pálssyni. Ölvun við akstur bifreiðar	6/10	290
72.	Ölgerðin Egill Skallagrímsson h/f gegn Tollstjóranum í Reykjavík f. h. ríkissjóðs. Ákvörðun eignarskatts	9/10	293
73.	Theódór Friðriksson gegn Þorláki Hálfdánarsyni. Meinyrði um látinn mann. Sératkvæði	11/10	295
74.	Tómas Jónsson og Þorsteinn Sigurðsson gegn Vélsmiðjunni Keili h/f. Skuldamál	13/10	298
75.	Borghildur Brynjólfsdóttir gegn Huga Vigfússyni. Ómerking héraðsdóms og heimvísun	16/10	301
76.	Ásgeir Ólafsson gegn Magnúsi Thorlacius. Fjárnám	18/10	303
77.	Ragnar Halldórsson og Þórólfur Beck Sveinbjarnarson gegn Sælgætis- og efnagerðinni Freyju h/f. Endurheimta ofgreidds fjár	20/10	306
78.	J. Þorlákssson & Norðmann gegn Þorláki Einarssyni. Kærumál. Dómkvaðning matsmanns	21/10	310
79.	Garðar Jóhannesson gegn Aðils Kemp. Útivistardómur	27/10	312
80.	Jón Magnússon gegn H/f Sæfara. Úrskurður um öflun framhaldsskýrslna	27/10	312
81.	Ólafur Ó. Guðmundsson gegn Hreppsnefnd Keflavíkur f. h. hreppsins. Útivistardómur	30/10	313
82.	Kristinn Þórðarson gegn Gunnari Sigurðssyni. Útivistardómur	30/10	313
83.	Valdstjórnin gegn Jóhannesi Jósefssyni. Brot verðlagsákvæða	3/11	311
84.	Valdstjórnin gegn Cornelis Peiter Aland. Ólögleg veiði togaraskipstjóra í landhelgi	6/11	318

		Dómur	Bls.
85.	Ólafur Hermannsson gegn H/f Shell á Íslandi. Um kvöð á fasteign	8/11	321
86.	Réttvísin og valdstjórnin gegn Óskari Petersen. Bifreiðalagabrot. Líkamsáverki	10/11	325
87.	Jarðakaupasjóður ríkisins gegn db. Erlends Jónssonar. Landamerkjamál	13/11	329
88.	Valdstjórnin gegn Paul A. S. Wiberg. Ólögleg veiði togaraskipstjóra í landhelgi	15/11	342
89.	Alþýðusamband Íslands f. h. verkamannafélagsins Dagsbrúnar gegn Vinnuveitendafélagi Íslands. Kærumál. Vitnaskylda	17/11	345
90.	H/f Sæfinnur gegn Bæjarstjórn Neskaupstaðar f. h. bæjarsjóðs. Útsvarsmál. Ómerking og heimvísun	17/11	347
91.	Borgarfógetinn í Reykjavík og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs gegn Garðari Þorsteinssyni. Útlagning fasteignar til veðhafa. Ómerking	21/11	349
92.	Bæjarstjórn Ísafjarðar f. h. bæjarsjóðs gegn Hreppsnefnd Eyrarhrepps f. h. hreppsins. Útvarsskylda af búrekstri bæjarfélags	27/11	352
93.	Valdstjórnin gegn Jóni Jóhannssyni. Úrskurður um framhaldsrannsókn	29/11	355
94.	Guðmundur Þorsteinsson gegn Haraldi Andréssyni f. h. Nýju blikksmiðjunnar og gagnsök. Útivistardómur	29/11	356
95.	Ásgeir Ingimundarson gegn Inga Haraldssyni. Útivistardómur	29/11	357
96.	Jón Katarinusson gegn Sigurði Berndsen og Sigurgeir Sigurjónssyni. Útivistardómur	29/11	357
97.	Valdstjórnin gegn Guðmundi Jóhannessyni. Óréttmætir verzlunarhættir	4/12	358
98.	Réttvísin og valdstjórnin gegn Guðjóni Andréssyni. Bifreiðalagabrot. Líkamsáverki	6/12	361
99.	Stefán Jónsson gegn Hreppsnefnd Svarfaðardalshrepps f. h. hreppsins. Ómerking og heimvísun	8/12	365
100.	H/f Júpíter gegn Sjómannafélagi Reykjavíkur. Uppsögn á skiprúmsamningi háseta	11/12	369
101.	Db. Ingvars Guðjónssonar gegn bæjarsjóði Siglufjarðar. Útsvarsmál. Ómerking og heimvísun	11/12	372
102.	Fiskösölusamlag Vestfirðinga gegn bæjarsjóði Ísafjarðar. Útsvarsmál	15/12	373
103.	Jón Jóhannesson gegn Aage Schiöth. Úrskurður um öflun framhaldsskýrslna	18/12	379

		Dómur	Bls.
104.	Finnur Jónsson gegn þrotabúi Hávarðs h/f. Frávísun vegna galla á áfrýjun máls	18/12	379
105.	Skipaútgerð ríkisins gegn Theódór B. Lindal f. h. John Padley Grantham vegna eigenda og skipshafnar b/v War Grey og gagnsök. Bjarglaun	20/12	380
106.	H/f Marz gegn Andrési Bjarnasyni. Útivistardómur	20/12	391
107.	Mikael Sigfinnsson gegn Sigurjóni Jónssyni h/f. Útivistardómur	20/12	391

II. Nafnaskrá.

A. Einkamál.

Bls.

Akureyrarkaupstaður 146
Alexander Guðmundsson 249
Alþýðuhús Reykjavíkur h/f 282
Alþýðusamband Íslands f. h. verkamannafél. Dagsbrúnar 284, 345
Andrés Bjarnason 391
Árni Björnsson 244
Ásgeir Ingimundarson 357
Ásgeir Ólafsson 303
Ásta Hallsdóttir 70
Bergþór Baldvinsson 112
Berndsen, Sigurður 357
Bifreiðastöð Reykjavíkur 206
Borghildur Brynjólfsdóttir 301
Briem, Sverrir 286
Byggingarfélag verkamanna 249
Dagsbrún, verkamannafélag 284, 345
Djúpavík h/f 42
Eagle Oil Company of New York G. m. b. h. 183
Egill Benediktsson 59
Eining, verkakvennafélag 192
Erlendur Jónsson, dánarbú 329
Eyrarhreppur 352
Finnur Jónsson 379
Fisksölusamlag Vestfirðinga 373
Flugfélag Íslands h/f 211
Freyja, sælgætis- og efnagerð h/f 306
Fulltrúaráð verklýðsfélaganna á Akureyri 192
Garðar Jóhannesson 312
Garðar Þorsteinsson 75, 349
Gísli Kr. Gíslason 199
Guðjón Samúelsson 166
Guðmundur Gíslason 23, 114

Bls.
Guðmundur Helgason ... 52
Guðmundur Þorkelsson ... 199
Guðmundur Þorsteinsson ... 356
Guðmundur H. Þórðarson, þrotabú ... 68, 277
Guðrún I. Jónsdóttir ... 282
Gunnar Benediktsson ... 204
Gunnar Guðmundsson ... 206
Gunnar Sigurðsson ... 85, 313
Hallbjörn Þórarinsson ... 286
Halldór Einarsson ... 241
Hávarður h/f, þrotabú ... 379
Hugi Vigfússon ... 301
Hörður Jóhannsson ... 273
Höskuldur Baldvinsson ... 85
Ingi Haraldsson ... 357
Ingibergur Þorvaldsson ... 128, 156
Ingimar Jónsson ... 121
Ingvar Guðjónsson, dánarbú ... 372
Ísafjarðarkaupstaður ... 352, 373
J. Þorláksson & Norðmann ... 310
Jarðakaupasjóður ríkisins ... 329
Jens Eyjólfsson ... 5
Jóhann Indriðason ... 121
Jóhann Indriðason f. h. Harðar Jóhannssonar ... 273
Jóhann Sigurðsson ... 52
Johnsen, Gísli J. ... 85
Jón Eiríksson ... 166
Jón Jóhannesson ... 379
Jón Katarínusson ... 357
Jón Magnússon ... 312
Jón Símonarson ... 23, 114
Júlíus Guðmundsson ... 19
Júlíus T. Júlínusson ... 102
Júpíter h/f ... 369
Karl Þorfinnsson ... 79
Karvel Jónsson, dánarbú ... 25
Kaupfélag Árnesinga ... 204
Keflavíkurhreppur ... 313
Keilir h/f ... 298
Kemp, Aðils ... 312
Kjaran, Magnús ... 64
Kristinn Þórðarson ... 85, 313
Kristján Guðmundsson ... 244
Magnús Björnsson ... 98

Bsl.
Magnús Guðmundsson 166
Magnús V. Jóhannesson 79
Magnús Thorlacius f. h. Eagle Oil Company of New York G. m. b. h. 183
Margrét Árnadóttir 59
Marz h/f 391
Mikael Sigfinnsson 391
Neskaupstaður 347
Nýja blikksmiðjan 356
Oddur A. Sigurjónsson 256
Olíusamlag Vestmannaeyja 183
Ólafsfjarðarhreppur 85
Ólafur Ó. Guðmundsson 313
Ólafur Hermannsson 321
Ólafur Jónsson 70
Óskar Halldórsson h/f 45
Óskar Thorberg Jónsson 23, 114
Páll Guðjónsson 105
Pétur A. Ólafsson 5
Ragnar Bjarnason 241
Ragnar Halldórsson 306
Ragnars, Egill 25
Reykjavíkurbær 42, 105, 125
Ríkissjóður 75, 98, 102, 105, 293, 329, 349
Rosenberg, Alfred 52
Rosenthal, Harry 211
Schiöth, Aage 379
Shell á Íslandi h/f 321
Siglufjarðarkaupstaður 372
Sigurbjörn Björnsson 244
Sigurður Björnsson 244
Sigurgeir Sigurjónsson 357
Sigurjón Jónsson 68, 277
Sigurjón Jónsson h/f 391
Sigurlaug Kristjánsdóttir 244
Síldarverksmiðjur ríkisins 256
Sjómannafélag Reykjavíkur 369
Skafti Sigþórsson 52
Skipaútgerð ríkisins 386
Stefán Jónsson 365
Steindór Einarsson 19
Strætisvagnar Reykjavíkur h/f 273
Stúdentagarður 59
Svarfaðardalshreppur 365

Bls.
Sæfari h/f ... 312
Sæfinnur h/f ... 347
Sælgætis- og efnagerðin Freyja h/f ... 306
Teitur Júlíus Júlínusson ... 102
Theódór Friðriksson ... 295
Theódór B. Líndal f. h. John Padley Grantham vegna eigenda b/v War Grey ... 386
Thorlacius, Magnús ... 303
Tómas Jónsson ... 298
Tunnuverksmiðja Siglufjarðar s/f ... 45
Verkakvennafélagið Eining ... 192
Verkalýðsfélag Akureyrarkaupstaðar ... 192
Verkamannafélag Akureyrar ... 112
Verkamannafélagið Dagsbrún ... 284
Vélsmiðjan Keilir h/f ... 298
Vilhjálmur Aðalsteinsson ... 146
Vilhjálmur Árnason ... 128, 156
Vinnuveitendafélag Akureyrar ... 112
Vinnuveitendafélag Íslands ... 284, 345
War Grey b/v, eigendur og skipshöfn ... 386
Þorlákur Einarsson ... 310
Þorlákur Hálfdánarson ... 295
Þorsteinn Bernharðsson ... 125
Þorsteinn Jónsson ... 64
Þorsteinn Sigurðsson ... 298
Þórólfur Beck Sveinbjarnarson ... 306
Ölgerðin Egill Skallagrímsson ... 293
Örlygur Björnsson ... 244

B. Opinber mál.

Adolph Bergsson ... 219
Aland, Cornelis Peiter ... 318
Andrés Magnús Andrésson ... 237
Axel Sigurgeirsson ... 117
Bjarnheiður Brynjólfsdóttir ... 162
Eggert Gunnarsson ... 128
Finnbogi Ólafsson ... 87
Friðjón Bjarnason ... 219
Friðrik Sigfússon ... 72
Gísli Magnús Gíslason ... 138
Guðjón Andrésson ... 361
Guðmundur Ragnar Guðmundsson ... 219
Guðmundur Jóhannesson ... 358
Guðmundur Jóhannsson ... 233

Bls.
Guðmundur Ragnar Magnússon 11
Guðni Jónsson 153
Gunnar Gunnarsson 158
Gunnar Ólafsson 200
Hallgrímur Júlíusson 147
Hannes Elísson 256
Hinrik Ragnarsson 256
Hjálmar Þorsteinsson 215
Hjörtur Pétursson 93
Hringur Vigfússon 117
Jóhannes Jósefsson 311
Jóhannes Bjarni Magnússon 117
Jón Ívarsson 30
Jón Jóhannsson 355
Karl Ó. Guðmundsson 150
Knudsen, Bjarni Hafstein 132
Kolbeinn Stefánsson 172
Kristín Arnbjörg Bogadóttir 189
Leifur Guðmundur Pálsson 290
Lúðvík Dalberg Þorsteinsson 6
Magnús Björgvin Sveinsson 89
Ólafur Kjartan Ólafsson 233
Óskar Friðbjarnarson 172
Petersen, Óskar 325
Pétur Guðmundsson 77
Pétur Stefánsson 172
Siegfried Haukur Björnsson 72
Sigurður Sigurbjörnsson 56
Sigurjóna Jóhannesdóttir 117
Soffía Guðbjörg Þórðardóttir 189
Steinþór Guðmundsson 1
Wiberg, Paul A. S. 342
Þórarinn Jónsson 144

III. Skrá

um lög, reglugerðir, samþykktir o. fl., sem vitnað er til í XV. bindi hæstaréttardóma.

1838 24. jan. Tilskipun viðvíkjandi misgjörningamálum á Íslandi.
15. gr., 159.
1849 20. júní. Tilskipun um veiði á Íslandi, 315.
1869 25. júní. Almenn hegningarlög handa Íslandi.
28. kafli, 258.
52. gr., 73.
63. gr., 73.
101. gr., 12, 73, 152.
102. gr., 152.
109. gr., 152.
113. gr., 73.
231. gr., 159, 235.
258. gr., 74.
1878 nr. 3 12. apríl. Lög um skipti á dánarbúum, félagsbúum o. fl.
40. gr., 380.
83. gr., 384.
1887 nr. 18 4. nóv. Lög um veð.
7. gr., 28, 29.
1895 nr. 19 2. okt. Lög um stefnur til æðri dóms í skiptamálum.
1. gr., 380.
1901 nr. 18 13. sept. Lög um manntal í Reykjavík, 118.
1905 nr. 14 20. okt. Lög um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda.
3. gr., 28.
4. gr., 29.
1913 nr. 59 10. nóv. Lög um friðun fugla og eggja, 221, 315.
1914 nr. 56 30. nóv. Siglingalög.
236. gr., 390.
1919 nr. 41 28. nóv. Lög um landamerki.
3. kafli, 365.
— nr. 59 28. nóv. Lög um breyting á lögum nr. 59 10. nóv. 1913, um friðun fugla og eggja, 315.

1920 nr. 5 18. maí. Lög um bann gegn botnvörpuveiðum, 148, 151, 154, 319, 343.
1. gr., 149, 152, 155, 320, 344.
3. gr., 149, 152, 155, 320, 344.
— nr. 9 18. maí. Stjórnarskrá Íslands.
63. gr., 369.
65. gr., 113.
1921 nr. 51 27. júní. Lög um lífeyrissjóð embættismanna og ekkna þeirra.
4. gr., 111.
— nr. 75 27. júní. Lög um stimpilgjald, 359.
— nr. 77 27. júní. Lög um hlutafélög.
41. gr., 294, 295.
1922 nr. 39 19. júní. Lög um lausafjárkaup.
52. gr., 122.
53. gr., 184.
1923 nr. 12 20. júní. Lög um einkaleyfi.
1. gr., 166, 167, 168.
8. gr., 169.
9. gr., 169.
20. gr., 170.
1924 nr. 4 11. apríl. Lög um að miða við gullkrónur sektir fyrir landhelgisbrot, 148, 149, 151, 152, 154, 155, 343, 344.
— nr. 19 4. júní. Lög um nauðasamninga.
37. gr., 26.
1927 nr. 18 31. maí. Lög um iðju og iðnað, 217.
27. gr., 217.
1928 nr. 11 23. apríl. Lög um varnir gegn því, að gin- og klaufaveiki og aðrir alidýrasjúkdómar berist til landsins, 73.
— nr. 51 7. maí. Lög um nokkrar breytingar til bráðabirgða á hegningarlöggjöfinni og viðauka við hana.
8. gr., 235.
1929 nr. 25 14. júní. Lög um gjaldþrotaskipti, 279.
20. gr., 277, 281.
30. gr., 69.
1930 nr. 2 7. jan. Lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík, 11, 78, 133, 134, 238.
3. gr., 12.
7. gr., 12. 18.
14. gr., 77.
28. gr., 132, 137.
31. gr., 8.
46. gr., 9, 78, 238, 241.
71. gr., 134.
96. gr., 12, 18, 78, 132, 137, 241.

1930 nr. 41 19. maí. Sjómannalög.
13. gr., 370, 371.
— nr. 64, 19. maí. Áfengislög.
5. gr., 12.
6. gr., 234.
16. gr., 12.
30. gr., 234.
36. gr., 12.
1931 nr. 66 8. sept. Lög um hafnargerð á Dalvík, 368.
10. gr., 366, 369.
11. gr., 369.
— nr. 70 8. sept. Lög um notkun bifreiða, 89.
5. gr., 89.
6. gr., 89.
15. gr., 89.
1932 nr. 64 23. júní. Lög um kirkjugarða.
30. gr., 103.
38. gr., 103.
1933 nr. 84 19. júní. Lög um varnir gegn ólögmætum verzlunarháttum, 359.
14. gr., 358, 360.
1935 nr. 3 9. jan. Lög um verkamannabústaði, 250.
6. gr., 249, 250, 251.
— nr. 6 9. jan. Lög um tekjuskatt og eignarskatt.
1. gr., 105.
2. gr., 103, 104.
6. gr., 103.
14. gr., 295.
17. gr., 295.
— nr. 33 9. jan. Áfengislög, 11, 57, 78, 133, 234, 238, 290.
6. gr., 258.
15. gr., 235.
17. gr., 14, 235.
18. gr., 18, 58.
21. gr., 78, 87, 88, 158, 159, 160, 233, 236, 241, 292.
30. gr., 258.
33. gr., 235.
37. gr., 235.
38. gr., 18, 58.
39. gr., 78, 87, 88, 158, 160, 233, 241, 292.
— nr. 112 18. maí. Lög um hæstarétt.
38. gr., 242.
1936 nr. 85 23. júní. Lög um meðferð einkamála í héraði, 6. 9. kafli, 75.

13. gr., 346.
71. gr., 282.
82. gr., 86, 87.
106. gr., 284.
109. gr., 302.
110. gr., 6, 302.
111. gr., 6.
114. gr., 75, 302, 349.
115. gr., 286.
120. gr., 312.
128. gr., 289.
139. gr., 311.
143. gr., 311.
181. gr., 111.
185. gr., 303.
186. gr., 242.
190. gr., 75, 372.
193. gr., 75, 166, 372.
209. gr., 186.
223. gr., 75, 372.

1936 nr. 105 23. júní. Lög um breyting á lögum nr. 18 31. maí 1927, um iðju og iðnað, og lögum nr. 85 19. júní 1933, um breyting á þeim lögum, 218.

— nr. 106 23. júní. Lög um útsvör.
6. gr., 354.
8. gr., 352, 354.
9. gr., 373.
24. gr., 349.

— nr. 133 28. des. Reglugerð um tekjuskatt og eignarskatt.
2. gr., 105.
3. gr., 103.

1937 nr. 39 26. apríl. Reglugerð um innheimtu á kirkjugarðsgjaldi.
5. gr., 103.

— nr. 46 13. júní. Lög um samvinnufélög, 205.

— nr. 74 31. des. Lög um alþýðutryggingar.
48. gr., 103.

1938 nr. 80 11. júní. Lög um stéttarfélög og vinnudeilur, 112.
22. gr., 346.
28. gr., 286, 346.
67. gr., 285.
69. gr., 286.

1939 nr. 32 12. júní. Lög um breyting á lögum nr. 6 9. janúar 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.
1. gr., 105.

1939 nr. 36 12. júní. Lög um breyting á lögum nr. 106 23. júní 1936, um útsvör.
1. gr., 373.
— nr. 37 12. júní. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til ýmislegra ráðstafana vegna yfirvofandi styrjaldar í Norðurálfu, 73, 74, 118, 201, 220.
2. gr., 74, 120.
— nr. 49 12. sept. Bráðabirgðalög um sölu og útflutning á vörum, 201.
— nr. 164 9. sept. Reglugerð um sölu og úthlutun á matvörutegundum, 220, 231.
— nr. 168 12. sept. Reglugerð um sölu og útflutning á vörum, 201.
1. gr., 203.
3. gr., 203.
5. gr., 203.
1940 nr. 11 12. febr. Lög um sölu og útflutning á vörum, 201.
— nr. 19 12. febr. Almenn hegningarlög, 57.
6. kafli, 58, 131, 272.
12. kafli, 11, 58, 133, 190.
14. kafli, 174, 179, 220.
17. kafli, 220.
18. kafli, 90, 258.
23. kafli, 8, 94, 129, 174, 179, 181, 326, 362.
25. kafli, 174, 179.
26. kafli, 145, 146, 220, 258.
27. kafli, 258.
2. gr., 89.
20. gr., 256.
22. gr., 231.
25. gr., 296.
65. gr., 19.
68. gr., 133, 138, 146, 231.
69. gr., 143, 318.
74. gr., 32, 40, 358, 360.
76. gr., 18, 231.
77. gr., 58, 231.
108. gr., 57, 58.
109. gr., 132, 133, 138.
111. gr., 18.
128. gr., 230, 231.
131. gr., 180, 181.
132. gr., 172.
139. gr., 231.
142. gr., 379.
155. gr., 231.

157. gr., 231.
165. gr., 93.
167. gr., 93.
176. gr., 158.
215. gr., 7.
217. gr., 172, 181, 182.
218. gr., 131, 181, 361.
219. gr., 89, 328, 361, 364.
231. gr., 172, 180, 181.
240. gr., 296.
244. gr., 230, 231.
247. gr., 146.
257. gr., 256, 272.
1940 nr. 75 7. maí. Bifreiðalög, 90.
26. gr., 93.
38. gr., 93.
— nr. 118 2. júlí. Lög um verðlag, 139, 142.
13. gr., 143.
— nr. 159 18. sept. Reglugerð um sölu og úthlutun nokkurra matvörutegunda, 73, 118, 201, 203.
1. gr., 74, 120, 231.
17. gr., 74, 231.
1941 nr. 23 16. júní. Bifreiðalög, 8, 57, 78, 94, 133, 234, 238, 290, 326, 362.
5. gr., 7, 10.
23. gr., 58, 78, 87, 88, 132, 137, 158, 159, 160, 233, 236, 237, 241, 292.
26. gr., 7, 78, 89, 138, 364.
27. gr., 138, 241, 328, 364.
28. gr., 362.
34. gr., 208, 273, 275, 276.
38. gr., 7, 10, 57, 58, 78, 87, 89, 132, 137, 138, 158, 160, 233, 236, 241, 292, 328, 364.
39. gr., 7, 58, 78, 87, 88, 89, 132, 158, 160, 233, 241, 292, 325.
40. gr., 233, 236.
— nr. 24 16. júní. Umferðarlög 133, 326.
2. gr., 132.
7. gr., 328.
13. gr., 77.
14. gr., 132, 328.
— nr. 81 9. júlí. Lög um breyting á lögum nr. 3 9. janúar 1935, um verkamannabústaði o. fl., 249.
— nr. 106 8. sept. Lög um húsaleigu, 2.
3. gr., 1, 4.
11. gr., 1, 4.
— nr. 128 23. júlí. Auglýsing um verðlagsákvæði, 142.

1941 nr. 153 12. sept. Lögreglusamþykkt fyrir Seyðisfjarðarkaupstað, 57.
1. gr., 58.
78. gr., 58.
1942 3. febr. Auglýsing um verðlagsákvæði, 142.
— nr. 20 20. maí. Lög um breyting á lögum nr. 6 9. júní 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.
9. gr., 294.
— 19. júní. Auglýsing um verðlagsákvæði, 39.
— nr. 61 4. júlí. Lög um málflytjendur.
4. gr., 65.
— nr. 79 1. sept. Lög um dómnefnd í verðlagsmálum, 38.
1. gr., 38.
5. gr., 30.
12. gr., 143.
Ákvæði til bráðabirgða, 30.
— 13. okt. Auglýsing um verðlagsákvæði, 39.
— nr. 99 19. des. Lög um breyting á lögum nr. 79 frá 1. sept. 1942, um dómnefnd í verðlagsmálum, 30, 33.
2. gr., 33, 41.
— nr. 100 19. des. Auglýsing ríkisstjóra Íslands um bann gegn verðhækkun, 30, 31, 32, 33, 40, 41.
— 23. des. Auglýsing um verðlagsákvæði, 31, 32.
1943 nr. 3 13. febr. Lög um verðlag, 139, 142, 163, 190, 216, 315.
4. gr., 191.
9. gr., 41, 143, 165, 191, 218, 317.
— nr. 23 17. febr. Reglugerð um hámarksökuhraða bifreiða, 138.
— 2. apríl. Auglýsing um hámarksverð og hámarksálagningu á greiðasölu, 163, 165, 315, 316.
— nr. 39 7. apríl. Lög um húsaleigu, 98, 101.
1. gr., 71, 101, 158.
6. gr., 83.
— 20. apríl. Auglýsing um hámarksverð og hámarksálagningu á vinnu klæðskeraverkstæða o. fl., 190, 216.
— 29. maí. Auglýsing um verðlagsákvæði, 216.
— nr. 130 2. júní. Reglugerð um breyting á reglugerð um sölu og úthlutun á nokkrum kornvörutegundum frá 18. sept. 1940.
1. gr., 231.
— 29. júní. Auglýsing um verðlagsákvæði, 216.

IV. Efnisskrá.

A. Atriðisorð efnisskrár.

Ábyrgð.
Aðför. Sbr. innsetningargerðir, kyrrsetning, lögtak, útburðargerðir.
Aðgerðaleysisverkanir.
Aðild.
Aðiljaskýrslur.
Áfengislagabrot. Sbr. blóðrannsókn.
Áfrýjun. Sbr. aðild, kæra, málasamlag.
Áfrýjunarleyfi.
Ágreiningsatkvæði. Sjá sératkvæði.
Ákæra.
Álitsgerðir. Sjá mat og skoðun.
Allsherjarregla. Sjá valdstjórn.
Analogía. Sjá lög, lögskýringar.
Ásetningur. Sjá saknæmi.
Atvinnuréttindi. Sjá bifreiðar.
Áverkar. Sjá líkamsáverkar.

Bifreiðar, bifreiðalagabrot.
Björgun.
Blóðrannsókn.
Borgaraleg réttindi.
Botnvörpuveiðar. Sjá fiskveiðabrot.
Brenna.
Brigð. Sjá heimt.
Byggingarfélög.

Dagsektir.
Dómar og úrskurðir.
Dómarar.
Dómstólar.
Drykkjumannahæli.

Eftirgrennslan brota. Sjá opinber mál.
Eiður.
Eignarréttur.
Eignarupptaka. Sjá upptaka eignar.
Eignaspjöll.
Embættismenn. Sjá dómarar, stjórnsýslumenn.
Endurgreiðsla.
Endurupptaka máls.

Fasteignir. Sjá eignarréttur, ítak, landamerkjamál, merkjadómur Reykjavíkur.
Félagsdómur.
Félög, félagsskapur. Sjá byggingarfélög, hlutafélög, samvinnufélög, stéttarfélög.
Fiskveiðabrot.
Fjárnám. Sjá aðför.
Fjársvik.
Flugvélar. Sjá loftför.
Fógetagerðir. Sjá dómarar, innsetningargerðir, kyrrsetning, útburðargerðir.
Framsal.
Frávísun. Sbr. ómerking.
Frestir.
Friðhelgi heimilis. Sjá heimilishelgi.

Gagnsakir. Sjá málasamlag.
Gáleysi. Sjá saknæmi.
Gjaldþrotaskipti. Sbr. nauðasamningar.
Greiðsla.
Gæzluvarðhald.

Handtaka.
Heimilisfang.
Heimilishelgi.
Heimt.
Heimvísun. Sjá ómerking.
Hlutafélög.
Hlutdeild.
Húsaleiga.
Húsleit. Sjá handtaka.

Iðgjöld.
Iðnlög.
Íkveikja. Sjá brenna.
Innheimta.
Innsetningargerðir.
Ítaksréttindi.
Ítrekun.

Kaup og sala.
Kvaðir. Sjá ítaksréttindi.
Kyrrsetning.
Kærumál.

Landamerkjamál. Sbr. merkjadómur Reykjavíkur.
Landhelgisbrot. Sjá fiskveiðabrot.
Leiðbeiningarskylda dómara.
Leiga. Sjá húsaleiga.
Líkamsáverkar.
Líkur. Sbr. sönnun.
Loftför.
Læknar.
Lög, lögskýring.
Löggæzla. Sjá lögreglumenn.
Löghald. Sjá kyrrsetning.
Lögreglumenn.
Lögræði.
Lögtak.

Málasamlag.
Málflutningsmenn.
Málflutningur.
Málshöfðun.
Málskostnaður.
Málsmeðferð. Sbr. opinber mál.
Manndráp.
Mat og skoðun.
Merkjadómur Reykjavíkur.
Múta.

Nágrannaréttur.
Nauðasamningar.

Ómaksbætur.
Ómerking.
Opinber mál. Sbr. lögreglumenn.
Opinberir starfsmenn. Sjá lögreglumenn, stjórnsýslumenn.

Refsingar.
Reklamation. Sjá aðgerðaleysisverkanir.
Res judicata. Sjá dómar.

Saknæmi.
Samningar. Sbr. húsaleiga, skaðabætur.
Samvinnufélög.
Sáttir.
Sératkvæði.
Siglingar. Sjá björgun, fiskveiðabrot, sjóveðréttur, vinnusamningar.
Sjó- og verzlunardómur.
Sjóveð.
Skaðabætur.
Skattar og gjöld.
Skilorðsbundnir dómar.
Skip. Sjá björgun, fiskveiðabrot.
Skipti. Sbr. gjaldþrotaskipti.
Skjalafals.
Skjöl. Sbr. skjalafals.
Skuldamál. Sbr. kaup og sala, skaðabætur.

Skömmtun matvörutegunda. Sjá vöruskömmtun.
Stefna.
Stéttarfélög.
Stjórnsýsla.
Stjórnsýslumenn. Sbr. lögreglumenn.
Styrjaldarráðstafanir. Sjá verðlag, vöruskömmtun.
Sveitarstjórn.
Svik. Sjá fjársvik.
Svipting réttinda. Sjá bifreiðar, borgaraleg réttindi.
Sönnun. Sönnunarbyrði. Sbr. aðiljaskýrslur, blóðrannsókn, mat og skoðun, vitni.

Tilraun.
Traustnám.

Umboð.
Umboðsskrá.
Umferðarréttur. Sjá ítak.
Uppboð.
Upptaka eignar.
Úrskurðir.
Útburðargerðir.
Útivist aðilja.

Valdmörk stjórnvalda. Sjá dómstólar.
Valdstjórn og allsherjarregla. Sbr. lögreglumenn.
Vangeymsla. Sjá aðgerðaleysisverkanir.
Varðhald. Sjá refsingar.
Varnarþing.
Veð.
Verðlag, verðlagsmál.
Verkalýðsfélög. Sjá stéttarfélög.
Verkamannabústaðir. Sjá byggingarfélög.
Verksamningar.
Verzlun. Sbr. verðlag.
Vettvangsmál. Sbr. landamerkjamál, merkjadómur Reykjavíkur.
Vextir.
Viðskiptatilkynningar. Sjá aðgerðaleysisverkanir.
Vinnusamningar.
Vitni.
Víxlar.
Vörumerki.
Vöruskömmtun.
Yfirvöld. Sjá dómarar, lögreglumenn, stjórnsýslumenn.

Þinglýsing.
Þjófnaður.

Ærumeiðingar.

Ölvun. Sjá áfengislagabrot, bifreiðar.
Öryggisráðstafanir. Sjá drykkjumannahæli.

B. Efnisskrá.

Ábyrgð.

Ábyrgð á athöfnum annarra án samninga.

A, baðgestur í Sundhöll Reykjavíkur, féll þar á hálu gólfi og handleggsbrotnaði. Hann krafðist fébóta úr bæjarsjóði Reykjavíkur vegna meiðslanna. Kröfunni hrundið, þar sem ekki var sannað, að gerð gólfsins hafi verið ábótavant né að skort hafi á umsjón og varúðarráðstafanir af hálfu starfsfólks í sundhöllinni 125

Bifreiðarstjóri ók á mann, sem stóð kyrr, yzt á vegarbrún. Var bifreiðarstjórinn talinn eiga einn sök á slysinu. Eiganda bifreiðarinnar dæmt að greiða manninum bætur vegna meiðsla þeirra, er hann varð fyrir 206

Flugvél, er annaðist farþegaflutninga, féll til jarðar, og var mistökum flugmanns um að kenna. A, sem var farþegi í flugvélinni og hlaut mikil meiðsl, sótti eiganda flugvélarinnar til greiðslu bóta. Talið var, að eigandi flugvélarinnar bæri fjárhagslega ábyrgð á mistökum flugmannsins, sem var starfsmaður hans. Var honum því dæmt að greiða A fullar bætur 211

Farþegi í strætisvagni varð fyrir meiðslum í vagninum. Eiganda vagnsins dæmt að greiða honum bætur samkvæmt 34. gr. laga nr. 23/1941, enda þótt sök bifreiðarstjóra væri ekki sönnuð 273

Aðför. Sbr. innsetningargerðir, kyrrsetning, lögtak, útburðargerðir.

Með dómi merkjadóms Reykjavíkur var A ákveðinn umferðarréttur um gangstíg á lóð B, en B hafði girt fyrir stíginn. Er A krafðist aðfarar samkvæmt dóminum, lagði B fram áfrýjunarstefnu. A bar þá fram kröfu um, að honum væri heimiluð umferð með beinni fógetagerð. Fógeti úrskurðaði, að innsetningargerð skyldi frestað, unz dómur hæstaréttar væri genginn í merkjadómsmálinu. Þetta talið löglaust, og fógeti skyldaður til að kveða á um, hvort innsetningargerðin skuli fara fram 23

Kostnaður af endurriti og birtingu dóms á undir úrskurð fógeta, en er ekki fólginn í málskostnaðarákvæði dómsins 303

Aðgerðaleysisverkanir.

Árið 1927 tók A, lóðareigandi í Reykjavík, á sig þá skyldu gagnvart B, sem var eigandi nágrannalóðar, að reisa steingarð, að minnsta kosti 2½ álnar háan, á lóðarmörkum, en jafnframt fékk hann rétt til að reisa garðinn að öllu leyti á lóð B. Garðurinn var fullgerður árið 1927. Árið 1940 fyrirhugaði A að hækka garðinn, en B vildi meina honum það. Sagt, að A hafi verið heimilt í öndverðu að hafa garðinn hærri en 2½ alin, og hann ekki talinn hafa glatað rétti sínum til að hækka hann. Einn dómenda merkjadóms Reykjavíkur gerði sératkvæði 19

A taldi B hafa f. h. félagsins T selt sér tiltekna vöru og krafðist afhendingar hennar úr hendi T. Lét T ósvarað tveimur símskeytum A, þar sem hann vitnar til loforðs um sölu á vörunni. Gegn andmælum T gat A hvorki sannað, að samningur

hefði komizt á við B né að B hafi haft umboð til að binda T við slíka sölu. Samkvæmt því var ekki talið, að sá samningsgrundvöllur hafi skapazt með aðiljum, að A ynni nokkurn rétt úr hendi T, þó að T svaraði ekki símskeytunum 45

A hljóðfæraleikari, sem vann hjá B veitingamanni, hafði tekið þátt í ólögmætu verkfalli stéttarfélags síns, en hóf vinnu á ný, er verkfallinu létti. B sagði síðar A upp vinnunni. Taldi B sig þá óbundinn af ákvæðum kjarasamnings, er hann ásamt fleirum hafði gert við stéttarfélag A, þar sem samninguriinn hafi fallið úr gildi vegna hins ólögmæta verkfalls. Talið, að verkfallið geti ekki skipt máli um réttarsamband A og B þegar af þeirri ástæðu, að B sló engan varnagla, þegar A hóf vinnu hjá honum á ný eftir verkfallið 52

Árið 1932 tók A á leigu hús, sem var eign ríkissjóðs. Árið 1943 var af hálfu ríkissjóðs krafizt útburðar á A, m. a. af þeirri ástæðu, að hann hafi heimildarlaust framleigt húsnæðið mötuneyti nokkru. Þessari ástæðu hrundið, með því að húsið hafði í öndverðu verið leigt með það fyrir augum, að mötuneytið yrði þar til húsa, og fjármálaráðuneytinu ávallt kunnugt um afnot þess af húsinu 98

A keypti í júlí 1942 vörubifreið af B. Lýsti B bifreiðinni svo, að hún hefði 3000 kg burðarmagn. Kom það og heim við skoðunarvottorð bifreiðarinnar, er fylgdi henni. Í vottorðinu var aldur bifreiðarinnar talinn frá 1935. Í bréfi til B 20. okt. 1942 kvartaði A undan ýmsum göllum bifreiðarinnar, en ekki var þar að því vikið, að hún væri eldri eða minni en skoðunarvottorð greindi. Nokkru síðar kom í ljós, að skoðunarvottorðið var falsað. Hafði bifreiðin aðeins 2000 kg burðarmagn, og aldur hennar var frá 1932. A sendi sakadómara kæru um fölsunina 17. nóv. 1942, en ekki varð upplýst, hver að henni væri valdur, enda hafði bifreiðin oft gengið kaupum og sölum. Í janúar 1943 höfðaði B mál á hendur A til greiðslu eftirstöðva kaupverðs. A krafðist sýknu eða afsláttar frá kaupverði vegna galla á bifreiðinni. Eftir atvikum var A talinn hafa borið í tæka tíð fyrir sig þá galla á bifreiðinni, að hún var eldri og minni en skoðunarvottorð greindi 121

A, félag í Vestmannaeyjum, keypti vöru af B, félagi í Hamborg, fyrir milligöngu C, sem var einkaumboðsmaður B í Vestmannaeyjum og búsettur þar. Í máli, er A höfðaði á hendur B til riftunar kaupunum vegna galla á vörunni, krafðist B sýknu m. a. af því, að A hafi ekki kvartað nægilega snemma undan göllunum. Þessari varnarástæðu hrundið, með því að A hafi borið fram kvörtun við C, þegar er gallanna varð vart, og auk þess hafi hegðun B verið slík, að það geti ekki borið drátt á kvörtun fyrir sig, sbr. 53. gr. laga nr. 39/1922 183

A höfðaði mál á hendur B til greiðslu skuldar samkvæmt reikningi fyrir viðgerð á skipi. B hafði ekki andmælt reikningnum, er honum var fyrst sýndur hann, og síðar greitt án fyrirvara fjárhæð inn í viðskiptin. Þetta ekki talið því til fyrirstöðu, að B gæti fengið reikningsfjárhæðina lækkaða vegna þersýnilegrar villu í reikningnum 298
Tveir smiðir tóku að sér að byggja skýli á bifreið A. Að verki loknu sýndu þeir A kostnaðarreikning, og galt A þá hluta af fjárhæðinni, en samþykkti víxil fyrir eftirstöðvunum. Síðar kom í ljós, að smiðirnir höfðu reiknað sér óhæfilegt endurgjald fyrir verkið. Víxilinn höfðu þeir selt banka, og galt A fjárhæð hans þar með fyrirvara um endurheimtu hennar úr hendi smiðanna. Höfðaði A síðan mál á hendur smiðunum og fékk þá dæmda til að endurgreiða þá fjárhæð, er þeir höfðu áskilið sér umfram rétt kostnaðarverð 306

Aðild.

Aðili máls í héraði látinn eftir uppsögu dóms eða úrskurðar í héraði, en dánarbú hans verður aðili fyrir hæstarétti 25, 329, 372
Hjón áttu að hafa afnot stúdentagarðs til veitinga og rekstrar gistihúss sumarið 1940 sem gagngjald starfs, er þau höfðu innt af hendi fyrir stúdenta veturinn áður. Vorið 1940 tók brezka herstjórnin stúdentagarðinn til sinna þarfa. Íslenzk-brezk nefnd ákvað leigu garðsins til eigenda hans. Lét hún þess getið, að í leigufjárhæðinni felist ekki meintar skaðabætur til hjónanna, sem sérstaklega verði samið við, en þó beri eigendum garðsins að endurgreiða þeim húsaleigu þá, er þau hafa þegar greitt. Hjónin höfðuðu mál á hendur stjórn stúdentagarðsins og kröfðust fullra skaðabóta vegna afnotamissis af húsinu sumarið 1940. Stjórn stúdentagarðsins aðeins talið skylt að standa hjónunum skil á fé, er svaraði til endurgjalds þeirra starfa, er þau höfðu innt af hendi 59
Lögreglumaður, er vikið hafði verið fyrirvaralaust úr starfi sínu, sækir bæjarsjóð Reykjavíkur og ríkissjóð til greiðslu bóta in solidum 105
Hæstaréttarlögmaður sækir eða ver mál fyrir hönd aðilja, sem búsettur er erlendis 183, 386
A sækir bókarhöfund til refsingar fyrir meinyrði í bókinni um látinn föður A 295
A hafði mótmælt fyrir skiptarétti kröfu B í þrotabúi, og féll úrskurður skiptaráðanda honum í vil. Er B skaut úrskurðinum til hæstaréttar, gáði hann þess ekki að stefna A. Var málinu því vísað ex officio frá hæstarétti, sbr. lög nr. 19/1895 379

Aðiljaskýrslur.

a) Einkamál.

Aðili rökstuddi ekki kröfu sína fyrir skiptaráðanda, og skiptaráðandi innti hann ekki eftir ástæðum fyrir kröfugerðinni samkvæmt 114. gr. laga nr. 85/1936. Leiddu þessir gallar til ómerkingar máls og heimvísunar 75

Skipstjóri, sem verið hafði búsettur í Danmörku frá því á árinu 1914, en lét af skipstjórn í Reykjavík í des. 1940, var sóttur til greiðslu skatta, er á voru lagðir 1943. Hann lýsir því, að heimilisfang hans sé í Danmörku, að hann dveljist hér á landi aðeins vegna þess, að honum sé meinað af styrjaldarástæðum að komast til heimilis síns, og að hann muni hverfa til Danmerkur, þegar færi gefist. Skýrsla þessi, sem studd var af öðrum atvikum, var lögð til grundvallar í málinu 102

Manni var vikið úr lögreglumannsstöðu m. a. vegna þess, að hann hefði haft undanbrögð í frammi á skotæfingum lögreglumanna. Í máli, er hann höfðaði til heimtu bóta vegna frávikningarinnar, lýsir hann því, að honum hafi verið æfingar þessar ógeðfelldar 105

Leigutaki húsnæðis, sem krafizt var útburðar á vegna vanskila, hélt því fram, að eintak af húsaleigusamningi, sem húseigandi lagði fram í málinu, væri falsað. Þrátt fyrir áskorun húseiganda lagði leigutaki hvorki fram sitt eintak af leigusamningnum né húsaleigukvittanir, en kvaðst hafa glatað skjölum þessum. Sú staðhæfing hans talin mjög ósennileg 286

Héraðsdómara talið hafa verið skylt, eins og á stóð, að veita aðiljum kost á að gefa skýrslu fyrir dómi samkvæmt 114. gr. laga nr. 85/1936 svo og að leiðbeina stefnda, sem var ólöglærður, um kröfugerð. Vegna þessa galla á málsmeðferð var héraðsdómur og málsmeðferð frá þingfestingu ómerkt og máli vísað heim 301

Máli frestað í hæstarétti og lagt fyrir dómara samkvæmt analogíu 120. gr. laga nr. 85/1936 að veita aðiljum kost á að gefa skýrslur og afla skýrslna um málsatvik 312, 379

Eins og mál lá fyrir í héraði, bar héraðsdómara samkvæmt 114. gr. laga nr. 85/1936 að afla skýrslu stefnda um málsatvik. Vegna vanrækslu á þessu svo og af því, að málsmeðferð var áfátt um fleiri atriði, var úrskurður héraðsdómara og málsmeðferð ómerkt 349

b) Opinber mál.

Í refsimáli gegn bifreiðarstjóra út af bifreiðarslysi náðist ekki skýrsla af öðrum, er borið gátu um atvik að slysinu, en kærða sjálfum og unnustu hans, sem með honum var í bif-

reiðinni. Samkvæmt skýrslu þeirra um aksturinn og för manns þess, sem fyrir slysi varð, þótti sök ekki sönnuð .. 93
Deildarstjórar kaupfélags voru kærðir fyrir það, að í búðum þeim, er þeir veittu forstöðu, hafi ekki verið gengið nægilega ríkt eftir vöruskömmtunarseðlum af kaupendum heimsendra vara. Ekki var hnekkt þeirri staðhæfingu hinna kærðu, að þeir hafi eftir fremsta megni reynt að hafa eftirlit með því, að starfsfólk þeirra gengi eftir skilum á skömmtunarseðlum 117
A sóttur til sakar fyrir að hafa barið B og veitt honum áverka. Ekki talin ástæða til að rengja þá skýrslu A, að B hafi að fyrra bragði bandað til hans hendi 128
Maður var ákærður fyrir óheimila notkun á fé annars manns í sjálfs sín þágu. Hann skýrði fyrir dómi frá fjárhæð þeirri, er hann hafði haft handa á milli og eytt. Síðar vildi hann afturkalla játningu þessa, en ekki þótti mark takandi á þeirri breytingu framburðar hans 141
Með því að bátsformaður, sem kærður var fyrir ólöglegar veiðar í landhelgi, neitaði sök sinni og rannsókn máls og meðferð var mjög ábótavant, var héraðsdómur og málsmeðferð ómerkt og máli vísað heim í hérað 147, 150, 153
Lögreglumaður var ákærður fyrir það, að hann hafi barið mann til meiðsla. Lögreglumaðurinn skýrði svo frá, að maður þessi hefði ráðizt að honum að fyrra bragði. Var sú skýrsla lögð til grundvallar 172
Verzlun nokkur seldi ólöglega vörur úr landi. Gegn neitun eiganda verzlunarinnar, sem sóttur var til sakar, þótti ekki sannað, að brotið hafi verið drýgt með vitund hans eða vilja 200
Gegn neitun A þótti ekki sannað, að hann hafi verið hlutdeildarmaður að stuldi annars manns á skömmtunarseðlum, en sá maður kvaðst hafa framið þjófnaðinn eftir áeggjan A 219
Þrátt fyrir neitun A var talið sannað, að hann hafi unnið annan mann til þess að falsa skömmtunarseðla 219
A neitar því, að hann hafi verið undir áhrifum áfengis við akstur bifreiðar, en það samt talið nægilega sannað með skýrslum sjónarvotta og af fleiri atvikum 237
A, sem kveikti í húsi B, kvað B hafa hvatt sig til þess. Gegn eindreginni neitun B þótti það þó ekki sannað 256
Sakborningur lýsir því, að hann hafi ekki talið verknað sinn varða við lög. Í dómi skírskotað til 3. töluliðs 74. gr. laga nr. 85/1936 ..... 30, 358

Áfengislagabrot. Sbr. blóðrannsókn.

Maður, sem haldinn var taumlausri áfengisfýsn, dæmdur til að sæta refsingu fyrir ölvun á almannafæri og brot gegn 111.

gr. laga nr. 19/1940. Jafnframt var ákveðið í dómi, að hann skyldi, að refsingu afstaðinni, lagður á drykkjumannahæli til lækningar í allt að 18 mánuði, sbr. 65. gr. laga nr. 19/1940 11
Bifreiðarstjóra dæmd refsivist vegna ölvunar við akstur 56, 77, 87, 132, 158, 233, 237, 290
Bifreiðarstjóri, sem sjálfur var ölvaður í bifreið sinni, en lét annan ölvaðan mann stjórna henni, sætir refsingu 233

Áfrýjun. Sbr. aðild, kæra, málasamlag.
A var með dómi heimilaður umferðarréttur um gangstíg á lóð B, en B hafði girt fyrir stíginn. Er A krafðist aðfarar samkvæmt dóminum, lagði B fram áfrýjunarstefnu. A krafðist þá, að honum væri heimiluð umferð með beinni fógetagerð. Fógeti úrskurðaði, að innsetningargerð skyldi frestað, unz dómur hæstaréttar væri genginn í máli því, sem áfrýjað var. Úrskurður þessi var kærður, og fógeti skyldaður með dómi hæstaréttar til að kveða á um það, hvort innsetningargerðin skuli fram fara 23
Málsaðili í héraði kærði til hæstaréttar málskostnaðarákvæði héraðsdóms. Gagnaðili hans áfrýjaði málinu í heild sinni. Í hæstarétti voru málin sameinuð 183
A áfrýjaði héraðsdómi einungis í því skyni að fá breytt málskostnaðarákvæði hans. Með því að hann átti þess kost að koma kröfu sinni fram með kæru, var honum ekki dæmdur hærri málskostnaður en orðið hefði í kærumáli 241
Í skiptarétti andmælti A kröfu B í þrotabú, og gekk úrskurður A í vil. B skaut úrskurðinum til hæstaréttar og stefndi skiptaráðanda einum. Með því að hann stefndi ekki B, var málinu vísað ex officio frá hæstarétti, sbr. lög nr. 19/1895 379

Áfrýjunarleyfi.
Áfrýjunarfrestur liðinn 19, 106, 192, 244, 301, 352, 374

Ágreiningsatkvæði. Sjá sératkvæði.

Ákæra.
Húseigandi kærir lögreglumenn til refsingar fyrir röskun á heimafriði 172
A sækir í einkamáli B til refsingar vegna meinyrða, er B hafði haft um látinn föður A 295

Álitsgerðir. Sjá mat og skoðun.

Allsherjarregla. Sjá valdstjórn.

Analogía. Sjá lög, lögskýring.

Ásetningur. Sjá saknæmi.

Atvinnuréttindi. Sjá bifreiðar.

Bifreiðar. Bifreiðalagabrot.

A ók bifreið sinni 17. des. kl. 16.10 vestur Suðurlandsbraut í góðu veðri og færi. Kom þá á móti honum bifreið með mjög skærum ljósum, sem blinduðu hann um stund. A, sem ók á vinstri vegarbrún með 35—40 km hraða miðað við klst., stöðvaði ekki bifreiðina. Skyndilega varð hann var við mann framundan, sem gekk suður yfir veginn. A hemlaði þá þegar, en gat ekki afstýrt árekstri. Rakst bifreiðin á vegfarandann, sem hlaut þegar bana. Bifreiðin stöðvaðist ekki fyrr en um 10 m frá slysstað. Við skoðun reyndust hemlar hennar ekki í lagi. A talinn hafa valdið mannsbana af gáleysi. Brot hans heimfært undir 215. gr. laga nr. 19 1940 og 5. og 26. sbr. 38. gr. laga nr. 23/1941. A dæmdur í 60 daga varðhald og sviptur ökuleyfi í 3 ár 6

Bifreiðarstjóra dæmt 15 daga varðhald vegna ölvunar við akstur. Hann kannaðist við fyrir dómi, að hann hefði áður ekið bifreið ölvaður, en ekki var það rannsakað nánar né kærða gefið það að sök. Hann hafði og nýlega verið áminntur fyrir brot á ákvæðum bifreiðalaga og hlotið sekt fyrir brot á ákvæðum áfengislaga. Samkvæmt þessu var kærði sviptur ökuleyfi 2 ár 56

A ók bifreið mjög ölvaður um götur Reykjavíkur, og rakst bifreiðin á ljóskersstaur. Áfengismagn í blóði nam 2.16 af þúsundi. A hafði áður verið dæmdur til refsingar og sviptur ökuleyfi vegna ölvunar við akstur. Refsing A ákveðin 15 daga varðhald. Hann var og sviptur ökuleyfi ævilangt ... 77

Bifreiðarstjóri ók ölvaður um götur í kauptúni. Dæmdur í 10 daga varðhald og sviptur ökuleyfi 6 mánuði 87

Bifreiðarstjórinn A ók vörubifreið á þjóðveginum í Grimsnesi kl. 9—10 síðd. 8. marz 1941. Á vörupalli bifreiðarinnar voru 9 menn, og í bílhúsinu hjá A voru 3 börn. Auk náttmyrkurs var á allmikil þoka og nokkur rigning. Ók A með fullum ljósum, og sá þó aðeins eina bíllengd fram á veginn. Hann kvaðst hafa ekið með 45 km hraða miðað við klst., er hann kom, fyrr en hann varði, að beygju á veginum. Tókst honum ekki að ná beygjunni, og valt bifreiðin út af veginum. Hlutu margir farþeganna mikil meiðsl. A talinn hafa ekið of hratt og gálauslega, eins og á stóð. Refsing hans ákveðin varðhald 60 daga fyrir brot á bifreiðalögum og 219. gr. laga nr. 19/1940. Svo var hann og sviptur ökuleyfi 2 ár 89

A ók bifreið suður Kaplaskjólsveg með 10—15 mílna hraða miðað við klst. að sjálfs hans sögn og unnustu hans, sem var með honum í bifreiðinni. Kveða þau mann hafa komið gangandi móti bifreiðinni sama megin á veginum. Sveigði A þá til hægri inn á veginn til að komast fram hjá manninum. Telja A og unnusta hans manninn þá hafa gengið snögglega inn á veginn í veg fyrir bifreiðina, og hafi þá ekki verið unnt að afstýra árekstri. Varð maðurinn fyrir bifreiðinni og hlaut meiðsl, er leiddu hann til bana. Ekki náðist skýrsla af öðrum en A og unnustu hans um atvik að slysinu, og þótti ekki sannað, að A hafi á saknæman hátt orðið valdur að því. Var hann því sýknaður af ákæru fyrir manndráp af gáleysi 93

A bifreiðarstjóri neytti áfengis við akstur bifreiðar. Áfengismagn í blóði hans reyndist 1.14 af þúsundi. Hann hafði og fengið farþega, sem var með áhrifum áfengis, stjórn bifarinnar. A stöðvaði ekki bifreiðina, er lögreglumaður gaf honum skipun um það. Loks bauð hann lögreglumanninum fémútu. A dæmdur sekur við 23. sbr. 38. gr. laga nr. 23/1941, 2. sbr. 14. gr. laga nr. 24/1941 og 109. gr. laga nr. 19/1940. Refsing ákveðin fangelsi 60 daga. Sviptur ökuleyfi 3 ár svo og réttindum samkvæmt 68. gr. laga nr. 19/1940 132

Bifreiðarstjóri ók ölvaður um götu í kauptúni. Dæmdur í 12 daga varðhald og sviptur ökuleyfi 1 ár 158

Bifreiðarstjóri ók á mann, sem stóð kyrr á vegarbrún, og meiddi hann til muna. Bifreiðarstjórinn kvað ljós bifreiðar, er á móti kom, hafa blindað sig. Hann var talinn eiga einn sök á slysinu, og eigandi bifreiðarinnar dæmdur til að greiða hinum slasaða manni skaðabætur 206

Maður, sem sviptur hafði verið ökuleyfi ævilangt, ók undir áhrifum áfengis bifreið um götur Reykjavíkur. Dæmdur sekur við 21. sbr. 39. gr. laga nr. 33/1935 og 23. sbr. 38. gr. laga nr. 23/1941. Refsing ákveðin fangelsi 15 daga 233

A leyfði ölvuðum manni stjórn bifreiðar sinnar og veitti honum vín við aksturinn. Sjálfur var A ölvaður með í bifreiðinni. Brot A talið varða við 21. sbr. 39. gr. laga nr. 33/1935 og 40. sbr. 38. og 39. gr. laga nr. 23/1941. Refsing hans ákveðin varðhald 10 daga. Hann hafði áður verið sviptur ökuleyfi 3 mánuði, en var nú sviptur því ævilangt 233

Bifreiðarstjórinn A ók bifreið út af götu í Reykjavík og rakst á steingarð. Tveir menn, sem komu þar að og áttu tal við A, báru það fyrir dómi, að hann hafi þá verið greinilega undir áhrifum áfengis. Eftir áreksturinn fór A heim til sín. Er lögreglumenn og læknir komu lítilli stund síðar heim til A,

var hann ölvaður. A neitaði því staðfastlega, að hann hafi verið undir áhrifum áfengis við aksturinn, en kvaðst hafa drukkið eitt staup af brennivíni, eftir að hann kom heim til sín. Þrátt fyrir neitun þessa þótti sannað, að A hafi verið undir áhrifum áfengis við aksturinn. Refsing ákveðin 10 daga varðhald. Svo var hann og sviptur ökuleyfi 3 mánuði 237

A, 13 ára drengur, var farþegi í strætisvagni í Reykjavík. Stóð hann aftarlega í vagninum. Um það bil, er vagninn rann af stað, fór farþegi nokkur út úr vagninum um aftari dyrnar. Hrasaði A þá, og varð hægri hönd hans milli stafs og hurðar, er hurðinni var lokað. Hlaut A allmikil meiðsl. Í skaðabótamáli A á hendur eiganda strætisvagnsins út af slysinu bar eitt vitni, að vagninn hafi ekið af stað, áður en hurðinni var læst. Samkvæmt því þótti verða að leggja ábyrgð á slysinu á stefnda eftir 34. gr. laga nr. 23/1941, enda þótt ekki væri sönnuð sök strætisvagnsstjórans 273

Bifreiðarstjóri, er ók bifreið undir áhrifum áfengis, sætir 10 daga varðhaldi og er sviptur ökuleyfi 3 mánuði 290

A bifreiðarstjóri ók suður Hofsvallagötu í Reykjavík. Er hann ók yfir Sólvallagötu, gætti hann ekki bifreiðar, er kom eftir þeirri götu frá vinstri hlið. Rakst bifreið A á hina bifreiðina og olli miklum meiðslum á manni þeim, er ók henni. A dæmdur sekur við 27. sbr. 38. gr. laga nr. 23/1941, 7. sbr. 14. gr. laga nr. 24/1941 og 219. gr. laga nr. 19/1940. Refsing ákveðin varðhald 45 daga. Sviptur ökuleyfi 1 ár 325

Bifreiðarstjórinn A ók vörubifreið í myrkri eftir þjóðvegi. Á vörupalli bifreiðarinnar voru vatnspípur, og stóðu endar þeirra á ská út frá pallinum að framan. Rakst pípuendi í konu, sem stóð yzt á vegarbrún, og meiddist hún mikið. A talinn eiga sök á slysinu með ófullnægjandi umbúnaði pípnanna og of hröðum akstri. Refsing ákveðin varðhald 45 daga. Einnig sviptur ökuleyfi 2 ár 361

Björgun.

E/s Súðin varð fyrir árás hernaðarflugvélar á Skjálfandaflóa í júní 1943. Veður var gott og lítill sjór. Kom mikill leki að skipinu, þar á meðal í vélarrúm. Einnig kom upp eldur í skipinu, sem ekki varð slökktur. Fór skipshöfn í björgunarbáta og yfirgaf skipið. Tveir brezkir togarar komu á vettvang. Flutti annar nokkurn hluta skipshafnar Súðarinnar til hafnar, þar á meðal menn, sem særzt höfðu eða látizt í árásinni. Aðrir skipverjar Súðarinnar fóru í hinn togarann, sem dró Súðina til hafnar. Voru þeim togara dæmd bjarglaun, kr. 90000.00, en verðmæti hins bjargaða hafði verið metið um 500000 krónur 386

Blóðrannsókn.

Framkvæmd rannsókn á áfengismagni í blóði bifreiðarstjóra, er kærður var fyrir akstur bifreiðar með áhrifum áfengis 77, 132

Fundið að því, að lögreglumenn létu ekki taka blóð til rannsóknar úr manni, sem grunaður var um akstur bifreiðar undir áhrifum áfengis 237

Borgaraleg réttindi.

Maður sviptur með dómi í refsimáli kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga samkvæmt 3. mgr. 68. gr. laga nr. 19/1940 ..... 132, 144, 219

Botnvörpuveiðar. Sjá fiskveiðabrot.

Brenna.

A var sóttur til sakar m. a. fyrir brot gegn 18. kafla laga nr. 19 1940. Hann hafði kveikt í litlu verzlunar- og vörugeymsluhúsi, sem ekki var búið í og afskekkt stóð í kauptúni. A kvað sig hafa kveikt í húsinu að beiðni eiganda þess, en gegn eindreginni neitun eigandans þótti sök hans ekki sönnuð. Ekki var talið, að almannahætta hafi stafað af íkveikjunni, þar sem húsið var autt og stóð langt frá öðrum húsum, enda gerði vindátt ekki útbreiðslu elds líklega. Var A refsað fyrir eignaspjöll samkvæmt 2. mgr. 257. gr., sbr. 20. gr. laga nr. 19/1940 256

Brigð. Sjá heimt.

Byggingarfélög.

Félagsmaður í Byggingarfélagi verkamanna í Reykjavík, A, hafði sótt um íbúð í húsum félagsins, en fengið synjun. Í máli gegn félaginu krafðist hann afsals fyrir íbúð í tilteknu húsi, sem félagið hafði reist, svo og skaðabóta vegna dráttar á afhendingu íbúðarinnar. Með því að árstekjur A höfðu undanfarin ár verið meiri en svo, að hann fullnægði skilyrðum þar um í samþykktum félagsins, sem voru í samræmi við 6. gr. laga nr. 3/1935, þá voru kröfur hans ekki teknar til greina 249

Dagsektir.

Lóðareigandi krefst þess, að eigandi nágrannalóðar verði að viðlögðum 200 kr. dagsektum dæmdur til þess að taka steypumót brott af steingarði, sem var á mörkum húsalóða aðilja 19

Dómar og úrskurðir.

Í skiptarétti gerði A kröfu til þess, að honum væri lögð út fasteign, sem hann hafði orðið hæstbjóðandi að. Skiptaráðandi synjaði um útlagningu, en kvað ekki upp rökstuddan úr-

skurð um kröfu A. Í hæstarétti var greind dómsathöfn skiptaréttar ómerkt og lagt fyrir skiptaráðanda að kveða upp rökstuddan úrskurð 75
Með úrskurði fógetaréttar 28. júní 1943, sem ekki var áfrýjað, var A, leigutaka í húsi B, ekki metið það til útburðarsakar, að hann hafði tekið tengdaforeldra sína á heimili sitt og framleigt herbergi til tveggja framleigutaka. Í nýju útburðarmáli B á hendur A, þar sem greindar útburðarástæður voru enn hafðar uppi, kom aðeins til álita, hvort dvöl tengdaforeldranna og framleigutakanna í húsnæði A eftir 28. júní 1943 ætti að varða hann útburði úr húsnæðinu .. 79
Í máli til heimtu skuldar var stefndi í héraði dæmdur þar til að greiða skuldina. Héraðsdómarinn gekk fram hjá tiltekinni varnarástæðu stefnda án þess að dæma hana. Var héraðsdómur því ómerktur í hæstarétti og málinu vísað heim í hérað til munnlegs málflutnings og dómsálagningar af nýju 166
Í máli til heimtu vinnulauna greindi aðilja á um það í héraði, hvort stefndi gæti á síðari stigum málflutningsins gert víðtækari sýknukröfur en hann hafði gert í öndverðu. Héraðsdómari leysti úr ágreiningi þessum með sérstökum úrskurði. Hæstiréttur felldi úrskurðinn úr gildi, með því að deiluatriðið varðaði efni sakar og verði ekki gegn mótmælum annars aðilja greint frá öðru efni málsins, heldur beri að dæma það ásamt öðrum efnisatriðum í dómi um efni málsins 282
Kærður var til hæstaréttar úrskurður félagsdóms um frestveitingu. Með því að niðurstaða félagsdóms um það atriði er fullnaðarúrlausn, var málinu vísað frá hæstarétti, enda ekki talið skipta máli í þessu sambandi, á hvaða forsendum frestur sé veittur 284
Fundið að því, að dómari greindi ekki nöfn aðilja í forsendum dóms 301
Í máli til heimtu útsvars hélt gerðarþoli því fram, að útsvar hafi verið ólöglega lagt á fé, er hann hafi lagt í tiltekna sjóði. Fógeti leysti ekki úr því, hvort heimilt hafi verið að leggja útsvar á fé þetta, og lét þannig sakarefnið óúrskurðað. Var úrskurður fógeta því ómerktur, og málinu vísað heim ... 347
Samningu fógetaúrskurðar var mjög áfátt. Ekki voru þar nefnd nöfn aðilja né kröfur, og greinargerð skorti að mestu leyti um málsatvik. Vegna þessa galla var úrskurðurinn ómerktur og málinu vísað heim í hérað til uppsögu úrskurðar af nýju 372

Dómarar.

Staðfestur héraðsdómur um frávísun máls frá undirrétti vegna margvíslegra galla á meðferð þess þar 5

Krafizt var innsetningar í umferðarrétt um gangstig með beinni fógetagerð. Fógeti úrskurðaði ekki um, hvort fógetagerðin skyldi fram fara, heldur frestaði málinu ex officio, unz genginn væri í hæstarétti dómur í máli milli sömu aðilja um gildi umferðarréttarins. Þessi meðferð talin löglaus, úrskurður fógeta ómerktur og hann skyldaður til að kveða upp úrskurð um, hvort fógetagerðin skyldi fram fara 23
Fundið að göllum á rannsókn og málstilbúnaði opinbers máls 56
Skiptaráðandi krafðist ekki rökstuðnings af aðilja, sem kröfu gerði fyrir skiptarétti, og kvað ekki upp rökstuddan úrskurð um kröfuna. Þessir gallar á málsmeðferð leiddu til ómerkingar dómsathafnar 75
Rannsókn opinbers máls talið ábótavant 87, 93, 290
Héraðsdómari víttur fyrir drátt á meðferð opinbers máls, galla á málshöfðun og drátt á sendingu dómsgerða til dómsmálaráðuneytisins 89
Héraðsdómari rannsakaði sameiginlega og ósundurgreint mál margra sakborninga, enda þótt ekki væri það samband milli athafna þeirra, er þeim var sök á gefin, að slík aðferð ætti við. Rannsókninni var að mörgu öðru leyti áfátt. Skjöl voru lögð fram, er sakborning vörðuðu, en honum ekki gefinn kostur á að kynna sér þau. Kærða var aldrei tilkynnt málshöfðun né honum greind kæruatriði, og ekki var honum veittur kostur á að fá verjanda. Af þessum sökum var dómur og málsmeðferð í héraði ómerkt 147, 150, 153
Samtímis því, að héraðsdómari birti manni, sem dómfelldur hafði verið í opinberu máli, áfrýjunarstefnu dómsmálaráðherra, heimti hann af honum málskostnað samkvæmt héraðsdómi. Einnig var veitt viðtaka í skrifstofu héraðsdómara fésekt þeirri, sem sakborningi var gert að greiða með héraðsdómi, enda þótt skipun dómsmálaráðherra um framkvæmd héraðsdóms væri ekki fyrir hendi. Voru mistök þessi vítt í hæstarétti 158
Í einkamáli gekk héraðsdómari fram hjá tiltekinni varnarástæðu án þess að dæma hana. Leiddi þetta til ómerkingar héraðsdóms 166
Fundið að ágöllum og óhæfilegum drætti á rannsókn opinbers máls 256
Héraðsdómur og meðferð máls ómerkt vegna vanrækslu dómara að leiðbeina ólöglærðum aðilja, sem sjálfur kom fyrir dóm, um kröfugerð og varnarástæður. Fundið var og að fleiri göllum á meðferð málsins 301
Það talinn mikill galli á meðferð landamerkjamáls, að málsaðiljar öfluðu sér sjálfir skriflegra vottorða frá vitnum, áður þau kæmu fyrir dóm, í stað þess að landamerkjadóm-

urinn átti sjálfur að kveðja vitnin á vettvang, taka þar af þeim skýrslur og samprófa þau 329
Úrskurður í útsvarsmáli ómerktur, með því að fógeti hafði látið sakarefnið óúrskurðað 347
Með því að rannsókn opinbers máls var mjög áfátt, var framhaldsrannsókn fyrirskipuð 355
Héraðsdómur ómerktur, sökum þess að dómara hafði láðst að fara með tiltekið mál að hætti vettvangsmála 365
Við samningu úrskurðar hafði fógeti ekki gætt ákvæða 2. mgr. 190. gr. og 193. gr. sbr. 223. gr. laga nr. 85/1936, um tilgreiningu á nöfnum aðilja og kröfum og lýsingu málsatvika .. 372

Dómstólar.

A höfðaði mál fyrir bæjarþingi Akureyrar gegn vinnuveitendafélagi og verkamannafélagi þar á staðnum og krafðist ónýtingar á tilteknu ákvæði í kjarasamningi, sem hin stefndu félög höfðu gert með sér. Mál þetta talið bera undir félagsdóm samkvæmt 44. gr. laga nr. 80/1938. Vísaði hæstiréttur málinu því frá bæjarþinginu 112
Maður krafðist þess, að samvinnufélagi væri dæmt skylt að veita honum viðtöku sem félagsmanni. Samvinnufélagið krafðist frávísunar málsins, með því að málefni þetta eigi ekki að sæta úrlausn dómstóla. Frávísunarkröfunni hrundið 204
Samkvæmt 67. gr. laga nr. 80/1938 er úrskurður félagsdóms um frestveitingu fullnaðarúrlausn um það atriði 284
Það atriði, hvort leggja megi útsvar á tilteknar tekjur eða tiltekna eign, sætir úrlausn dómstóla 347
Í héraði krafðist sækjandi þess, að honum verði ákveðinn eignarréttur að landauka í fjörumáli eignarjarðar hans samkvæmt nánar tilteknum merkjum. Hæstiréttur taldi, að með mál þetta hefði borið að fara sem vettvangsmál samkvæmt 3. kafla laga nr. 41/1919. Þar sem mál þetta hafði hins vegar verið rekið fyrir bæjarþingi Akureyrar, var héraðsdómur ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppsögu dóms af nýju 365

Drykkjumannahæli.

Maður, sem haldinn var taumlausri drykkjufýsn, framdi brot í ölæði. Dæmt, að hann skuli að refsingu afstaðinni vistaður á drykkjumannahæli allt að 18 mánuði, sbr. 65. gr. laga nr. 19/1940 11

Eiður.

Þrátt fyrir mótmæli vitnastefnds, var tveimur vitnum heimilað að staðfesta skýrslur sína með eiði eða drengskaparheiti .. 286

Eignarréttur.

Eigendur samliggjandi húsalóða í Reykjavík, A og B, sömdu svo með sér árið 1927, að A reisti á sinn kostnað steinsteypugarð við lóðamerki, er væri a. m. k. 2½ alin á hæð og fullgerður um áramót 1927—1928. Garðurinn skyldi standa allur á lóð B, og A skyldi fá til eignar ræmu af lóð B sem endurgjald fyrir afnot B af garðinum. Garðurinn var fullgerður um áramót 1927—1928. Árið 1940 fyrirhugaði A að hækka garðinn, en B vildi meina honum það. Talið, að A hafi ekki einungis tekið á sig skyldu gagnvart B til að reisa garðinn heldur og öðlazt rétt til að gera hann og hafa hann á lóð B. Og þar sem A var í öndverðu heimilt að hafa garðinn hærri, og ekki var leidd að því sönnun, að fyrirhuguð hækkun garðsins mundi valda B verulegum óþægindum, þá var A heimilað að hækka garðinn 19

Árið 1930 keypti fulltrúaráð verklýðsfélaga á Akureyri fyrir hönd verklýðsfélaganna húshluta þar á staðnum. Fulltrúaráðið var lagt niður árið 1933. Árið 1939 var nýtt fulltrúaráð stofnað. Krafðist það þess, að því yrðu fengin umráð greinds húshluta úr höndum verkalýðsfélaganna A og B, sem í öndverðu höfðu lagt fram mestan hluta kaupverðsins og haft umráð og arð húshlutans frá því á árinu 1933. Gat hið nýstofnaða fulltrúaráð ekki sannað heimild sína til heimtu húshlutans úr höndum A og B, og voru kröfur þess því ekki teknar til greina 192

Maður, sem tók vöruskömmtunarseðla ófrjálsri hendi úr vörzlum bæjarfélags, dæmdur sekur um þjófnað samkvæmt 244. gr. laga nr. 19/1940 219

Ítakseiganda dæmt óheimilt að setja annan aðilja við hlið sér til neyzlu ítaksréttindanna 321

Jarðeigandi, sem taldi merkjaá milli jarðar sinnar og nágrannajarðar hafa breytt farvegi sínum, tókst ekki að sanna mál sitt þar um 329

Eignaspjöll.

A kveikti í verzlunar- og vöruhúsi B, sem ekki var búið í. Eldurinn varð slökktur, áður en verulegt tjón varð af. Húsið var autt og stóð afskekkt í kauptúni. Vegna fjarlægðar þess frá öðrum húsum svo og vindáttar, er íkveikjan var framin, var ekki talið, að almannahætta hafi af henni stafað. Var A dæmd refsing eftir 257. gr., 2. mgr., sbr. 20. gr. l. nr. 19/1940 256

Embættismenn. Sjá stjórnsýslumenn.

Endurgreiðsla.

A tókst á hendur að byggja skýli yfir bifreið B. Reikningur A fyrir verkið nam tæpum 21000 kr. B galt nokkuð af fjárhæðinni í peningum, en samþykkti víxil fyrir eftirstöðvunum. A seldi víxilinn í banka. Síðar var leitt í ljós með matsgerð, að A hafði reiknað sér a. m. k. 8000 kr. fram yfir það, sem hæfilegt endurgjald mátti telja fyrir verkið. B galt þá fjárhæð víxilsins með fyrirvara um endurheimtu hennar úr hendi A. Höfðaði B síðan mál á hendur A og fékk hann dæmdan til að endurgreiða sér þá fjárhæð, er hann hafði áskilið sér umfram rétt kostnaðarverð 306

Endurupptaka máls.

Héraðsdómari endurupptók mál og vísaði því frá héraðsdómi vegna rangrar málsmeðferðar. Sækjandi kærði frávísunardóminn til hæstaréttar, en hann var staðfestur þar 5

Mál endurupptekið í merkjadómi Reykjavíkur samkvæmt ósk umboðsmanna beggja aðilja og með samþykki dómsins .. 19

Fasteignir. Sjá eignarréttur, ítak, landamerkjamál, merkjadómur Reykjavíkur.

Félagsdómur.

Verkamaður höfðaði mál fyrir bæjarþingi Akureyrar gegn vinnuveitendafélagi og verkamannafélagi þar á staðnum og krafðist ónýtingar á tilteknu ákvæði í kjarasamningi, sem hin stefndu félög höfðu gert með sér. Mál þetta talið bera undir félagsdóm, sem dæma skal um gildi vinnusamninga samkvæmt 2. tölulið 44. gr. laga nr. 80/1938. Vísaði hæstiréttur því málinu frá héraðsdómi 112

Úrskurður félagsdóms um frestveitingu var kærður til hæstaréttar. Með því að niðurstaða félagsdóms um það atriði er fullnaðarúrlausn samkvæmt 67. gr. laga nr. 80/1938, þá var málinu vísað frá hæstarétti 284

Félagsdómur úrskurðaði, að sáttanefndarmanni samkvæmt 22. gr. laga nr. 80/1938 væri ekki skylt að svara sem vitni tilteknum spurningum um atvik, er gerzt höfðu á sáttafundi. Úrskurðurinn kærður til hæstaréttar, en staðfestur þar .. 347

Félög. Sjá byggingarfélög, hlutafélög, samvinnufélög, stéttarfélög.

Fiskveiðabrot.

Bátsformanni var í héraði dæmd refsing fyrir brot gegn lögum um botnvörpuveiðar. Hæstiréttur ómerkti dóm og málsmeðferð í héraði vegna galla á rannsókn og tilbúnaði málsins 147, 150, 153

Varðskip tók hollenzkan togara, sem var að botnvörpuveiðum út af Meðallandi. Reyndist staður togarans 1.1 sjómílu innan landhelgislínu. Skipstjóri togarans, sem játaði brot sitt, dæmdur sekur við lög nr. 5/1920 um bann gegn botnvörpuveiðum. Afli og veiðarfæri gerð upptæk 318

Færeyskur togari var að botnvörpuveiðum fyrir Vestfjörðum, er varðskip tók hann. Reyndist staður togarans 1.3 sjómílur innan landhelgi. Skipstjóri togarans dæmdur fyrir botnvörpuveiðar í landhelgi samkvæmt lögum nr. 5/1920. Afli og veiðarfæri gerð upptæk 342

Fjárnám. Sjá aðför.

Fjársvik.

A hafði með samningi tekizt á hendur að aka vörubifreið B. Átti A að fá 30% af fé því, er inn kom fyrir aksturinn, en B 70%. A gerði B rétt reikningsskil eftir fyrstu vikuna, en síðan skilaði hann B engu fé, heldur eyddi því í sína þágu. Þetta atferli A talið varða hann refsingu samkvæmt 247. gr. laga nr. 19/1940 144

Flugvélar. Sjá loftför.

Fógetagerðir. Sjá dómarar, innsetningargerðir, útburðargerðir.

Framsal.

A hafði með samningi öðlazt rétt til afnota af bryggju B, og samkvæmt samningnum hafði A rétt til að framselja afnotaréttindi þessi. Þrátt fyrir framsalsheimildina var A talið óheimilt að setja annan aðilja sér við hlið til neyzlu réttindanna, með því að slík ráðstöfun gæti bakað B óþægindi, sem hann hefði ekki þurft að gera ráð fyrir 321

Frávísun. Sbr. ómerking.

a) Frá héraðsdómi.

Eftir að héraðsdómari hafði dómtekið einkamál, endurupptók hann það og vísaði því ex officio frá héraðsdómi vegna rangrar málsmeðferðar. Sækjandi kærði frávísunardóminn, en hæstiréttur staðfesti hann 5

Mál var í héraði höfðað af hálfu þrotabús til riftingar á handveðsetningu samkvæmt 30. gr. laga nr. 25/1929. Stefndi krafðist frávísunar frá héraðsdómi vegna dráttar, er þar hafi orðið á rekstri málsins. Engar líkur komu fram fyrir því, að dráttur sá, er á málinu varð, hafi tafið skipti þrotabúsins. Var frávísunarkrafan hvorki tekin til greina í héraði né í hæstarétti 68

Heildsali og iðnrekandi, báðir búsettir í Reykjavík, tókust á hendur að reisa raforkuver fyrir hreppsfélag í Eyjafjarðarsýslu. Þeir höfðuðu saman mál fyrir bæjarþingi Reykjavíkur á hendur hreppnum til greiðslu á eftirstöðvum endurgjalds fyrir verkið. Stefndi krafðist frávísunar vegna þess, að varnarþing væri rangt. Frávísunarkröfunni hrundið, með því að stefnendum væri heimilt að reka málið í Reykjavík samkvæmt 82. gr. laga nr. 85/1936 85

A höfðaði mál fyrir bæjarþingi Akureyrar á hendur vinnuveitendafélagi og verkamannafélagi þar á staðnum. Krafðist A þess, að ónýtt verði, að því er hann varðar, tiltekið ákvæði í kjarasamningi, sem hin stefndu félög höfðu gert með sér. Með því að félagsdómur á að dæma mál um gildi vinnusamninga samkvæmt 2. tölulið 44. gr. laga nr. 80/1938, þótti málið bera undir hann, og vísaði hæstiréttur því málinu frá bæjarþinginu 112

A hafði verið synjað inngöngu í samvinnufélag. Höfðaði hann þá mál gegn félaginu og krafðist þess, að það yrði skyldað til að veita honum viðtöku sem félagsmanni. Stefndi krafðist þess, að málinu yrði vísað frá héraðsdómi, með því að sakarefnið ætti ekki að sæta úrlausn dómstóla. Frávísunarkrafan ekki talin hafa við rök að styðjast, og var henni hrundið 204

b) Frávísun frá hæstarétti.

Landamerkjamáli var skotið til hæstaréttar. Af hálfu áfrýjanda var málflutningi svo áfátt fyrir hæstarétti, að málinu var ex officio vísað frá dóminum 244

Kærður var til hæstaréttar úrskurður félagsdóms. Með því að niðurstaða úrskurðarins varðaði aðeins frestveitingu, en félagsdómur úrskurðar til fullnaðar um það atriði, þá var málinu vísað frá hæstarétti 284

Fyrir skiptarétti hafði A andmælt kröfu B í bú og krafizt úrskurðar. B áfrýjaði úrskurðinum til hæstaréttar og stefndi skiptaráðanda einum. Þar sem hann stefndi ekki A fyrir hæstarétt, sbr. lög nr. 19/1895, var málinu vísað ex officio frá hæstarétti 379

Frestir.

Dómari átalinn fyrir veitingu fresta andstætt fyrirmælum laga nr. 85/1936 5

A krafðist þess, að honum yrði veittur með beinni fógetagerð réttur til umferðar um gangstíg á lóð B. Fógeti frestaði innsetningargerðinni, unz genginn væri hæstaréttardómur í máli milli sömu aðilja um gildi umferðarréttarins. Þessi

frestsákvörðun talin ólögleg, og fógeti skyldaður til að kveða á um, hvort innsetningargerðin skuli fram fara 23
Ákvörðun félagsdóms um frestveitingu er fullnaðarúrlausn um það atriði 284
Máli frestað ex officio í hæstarétti, og aðiljum veittur kostur á að afla framhaldsskýrslna 312, 379

Friðhelgi heimilis. Sjá heimilishelgi.

Gagnsakir. Sjá málasamlag.

Gáleysi. Sjá saknæmi.

Gjaldþrotaskipti. Sbr. nauðasamningar.

Þrotabú höfðaði mál gegn A samkvæmt 30. gr. laga nr. 25/1929 til riftingar á handveðsetningu. A krafðist frávísunar frá héraðsdómi vegna dráttar, er þar hafði orðið á rekstri málsins. Kröfunni hrundið, enda ekki gert líklegt, að drátturinn hafi tafið skipti þrotabúsins 68
A hafði sett B að handveði til tryggingar skuld sinni veðskuldabréf, er C átti, enda hafði C veitt A leyfi til veðsetningarinnar. Er bú A hafði verið tekið til gjaldþrotaskipta, krafðist þrotabúið riftingar á veðsetningu þessari samkvæmt 20. gr. laga nr. 25/1929. Þar sem hið veðsetta verðmæti var ekki eign, sem renna átti til þrotabúsins, og búinu hafði á engan hátt verið íþyngt vegna veðsetningarinnar, enda engri kröfu lýst í búið af hálfu C, þá þótti hvorki 20. gr. né önnur ákvæði laga nr. 25/1929 veita þrotabúinu heimild til að rifta veðsetningunni 277

Greiðsla.

A hafði verið dæmt að greiða skuld. Eftir að honum var birtur dómur, bauð hann fram greiðslu skuldarinnar að undanskildum kostnaði af endurriti dóms og birtingu. Með því að þessi kostnaður var ekki innifalinn í málskostnaðarfjárhæð dómsins, var greiðslutilboð A ekki talið lögmætt .. 303

Gæzluvarðhald.

Gæzluvarðhald látið koma til frádráttar refsivist 11, 219

Handtaka.

Lögreglumaðurinn A var að næturlagi á heimleið frá dansleik, óeinkennisklæddur. Réðst B þá að honum, þreif í hálsmál hans og greiddi honum hnefahögg í andlitið. Hlaut A glóðarauga og sár á augabrún. B fór eftir þetta heim til sín og

háttaði. A fór til C lögreglumanns og fékk hann sér til aðstoðar. Fóru þeir til heimilis B og þar inn í hús, handtóku hann og fluttu í varðhald. Þar sem það var talið ljóst, að ekki hafi verið ástæða til að vænta af B, eftir að hann var kominn heim til sín, slíks hátternis, er réttlætti leit að honum og handtöku hans á heimili hans án dómsúrskurðar, þá var handtakan talin eiga að varða þá A og C refsingu eftir 132. gr. laga nr. 19/1940 172

Heimilisfang.

H/f D átti og rak síldarverksmiðju í Djúpavík í Strandasýslu, og þar var skrásett heimilisfang þess. Af þremur stjórnarmönnum félagsins var einn búsettur í Hafnarfirði, en tveir í Reykjavík, og var annar þeirra aðalfyrirsvarsmaður þess. Félagið hafði tvö herbergi á leigu í Reykjavík, en annað félag hafði og afnot herbergjanna. Félagið átti togara, er nánast samband hafði við Reykjavík utan síldarvertíðar, og þar voru viðskiptamannabækur togarans skráðar. Aðrar bækur félagsins voru skráðar í Djúpavík á sumrin, en fluttar til Reykjavíkur á haustin, og þar var gengið frá heildarreikningum félagsins. Sölu á afurðum félagsins var stjórnað frá Reykjavík. Samkvæmt þessu þótti ljóst, að yfirstjórn og fyrirsvar félagsins væri í Reykjavík, svo og bókhald og sjóðmeðferð að miklu leyti. Var raunverulegt heimilisfang félagsins því talið vera í Reykjavík, þó að það væri ekki skrásett þar 42

Árið 1943 var A gert að greiða ýmsa skatta í Reykjavík. Hann hafði um mörg ár verið skipstjóri á skipum Eimskipafélags Íslands h/f. A var kvæntur danskri konu og hafði verið búsettur í Danmörku síðan á árinu 1914. Árið 1940 lét A af skipstjórn. Kvaðst hann mundu þá hafa farið til heimilis síns í Danmörku, ef honum hefði ekki verið varnað þess af ástæðum styrjaldar. Lýsti hann því, að hann mundi hverfa aftur til Danmerkur, er færi gæfist. Með því að atvik málsins studdu þessa skýrslu A, var ekki talið, að hann hafi orðið heimilisfastur hér á landi. Var því synjað um framkvæmd lögtaks fyrir þeim gjöldum, sem bundin eru við heimilisfesti gjaldanda hér á landi 102

Heimilishelgi.

Lögreglumenn, A og B, höfðu gert húsleit hjá C og handtekið hann. Atvikum ekki talið svo háttað, að þeim hafi verið húsleitin og handtakan heimil án dómsúrskurðar. Var atferli þeirra talið varða þá refsingu samkvæmt 132. gr. laga nr. 19/1940. Húsráðandinn, þar sem C var til heimilis, gerði

kröfu um, að lögreglumönnunum væri refsað fyrir röskun á friðhelgi heimilis hans. En þar sem ákvæði 132. gr. voru talin taka yfir alla sök þeirra vegna húsleitar og handtöku, þá þótti ekki bera að heimfæra brot þeirra jafnframt undir 231. gr. 172

Heimt.

Árið 1930 keypti fulltrúaráð verkalýðsfélaga á Akureyri f. h. verkalýðsfélaganna húshluta þar á staðnum. Fé til kaupanna var að miklu leyti lagt fram af verkalýðsfélögunum A og B. Fulltrúaráð verkalýðsfélaganna var lagt niður árið 1933, en frá þeim tíma fóru félögin A og B með umráð húshlutans, nutu arðs af honum og hagnýttu hann sem sína eign. Seint á árinu 1939 var af nýju stofnað fulltrúaráð verkalýðsfélaga á Akureyri. Krafðist það þess í máli gegn A og B, að viðurkenndur yrði eignar- og umráðaréttur þess að húshlutanum. Krafan var ekki tekin til greina, með því að hinu nýstofnaða fulltrúaráði tókst ekki að sanna rétt sinn til heimtu húshlutans úr höndum A og B 192

Heimvísun. Sjá ómerking.

Hlutafélög.

Ráðstöfun hlutafélags á húsnæði fór í bága við ákvæði húsaleigulaga. Stjórnarformaður félagsins sóttur til sakar vegna ráðstöfunar þessarar 1

Hlutafélag, sem skrásett var í kauptúni utan Reykjavíkur, samt sem áður talið eiga heimilisfang í Reykjavík, með því að þar var yfirstjórn og fyrirsvar félagsins svo og bókhald og sjóðmeðferð að miklu leyti 42

Hlutdeild.

A fékk G og L, starfsmenn Reykjavíkurbæjar, til þess að draga sér ólöglega vöruskömmtunarseðla og afhenda A. G tók við fégjaldi úr hendi A fyrir seðlana, en L afhenti A þá án endurgjalds. G dæmd refsing samkvæmt 128. gr. laga nr. 19 1940, en L samkvæmt 139. gr. sömu laga. A refsað fyrir brot á 128. og 139. gr., sbr. 22. gr., að því er báðar greinarnar varðaði 219

A fékk F til þess að falsa fyrir sig vöruskömmtunarseðla. Var A dæmd refsing fyrir brot gegn 155. gr. sbr. 22. gr. laga nr. 19/1940 219

Þrír menn höfðu aflað sér vöruskömmtunarseðla með röngum hætti. Afhending þeirra á seðlunum til þriðja manns, sem þeim var ljóst að nota myndi seðlana andstætt lögum, var talin varða þá við 157. gr. sbr. 22. gr. laga nr. 19/1940 219

Húsaleiga.

Í júní 1942 fékk h/f M afsal fyrir húsi í Reykjavík. Nokkrum dögum síðar leyfði það öðru félagi að flytja skrifstofur sínar í tvö herbergi í húsinu, sem áður höfðu verið notuð til íbúðar. Leyfis húsaleigunefndar var ekki aflað til þessarar breytingar. Stjórnarformaður M, sem sóttur var til sakar vegna þessarar ráðstöfunar, talinn hafa gerzt sekur við ákvæði 3. sbr. 11. gr. laga nr. 106/1941 1

Konan A hafði til íbúðar í húsi sínu 4 herbergi, öll lítil, og eldhús. Á heimili hennar voru sonur hennar ásamt konu sinni og barni, 3 aðrir synir hennar, allir skólanemar, svo og starfsstúlka. A var talin hafa brýna þörf á auknu húsnæði. Var því uppsögn hennar á leigusamningi B, er bjó í húsi hennar, metin gild og útburður á B heimilaður 70

A leigði B íbúð í húsi sínu haustið 1941. Í leigusamningnum var tekið fram, að B væri framleiga óheimil. Í febrúar 1942 fluttust tengdaforeldrar B á heimili hans. Svo leigði B og tveimur mönnum hluta af íbúð sinni. Í úrskurði fógeta 28. júní 1943 var vist tengdaforeldranna á heimili B og framleiga hans ekki metin honum útburðarsök. Þessum úrskurði var ekki áfrýjað. Hinn 14. sept. 1943 krafðist A aftur útburðar á B. Gaf hann honum enn að sök viðtöku tengdaforeldranna og fyrrnefnda framleigu. Vist tengdaforeldranna á heimili B eftir 28. júní 1943 ekki talin eiga að varða B útburði. Framleigutakarnir voru farnir úr húsnæðinu í nóv. 1943, er úrskurður gekk, og þótti dvöl þeirra í húsnæði B eftir 28. júní 1943 þegar af þeirri ástæðu ekki veita efni til útburðar. Þá taldi A, að B hefði með vanskilum á greiðslu húsaleigu fyrirgert leigurétti sínum. A hafði sýnt B stirðleika í sambandi við viðtöku leigugreiðslna, og hafði B þá sent honum greiðslur í póstávísun og síðar falið Landsbankanum þær til geymslu. Þótti þessi greiðsluháttur eftir atvikum ekki eiga að varða útburði. Loks hafði B leigt manni herbergi af íbúð sinni 3. okt. 1943. Lýsti A framleigu þessa þegar samningsrof og taldi B hana til útburðarsakar. B kom því þá til vegar, að framleigutakinn fluttist burt 10. nóv. 1943. Dvöl hans í húsnæði B þenna tíma hafði ekki valdið A neinum óþægindum. Þótti þetta brot A á leigusamningnum ekki svo verulegt, að útburði ætti að valda 79

Árið 1932 tók A á leigu hús í Reykjavík, sem var eign ríkissjóðs. Í des. 1941 sagði fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs A upp húsnæðinu frá 14. maí 1943 að telja. Er uppsagnarfrestur var á enda, neitaði A að rýma húsnæðið. Krafðist ráðherra þá útburðar. Reisti hann útburðarkröfuna í fyrsta lagi á því, að A hefði heimildarlaust framleigt húsnæðið mötuneyti

nokkru. Þessari ástæðu hrundið, með því að húsið hafði í öndverðu verið leigt með það fyrir augum, að mötuneytið yrði þar til húsa og fjármálaráðuneytinu ávallt um það kunnugt. Í öðru lagi taldi ráðherra, að brýn þörf væri fyrir húsnæðið til íbúðar handa starfsfólki Landsspítalans. Þessari ástæðu einnig hrundið, með því að hún hefði ekki stoð í lögum nr. 39/1943 um húsaleigu, sem taki til skipta aðilja. Var því synjað um framkvæmd útburðarins 98

A bjó ásamt konu sinni í þriggja herbergja íbúð í húsi sínu. Í íbúðinni var og dóttir hans ásamt manni sínum og barni þeirra. A taldi sig hafa þörf fyrir íbúð B, sem var leigutaki í húsi hans, handa dóttur sinni og tengdasyni. Á þetta var fallizt, uppsögn A á leigumála B metin gild og útburður heimilaður 156

Húsleit. Sjá handtaka.

Iðgjöld.

Í refsimáli gegn A vegna líkamsárásar kom fram krafa um bætur fyrir meiðsl og fatnaðarspjöll. Héraðsdómari taldi kröfuna ekki nægilega rökstudda og vísaði henni frá dómi 172

Iðnlög.

Saumakonan A hafði í höndum bréf lögreglustjóra þess efnis, að með því að hún hafi fært sönnur á, að hún hafi stundað karlmannafatasaum fyrir 1. janúar 1928, þegar lög nr. 18 1927 um iðju og iðnað tóku gildi, þá hafi hún rétt til þess að stunda þessa iðngrein á sama hátt og hún gerði fyrir 1. jan. 1928. Þetta bréf ekki talið sönnun þess, að A hafi meistararéttindi í nefndri iðngrein 215

Íkveikja. Sjá brenna.

Innheimta.

Hæstaréttarlögmaður (M), sem hafði til innheimtu fyrir A skuld á hendur B, samþykkti utan dómþings án sérstakrar heimildar frá A að gefa B upp 85% af skuldinni. A, sem ekki vildi fallast á uppgjöfina, krafði B í dómsmáli um alla skuldina. B taldi uppgjöf M hafa leyst sig undan greiðslu á nefndum hluta skuldarinnar. Á þetta var ekki fallizt. Talið, að ákvæði 4. gr. laga nr. 61/1942 veiti hvorki samkvæmt orðum sínum né lögjöfnun heimild til þeirrar uppgjafar, er hér greinir, og ekki felist slík heimild í umboði til heimtu skuldar né verði leidd af öðrum réttarreglum 64

Innsetningargerðir.

Með dómi merkjadóms Reykjavíkur var A heimilaður umferðarréttur um gangstíg á lóð B. Með því að B hafði girt fyrir gangstíginn, krafðist A aðfarar samkvæmt dóminum. Er aðför skyldi fram fara, lagði B fram áfrýjunarstefnu. A krafðist þess þá, að honum væri veittur aðgangur að gangstígnum með beinni fógetagerð. Fógeti úrskurðaði, að gerðinni skyldi frestað, unz dómur hæstaréttar væri genginn í merkjadómsmálinu. Hæstiréttur taldi þessa meðferð löglausa, ómerkti fógetaúrskurðinn og vísaði innsetningarmálinu aftur heim til fógetadóms til úrskurðar um það, hvort innsetningargerðin skuli fara fram 23

Ítaksréttindi.

A og B áttu samliggjandi húslóðir í Reykjavík. Árið 1927 sömdu þeir með sér á þá leið, að A reisti á sinn kostnað steingarð við lóðamörk, er væri a. m. k. 2½ álnar hár og fullgerður um áramót 1927—1928. Garðurinn skyldi allur standa á lóð B, og auk þess skyldi A fá ræmu af lóð B sem endurgjald fyrir not B af garðinum. A reisti garðinn innan tilskilins tíma. Sumarið 1940 hugðist A að hækka garðinn. B taldi hækkun óheimila án samþykkis síns. Í máli aðilja út af ágreiningsefni þessu var talið, að A hafi með samningnum frá 1927 ekki aðeins tekið á sig skyldu til að reisa garðinn, heldur og öðlazt rétt til að gera hann og hafa hann á lóð B. Og með því að A var í öndverðu heimilt að hafa garðinn hærri en 2½ alin og réttur hans til hækkunar ekki talinn fallinn brott vegna aðgerðaleysis, þá var honum heimilað að hækka garðinn, enda ekki sannað, að af því mundi leiða veruleg óþægindi fyrir B 19

Árið 1929 heimilaði eigandi lóðar nr. 14 við B-götu A, sem átti lóð nr. 16 við sömu götu, umferðarrétt um gangstíg á lóð nr. 14. A þinglýsti heimildarskjali sínu fyrir umferðarréttinum árið 1930. Húseignin nr. 14 gekk eftir þetta nokkrum sinnum kaupum og sölum og var tvisvar seld nauðungarsölu og lögð út ófullnægðum veðhöfum. Í hvorugri útlagningargerðinni var umferðarkvaðarinnar getið. Árið 1942 fékk B afsal fyrir húseign nr. 14, og var kvaðarinnar ekki getið í afsali til hans. Girti B síðan fyrir gangstíginn. A höfðaði fyrir merkjadómi mál á hendur B og krafðist viðurkenningar á umferðarréttinum. B taldi kvöðina fallna brott, í fyrsta lagi af því, að hennar sé ekki getið í veðbókarvottorði um eignina nr. 14, er hann hafi fengið, áður en hann keypti hana. Þessari ástæðu hrundið, með því að kvöðin hafi verið þinglesin, og fái útgáfa veðbókarvottorðs, er láti

kvaðarinnar ógetið, ekki haggað rétti A. Þá var og talið, að B hefði ekki átt að dyljast við skoðun eignarinnar, að umferð til húss nr. 16 fór fram um lóð nr. 14. Í öðru lagi taldi B umferðarréttinn hafa fallið niður við fyrrgreindar nauðungarsölur. Þessi ástæða ekki heldur tekin til greina, með því að ekkert var fram komið um það, að veðkröfur þær, er nauðungarsölurnar byggðust á, hafi notið fremri réttar en umferðarréttur A. Samkvæmt þessu var A ákveðinn réttur til umferðar um nefndan gangstig 114

Olíusölufélagið S hafði með samningi við eiganda bryggju á Eskifirði öðlazt rétt til afnota af bryggjunni í sambandi við verzlunarrekstur sinn þar. Afnotaréttur þessi var óuppsegjanlegur af hálfu eiganda bryggjunnar, og skyldi S vera heimilt að framselja öðrum rétt sinn. S heimilaði síðar olíusölufélaginu O afnot bryggjunnar með sér. A, sem þá var eigandi bryggjunnar, andmælti þessari ráðstöfun. Höfðaði hann mál á hendur S og krafðist þess aðallega, að ákveðið yrði, að S hefði fyrirgert afnotarétti samkvæmt samningnum, en til vara, að framsalið til O verði ógilt metið. Sagt, að S hafi að vísu verið heimilt að framselja réttindi sín, en af því leiði ekki, að honum hafi verið heimilt að setja annan aðilja sér við hlið til neyzlu réttindanna. Samkvæmt þessu var varakrafa A tekin til greina 321

Ítrekun.

Bifreiðarstjóri sætir refsingu og er sviptur ökuleyfi ævilangt fyrir ítrekaða ölvun við akstur 11, 233

Kaup og sala.

A taldi B hafa fyrir hönd félagsins T selt sér tiltekna vöru. Höfðaði hann mál gegn T og krafðist þess að fá vöruna afhenta. Gegn andmælum T tókst A hvorki að sanna, að samningar hafi komizt á með honum og B, né að B hafi haft umboð til að binda T við slíka sölu. Þar sem svo var ástatt, var A ekki heldur talinn hafa unnið neinn rétt á hendur T, þótt T léti ósvarað tveimur símskeytum A, þar sem hann vitnar til fyrr gefins söluloforðs 45

A auglýsti 3 tonna vörubifreið til sölu í júlí 1942. B skoðaði bifreiðina og keypti, en fékk gjaldfrest á 6000 kr. af andvirði hennar. Í skoðunarvottorði, er fylgdi bifreiðinni úr hendi A, var burðarmagn hennar talið 3000 kg og aldur talinn frá 1935. B reyndist bifreiðin illa, og kvartaði hann í bréfi til A í okt. 1942 undan ýmsum göllum á henni. Nokkru síðar kom í ljós, að skoðunarvottorðið var falsað. Hafði bifreiðin aðeins 2000 kg burðarmagn, og aldur henn-

ar var frá 1932. B kærði fölsunina til sakadómara, en ekki varð upplýst, hver að henni var valdur, enda hafði bifreiðin oft gengið kaupum og sölum. Í janúar 1943 höfðaði A mál gegn B til greiðslu eftirstöðva kaupverðsins. B krafðist sýknu eða afsláttar frá kaupverði vegna galla á bifreiðinni. B talinn eftir atvikum hafa borið fyrir sig í tæka tíð þá galla, að bifreiðin var minni og eldri en skoðunarvottorð greindi, sbr. 52. gr. laga nr. 39/1922. Samkvæmt mati dómkvaddra manna var afsláttur frá kaupverði vegna þessara galla talinn hæfilegur kr. 4000.00, og var krafa A lækkuð um þá upphæð 121

A, félag í Vestmannaeyjum, keypti olíu af B, félagi í Hamborg, fyrir milligöngu C, er hafði einkaumboð í Vestmannaeyjum fyrir B. Bæði C og tiltekinn umboðsmaður B erlendis höfðu fullyrt við A, áður en kaup gerðust, að olían jafnaðist að gæðum við olíu frá Vacuum Oil Company, sem A hafði áður notað. Með því að olían frá B reyndist lakari að gæðum og lítt eða ekki nothæf, höfðaði A mál gegn B til riftunar kaupunum og greiðslu skaðabóta. B taldi A ekki hafa kvartað nægilega snemma undan göllunum. Það kom fram, að A hafði, þegar er hann varð gallanna var, kvartað undan þeim við C, og var sú kvörtun talin næg til að firra hann réttarspjöllum. Þá var og talið, að B hefði hagað sér þannig með framangreindri fullyrðingu um gæði olíunnar og með villandi merkjum á henni, að það geti ekki borið drátt á kvörtun fyrir sig, sbr. 53. gr. laga nr. 39/1922. Samkvæmt þessu var A heimiluð riftunin og því dæmdar bætur úr hendi B 183

Kvaðir. Sjá itaksréttindi.

Kyrrsetning.

A hafði keypt vöru af B og samþykkt víxil fyrir andvirði hennar. A tilkynnti B riftun kaupsins vegna galla á vörunni, en B fékk A dæmdan í víxilmáli til greiðslu víxilfjárhæðarinnar. A galt þá fjárhæðina, en lét jafnframt leggja löghald á hana. Í máli, er A höfðaði eftir það á hendur B, var A heimiluð riftun kaupsins, skylda hans til greiðslu samkvæmt víxildómi felld niður og kyrrsetningargerðin staðfest 183

Kærumál.

Frávísunardómur kærður samkvæmt 4. mgr. 108. gr. laga nr. 85/1936, en staðfestur í hæstarétti 5

Úrskurður, er hratt frávísunarkröfu, kærður samkvæmt 3. mgr.

108. gr. laga nr. 85/1936 ..... 68, 85, 112, 204
Úrskurður fógeta um frestun innsetningargerðar kærður samkvæmt 4. tölulið 198. gr. laga nr. 85/1936 23
Úrskurður, er hratt andmælum gegn því, að vitni staðfesti skýrslu sína fyrir dómi, kærður samkvæmt 128. gr. laga nr. 85/1936 286
Úrskurður, er hratt kröfu um breytingu á dómkvaðningu matsmanns, kærður samkvæmt 143. gr. laga nr. 85/1936 310
Úrskurður félagsdóms, þar sem tekin voru til greina andmæli gegn því, að tilteknar spurningar yrðu lagðar fyrir vitni, kærður samkvæmt 3. tölulið 67. gr. sbr. 69. gr. laga nr. 80/1938 345
Úrskurður félagsdóms um frestveitingu kærður. Málinu vísað frá hæstarétti, með því að úrskurður félagsdóms um það atriði er fullnaðarúrlausn samkvæmt 67. gr. laga nr. 80/1938 284
Úrskurður héraðsdómara um það, hvort tilteknar dómkröfur geti komizt að í málinu, kærður til hæstaréttar. Með því að þetta atriði varðaði efni sakar, sem ekki varð gegn mótmælum annars aðilja greint frá öðru efni málsins, sbr. 5. mgr. 71. gr. laga nr. 85/1936, þá var úrskurðurinn felldur úr gildi 282
Málskostnaðarákvæði héraðsdóms hafði verið kært samkvæmt 186. gr. laga nr. 85/1936. Kærumálinu var frestað í hæstarétti vegna áfrýjunar héraðsdómsins. Er áfrýjunarmálið var þingfest, var kærumálið sameinað því 183

Landamerkjamál. Sbr. merkjadómur Reykjavíkur.
Landamerkjamáli var skotið til hæstaréttar, og gerði áfrýjandi kröfu um ómerkingu héraðsdóms. Málinu var ex officio vísað frá hæstarétti vegna ófullnægjandi málsútlistunar þar af hálfu áfrýjanda 244
Í landamerkjamáli var um það deilt, hvort landamerkjaá hafi breytt farvegi sínum frá því á árinu 1889. Komu fram vætti margra vitna um þetta atriði, en þau voru andstæð sín á milli. Sá aðili, er hélt því fram, að áin hefði breytt farvegi, þótti hafa fært nokkrar líkur fyrir þeirri staðhæfingu. En þar sem hann færði ekki fullar sönnur að því, að breyting hafi orðið, en sönnunarbyrði um atriðið hvíldi óskorað á honum, þá var núverandi farvegur árinnar lagður til grundvallar landamerkjum jarðanna 329
Það talinn mikill galli á meðferð landamerkjamáls, að málflytjendur öfluðu sér sjálfir skriflegra vottorða frá vitnum, áður þau kæmu fyrir dóm, í stað þess að landamerkjadómurinn átti sjálfur að kveðja vitnin á vettvang, taka þar af þeim skýrslur og samprófa þau 329

Sérfróður maður lætur upp álit sitt á gildi uppdráttar herforingjaráðsins sem sönnunargagns í landamerkjamáli 329

Landhelgisbrot. Sjá fiskveiðabrot.

Leiðbeiningarskylda dómara.

Landamerkjamáli var áfrýjað til hæstaréttar. Gerði áfrýjandi kröfu um ómerkingu dóms og málsmeðferðar í héraði sökum þess, að héraðsdómari hafi vanrækt að leiðbeina málflytjanda hans, sem var ólöglærður, um andmæli gegn vottorðum, er fram voru lögð af hálfu gagnaðilja áfrýjanda. Máli þessu var vísað frá hæstarétti sökum ófullnægjandi málsútlistunar þar 244
Í héraði kom stefndi sjálfur fyrir dóm og naut þar ekki aðstoðar lögfróðs málflytjanda. Héraðsdómari vanrækti að leiðbeina honum um kröfugerð, þar á meðal benda honum á að gera kröfu til málskostnaðar, svo og vísa honum til vegar um varnarástæður, sbr. 114. gr. laga nr. 85/1936. Af þessum sökum var héraðsdómur og meðferð máls í héraði ómerkt og málinu vísað heim í hérað 301

Leiga. Sjá húsaleiga.

Líkamsáverkar.

Bifreiðarstjórinn A ók vörubifreið út af vegi sökum of hraðs og gálauss aksturs. Bifreiðin valt á hliðina, og 5 menn, sem verið höfðu á vörupalli hennar, hlutu mikil meiðsl. A var dæmd refsing fyrir brot á ákvæðum 219. gr. laga nr. 19/1940 89
Er A var að koma út úr samkomuhúsi, þar sem dansleikur var haldinn, stóð B þar úti fyrir húsinu ásamt mörgum öðrum. Laust B þá A mikið högg í höfuðið, og féll A meðvitundarlaus í götuna. Hlaut hann heilahristing og sár á höfuðið. Hann missti til fulls heyrn á öðru eyra, en að öðru leyti náði hann sér aftur. B kvað tilefni árásarinnar hafa verið það, að A hafi bandað frá sér hendi, er hann kom út úr húsinu, og hafi hún snert kinn B. Refsing B ákveðin samkvæmt 218. gr. laga nr. 19/1940 5 mánaða fangelsi 128
A lögregluþjónn var óeinkennisklæddur á heimleið frá dansleik að næturlagi. B, sem einnig hafði verið á dansleiknum, en horfið þaðan skömmu á undan A, réðst að A úr fyrirsát, þreif í hálsmál hans aftan frá og greiddi honum höfuðhögg með krepptum hnefa. Hlaut A glóðarauga og sár á augabrún. B dæmd refsing samkvæmt 217. gr. laga nr.

19/1940, fangelsi 2 mánuði 172
Bifreiðarstjóri ók af gáleysi á aðra bifreið og olli mjög miklum meiðslum á manni, sem í þeirri bifreið var. Bifreiðarstjóranum dæmd refsing samkvæmt 219. gr. laga nr. 19/1940 327
Bifreiðarstjóri ók of hart og gálauslega í myrkri eftir þjóðvegi. Vatnsleiðslupípur, er hann hafði á bifreið sinni, rákust í konu, sem stóð kyrr á vegarbrún. Umbúnaður pípnanna á bifreiðinni var talinn ófullnægjandi. Með því að konan hlaut mikil meiðsl, var bifreiðarstjóranum dæmd refsing eftir 219. gr. laga nr. 19/1940 361

Líkur. Sbr. sönnun.

Bifreiðarstjóri ók á vegfaranda, er hlaut mikil meiðsl og lézt af þeim, áður en skýrsla yrði tekin af honum fyrir dómi. Ummæli, sem höfð voru eftir manni þessum, svo og staða bifreiðarinnar eftir slysið þótti veita líkur fyrir því, að bifreiðarstjóranum hafi fatazt bifreiðarstjórnin, en samt ekki nógu öruggar til þess að reisa á þeim refsidóm 93
Í máli A, húseiganda, á hendur B, leigutaka í húsi hans, lagði A fram sitt eintak af húsaleigusamningnum. B kvað tiltekið ákvæði í samningum vera falsað, og studdi þá staðhæfingu við endurrit samningsins, er hann lagði fram. Endurritið var ónákvæmt í mörgum greinum, en frumrit A hvorki að efni né útliti grunsamlegt. Þrátt fyrir áskorun A lagði B hvorki fram sitt eintak af samningnum né húsaleigukvittanir, sem hefðu getað veitt fræðslu um deiluatriðið. Hafði B uppi þá staðhæfingu, sem talin var mjög ósennileg, að hann hefði glatað skjölum þessum. Þótti allt þetta veita sterkar líkur gegn fullyrðingu B um fölsun samningseintaks A 286

Loftför.

Flugvél, er annaðist farþegaflutninga, var að hefja sig til flugs og komin í rúmlega 40 m hæð, er hún féll skyndilega til jarðar. A, sem var farþegi í flugvélinni, hlaut mjög mikil meiðsl og lá lengi í sjúkrahúsi. Endanleg örorka hans vegna meiðslanna var metin um 40%. Sótti hann eiganda flugvélarinnar til greiðslu skaðabóta. Samkvæmt skoðun á flugvélarflakinu var orsök slyssins talin sú, að flugmanninum hafi láðst að opna benzínleiðslur. Með því að eigandi flugvélarinnar var talinn bera fébótaábyrgð á þessum mistökum flugmannsins, er var starfsmaður hans, þá var honum gert að greiða A bætur vegna tjóns hans af slysinu 211

Læknar.

Lík manns, sem hlaut bana í bifreiðarslysi, krufið í Rannsóknarstofu háskólans 6, 93
Læknir lýsir andlegu heilsufari ofdrykkjumanns 11
Læknir lýsir meiðslum og afleiðingum meiðsla, er maður hlaut vegna árásar af hendi annars manns 128, 172
Læknir lýsir brunasárum manns 256
Læknar lýsa meiðslum, sem maður hlaut í bifreiðarslysi 325, 361

Lög. Lögskýring.

Nauðasamningar náðu til kröfu, þó að henni væri ekki lýst né hún kæmi á annan hátt fram, meðan á samningunum stóð, sbr. 2. mgr. 37. gr. laga nr. 19/1924 25
Verðlagning A á vörum braut í bág við ákvæði auglýsingar nr. 100/1942. Refsing samt látin falla niður samkvæmt 3. tölulið og síðustu mgr. 74. gr. laga nr. 19/1940, með því að hin of háa verðlagning var reist á ákvörðunum verðlagsyfirvalda 39
A, sem verðlagt hafði vöru undir innkaupsverði, en þó hærra en svo, að samrýmzt gæti ákvæðum auglýsingar nr. 100/1942, kærður fyrir verðlagsbrot. Þar sem A hafði, áður en hann vissi um kæruna, lækkað verð vörunnar niður í löglegt verð og tekið ákvörðun um að endurgreiða verðmismuninn þeim, er of háu verði höfðu keypt, þá var refsing látin falla niður samkvæmt 8. tölulið og síðustu mgr. 74. gr. laga nr. 19/1940 30
Ákvæði 4. gr. laga nr. 61/1942 veita ekki málflutningsmanni heimild til að gefa skuldara upp fjárkröfu, sem kröfuhafi hefur falið honum að heimta 64
Dráttur varð í héraði á rekstri máls, er þrotabú hafði höfðað til riftingar handveðsetningu. Krafa stefnda um frávísun málsins vegna dráttarins ekki tekin til greina, enda ekki gert líklegt, að drátturinn hafi valdið töfum á skiptum búsins, sbr. 30. gr. laga nr. 25/1929 68
Brot bifreiðarstjóra var framið, meðan lög nr. 70/1931 um bifreiðar voru enn í gildi. Refsing ákveðin samkvæmt lögum nr. 23/1941, sbr. 2. gr. laga nr. 19/1940 89
Maður hafði tekið á leigu hús, sem var eign ríkissjóðs. Leigumálinn talinn falla undir ákvæði laga nr. 39/1943 um húsaleigu 98
A, fyrrverandi skipstjóri, var heimilisfastur í Danmörku, en naut eftirlauna frá Eimskipafélagi Íslands h/f. Talið, að A beri að greiða tekjuskatt hér á landi af eftirlaununum samkvæmt 1. og 3. mgr. 5. töluliðs 3. gr. reglugerðar nr. 133/1936, er stoð hefur í 1. mgr. 2. gr. laga nr. 6/1935 .. 102

A hafði framið verðlagsbrot, meðan lög nr. 118/1940 voru enn í gildi, en samkvæmt 13. gr. þeirra átti að gera upptækan þann ágóða, sem fengist með broti á ákvæðum laganna. Er mál A var dæmt, voru í gildi gengin lög nr. 3/1943, en þar hafði upptökuákvæði eldri verðlagslaga verið fellt burtu. Allt að einu var ólöglegur ágóði A gerður upptækur samkvæmt 69. gr. laga nr. 19/1940 138

A ók bifreið fyrir B. Bifreiðin bilaði í höndum A, og lét hann þá bifreiðina á verkstæði til viðgerðar og skýrði því frá, að viðgerðin væri fyrir B. Einnig ákvað A, að gert skyldi við bifreiðina í nætur- og helgidagavinnu. Þessi ráðstöfun A ekki talin varða við ákvæði 26. kafla laga nr. 19/1940, með því að ekki hafi auðgunartilgangur verið fyrir hendi 144

Lögreglumönnum var dæmd refsing fyrir ólögmæta húsleit samkvæmt 132. gr. laga nr. 19/1940. Með því að nefnd grein var talin taka yfir alla sök þeirra vegna húsleitar, var þeim ekki dæmd refsing fyrir röskun á heimilishelgi samkvæmt 231. gr. sömu laga, enda þótt húseigandi gerði kröfu til þess 172

Seljandi olíu, sem sagt hafði rangt til um gæði hennar og gert merki hennar þannig úr garði, að villast mátti á þeim og merkjum alkunns olíuframleiðanda, ekki talinn hafa hegðað sér þannig, að hann gæti borið fyrir sig drátt á kvörtun undan göllunum af hálfu kaupanda, sbr. 53. gr. laga nr. 39/1922 183

Maður, er tekið hafði ófrjálsri hendi vöruskömmtunarseðla úr vörzlum Reykjavíkurbæjar, dæmdur fyrir þjófnað samkvæmt 244. gr. laga nr. 19/1940 219

Fölsun vöruskömmtunarseðla talin varða við 155. gr. laga nr. 19/1940 219

Notkun ófalsaðra vöruskömmtunarseðla með öðrum hætti en til var ætlazt, varðar við 157. gr. laga nr. 19/1940 219

Maður olli spjöllum á húsi með íkveikju, meðan almenn hegningarlög frá 25. júní 1869 voru enn í gildi. Honum dæmd refsing samkvæmt 2. mgr. 257. gr. sbr. 20. gr. laga nr. 19/1940 256

A hafði veðsett þriðja manni hlut B samkvæmt leyfi hans. Þrotabú A ekki talið hafa heimild til að rifta veðsetningu þessari, hvorki samkvæmt 20. gr. né öðrum ákvæðum laga nr. 25/1929, þar sem hið veðsetta verðmæti átti ekki að renna til þrotabúsins og því hafði ekki á neinn hátt verið íþyngt vegna veðsetningarinnar 277

Úrskurður félagsdóms um frestveitingu er fullnaðarúrlausn um það atriði samkvæmt 67. gr. laga nr. 80/1938 284

Kostnaður af endurriti dóms og birtingu telst til aðfararkostn-

aðar, en er ekki fólginn í málskostnaðarákvæði dóms, sbr. 1. mgr. 185. gr. laga nr. 85/1936 303
Máli frestað ex officio í hæstarétti samkvæmt analogiu 120. gr. laga nr. 85/1936 ..... 128, 312, 379
Kaupmaður kærður fyrir brot á ákvæðum laga nr. 84/1933 um varnir gegn óréttmætum verzlunarháttum. Refsing hans ákveðin með hliðsjón af 3. tölulið 74. gr. laga nr. 19/1940 358

Löghald. Sjá kyrrsetning.

Lögreglumenn.

Fótgangandi maður varð fyrir bifreið og hlaut af áverka, er leiddu hann til bana. Tveir lögreglumenn komu á slysstaðinn, en fóru báðir þaðan aftur án þess að rannsaka verksummerki, og var þeim þó innan handar að fá menn til aðstoðar við flutning hins slasaða manns í sjúkrahús. Þótti þessi vanræksla lögreglumannanna mjög aðfinnsluverð .. 93
Lögreglustjórinn í Reykjavík sagði A lögreglumanni fyrirvaralaust upp starfi og greindi þær ástæður, að A hefði gerzt sekur um „ítrekaða óhlýðni og þrjózku" í starfinu. A höfðaði mál til bótagreiðslu á hendur bæjarsjóði og ríkissjóði in solidum. Í málinu kom það upp, að A hafði neitað að rækja starf, er yfirboðari hans fól honum, haft undanbrögð í frammi við skotæfingar, er hann kvað sér ekki að skapi, og loks haft forgöngu um að semja og koma öðrum lögreglumönnum til að undirrita með sér yfirlýsingu, sem var að orðalagi ekki viðurkvæmileg í garð lögreglustjóra. Þóttu þessi atriði bera þess vott, að A væri ekki fallinn til lögreglustarfa. Var honum því synjað um bætur vegna vikningar úr starfi 105
A lögreglumaður var að næturlagi á heimleið til sín af dansleik, óeinkennisklæddur. B réðst þá að honum úr fyrirsát, þreif í hálsmál hans og greiddi honum höfuðhögg með krepptum hnefa. Hlaut A sár á hægri augabrún og glóðarauga. B fór að þessu loknu á danssamkomuna og þaðan heim til sín og fór að hátta. A fór eftir árásina til C lögreglumanns og bað hann aðstoðar. Fóru þeir A og C til heimilis B og þar inn í hús, handtóku hann og fluttu með sér í varðhald. A og C voru sóttir til sakar fyrir brot í opinberu starfi og röskun á heimilishelgi. Sagt, að þar sem ekki hafi verið ástæða til að vænta af B slíks hátternis, eftir að hann var farinn heim til sín, er réttlætti húsleit og handtöku hans á heimili hans án dómsúrskurðar, þá hafi A og C gerzt sekir við ákvæði 132. gr. laga nr. 19/1940. Og með því að nefnd grein taki yfir alla sök þeirra vegna

húsleitar og handtöku, þá beri ekki að heimfæra brot þeirra jafnframt undir 231. gr. sömu laga 172
Maður, er ræðst að óeinkennisklæddum lögreglumanni, sem ekki er að gegna skyldustörfum, og ber hann höfuðhögg, sætir refsingu eftir 217. gr. laga nr. 19/1940 172
A lögreglumaður fór ásamt öðrum lögreglumanni til að handtaka mann. Í ryskingum, sem urðu í sambandi við handtökuna, kvað A mann nokkurn, B, er þar var viðstaddur, hafa ráðizt að sér að fyrra bragði, fingurbrotið sig og gerzt líklegur til frekari árása. Barði hann þá B í höfuðið, og hlaut B áverka nokkurn og heilahristing. B neitaði því hins vegar staðfastlega, að hann hafi veitzt að A og valdið meiðslum hans. Í sakamáli gegn A þótti verða að leggja skýrslu hans um árás B til grundvallar, og var honum því ekki dæmd refsing fyrir hátterni hans gagnvart B 172
Fundið að því, að lögreglumenn létu lækni ekki taka blóð úr manni, sem grunaður var um akstur bifreiðar undir áhrifum áfengis 237

Lögræði.

Maður sækir skaðabótamál f. h. ófjárráða sonar síns, sem hlotið hafði áverka í bílslysi 273

Lögtak. Sbr. skattar og gjöld.

Úrskurður fógeta í lögtaksmáli ómerktur, með því að hann hafði látið sakarefnið óúrskurðað 347
Úrskurður fógeta í lögtaksmáli ómerktur vegna þess, að í honum greindi hvorki nöfn aðilja né kröfur, og greinargerð skorti að mestu um málsatvik 372

Málasamlag.

a) Einkamál.

I. Kröfusamlag.
1. Kröfusamlag af hálfu sækjanda:
Maður sóttur í lögtaksmáli til greiðslu ýmissa opinberra gjalda 102
Mál til brigðar á húseign og til skaðabóta fyrir afnot hennar 192
Mál til heimtu á ýmsum munum og til greiðslu skuldar 301
2. Gagnkröfur:
Dómi áfrýjað af hendi beggja aðilja 206, 211 373
II. Aðiljasamlag.
1. Sóknaraðilja:
Sameigendur að fasteign krefjast þess, að þeim verði með

innsetningargerð heimiluð umferð um gangstíg á nágrannalóð 23
Hjón heimta saman skaðabætur vegna afnotamissis af húsnæði 59
Kaupmaður og iðnrekandi, sem tóku sameiginlega að sér framkvæmd mannvirkjagerðar, sækja saman endurgjald fyrir verkið 85
Sameigendur fasteignar krefjast þess, að þeim verði ákveðinn með dómi umferðarréttur um nágrannalóð 114
Eigendur og skipshöfn skips sækja eiganda annars skips til greiðslu bjarglauna 386
2. Varnaraðilja:
Lögreglumaður, er vikið var úr starfi, sækir bæjarsjóð Reykjavíkur og ríkissjóð til greiðslu bóta in solidum 105
Verkamaður sækir tvö stéttarfélög til ónýtingar ákvæði í kjarasamningi, er félögin höfðu gert með sér 112
A sækir aðallega húseiganda, en til vara verktaka þann, er tókst á hendur múrhúðun hússins, til greiðslu einkaleyfisgjalds í sambandi við múrhúðunina 166
A sækir tvö verkamannafélög til brigðar á húseign, sem félögin höfðu umráð yfir 192
Eigandi jarðar höfðar landamerkjamál gegn 5 sameigendum nágrannajarðar 244
Vélsmiðja höfðar mál gegn tveimur sameigendum skips til heimtu viðgerðarkostnaðar 298
Félag sækir tvo menn, sem tekið höfðu að sér sameiginlega að smíða bifreiðarskýli, til endurheimtu oftekinna smíðalauna 306
Veðhafi, sem telur sig eiga rétt til útlagningar á fasteign, sem seld var nauðungarsölu, höfðar mál til þess að fá útlagningarréttinn ákveðinn og stefnir uppboðshaldara og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs ... 349

b) Opinber mál.

1. Aðili kærður fyrir fleiri brot en eitt 6, 11, 56, 89, 132, 172, 189, 219, 256, 325, 361
2. Fleiri en einn aðili kærður í sama máli:
Tveir menn sóttir til refsingar fyrir brot á reglum um sölu og úthlutun matvörutegunda 72
Fjórir deildarstjórar Kaupfélags Reykjavíkur og nágrennis sóttir til sakar fyrir brot á reglum um skömmtun matvörutegunda 117
Maður, er gerzt hafði sekur um líkamsárás, og tveir lögreglumenn, er höfðu að ólögum handtekið árásarmann-

inn á heimili hans án dómsúrskurðar, sóttir í sama máli til refsingar 172
Tvær konur, er ráku saumastofu sameiginlega, sóttar saman í refsimáli vegna brota á verðlagsákvæðum 189
Þrír menn sóttir saman til refsingar fyrir þjófnað, skjalafals og brot í opinberu starfi 219
Tveir menn sóttir saman vegna ölvunar við akstur bifreiðar 233
Tveir menn sóttir saman til refsingar vegna íkveikju í húsi 256

Málflutningsmenn.

Kærður var til hæstaréttar úrskurður fógeta um frestveitingu. Fundið að því, að hæstaréttarlögmaður sá, er málið kærði, krafðist efnisdóms á því fyrir hæstarétti 23
Ekki talið, að 4. gr. laga nr. 61/1942 veiti samkvæmt orðum sínum eða lögjöfnun málflutningsmanni heimild til að gefa upp hluta af fjárkröfu, sem honum er falin til innheimtu 64
Landamerkjamáli var áfrýjað til hæstaréttar. Málflutningi af hálfu hæstaréttarlögmanns þess, er málið flutti fyrir áfrýjanda, þótti svo áfátt, að ekki væri fært að dæma málið að svo komnu, og var því málinu vísað ex officio frá hæstarétti 244

Málflutningur.

Greinargerðir aðilja og bókanir fleiri en vera ber eftir lögum nr. 85/1936 5
Úrskurður fógeta um frestveitingu var kærður til hæstaréttar. Fyrir hæstarétti krafðist kærandi efnisdóms, enda þótt fógeti hefði ekki lagt efnislegan úrskurð á málið 23
Aðili, er kröfu gerði fyrir skiptarétti um útlagning fasteignar, rökstuddi ekki kröfu sína 75
Af hálfu málflytjanda áfrýjanda var málflutningi svo áfátt fyrir hæstarétti, að málinu var vísað ex officio frá dómi 244
Þrátt fyrir áskorun gerðarbeiðanda í útburðarmáli, lagði gerðarþoli ekki fram sitt eintak af húsaleigusamningi né húsaleigukvittanir 286
Í héraði kom stefndi, sem var ólöglærður, sjálfur fyrir dóm og fékk málsskjölin lánuð. Hann kom ekki til næsta þings í málinu, og var það þá dómtekið og dæmt samkvæmt kröfum stefnanda. Í hæstarétti var héraðsdómur og málsmeðferð í héraði ómerkt vegna vanrækslu dómara á leiðbeiningu og fleiri galla á málsmeðferð 301
Fundið að því, að málflytjendur landamerkjamáls í héraði höfðu sjálfir aflað sér skriflegra vottorða frá vitnum, áður en þau kæmu fyrir dóm 329
Aðili máls, sem var hæstaréttarlögmaður og flutti mál sitt sjálf-

ur fyrir báðum dómum, lýsir málavöxtum á annan veg fyrir hæstarétti en í héraði. M. a. af því, hve málflutningi var áfátt í héraði, var hinn áfrýjaði úrskurður og málsmeðferð í héraði ómerkt og máli vísað heim 349
Með samkomulagi aðilja og samþykki dómara var málflutningi í máli til heimtu skaðabóta skipt, þannig að fyrst var sótt og varið það sakarefni, hvort stefndi væri skaðabótaskyldur 273

Málshöfðun.

Það þótti athugavert, að héraðsdómari hafði ekki gefið út stefnu í refsimáli, þar sem ákærði var sóttur til sakar fyrir brot á ákvæðum laga nr. 19/1940 ..... 56, 89
Dómari hélt réttarpróf um það, hvort bátsformaður hefði gerzt sekur um ólöglegar veiðar í landhelgi. Dómarinn tók málið til dóms, án þess að kærði væri þá viðstaddur, og kvað síðan upp dóm í því án þess að tilkynna kærðum málshöfðun eða greina honum kæruatriði. Leiddi þessi málstilbúnaður m. a. til ómerkingar héraðsdóms og málsmeðferðar í héraði 147, 150, 153

Málskostnaður. Sbr. gjafsókn, ómaksbætur.

a) Í einkamálum.

1. Málskostnaður látinn falla niður:
Áfrýjandi vann mál að öllu eða nokkru leyti, en málskostnaður þó látinn falla niður 79, 102, 105, 121, 369
Áfrýjandi tapaði máli, en var þó eigi dæmt að greiða málskostnað 19, 59, 125, 249, 329
Dómur eða dómsathöfn héraðsdómara ómerkt vegna rangrar málsmeðferðar, og málskostnaður látinn falla niður 75, 166, 301, 347, 365, 372
Máli vísað frá hæstarétti sökum galla á áfrýjun þess, en málskostnaður felldur niður 379
Í kærumáli voru kröfur sóknaraðilja ekki teknar til greina, en varnaraðilja ekki dæmdur málskostnaður, með því að engar kröfur voru gerðar af hans hendi 5, 68, 310
Í kærumáli hafði sóknaraðili ekki gert kröfu um málskostnað. Málið var dæmt honum í vil, en málskostnaður látinn falla niður 112
Aðilja gert að greiða málskostnað í hæstarétti, en málskostnaður í héraði látinn falla niður 45, 298
Í kærumáli, sem gekk sóknaraðilja í vil, var málskostnaður felldur niður, með því að kröfugerð sóknaraðilja var gölluð, en engar kröfur gerðar af hendi varnaraðilja 23
2. Áfrýjandi vann mál að öllu eða nokkru leyti, og honum dæmdur málskostnaður 25, 70, 156, 183, 282, 321

Í máli til greiðslu skaðabóta, er A höfðaði í héraði á hendur B, var B sýknaður, en þó gert að greiða A málskostnað. B áfrýjaði málinu og krafðist sýknu af málskostnaðarákvæði héraðsdómsins. Í hæstarétti urðu úrslit þau, að málskostnaður í héraði var felldur niður, en A dæmt að greiða B málskostnað fyrir hæstarétti, sem miðaður var við kærumálskostnað, þar sem áfrýjandi átti þess kost að kæra málskostnaðarákvæði héraðsdómsins samkvæmt 186. gr. laga nr. 85/1936 241

Í skuldamáli A á hendur B vann A málið að fullu í héraði og fékk sér dæmdan málskostnað. B áfrýjaði málinu og fékk kröfuna lækkaða til mikilla muna í hæstarétti. Málskostnaður í héraði var látinn falla niður, en B dæmdur málskostnaður fyrir hæstarétti úr hendi A 298

3. Áfrýjandi, sem tapaði máli að öllu eða mestu leyti, dæmdur til að greiða málskostnað 42, 45, 52, 64, 85, 98, 114, 192, 204, 273, 277, 284, 286, 293, 295, 303, 306, 345, 352

Máli vísað frá hæstarétti sökum ófullnægjandi málsútlistunar af hálfu áfrýjanda, og honum dæmt að greiða stefnda málskostnað fyrir hæstarétti 244

4. Gjafsóknarmál og gjafvarnar:

Gjafvarnarhafi tapar máli. Málskostnaður látinn falla niður, en laun málflytjanda hans dæmd úr ríkissjóði 329

Stefndi, sem gjafvörn hafði fyrir hæstarétti, vann málið. Skipuðum málflytjanda hans ákveðin málflutningslaun, og áfrýjanda dæmt að greiða stefnda sömu fjárhæð í málskostnað fyrir hæstarétti 352

5. Ómerkingardómar:

Dómur eða dómsathöfn héraðsdómara ómerkt vegna rangrar málsmeðferðar, og málskostnaður látinn falla niður 75, 166, 301, 347, 365, 372

Með því að málflutningi stefnda fyrir hæstarétti hafði verið mjög áfátt í héraði, og héraðsdómari hafði undan fellt að afla skýrslna aðilja um veigamikil atriði, var hinn áfrýjaði úrskurður ómerktur og stefnda dæmt að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir hæstarétti 349

6. Aðalsök og gagnsök.

Dómi í máli til heimtu skaðabóta vegna bifreiðarslyss var áfrýjað af hendi beggja aðilja. Bæturnar voru lækkaðar lítið eitt í hæstarétti, en bótakrefjanda dæmdur málskostnaður í einu lagi fyrir báðum dómum 200

Aðili, sem dæmt hafði verið að greiða skaðabætur í héraði, áfrýjaði og krafðist sýknu, en stefndi gagnáfrýjaði til hækkunar bótum. Héraðsdómur var staðfestur, og aðaláfrýjanda gert að greiða málskostnað í hæstarétti 211

A áfrýjaði lögtaksúrskurði til ómerkingar, en B gagnáfrýjaði til staðfestingar. Í hæstarétti var úrskurðurinn felldur úr gildi, og B dæmt að greiða A málskostnað 373
Dómi í máli til heimtu bjarglauna var áfrýjað af hendi beggja aðilja. Héraðsdómur var staðfestur, og krefjanda bjarglaunanna dæmdur málskostnaður fyrir hæstarétti 386
7. Kostnaður af endurriti og birtingu dóms ekki falinn í málskostnaðarfjárhæð hans 303

b) Í opinberum málum.

1. Aðili dæmdur sekur:
a. Einn aðili sakfelldur og dæmdur til greiðslu sakarkostnaðar 1, 6, 11, 30, 56, 77, 87, 89, 128, 132, 138, 144, 158, 162, 200, 215, 237, 290, 314, 318, 325, 342, 358, 361
b. Tveir aðiljar eða fleiri sakfelldir og dæmdir in solidum til að greiða sakarkostnað 72, 189, 219, 233
c. Þrír aðiljar sakfelldir. Einn þeirra skal greiða sakarkostnað að ⅓ hlutum, en ⅔ hluta kostnaðarins skulu hinir tveir greiða in solidum 172
d. Tveir aðiljar, A og B, ákærðir. A sýknaður, og kostnaður af gæzluvarðhaldi hans og málsvörn fyrir hæstarétti lagður á ríkissjóð. B var sakfelldur og dæmt að greiða allan annan kostnað sakarinnar 256
2. Aðili sýknaður, og sakarkostnaður lagður á ríkissjóð 93, 117
3. Héraðsdómur í refsimáli og málsmeðferð í héraði ómerkt, og sakarkostnaður allur lagður á ríkissjóð 147, 150, 153
4. Héraðsdómari víttur fyrir að heimta sakarkostnað í héraði af sakfelldum manni, meðan mál hans var í áfrýjun 158

Málsmeðferð. Sbr. opinber mál.

Mál sætti meðferð í héraði, sem mjög var andstæð fyrirmælum laga nr. 85/1936. Sameiginlegur frestur aðiljum, sem þeim ber að hagnýta sér í samvinnu eftir ástæðum, var ekki veittur eftir 110. og 111. gr. nefndra laga, heldur frestir, veittir þeim á víxl. Svo voru og greinargerðir aðilja og bókanir fleiri en vera ber eftir lögunum. Var mál þetta endurupptekið í héraði og vísað frá héraðsdómi vegna greindra galla á meðferð þess. Staðfesti hæstiréttur þá niðurstöðu 5
Fógeti frestaði með úrskurði máli til innsetningar í gangstígsréttindi í því skyni að bíða eftir úrslitum merkjadómsmáls, er áfrýjað hafði verið til hæstaréttar, um gildi umferðarréttindanna. Þessi meðferð talin löglaus, þar sem fógeta bar að kveða upp úrskurð um það, hvort fógetagerðin skyldi fram fara. Var úrskurðurinn ómerktur í hæstarétti 23

Dráttur, sem varð í héraði á rekstri máls, er þrotabú hafði höfðað til riftingar veðsetningu, ekki talinn eiga að varða frávísun málsins frá héraðsdómi 68
Fasteign var seld nauðungarsölu. Kaupandinn krafðist í skiptarétti útlagningar hennar sér til handa. Skiptaráðandi synjaði um útlagningu án þess að kveða upp rökstuddan úrskurð. Þessi dómsathöfn skiptaréttar ómerkt í hæstarétti 75
Máli frestað í hæstarétti í því skyni að gefa aðiljum kost á að afla framhaldsskýrslna 128, 312, 379
Héraðsdómari tók kröfu stefnanda til greina, en gekk fram hjá tiltekinni varnarástæðu stefnda án þess að dæma hana. Var héraðsdómur ómerktur af þessum sökum, og málinu vísað heim í hérað 166
Í máli til heimtu skuldar kvað héraðsdómari upp sérstakan úrskurð um, að tilteknar sýknukröfur stefnda komist eigi að í málinu. Með því að atriði þetta varðar efni sakar og verður ekki gegn mótmælum annars aðilja greint frá öðru efni málsins til sérstakrar úrlausnar, sbr. 5. mgr. 71. gr. laga nr. 85/1936, þá var úrskurðurinn felldur úr gildi ... 282
Í héraði kom stefndi, sem var ólöglærður, sjálfur fyrir dóm. Héraðsdómari leiðbeindi honum ekki um kröfugerð né varnarástæður. Leiddi þetta til ómerkingar héraðsdóms og málsmeðferðar í héraði 301
Það talinn mikill galli á meðferð landamerkjamáls, að málflytjendur höfðu sjálfir aflað sér skriflegra vottorða frá vitnum, áður þau kæmu fyrir dóm, í stað þess að landamerkjadómurinn átti sjálfur að kveðja vitnin á vettvang, taka þar af þeim skýrslur og samprófa þau 329
Í lögtaksmáli til heimtu útsvars bar gerðarþoli það fram, að útsvar hefði verið að ólögum lagt á tilteknar fjárhæðir, er hann hafi lagt í nýbyggingar- og varasjóð. Fógeti lét þetta sakarefni óúrskurðað. Af þeim sökum var lögtaksúrskurður ómerktur og máli vísað heim 347
Í héraði var málflutningi sækjanda mjög áfátt. Átti héraðsdómari þá samkvæmt 114. gr. laga nr. 85/1936 að krefja aðilja fræðslu um málsástæður og málsatvik. Með því að dómari gætti þessa ekki, var úrskurður hans ómerktur og máli vísað heim í hérað 349
Í máli, þar sem krafizt var viðurkenningar á eignarrétti að landauka, er myndazt hafði í fjöru, bar nauðsyn til, að þrætustaðurinn yrði skoðaður. Og þar sem héraðsdómari hafði ekki gætt þess að fara með málið að hætti vettvangsmála, var héraðsdómur og málsmeðferð í héraði ómerkt 365
Fógetaúrskurður ómerktur, sökum þess hversu samningu hans var áfátt 372

Manndráp.

Bifreiðarstjórinn A ók bifreið vestur Suðurlandsbraut síðari hluta dags í des. 1942. Á móti honum kom bifreið með sterkum ljósum, sem blinduðu hann um stund. A ók þó áfram. Skyndilega sá hann mann framundan, sem gekk suður yfir veginn. A hemlaði, en tókst ekki að forða árekstri. Varð maðurinn undir bifreiðinni og lézt samstundis. Bifreiðin stöðvaðist ekki fyrr en 10 m frá slysstað. Hemlar hennar reyndust ekki vera í fullkomnu lagi. A talinn hafa sýnt ógætni og dæmdur m. a. fyrir manndráp af gáleysi samkvæmt 215. gr. laga nr. 19/1940. Refsing dæmd 60 daga varðhald. Auk þess dæmd svipting ökuleyfis 3 ár 6

A ók bifreið suður Kaplaskjólsveg. Gangandi maður kom á móti bifreiðinni sama megin á veginum. Telur A sig þá hafa sveigt til hægri inn á veginn til að komast fram hjá manninum, en maðurinn gengið þá svo skyndilega í veg fyrir bifreiðina, að ekki hafi verið unnt að forða árekstri. Varð maðurinn fyrir bifreiðinni og hlaut áverka, sem leiddu hann til bana. Ekki náðist skýrsla um atvik að slysinu af öðrum en A og unnustu hans, sem með honum var í bifreiðinni. Þótti ekki sannað, að A hafi á saknæman hátt orðið valdur að dauða mannsins. Var hann því sýknaður af ákæru um manndráp af gáleysi 93

Mat og skoðun.

Eftirlitsmaður bifreiða rannsakar hemla bifreiðar, sem valdið hafði slysförum 6

Háskólakennari í réttarlæknisfræði framkvæmir skoðun á líki manns, sem látizt hafði af bifreiðarslysi 6, 93

Sérfræðingur í tauga- og geðsjúkdómum rannsakaði andlegt heilsufar ofdrykkjumanns 11

Dómkvaddir menn meta, hver munur sé á verði þriggja smálesta bifreiðar frá 1935 og tveggja smálesta bifreiðar frá 1932. Var niðurstaða þeirra lögð til grundvallar við ákvörðun afsláttar frá kaupverði bifreiðar 121

Læknir lýsir áverka manns, sem varð fyrir líkamsárás af hendi annars manns 128, 172

Dómkvaddir menn láta uppi álit sitt um þörf manns fyrir aukið húsnæði 156

Tryggingarlæknir metur örorku manns, sem hlotið hafði áverka í bifreiðarslysi 206

Tryggingarlæknir metur örorku manns, sem meiðzt hafði í flugslysi 211

Skoðun fer fram á flaki flugvélar, er hlekkzt hafði á 211

Dómkvaddir menn meta kostnað við að smíða yfirbyggingu bifreiðar 306
A varð fyrir slysi í uppskipunarvinnu á vegum B. Samkvæmt beiðni B voru tveir menn dómkvaddir til að láta uppi álit um öryggi við uppskipun þá, sem um var að tefla. Annar hinna dómkvöddu manna var S, formaður Sjómannafélags Reykjavíkur. Mótmælti B dómkvaðningu hans, þar sem margir sjómenn ynnu við uppskipunarvinnu, og gæti því S ekki talizt óvilhallur. Þessi andmæli ekki talin á rökum reist, enda var A ekki félagi í Sjómannafélagi Reykjavíkur 310
Forstöðumaður Stýrimannaskólans markar á sjóuppdrátt eftir mælingum skipstjórnarmanna á varðskipi stað, þar sem togari var tekinn við fiskveiðar 318, 342
Læknar lýsa áverkum, er maður hlaut í bifreiðarslysi 325
Verkfræðingur framkvæmir mælingar og gerir uppdrátt af þrætusvæði í landamerkjamáli 329
Sérfróður maður lætur uppi álit sitt á sönnunargildi uppdráttar herforingjaráðsins að því er varðar tiltekið landamerkjamál 329

Merkjadómur Reykjavíkur.

Merkjadómur Reykjavíkur dæmir mál um merkjagarðskvöð á húslóð 19
Merkjadómur dæmir um umferðarkvöð á fasteign 114

Múta.

Bifreiðarstjóri, er bauð lögreglumanni mútu, dæmdur sekur við 109. gr. laga nr. 19/1940 132

Nágrannaréttur.

A var leyft að hækka steingarð á merkjum húslóðar hans og húslóðar B, nágranna hans, enda var ekki talið sannað, að fyrirhuguð hækkun garðsins mundi hafa í för með sér veruleg óþægindi fyrir B, svo sem gróðurspjöll í garði hans 19

Nauðasamningar.

Árið 1937 keypti B hlut A í síldarverksmiðju og tók jafnframt að sér að greiða tiltekna skuld A til C. B galt þó ekki skuldina, og varð A að greiða C hana árið 1942. Höfðaði A þá mál á hendur B til greiðslu þeirrar fjárhæðar, er hann hafði orðið að lúka C. B hafði árið 1939 leitað nauðasamninga við lánardrottna sína. Tókust þeir á þá leið, að B skyldi greiða 21% af almennum kröfum. Talið, að nauðasamningarnir hafi náð til kröfu A, enda þótt hann lýsti henni ekki né hún kæmi á annan hátt fram, meðan á samningunum stóð, sbr.

2. mgr. 37. gr. laga nr. 19/1924. Var B samkvæmt þessu dæmt að greiða A 21% kröfu hans, eins og hún var að viðbættum vöxtum við upphaf nauðasamninganna 25

Ómaksbætur.

Áfrýjandi kom ekki fyrir dóm, og voru stefnda dæmdar ómaksbætur samkvæmt kröfu hans 391

Ómerking.

a) Einkamál.

Mál, sem um frestveitingar og greinargerðir sætti meðferð í héraði, sem mjög var andstæð ákvæðum laga nr. 85/1936, ómerkt, og því vísað frá héraðsdómi 5

Úrskurður fógeta um frestveitingu í innsetningarmáli ómerktur og málinu vísað heim í hérað til uppsögu úrskurðar um, hvort fógetagerðin skuli fram fara 23

A krafðist þess í skiptarétti, að honum væri lögð út fasteign sem ófullnægðum veðhafa. Skiptaráðandi krafði hann ekki rökstuðnings á kröfunni, en synjaði um að verða við henni án þess að kveða upp rökstuddan úrskurð. Með því að meðferð þessi braut í bág við ákvæði 114. sbr. 223. gr. laga nr. 85/1936 svo og 190. og 193. gr. sömu laga, þá var áfrýjuð dómsathöfn ómerkt og málinu vísað heim til löglegrar meðferðar og uppsögu úrskurðar 75

Í máli til innheimtu skuldar, þar sem krafa stefnanda var tekin til greina í héraði, gekk héraðsdómari fram hjá tiltekinni varnarástæðu, er stefndi hafði borið fram, án þess að dæma hana. Þessi meðferð, sem braut í bág við ákvæði 193. gr. laga nr. 85/1936, olli ómerkingu héraðsdóms í hæstarétti 166

Í héraði kom stefndi, sem var ólöglærður, sjálfur fyrir dóm og naut þar ekki aðstoðar lögfróðs málflytjanda. Héraðsdómari vanrækti að leiðbeina stefnda um kröfugerð og varnarástæður. Var héraðsdómur ómerktur af þessum sökum, og málinu vísað heim í hérað 301

Í lögtaksmáli til heimtu útsvars lét fógeti óúrskurðað um varnarástæðu gerðarþola. Úrskurður hans um, að lögtak skuli fram fara, þess vegna ómerktur í hæstarétti, og málinu vísað heim til löglegrar meðferðar 349

Mál var höfðað í héraði til viðurkenningar á eignarrétti að landauka, sem myndazt hafði í fjörumáli. Enda þótt nauðsyn bæri til að skoða þrætustaðinn, gætti héraðsdómari þess ekki að fara með málið sem vettvangsmál samkvæmt 3. kafla laga nr. 41/1919. Hæstiréttur ómerkti héraðsdóm og vísaði málinu heim til löglegrar meðferðar 365

Í lögtaksúrskurði fógeta greindi hvorki aðilja máls né kröfur,

og greinargerð skorti að mestu um málsatvik. Þessi meðferð var brot á ákvæðum 190. og 193. gr. laga nr. 85/1936. Var úrskurðurinn ómerktur, og málinu vísað heim í hérað 372

b) Opinber mál.

Héraðsdómara var falið með umboðsskrá að rannsaka kærur, er fram höfðu komið um botnvörpuveiðar 10 vélbáta í landhelgi í nánd við Vestmannaeyjar. Dómarinn rannsakaði sakargiftir þessar sameiginlega og ósundurgreint, enda þótt sú aðferð ætti ekki við. Lögð voru fram skjöl, er sakborning vörðuðu, án þess að honum væri gefinn kostur á að kynna sér þau. Aldrei var kærða tilkynnt málshöfðun né honum greind kæruatriði. Vegna þessara galla og annarra fleiri á málsmeðferð, var héraðsdómur og meðferð máls í héraði ómerkt og málinu vísað heim í hérað 147, 150, 153

Opinber mál. Sbr. lögreglumenn.

Maður beið bana í bifreiðarslysi 17. des. 1942. Framkvæmdu lögreglumenn þá þegar bráðabirgðarannsókn, en réttarrannsókn málsins hófst ekki fyrr en 8. febr. 1943. Var dráttur þessi átalinn, þar sem málið var svo alvarlegs eðlis 6

Fundið að ófullkominni rannsókn sakamáls svo og því, að ekki var gefin út stefna í málinu 56

Rannsókn máls var áfátt að því leyti, að ekki var aflað skýrslu tiltekins vitnis um málsatvik 87, 93, 290

Í máli út af bifreiðarslysi leið hálfur sjötti mánuður frá því að prófum lauk og þar til dómari tilkynnti ákærðum málshöfðun. Dómsgerðir voru ekki sendar dómsmálaráðuneytinu fyrr en sex mánuðum eftir uppsögu héraðsdóms. Stefna var ekki gefin út í málinu. Voru þessi mistök héraðsdómara vítt 89

Héraðsdómara var falið með umboðsskrá að rannsaka kærur, er fram höfðu komið um botnvörpveiðar 10 vélbáta í landhelgi, svo og að fara með og dæma mál gegn þeim, er saksóttir kynnu að verða. Dómarinn rannsakaði sakargiftir þessar sameiginlega og ósundurgreint, enda þótt sú aðferð ætti ekki við. Rannsókn á máli eins bátsformannsins, A, var og talið áfátt um ýmis fleiri atriði. Þrátt fyrir neitun hans um sök, var ekki tekin skýrsla af neinum bátverja hans, og enginn samprófun kærða og vitna hafði farið fram. Ekki var rannsakað, hvers konar veiðarfæri A hafði í báti sínum í umrætt skipti, og ekki var staður sá, þar sem hann var talinn hafa verið að botnvörpuveiðum, markaður á uppdrátt. Skjöl voru lögð fram í málinu, sem A vörðuðu, en honum var ekki gefinn kostur á að kynna sér. A var ekki viðstaddur á dómþingi, er málið var tekið til dóms, og aldrei var honum

tilkynnt málshöfðun né greind kæruatriði. Ekki var hann um það spurður, hvort hann æskti að fá verjanda í málinu, enda kom engin vörn fram frá hans hendi. Vegna þessara megingalla á rannsókn máls og meðferð var héraðsdómur og málsmeðferð í héraði ómerkt og málinu vísað heim í hérað 147, 150, 153

Bifreiðarstjóri ók bifreið ölvaður og olli spjöllum á rafleiðslukerfi. Honum var dæmd refsing fyrir brot á lögum nr. 33 1935 og nr. 23/1941. Það talið athugavert við rannsókn málsins, að dómari hafði ekki rannsakað, hvort kærði hefði gerzt sekur við 176. gr. laga nr. 19/1940. Eftir uppsögu héraðsdóms urðu þau mistök, að veitt var á skrifstofu héraðsdómara viðtaka fésekt þeirri, er kærða var gerð í héraðsdómi, án þess að fyrir hendi væri skipun dómsmálaráðherra um framkvæmd héraðsdóms. Loks hafði héraðsdómari, samtímis því sem hann birti kærða áfrýjunarstefnu dómsmálaráðherra, heimt af honum málskostnað samkvæmt héraðsdómi. Voru mistök þessi vítt 158

Rannsókn sakamáls ekki talin nægilega ýtarleg um ýmis atriði. Svo var og víttur óhæfilegur dráttur málsins í héraði 256

Lagt fyrir héraðsdómara að halda framhaldsrannsókn í opinberu máli 355

Opinberir starfsmenn. Sjá lögreglumenn, stjórnsýslumenn.

Refsingar.

1. Um refsingar og einstök refsiverð verk.

Hlutafélag ráðstafaði húsnæði í bága við ákvæði húsaleigulaga. Stjórnarformaður félagsins sóttur til sakar og honum dæmd refsing vegna ráðstöfunar þessarar 1

Ofdrykkjumanni dæmd refsing fyrir ölvun á almannafæri og brot gegn valdstjórn, framið í ölæði. Ákveðið í dómi, að hann skuli, að refsingu afstaðinni, vistaður á drykkjumannahæli til lækningar í allt að 18 mánuði, sbr. 65. gr. laga nr. 19/1940 11

Kaupfélagsstjóri var kærður fyrir of háa verðlagningu á vöru í janúar 1943. Verðlagningin ekki talin geta samrýmzt ákvæðum auglýsingar nr. 100/1942. Hins vegar var verð vörunnar í samræmi við ákvarðanir, er verðlagsyfirvöld höfðu tekið um verðlagningu vöru, eftir að nefnd auglýsing kom í gildi. Samkvæmt því þótti refsing eiga að falla niður samkvæmt 3. tölulið og síðustu mgr. 74. gr. laga nr. 19/1940 30

Kaupfélagsstjóri, er selt hafði kol í janúar 1943 hærra verði en samrýmzt gat ákvæðum auglýsingar nr. 100/1942, en þó

undir innkaupsverði, tók af sjálfsdáðum þá ákvörðun að lækka kolaverðið niður í leyfilegt verð og endurgreiða mismuninn þeim, er kol höfðu keypt hærra verðinu. Í refsimáli, er síðar var höfðað gegn kaupfélagsstjóranum fyrir verðlagsbrot, var refsing fyrir nefnda kolasölu látin falla niður samkvæmt 8. tölulið og síðustu mgr. 74. gr. laga nr. 19/1940 30

Fjórir deildarstjórar kaupfélags voru sóttir til sakar vegna vanrækslu á því að ganga eftir skilum vöruskömmtunarseðla af kaupendum heimsendrar vöru. Ekki var sannað, að kærðu hafi á saknæman hátt valdið vanskilunum. Þeir réðu ekki, hverjir hjá þeim störfuðu, og ekki var hnekkt þeirri staðhæfingu þeirra, að þeir hafi eftir fremsta megni reynt að hafa eftirlit með því, að starfsfólk í búðum þeirra gengi eftir skilum skömmtunarseðla. Voru kærðu sýknaðir af kærum máls þessa 117

Lögreglumönnum, er framkvæmt höfðu húsleit og handtöku að ólögum, dæmd refsing samkvæmt 132. gr. laga nr. 19/1940. Með því að nefnd grein tók yfir alla sök þeirra vegna húsleitarinnar, var þeim ekki dæmd refsing jafnframt samkvæmt 231. gr. sömu laga, enda þótt húseigandinn krefðist þess 172

Verzlun seldi vörur úr landi andstætt fyrirmælum reglugerðar nr. 168/1939. G, sem var sameigandi og fyrirsvarsmaður verzlunarinnar, var sóttur til sakar. Hann var talinn eiga að vera ábyrgur fyrir sekt, sem til var unnið í verzlunarrekstrinum með greindri sölu. Hins vegar þótti ekki eiga að dæma hann til refsivistar til vara, ef sektin greiddist ekki, þar sem ekki var upp komið, að brotið hafi verið drýgt með vitund hans eða vilja eða vegna saknæms skorts á aðgæzlu af hans hendi 200

G, sem var starfsmaður Reykjavíkurbæjar, dró sér vöruskömmtunarseðla, er hann hafði undir höndum, og seldi A þá. Með þessu var hann talinn hafa gerzt sekur við 128. gr. laga nr. 19/1940. Í öðru lagi brauzt hann inn í læstan skáp og tók þaðan vöruskömmtunarseðla og seldi A. Þetta brot varðaði við 244. gr. sömu laga. Þá var og afhending hans til A á seðlunum, til notkunar með öðrum hætti en til var ætlazt, talin varða við 157. gr. sbr. 22. gr. nefndra laga 219

F, prentari, bjó til falsaða vöruskömmtunarseðla og seldi A. Hann var dæmdur sekur við 155. gr. laga nr. 19/1940 219

A fékk G, starfsmann Reykjavíkurbæjar, til að draga sér vöruskömmtunarseðla, er A keypti síðan af honum. Hann fékk og L, annan starfsmann Reykjavíkurbæjar, til að útvega sér án endurgjalds skömmtunarseðla, er L hafði dregið sér.

Seðla þessa seldi A iðnrekanda nokkrum. Loks fékk A prentara, F, til að prenta falsaða vöruskömmtunarseðla, er A seldi sama iðnrekanda. Þátttaka A í broti G var heimfærð undir 128. gr. sbr. 22. gr. laga nr. 19/1940. Þátttaka hans í broti L var talin varða við 139. gr. sbr. 22. gr sömu laga. Hlutdeild A í broti F heimfærð undir 155. gr. sbr. 22. gr. sömu laga. Loks var A talinn hafa gerzt sekur við 157. gr., sbr. 22. gr. nefndra laga með útvegun ófalsaðra skömmtunarseðla handa nefndum iðnrekanda 219

A kveikti í húsi B, meðan almenn hegningarlög frá 25. júní 1869 voru enn í gildi. Eldurinn varð slökktur, áður en mikil eignaspell urðu. Enginn bjó í húsinu, það stóð afskekkt frá öðrum húsum, og vindstaðan, þegar í var kveikt, gerði ekki útbreiðslu elds líklega. A var sýknaður af ákæru fyrir brot á ákvæðum 18. kafla laga nr. 19/1940, en brot hans talið varða við 2. mgr. 257. gr. sbr. 20. gr. sömu laga 256

Refsing ákveðin með hliðsjón af 3. tölulið 74. gr. laga nr. 19/1940 358

2. Einstakar refsitegundir og önnur viðurlög.

a. Sekt dæmd og varðhald sem vararefsing 1, 30, 138, 162, 172, 189, 215, 314, 318, 342, 358
b. Sekt dæmd án vararefsingar 200
c. Varðhald dæmt 6, 56, 72, 77, 87, 89, 158, 233, 237, 290, 325, 361
d. Fangelsi dæmt 11, 128, 132, 144, 172, 219, 233, 256
e. Upptaka eignar dæmd 138, 314, 318, 342
f. Svipting réttinda samkvæmt 3. mgr. 68. gr. laga nr. 19/1940 132, 144, 219
g. Svipting ökuleyfis samkvæmt 39. gr. laga nr. 23/1941 6, 56, 77, 87, 89, 132, 158, 233, 237, 290, 325, 361
h. Maður dæmdur til vistar á drykkjumannahæli, að refsingu afstaðinni 11
i. Skilorðsbundinn refsidómur 256

Reklamation. Sjá aðgerðaleysisverkanir, viðskiptatilkynningar.

Res judicata. Sjá dómar.

Saknæmi.

A ók bifreið allhratt á þjóðvegi og stöðvaði hana ekki, þó að hann blindaðist um stund af sterkum ljósum bifreiðar, er á móti honum kom. Varð þá fótgangandi maður fyrir bifreið hans og beið hann þegar bana. Hemlar bifreiðarinnar voru ekki í lagi. A talinn eiga sök á slysinu með gálausum akstri 6

Sérfræðingur í geðsjúkdómum rannsakar ofdrykkjumann, sem brot hafði framið í ölæði, og telur hann hvorki geðveikan né fávita 11
Bifreiðarstjórinn A ók vörubifreið á þjóðvegi í náttmyrkri og þoku. Hann ók með fullum ljósum, og sá þó ekki nema um billengd fram undan sér. Í bifreið hans voru 12 farþegar, þar af 9 á vörupalli. Hann kvaðst hafa ekið með 45 km hraða á klst., er hann kom, fyrr en hann varði, að beygju á veginum. Ók hann þar út af veginum, bílnum hvolfdi, og margir farþeganna slösuðust. A talinn eiga sök á slysinu með of hröðum og gálausum akstri 89
A ók bifreið á vegfaranda og olli dauða hans. Aðeins A og unnusta hans, sem með honum var í bifreiðinni, voru til frásagnar um atvik að slysinu. Þau kváðu manninn hafa gengið skyndilega í veg fyrir bifreiðina, og hafi ekki verið unnt að forða árekstri. Ekki þótti nægilega sannað, að A hafi á saknæman hátt valdið slysinu 93
Deildarstjórar kaupfélags sóttir til sakar vegna vanrækslu á því að ganga eftir skilum skömmtunarseðla. Ekki talið sannað, að þeir hafi valdið vanskilunum af ásetningi né gáleysi, né heldur, að þeir hafi vanrækt eftirlit með því, að starfsfólk í búðum þeirra gengi eftir skilum seðlanna 117
Maður, er féll á sleipu gólfi Sundhallar Reykjavíkur og handleggsbrotnaði, sótti mál á hendur bæjarsjóði til greiðslu fébóta. Í málinu var ekkert talið upp komið um það, að skort hafi á umsjón eða varúðarráðstafanir af hálfu starfsfólks sundhallarinnar 125
Seljandi olíu, sem skýrði rangt frá um gæði hennar og gerði merki hennar þannig úr garði, að menn gátu villzt á þeim og merkjum alþekkts olíuframleiðanda, ekki talinn geta borið fyrir sig drátt af hálfu kaupanda á kvörtun undan göllunum, sbr. 53. gr. laga nr. 39/1922 183
Verzlun seldi vörur til útlanda andstætt fyrirmælum reglugerðar nr. 168/1939. A, sem var sameigandi og umráðamaður verzlunarinnar, talinn ábyrgur fyrir sekt, sem til var unnið í verzlunarrekstrinum með sölu þessari. Hins vegar þótti ekki eiga að dæma honum refsivist til vara, ef sektin greiddist ekki, þar sem ekki var upp komið, að brotið hafi verið drýgt með vitund hans eða vilja eða vegna saknæms skorts á aðgæzlu af hans hendi 200
Bifreiðarstjóri blindaðist af skærum ljósum annarrar bifreiðar, er á móti honum kom. Þrátt fyrir það ók hann áfram og á mann, sem stóð yzt á vegarbrún. Bifreiðarstjórinn talinn eiga sök á slysinu með gálausum akstri 206
Flugvél, sem var að hefja sig til flugs, féll til jarðar og varð

af mikið tjón á mönnum og eignum. Við skoðun á flakinu kom í ljós, að flugmaðurinn muni hafa gleymt að opna benzínleiðslur til vélarinnar. Og þar sem mistökum hans var um slysið að kenna, var eigandi flugvélarinnar talinn ábyrgur fyrir bótagreiðslu vegna slyssins 211

Drengur meiddist í strætisvagni. Eigandi vagnsins talinn bótaskyldur samkvæmt 34. gr. laga nr. 23/1941, enda þótt sök bifreiðarstjórans væri ekki sönnuð 273

A bifreiðarstjóri ók suður Hofsvallagötu í Reykjavík. Þegar hann fór yfir Sólvallagötu, rakst bifreið hans á aðra bifreið, sem ók vestur Sólvallagötu. A ekki talinn hafa sýnt nægilega varkárni, enda hafði hann biðskyldu við gatnamótin. Var hann talinn eiga einn sök á slysinu 325

Samningar.

A og B, eigendur samliggjandi húsalóða, sömdu svo með sér árið 1927, að A reisti steingarð, a. m. k. 2½ álnar háan, á lóðamörkum. A skyldi einn bera kostnað af gerð garðsins, en hins vegar skyldi garðurinn standa að öllu leyti á lóð B og A fá til eignar lóðarræmu nokkra í staðinn fyrir afnot B af garðinum. Garðurinn var fullgerður um áramót 1927—1928. Árið 1940 fyrirhugaði A hækkun garðsins, en B vildi meina honum hækkunina. Talið, að með samningnum frá 1927 hafi A ekki aðeins tekið á sig skyldu til að gera garðinn, heldur og öðlazt rétt til að gera hann og hafa hann á lóð B. Og þar sem A hafði í öndverðu rétt til að hafa garðinn hærri en 2½ alin, og sá réttur var ekki brott fallinn, var honum talin hækkunin heimil, enda ekki sannað, að hækkunin mundi valda B verulegum óþægindum 19

H/f A taldi B hafa fyrir hönd félagsins T selt sér tiltekna vöru. Sendi A tvö símskeyti til T, þar sem hann skírskotaði til kaupa þessara, en T svaraði ekki símskeytunum. A höfðaði mál á hendur T og krafðist aðallega afhendingar á vörunni, en til vara skaðabóta vegna samningsrofa. Í máli þessu tókst A hvorki að sanna, að samningur hafi komizt á með honum og B um kaupin, né að B hafi verið bær til að binda T til slíkrar sölu. Samkvæmt þessu var ekki talinn hafa skapazt sá samningsgrundvöllur með aðiljum, að A ynni nokkurn rétt á hendur T, þó að T léti ósvarað fyrrnefndum símskeytum. Var T sýknað af kröfum A í málinu 45

Skriflegur samningur, undirritaður af aðiljum, talinn bindandi fyrir þá, enda þótt frágangur hans, svo sem blýantsritaðar breytingar og innskot og að ekki var gengið til fulls frá einni grein hans, gerði það líklegt, að aðiljar hafi ætlað sér að hreinrita samninginn síðar og undirrita hann á ný . 52

Vanefnd leigutaka húsnæðis á leigusamningi ekki talin svo veruleg, að útburði eigi að varða 79
Seljandi bifreiðar verður að þola afslátt frá kaupverði, með því að gæði bifreiðarinnar voru önnur og minni en ráð var fyrir gert við samningsgerð 121
Kaupandi vöru riftar kaupsamningi og fær dæmdar skaðabætur vegna galla á vörunni 183
A hafði með samningi fengið heimild til afnota af bryggju B, og var A heimilt að framselja réttindi þessi. Þrátt fyrir framsalsheimild samningsins var A talið óheimilt að setja annan aðilja sér við hlið til neyzlu réttindanna, með því að slík ráðstöfun gæti bakað B óþægindi, sem hann þurfti ekki að gera ráð fyrir 321
Uppsögn á skiprúmssamningi háseta í íslenzkri höfn með eins dags fyrirvara metin gild, sbr. 13. gr. laga nr. 41/1930 369

Samvinnufélög.

G gerði kröfu til þess í dómsmáli, að kaupfélagið K yrði skyldað til að veita honum viðtöku sem félagsmanni. K krafðist frávísunar málsins frá héraðsdómi, aðallega vegna þess, að sakarefni þetta lúti ekki úrlausn dómstóla, en til vara vegna þess, að umsókn G til inngöngu í félagið hafi ekki verið borin undir félagsfund. Hvorug ástæðan talin hafa við rök að styðjast, og var frávísunarkröfunni hrundið .. 204

Sáttir.

Maður, sem skipaður hafði verið í sáttanefnd samkvæmt 22. gr. laga nr. 80/1938, ekki talinn skyldur til að svara sem vitni spurningum um atvik, sem gerzt höfðu á sáttafundi 345

Sératkvæði.

Einn dómenda merkjadóms Reykjavíkur gerir sératkvæði 19
Einn dómenda hæstaréttar greiðir ágreiningsatkvæði í meiðyrðamáli 296

Siglingar. Sjá björgun, fiskveiðabrot, sjóveðréttur, vinnusamningar.

Sjó- og verzlunardómur.

Mál til refsingar fyrir brot á ákvæðum laga nr. 84/1933 um varnir gegn óréttmætum verzlunarháttum 358
Skipverji sækir útgerð skips um bætur vegna ólögmætrar uppsagnar á skiprúmssamningi 369
Mál til heimtu bjarglauna 386

Sjóveð.

Sjóveð dæmt til tryggingar bjarglaunum 386

Skaðabætur.

a) Vegna vanefnda á samningum o. fl.

A krafðist skaðabóta úr hendi félagsins T vegna rofa þess á sölusamningi. Gegn andmælum T tókst A ekki að sanna, að sölusamningur hafi verið gerður, og var skaðabótakröfunni því hrundið 45

Veitingamaðurinn A dæmdur til að greiða hljóðfæraleikaranum B bætur vegna uppsagnar A á ráðningarsamningi með of skömmum fyrirvara 52

Lögreglumanni í Reykjavík var vikið fyrirvaralaust úr starfi sínu. Hann sótti bæjarsjóð og ríkissjóð til greiðslu bóta in solidum vegna brottvikningarinnar. Í málinu voru sönnuð ýmis atvik, sem sýndu, að sækjandi hafi ekki verið fallinn til lögreglustarfa. Var krafa hans því ekki tekin til greina 105

Baðgestur í Sundhöll Reykjavíkur féll þar á hálu gólfi og handleggsbrotnaði. Hann krafðist bóta úr bæjarsjóði Reykjavíkur vegna meiðslanna. Bæjarsjóður sýknaður, með því að ekki var sannað, að gerð gólfsins væri ábótavant né að skort hafi á umsjón eða varúðarráðstafanir af hendi starfsfólks í sundhöllinni 125

Kaupandi vöru fékk kaupsamningnum rift vegna galla á afhentri vöru. Svo fékk hann og dæmdar bætur úr hendi seljanda vegna tjóns, er samningsgerðin hafði bakað honum 183

A, er krafðist afsals fyrir tiltekinni íbúð í húsum byggingarfélags, gerði og kröfu um skaðabætur vegna dráttar á afhendingu íbúðarinnar. Með því að A fullnægði hvorki skilyrðum samþykkta félagsins né landslaga til þess að fá íbúðina, þá var kröfum hans hrundið 249

Háseti krefst bóta úr hendi útgerðarmanns vegna uppsagnar á skiprúmssamningi með of skömmum fyrirvara. Uppsögnin talin í samræmi við 13. gr. laga nr. 41/1930, og bótakröfunni hrundið 369

b) Skaðabætur utan samninga.

Bifreiðarstjóri ók bifreið á rafmagnsstaur og olli spjöllum á rafleiðslum. Í opinberu máli á hendur bifreiðarstjóranum út af broti þessu, var honum dæmt að greiða skaðabætur .. 158

Bifreið A rakst á B, sem stóð kyrr yzt á vegarbrún. B hlaut mikinn áverka, og var örorka hans vegna meiðslanna metin 33⅓%. A talinn eiga einn sök á slysinu og honum dæmt að greiða B skaðabætur, þar á meðal vegna atvinnumissis, örorku og þjáninga 206

Flugvél, er annaðist farþegaflutninga, féll til jarðar, og var mistökum flugmanns um slysið að kenna. A, sem var farþegi og hlaut mikil meiðsl, sótti eiganda flugvélarinnar til greiðslu fébóta. Eigandinn talinn bera bótaábyrgð á þessum mistökum flugmannsins, sem var starfsmaður hans. Var honum dæmt að greiða A skaðabætur, þar á meðal vegna örorku, sem metin var 40% 211

A, 13 ára drengur, var farþegi í strætisvagni. Hann hrasaði í vagninum, og varð hægri hönd hans milli stafs og hurðar, er hurðinni var lokað. A hélt því fram, að vagninn hafi runnið af stað, áður en hurðinni var læst, og hafi það verið orsök slyssins. Studdist þetta við framburð eins vitnis. Að svo vöxnu máli þótti eigandi strætisvagnsins eiga að bera fébótaábyrgð á slysinu samkvæmt 34. gr. laga nr. 23/1941, enda þótt ekki væri sönnuð sök bifreiðarstjórans 273

Skattar og gjöld.

a) Til bæjar- og sveitarfélaga.

H/f D var skrásett í Djúpavík í Strandasýslu. Þar hafði það rekið síldarverksmiðju frá því árið 1935, og þar var verksmiðjustjóri félagsins búsettur. Af þremur stjórnarmönnum félagsins var einn búsettur í Hafnarfirði, en hinir tveir í Reykjavík, og var annar þeirra aðalfyrirsvarsmaður félagsins. D hafði ásamt öðru félagi tvö herbergi á leigu í Reykjavík. Þar voru skráðar viðskiptamannabækur varðandi togara félagsins og gengið frá heildarreikningum þess. Svo var og sölu á afurðum félagsins stjórnað frá Reykjavík. Með því að yfirstjórn D og fyrirsvar samkvæmt þessu var í Reykjavík, þótti bera að telja raunverulegt heimilisfang þess þar. Var því heimiluð framkvæmd lögtaks til heimtu útsvars, er lagt hafði verið á D í Reykjavík 42

H/f S neitaði að greiða hluta af útsvari sínu, álögðu í Neskaupstað árið 1943, og barði því við, að útsvar hafi ólöglega verið lagt á fjárhæð, er félagið hafi lögum samkvæmt lagt í nýbyggingarsjóð og varasjóð. Með því að það atriði, hvort leggja megi útsvar á tilteknar tekjur eða tiltekna eign, sætir úrlausn dómstóla, en fógeti lét óúrskurðað, hvort útsvar hafi réttilega verið lagt á þær tekjur S, er í sjóðina runnu, þá var úrskurður fógeta um framkvæmd lögtaksins ómerktur 347

Bæjarfélag, er rak búskap á jörð í E-hreppi, neitaði að greiða útsvar, er á það var lagt þar í hreppnum. Með því að búrekstur manna á jörð utan sveitar sinnar er almennt útsvarsskyldur að lögum, sbr. lög nr. 106/1936, 8. gr. b., og eigi er heimild til að telja bæjarfélög eða sveitar, er bú

reka í öðru sveitarfélagi, undan þeirri skyldu, þá var útsvarið talið löglega á lagt 352
Úrskurður fógeta í útsvarsmáli ómerktur sökum galla á samningu hans 372
Bæjarfélag lagði útsvar á félagsskap, er hafði þann einn tilgang að koma afurðum félagsmanna í verð, en eigi að safna eign framar en nauðsynlegt er til framkvæmdar þeirra athafna, sem að markmiði félagsins eiga að leiða. Voru tekjur félagsins af þessum skiptum við félagsmenn ekki taldar gjaldstofn til álagningar útsvars. Að vísu hafði félagsskapurinn einnig haft tekjur af skiptum við utanfélagsmenn. En með því að útsvarið var lagt ósundurgreint á tekjur af skiptum við félagsmenn og utanfélagsmenn, var það ólöglega á lagt. Af þessum sökum var synjað um framkvæmd lögtaks fyrir útsvarinu 373

b) Skattar til ríkissjóðs o. fl.

Árið 1943 var A gert að greiða í Reykjavík tekjuskatt, lífeyrissjóðsgjald og kirkjugarðsgjald. A hafði lengi verið skipstjóri á skipum Eimskipafélags Íslands, en átt heimili í Kaupmannahöfn frá því á árinu 1914, og dvaldist kona hans þar. A lét af skipstjórn í desember 1940, og kvaðst hann mundu þá hafa farið til Danmerkur, ef honum hefði ekki verið varnað þess af styrjaldarástæðum. Lýsti hann því, að hann mundi hverfa þangað til heimilis síns, er færi gæfist. Var hann því ekki, í máli til heimtu skattanna, talinn heimilisfastur hér á landi. Þar sem lífeyrissjóðsgjald og kirkjugarðsgjald eru bundin við heimilisfestu gjaldanda hér á landi, var lögtak á hendur A fyrir þessum gjöldum ekki leyft. Hins vegar var A talið bera að greiða tekjuskattinn, sem reiknaður var af eftirlaunagreiðslum frá Eimskipafélagi Íslands og launum A fyrir starf, er hann vann hér á landi árið 1942 102
A krafðist þess, að við ákvörðun eignarskatts hans yrðu dregin frá eign hans í árslok þau opinber gjöld, sem væntanlega yrðu lögð á hann á næsta ári. Kröfunni hrundið, með því að engin heimild væri til slíks frádráttar 293

Skilorðsbundnir dómar.

Í héraði var refsing A fyrir brot á ákvæðum 218. gr. laga nr. 19/1940 gerð skilorðsbundin samkvæmt 6. kafla sömu laga. Hæstiréttur dæmdi óskilorðsbundna refsingu í því máli .. 128
Maður, er sekur hafði gerzt við 2. mgr. 257. gr. sbr. 20. gr. laga nr. 19/1940, dæmdur skilorðsbundnum refsidómi 256

Skip. Sjá björgun, fiskveiðabrot.

Skipti. Sbr. gjaldþrotaskipti.

Fyrir skiptarétti andmælti A kröfu B í þrotabú, og gekk úrskurður um deiluna. B skaut úrskurðinum til hæstaréttar og stefndi skiptaráðanda einum. Þar sem hann stefndi ekki B einnig fyrir hæstarétt, sbr. 1. gr. laga nr. 19/1895, var málinu vísað ex officio frá hæstarétti 379

Skjalafals.

F prentari bjó til að beiðni A eftirlíkingu af vöruskömmtunarseðlum, en A afhenti B þá. Báðum var þeim F og A ljóst, að seðlarnir mundu verða notaðir ranglega sem heimildarskjöl til vörukaupa. Brot F var talið varða við 155. gr. laga nr. 19/1940. A dæmd refsing samkvæmt sömu gr. sbr. 22. gr. sömu laga 219

Þrír menn öfluðu sér með röngum hætti vöruskömmtunarseðla, er ríkið hafði látið prenta. Þeir afhentu öðrum seðlana, enda þótt þeim væri ljóst, að seðlarnir mundu verða notaðir ranglega sem heimildarskjöl til vörukaupa. Var þeim öllum dæmd refsing samkvæmt 157. gr. sbr. 22. gr. laga nr. 19/1940 219

Skjöl. Sbr. skjalafals.

Í máli til heimtu andvirðis seldrar bifreiðar kom það fram, að skoðunarvottorð bifreiðarinnar hafði verið falsað, áður en kaup gerðust, þannig að bifreiðin var talin yngri og hafa meira burðarmagn en rétt var. Sökum þessa var kaupanda ákveðinn með dómi afsláttur frá umsömdu kaupverði 121

Í máli til útburðar úr leiguhúsnæði lagði húseigandinn, A, fram sitt eintak af leigusamningnum, og greindi það, að leiga ætti að greiðast fyrir fram mánaðarlega. Leigutakinn, B, kvað ákvæði þetta falsað og studdi þá staðhæfingu við endurrit af samningnum, sem hann lagði fram. C, sem áður hafði átt húsið og gert hafði í öndverðu leigusamninginn við B, bar það fyrir dómi, að ákvæðið um fyrirframgreiðslu hefði verið í samningnum frá upphafi. Sama bar og sonur C. B andmælti því, að C og syni hans yrði leyft að staðfesta vætti sitt. Endurrit B af samningnum var að ýmsu leyti ónákvæmt, en samningseintak A hvorki að efni né útliti grunsamlegt. Þrátt fyrir áskorun A hafði B hvorki lagt fram sitt eintak af leigusamningnum né húsaleigukvittanir, en taldi sig hafa glatað skjölum þessum. Samkvæmt framansögðu þóttu vera komnar fram sterkar líkur gegn fullyrðingum B um fölsun skjalsins. Var því greindum vitnum heimilað að staðfesta framburð sinn 286

Skuldamál. Sbr. kaup og sala, skaðabætur.

A seldi B hlut í síldarverkunarstöð árið 1937. Tók B þá að sér gagnvart A að greiða tiltekna skuld hans til C. Af greiðslu varð þó ekki, og virðist A hafa orðið að greiða kröfuna árið 1942. Höfðaði A þá mál á hendur B til þess að fá greidda úr hendi hans þá fjárhæð, er A hafði orðið að lúka C. B hafði árið 1939 leitað nauðasamninga við lánardrottna sína, og tókust þeir á þá leið, að B greiddi þeim 21% af almennum kröfum. Nauðasamningarnir taldir ná til kröfu A, enda þótt henni væri ekki lýst eða hún kæmi á annan hátt fram, meðan á samningum stóð, sbr. 2. mgr. 37. gr. laga nr. 19/1924. Lauk málinu þannig, að B var dæmt að greiða A 21% af kröfu hans, eins og hún var við upphaf nauðasamninganna 25

Hjónin A og B, sem voru brytar Stúdentagarðsins í Reykjavík, höfðu innt af höndum ýmis aukastörf fyrir stúdenta veturinn 1939—1940. Sem gagngjald aukastarfa þessara áttu þau að hafa afnot Stúdentagarðsins til rekstrar gistihúss og veitingastarfsemi sumarið 1940. Brezka herstjórnin tók Stúdentagarðinn til sinna þarfa frá 1. júní 1940, og urðu hjónin þá að hverfa þaðan. Íslenzk-brezk nefnd ákvað leigugjald úr hendi herstjórnarinnar til handa eigendum Stúdentagarðsins. Jafnframt lýsti nefndin því, að eigendum garðsins bæri að endurgreiða hjónunum húsaleigu þá, er þau þegar hafa greitt, en að öðru leyti muni verða sérstaklega samið við hjónin um meintar skaðabætur til þeirra. Hjónin höfðuðu mál gegn stjórn Stúdentagarðsins og kröfðust allrar þeirrar leigu, er herstjórnin galt fyrir garðinn sumarið 1940. Eftir málavöxtum þótti Garðstjórnin einungis eiga að standa hjónunum skil á fé, er svaraði til gagngjalds þeirra starfa, sem þau höfðu innt af hendi fyrir afnot garðsins sumarið 1940 59

A höfðaði mál á hendur B til greiðslu verzlunarskuldar. B krafðist þess, að honum yrði aðeins dæmt að greiða 15% kröfufjárhæðarinnar, með því að hæstaréttarlögmaður sá, er kröfuna hafði til innheimtu, hafi samþykkt utan dómþings að gefa upp 85% af henni. Hæstaréttarlögmaðurinn hafði ekki sérstaka heimild A til uppgjafarinnar, og ekki var talið, að af ákvæðum 4. gr. laga nr. 61/1942 né öðrum réttarreglum leiddi heimild til slíkrar uppgjafar. Var B því dæmt að greiða kröfufjárhæðina að fullu 64

Seljandi bifreiðar höfðaði mál á hendur kaupanda til heimtu eftirstöðva söluverðsins. Kaupanda var dæmdur afsláttur frá umsömdu kaupverði vegna galla á bifreiðinni, en gert að greiða mismuninn 121

um hámarksálagningu skuli áfram vera í gildi. Í máli, þar sem kaupfélagsstjóri var sóttur til sakar fyrir brot á verðlagsákvæðum, var verðlagning á vöru af hans hendi, sem reist var á nefndum ákvörðunum verðlagsyfirvalda, ekki talin geta samrýmzt ákvæðum auglýsingar nr. 100/1942 .. 30
Í framangreindu máli leitaði héraðsdómari álits viðskiptaráðs og dómnefndarmanna í verðlagsmálum um það, hvort og að hverju leyti kærði hefði með verðlagningu sinni brotið verðlagsákvæði, en hvorugur þessara aðilja sá sér fært að láta í té álit um þetta efni 30

Stjórnsýslumenn. Sbr. lögreglumenn.
Eftirlitsmenn frá verðlagsstjóra komu á saumaverkstæði eitt til að kanna vörubirgðir. Eigendur verkstæðisins neituðu þeim munnlega um aðgang að vörubirgðunum, en öftruðu þeim ekki í verki frá að gegna starfsskyldum sínum. Ekki talið, að eigendurnir hafi með þessu brotið nein ákvæði 12. kafla laga nr. 19/1940 189
G, sem starfaði í þjónustu Reykjavíkurbæjar að úthlutun vöruskömmtunarseðla, dró sér ranglega seðla af birgðum þeim, er hann hafði undir höndum. Einnig brauzt hann inn í læsta hirzlu og tók þaðan skömmtunarseðla. Hann afhenti þriðja manni seðlana gegn fégjaldi, enda þótt honum væri ljóst, að seðlarnir mundu verða ranglega notaðir sem heimildarskjöl til vörukaupa. G dæmd refsing samkvæmt 128. gr., 244. gr. og 157. gr. sbr. 22. gr. laga nr. 19/1940. Annar starfsmaður bæjarins, L, sem hafði dregið sér skömmtunarseðla og afhent þriðja manni þá án endurgjalds, var í sama máli dæmdur sekur við 139. gr. og 157. gr. sbr. 22. gr. sömu laga. Maður sá, er við seðlunum tók af þeim G og L og ekki var starfsmaður bæjarins, sætti refsingu fyrir brot á ákvæðum 128. gr., 139. gr. og 157. gr., sbr. 22. gr. að því er allar greinarnar varðaði 219

Styrjaldarráðstafanir. Sjá verðlag, vöruskömmtun.

Sveitarstjórn.
Maður, sem féll á sleipu gólfi í Sundhöll Reykjavíkur og handleggsbrotnaði, krafðist bóta úr bæjarsjóði. Kröfunni hrundið, með því að hvorki var sannað, að gerð gólfsins hafi verið ábótavant, né að skort hafi á umsjón eða varúðarráðstafanir af hendi starfsfólks í sundhöllinni 125
Bæjarfélag, sem búskap rak í E-hreppi, talið eiga að greiða útsvar í hreppnum af búrekstrinum 352

Vélsmiðjan A höfðaði mál á hendur B til greiðslu reiknings fyrir viðgerð á skipi. Í reikningnum var bersýnileg villa, og var krafa A lækkuð um mismun þann, sem þannig kom fram, enda ekki tekin til greina órökstudd staðhæfing A, er fram kom í málinu, um að vinnutímar væru vantaldir í reikningnum 298

Skömmtun matvörutegunda. Sjá vöruskömmtun.

Stefna.

Fundið að því, að héraðsdómari hafði ekki gefið út stefnu í máli til refsingar fyrir brot á ákvæðum laga nr. 19/1940 56, 89

Stéttarfélög.

Í máli A hljóðfæraleikara á hendur B veitingamanni til heimtu bóta vegna rofa á vinnusamningi var lagt til grundvallar ákvæði um uppsagnarfrest í kjarasamningi milli Félags íslenzkra hljóðfæraleikara annars vegar og B og tveggja annarra veitingamanna hins vegar 52
Verkamaður höfðaði mál á hendur vinnuveitendafélagi og verkamannafélagi til ónýtingar, að því er hann varðaði, á tilteknu ákvæði í kjarasamningi hinna stefndu félaga, Með því að mál um slíkt efni á undir félagsdóm, var því vísað frá héraðsdómi 112
Fulltrúaráð verklýðsfélaga á Akureyri sækir tvö verklýðsfélög þar á staðnum til brigðar á húseign og til skaðabóta fyrir afnot hennar 192

Stjórnsýsla.

Í auglýsingu nr. 100 frá 19. des. 1942 er lagt bann við því að selja í heildsölu eða smásölu nokkra vöru við hærra verði en lægst var á henni á hverjum stað 18. des. 1942. Eftir að auglýsingin var sett, kom þegar í ljós, að verðlag sömu vöru á sama verzlunarstað þann 18. des. 1942 var mishátt, og það á vörum, er verðlagðar höfðu verið í samræmi við ákvæði dómnefndar í verðlagsmálum. Þessu olli misjafnt innkaupsverð. Dómnefndinni virtist hæpið að banna verzlunum að selja vörur því verði, sem dómnefndin hafði áður ákveðið, og verzlanir höfðu því löglega á þær sett. Lagði dómnefndin mál þetta fyrir ríkisstjórnina, og varð það að ráði, að ekki skyldi krafizt lækkunar vöruverðs fram yfir áður auglýst hámarksverð, enda færi álagning eigi fram úr leyfðu hámarki. Auglýsti dómnefndin samkvæmt þessu 23. des. 1942 hámarksákvæði þau, er giltu fyrir 18. s. m., og lýsti því jafnframt, að hinar áður auglýstu ákvarðanir

Svik. Sjá fjársvik.

Svipting réttinda. Sjá bifreiðar, borgaraleg réttindi, refsingar.

Sönnun. Sönnunarbyrði. Sbr. aðiljaskýrslur, blóðrannsókn, mat og skoðun, vitni.

a) Einkamál.

A vildi meina B að hækka steinsteypugarð, er lá milli húsalóða aðilja. Vottorð nokkurra ódómkvaddra manna, er A aflaði sér eftir uppsögu héraðsdóms, ekki talin sanna, að hækkun garðsins mundi valda A verulegum óþægindum 19

H/f A, sem taldi sig hafa keypt vörur af B, krafðist afhendingar á vörunni. Kröfunni hrundið, þar sem A tókst hvorki að sanna, að samningur hefði verið gerður, né að maður sá, er hann kvaðst hafa samið við, hafi haft umboð til að binda B til slíkrar sölu 45

Lögreglumanninum A var vikið úr starfi. Í skaðabótamáli, er hann höfðaði á hendur ríkissjóði og bæjarsjóði vegna brottvikningarinnar, þótti sannað, þrátt fyrir neitun A, að hann hafi haft undanbrögð í frammi á skotæfingum lögreglumanna og haft forgöngu um að semja yfirlýsingu, sem var að orðalagi ekki viðurkvæmileg í garð lögreglustjóra 105

Gallar á vöru voru sannaðir með staðfestum skýrslum margra notenda vörunnar 183

A, sem heimta vildi húshluta, er B og C höfðu árum saman haft í eignarhaldi, ekki talinn hafa sannað heimild sína til heimtunnar 192

Í máli til heimtu skaðabóta út af flugslysi þótti sannað, m. a. með skoðun á flugvélarflakinu, að mistökum flugmannsins hafi verið um slysið að kenna. Var því bótaskylda lögð á eiganda flugvélarinnar 211

Drengur hrasaði í strætisvagni og varð milli stafs og hurðar, er dyrum vagnsins var lokað. Eitt vitni skýrði svo frá, að vagninn hafi runnið af stað, áður en dyrunum var læst. Að svo vöxnu máli þótti bera samkvæmt 34. gr. laga nr. 23 1941 að leggja ábyrgð á slysinu á eiganda vagnsins, enda þótt sök bifreiðarstjórans væri ekki sönnuð 273

Í landamerkjamáli greindi aðilja á um það, hvort merkjaá hafi breytt farvegi sínum frá því árið 1889, er landamerkjabréf jarðanna voru gerð. Talið var, að sönnunarbyrði um það, að áin hafi breytt farvegi sínum, hvíli óskorað á þeim aðilja, sem hélt því fram, að breyting hefði orðið. Hann var talinn hafa fært nokkrar líkur að máli sínu, en ekki fulla

sönnun, enda voru skýrslur vitna um þetta atriði mjög andstæðar sín á milli 329

b) Opinber mál.

Sök bifreiðarstjóra, er ók bifreið ölvaður, sönnuð með játningu hans og skýrslu lögreglumanna 56, 77

Bifreiðarstjóri dæmdur sekur um ölvun við akstur bifreiðar samkvæmt játningu sinni og skýrslu sjónarvotta 87, 158, 290

A ók bifreið vestur Kaplaskjólsveg. Samkvæmt frásögn A og unnustu hans, sem með honum var í bílnum, kom gangandi maður á móti bifreiðinni á sömu vegarbrún. Kvaðst A þá hafa sveigt til hægri inn á veginn, en þá hafi maðurinn skyndilega gengið í veg fyrir bifreiðina, og hafi þá ekki verið unnt að afstýra árekstri. Maðurinn lézt af áverka þeim, er hann fékk við árekstur inn, og náðist ekki skýrsla af honum. Voru A og unnusta hans ein til frásagnar um atvik að slysinu. Ummæli, sem höfð voru eftir hinum slasaða manni, þóttu veita nokkrar líkur fyrir ógætilegum akstri, en ekki hrekja skýrslu A og unnustu hans. Aðrar líkur til þess, að A hafi fatazt bifreiðarstjórnin, svo sem staða bifreiðarinnar eftir slysið, þóttu ekki heldur nógu öruggar til að reisa á þeim refsidóm. Var A því sýknaður af ákæru réttvísinnar um manndráp af gáleysi 93

Fjórir deildarstjórar Kaupfélags Reykjavíkur og nágrennis voru sóttir til sakar fyrir vanrækslu á því að krefjast vöruskömmtunarseðla af viðskiptamönnum. Ekki var sannað, að kærðu hafi valdið því af ásetningi eða gáleysi, að vanskil urðu á skömmtunarseðlum, og ekki var hnekkt þeirri staðhæfingu þeirra, að þeir hafi eftir fremsta megni reynt að hafa eftirlit með því, að starfsfólk í búðum þeirra gengi eftir skilum skömmtunarseðla 117

Ölvun bifreiðarstjóra við akstur sönnuð með vætti vitna, er studdist við niðurstöðu blóðrannsóknar 132

Tveir lögreglumenn fóru til heimilis manns nokkurs og handtóku hann. Í sambandi við handtökuna urðu nokkrar ryskingar þar á heimilinu. Þótti sannað, að annar lögreglumannanna, A, hafi þá barið mann einn, B, er þar var staddur, og veitt honum áverka. A kvað B hafa ráðizt að sér að fyrra bragði, fingurbrotið sig og gerzt líklegur til frekari árásar. Þessu neitaði B staðfastlega og kvað A hafa barið sig saklausan. Í sakamáli gegn A var skýrsla hans lögð til grundvallar um viðureignina og honum ekki dæmd refsing fyrir hátterni hans gagnvart B 172

Seldar höfðu verið ólöglega úr landi vörur úr verzlun G kaupmanns. Gegn andmælum G var ekki sannað, að brotið hafi

verið drýgt með vitund hans eða vilja eða vegna saknæms skorts á aðgæzlu af hans hendi 200
G, starfsmaður Reykjavíkurbæjar, dró sér vöruskömmtunarseðla ranglega samkvæmt beiðni A og seldi honum. Svo brauzt G og inn í læsta hirzlu og stal þaðan skömmtunarseðlum, er hann afhenti A. Kvað G A hafa hvatt sig til innbrotsins og lagt á ráðin. Gegn eindreginni neitun A þótti þó viðurhlutamikið að telja sannað, að hann hafi átt hlutdeild í þjófnaðinum 219
Í ofangreindu máli kom það fram, að F prentari hafði falsað vöruskömmtunarseðla og afhent A þá gegn gjaldi. F fullyrti, að A hefði verið frumkvöðull að fölsun seðlanna, og þótti sannað, að svo mundi hafa verið, enda þótt A neitaði því 219
A ók bifreið sinni af mistökum út af götu í Reykjavík og á steingarð. Komu tveir menn þar að og áttu tal við hann. Báru þeir síðar fyrir dómi, að A hafi þá verið greinilega með áhrifum áfengis. A fór heim til sín eftir áreksturinn. Er lögreglumenn og læknir komu heim til hans litlu síðar, var hann ölvaður. Hann kvaðst þá hafa drukkið eitt staup af brennivíni, eftir að hann kom heim til sín, en neitaði því, að hann hafi ekið bifreið með áhrifum áfengis. Þrátt fyrir neitun hans var honum dæmd refsing fyrir ölvun við bifreiðarakstur 237
A kveikti í verzlunarhúsi B. Hann kvað B hafa fengið sig til að kveikja í húsinu. Nokkrar líkur komu fram, er styrktu skýrslu A, þar á meðal framburður eins vitnis, er kvað B hafa haft á orði við sig og A, að þeir ættu að kveikja í húsinu. Gegn eindreginni neitun B þótti sök hans þó ekki sönnuð 256

Tilraun.

Verzlunarhús A stóð fremur afskekkt í kauptúni nokkru, og bjó enginn í því. B kveikti í húsinu, en eldurinn varð slökktur, áður en veruleg spjöll hlutust af. Ekki var talið, að almannahætta stafaði af íkveikjunni. Var B dæmd refsing samkvæmt 2. mgr. 257. gr. laga nr. 19/1940 sbr. 20 gr. sömu laga 256

Traustnám.

A, eigandi húseignar nr. 16 við B-götu, átti umferðarrétt um gangstíg á lóð hússins nr. 14 við sömu götu. Heimildarskjal A fyrir umferðarréttinum var þinglesið árið 1930. Árið 1942 fékk B afsal fyrir húseign nr. 14. Hann kvað sér ekki hafa verið kunnugt um umferðarkvöðina, er hann keypti eignina. Taldi hann kvöðina niður fallna, með því

að hennar hefði ekki verið getið í veðbókarvottorði um eignina nr. 14, sem hann aflaði sér samtímis því sem hann keypti hana. Á þetta var ekki fallizt, þar sem það geti ekki haggað þinglesnum rétti A, þótt hans væri ekki getið í veðbókarvottorðinu. Auk þess var talið, að B, sem skoðaði eignina nr. 14, áður en hann keypti hana, hefði ekki átt að dyljast, að umferð til húss nr. 16 átti sér stað um lóð nr. 14 114

Í framangreindu máli hélt B því einnig fram, að umferðarkvöðin væri brott fallin vegna þess, að húseignin nr. 14 hefði árin 1932 og 1939 verið lögð út ófullnægðum veðhöfum að undangenginni nauðungarsölu, en í hvorugri útlagningargerðinni hafi kvaðarinnar verið getið. Þessari ástæðu einnig hrundið, enda ekkert fram komið um það, að kröfur þær, er nauðungarsölurnar voru byggðar á, hefðu notið fremri réttar en umferðarréttur A 114

Umboð.

A taldi B hafa fyrir hönd félagsins T selt sér tiltekna vöru. B var starfsmaður hjá prókúruhafa T, en ekki í þjónustu T. Gegn andmælum T tókst A ekki að sanna, að B hafi haft umboð til að binda T til sölu á vörunni 45

Ákvæði 4. gr. laga nr. 61/1942 ekki talin veita málflutningsmanni umboð til að gefa upp hluta af fjárkröfu, án sérstakrar heimildar skuldareiganda, og slík heimild ekki talin felast í umboði til heimtu skuldar 64

Umboðsskrá.

Dómari fer með refsimál samkvæmt umboðsskrá 30, 147, 150, 153

Umferðarréttur. Sjá ítak.

Uppboð.

A, eigandi húseignar nr. 16 við B-götu, átti umferðarrétt um lóð húss nr. 14 við sömu götu. Heimildarskjal A fyrir rétti þessum var þinglesið árið 1930. Árið 1932 var eignin nr. 14 seld nauðungarsölu og aftur árið 1939 og í bæði skiptin lögð út ófullnægðum veðhöfum, en í hvorugt skiptið var umferðarréttar A getið í útlagningargerðunum. B, sem keypti eign nr. 14 árið 1942, taldi umferðarréttinn brott fallinn, með því að A hafi ekki mætt við útlagningarnar og gætt réttar síns. Á þetta var ekki fallizt, enda ekkert fram komið um það, að veðkröfur þær, sem nauðungarsölurnar byggðust á, hafi notið fremri réttar en umferðarréttur A 114

Úrskurður uppboðsréttar um útlagningu fasteignar til veðhafa ómerktur í hæstarétti, með því að málflutningi og málsmeðferð í héraði var mjög áfátt 349

Upptaka eignar.

A var dæmd refsing fyrir of háa verðlagningu á vöru. Brot hans var framið, er í gildi voru lög nr. 118/1940, en samkvæmt 13. gr. þeirra skyldi gera upptækan ágóða, sem fengist við brot á lögunum. Þetta ákvæði hélzt óbreytt í 12. gr. laga nr. 79/1942, en með þeim voru lög nr. 118/1940 felld úr gildi. Þegar málið var dæmt, höfðu lög nr. 79/1942 verið numin úr gildi með lögum nr. 3/1943, en í þeim lögum eru engin ákvæði um upptöku ólöglegs ágóða. Allt að einu var ólöglegur ágóði A dæmdur upptækur samkvæmt 69 gr. laga nr. 19/1940 138

Matsölukona sætir sektum fyrir of háa verðlagningu á fæði. Ólöglegur ágóði ekki gerður upptækur, þar eð ekki var unnt að upplýsa, hve hárri fjárhæð hann nam 162

Forstöðumaður saumastofu sætir sektum fyrir of háa verðlagningu. Ekki tókst að staðreyna, hve hárri fjárhæð ólöglegur ágóði nam, og var hann því ekki gerður upptækur 215

Ólöglegur ágóði veitingamanns vegna verðlagsbrots dæmdur upptækur 314

Dæmd upptaka á afla og veiðarfærum togara, er staðinn hafði verið að botnvörpuveiðum í landhelgi 318, 342

Úrskurðir.

Einkamáli frestað ex officio í hæstarétti og lagt fyrir dómara samkvæmt analogiu 120. gr. laga nr. 85/1936 að veita aðiljum kost á öflun framhaldsgagna 128, 312, 379

Úrskurður hæstaréttar um framhaldsrannsókn í opinberu máli 355

Samningu fógetaúrskurðar í lögtaksmáli var mjög áfátt. Ekki voru þar nefnd nöfn aðilja né kröfur, og greinargerð skorti að mestu leyti um málsatvik. Þessi meðferð talin brot á 2. mgr. 190. gr. og 193. gr. sbr. 223. gr. laga nr. 85/1936 372

Útburðargerðir.

Kona hafði til afnota í húsi sínu 4 lítil herbergi og eldhús. Á heimili hennar voru sonur hennar ásamt konu sinni og barni þeirra, 3 aðrir synir hennar, allir skólanemar, svo og starfsstúlka. Konan talin hafa brýna þörf fyrir aukið húsnæði. Uppsögn hennar á leigumála eins leigutaka hennar í húsinu því metin gild og útburður á honum heimilaður 70

A krafðist útburðar á leigutaka sínum, B, vegna vanskila á leigugreiðslum og óheimillar framleigu. Vanskilum ekki þannig háttað, að útburði ætti að varða. B hafði að vísu framleigt herbergi, enda þótt honum væri það óheimilt samkvæmt leigumálanum. En með því að hann lét framleigutakann víkja úr herberginu, þegar að var fundið, og dvöl hans í

íbúð B hafði ekki valdið A neinum óþægindum, þá þóttu samningsrof þessi ekki svo veruleg, að útburði ættu að valda 79
M hafði tekið á leigu hús, sem var eign ríkissjóðs. Fjármálaráðherra krafðist útburðar á honum að undangenginni uppsögn, þar sem ríkið þyrfti á húsinu að halda til íbúðar fyrir starfsfólk Landsspítalans. Útburðarkröfunni hrundið, með því að nefnd ástæða hafði ekki stoð í lögum nr. 39 1943, sem tóku til skipta aðilja 98
V hafði til afnota í húsi sínu þriggja herbergja íbúð og eldhús. Auk V og konu hans voru í íbúðinni dóttir þeirra hjóna ásamt manni sínum og barni þeirra. V talinn hafa brýna þörf á húsnæði handa dóttur sinni og tengdasyni. Var uppsögn hans á leigumála eins leigutaka hans í húsinu metin gild og útburður heimilaður 156

Útivist aðilja.

1. Áfrýjandi sótti ekki dómþing. Útivistardómur 52, 85, 146, 199, 312, 313, 356, 357, 391
2. Útivist stefnda. Mál flutt skriflega samkvæmt 1. tölulið 38. gr. hæstaréttarlaga nr. 112/1935 241

Valdmörk stjórnvalda. Sjá dómstólar.

Valdstjórn og allsherjarregla. Sbr. lögreglumenn.

Löggæzlumenn handtóku A vegna ölvunar á almannafæri og settu hann í fangaklefa. Síðar sama dag brauzt A út úr klefanum og dró jafnframt lokur frá klefum nokkurra annarra fanga og hleypti þeim út. A dæmd refsing fyrir brot á 111. gr. laga nr. 19/1940 11
Maður hafði meiðyrði í frammi við lögreglumann, sem gætti reglu á dansleik. Brot hans talið varða við 108. gr. laga nr. 19/1940 56
Bifreiðarstjóri, sem neytt hafði áfengis við akstur, býður lögreglumanni fémútu. Þetta atferli talið varða við 109. gr. laga nr. 19/1940 132
Tvær konur, er ráku saman saumaverkstæði, neituðu eftirlitsmönnum verðlagsstjóra munnlega um aðgang að vörubirgðum verkstæðisins, en hindruðu þá ekki í verki frá því að gegna skyldustörfum sínum. Ekki talið, að þær hafi gerzt sekar við nein ákvæði 12. kafla laga nr. 19/1940 189

Vangeymsla. Sjá aðgerðaleysisverkanir.

Varðhald. Sjá refsingar.

Varnarþing.

a) Einkamál.

Lögtaksmál á hendur hlutafélagi, sem taldi heimili sitt vera í Strandasýslu, rekið fyrir fógetarétti Reykjavíkur með samkomulagi aðilja 42

A heildsali og B verksmiðjueigandi, báðir í Reykjavík, tóku að sér að reisa raforkuver fyrir Ólafsfjarðarhrepp. Þeir höfðuðu saman mál fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn nefndu hreppsfélagi til heimtu á eftirstöðvum endurgjalds fyrir verkið. Stefndi krafðist frávísunar sökum þess, að stefnt væri til rangs varnarþings. Frávísunarkröfunni hrundið, með því að stefnendur hefðu heimild samkvæmt 82. gr. laga nr. 85/1936 að sækja málið í Reykjavík 87

Lögtaksmál til heimtu skattgjalda á hendur manni, sem dvaldist í Reykjavík, en heimilisfastur var í Danmörku, rekið fyrir fógetarétti Reykjavíkur 102

Félag í Vestmannaeyjum sækir fyrir bæjarþingi Reykjavíkur M hæstaréttarlögmann f. h. félagsins E í Hamborg 183

Mál milli aðilja, búsettra í Svarfaðardalshreppi, rekið fyrir bæjarþingi Akureyrar samkvæmt samkomulagi aðilja 365

b) Opinber mál.

Landhelgisbrot talið hafa verið framið undan Landeyjasandi. Mál rekið í Vestmannaeyjum 147, 150, 153

Landhelgisbrot framið í Meðallandsflóa. Mál rekið í Vestmannaeyjum 318

Landhelgisbrot framið undan Vestfjörðum. Mál rekið í Barðastrandarsýslu 342

Veð.

A tók að sér með skriflegri yfirlýsingu til B að greiða tiltekna skuld hans til C. Jafnframt veðsetti hann B til tryggingar efndum af sinni hálfu tiltekna lausafjármuni, sem geymdir voru hjá þriðja manni. Yfirlýsing þessi var ekki þinglesin, og ekki varð séð, að geymslumaður hafi haft vörzlu munanna fyrir B. Stofnuðust því með yfirlýsingunni hvorki sjálfsvörzluveð, handveð né önnur hlutbundin réttindi yfir munum B til handa 25

A, eigandi fasteignarinnar X, átti þinglesinn umferðarrétt um gangstíg á lóð fasteignarinnar Y. Umferðarrétturinn ekki talinn hafa fallið niður við nauðungarsölur á fasteigninni Y, þar sem ekkert var komið fram um það, að veðkröfur þær, sem nauðungarsölurnar byggðust á, hafi notið fremri réttar en umferðarréttur A 114

Sjálfsvörzluveð í bifreið dæmt til tryggingar eftirstöðvum kaup-

verðs 121
A hafði að fengnu leyfi B sett C að handveði til tryggingar skuld veðskuldabréf, er B var eigandi að. Er A var orðinn gjaldþrota, höfðaði þrotabú hans mál á hendur C til riftingar veðsetningunni samkvæmt 20. gr. laga nr. 25/1929. Kröfu þrotabúsins hrundið, með því að hið veðsetta verðmæti var ekki eign, er renna átti til þrotabúsins, og búinu hafði ekki á neinn hátt verið íþyngt vegna veðsetningarinnar, enda hafði B engri kröfu lýst í búið 277
Sjóveðréttur dæmdur til tryggingar bjarglaunum 386

Verðlag. Verðlagsmál.

Kaupfélag hækkaði í janúar 1943 verð vörubirgða, er það hafði átt og selt af fyrir 18. des. 1942. Vegna þessa var kaupfélagsstjórinn kærður fyrir verðlagsbrot. Sala af nefndum vörubirgðum með hækkuðu verði var talin fara í bág við ákvæði auglýsingar nr. 100/1942. Var kaupfélagsstjóranum því dæmt að greiða sekt til ríkissjóðs 30
Eftir að lög nr. 99/1942 og auglýsing nr. 100/1942 komu til framkvæmdar, seldi kaupfélagið K kol, er það hafði fengið 12. jan. 1943, hærra verði en það hafði selt kol fyrir 18. des. 1942, en þó undir innkaupsverði kolanna. Þann 20. jan. 1943 lækkaði K kolin niður í sama verð sem verið hafði á kolum hjá því fyrir 18. des. 1942 og ákvað að endurgreiða verðmuninn þeim, er keypt höfðu kol hærra verðinu. Kaupfélagsstjórinn var síðar kærður fyrir of háa verðlagningu kolanna. Þar sem hann hafði af sjálfsdáðum tekið ákvörðun um lækkun kolaverðsins og endurgreiðslu ofgoldins verðs, áður en hann fékk vitneskju um kæruna, þá var refsing fyrir verðlagningu þessa látin niður falla samkvæmt 8. tölulið og síðustu mgr. 74. gr. laga nr. 19/1940 30
Kaupfélag hafði fengið vöru í nóv. 1942, verðlagt hana samkvæmt gildandi verðlagsreglum í des. s. á., en hóf ekki sölu hennar fyrr en eftir 12. jan. 1943, og voru þá komin til framkvæmdar ákvæði auglýsingar nr. 100/1942. Verð vöru þessarar var hærra en verið hafði á sams konar vörutegundum í kaupfélaginu fyrir 18. des. 1942. Það hafði orðið að ráði með dómnefnd í verðlagsmálum og ríkisstjórninni, að ekki skyldi krafizt lækkunar á verði vöru, sem verzlanir höfðu fengið og verðlagt löglega fyrir 18. des. 1942, sbr. auglýsingu verðlagsyfirvalda 23. des. 1942. Í refsimáli gegn kaupfélagsstjóranum út af verðlagningu vörunnar var talið, að sala á henni með hærra verði en verið hafði á sams konar vöru hjá félaginu fyrir 18. des. 1942 gæti að vísu ekki samrýmzt ákvæðum auglýsingar nr. 100/1942. En þar

sem þetta frávik var reist á ákvörðunum verðlagsyfirvalda, þótti bera að láta refsingu falla niður samkvæmt 3. tölulið og síðustu mgr. 74. gr. laga nr. 19/1940 30
M kaupmaður verðlagði of hátt vöru, er hann fékk í des. 1941. Brot hans varðaði við lög nr. 118/1940, og refsing dæmd samkvæmt lögum nr. 3/1943. Ólöglegur ágóði gerður upptækur samkvæmt 69. gr. laga nr. 19/1940 138
Matsölukona sætir sekt samkvæmt lögum nr. 3/1943 vegna of hárrar álagningar á fæði 162
Tvær konur, er ráku saman saumaverkstæði, dæmdar sekar við ákvæði laga nr. 3/1943 vegna of hárrar verðlagningar á fatnað 189
Forstöðumaður klæðskeraverkstæðis sætir sekt samkvæmt lögum nr. 3/1943 fyrir of háa verðlagningu á fatnað 215
Veitingamaður sætir sekt samkvæmt lögum nr. 3/1943 fyrir of háa verðlagningu á veitingar. Ólöglegur ágóði gerður upptækur samkvæmt 69. gr. laga nr. 19/1940 314

Verklýðsfélög. Sjá stéttarfélög.

Verkamannabústaðir. Sjá byggingarfélög.

Verksamningar.

Trésmiðjan R tókst á hendur að smíða skýli á bifreið A, en ekki var samið fyrir fram um endurgjald fyrir verkið. Reikningur R að verki loknu nam tæpum 21000 kr. A galt nokkurn hluta fjárhæðarinnar í peningum án fyrirvara, en samþykkti víxil fyrir eftirstöðvunum. R seldi víxilinn í banka. Síðar var leitt í ljós með matsgerð, að R hafði reiknað sér að minnsta kosti 8000 kr. umfram það, sem hæfilegt endurgjald mátti telja fyrir verkið. B galt þá víxilinn með fyrirvara um endurheimtu ofgreiddrar fjárhæðar úr hendi R. Með því að R gat ekki hnekkt matsgerðinni, þótti hún hafa borið svo að sér böndin um óhæfilega fjárkröfu fyrir unnið verk, að hún var dæmd til að endurgreiða A rúmlega 8000 kr. 306

Verzlun. Sbr. verðlag.

Kaupmaður, er seldi vörur úr landi án leyfis útflutningsnefndar, sætir sekt fyrir brot á 3. gr. reglugerðar nr. 168/1939 .. 200
Kaupmaður flutti inn og seldi kassa með haframéli, en auk mélsins var vatnsglas í hverjum kassa, sem ekki var selt sérstaklega. Þetta talið varða við 14. gr. laga nr. 84/1933 .. 358

Vettvangsmál. Sbr. landamerkjamál, merkjadómur Reykjavíkur.

Deilt var um eignarrétt að landsauka í fjöru. Með því að nauðsyn bar til, að þrætustaðurinn yrði skoðaður áður málið væri dæmt í héraði, var lagt fyrir héraðsdómara að fara með málið sem vettvangsmál samkvæmt 3. kafla laga nr. 41/1919 365

Vextir.

Einungis krafizt 5% vaxta og þeir því dæmdir 25, 52, 206, 211, 298
Krafizt 6% ársvaxta og þeir dæmdir 64, 121, 386
Vextir dæmdir frá útgáfudegi sáttakæru eða héraðsstefnu samkvæmt kröfu þar um 52, 59, 206, 211, 386
Vextir af skuld, er nauðasamningar tóku til, dæmdir frá þeim degi, er skuldin var eindöguð samkvæmt nauðasamningunum 25
Krafizt var 6% ársvaxta í héraði, en aðeins 5% vextir voru teknir til greina. Í hæstarétti krafizt 6% vaxta, en héraðsdómur staðfestur án breytinga á vaxtahæðinni 59
Vextir af verzlunarskuld dæmdir frá fyrri tíma en höfðun málsins 64
Vextir dæmdir af skuld samkvæmt skuldabréfi í samræmi við ákvæði bréfsins 121
Krafizt var 6% ársvaxta í héraði, en einungis 5% vextir dæmdir. Í hæstarétti einungis krafizt staðfestingar á héraðsdómi af hálfu skuldareiganda 306
Vextir dæmdir af skuld samkvæmt verksamningi frá næstu áramótum eftir að verk var unnið 298
Krafizt var í héraði 5% ársvaxta af skuld og þeir dæmdir. Í hæstarétti voru engir vextir dæmdir, með því að sú fjárhæð, sem til greina var tekin, hafði staðið skuldareiganda til boða, áður en hann höfðaði málið 369

Viðskiptatilkynningar. Sjá aðgerðaleysisverkanir.

Vinnusamningar.

A veitingamaður sagði B hljóðfæraleikara upp starfi með eins mánaðar fyrirvara. B taldi sig eiga rétt á þriggja mánaða uppsagnarfresti samkvæmt ákvæðum kjarasamnings, er stéttarfélag hans hafði gert við A og fleiri veitingamenn. A kvað hér aðeins vera um samningsuppkast að tefla, sem aldrei hefði fengið gildi. Þessari mótbáru hrundið, með því að samningurinn kom fram, undirritaður af aðiljum. B var ekki talinn hafa glatað neinum rétti samkvæmt kjarasamningnum, þó að hann hefði tekið þátt í ólögmætu verkfalli stéttarfélags síns, þegar af þeirri ástæðu, að A sló engan varnagla, þegar B hóf vinnu hjá honum af nýju eftir verkfallið 52

Á var ráðinn háseti á skip B um óákveðinn tíma. Uppsögn B á skiprúmssamningnum með eins dags fyrirvara í íslenzkri höfn metin lögmæt samkvæmt 13. gr. laga nr. 41/1930 369

Vitni.

Sjónarvottar bera um atvik að bílslysi og akstur bifreiðarstjóra 6, 89, 93, 325, 361
Vitni skýra frá ölvun manns á almannafæri 11
Vitni bera um ölvun manns við akstur bifreiðar 56, 87, 132, 158, 237, 290
Bifreiðarstjóri ók á gangandi mann á götu og olli bana hans. Auk bifreiðarstjórans gátu ekki aðrir borið um atvik að slysinu en unnusta hans, sem var hjá honum í bifreiðinni 93
Sjónarvottar lýsa atvikum að líkamsárás 128
Tveir menn úr her Bandaríkjanna bera vitni um ölvun bifreiðarstjóra við akstur 132
Bátsformaður var kærður fyrir ólöglegar veiðar í landhelgi. Sá galli var á rannsókn málsins, að þrátt fyrir neitun kærða um sök hafði ekki verið tekin skýrsla af neinum bátverja hans og engin samprófun kærða og vitna farið fram. Leiddi þetta m.a.til ómerkingar dóms og málsmeðferðar í héraði 147, 150, 153
Vitni bera um ryskingar, er urðu í sambandi við handtöku manns 172
A, sem kveikt hafði í húsi B, hélt því staðfastlega fram í prófum út af íkveikjunni, að B hefði fengið sig til að kveikja í húsinu. Eitt vitni skýrði svo frá, að það hafi ásamt A verið statt heima hjá B, og hafi B þá kastað því fram, að þeir, vitnið og A, ættu að kveikja í húsinu fyrir hann. Gegn eindreginni neitun B þótti sök hans þó ekki sönnuð 256
Drengur, 13 ára gamall, hrasaði í strætisvagni, og varð önnur hönd hans milli stafs og hurðar, er hurðinni var skellt aftur. Drengurinn kvað vagninn hafa runnið af stað, áður en hurðinni var lokað, og hafi sú verið orsök slyssins. Studdist þetta við framburð eins vitnis. Sök bifreiðarstjóra að vísu ekki talin sönnuð, en eiganda vagnsins dæmt að greiða bætur samkvæmt 34. gr. laga nr. 23/1941 273
S húseigandi krafðist útburðar á H leigutaka vegna vanskila á leigugreiðslum. Deilt var um það í málinu, hvort húsaleigan hafi átt að greiðast fyrir fram eða eftir á mánaðarlega. Samkvæmt húsaleigusamningi, er S lagði fram, skyldi leigan greiðast fyrir fram. H taldi ákvæði þetta falsað, og studdi þessa staðhæfingu sína við endurrit af samningnum, er hann lagði fram. A, sem selt hafði S húsið og á sínum tíma gert samninginn við H, bar það sem vitni, að samningseintak S væri ófalsað og eins og frá því hafi verið gengið

í öndverðu. Sama bar B, sonur A. H andmælti því, að A og B væri leyft að staðfesta vætti sín með eiði. Þrátt fyrir áskorun S lagði H hvorki fram sitt eintak af leigusamningnum né húsaleigukvittanir, en taldi sig hafa glatað skjölum þessum. Eintak S af leigusamningnum var hvorki að efni né útliti grunsamlegt, en endurrit H hins vegar ónákvæmt í ýmsum greinum. Voru framangreind atriði talin veita svo sterkar líkur gegn fullyrðingum H um fölsun skjalsins, að A og B var heimilað að staðfesta framburði sína 286

Í landamerkjamáli komu fram vætti margra vitna um það, hvort landamerkjaá muni hafa breytt farvegi sínum frá því á árinu 1889. Með því að skýrslur vitnanna um þetta atriði voru andstæðar sín á milli, þótti breyting á farveginum ekki sönnuð 329

Það talinn mikill galli á meðferð landamerkjamáls, að málflytjendur öfluðu sér sjálfir skriflegra vottorða frá vitnum, áður þau kæmu fyrir dóm, í stað þess að landamerkjadómurinn átti sjálfur að kveðja vitnin á vettvang, taka þar af þeim skýrslur og samprófa þau 329

Kjarasamningur milli tveggja stéttarfélaga komst á fyrir milligöngu sáttasemjara ríkisins og sáttanefndar, sem skipuð var samkvæmt 22. gr. laga nr. 80/1938. Í máli milli samningsaðilja, sem rekið var fyrir félagsdómi, var um það deilt, hver væri merking tiltekins orðs í samningnum. Sækjandi leiddi sem vitni einn sáttanefndarmann, og lagði fyrir hann spurningar um það, hvort tiltekið atriði hafi komið fram á sáttafundinum. Félagsdómur úrskurðaði, að vitninu væri ekki skylt að svara spurningunum, og staðfesti hæstiréttur þá niðurstöðu 345

Víxlar.

A hafði keypt vöru af B og samþykkt víxil fyrir andvirði hennar. A tilkynnti B riftun kaupsamningsins vegna galla á vörunni, en B fékk A dæmdan í víxilmáli til greiðslu á víxilfjárhæðinni ásamt málskostnaði. Í máli, er A höfðaði eftir það á hendur B, var A heimiluð riftun kaupsins og niður felld skylda hans til greiðslu fjárhæða samkvæmt víxildóminum 183

Vörumerki.

Merki á olíutegundum frá olíusölufélagi í Hamborg talin þannig úr garði gerð, að menn gætu villzt á þeim og merkjum tiltekins olíusölufélags í Bandaríkjunum 183

Vöruskömmtun.

F, sem flutti inn sykur árið 1940 samkvæmt innflutningsleyfi, handveðsetti B sykurinn til tryggingar skuld, án þess að minnast á skömmtunarskilríki í því sambandi. B seldi síðan sælgætisverksmiðju nokkurri sykurinn án þess að fá nokkur skömmtunarskilríki fyrir. Með þessum ráðstöfunum voru þeir F og B taldir hafa gerzt sekir við ákvæði 1. gr. reglugerðar nr. 159/1940 og þeim dæmd refsing samkvæmt 17. gr. sömu reglugerðar og 2. gr. laga nr. 37/1939 72

Fjórir deildarstjórar kaupfélags í Reykjavík voru sóttir til sakar vegna vanrækslu á að ganga eftir skilum á skömmtunarseðlum af kaupendum heimsendrar vöru. Kærðu réðu ekki, hverjir hjá þeim störfuðu. Ekki var sannað, að þeir hafi af ásetningi eða gáleysi valdið vanskilum skömmtunarseðlanna né að eftirlit þeirra með starfsfólki búðanna hafi verið ábótavant. Voru þeir því sýknaðir af kæru þessari 117

Þrír menn dæmdir sekir um margvíslegt misferli með vöruskömmtunarseðla, m. a. þjófnað á þeim og fölsun 219

Yfirvöld. Sjá dómarar, lögreglumenn, stjórnsýslumenn.

Þinglýsing.

A, eigandi húseignar nr. 16 við B-götu, eignaðist árið 1929 umferðarrétt um gangstíg á lóð nr. 14 við sömu götu. Heimildarskjal A fyrir rétti þessum var þinglesið 1930. Síðar keypti B húseign nr. 14. Það ekki talið hagga umferðarrétti A, þó að réttar hans væri ekki getið í veðbókarvottorði um eignina nr. 14, er B fékk í hendur, áður en hann keypti eign þessa 114

Í framangreindu máli kom það fram, að húseign nr. 14 hafði verið seld nauðungarsölu árin 1932 og 1939 og í bæði skiptin verið lögð út ófullnægðum veðhöfum. Í hvorugu útlagningarskjalinu var umferðarréttar A getið. Þetta ekki talið eiga að hafa nein áhrif á rétt A, enda ekkert fram komið um það, að veðkröfur þær, er nauðungarsölurnar byggðust á, hafi notið fremri réttar en umferðarréttur A 114

Þjófnaður.

G brauzt inn í læstan skáp og tók þaðan ófrjálsri hendi vöruskömmtunarseðla, sem voru eign Reykjavíkurbæjar. Afhenti hann þriðja manni seðlana gegn fégjaldi. G var dæmd refsing samkvæmt 244. gr. laga nr. 19/1940. Með afhendingu seðlanna til manns, sem hann vissi að mundi nota þá ranglega sem heimildarskjöl fyrir vörukaupum, var hann einnig talinn hafa gerzt sekur við 157. gr. sbr. 22. gr. sömu laga 219

Ærumeiðingar.

Maður dæmdur sekur við 108. gr. laga nr. 19/1940 vegna meinyrða við lögreglumann, sem gætti reglu á dansleik 56
Í bók, sem A var höfundur að, voru meinyrði um látinn mann, B. Sonur B höfðaði mál á hendur A vegna meinyrðanna og fékk hann dæmdan í refsingu fyrir þau. Svo voru og ummælin ómerkt 295

Ölvun. Sjá áfengislagabrot, bifreiðar.

Öryggisráðstafanir. Sjá drykkjumannahæli.

Hæstaréttardómar.

Útgefandi: Hæstiréttur.

XXV. árgangur. 1944.

Miðvikudaginn 12. janúar 1944.

Nr. 82/1943. **Valdstjórnin** (Sigurgeir Sigurjónsson)
gegn
Steinþóri Guðmundssyni
(Einar B. Guðmundsson).

Setudómari hrl. Jón Ásbjörnsson í stað próf. Ísleifs Árnasonar.

Brot á lögum um húsaleigu.

Dómur hæstaréttar.

H/f Miðgarður fékk afsal fyrir húsinu nr. 19 við Skólavörðustíg 12. júní 1942. Nokkrum dögum síðar flutti Socialistafélag Reykjavíkur skrifstofur sínar í tvö herbergi í húsi þessu, sem fram til þess höfðu verið notuð til íbúðar. Leyfis húsaleigunefndar var ekki aflað til breytingar þessarar. Með þessu hefur kærður formaður stjórnar h/f Miðgarðs, en hann hefur einn verið sóttur til sakar í máli þessu, gerzt sekur við ákvæði 3. gr. laga nr. 106/1941. Og með því að refsing hans samkvæmt 11. gr. sömu laga þykir hæfilega ákveðin í héraðsdómi, ber að staðfesta hann að niðurstöðu til, þó svo, að greiðslufrestur sektarinnar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Eftir þessum úrslitum ber kærða að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, kr. 300.00 til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Kærði, Steinþór Guðmundsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Sigurgeirs Sigurjónssonar og Einars B. Guðmundssonar, kr. 300.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 23. júní 1943.

Ár 1943, miðvikudaginn 23. júní, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu sakadómara af fulltrúa hans Þórði Björnssyni, uppkveðinn dómur í málinu nr. 1402/1943: Valdstjórnin gegn Steinþóri Guðmundssyni.

Mál þetta, sem dómtekið var 1. þ. m., er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Steinþóri Guðmundssyni kennara, til heimilis á Ásvallagötu 2 hér í bæ, fyrir brot gegn lögum um húsaleigu nr. 106/1941.

Kærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 1. desember 1890, og hefur, svo kunnugt sé, hvorki sætt kæru né refsingu.

Haustið 1941 fékk Guðmundur Gamalíelsson bóksali úrskurð húsaleigunefndar um, að Socialistafélag Reykjavíkur skyldi rýma úr húsnæði því, tveimur herbergjum, er félagið hafði á leigu í húsi hans nr. 6 við Lækjargötu. Guðmundur féllst þó á, að félagið yrði kyrrt fram yfir bæjarstjórnarkosningar, er fram fóru 15. marz 1942, og fengi að halda umráðum minna herbergisins til 14. maí s. á. Flutti félagið svo úr stærra herberginu í apríl—maí 1942, en úr minna herberginu í júní. Hefur því verið haldið fram af félagsins hálfu, að vegna þess að úrskurði húsaleigunefndar hafi ekki verið fullnægt og að húsaleiga hafi verið greidd, hafi það haft heimild til að vera áfram í húsnæðinu, en þessu hefur Guðmundur eindregið mótmælt og staðhæft, að hann hafi aðeins vegna bæjarstjórnarkosninganna ekki viljað láta þá strax rýma úr húsnæðinu.

Í byrjun maí 1942 féllst Guðmundur Gamalíelsson á, fyrir milligöngu Gunnars Einarssonar prentsmiðjustjóra, að Rögnvaldur Sigurðsson bókbindari fengi til íbúðar húsnæði það, er Socialistafélag Reykjavíkur hafði til afnota í Lækjargötu 6 A. Er félagið rýmdi úr stærra herberginu, flutti Rögnvaldur strax í það og fór að gera það íbúðarhæft. Flutti hann einnig í hitt herbergið, er félagið hafði rýmt úr því.

Nokkru eftir að Rögnvaldur hafði flutt í stærra herbergið, sagði Jón Rafnsson, starfsmaður Socialistafélagsins, honum, að komið gæti til mála, að hann gæti útvegað honum betra húsnæði á Skólavörðustíg 19. Rögnvaldur kvaðst vera búinn að kosta það miklu til hús-

næðisins í Lækjargötu 6 A, að hann kærði sig ekki um að fá annað húsnæði. Skoðaði hann heldur ekki neitt húsnæði á Skólavörðustíg 19, og eigendur þeirrar húseignar buðu honum aldrei húsnæði þar og töluðu aldrei við hann um það. Jón Rafnsson kvaðst hafa sagt Rögnvaldi frá því, að eigendur Skólavörðustígs 19 hefðu sagt sér, að honum stæðu til boða herbergi í húsinu.

6. janúar 1941 keyptu Pétur Sigurðsson innheimtumaður og kona hans, Kristín Gísladóttir, húsið nr. 19 við Skólavörðustíg. Var eignin skrifuð á nafn hennar, þó ekki sem séreign hennar, en hjónin hafa sameiginlegt fjárfélag. Pétur annaðist um húsakaupin og eignina eftir kaupin. Hjónin bjuggu í tveimur herbergjum og eldhúsi á annarri hæð hússins, en vegna ónæðis höfðu þau í hyggju að fá sér húsnæði annars staðar í bænum. — Pétur hefur borið það, að í marz 1942 hafi Jón Rafnsson komið til hans og spurt hann að því, hvort hann gæti útvegað Rögnvaldi Sigurðssyni íbúð á Skólavörðustíg 19. Hafi hann gefið Jóni loforð um, að hann gæti það, og hafi hann þá haft í huga þau tvö herbergi, er hann bjó sjálfur í.

12. júní 1942 kom Jón Rafnsson til Rögnvalds og fékk hann til að undirrita skjal, er hann hafði meðferðis. Skjalið hljóðar svo:

„Við undirritaðir gerum með okkur svolátandi samkomulag: Ég undirritaður, Jón Rafnsson, vík fyrir hönd Socialistafélags Reykjavíkur úr herbergjum þeim, er nefnt félag hefur haft á leigu í húsi Guðm. Gamalíelssonar Lækjarg. 6 A, fyrir Rögnvaldi Sigurðssyni og fjölskyldu hans. Aftur á móti gef ég undirritaður, Rögnvaldur Sigurðsson, Socialistafélagi Reykjavíkur til leyfis fyrir mitt leyti, að taka til afnota sem skrifstofur herbergi þau á Skólavörðustíg 19, sem mér og fjölskyldu minni stóðu til boða."

Jón Rafnsson ritaði einnig nafn sitt undir skjal þetta. Pétur Sigurðsson og Guðmundur Gamalíelsson rituðu svo sama dag á skjalið yfirlýsingu um það, að þeir hefðu „ekkert að athuga við ofanritað samkomulag."

Þenna sama dag, 12. júní, keypti hlutafélagið „Miðgarður" húseignina nr. 19 við Skólavörðustíg af Kristínu Gísladóttur, en Pétur maður hennar annaðist um söluna. Kærði var þá formaður félagsstjórnar „Miðgarðs". Við sölu hússins lá fyrir aðiljum áðurgreind yfirlýsing frá sama degi. Nokkrum dögum eftir að h.f. „Miðgarður" keypti Skólavörðustíg 19, flutti Socialistafélag Reykjavíkur í tvö herbergi, er Pétur Sigurðsson hafði búið í, en hann flutti í eldhúsið. Enginn húsaleigusamningur var gerður á milli h.f. „Miðgarðs" og Socialistafélagsins. Var hæð húsaleigunnar ákveðin 150 krónur á mánuði, og var hún greidd frá 12. júní.

Kærði hefur haldið því fram, að með yfirlýsingunni frá 12. júní hafi fyrri eigandi hússins verið búinn að leigja Socialistafélaginu herbergi í húsinu, og sé hann því saklaus af því að hafa breytt íbúðarhúsnæði í skrifstofur. Stjórn h.f. „Miðgarðs" hafi ekki sótt um

leyfi húsaleigunefndar til að breyta íbúðarherbergjum í skrifstofur, vegna þess að hún hafi álitið samþykki fyrri eiganda og leigjanda um skipti á íbúðarherbergjum og skrifstofuherbergjum heimila að lögum. Þá hafi stjórnin ekki átt þátt í eða stuðlað að því að auka íbúðarherbergi í Lækjargötu 6 A.

Jón Rafnsson kveður Socialistafélagið hafa flutt á Skólavörðustíg 19 á grundvelli samkomulagsins frá 12. júní, og hafi h.f. „Miðgarður" ekki verið aðili þess samkomulags, heldur fyrri eigandi húseignarinnar.

Pétur Sigurðsson kveðst ekki hafa leitað leyfis húsaleigunefndar til að íbúðarherbergi á Skólavörðustíg 19 yrðu tekin til afnota fyrir skrifstofur, og hafi hann talið sér það óviðkomandi.

Það verður ekki talið, að með yfirlýsingu Péturs Sigurðssonar einni saman, um að hann hefði ekkert að athuga við samkomulag Jóns Rafnssonar og Rögnvalds Sigurðssonar, 12. júní, hafi verið gerður samningur, sem bindandi væri fyrir kærða, að því er varðar breytingu íbúðarherbergja í skrifstofur. Íbúðarherbergi á Skólavörðustíg 19 voru ekki tekin til notkunar fyrir skrifstofur fyrr en Socialistafélagið flutti í húsið nokkrum dögum eftir að h.f. „Miðgarður" var orðinn eigandi þess. Húsaleigunefnd veitti ekki leyfi til þessara breytinga. Kærði hefur því gerzt brotlegur gegn 3. gr. laga nr. 106 8. september 1941 um húsaleigu. Þykir refsing hans samkvæmt 11. gr. laganna hæfilega ákveðin 300 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 18 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar á meðal 250 króna til Ragnars Ólafssonar lögfræðings, skipaðs verjanda síns í málinu.

Málið hefur verið rekið vítalaust.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Steinþór Guðmundsson, greiði 300 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 18 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann greiði allan kostnað sakarinnar, þar á meðal 250 krónur til Ragnars Ólafssonar lögfræðings, skipaðs verjanda síns í málinu.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 12. janúar 1944.

Kærumálið nr. 1/1944. **Pétur A. Ólafsson**
gegn
Jens Eyjólfssyni.

Ómerking vegna galla á málsmeðferð.

Dómur hæstaréttar.

Með kæru 8. des. f. á., sem hingað barst 2. þ. m., hefur sóknaraðili skotið til hæstaréttar dómi bæjarþings Akureyrar, uppkveðnum sama dag, þar sem bæjarþingsmálinu Pétur A. Ólafsson gegn Jens Eyjólfssyni er vísað frá dómi. Krefst sóknaraðili þess, að héraðsdómurinn verði úr gildi felldur og málinu vísað heim í hérað til uppkvaðningar efnisdóms. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi varnaraðilja í kærumáli þessu. Af hendi varnaraðilja hafa hæstarétti hvorki borizt kröfur né greinargerð.

Mál þetta var þingfest á bæjarþingi Akureyrar 18. okt. 1943. Sóknaraðili lagði þá fram sáttakæru, stefnu, reikning, greinargerð o. fl. Umboðsmaður varnaraðilja fékk frest til 25. október, en þá lagði hann fram greinargerð ásamt fylgiskjölum. Fékk nú umboðsmaður sóknaraðilja frest til 1. nóvember. Lagði sóknaraðili þá fram greinargerð ásamt fylgiskjölum. Var þá ákvörðun tekin um skriflegan málflutning. Fékk umboðsmaður varnaraðilja nú frest til 8. nóvember. Þann dag lagði hann fram greinargerð með fylgiskjali og lét einnig skrá í þingbók málsútlistun. Umboðsmaður sóknaraðilja fékk nú frest til 15. nóvember til gagnasöfnunar, en þann dag lagði hann fram greinargerð. Sama dag létu umboðsmenn beggja aðilja skrá í þingbók skýringar málsins. Lýstu umboðsmenn aðilja því næst yfir því, að gagnasöfnun væri lokið, og fengu frest til 29. nóvember til að ljúka skriflegum flutningi málsins. Þann dag lagði umboðsmaður sóknaraðilja fram sókn og umboðsmaður varnaraðilja fram vörn. Var málið síðan tekið til dóms. Hinn 8. des. kvað bæjarfógeti upp frávísunardóminn.

Eins og sjá má, hefur mál þetta sætt meðferð í héraði,

sem andstæð er fyrirmælum laga nr. 85/1936. Sameiginlegur frestur aðiljum, sem þeim ber að hagnýta sér í samvinnu eftir ástæðum, var ekki veittur eftir 110. og 111. gr. sömu laga, heldur frestir veittir þeim á víxl, og greinargerðir aðilja og bókanir voru fleiri en ber eftir lögunum.

Þykir því rétt að ómerkja málsmeðferð í héraði og vísa málinu frá bæjarþinginu, eins og héraðsdómari hefur gert.

Enginn hefur komið fyrir hæstarétt af hendi varnaraðilja, og fellur því málskostnaður fyrir hæstarétti niður.

Því dæmist rétt vera:

Meðferð máls þessa í héraði á að vera ómerk, og vísast málinu frá héraðsdómi.

Málskostnaður fyrir hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Akureyrar 8. desember 1943.

Mál þetta er reassumerað í dag, og í réttarhaldi í dag lýstu umboðsmenn aðilja yfir, að þeir gætu eigi fallizt á, að málið yrði hafið. En þar sem stefnandinn hefur samið 3 greinargerðir í málinu og 2 bókanir, en stundum geta þær verið eins konar greinargerðir, og stefndur 2 greinargerðir og 2 bókanir, þá þykir málfærslan vera í stríði við ákvæði laga nr. 85 frá 1936 um meðferð einkamála í héraði, og ber því að vísa málinu frá réttinum.

Því dæmist rétt vera:

Málinu ber að vísa frá réttinum.

Föstudaginn 14. janúar 1944.

Nr. 86/1943. **Réttvísin og valdstjórnin**
(Guðmundur Í. Guðmundsson)
gegn
Lúðvík Dalberg Þorsteinssyni
(Jón Ásbjörnsson).

Brot á bifreiðalögum. Manndráp af gáleysi.

Dómur hæstaréttar.

Slys það, er í máli þessu greinir, varð á Suðurlandsbraut gegnt Hálogalandi. Ákærði var á leið til Reykjavíkur í bif-

reiðinni R 2047. Hann ók, að því er hann sjálfur og vitni telja, á vinstri vegarbrún með 35—40 km hraða, miðað við klukkustund. Er vegurinn þarna steinsteyptur. Var veður þurrt og færi gott. Kom þá á móti ákærða herbifreið með mjög skærum ljósum. Lækkaði ákærði sín ljós og ætlaðist til, að það yrði bifreiðarstjóranum á herbifreiðinni merki um, að hann lækkaði eins ljós bifreiðar sinnar. Af því varð þó ekki, og blindaðist ákærði af ljósum herbifreiðarinnar. Ákærði telur, að um 3 bifreiðarlengdir hafi verið milli framenda bifreiðar hans og framenda herbifreiðarinnar, þegar hann fékk skæru ljósin í augun. Sté hann þá af benzínleiðslunni, en hemlaði ekki strax. Ók hann þannig litinn spöl og framhjá bifreiðinni, en varð þá skyndilega þess var, að maður, er hann telur hafa verið á hraðri ferð suður yfir veginn, var fyrir framan bifreið hans. Skipti það þá engum togum, að vinstri framhluti bifreiðarinnar rakst á manninn, og varð hann undir henni, en ákærði beitti hemlum um leið og árekstur inn varð. Tókst honum ekki að stöðva bifreiðina fyrr en hún hafði runnið yfir manninn og allt að 10 metra frá slysstaðnum. Hlaut maðurinn svo mikil lemstur, að hann andaðist þegar. Það er leitt í ljós af skoðunarmanni bifreiða, að hemlur á bifreið ákærða voru ekki í fullkomnu lagi, er slysið varð. Var þetta brot gegn ákvæði 5. gr., 2. mgr., laga nr. 23/1941. Ákærða var skylt að hemla bifreið sína, þegar er hann blindaðist af ljósum herbifreiðarinnar og sá ekki veginn framundan. Vanræksla þessarar skyldu hans er brot á 26. gr., 4. mgr., greindra laga. Þá verður og að telja, að hann með þessum gálausa akstri hafi valdið slysinu. Greint brot ákærða ber að heimfæra til refsingar undir 38. gr. laga nr. 23/1941 og 215. gr. hegningarlaga nr. 19/1940. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 60 daga varðhald. Svo ber og samkvæmt 39. gr. laga nr. 23/1941 að svipta ákærða ökuleyfi 3 ár.

Ákærði skal greiða allan kostnað sakarinnar, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs talsmanns hans í héraði, 300 krónur, og málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 350 krónur til hvors.

Slys þetta varð 17. des. 1942. Framkvæmdu lögreglumenn þá þegar bráðabirgðarannsókn, en réttarrannsókn málsins hófst ekki fyrr en 8. febrúar 1943. Verður að átelja þann drátt, þar sem málið var svo alvarlegs eðlis og þarfnaðist skjótrar og rækilegrar rannsóknar.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Lúðvík Dalberg Þorsteinsson, sæti 60 daga varðhaldi og skal sviptur ökuleyfi 3 ár frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs talsmanns hans í héraði, Baldvins Jónssonar héraðsdómslögmanns, 300 krónur, og málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Guðmundar Í. Guðmundssonar og Jóns Ásbjörnssonar, 350 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 25. maí 1943.

Ár 1943, þriðjudaginn 25. maí, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var á skrifstofu réttarins Fríkirkjuvegi 11 af sakadómara Jónatan Hallvarðssyni, upp kveðinn dómur í málinu nr. 1123/1943: Réttvísin og valdstjórnin gegn Lúðvík Dalberg Þorsteinssyni.

Mál þetta, sem dómtekið var 12. apríl s. l., er samkvæmt fyrirlagi dómsmálaráðuneytisins í bréfi dagsettu 22. marz höfðað af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu gegn ákærðum, Lúðvík Dalberg Þorsteinssyni, til heimilis Hátúni 21, fyrir brot gegn XXIII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 1940 og bifreiðalögum nr. 23 1941.

Ákærður er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 29. apríl 1921 að Fremra-Hálsi í Kjós. Hann hefur áður sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1940 7/5 Sátt, 40 kr. sekt fyrir óspektir.
1940 26/5 Kærður fyrir ölvun. Fellt niður.
1941 22/2 Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun og árás.
1941 21/5 Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1941 29/9 Kærður fyrir ölvun á lokuðum dansleik. Fellt niður.
1942 15/4 Sátt, 20 kr. sekt fyrir brot á 3. mgr. 31. gr. lsþ. Rvíkur.

1942 ⅞ Sátt, 30 kr. sekt fyrir brot á 46. gr. lsþ. Rvíkur.
1942 ⅜12 Sátt, 50 kr. sekt fyrir of hraðan og gálausan akstur bifreiðar.
1943 17/1 Kærður fyrir ölvun á lokuðum dansleik. Fellt niður.

Málavextir eru sem hér segir:

Hinn 17. des. s. l. var ákærður á leið til Reykjavíkur eftir Suðurlandsbraut á bifreið sinni R 2047, sem er vörubifreið. Um kl. 16.10 ók hann fram hjá herbúðasvæðinu við Hálogaland. Veður var þá gott, og vegurinn, sem er þarna, steinsteyptur, þurr og auður. Er ákærður var kominn um 24 metra norður fyrir hliðið á herbúðasvæðinu, mætti hann herbifreið með mjög skærum ljósum. Ákærður segir, að ljósin hafi blindað sig og hafi hann þá stigið af benzíngjöfinni til að draga úr hraðanum, sem ákærður telur þá hafa verið um 35—40 km, miðað við klukkustund.

Í sömu svifum varð maður fyrir R 2047 og féll í götuna. Fullyrðir ákærður, að maður þessi hafi verið á leið frá hægri suður yfir veginn. Ákærður fann, að vinstra framhjól bifreiðarinnar fór yfir manninn, og hemlaði hann þá bifreið sína og fór út úr henni. Lá maðurinn þá fyrir aftan bifreiðina, og sneri höfuð hans inn á veginn. Vinstra ljósker bifreiðarinnar hafði brotnað við áreksturinn. Í þessu bar að bifreiðina R 2562, og flutti bifreiðarstjóri hennar manninn í Landsspítalann. Var hann þá dáinn. Maðurinn reyndist vera Sveinn G. Sveinsson bakari, Kjartansgötu 1. Hafði hann hlotið mikla áverka á höfði og víðar. Próf. Niels Dungal, sem gerði réttarkrufningu á líkinu, telur, að áverkarnir hafi verið svo miklir, að hann hafi dáið svo að segja samstundis.

Við skoðun á R 2047, sem Viggó Eyjólfsson bifreiðaeftirlitsmaður framkvæmdi daginn eftir slysið að tilhlutan rannsóknarlögreglunnar, reyndist bifreiðin vera í góðu lagi að öðru leyti en því, að fóthemlar hennar, sem eru vökvahemlar, verkuðu ekki fullkomlega, nema stigið væri tvisvar eða þrisvar á fótstigið. Ákærður hafði um hádegi daginn, sem slysið varð, lagað hemlana, sem þá voru farnir að verka illa, dælt af þeim loftinu og bætt á þá glycerini. Segir ákærður hemlana eftir þá aðgerð hafa reynzt sæmilega góða. Ákærður heldur því fram, að það, hve hann hemlaði skyndilega, er slysið varð, hafi valdið bilun á hemlunum, en eigi verður talið líklegt, að hemlarnir hefðu við það bilað með þeim hætti, sem hér um ræðir.

Ákærður segist ekki hafa séð Svein heitinn fyrr en rétt í því, er hann varð undir bifreiðinni, og hafi hann þá þegar hemlað hana. Þegar hann kom út úr bifreiðinni, telur hann, að Sveinn hafi legið um 3 metra frá afturenda vörupalls. Virðast hemlarnir ekki samkvæmt þessu hafa verið sem öflugastir. Ákærður man ekki, hvort hann steig einu sinni eða tvisvar á fótstigið.

Ákærður kveðst hafa ekið vel úti á vinstri brún vegarins, er slysið varð. Vitnið Jónatan Ágúst Helgason, sem var farþegi í bif-

reiðinni R 1743, hefur borið, að svo hafi verið. Bæði nefndu vitni og Þorláki Þórðarsyni bifreiðarstjóra á R 1743, sem einnig hefur verið leiddur sem vitni, ber saman um, að herbifreiðin, sem þeir mættu, hafi haft ákaflega skær ljós. Framburður þeirra varðandi hraða R 2047, er slysið varð, kemur og fyllilega heim við það, sem ákærður hefur skýrt frá um það efni.

Það verður ekki talið, að ákærði hafi með athöfnum sínum í sambandi við akstur og stjórn bifreiðarinnar umrætt skipti brotið bifreiðalögin, að öðru leyti en því, að hemlar bifreiðarinnar voru ekki í fullkomnu lagi, að því er telja verður upplýst, og varðar það ákærða við 5. gr., 2. mgr., sbr. 38. gr. nefndra laga. Hins vegar þykir ekki fullyrðandi, að ákærða hefði tekizt að forða slysi, þó hemlar hefðu verið í fullkomnu lagi, og verður honum því eigi gefin refsiverð sök á slysinu. Ber því að sýkna hann af ákæru réttvísinnar í máli þessu.

Refsing ákærða fyrir ofangreint bifreiðalagabrot þykir hæfilega ákveðin 400 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 20 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hdm. Baldvins Jónssonar kr. 300.00.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Lúðvík Dalberg Þorsteinsson, greiði til ríkissjóðs 400 króna sekt innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, en ella komi í stað sektarinnar varðhald í 20 daga.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hdm. Baldvins Jónssonar, kr. 300.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 17. janúar 1944.

Nr. 93/1943. **Réttvísin og valdstjórnin**
(Kristján Guðlaugsson)
gegn
Guðmundi Ragnari Magnússyni
(Lárus Jóhannesson).

Brot gegn valdstjórn. Ölvun.

Dómur hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms þykir rétt að staðfesta hann, þó svo, að fangelsisvist ákærða verði 2 mánuðir.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 250 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að fangelsisvist ákærða verði 2 mánuðir.

Ákærði, Guðmundur Ragnar Magnússon, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Kristjáns Guðlaugssonar og Lárusar Jóhannessonar, 250 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 18. sept. 1943.

Ár 1943, laugardaginn 18. september, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í hegningarhúsinu af Jónatan Hallvarðssyni sakadómara, uppkveðinn dómur í málinu nr. 2216/1943: Réttvísin og valdstjórnin gegn Guðmundi Ragnari Magnússyni, sem tekið var til dóms 17. sama mánaðar.

Mál þetta er af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Guðmundi Ragnari Magnússyni sjómanni, til heimilis í Kálfakoti við Laufásveg hér í bæ, nú gæzlufanga í hegningarhúsinu hér, fyrir brot gegn XII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, áfengislögum nr. 33 9. janúar 1935 og lögreglusamþykkt Reykjavíkur.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 5. september 1900, og hefur, svo kunnugt sé, sætt þessum kærum og refsingum:

1920 1/6 Sætt, sekt 50 kr. fyrir ölvun á almannafæri.
1921 1/2 Sætt, sekt 50 kr. fyrir ölvun á almannafæri.
1922 6/1 Sætt, sekt 60 kr. fyrir ölvun á almannafæri.
1932 25/4 Sætt, sekt 60 kr. fyrir sama og mótþróa við lögregluna.
1932 23/11 Sætt, sekt 50 kr. fyrir ölvun á almannafæri.
1932 17/12 Sætt, sekt 80 kr. fyrir ölvun á almannafæri.
1932 24/12 Sætt, sekt 50 kr. fyrir ölvun á almannafæri.
1932 31/12 Sætt, sekt 200 kr. fyrir ölvun og vinnautn í veitingahúsi.
1933 25/1 Sætt, sekt 50 kr. fyrir ölvun á almannafæri.
1933 1/2 Sætt, sekt 100 kr. fyrir ölvun á almannafæri.
1933 18/4 Sætt, sekt 50 kr. fyrir ölvun á almannafæri.
1933 13/5 Sætt, sekt 50 kr. fyrir ölvun á almannafæri.
1933 16/5 Sætt, sekt 50 kr. fyrir ölvun á almannafæri.
1933 21/5 Sætt, sekt 50 kr. fyrir ölvun á almannafæri.
1933 28/5 Sætt, sekt 50 kr. fyrir ölvun á almannafæri.
1933 9/6 Sætt, sekt 50 kr. fyrir ölvun á almannafæri.
1933 14/6 Sætt, sekt 50 kr. fyrir ölvun á almannafæri.
1933 10/9 Sætt, sekt 50 kr. fyrir ölvun á almannafæri.
1933 25/9 Sætt, sekt 50 kr. fyrir ölvun á almannafæri.
1933 7/11 Sætt, sekt 50 kr. fyrir ölvun á almannafæri.
1933 20/11 Sætt, sekt 50 kr. fyrir ölvun á almannafæri.
1933 21/12 Sætt, sekt 50 kr. fyrir ölvun á almannafæri.
1934 1/1 Sætt, sekt 50 kr. fyrir ölvun á almannafæri.
1934 7/1 Sætt, sekt 50 kr. fyrir ölvun á almannafæri.
1934 23/2 Sætt, sekt 50 kr. fyrir ölvun á almannafæri.
1934 24/2 Sætt, sekt 50 kr. fyrir ölvun og óhlýðni við lögregluna.
1934 23/3 Sætt, sekt 50 kr. fyrir ölvun á almannafæri.
1934 25/3 Sætt, sekt 50 kr. fyrir sama.
1934 3/4 Sætt, sekt 50 kr. fyrir sama.
1934 2/5 Sætt, sekt 50 kr. fyrir sama.
1934 3/5 Dómur lögregluréttar Reykjavíkur: 40 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir brot gegn 5. og 16. sbr. 36. gr. áfengislaganna, 3., 7. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur og 101. gr. alm. hegningarlaga frá 1869. Áfrýjað. Staðfest í hæstarétti 12/12 1934.
1934 10/5 Sætt, sekt 50 kr. fyrir ölvun á almannafæri.
1934 24/6 Sætt, sekt 50 kr. fyrir sama.
1934 7/10 Sætt, sekt 75 kr. fyrir sama.
1934 21/10 Sætt, sekt 50 kr. fyrir sama.
1934 5/12 Sætt, sekt 50 kr. fyrir sama.
1935 8/3 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1935 1/5 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.

1935 1/5 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1935 9/5 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1935 16/5 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1935 24/5 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1935 30/5 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1935 27/9 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1935 2/10 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1935 6/11 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1935 10/11 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1935 3/12 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1935 18/12 Kærður fyrir ölvun. Ekki talin ástæða til málshöfðunar.
1935 20/12 Sætt, sekt 25 kr. fyrir ölvun á almannafæri.
1936 18/1 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1936 25/1 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1936 27/1 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1936 29/1 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1936 4/2 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1936 7/2 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1936 13/2 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1936 4/3 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1936 23/3 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1936 29/3 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1936 17/9 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1936 23/9 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1936 8/11 Sætt, sekt 100 kr. fyrir sama.
1936 13/11 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1936 16/11 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1936 12/12 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1937 11/3 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1937 18/3 Kærður fyrir ölvun innanhúss. Látið falla niður.
1937 24/3 Sætt, sekt 25 kr. fyrir ölvun á almannafæri.
1937 13/4 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1937 5/5 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1937 17/10 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1937 22/10 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1937 13/11 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1937 9/12 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1937 24/12 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1938 1/1 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1938 22/1 Sætt, sekt 25 krónur fyrir sama.
1938 15/5 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1938 4/6 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1938 5/6 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1938 20/10 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1938 28/10 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.

1938 $^{3}/_{10}$ Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1938 $^{1}/_{11}$ Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1938 $^{1}/_{11}$ Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1938 $^{2}/_{11}$ Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1938 $^{2}/_{11}$ Kærður fyrir ölvun. Látið falla niður.
1938 $^{1}/_{12}$ Sátt, sekt 25 kr. fyrir ölvun á almannafæri.
1938 $^{1}/_{12}$ Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1939 $^{1}/_{1}$ Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1939 $^{2}/_{1}$ Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1939 $^{2}/_{3}$ Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1939 $^{3}/_{3}$ Kærður fyrir heimilisleysi. Látið falla niður.
1939 $^{5}/_{4}$ Sátt, sekt 25 kr. fyrir ölvun á almannafæri.
1939 $^{2}/_{4}$ Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1939 $^{3}/_{4}$ Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1939 $^{3}/_{5}$ Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1939 $^{5}/_{5}$ Kærður fyrir ölvun innanhúss. Látið falla niður.
1939 $^{1}/_{5}$ Sátt, sekt 25 kr. fyrir ölvun á almannafæri.
1939 $^{1}/_{5}$ Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1939 $^{1}/_{11}$ Kærður fyrir ölvun. Fellt niður.
1939 $^{1}/_{12}$ Sátt, sekt 25 kr. fyrir ölvun á almannafæri.
1939 $^{1}/_{12}$ Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1940 $^{8}/_{1}$ Sátt, sekt 50 kr. fyrir brot á 17. gr. áfengisl.
1940 $^{9}/_{1}$ Sátt, sekt 25 kr. fyrir ölvun á almannafæri.
1940 $^{9}/_{2}$ Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1940 $^{2}/_{2}$ Sátt, sekt 50 kr. fyrir sama.
1940 $^{2}/_{2}$ Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1940 $^{2}/_{3}$ Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1940 $^{3}/_{3}$ Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1940 $^{3}/_{4}$ Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1940 $^{2}/_{4}$ Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1940 $^{3}/_{5}$ Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1940 $^{5}/_{5}$ Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1940 $^{15}/_{5}$ Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1940 $^{5}/_{6}$ Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1940 $^{8}/_{6}$ Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1940 $^{1}/_{6}$ Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1940 $^{9}/_{7}$ Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1940 $^{1}/_{7}$ Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1940 $^{27}/_{7}$ Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1940 $^{5}/_{8}$ Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1940 $^{7}/_{8}$ Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1940 $^{15}/_{9}$ Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1940 $^{17}/_{9}$ Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1940 $^{18}/_{9}$ Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1940 $^{1}/_{9}$ Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.

1940 $^{2}/_{8}$ Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1940 $^{2}/_{9}$ Kærður fyrir ölvun innanhúss. **Fellt niður.**
1940 $^{1}/_{10}$ Sátt, sekt 25 kr. fyrir ölvun á almannafæri.
1940 $^{5}/_{10}$ Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1940 $^{9}/_{10}$ Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1940 $^{12}/_{10}$ Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1940 $^{11}/_{11}$ Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1940 $^{12}/_{11}$ Sátt, sekt 100 kr. fyrir sama.
1940 $^{23}/_{11}$ Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1940 $^{3}/_{12}$ Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1941 $^{2}/_{1}$ Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1941 $^{3}/_{1}$ Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1941 $^{6}/_{1}$ Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1941 $^{11}/_{1}$ Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1941 $^{17}/_{1}$ Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1941 $^{19}/_{1}$ Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1941 $^{21}/_{1}$ Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1941 $^{25}/_{1}$ Kærður fyrir ölvun. **Fellt niður.**
1941 $^{30}/_{1}$ Sátt, sekt 25 kr. fyrir ölvun á almannafæri.
1941 $^{2}/_{2}$ Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1941 $^{4}/_{2}$ Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1941 $^{15}/_{2}$ Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1941 $^{21}/_{3}$ Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1941 $^{1}/_{4}$ Kærður fyrir ölvun innanhúss. **Fellt niður.**
1941 $^{16}/_{4}$ Sátt, sekt 25 kr. fyrir ölvun á almannafæri.
1941 $^{20}/_{4}$ Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1941 $^{26}/_{4}$ Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1941 $^{6}/_{5}$ Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1941 $^{7}/_{5}$ Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1941 $^{11}/_{5}$ Kærður fyrir ölvun (meint brot). **Fellt niður.**
1941 $^{13}/_{5}$ Sátt, sekt 25 kr. fyrir ölvun á almannafæri.
1941 $^{14}/_{5}$ Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1941 $^{15}/_{5}$ Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1941 $^{20}/_{5}$ Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1941 $^{24}/_{6}$ Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1941 $^{18}/_{7}$ Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1941 $^{20}/_{7}$ Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1941 $^{23}/_{7}$ Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1941 $^{12}/_{8}$ Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1941 $^{8}/_{9}$ Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1941 $^{24}/_{9}$ Dómur lögregluréttar Reykjavikur, 500 kr. sekt fyrir ölvun. Staðfest í hæstarétti $^{25}/_{2}$ 1942.
1941 $^{3}/_{10}$ Sátt, sekt 25 kr. fyrir ölvun á almannafæri.
1941 $^{16}/_{10}$ Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1941 $^{21}/_{10}$ Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.

1941 25/10 Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1941 19/11 Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1941 20/11 Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1941 23/11 Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1941 24/11 Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1941 25/11 Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1941 30/11 Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1941 3/12 Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1941 4/12 Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1941 10/12 Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1941 14/12 Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1941 20/12 Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1941 24/12 Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1941 30/12 Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1942 4/1 Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1942 6/1 Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1942 16/1 Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1942 24/1 Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1942 27/1 Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1942 2/2 Sátt, sekt 40 kr. fyrir sama.
1942 4/2 Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1942 14/2 Sátt, sekt 40 kr. fyrir sama.
1942 23/2 Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1942 28/2 Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1942 18/3 Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1942 16/3 Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1942 29/3 Sátt, sekt 40 kr. fyrir sama.
1942 3/6 Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1942 6/6 Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1942 10/6 Sátt, sekt 40 kr. fyrir sama.
1942 29/6 Sátt, sekt 40 kr. fyrir sama.
1942 1/7 Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1942 5/7 Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1942 9/7 Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1942 4/9 Kærður fyrir óspektir á kaffihúsinu Hvoli. Afgr. til dómsmálaráðuneytisins til fyrirsagnar.
1942 26/10 Sátt, sekt 150 kr. fyrir ölvun á almannafæri.
1942 14/12 Sátt, sekt 50 kr. fyrir sama.
1942 18/12 Sátt, sekt 50 kr. fyrir sama.
1942 20/12 Sátt, sekt 50 kr. fyrir sama.
1942 23/12 Sátt, sekt 50 kr. fyrir sama.
1943 5/1 Sátt, sekt 50 kr. fyrir sama.
1943 13/1 Sátt, sekt 50 kr. fyrir sama.
1943 28/1 Sátt, sekt 50 kr. fyrir sama.
1943 3/2 Sátt, sekt 50 kr. fyrir sama.

1943 18/2 Sátt, sekt 50 kr. fyrir sama.
1943 5/3 Sátt, sekt 50 kr. fyrir sama.
1943 11/3 Sátt, sekt 50 kr. fyrir sama.
1943 15/3 Sátt, sekt 50 kr. fyrir sama.
1943 31/3 Sátt, sekt 50 kr. fyrir sama.
1943 8/4 Sátt, sekt 50 kr. fyrir sama.
1943 17/4 Sátt, sekt 50 kr. fyrir sama.
1943 22/4 Sátt, sekt 50 kr. fyrir sama.
1943 28/4 Sátt, sekt 50 kr. fyrir sama.
1943 5/5 Sátt, sekt 75 kr. fyrir sama.
1943 19/5 Sátt, sekt 50 kr. fyrir sama.
1943 1/6 Sátt, sekt 50 kr. fyrir sama.
1943 8/6 Sátt, sekt 50 kr. fyrir sama.
1943 9/6 Sátt, sekt 50 kr. fyrir sama.
1943 19/6 Sátt, sekt 50 kr. fyrir sama.
1943 19/6 Sátt, sekt 50 kr. fyrir sama.
1943 3/7 Sátt, sekt 50 kr. fyrir sama.
1943 9/7 Sátt, sekt 50 kr. fyrir sama.
1943 3/8 Sátt, sekt 50 kr. fyrir sama.
1943 5/8 Sátt, sekt 50 kr. fyrir sama.
1943 21/8 Sátt, sekt 50 kr. fyrir sama.
1943 25/8 Sátt, sekt 50 kr. fyrir sama.
1941 1/10 Hafnarf. Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1938 9/9 Siglufj. Sátt, 30 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

Laugardaginn 28. f. m. var beðið um lögregluaðstoð á veitingastofuna Herðubreið. Tveir lögregluþjónar fóru þangað. Er þeir komu þangað, var ákærður þar inni, og óskuðu afgreiðslustúlkur veitingastofunnar þess, að hann yrði fjarlægður. Ákærður var að sögn lögregluþjónanna allt að því útúrdrukkinn og reikull í gangi. Ákærður man ekki ástand sitt á þessum tíma vegna þess, hve ölvaður hann var, en hann kveðst hafa verið mjög ölvaður þennan dag og hafa drukkið svokallaðan „hristing", þ. e. a. s. hárvötn blönduð öli og þess háttar. Lögregluþjónarnir leiddu kærðan á lögreglustöðina. Þar ákvað varðstjórinn að láta ákærðan í fangageymslu lögreglunnar í kjallara lögreglustöðvarinnar. Sömu lögregluþjónarnir sem handtóku ákærðan, færðu hann nú í klefa nr. 2 í fangageymslunni og lokuðu hann þar inni. Varðhaldsklefa þessum og öðrum klefum fangageymslunnar er lokað utan frá með tveimur rennilokum, annarri að ofan og hinni að neðan, og er á hinni efri umbúnaður, sem varnar því, að lokan hrökkvi til baka, þó að hurðin sé barin eða skekin. Lykil þarf ekki til að opna hurðir þessar, og eru þær auðopnaðar utan frá.

Þennan sama dag voru aðrir, sem handteknir höfðu verið vegna ölvunar, settir í aðra varðhaldsklefa í fangageymslunni, þar á meðal Guðjón nokkur Ermenreksson í klefa nr. 1. Um kl. 6 síðdegis ósk-

aði faðir Guðjóns þess, að Guðjón yrði ekki látinn laus úr varðhaldinu fyrr en næsta morgun sökum þess, að hann væri mjög æstur með víni heima hjá sér. Um kl. 9 síðdegis kom sami maður á lögreglustöðina og tilkynnti, að Guðjón hefði komið heim til sín um kl. 8 síðdegis og sagt frá því, að ákærður hefði brotizt út úr varðhaldsklefanum og hleypt sér út um leið. Þrír lögregluþjónar fóru nú niður í fangageymsluna og sáu, að klefi nr. 2 var brotinn niður með dyrastafnum, svo að unnt var að opna hann innan frá. Við nánari athugun kom í ljós, að klefar nr. 1 og 3 voru opnir og mannlausir og klefi nr. 4 opinn í hálfa gátt, en fanginn kyrr þar inni.

Ákærður hefur skýrt svo frá, að hann hafi sofnað í klefanum, en vaknað síðar um daginn eða kvöldið — hann er mjög óviss um, hvað tíma leið — og var þá þjáður af þorsta, en ekkert vatn var í klefanum. Lögregluþjónarnir, sem færðu ákærðan í klefann, gættu ekki að, hvort vatn var þar, og mun hafa láðst að færa ákærðum vatn þangað. Ákærður barði nú og lamdi alllengi í klefahurðina til að gera vart við sig, en enginn sinnti honum. Hann ákvað þá að brjótast út úr klefanum, og í þeim tilgangi braut hann klefaþilið við dyrakarminn bæði að ofan og neðan. Smeygði hann síðan höndunum út um götin og náði þannig að draga lokurnar frá hurðinni og opna þannig dyrnar. Hann fór nú út úr klefanum og dró síðan lokur frá þremur öðrum klefum í fangageymslunni og opnaði þá fyrir föngum þeim, sem í þeim voru. Segir ákærður tvo fangana hafa með köllum beðið sig að opna klefa þeirra, en ósannað er, að svo hafi verið. Ákærður skipti sér ekki af því, hvort fangarnir færu út úr klefunum, heldur hélt áfram út. Fór hann inn í veitingastofu eina og fékk sér mat og drykk. Hann kveðst ekki hafa verið beinlínis drukkinn, þegar hann brauzt út úr klefanum, en rykaður eftir drykkjuna um daginn.

Með því að vera hneykslanlega ölvaður á almannafæri hefur ákærður brotið 18. sbr. 38. gr. áfengislaga nr. 33 1935 og 7. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur nr. 2 1930. Með því að opna varðhaldsklefana fyrir hinum föngunum hefur hann gerzt brotlegur við 111. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 1940. Þykir refsing hans með hliðsjón af 77. gr. hegningarlaganna hæfilega ákveðin fangelsi í 3 mánuði. Rétt þykir að ákveða, að gæzluvarðhald ákærða komi til frádráttar refsingunni, sbr. 76. gr. hegningarlaganna, en í gæzluvarðhaldi hefur hann verið frá 30. ágúst s. l.

Að tilhlutun réttarins hefur Alfred Gíslason, sérfræðingur í tauga- og geðsjúkdómum, skoðað ákærðan og látið í té álitsgerð um hann. Samkvæmt álitsgerðinni er niðurstaða læknisins um ákærðan þessi:

„Hann er hvorki fáviti né geðveikur. Áberandi geðveila (psychopathi) verður ekki með vissu greind. Aftur á móti hefur

hann um liðlega 20 ára skeið neytt áfengis í talsverðum mæli, og hefur sú hneigð, einkum síðustu árin, leitt hann til taumlausrar ofdrykkju (alcoholismus chronicus).

Horfurnar á, að hann óstuddur og af eigin rammleik geti unnið bug á drykkjuhneigð sinni, tel ég sáralitlar. Hið líklegasta honum til hjálpar í því efni verður að teljast dvöl á drykkjumannahæli og hún í eigi skemmri tíma en 12—18 mánuði.

Einkenni líkamlegra sjúkdóma finnast ekki hjá honum önnur en þau, er langvinn áfengisneyzla veldur."

Ferill ákærða hefur verið slíkur, að þess virðist engin von, að hann geti í framtíðinni haft hemil á drykkjufýsn sinni, ef ekki er að gert. Með hliðsjón af áliti læknisins þykir því rétt skv. 65. gr. hegningarlaganna að ákveða, að hann skuli, að hinni ídæmdu refsingu afstaðinni, lagður á drykkjumannahæli til lækningar í allt að 18 mánuði. Ákærður greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrl. Lárusar Jóhannessonar, kr. 200.00.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Ákærður, Guðmundur Ragnar Magnússon, sæti fangelsi í 3 mánuði, en gæzluvarðhald hans komi til frádráttar refsingunni.

Ákærður skal, að refsingunni afstaðinni, dvelja á drykkjumannahæli til lækningar í allt að 18 mánuði.

Ákærður greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrl. Lárusar Jóhannessonar, kr. 200.00.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 21. janúar 1944.

Nr. 69/1943. **Júlíus Guðmundsson** (Gunnar Þorsteinsson)
gegn
Steindóri Einarssyni (Sigurgeir Sigurjónsson).
Eignarkvöð.

Dómur hæstaréttar.

Hinn áfrýjaða dóm hafa uppkveðið dómendur merkjadóms Reykjavíkur, þeir Lárus Fjeldsted hæstaréttarlögmaður og Ólafur Lárusson prófessor, en einn dómendanna, Sigurður Thoroddsen yfirkennari, gerði sératkvæði.

Áfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 22. júlí f. á., skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 30. s. m. Krefst hann þess, að stefndi verði að viðlögðum 200 króna dagsektum, dæmdur til þess að taka steypumót brott af steingarði þeim, sem er á milli lóðar áfrýjanda, nr. 29 við Framnesveg, og lóðar stefnda, nr. 31 við Framnesveg. Svo krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Eftir að héraðsdómur gekk, hefur áfrýjandi aflað sér vottorða frá nokkrum ódómkvöddum mönnum um gróðurspjöll í garði áfrýjanda og önnur óþægindi, er fyrirhuguð hækkun á steingarði þeim, er í málinu greinir, mundi hafa í för með sér. Með vottorðum þessum verður eigi talið sannað, að hækkun garðsins valdi áfrýjanda verulegum óhægindum. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta sýknuákvæði hans.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir báðum dómum falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Steindór Einarsson, skal vera sýkn af kröfum áfrýjanda, Júlíusar Guðmundssonar, í máli þessu. Málskostnaður í héraði og fyrir hæstarétti fellur niður.

Dómur merkjadóms Reykjavíkur 21. maí 1943.

Hinn 21. maí 1927 gerðist svofelld sætt milli stefnda í máli þessu, Steindórs Einarssonar, sem eiganda eignarinnar Skuldar við Framnesveg, hér í bænum, nú Framnesvegur 31, annars vegar og hins vegar Árna Th. Péturssonar fyrir hönd eiganda Litla Steinsholts, nú Framnesvegur 29 og Holtsgötu 25, að stefndur skuldbatt sig til að steypa steinsteypugarð á milli lóðanna, og skyldi hann vera 10 tommur á þykkt og minnst 2½ alin á hæð fyrir ofan jörð. Garðurinn skyldi allur standa á lóð litla Steinholts, og er komizt svo að orði í sáttinni, að eigendur Litla Steinsholts skuli hafa not af garði þessum, og komi sá notaréttur í staðinn fyrir lóðarræmu nokkra, er stefndur fékk til eignar með sættinni. Garðurinn skyldi

fullgerður í síðasta lagi um áramót 1927—1928. Stefndur virðist hafa látið steypa garðinn innan hins tilskilda tíma, og er hæð garðsins frá jörð, samkv. mælingu byggingarfulltrúans í Reykjavík, frá 1,67 m til 1,90 m. Sumarið 1940 lét stefndur setja steypumót ofan á garðinn og hugðist að hækka hann. Stefnandi, sem þá var orðinn eigandi að eigninni nr. 29 við Framnesveg, taldi stefnda óheimilt að hækka garðinn án samþykkis síns, og fór hann, ásamt eiganda eignarinnar nr. 25 við Holtsgötu, þess á leit við byggingarnefndina, með bréfi dags. 21. okt. 1940, að hún léti stöðva það, að stefndur byggði ofan á garðinn. Leiddi þessi kæra þeirra til þess, að byggingarfulltrúinn stöðvaði framkvæmd verksins, og hefur því eigi verið haldið áfram síðan, en steypumótin eru enn á veggnum.

Stefnandi höfðaði því næst mál gegn stefndum fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu dags. 27. jan. 1942, til þess að fá hann dæmdan til að taka steypumótin ofan af garðinum. Var málið dæmt í bæjarþinginu hinn 26. maí 1942, og skaut stefndi þeim dómi til hæstaréttar, og urðu þau málalok þar með dómi hæstaréttar 31. marz 1943, að hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð voru dæmd ómerk og málinu vísað frá héraðsdómi.

Mál þetta var því næst höfðað fyrir merkjadóminum með stefnu dómsins dags. 1. apríl 1943, og féll það í rétt hinn 6. apríl. Var það tekið til dóms 13. s. m., en endurupptekið samkvæmt ósk umboðsmanna beggja aðilja og með samþykki dómsins hinn 20. apríl og síðan dómtekið að nýju hinn 30. apríl.

Í málinu hefur stefnandi gert þær dómkröfur, að stefndur verði dæmdur til að viðlögðum dagsektum, að upphæð kr. 200.00, að taka steypumót af steingarði þeim, sem er á milli lóðar stefnanda, Framnesvegar 29, og lóðar stefnda nr. 31 við Framnesveg, svo og til þess að greiða sér hæfilegan málskostnað eftir mati dómsins.

Stefndur hefur af sinni hálfu aðallega krafizt algerrar sýknu af kröfum stefnanda, en til vara þess að verða sýknaður af kröfum stefnanda gegn skuldbindingu um að hækka ekki garðinn um meira en 40 cm frá því, sem hann nú er. Loks krefst hann þess, að stefnandi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað eftir mati réttarins, hvernig sem málið fer.

Með umgetinni sátt frá 21. maí 1927 verður að telja, að stefndi hafi ekki aðeins tekið á sig skyldu til að láta gera hinn umrædda garð, heldur öðlazt rétt til að láta gera hann og til að hafa hann á lóð stefnanda. Með tilliti til þessa, og þar sem garðurinn er til hagsbóta einnig fyrir stefndan, verður að telja, að hann hafi sjálfstæðan rétt til að hækka garðinn á sitt eindæmi, innan þeirra takmarka, er sáttin og réttarsamband aðilja að öðru leyti kann að setja þeim rétti hans. Í sáttinni var það gert að skilyrði af hálfu þáverandi eiganda lóðar stefnanda, að garðurinn skyldi vera minnst 2½ alin á hæð fyrir ofan jörð. Aftur á móti er þar ekkert ákveðið um það,

hvað garðurinn megi vera hæstur. Samkvæmt mælingu byggingarfulltrúans er hæð mótaborða þeirra, er stefndur hefur sett á garðinn, að meðaltali 68,5 cm upp fyrir garðinn, og með tilliti til staðhátta verður eigi talið, að slík hækkun á garðinum valdi stefnanda svo miklum óþægindum, að stefndum af þeirri ástæðu sé óheimilt að framkvæma hana.

Af þessum ástæðum, og með því að stefndur verður eigi talinn hafa glatað rétti sínum til að hækka garðinn, þótt hann gerði hana í fyrstu ekki hærri en hann nú er, verður að sýkna stefndan af kröfum stefnanda í máli þessu og dæma stefnanda til að greiða honum 200 kr. í málskostnað fyrir merkjadómi.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Steindór Einarsson, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Júlíusar Guðmundssonar, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefndum málskostnað í merkjadómi með 200 kr. innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.

Lárus Fjeldsted. Ólafur Lárusson.

Sigurður Thoroddsen yfirkennari hefur ekki getað fallizt á þessa dómsniðurstöðu meiri hluta dómenda, en óskað, að svofellt ágreiningsatkvæði hans sé fært í dómabókina.

Í umgetinni sætt frá 21. maí 1927 er tekið fram, að garðurinn skyldi fullgerður í síðasta lagi um áramótin 1927—1928 og vera minnst 2½ alin á hæð frá jörðu. Þessum skilyrðum báðum hefur, að því er virðist, verið fullnægt, hæð garðsins 1,67 m (2 álnir 16 þuml.) — 1,90 m (3 álnir 1 þuml.), sjálfsagt eftir samkomulagi milli aðilja. Þar með er það mál útkljáð. Garðurinn byggður á tilsettum tíma og hæðin ákveðin. Eftir þann tíma hefur stefndi ekki leyfi til — allra sízt eftir 12—15 ár — að hækka garðinn, nema með samkomulagi við hinn aðiljana, er að sættinni stóðu.

Af þessum ástæðum verður að taka kröfur stefnanda til greina, að stefndi taka steypumótin af steingarði þeim, sem er á milli lóðar stefnanda, Framnesvegar nr. 29, og lóðar stefnda, Framnesveg nr. 31, að viðlögðum 200 kr. dagsektum, og að stefndur greiði stefnanda 200 kr. í málskostnað fyrir merkjadómi.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Steindór Einarsson, skal, að viðlögðum 200 kr. dagsektum, taka burtu steypumótin af steingarði þeim, sem er á milli lóðar stefnanda nr. 29 við Framnesveg og lóðar stefnda nr. 31 við Framnesveg.

Stefndur greiði stefnanda í málskostnað fyrir merkjadómi kr. 200 innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.

Sig. Thoroddsen.

Föstudaginn 21. janúar 1944.

Kærumálið nr. 2/1944. **Jón Símonarson og Óskar Th. Jónsson**
gegn
Guðmundi Gíslasyni.

Ómerking vegna galla á málsmeðferð.

Dómur hæstaréttar.

Með kæru 17. des. f. á., sem hingað barst 8. þ. m., hafa sóknaraðiljar skotið til hæstaréttar úrskurði fógetaréttar Reykjavíkur, uppkveðnum sama dag af Benedikt Sigurjónssyni fulltrúa. Krefjast sóknaraðiljar þess, að framangreindum úrskurði verði hrundið og allar kröfur þeirra fyrir fógetarétti verði teknar til greina. Svo krefjast þeir og kærumálskostnaður úr hendi varnaraðilja. Hæstarétti hafa hvorki borizt kröfur né greinargerð frá varnaraðilja.

Sóknaraðiljar kröfðust þess upphaflega fyrir fógeta 13. desember 1943, að aðför færi fram samkvæmt dómi merkjadóms Reykjavíkur, uppkveðnum 13. nóvember f. á., en er lögð var fram fyrir fógeta áfrýjunarstefna þess dóms, kröfðust sóknaraðiljar þess, að þeim væri með innsetningargerð heimiluð umferð um lóðina nr. 14 við Bræðraborgarstíg að lóð þeirra nr. 16 við sama stíg. Fógeti kvað ekki á um það, hvort fógetagerðin skyldi fram fara, eins og honum bar skylda til, heldur frestaði hann gerðinni, unz dómur hæstaréttar væri genginn í merkjadómsmálinu. Þar sem þessi meðferð málsins er löglaus, verður að ómerkja hinn áfrýjaða úrskurð og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og úrskurðar um, hvort fógetagerðin skuli fram fara.

Málflytjandi sóknaraðilja, Einar Ásmundsson hæstaréttarlögmaður, hefur krafizt efnisdóms fyrir hæstarétti, enda þótt fógeti hafi ekki lagt efnislegan úrskurð á málið. Þar sem þessi galli er á kröfugerðinni og varnaraðili hefur ekki komið fyrir hæstarétt, þykir rétt, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera ómerkur og vísast málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar.

Málskostnaður fyrir hæstarétti fellur niður.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 17. desember 1943.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar 13. þ. m., hafa gerðarbeiðendur, Jón Simonarson og Óskar Th. Jónsson, krafizt, að opnuð verði með fógetavaldi girðing fyrir stíg á lóðinni nr. 14 við Bræðraborgarstíg hér í bæ, en eigandi lóðar þeirrar er Guðmundur Gíslason.

Málavextir eru þeir, að með dómi merkjadóms Reykjavíkur, uppkveðnum 13. nóvember s. l., var ákveðið, að gerðarbeiðendur, sem eru eigendur lóðarinnar nr. 16 við Bræðraborgarstíg, ættu rétt til hindrunarlausrar umferðar um 2.5 m breiðan stíg á lóðinni nr. 14 við Bræðraborgarstíg næst lóðarmörkum. Svo virðist sem girt hafi verið fyrir stíg þennan af gerðarþola.

Er mál þetta var tekið fyrir hér í fógetaréttinum þann 13. þ. m., lét gerðarþoli mæta og sýndi réttinum áfrýjunarstefnu til hæstaréttar, þar sem nefndum dómi merkjadómsins er áfrýjað til breytingar, en málið skyldi takast fyrir í hæstarétti í janúarmánuði næstkomandi. Gerði gerðarþoli þær réttarkröfur, að gerðinni yrði frestað þar til dómur hæstaréttar væri genginn í málinu.

Gerðarbeiðendur mótmæltu fresti þessum og töldu, að áðurgreind áfrýjun frestaði ekki framkvæmd gerðarinnar, og kröfðust þess *aðallega* að gerðin færi þegar fram, en til *vara* að gerðin yrði framkvæmd þegar gegn tryggingu af þeirra hálfu, er rétturinn mæti gilda.

Af því, sem að framan greinir, er ljóst, að hin umbeðna fógetagerð byggist einungis á dómi merkjadóms. Þar sem honum hefur verið áfrýjað til hæstaréttar til breytingar með hæfilegum fresti, þá þykir verða að fresta gerðinni, þar til fengin eru úrslit málsins fyrir hæstarétti.

Því úrskurðast:

Gerð þessari er frestað, þar til genginn er dómur hæstaréttar í framangreindu máli.

Mánudaginn 24. janúar 1944.

Nr. 47/1943. **Dánarbú Karvels Jónssonar**
(Guðmundur Í. Guðmundsson)
gegn
Agli Ragnars (Gunnar J. Möller).

Skuldamál. Nauðasamningar. Ábyrgð.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóminn hefur uppkveðið Guðmundur Hannesson, bæjarfógeti á Siglufirði.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 19. apríl f. á., krefst þess aðallega, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða honum kr. 5654.50 með 5% ársvöxtum frá 4. sept. 1942 til greiðsludags, en til vara 21% af kr. 4508.56 að viðbættum 5% ársvöxtum frá 30. sept. 1936 til upphafs nauðasamninga, 20. okt. 1939, eða kr. 1088.64 ásamt 5% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst aðallega, að honum verði dæmt að greiða 21% af kr. 4508.56 eða kr. 946.80, en til vara kr. 1088.64 ásamt 5% ársvöxtum af hvorri upphæðinni, sem dæmd yrði, frá 4. sept. 1942 til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Það er ágreiningslaust, að hinn 30. sept. 1936 skuldaði áfrýjandi Óskari Halldórssyni útgerðarmanni kr. 4508.56, og skyldu vextir greiðast af skuld þessarri. Með yfirlýsingu 2. maí 1937 tók stefndi að sér greiðslu skuldarinnar og veðsetti áfrýjanda til tryggingar efndum af sinni hálfu 300 tómar síldartunnur og 50 tunnur af salti, er voru geymdar hjá þriðja manni, og átti áfrýjandi rétt á að fá veðið afhent, ef stefndi greiddi ekki skuldina fyrir 20. júlí 1937. Yfirlýsing þessi var ekki þinglesin, og ekki verður séð, að geymslumaður hafi haft vörzlur muna þessara fyrir áfrýjanda. Stofnuðust því með yfirlýsingunni hvorki sjálfsvörzluveð, handveð né önnur hlutbundin réttindi yfir framangreind-

um verðmætum. Hinn 20. október 1939 leitaði stefndi nauðasamninga við lánardrottna sína. Tókust þeir á þá leið, að stefndi skyldi greiða 21% af almennum kröfum, og voru samningarnir staðfestir í skiptarétti 31. marz 1940. Nauðasamningarnir náðu til kröfu áfrýjanda, enda þótt hann lýsti henni ekki eða hún kæmi á annan hátt fram meðan á samningunum stóð, sbr. 2. málsgr. 37. gr. laga nr. 19 frá 1924.

Átti því áfrýjandi sem almennur kröfuhafi rétt á að fá 21% af kröfu sinni, eins og hún var að viðbættum vöxtum við upphaf nauðasamninganna. Þessi hundraðshluti kröfunnar nemur samkvæmt reikningi umboðsmanna aðilja kr. 1088.64. Ber að dæma stefnda til að greiða þá fjárhæð ásamt vöxtum frá 13. apríl 1940, en þá var skuldin eindöguð samkvæmt nauðasamningunum.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að stefndi greiði áfrýjanda kr. 1200.00 í málskostnað fyrir báðum dómum.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Egill Ragnars, greiði stefnandanum, dánarbúi Karvels Jónssonar, kr. 1088.64 með 5% ársvöxtum frá 13. apríl 1940 til greiðsludags og kr. 1200.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Siglufjarðar 22. des. 1942.

Með stefnu, dags. 9. sept. s. l., krefst stefnandinn, Ingólfur Jónsson héraðsdómslögmaður Reykjavík fyrir hönd Karvels Jónssonar útgerðarmanns Ísafirði, að stefndur, Egill Ragnars síldarkaupm. Siglufirði, verði dæmdur til greiðslu á kr. 6719.15 með 5% vöxtum frá sáttakærudegi, 5. sept. s. l., 300 kr. í innheimtulaun og málskostnað eftir gjaldskrá M. F. Í. eða eftir mati, en í málflutningnum er málskostnaðar krafizt með kr. 879.34 eftir sundurliðuðum reikningi. Auk þess krefst stefnandi, að veð, sem stefndur setti fyrir skuldarviðskiptunum, verði dæmt í fullu gildi sem handveð, en til vara sem sjálfsvörzluveð. Stefnandi telur málavöxtu þessa:

Karvel Jónsson útgm. Ísafirði hafi skuldað Óskari Halldórssyni timbur í síldarverkunarstöð í Ingólfsfirði, er hann átti á félagi við

stefndan. Stefndur hafi svo keypt hluta Karvels í stöðinni vorið 1937 og lofað Karvel Jónssyni að greiða þessa skuld til Óskars Halldórssonar og veðsett Karvel Jónssyni 300 tómar síldartunnur og 50 tunnur fínt salt til tryggingar skuldinni, og er veðskjalið, dags. 2. maí 1937, lagt fram í máli þessu. Hina umstefndu skuld, kr. 6719.15, telur stefnandi tilkomna þannig:

Við septemberlok 1936 hafi Karvel Jónsson skuldað Óskari Halldórssyni kr. 4508.56. Þar við bætist svo 5% vextir frá 30. sept. 1936 til 30. okt. 1941, eða kr. 1145.94, málskostnaður í máli seljanda timbursins til bryggjunnar gegn Óskari Halldórssyni til greiðslu skuldar þessarar samkv. dóminum 600 kr., fjárnámskostnaður milli sömu aðilja, kr. 276.85, 5% vextir af upphæðinni frá 1. nóv. til 1. sept. 1942, kr. 187.80, er til samans nemi áminnztri stefnuupphæð. Hafi stefndur með veðskjalinu 2. maí 1937 ekki aðeins veðsett áminnstar tunnur og salt, er hann átti geymt hjá Alfons Jónssyni, heldur einnig lofað að afhenda Karvel hið veðsetta, sbr. orðin: „Þetta er geymt í lagerhúsi hr. Alfons Jónssonar Siglufirði og afhendist Karvel, ef inneign hr. Óskars Halldórssonar við Ingólfsfjarðarstöðina verður ekki greidd af mér á réttum tíma, eða ekki seinna en 20. júlí þ. á." Sé hér loforð stefnds um að afhenda hið veðsetta án dóms eða sáttar. Að vísu hafi stefndur gert nauðasamninga 1939, en stefndur hafi ekki lýst þessari skuld sinni við nauðasamningana, og bæði af því, að stefndur lýsti ekki skuld sinni þar, og af því, að skuld þessi var tryggð með veði og heyrði því ekki undir þá, enda skuldareiganda aldrei tilkynnt um nauðasamninginn, sem þó hefur verið skylt.

Stefndur telur, að hann hafi ábyrgzt greiðslu á kr. 4508.36, en án vaxta og kostnaðar, og málflutning stefnds er ekki hægt að skilja öðru vísi en svo, að hér sé ekki aðeins að ræða um ábyrgð hans, heldur að hann við kaup hans á hluta Karvels Jónssonar í Ingólfsfjarðarstöðinni hafi tekið að sér að greiða Óskari Halldórssyni umrædda skuld kr. 4508.36, lofað Karvel því. Stefndur telur hins vegar, að vextir þeir, er stefnandi hafi lagt á skuldina og málskostnaður og fjárnámskostnaður, er orsakazt hafi af því, að seljandi timburs hafi fengið dóm á Óskar Halldórsson fyrir skuldinni og gert fjárnám hjá honum, sé sér óviðkomandi. Það sé að vísu rétt, að umstefnda skuld hafi hann ekki gefið upp á skrá sinni til nauðasamninga, hann hafi gleymt því, af því að hann hafi búið til skrána utan síns heimilis, er hann hafði bækur sínar, en þar sem hafi verið gefin út innköllun skiparáðanda til skuldheimtumanna við nauðasamninga og skiptarétturinn staðfest nauðasamninga 13. marz 1940, án þess að skuldareigandi hafi lýst kröfunni í búið, sé skuldin, kr. 4508.36, burtu fallin, og krefst stefndur því sýknu af kröfum stefnanda, líka af málskostnaðar- og innheimtukröfunni, er hann einnig telur of háa, einkum fyrir það, að eigi megi reikna bæði innheimtu-

laun og málflutningslaun fyrir sömu kröfuna, og fyrir það, að stefnuvottar hafi innan kaupstaðar tekið bifreið til birtingar stefnunnar og krafið 7 kr. í bifreiðarkostnað. Stefndur krefst og, að stefnandi verði dæmdur til þess að greiða sér málskostnað eftir mati réttarins.

Í téðu veðsetningarskjali stefnds frá 2. maí 1937 stendur: „Ég undirritaður Egill Ragnars Siglufirði veðset hér með Karvel Jónssyni Ingólfsfirði 300 tómar síldartunnur (¼ tunnur), 50 tunnur fínt salt ...“ o. s. frv., eins og áður er tilkynnt um innihald skjalsins. Veðskjalið hefur því að innihaldi: a. m. k. veðsetningu og skuldbindingu um afhendingu veðsins. Veðskjalið hefur alls ekki að innihaldi handveðsetningu. Eins og kunnugt er, er handveð aðeins um að ræða, er veðhafinn hefur það í vörzlum sínum eða lætur aðra hafa vörzlu þess fyrir sína hönd. Hér er veðið í geymslu manns, sem veðhafinn hefur komið því í geymslu hjá, áður en það er veðsett. Slík varzla geymandans verður því að teljast sem varzla veðsalans, og að hér sé því aðeins að ræða um sjálfsvörzluveð, en ekki handveð. Orðin: „og afhendist Karvel ef ...“ sýna og, að tilætlunin er, að varzlan yfirfærist þá fyrst til veðhafans, ef inneign Óskars Halldórssonar greiðist ekki af stefnda, og jafnvel þótt það væri rétt hjá stefnanda, að tilætlunin hefði verið, að þá ætti Karvel að eignast veðið, sem þó virðist óeðlilegt, yrði veðsetningin 2. maí 1937 þar fyrir ekki handveðsskjal. Aftur á móti verður að telja skjalið veðsetningu sjálfsvörzluveðs, og skuldbindingu um að afhenda umrætt veð til handveðs, ef inneign Óskars Halldórssonar yrði ekki greidd af stefndum. Af þessu leiðir, að um stofnun og vernd veðs þessa fer sem um stofnun og vernd veðréttar í lausafé, eða m. ö. o. eftir ákvæðum 7. gr. veðlaga 18/1887, en af því leiðir, að þar sem veði þessu hefur ekki verið þinglýst í tæka tíð, ónýtist veðrétturinn, og krafa stefnanda verður almenn krafa, ef um sérstaka kröfu er að ræða, er liggur til grundvallar veðsetningunni. Hitt er þá annað mál, að eftir er að rannsaka, hvort skuldbinding stefnds um að „afhenda“ Karvel Jónssyni veðið sé ekki í fullu gildi enn. Á því er enginn efi, að veðskjalið hafði að innihalda þessa skuldbindingu, en telja verður, að slík skuldbinding fyrnist á 4 árum samkv. 1. lið 3. gr. laga 14/1905, og sé því fyrnd nú, enda myndi hún og vera fallin niður fyrir innköllun skiptaráðanda í búi stefnds, er það var tekið til nauðasamningameðferðar, 4. des. 1939, og nauðasamningar staðfestir 13. marz 1940. Þar sem krafan er ekki hlutaréttar eðlis, þótt krafa til afhendingar hlutar sé.

Kemur þá til athugunar, hvort umrætt veðskjal sé ekki jafnframt viðurkenning á skuld stefnds við stefnanda. Í orðunum „ef inneign hr. Óskars Halldórssonar við Ingólfsfjarðarstöðina verður eigi greidd af mér á réttum tíma“, virðist liggja bæði bein og óbein viðurkenning þess, að stefndur eigi að greiða þessa inneign,

einkum vegna orðanna „á réttum tíma“. Orðatiltæki um að borga eitthvað á réttum tíma benda til skyldu til greiðslu. Veðskjalið verður því að teljast líka skrifleg viðurkenning stefnds á skyldu til þess að borga umrædda inneign án þess, að í viðurkenningu þessari sé falið, hve mikil inneignin sé. En af málflutningi aðilja upplýsist, að inneign þessi hefur verið kr. 4508.36. Að vísu er hér ekki að ræða um kröfu samkv. skuldabréfi, er fyrnist aðeins á 10 árum eftir 1. lið, 4. gr. fyrningarlaganna, þar sem upphæðin er óákveðin samkv. veðskjalinu, en þar sem krafan þó fyrnist ekki á 4 árum samkv. 3. gr. sömu laga, þarf hún 10 ár til fyrningar eftir 2. lið 4. gr. fyrningarlaganna. Er krafan því ófyrnd að fyrningarlögum, og þar sem eðlilegt er að telja, að inneignin — milli síldarkaupmanna — beri vexti eftir gjalddaga, þótt óumsamið væri, væri krafa stefnanda um vöxtu af inneigninni í sjálfu sér lögmæt, en ekki krafa um endurgreiðslu málskostnaðar og fjárnámskostnaðar, því að hjá slíkum tilkostnaði gat Karvel Jónsson komizt að greiða, án málssóknar og ganga svo að stefndum. En þótt þannig verði að telja rétt hjá stefnanda, að sú viðurkenning stefnds á að greiða inneign Óskars Halldórssonar, er felst í veðskjalinu, sé eigi fyrnd, þá verður að telja skuldbindingu þessa niðurfallna með nauðasamningameðferð þeirri, sem fram fór á búi stefnds af hendi skiptaréttar Strandasýslu 4. des. 1939 til 13. marz 1940 staðfestir skiptarétturinn nauðasamningana (svo), en hvorki gat stefndur í skrá þeirri, er stefndur gaf yfir skuldir sínar, um áminnsta inneign Óskars Halldórssonar né lýsti Karvel Jónsson kröfu sinni fyrir skiptaréttinum. Hins vegar er það ómótmælt af stefnanda, að stefndur hafi gefið eignir þær (tunnur tómar og með salti), er hann með veðskjali sínu veðsetti Karvel Jónssyni 2. maí 1937, upp meðal eigna búsins. Hefur stefndur gefið þá skýringu á þessu, að skuldin hafi af vangá fallið undan hjá sér af skuldaskránni, enda hafi hann verið staddur í Reykjavík, er hann samdi skuldaskrána. Verður að telja þetta að vísu eigi nægja afsökun, en skiljanlegt eins og á stóð með skuldbindingu veðskjalsins fyrir upphæð, sem ekki var ákveðin í sjálfu veðskjalinu. En þar sem Karvel Jónsson mátti eða átti að vita, að hann með því að þinglýsa ekki veðskjalinu í tæka tíð samkv. 7. gr. veðlaganna hafði ónýtt veðréttinn gagnvart búi stefnds og nauðasamningameðferð bús hans og að krafa hans var fyrir vangæzlu hans um þinglýsingu í tæka tíð orðin almenn krafa, og að nauðasamningarnir því bundu hann sem kröfuhafa, enda þótt þeir hefðu ekki bundið hann, ef hann hefði látið þinglýsa veðskjalinu í tæka tíð.[1]) Krafa hans var að vísu ekki svo há, að hann með henni hefði getað hindrað nauðasamningana, eins og nauðasamningameðferð skiptaráðanda ber með sér,

1) Eftirsetningu vantar hér í handr. dómsins.

en honum bar að lýsa kröfu sinni, og á sjálfum sér því mest að kenna um, að hann fékk ekki úthlutunarupphæðina, 21% af kröfu sinni, eins og hún hefði verið úrskurðuð gild af skiptaréttinum. Ber því að sýkna stefndan af kröfum stefnanda, en með tilliti til þess, að stefndur á líka sök á því, að krafa Karvels Jónssonar kom eigi fyrir skiptaréttinn eða var tekin til greina við nauðasamningsmeðferð skiptaréttarins á búi stefnds, þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Fyrir því dæmist rétt vera:

Stefndur, Egill Ragnars Siglufirði, sé sýkn af kröfum stefnanda.

Málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 26. janúar 1944.

Nr. 59/1943. **Valdstjórnin** (cand. jur. Ragnar Ólafsson)
gegn
Jóni Ívarssyni (Sveinbjörn Jónsson).

Brot á verðlagsákvæðum.

Dómur hæstaréttar.

Þegar lög nr. 99 19. des. 1942 og auglýsing sett samkvæmt þeim sama dag komu til framkvæmdar, voru í gildi ýmis ákvæði um hámarksverð á vörum og hámarksálagningu á vörur, er sett höfðu verið af dómnefnd í verðlagsmálum, sbr. 5. gr. laga nr. 79/1942 og ákvæði til bráðabirgða í þeim lögum. Í nefndri auglýsingu 19. des. 1942 er lagt bann við því að selja í heildsölu eða smásölu á landi hér nokkra vöru innlenda eða erlenda við hærra verði en lægst var á henni á hverjum stað 18. des. 1942. Ákvæði þessi skyldu gilda til og með 28. febr. 1943.

Nú kom það í ljós, að verðlag sömu vöru á sama verzlunarstað þann 18. des. 1942 var mishátt, og það á vörum, er verðlagðar höfðu verið í samræmi við ákvæði dómnefndar í verðlagsmálum. Þessu olli misjafnt innkaupsverð. Virtist þá dómnefndinni hæpið að banna verzlunum að selja vörur því verði, sem dómnefndin hafði áður ákveðið, og verzlanir því höfðu löglega á þær sett. Dóm-

nefndin lagði þetta mál fyrir ríkisstjórnina, og varð það að ráði, að ekki skyldi krafizt lækkunar vöruverðs fram yfir áður auglýst hámarksverð, enda færi álagning eigi fram úr leyfðu hámarki. Samkvæmt þessu auglýsti dómnefndin 23. des. 1942 hámarksverð þau, er giltu fyrir 18. s. m., og lýsti því jafnframt, að hinar áður auglýstu ákvarðanir um hámarksálagningu skuli vera áfram í gildi. Þessar ákvarðanir ríkisstjórnar og dómnefndar tilkynnti Samband íslenzkra samvinnufélaga kærða í símskeyti 31. des. 1942 og bréfi 2. jan. 1943.

Hefur nú verið lýst ákvörðunum verðlagsyfirvalda um framkvæmd ákvæða auglýsingarinnar frá 19. des. 1942, og skal þá vikið að einstökum kæruatriðum.

1. Kolin. Svo sem í héraðsdómi segir, keypti kærði fyrir hönd Kaupfélags Austur-Skaftfellinga 62 smálestir af kolum frá Norðfirði. Var uppskipun kolanna á Hornafirði lokið 12. jan. 1943, og reyndist kostnaðarverð þeirra kominna í hús þar, kr. 242.52 hver smálest. Kaupfélagið átti fyrir um 30 smálestir af kolum, en það hafði fyrir 18. des. 1942 selt kolasmálest hverja á 175 krónur. Kærði verðlagði nú nýju og gömlu kolin sameiginlega á 220 krónur smálestina og hélt þeim í því verði til 20. jan. 1943. Seldist af kolabirgðunum á tímabilinu frá 13.—20. janúar 9425 kg til 39 kaupenda. Á þessum tíma hafði kærði gert ítrekaðar tilraunir til þess að fá samþykki dómnefndar og ríkisstjórnar til þess að selja kolin kostnaðarverði eða vilyrði ríkisstjórnar um bætur úr ríkissjóði, ef kolin væru seld fyrir 175 kr. smálestin. Hvorugu þessu fékk hann framgengt. Tók hann þá þann 20. janúar það ráð að lækka verð kolanna niður í 175 krónur smálestina og endurgreiða verðmuninn þeim, er keypt höfðu kolin hærra verðinu. Er þeirri endurgreiðslu talið lokið. Sala kolanna 13.—19. jan. við því verði, er að framan greinir, varðaði að vísu við auglýsingu nr. 100/1942, en þar sem málinu var svo háttað, sem áður er lýst, og ofgoldið kolaverð hefur verið endurgreitt samkvæmt ákvörðun kærða, er hann tók af sjálfsdáðum og áður en hann fékk vitneskju um kæruna á hendur sér, þá þykir refsing fyrir þann verknað, er hér greinir,

eiga að falla niður samkvæmt 8. tölulið og síðustu málsgr. 74. gr. laga nr. 19/1940.

2. Kornvörur og sykur. Hér verður að greina á milli tvenns konar vöru:

a) Fyrst kemur til athugunar vara, er kærði fékk í nóvember 1942, verðlagði í des. s. á. og seldi ekki fyrr en eftir 12. jan. 1943. Verð vöru þessarar var hærra en verð sömu vörutegunda hafði verið í Kaupfélagi Austur-Skaftfellinga 18. des. 1942. Hins vegar var gætt hámarksverðs þess og hámarksálagningar, er greindi í auglýsingu dómnefndar 23. des. 1942 og öðrum ákvörðunum hennar. Hækkunin verður að vísu ekki samþýdd ákvæðum auglýsingar nr. 100/1942, en þar sem þetta frávik var reist á ákvörðunum verðlagsyfirvalda, eins og áður segir, þykir rétt að ákveða samkvæmt 3. tölulið og síðustu málsgr. 74. gr. laga nr. 19/1940, að refsing kærða fyrir þetta falli niður.

b) Kemur þá til álita meðferð kærða á vörubirgðum þeim, er hann seldi af fram yfir 18. des. 1942 og hann hafði fengið og verðlagt, áður en honum bárust vörur þær, er í a-lið greinir. Eru vörur þessar taldar upp í héraðsdóminum. Er kaupfélagsbúðin var opnuð á ný í janúar 1943, hafði eldri og yngri vörubirgðum verið blandað saman, enda í sams konar umbúðum. Voru vörur þessar síðan seldar jöfnum höndum við hærra verði en sams konar vörur voru seldar þar 18. des. 1942. Kærði kveðst hafa ætlað að selja fyrst við hækkaða verðinu vörumagn, er svaraði til nýju birgðanna, en lækka síðan verð á vöru þeirri, er þá yrði eftir, niður í verðlag það, sem á sams konar vöru var 18. des. 1942. Sala af eldri vörubirgðunum, eins og að framan greinir, er brot á ákvæðum auglýsingar nr. 100/1942, og ákvarðanir verðlagsyfirvalda, er kærði fékk vitneskju um í símskeyti og bréfi Sambands íslenzkra samvinnufélaga, veittu honum ekki ástæðu til að ætla, að þessi ráðstöfun yrði látin óátalin og verður að meta honum þetta til sektar.

3. Kaffi og kaffibætir. Þessar vörur voru hluti af eldri birgðum kaupfélagsins, er verið höfðu til sölu fyrir 18. des. 1942. Hækkun á verði vöru þessarar í janúar 1943, þótt í

smáum mæli væri, brýtur í bág við ákvæði auglýsingar nr. 100/1942, og ber því að meta kærða það til sektar.

Brot kærða varða við 2. gr. laga nr. 99/1942. Þykir sekt hans hæfilega ákveðin 400 krónur til ríkissjóðs, og komi í stað hennar 10 daga varðhald, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Eftir þessum úrslitum ber kærða að greiða sakarkostnað, þar á meðal laun skipaðs talsmanns í héraði, kr. 400.00, og málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 500.00 til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Jón Ívarsson, greiði 400 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 10 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs talsmanns síns í héraði. Sveinbjörns Jónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 400.00, og málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, cand. jur. Ragnars Ólafssonar og Sveinbjörns Jónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 500.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 11. júní 1943.

Ár 1943, föstudaginn 11. júní, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu sakadómara af Valdimar Stefánssyni, dómara samkvæmt sérstakri umboðsskrá, uppkveðinn dómur í málinu: Valdstjórnin gegn Jóni Ívarssyni, sem tekið var til dóms hinn 9. sama mánaðar.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Jóni Ívarssyni, fyrrverandi kaupfélagsstjóra í Höfn í Hornafirði, fyrir brot gegn lögum nr. 99 19. desember 1942, um breytingu á lögum nr. 79 1. september 1942, um dómnefnd í verðlagsmálum, og ríkisstjóraauglýsingu nr. 100 19. des. 1942, um bann gegn verðhækkun.

Kærði er kominn yfir lögaldur sakamanna og hefur ekki, svo kunnugt sé, sætt ákæru né refsingu.

Hinn 16. janúar s. l. ritaði verkalýðsfélagið Jökull í Höfn á Hornafirði Alþýðusambandi Íslands bréf, þar sem frá því var skýrt, að orðið hefði verðhækkun hjá Kaupfélagi Austur-Skaftfellinga í Höfn á Hornafirði á kolum og nokkrum matvörutegundum um síðustu áramót og óskað var athugunar á þessu sem fyrst. Hinn 20. sama mánaðar sendi Alþýðusamband Íslands dómsmálaráðuneytinu þetta erindi verklýðsfélagsins og kærði kaupfélagið til refsingar, ef það með verðhækkunum þessum hefði brotið verðlagslöggjöfina.

Hinn 22. janúar skipaði dómsmálaráðuneytið rannsókn í málinu, og hófst hún 1. febrúar s. l. Dómur var uppkveðinn 22. febrúar, en hann var ómerktur í hæstarétti 5. apríl s. l. og málinu vísað heim í hérað. Er því málið nú dæmt að nýju. Skulu nú raktir málavextir og efnið, vegna nokkuð mismunandi málsatvika, greint í þessi atriði: Kol, kornvörur og sykur, og loks kaffi og kaffibætir.

Kol.

Samkvæmt skýrslu kærða, sem kemur heim við annað, sem fram er komið í málinu, voru málavextir um kolin þeir, er nú skulu greindir:

Um síðastliðin áramót var mjög tekið að ganga á kolabirgðir kaupfélagsins, og var fyrirsjáanlegt, að félagið yrði kolalaust um miðjan janúar, ef köld yrði veðrátta, eins og var um áramótin. Hinn 6. janúar tók kærði að kynna sér, hvort kol væru fáanleg frá Austfjörðum eða annars staðar frá. Ógerlegt reyndist að fá kol í tæka tíð frá útlöndum, en kol voru fáanleg í verzlun Sigfúsar Sveinssonar í Neskaupstað, er kostuðu kr. 160.00 smálestin í húsi þar. Sökum þess, hvernig ástatt var með kol í Hornafirði, ákvað kærði, að félagið keypti af kolum þessum einn farm m/s „Stellu" frá Neskaupstað. M/s „Stella" kom síðan 10. janúar með 62 smálestir kola til Hornafjarðar. Uppskipun fór fram 11. og 12. janúar, og voru kolin öll flutt í birgðageymslu kauapfélagsins. Verð kola þessara, kominna í hús í Hornafirði, var þetta:

Verð í húsi í Neskaupstað, 62 smálestir á kr. 160.00	kr.	9920.00
Útskipun	—	768.00
Vörugjald í Neskaupstað	—	186.00
Flutningskostnaður með m/s Stella	—	2000.00
Uppskipun	—	2069.35
Hafnargjöld í Höfn í Hornafirði	—	93.00
Alls	kr.	15036.35

Kostnaðarverð hverrar smálestar kolanna, kominna í hús í Höfn, var því kr. 242.52.

Þegar kol þessi komu til kaupfélagsins, átti það tæpar 30 smálestir (29840 kg) kola fyrir á staðnum. Höfðu kolabirgðir þær, sem

þessi kol voru af, verið þá undanfarið, þar á meðal 18. desember 1942, seldar fyrir kr. 175.00 smálestin.

Þegar kærði var að leita fyrir sér með kolakaupin, var honum ljóst, að ókleift yrði að selja hin nýkeyptu kol sama verði og eldri birgðirnar, nema kaupfélaginu til tjóns. Hinn 6. janúar talaði hann í síma við skrifstofustjóra dómnefndar í verðlagsmálum, skýrði honum frá, hver nauðsyn væri á að fá kolin til Hornafjarðar, hvert kaupverð þeirra væri og hvaða kostnaðarliðir yrðu við flutning þeirra frá Neskaupstað til Hornafjarðar, og spurði, hvort ekki væri leyfilegt að selja kolin kostnaðarverði eða hvernig skyldi fara með verðlagningu þeirra. Í samtalinu virtist kærða skrifstofustjórinn telja óhjákvæmilegt og eðlilegt, að kaupfélagið seldi kolin kostnaðarverði. Kvaðst skrifstofustjórinn mundu leggja málefni þetta fyrir dómnefndina. Sólarhring síðar skýrði skrifstofustjórinn kærðum frá því í síma, að hann hefði þann dag, 7. janúar, leitað álits dómnefndarinnar, en hún hefði ekki talið sig hafa heimild til að samþykkja verð það, sem kaupfélagið hafði talið sig þurfa að selja kolin fyrir til að sleppa skaðlaust, eða nokkurn veginn skaðlaust. Skýrði skrifstofustjórinn kærða frá, að dómnefndin teldi, að um mál þetta yrði að leita til ríkisstjórnarinnar.

Að morgni 8. janúar talaði kærði í síma við fulltrúa í viðskiptamálaráðuneytinu og skýrði honum frá málinu á sömu lund og hann hafði skýrt skrifstofustjóra dómnefndarinnar frá því, og óskaði heimildar til þess að mega selja kolin óhjákvæmilegu kostnaðarverði. Fulltrúinn kvaðst ekki sjálfur bær til ákvarðana um mál þetta. Þá óskaði kærði, að málið yrði borið undir viðskiptamálaráðherra og hans úrskurðar leitað. Fulltrúinn hét að gera það við fyrsta tækifæri og að láta kærða vita um svör ráðherrans.

Dagana 11. og 12. janúar var kolunum skipað upp á Hornafirði, og var þá orðið mjög áríðandi að fá úr málum þessum skorið, en til þess tíma hafði kærða ekkert svar borizt frá ráðuneytinu. Báða þessa daga talaði kærði við fulltrúann í síma, án þess að fá nokkurn endanlegan úrskurð ráðuneytisins. Í samtölum þessum, öðru hvoru eða báðum, gat kærði þeirra leiða, er honum höfðu hugkvæmzt um lausn málsins. Önnur var sú, að nýju kolin yrðu seld fyrir kr. 175.00 smálestin ,og ríkissjóður greiddi kaupfélaginu mismun þess verðs og kostnaðarverðs nýju kolanna. Hin var sú, að verðjafna nýju kolin og hin gömlu, og taldi kærði, að þá yrði útsöluverð allra kolanna kr. 220.00 smálestin, en í því verði væri þó ekki gert ráð fyrir rýrnun kolanna eða afhendingarkostnaði né neinni álagningu.

Hinn 13. janúar lét kærði hefja sölu kolanna og ákvað söluverð allra kolanna, bæði hinna gömlu og nýju, kr. 220.00 smálestin í húsi kaupfélagsins. Þessa ákvörðun um verðið tók ákærði í því trausti, að ríkisstjórnin veitti samþykki sitt til að selja mætti kolin þessu

verði. Kolin voru nú seld þessu verði til 20. janúar, og voru því nær eingöngu seld hin nýju kol. Ein smálest eldri kolanna var þó seld samkvæmt sérstakri beiðni kaupandans. Á þessu tímabili voru seld 9425 kg kolanna 39 kaupendum.

Þegar kominn var 20. janúar án þess að kærða bærist svar ráðuneytisins, talaði hann enn í síma við fulltrúann í viðskiptamálaráðuneytinu og spurði hann, hvernig málinu væri komið. Kvað fulltrúinn enga breytingu hafa orðið frá 12. janúar, hann hefði talað við ráðherrann, sem engin svör hefði gefið, eftir því sem kærða skildist. Þar sem kærði þannig fékk engan úrskurð ráðuneytisins um málið, ákvað hann þegar að þessu samtali loknu að breyta söluverði kolanna úr kr. 220.00 í kr. 175.00 smálestina, eins og verið hafði 18. desember s. l., og endurgreiða þeim, sem kol höfðu keypt fyrir kr. 220.00 smálestina, mismuninn á nýja verðinu og hinu gamla. Lét hann samdægurs festa upp í sölubúð kaupfélagsins auglýsingu um þetta efni og rita í frumbók, hverir hefðu keypt kol háa verðinu, hversu mikið þeir hefðu keypt og hvað hver skyldi fá endurgreitt. Dómari skoðaði frumbók þessa 2. febrúar, og höfðu þá 19 kaupendanna kvittað fyrir endurgreiðslunni. Kærði kveður kaupendunum munu verða endurgreiddur mismunurinn, þegar til þeirra næst. Meðan kolin voru seld fyrir kr. 220.00 smálestin, var kaupendum þeirra engin vitneskja veitt um, að vænta mætti breytinga kolaverðsins eða að þeir kynnu að fá endurgreiðslu.

Þegar kærði ákvað verðbreytinguna 20. janúar, hafði hann engar fregnir haft af kæru Alþýðusambands Íslands eða verkalýðsfélagsins Jökuls. Skömmu eftir að kolaverðið hækkaði, talaði formaður verkalýðsfélagsins við kærða um verðhækkunina, og tjáði kærði honum þá, að hann (kærði) væri að vinna að því, að ríkissjóður greiddi verðmismuninn.

Kornvörur og sykur.

Sölubúð Kaupfélags Austur-Skaftfellinga var lokuð vegna vörutalningar frá jólum til 12. janúar að morgni. Þegar lokað var um jólin, hafði verð matvöru í kaupfélaginu haldizt óbreytt frá því löngu fyrir 18. desember s. l. Þegar búðin var opnuð 12. janúar, var verð margra matvörutegunda óbreytt frá því, sem var fyrir jólin, en nokkrar höfðu hækkað í verði og voru seldar á því nýja verði fram að mánaðamótum febrúar og marz s. l., eftir því sem fram hefur komið. Voru það þessar vörutegundir:

Hveiti, verð 18. des. kr. 0.84 pr. kg, verð 12. jan. og síðan kr. 0.96 pr. kg.

— verð 18. des. kr. 41.50 pr. 50 kg sekk, verð 12. jan. og síðan kr. 47.50 pr. sekk.

Hafragrjón, verð 18. des. kr. 1.10 pr. kg, verð 12. jan og síðan kr. 1.37 pr. kg.

Hafragrjón, verð 18. des. kr. 54.00 pr. 50 kg sekk, verð 12. jan. og síðan kr. 68 pr. sekk.

Hrísgrjón, verð 18. des. kr. 1.90 pr. kg, verð 12. jan. og síðan kr. 2.00 pr. kg.

Molasykur, verð 18. des. kr. 1.70 pr. kg, verð 12. jan. og síðan kr. 1.94 pr. kg.

— verð 18. des. kr. 38.25 pr. kassa (22.68 kg), verð 12. jan. og síðan kr. 42.50 pr. kassa.

Strásykur, verð 18. des. kr. 1:50 pr. kg, verð 12. jan. og síðan kr. 1.70 pr. kg.

— verð 18. des. kr. 67.00 pr. sekk (45.36 kg), verð 12. jan og síðan kr. 76.50 pr. sekk.

Ekkert hefur fram komið, er hnekki skýrslu kærðs um ástæðuna til verðhækkana þessara, og skal nú skýrsla hans um þetta atriði rakin.

Í nóvember s. l. fékk kaupfélagið, aðallega frá Sambandi ísl. samvinnufélaga, nokkrar birgðir af nefndum vörutegundum. Af þessum birgðum var ekkert selt fyrr en eftir opnun sölubúðarinnar 12 janúar. Frá því vörur þessar komu og þar til lokað var um jólin, voru einungis seldar hinar eldri og ódýrari vörur. Við árslok 1942 voru þessar birgðir til af eldri vörunum: 200 sekkir hveiti, 14 sekkir hafragrjón, 76 sekkir hrísgrjón, 365 sekkir strásykur og 413 kassar molasykur. Nýju vörurnar voru verðlagðar skömmu eftir að þær komu, og var verð þeirra ákveðið svo sem það varð 12. janúar og áður er rakið. Frá 12. janúar hafa einungis verið seldar hinar nýju vörur. Dómnefnd í verðlagsmálum hefur athugað álagningu kaupfélagsins á vörutegundir þessar og komizt að þeirri niðurstöðu, að álagningin fari hvergi fram yfir 30%, þar sem kaupfélaginu hafi, eins og á stóð, verið leyfilegt að telja til kostnaðarverðs varanna kr. 37.00 pr. smálest fyrir uppskipunarkostnaði. Kærði ákvað að selja allar hinar nýju og dýrari vörur áður en hann hæfi aftur sölu eldri, ódýrari varanna, en þær ætlaði hann að selja sama verði og á þeim var 18. des. s. l.

Ætlunin var þó ekki að geyma sjálfar eldri vörurnar, heldur sama vörumagn og til var á áramótum af eldri vörunum. Átti því að selja á háa verðinu bæði eldri og yngri birgðirnar eftir því sem verkast vildi, þar til lokið væri magni hinna nýju birgða.

Um ástæðuna fyrir því, að kærði taldi fært að selja vörurnar hærra verði en verið hafði 18. des. s. l., hefur hann vitnað í símskeyti, er Samband ísl. samvinnufélaga sendi kaupfélaginu 31. des. s. l., og bréf sama aðilja til kaupfélagsins, dags. 2. janúar s. l. Símskeytið hljóðar svo:

„Hámarksverð er meðal annars auglýst á eftirgreindum vörum: rúgmjöl 0.86, hveiti 0.96, hrísgrjón 2.28, haframjöl 1.37, molasykur 1.95 strausykur 1.70, álagning má þó ekki vera hærri en áður.“

Bréfið hljóðar svo:

„Til skýringar á simskeyti voru, dags. 31. des. s. l., um hámarksverð á nokkrum vörutegundum, viljum vér taka þetta fram:

Nefnt hámarksverð gildir þar til annað hámarksverð verður auglýst, en er þó háð því skilyrði, að álagning fari ekki fram yfir það, sem áður hefur verið heimilt.

Ríkisstjórnin hefur samþykkt þessi verðlagsákvæði til þess að fyrirbyggja stórfellt tap verzlunarfyrirtækja á vörubirgðum þeim, sem nú eru til í landinu, þrátt fyrir það þó þessi ákvæði brjóti í bág við nýútgefin lög um það, að ekki megi selja vörur hærra verði en lægst var á hverjum stað hinn 18. des. s. l."

Vegna þessa samþykkis ríkisstjórnarinnar, sem frá er skýrt í bréfinu, taldi kærði kaupfélaginu heimila verðhækkun nefndra matvara og taldi, að þetta samþykki ríkisstjórnarinnar gæti einnig náð til þeirra, sem ættu eldri verðlægri vörubirgðir.

Í sambandi við þetta atriði hefur verið lögð fram í málinu greinargerð viðskiptamálaráðuneytisins, sem ráðuneytið sendi blöðunum til birtingar 28. janúar s. l. Er greinargerðin svo hljóðandi:

„Vegna þess að nokkrar umræður hafa orðið í blöðum um, hvaða verð eigi að vera gildandi á kornvöru og sykri, hinum svonefndu skömmtunarvörum, vill ráðuneytið gefa eftirfarandi upplýsingar:

Síðan tekið var upp eftirlit með verðlagi nefndra skömmtunarvara og hámarksálagning ákveðin, hefur jafnan öðru hverju verið tvenns konar verð, og hvorttveggja löglegt, á þessum vörum, vegna þess að eldri birgðir má ekki hækka í verði þótt nýjar birgðir komi, sem eru í hærra verði. Slíkt hefur aldrei verið leyft. Verzlanir eru skyldar að halda hinu lægra verði meðan þær birgðir endast, sem verðið er miðað við.

Síðasta verðbreyting á skömmtunarvörum var gerð 2. desember s. l. og þá auglýst af dómnefnd í verðlagsmálum. Varð þá nokkur verðhækkun á sykri, haframjöli, hveiti og rúgmjöli. Eins og jafnan hefur verið áður í sambandi við slíkar verðbreytingar, hefur misjafnt staðið á um það, hversu verzlunum hafa enzt hinar eldri birgðir, bæði í Reykjavík og úti um land.

Þegar lögin um verðfestingu frá 19. desember komu til framkvæmda, munu eldri birgðirnar yfirleitt hafa verið að mestu seldar, en á því hafa þó verið undantekningar, þó sérstaklega úti um land.

Þegar breytingin var gerð á lögum nr. 79 1942, og í þau sett bann gegn verðhækkun til 28. febrúar, var ríkisstjórninni ljóst, hvernig á stóð um skömmtunarvörurnar, og því var sett í lögin í 1. gr. 1. málsgr.: „Ef ágreiningur eða vafi verður um það, við hvaða verðlag skuli miða, sker dómnefnd úr."

Hámarksverð það, sem auglýst hefur verið af dómnefnd í verð-

lagsmálum, varðandi umræddar vörur, telur ráðuneytið vera það verð, sem heimilt er að setja á þessar vörur, enda sé þá jafnframt fylgt ákvæðum um hámarksálagningu."

Kaffi og kaffibætir.

Hinn 18. des. s. l. seldi Kaupfélag Austur-Skaftfellinga óbrennt kaffi á kr. 4.25 pr. kg og kaffibæti á kr. 6.60 pr. kg. Frá 12. janúar s. l. hefur það selt óbrennt kaffi á kr. 4.40 pr. kg og kaffibæti á kr. 6.80 pr. kg.

Um óbrennda kaffið skýrir kærði svo frá, að síðustu birgðir þess hafi komið til kaupfélagsins í s. l. septembermánuði. Var verð þess í útsölu til áramóta kr. 4.25 kg. Þegar kaupfélagið fékk kaffið, voru verðlagsákvæðin um það þannig, að álagning mátti vera 25%, en verðið þó aldrei fara fram úr kr. 4.22 pr. kg að viðbættum kr. 25.00 pr. smálest úti um land vegna flutningskostnaðar. Flutningskostnaðaruppbót þessi var því kr. 0.025 pr. kg, en vegna þess að raunverulegur kostnaður var mun meiri, þegar varan kom til félagsins, vegna mjög hækkaðs kaupgjalds, ákvað kærði, án þess að hafa um það samráð við dómnefndina, að reikna flutningskostnaðaruppbótina kr. 0.05 pr. kg. Þegar kaffið var komið til félagsins, var fallinn á það svo mikill kostnaður, að hefði átt að nota 25% álagningarheimildina til fulls, hefði útsöluverðið að áliti kærða þurft að vera kr. 4.35 pr. kg, að meðtöldum flutningskostnaðaraurunum. Hinn 12. nóv. s. l. hækkaði dómnefndin hámarksverð óbrennds kaffis í kr. 5.70 pr. kg. Þegar svo var komið, taldi kærði sér um áramótin heimilt að nota til fulls 25% álagninguna, sem heimil var í september, en sem þá varð ekki notuð sökum þess, að hámarksverð pr. kg var kr. 4.22. Með því að nota hana til fulls var verðið kr. 4.35 pr. kg, en kærði ákvað útsöluverðið kr. 4.40 pr. kg með það fyrir augum, að talan yrði þægilegri í reikningi, þar sem vara þessi sé keypt í mjög smáum og ólíkum skömmtum.

Um kaffibætinn skýrir kærði svo frá, að hámarksverð hans hafi 23. des. s. l. og nokkuð lengi þar áður, verið kr. 6.50 pr. kg. Auk þess hafði dómnefndin 19. júní s. l. auglýst, að bæta mætti við verðið kr. 0.20 pr. kg á þeim verzlunarstöðum, sem varan væri flutt til með strandferðaskipum, en í Hornafirði hagar þannig til. Samkvæmt þessu átti hið leyfilega hámarksverð að vera kr. 6.70 pr. kg, og telur kærði kaffibætinn því í des s. l. hafa verið 10 aurum ódýrari pr. kg en leyfilegt hafi verið. Um áramótin taldi kærði sig vita með vissu, að dómnefndin hefði ákveðið að heimila 30 aura álagningu á kg fyrir umbúða- og flutningskostnaði á þeim stöðum, sem varan væri flutt til með strandferðaskipum, auk hinnar venjulegu álagningar, í stað 20 aura áður. Var sú hækkun auglýst af dómnefndinni 13. október s. l. Samkvæmt þessu ákvað kærði útsöluverð kaffibætisins eftir áramótin kr. 6.80.

Viðskiptaráð og þeir, er voru í dómnefndinni á þeim tíma, er hér skiptir máli, hafa verið beðnir um rökstutt álit um, hvort og að hverju leyti kærði hafi með framangreindum athöfnum sínum brotið verðlagsákvæði, en hvorugur þessara aðilja hefur séð sér fært að láta í té álit um þetta efni.

Auglýsing ríkisstjóra Íslands nr. 100 19. desember 1942, um bann gegn verðhækkun, bannar að selja í heildsölu eða smásölu á landi hér nokkra vöru, innlenda eða erlenda, við hærra verði en lægst var á henni á hverjum stað 18. desember s. l. Í Hornafirði er engin önnur verzlun en Kaupfélag Austur-Skaftfellinga, og er því eigi í þessu máli við annað verð að miða en útsöluverð kaupfélagsins.

Með hækkun kolaverðsins hefur kærði að áliti réttarins brotið gegn ríkisstjóraauglýsingunni, og fær hvorki hið háa kostnaðarverð kolanna né greinargerð ríkisstjórnarinnar um verðlagningu skömmtunarvara réttlætt verðhækkunina, en meta ber kærða til refsilækkunar með hliðsjón af 74. gr. 8. tölulið hegningarlaganna, lækkun kolaverðsins 20. janúar, áður en honum varð kunnugt um kæruna.

Við verðlagningu kornvaranna og sykursins hélt kærði sér innan takmarka hinnar auglýstu hámarksálagningar. Þar sem kærða hinn 12. janúar var kunnugt, að viðskiptamálaráðuneytið taldi, að hámarksverð það, sem dómnefndin hafði auglýst á skömmtunarvöru, væri það verð, sem heimilt væri að selja þessar vörur fyrir, enda væri þá jafnframt fylgt ákvæðum um hámarksálagningu, og þar sem ráðuneytið hefur opinberlega lýst yfir þessu áliti sínu, þykir kærði eigi verða sakfelldur fyrir sjálfa verðlagningu nefndra vara. Kemur þá hitt til álita, hvort kærða hafi verið leyfilegt að stöðva sölu eldri, ódýrari birgðanna og geyma þær þar til síðar. Með því að halda áfram sölu eldri birgðanna meðan þær entust, þurfti kærði ekki fyrst um sinn að hvika frá ríkisstjóraauglýsingunni, hvað þessar vörur snertir. Lá þetta beint við og var í fyllsta samræmi við ríkisstjóraauglýsinguna. Í greinargerð viðskiptamálaráðuneytisins hér að framan er og tekið fram, að verzlanir séu skyldar að halda hinu lægra verði, meðan þær birgðir, sem verðið er miðað við, endast.

Liggur nú fyrir sérstök yfirlýsing viðskiptamálaráðuneytisins í máli þessu, þar sem segir, að skilorð þess að hækka mætti vöru til hámarksverðs, er sett hafði verið af dómnefndinni, hafi að áliti ráðuneytisins verið, að þrotnar væru allar eldri birgðir sömu vöru með lægra verði, og að fylgt væri gildandi ákvæðum um hámarksálagningu.

Hvorki dómnefndin né viðskiptaráð hafa úrskurðað um þetta atriði og hafa ekki látið uppi álit sitt um það, þrátt fyrir tilmæli dómara.

Verður að líta svo á, að þó að sala nýju birgðanna fyrir hið nýja og hærra verð væri kærða vítalaus, að eldri birgðunum

seldum, hafi hann með sölu nýju birgðanna, meðan eldri birgðirnar voru til, gerzt brotlegar við ríkisstjóraauglýsinguna.

Með verðhækkuninni á óbrenndu kaffi og kaffibæti um áramótin hefur kærði brotið gegn ríkisstjóraauglýsingunni.

Samkvæmt 9. gr. 2. mgr. laga nr. 3 13. febrúar 1943, sbr. 2. gr. laga nr. 99 19. des. 1942, þykir refsing kærða eftir öllum atvikum hæfilega ákveðin 1500 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 45 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Hin ólöglega verðhækkun kolanna hefur ýmist verið endurgreidd kaupendunum eða tryggt má teljast, að hún verði endurgreidd þeim. Ólöglegur ágóði virðist enginn hafa verið af sölu kornvaranna og sykursins.

Um upptöku ólöglegs ágóða af sölu kaffis og kaffibætis verður eigi dæmt í þessu máli, þar sem hann rann til kaupfélagsins, en kærði hefur nú sagt af sér framkvæmdastjórastöðunni við félagið og telst því eigi lengur réttur forsvarsmaður þess.

Kærða ber að dæma til greiðslu alls málskostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, Sveinbjarnar Jónssonar hrl., kr. 400.00.

Rekstur málsins frá uppkvaðningu ómerkingardóms hæstaréttar hefur verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Jón Ívarsson, greiði 1500 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 45 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sveinbjarnar Jónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 400.00.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 28. janúar 1944.

Nr. 19/1943. **Djúpavík h/f** (Jón Ásbjörnsson)
gegn
Borgarstjóra Reykjavíkur f. h. bæjarsjóðs
(Einar B. Guðmundsson).

Setudómari hrl. Theódór B. Líndal í stað hrd. Þórðar Eyjólfssonar.

Útsvarsmál.

Dómur hæstaréttar.

Adolph Bergsson fulltrúi hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 24. febrúar f. á., hefur krafizt þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og synjað verði framkvæmdar lögtaksins. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar.

Stefndi krefst staðfestingar fógetaúrskurðarins og málskostnaðar fyrir hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Djúpavík h/f hefur rekið síldarverksmiðju á Djúpavík frá því á árinu 1935, og er verksmiðjustjóri félagsins búsettur þar. Tveir stjórnarmenn félags þessa eru búsettir í Reykjavík, og er annar þeirra aðalfyrirsvarsmaður þess og jafnframt framkvæmdarstjóri h/f Alliance, en þriðji stjórnarmaðurinn er búsettur í Hafnarfirði. Greint hlutafélag hefur á leigu 2 herbergi í húseign h/f Alliance við Tryggvagötu í Reykjavík og notar þau herbergi einkum 5—6 mánuði á ári, en að öðru leyti hefur h/f Alliance afnot þeirra. Viðskiptamannabækur b/v Ránar, sem er togari h/f Djúpavíkur, eru að öllu skráðar í Reykjavík, enda hefur togarinn nánast samband við Reykjavík utan síldarvertíðar. Aðrar bækur félagsins eru skráðar á Djúpavík á sumrin, en fluttar til Reykjavíkur á haustin, og þar er gengið frá heildarreikningum félagsins. Sölu á afurðum félagsins er stjórnað frá Reykjavík, og þar er innheimt andvirði þeirra fyrir atbeina Landsbankans.

Ljóst er af því, sem að framan er lýst, að yfirstjórn og

fyrirsvar félagsins er í Reykjavík, svo og bókhald og sjóðmeðferð að miklu leyti. Verður því að telja heimasetur félagsins í Reykjavík, þó að það sé ekki skrásett þar. Ber þess vegna að staðfesta fógetaúrskurðinn að niðurstöðu til.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að áfrýjandi greiði málskostnað fyrir hæstarétti, og ákveðst hann kr. 3000.00.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Djúpavík h/f, greiði stefnda, borgarstjóra Reykjavíkur f. h. bæjarsjóðs, kr. 3000.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 13. jan. 1943.

Hlutafélaginu Djúpavík var gert að greiða útsvar til Reykjavíkurbæjar árið 1941, kr. 50000.00, auk dráttarvaxta, en þar sem að gerðarþoli hefur eigi fengizt til þess að greiða útsvarið, þá hefur bæjargjaldkerinn krafizt þess, að það yrði innheimt með lögtaki. Aðiljar hafa komið sér saman um að leggja ágreininginn undir úrskurð fógetaréttarins.

Gerðarþoli heldur því fram, að hann sé eigi útsvarsskyldur í Reykjavík.

Lögheimili gerðarþola sé í Djúpavík. Þar beri hann útsvar, en hér hafi hann enga heimilisfasta atvinnustofnun, og sé því eigi hægt réttilega að leggja á hann útsvar hér.

Aðalstarfsemi gerðarþola sé fólgin í síldarverksmiðjurekstri á Djúpavík og síldarkaupum til rekstursins.

Auk þessa eigi b/v Rán, eign h/f Djúpavík, heimili á Djúpavík og sé skrásett þar.

Þá heldur gerðarþoli því fram, að b/v Rán hafi alls eigi verið gerður út héðan á þeim tíma, sem hér skiptir máli, því enda þótt skipið hafi komið hér til viðgerðar, keypt hér vatn og vistir, þá valdi það eigi útsvarsskyldu.

Hér hafi félagið eigi haft neinn framkvæmdarstjóra síðan árið 1937 og hér hafi það engan fastan starfsmann árið um kring. Hér sé að vísu starfsmaður gerðarþola, skrifstofustjórinn, um það bil hálft árið, en hann hafist eigi annað að, en að vinna úr bókum félagsins, sem séu að mestu færðar fyrir norðan, og ganga frá endanlegu uppgjöri þeirra. Allar aðalgreiðslur félagsins fari fram fyrir

norðan, en hér syðra hafa h/f Alliance og gjaldkeri þess á hendi allar greiðslur fyrir gerðarþola. Kaupgreiðslur gerðarþola vegna starfseminnar fyrir norðan fara yfirleitt fram í Djúpavík.

Gerðarbeiðandi heldur því hins vegar fram, að gerðarþoli sé útsvarsskyldur hér, í fyrsta lagi af því

að félagið hafi hér aðsetur, er að minnsta kosti jafnist á við útibú, í öðru lagi af því

að enda þótt svo yrði litið á, að félagið hefði hér eigi fast aðsetur, er valdi útsvarsskyldu, þá hafi skip félagsins, b/v Rán, verið gert út héðan frá Reykjavík mikinn hluta ársins 1940, og sé félagið af þeim sökum einum útsvarsskylt samkv. 8. grein tölul. a. útsvarslaganna eða analogíu þeirrar greinar.

Til stuðnings þessum staðhæfingum sínum heldur gerðarbeiðandi aðallega fram eftirfarandi:

Að gerðarþoli hafi á leigu skrifstofuhúsnæði í húsakynnum Alliance h/f, og að þar séu unnin öll venjuleg skrifstofu- og afgreiðslustörf fyrir hann, að því leyti sem viðskipti gerðarþola eru hér sunnanlands, auk þess sem aðalbókhald gerðarþola muni vera þar. Þá hafi gerðarþoli í þessu húsnæði sérstakan síma.

Að b/v Rán hafi verið gerður út héðan frá Reykjavík mikinn hluta ársins 1940, og leggur hann fram skýrslu hafnarstjórans í Reykjavík og skýrslu um dvalarstaði skipsins árið 1940, sbr. rskj. nr. 5 og 6. Heldur hann því fram, að skýrslur þessar sýni glöggt, að skipið hafi bæði vegna dvalar og viðskipta sinna hér umrætt ár verið raunverulega gert út héðan.

Þegar þessi tvö atriði, dvalarstaðir skipsins og viðskipti þess hér og skrifstofuhald gerðarþola hér fari saman, þá sé eigi að efa, að gerðarþoli sé útsvarsskyldur hér.

Það er upplýst í máli þessu, að gerðarþoli hefur á leigu húsnæði hér í bænum allt árið, og að það húsnæði er notað að minnsta kosti 5—6 mánuði ársins við færslu á bókum félagsins og aðaluppgjör á þeim. Þá er og upplýst, að h/f Alliance hefur á hendi kaupgreiðslur þær, sem gerðarþoli þarf að inna af hendi hér, þegar skrifstofustjóri gerðarþola er í Djúpavík.

Að vísu hefur gerðarþoli hér engan formlegan framkvæmdarstjóra, en það er upplýst við vitnaleiðslu í máli þessu, að ef nokkur getur talizt framkvæmdarstjóri gerðarþola hér syðra, þá sé það framkvæmdarstjóri Alliance h/f. Það verður því að líta svo á, að framkvæmdarstjóri Alliance sé, eftir því sem með þarf, líka framkvæmdarstjóri gerðarþola, enda þótt hann sé ekki beinlínis ráðinn til þess starfa.

Starfsemi gerðarþola hér hefur verið þannig, að 204 daga ársins 1940 hefur b/v Rán verið við fiskkaup frá Reykjavík til Englands. Þegar skipið hefur komið úr Englandsferðum, þá virðist það ávallt hafa komið beint til Reykjavíkur með þann varning, sem keyptur

var í Englandi, og til þess að fá hér þær nauðsynjar, sem með þurfti, til þess að geta haldið starfseminni áfram óhindrað.

Þá hefur skýrslum um dvalarstaði skipsins, rskj. nr. 5 og 6, eigi verið mótmælt. Það er og játað í málinu, að gerðarþoli hafi keypt fisk í Reykjavík til útflutnings, en að vísu ekki, hve mikið magn.

Lokauppgjör skipverja gerðarþola hefur ávallt farið fram hér.

Eftir því sem upplýst er í máli þessu, um dvalarstað skips gerðarþola, hvernig rekstri skipsins var hagað, skrifstofuhald, fiskkaup og stjórn útgerðarinnar, þá lítur fógetarétturinn svo á, að stjórn útgerðarinnar, bókhald og fyrirsvar gerðarþola, hafi að mestu verið hér.

Verður því að telja raunverulegt heimili félagsins í Reykjavík, þó að það sé ekki skrásett þar.

Útsvarið var því réttilega lagt á gerðarþola í Reykjavík.

Því úrskurðast:

Hið umbeðna lögtak á fram að fara.

Mánudaginn 31. janúar 1944.

Nr. 46/1943. **Óskar Halldórsson h/f**
(Guðmundur Í. Guðmundsson)
gegn
Tunnuverksmiðju Siglufjarðar s/f
(Garðar Þorsteinsson).

Skaðabótamál vegna vanefnda á samningi. Umboð.

Dómur hæstaréttar.

Guðmundur Hannesson, bæjarfógeti á Siglufirði, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 19. apríl 1943, krefst þess, að stefnda verði dæmt að afhenda honum 2000 hálftunnur undir síld og 1000 heiltunnur undir síld gegn 8 króna gagngjaldi fyrir hverja hálftunnu og 16 króna gagngjaldi fyrir hverja heiltunnu eða greiða honum ella 8 krónur vegna hverrar heiltunnu, sem ekki verði staðið skil á, og 4 krónur vegna hverrar hálftunnu, sem ekki verði af hendi látin auk 5% vaxta af skaðabótum þessum frá 10. sept. 1941 til greiðsludags. Loks

krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Áfrýjandi hefur staðhæft, að hann hafi samið við Ingólf Árnason f. h. stefnda um tunnukaup þau, er í málinu greinir. Ingólfur hefur andmælt því, að slíkir samningar hafi tekizt með þeim, og hefur áfrýjandi hvorki leitt sönnur að því né hinu, að Ingólfur hafi verið bær til að binda stefnda til slíkrar sölu.

Samkvæmt þessu hafði ekki sá samningsgrundvöllur skapazt með aðiljum, að áfrýjandi ynni nokkurn rétt á hendur stefnda, þótt stefndi léti ósvarað símskeytum áfrýjanda frá 9. febrúar og 28. apríl 1941, þar sem áfrýjandi vitnar til fyrr gefins sölulofords.

Ber því að staðfesta sýknuákvæði héraðsdóms.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði falli niður, en áfrýjandi greiði kr. 500.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Tunnuverksmiðja Siglufjarðar s/f, á að vera sýkn af kröfum áfrýjanda, Óskars Halldórssonar h/f, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði fellur niður.

Áfrýjandi greiði stefnda 500 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Siglufjarðar 22. febr. 1943.

Með stefnu, dags. 9. sept. s. l., að undangenginni árangurslausri sáttatilraun, krefst stefnandinn, Óskar Halldórsson útgm. Rvík f. h. Óskar Halldórsson h/f í Kothúsum í Garði, að stefnd stjórn Tunnuverksmiðja Siglufjarðar — þeir Þorleifur Jóhannesson, Einar Ásgrímsson og Einar Indriðason, allir Siglufirði — verði dæmd til þess að afhenda sér 2000 hálftunnur og 1000 heiltunnur eða til þess

að greiða sér 8 kr. fyrir hverja vantandi heiltunnu og 4 kr. fyrir hverja vantandi hálftunnu, eða samtals til greiðslu á 16000.00 kr. með 5% vöxtum frá sáttakærudegi, 10. sept. 1942. Þá krefst stefnandi og greiðslu málskostnaðar að skaðlausu samkv. reikningi, er nemur 1159.40. Stefnd stjórn tunnuverksmiðjunnar krefst sýknu, og umboðsmaður hennar krefst, að sér verði tildæmdar frá stefnanda kr. 1135.00 í málskostnað, og að málflutningsmaður stefnanda, Ingólfur Jónsson lögfræðingur Reykjavík, verði sektaður fyrir meiðandi ummæli um stjórn tunnuverksmiðjunnar og út af vitnaleiðslum.

Stefnandi telur málavöxtu þessa: Hinn 28. ágúst 1940 bjóðist Ingólfur Árnason Siglufirði til þess að selja Óskar Halldórsson h/f 6000 hálftunnur á 8 kr. tunnuna og telur stefnandi tilboð þetta gert fyrir tunnuverksmiðjuna. Tilboð þetta hafi að vísu runnið út næsta dag, en málflutning stefnanda, sem eigi er svo ljós sem skyldi um það, hvenær hann hafi samþykkt þetta tilboð, virðist eiga að skilja á þá leið, að munnlegt samkomulag hafi svo orðið milli stefnanda og Ingólfs Árnasonar fyrir tunnuverksmiðjuna, og hafi því 30. s. m. verið gert uppkast að samningi um sölu þessara 6000 hálftunna, sem lagt er fram í málinu af stefnanda, en það samningsuppkast var aldrei undirskrifað, af hvaða ástæðum, hefur eigi verið upplýst. Eftir þessu samningsuppkasti, sem er dags. 30. ágúst 1940, átti kaupverðið að greiðast við undirskrift samningsins, en greiðslan dróst, þar sem uppkastið var aldrei undirskrifað, en stefnandi telur munnlegt samkomulag hafa verið um að greiða 32000 kr. upp í tunnuverðið, en bíða með afganginn til þess, er tunnurnar væru afhentar næsta vor eða sumar, og hafi þá jafnframt munnlegt samkomulag orðið við Ingólf Árnason um, að stefndi seldi honum líka 1000 heiltunnur fyrir 16000 kr., og skyldi greiðsla bíða til afhendingar tunnanna næsta vor. 30. des. 1940 sendi Ingólfur Árnason í nafni tunnuverksmiðjunnar stefnanda svohlj. símskeyti: „Greiðsluskyldum ½ tunnu kaupsamningi þarf að fullnægja fyrir 31. des." Hafi stefnandi þá sent stefndri símskeyti næsta dag um, að bankanum væri lokað, og því ekki hægt að verða við greiðslu þenna dag, og lofað greiðslu „contant". Sendi Ingólfur Árnason í nafni tunnuverksmiðjunnar stefnanda svarskeyti sama dag (31. des.): „Allt í lagi talning fer fram 2. janúar næstkomandi .... 2000 heiltunnur til sölu."

11. jan. 1941 hafi stefnandi svo greitt 32000 kr. og fengið afhent geymsluskírteini fyrir að eiga 4000/2 tunnur geymdar hjá tunnuverksmiðjunni. Segir svo ekki meira af viðskiptum fyrr en 8. febr. næst á eftir. Þann dag sendir Ingólfur Árnason í nafni tunnuverksmiðjunnar stefnanda svolátandi símskeyti: „Svar óskast, hvort þér eruð kaupandi tvö þúsund síldartunna nýjar." Því svarar stefnandi næsta dag til tunnuverksmiðjunnar þannig: „Þú lofar í símtali geyma mér 1000/1 tunnur, er greiðist móttöku í vor. Geng út frá það standi." 28. apríl 1941 sendir stefnandi tunnuverksmiðjunni

svolátandi símskeyti: „Í stað þess að greiða keyptar 1000/1 tunnur og 2000/2 tunnur við móttöku í sumar býðst ég til þess að greiða þær nú gegn 2% kassaafslætti símsvar.“ Svar kom aldrei við 2 síðustu símskeytum stefnanda, og telur hann það sönnun þess, að kaupin hafi verið gerð, eins og hann haldi fram, en þegar stefnandi hafi boðið fram greiðslu sumarið 1941 og vildi fá tunnurnar 1000/1 og 2000/2, hafi honum verið neitað um afhendingu tunnanna.

Stefnd stjórn Tunnuverksmiðju Siglufjarðar telur málavöxtu þessa:

Ingólfur Árnason sé sér með öllu óviðkomandi og alls ekki sinn starfsmaður. Sér sé því með öllu óviðkomandi samningar Ingólfs Árnasonar við stefnanda. Tunnuverksmiðjan hafi að vísu haft sem prókúruhafa mann, sem hafi farið til Norðurlanda á vegum verksmiðjunnar, en ekki átt afturkvæmt vegna hernáms Danmerkur. Hafi Ingólfur Árnason verið starfsmaður við einkafyrirtæki prókúruhafans. Við burtför prókúruhafans hafi nauðsynlegum framkvæmdum verið ráðstafað þannig, að stjórn verksmiðjunnar annaðist þær, þ. á m. sölu birgða, og að engar greiðslur skyldi inna af höndum, nema þær einar, er stjórnin samþykkti, og skyldi ákveðinn maður úr stjórninni undirrita checkávísanir fyrir verksmiðjuna, og það hafi hann gert, en ekki Ingólfur Árnason, sem færði þó í fjarveru prókúruhafans og eftir hans beiðni og á hans ábyrgð og fyrir hann bækur verksmiðjunnar. Ingólfur Árnason hafi því eigi mátt selja tunnur tunnuverksmiðjunnar, nema með leyfi stjórnarinnar hverju sinni. Til þess að selja tunnur þær, sem mál þetta sé risið út af, hafi stjórnin enga heimild gefið Ingólfi, sem bezt megi ráða af því, að þær tunnur hafi verksmiðjan aldrei átt, Þær tunnur, sem mál þetta er risið af, hafi verið útlendar. Auk þess tekur stefnd fram, að stefnandi hafi alls ekki fullnægt sölutilboðum Ingólfs Árnasonar, ef út í þá sálma væri farið. Aftur á móti hafi stjórn tunnuverksmiðjunnar verið samþykk því að selja stefanda 4000/2 tunnur, sem hann greiddi samkv. reikningi tunnuverksmiðjunnar 11. jan. 1941, og hefur sá reikningur verið lagður fram í málinu. Hafi hún veitt Ingólfi leyfi til þess að afhenda þær, og þær hafi stefnandi fengið svo sem hann kannist við. Séu þær 4000/2 tunnur allt aðrar tunnur en þær 6000/2, er Ingólfur hafi boðið stefnanda 20. ágúst 1940, enda sé tilboðið frá 20. ágúst undirskrifað af Ingólfi einum og í hans nafni, en ekki í nafni tunnuverksmiðjunnar. Sé því rangt hjá stefnanda, að Ingólfur hafi gefið þetta tilboð fyrir verksmiðjuna. Hitt er aftur ómótmælanlegt, að þegar Ingólfur í símskeyti 31. des. í nafni tunnuverksmiðjunnar samþykki, að greiðsla á hálftunnum verksmiðjunnar (4000/2 tunnunum) biði fram yfir áramótin, hafi Ingólfur í heimildarleysi og án vitundar stefndrar sett inn í skeytið tilboð á sölu 2000 tunna, er hafi eingöngu verið frá honum sjálfum. Hafi Ingólfur haft þessar tunnur

til sölu fyrir erlent firma og notað símskeyti það í nafni verksmiðjunnar um gjaldfrest á 4000/2 tunnum til þess að koma sínu tilboði að. Tunnuverksmiðjan hafi sjálf þá engar heiltunnur átt.

Ingólfur Árnason hefur verið leiddur sem vitni í málinu og kveður hann sig ekki hafa verið í þjónustu stefndrar, heldur í einkaþjónustu manns, sem sé prókúruhafi stefndrar, og fært fyrir hann reikninga verksmiðjunnar. Hafi Ingólfur verið ráðinn hjá þessum manni við að stjórna síldarsöltun o. fl. fyrir hann og samkv. beiðni hans, en ekki stefndrar, fært bækur verksmiðjunnar í fjarveru prókúruhafans, sem færði bækurnar. Hann hafi aldrei lofað stefnanda hvorki fyrir sig sjálfan eða verksmiðjuna öðrum tunnum en þeim 4000/2 tunnum, er stefnandi hafi fengið og greitt, þegar frá sé skilið tilboð hans 20. ágúst um 6000/2, sem stefnandi hafi alls ekki samþykkt, eins og áskilið hafi verið, og aldrei samþykkt, og það því fallið niður af sjálfu sér, og tilboðið um 2000/1 tunnur hafi hann í fljótfærni og hugsunarleysi sett í símskeytið frá 31. des. undir nafni tunnuverksmiðjunnar, og hann hafi enga heimild haft til þess frá tunnuverksmiðjunni, sem þá átti engar heiltunnur, heldur hafi hann sjálfur, en ekki tunnuverksmiðjan, haft tunnur þessar til sölu fyrir tilgreint útlent firma. Hafi stefnandi talað við sig í síma, að hann vildi ekki gefa nema 15 kr. fyrir heiltunnuna, og hafi hann þá selt öðrum þessar 2000/1 tunnur fyrir 16 kr. tunnuna, eins og hann hafi boðið stefnanda. Þá segir Ingólfur, að stefnandi hafi viljað, að hann undirritaði samningsuppkastið frá 30. ágúst, og það í nafni tunnuverksmiðjunnar, en hann hafi ekki viljað það og sagt líka stefnanda, að til þess hefði hann enga heimild, enda væru 2000 af þessum hálftunnum af útlendri gerð, er tunnuverksmiðjan ætti ekki.

Það er nú að vísu ekki fullsannað í máli þessu, hvernig viðskipti aðilja hafi verið, eða stefnanda og Ingólfs Árnasonar hafi verið, enda sum atriði óskýrð í málflutningnum, bæði af hendi málflytjanda stefnanda og málflytjanda stefndrar. Því verður varla neitað, að stjórn tunnuverksmiðjunnar hafi látið viðgangast, að Ingólfur Árnason annaðist meiri störf fyrir tunnuverksmiðjuna en samrímanlegt sé því, að Ingólfur hafi í þeim störfum að eins starfað í þjónustu fjarlægs prókúruhafa og á hans ábyrgð og fyrir hann. Hitt verður aftur á móti að telja rétt hjá stefndri, að tilboðið í símskeyti frá 20. ágúst sé frá Ingólfi sjálfum, sem er undir skeytinu, en ekki frá tunnuverksmiðjunni eða fyrir hana. Stefndri er það því óviðkomandi og stefnandi hafði enga sannanlega ástæðu né átyllu til þess að skoða það sem frá tunnuverksmiðjunni eða fyrir hana gert. En jafnvel þótt telja verði, að Ingólfur Árnason hafi framkvæmt ýms störf fyrir tunnuverksmiðjuna, virðist stefnandi ekki hafa sannað, að Ingólfur Árnason hafi með stöðu sinni haft heimild til þess að selja tunnubirgðir verksmiðjunnar, nema með sérstöku

leyfi verksmiðjustjórnar, er hún gaf honum að því, er þær 4000/2 tunnur snertir, og allra sízt tunnur, sem voru af erlendri gerð, og verksmiðjan virðist ekki hafa átt, eins og þær 2000/2 tunnur og 1000/1 tunnur, sem mál þetta er risið af, og stefnandi eigi hefur heldur sérstaklega mótmælt, að hafi verið af erlendri gerð, þótt hann hins vegar telji sig ekki hafa vitað „annað en tunnurnar væru boðnar í umboði tunnuverksmiðjunnar". Það sama segir hann um tilboðið frá 20. ágúst um 6000/2 og hafði hann þó enga sýnilega ástæðu til þess, svo sem fyrr segir, en það tilboð mun hafa orðið aðdragandi að viðskiptum aðilja eða tilefni til síðari viðskipta.

Stefnandi hefur til sönnunar sínum málstað lagt fram reikning yfir viðskipti aðilja, dags. 11. jan. 1941. Er reikningur sá undirritaður af Ingólfi Árnasyni f. h. Tunnuverksmiðju Siglufjarðar. Er stefnandi þar skuldaður fyrir 4000 nýjum hálftunnum með 32000 kr., en fært til tekna andvirðið, 32000 kr. Ef nú stefnandi þá — eins og eðlilegast er að skilja málflutning hans — hefði verið búinn að kaupa í viðbót 2000/2 tunnur og 1000/1 tunnur (en ekki borga), hefði verið eðlilegast, að á reikninginn hefði honum verið færðar til skuldar líka þær tunnur, svo að reikningur þessi sannar ekkert fyrir stefnanda, en talar heldur máli stefndrar, enda er ekkert sannað í málinu, að stefnandi hafi þá — 11. jan. 1941 — verið búinn að samþykkja 6000/2 tunnu tilboð Ingólfs frá 20. ágúst 1940 — nema að svo miklu leyti sem 4000/2 snertir, ef álíta á, að þær hafi verið þar af — eða tilboð Ingólfs undir nafni tunnuverksmiðjunnar á 2000/1 tunnum frá 31. des. 1940, og stefnandi hafði nokkra ástæðu til þess að ætla, að væri frá stefndri. Þessu tilboði frá 31. des. svarar stefnandi, að því sem sannanlegt er í málinu, fyrst 9. febr., og þá eru 2000/1 orðnar 1000/1 tunnur, án þess stefnandi telji það ómaksins vert að skýra, hvernig á því standi, en skírskotar að eins til loforða Ingólfs Árnasonar, sem stefnd mótmælir í máli þessu. 28. apríl endurtekur svo stefnandi, að hann hafi keypt umþráttaðar 2000/2 og 1000/1 og býður fram greiðslu út í hönd gegn 2% afslætti, í stað þess að greiðslan bíði til þess tunnurnar verði afhentar vorið eftir, og heimtar símsvar, en fær ekkert svar. Á því byggir hann, að stefnd að lögum hafi viðurkennt að hafa selt sér 2000/2 og 1000/1 tunnur, en það verður að telja óheimilt. Af því að svara ekki símskeytum stefnanda frá 9. febr. og 28. apríl verður ekki talið, að stefnd hafi viðurkennt að hafa selt stefnanda umþráttaðar tunnur. Að vísu hefði verið eðlilegast af stefndri, ef hún taldi sig ekki hafa selt stefnanda tunnurnar, að mótmæla fyrra símskeytinu, ef hún hefur fengið það. Um síðara símskeytið er öðru máli að gegna. Þar var heimtað símsvar, og með því að svara því ekki var eðlilegast að skoða stefnda sem hún vildi ekki sinna því. En hér til kemur, að með öllu er ósannað, að stefnd hafi fengið símskeytin í sínar hendur. Stjórn tunnuverksmiðjunnar kveðst enga

hugmynd hafa haft um sölu umþráttaðra tunna, er eigi voru til, en málflutningsmaður stefndrar og Ingólfur Árnason vitnar, að stjórninni hafi verið ókunnugt um tilboð sitt til stefnanda umfram 4000/2 tunnur. Stefnd eða málflutningsmaður hennar segir ekkert beinlínis um, hvort stefndri hafi verið afhent símskeyti stefnanda til tunnuverksmiðjunnar frá 9. febr. og 28. apríl 1941, eða Ingólfi Árnasyni, þótt málflutningur stefndrar óbeinlínis gangi út frá því, að stefnd hafi ekki fengið símskeytin, enda virðist málflutningur stefnanda ekki vilja gefa í skyn, að stefnd hafi fengið símskeytin, því að hann segir, að stefnandi „hafði um þessi viðskipti engin afskipti af stjórn verksmiðjunnar og talaði aldrei við hana", og símtölin í máli þessu hafi stefnandi átt við Ingólf Árnason. Símskeyti stefnanda frá 9. febr. og 28. apríl 1941, þar sem hermd eru munnleg loforð upp á viðtakanda, geta þá líka aðeins átt við Ingólf Árnason, enda segir umboðsm. stefnanda líka: „Þessi viðskipti fara fram að því er samtöl snertir — um símskeytin verður ekkert sagt — við þann Ingólf Árnason" .... o. s. frv., og hafði þá stefnd minni ástæðu til þess að neita því sérstaklega að hafa tekið á móti símskeytunum, er stefnandi hélt því ekki fram, að hún hafði veitt þeim viðtöku. Það verður því eigi af málflutningi málflutningsmanns stefndrar eða þrátt fyrir hann talið sannað, að stefnd hafi veitt símskeytunum móttöku, og gat hún þá ekki svarað þeim. En þótt svo væri, að álíta mætti eftir málflutningnum fyrir stefndu, að hún hefði veitt þeim móttöku, þá hlaut stefnd að vera úti á þekju með að svara þeim, þar sem engin ástæða er til þess að rengja framburð stefndrar og Ingólfs um, að hún hafi ekki vitað af öðrum tunnukaupum við stefnanda en af þeim 4000/2 tunnum. Símskeyti stefnanda frá 9. febr. og 28. apríl væru heldur ekkert samþykki á tilboði Ingólfs frá 31. des. 1940 og 8. febr. 1941, og þurftu þá ekki svars, þótt stefnd hefði haft öll þessi símskeyti í höndum, og það verður heldur ekki talin fullnægjandi sönnun fyrir, að í símskeytunum sé rétt hermt um það, er stefnanda og Ingólfi Árnasyni hafi munnlega farið á milli, þótt símskeytum stefnanda hafi alls ekki verið svarað af stefndri, eins og á stóð.

Verður því samkv. framangreindu að telja, að stefnandi hafi eigi fært sönnur á réttmæti kröfu sinnar á hendur stefndri, og því beri að sýkna stefndu af kröfum stefnanda.

Það verður því að telja rétt, að stefnandi greiði stefndri málskostnað, er álízt hæfilegur 400 kr.

Að því er snertir sektakröfur málflutningsmanns stefndrar á hendur málflutningsmanni stefnanda, þá verður að telja, að eftir ástæðum beri eigi að sekta fyrir ummælin, en þar sem ómerkingar er ekki krafizt á ummælunum, verða þau heldur ekki dæmd dauð og ómerk.

Fyrir því dæmist rétt vera:

Stefnd stjórn Tunnuverksmiðju Siglufjarðar — en hana skipa þeir Þorleifur Jóhannesson Lindarbrekku, Einar Ásgrímsson Grundargötu 9 og Einar Indriðason Túngötu 36, allir Siglufirði — skal sýkn af kröfum stefnanda.

Stefnandi, Óskar Halldórsson, útgm. í Reykjavík f. h. Óskars Halldórssonar h/f Kothúsum í Garði, greiði stefndri stjórn Tunnuverksmiðju Siglufjarðar 400 kr. í málskostnað.

Ingólfur Jónsson lögfræðingur Reykjavík, málflutningsmaður stefnanda, sé sýkn af sektarkröfum málflutningsmanns stefndrar.

Hið áfrýjaða að greiða innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 31. janúar 1944.

Nr. 92/1943. **Jóhann Sigurðsson**
gegn
Guðmundi Helgasyni.

Útivistardómur.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Jóhann Sigurðsson, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 4. febrúar 1944.

Nr. 68/1943. **Alfred Rosenberg** (Einar Ásmundsson)
gegn
Skafta Sigþórssyni (Sigurgeir Sigurjónsson).

Bætur fyrir rof á vinnusamningi.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 26. júlí f. á., krefst þess, að honum verði ein-

ungis dæmt að greiða kr. 283.65 án vaxta. Svo krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Samningurinn frá 31. desember 1940 milli Alþýðusambands Íslands vegna Félags íslenzkra hljóðfæraleikara annars vegar og áfrýjanda og tveggja annarra veitingamanna hins vegar var bindandi. Var sá samningur enn í gildi, þegar áfrýjandi sagði stefnda upp starfanum, og getur verkfall það, er í málinu greinir, ekki skipt hér máli, þegar af þeirri ástæðu, að áfrýjandi sló engan varnagla, þegar stefndi hóf vinnu hjá honum á ný eftir verkfallið.

Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm að niðurstöðu til.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir hæstarétti, sem ákveðst kr. 700.00.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Alfred Rosenberg, greiði stefnda, Skafta Sigþórssyni, kr. 700.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 10. júní 1943.

Mál þetta, sem dómtekið var 8. þ. m., er höfðað á bæjarþinginu með stefnu útgefinni 15. apríl 1942 af Skafta Sigþórssyni hljóðfæraleikara hér í bæ gegn Alfred Rosenberg veitingamanni hér í bænum. Réttarkröfur aðilja, þær er til úrlausnar koma í dómi þessum, eru þessar: Stefnandi krefst, að stefndur verði dæmdur til að greiða honum kr. 1418.25 með 5% ársvöxtum frá útgáfudegi stefnu, 15. apríl 1942, til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu.

Stefndur krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda gegn greiðslu kr. 283.65, og að honum verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda.

Atvik máls þessa eru þau, að stefnandi, sem er félagsmaður í Félagi íslenzkra hljóðfæraleikara, sem aftur er meðlimur Alþýðusambands Íslands, vann að hljóðfæraleik hjá stefnanda í veitingahúsi hans, Hótel Ísland, nokkurn veginn samfellt frá 1. október 1938 til

15. febrúar 1942, en þann dag hætti hann störfum, að undangenginni uppsögn af hálfu stefnanda, er fram hafði farið 15. janúar 1942. Er stefndur ætlaði að greiða stefnanda kaup hans fyrir tímabilið 1.—15. febrúar 1942, neitaði stefnandi að taka við því, þar eð hann taldi sig eiga rétt á þriggja mánaða uppsagnarfresti og krafðist því kaups til 15. apríl 1942. Neitaði stefndur þeirri kröfu, og þar eð ekki varð um sátt að ræða með aðiljum, höfðaði stefnandi mál þetta til heimtu kaups síns fyrir umrætt tímabil, en það telur hann nema stefnukröfunni í máli þessu, og er stefndur sammála því, að kaupið sé réttilega reiknað, ef um væri að ræða rétt til þriggja mánaða uppsagnarfrests.

Stefnandi byggir kröfur sínar á því, að 31. desember 1940 hafi verið gerður samningur milli Alþýðusambands Íslands vegna Félags íslenzkra hljóðfæraleikara annars vegar og nokkurra veitingamanna hér í bænum, þ. á m. stefnds, hins vegar, um kaup og kjör félagsmanna nefnds félags. Hafi verið svo ákveðið í samningi þessum, að uppsagnarfrestur vinnusambands skyldi vera þrír mánuðir af hálfu beggja aðilja, nema öðruvísi væri sérstaklega samið. Svo hafi ekki verið milli aðilja máls þessa, og þar sem samningurinn hafi enn verið í gildi, er uppsögnin fór fram, leiði af því, að stenfandi eigi rétt á þriggja mánaða kaupi frá uppsagnardegi, 15. janúar 1942, að telja.

Stefndur byggir aftur á móti kröfur sínar á því, að fyrrgreindur samningur hafi aldrei gengið í gildi, en enda þótt svo hefði verið, gæti hann ekki hafa verið í gildi, þegar fyrrgreind uppsögn fór fram, sökum ólögmæts verkfalls, er Félag íslenzkra hljóðfæraleikara hafi gert hjá stefndum og fleirum veitingamönnum hér í bænum hinn 24. janúar 1941. Enn fremur leiði ógildi samningsins, þótt gildur hefði verið í upphafi, af því, að hann hafi aldrei verið endanlega orðaður, ekki hreinritaður og síðan undirritaður af réttum aðiljum.

Seinast á árinu 1940 fóru fram samningaumleitanir milli Alþýðusambandsins vegna Félags íslenzkra hljóðfæraleikara annars vegar og nokkurra veitingamanna hér í bænum, þ. á m. stefnds, hins vegar, um kaup og kjör hljóðfæraleikara. Af hálfu Alþýðusambandsins tók framkvæmdastjóri þess, Jón Sigurðsson, þátt í samningaumleitunum þessum, en veitingamennirnir hins vegar sjálfir og með þeim framkvæmdastjóri Vinnuveitendafélags Íslands, hrl. Eggert Claessen. Voru örðugleikar um samkomulag, og var svo komið, að hljóðfæraleikararnir ætluðu að hefja verkfall kl. 24 hinn 31. desember 1940, ef samkomulag hefði ekki náðst fyrir þann tíma. Var nú tekið til óspilltra málanna á gamlársdag, og tókst þá loks að gera samning um öll deiluatriði. Varð því ekki úr fyrirhuguðu verkfalli.

Samningur sá, sem þarna gerðist, liggur fyrir í frumriti í máli þessu. Meginmál hans er vélritað, en í hann eru víða gerð innskot

og breytingar með ritblýi. Er því ekki haldið fram, að samningnum hafi verið neitt breytt, síðan hann var undirritaður. Ein grein hans er ekki fyllilega orðuð, en sammála eru aðiljar um, að samkomulag hafi verið um efni hennar.

Samningurinn er undirritaður af réttum aðiljum. Meðal annars, sem tekið er fram í samningnum, er það, að uppsagnarfrestur skuli vera þrír mánuðir milli veitingamanna og hljóðfæraleikara, sé ekki sérstaklega samið öðruvísi, og að samningurinn gildi frá 1. janúar 1941 til 1. janúar 1942 og framlengist síðan um eitt ár í senn, sé honum ekki sagt upp af öðrum hvorum aðilja með minnst þriggja mánaða fyrirvara.

Rétturinn getur ekki fallizt á það með stefndum, að samningur þessi hafi aldrei öðlazt gildi. Engin ákvæði hans benda til þess, né heldur er það sannað gegn andmælum stefnanda, að nein þau atvik hafi gerzt í sambandi við samningsgerðina, er kæmu í veg fyrir gildi samningsins. Líklegt þykir að sú hafi verið ætlun aðilja, að samningurinn yrði hreinritaður í tveimur eintökum og síðan undirritaður á ný, svo sem stefndur telur, en ekki þykir það geta svipt samninginn gildi, að það fórst fyrir, enda bar veitingamönnunum að tilkynna Alþýðusambandinu sérstaklega, ef þeir vildu láta téða vanrækslu valda því. — Er þá aðeins eftir að ræða þá ástæðu stefnds fyrir ógildi samningisns, að hann hafi misst gildi við verkfall Félags íslenzkra hljóðfæraleikara hinn 24. janúar 1941.

Hinn 24. janúar 1941 hóf Sjöfn, félag starfsstúlkna á veitingahúsum og skipum, verkfall hjá veitingamönnum, sem voru í Vinnuveitendafélagi Íslands, en stefndur var einn þeirra. Síðar sama dag skipaði Alþýðusambandið, en Sjöfn var meðlimur þess, nokkrum félögum öðrum, þ. á m. Félagi íslenzkra hljóðfæraleikara, að vinna ekki hjá stefndum og fleirum, meðan verkfall Sjafnar stæði. Þessu var hlýtt, en með dómi Félagsdóms uppkveðnum 14. febrúar 1941 var þessi skipun Alþýðusambandsins dæmd ólögmæt, og það sektað fyrir hana. Eftir dóm þenna hófu hljóðfæraleikararnir smám saman vinnu á ný, og hinn 24. febrúar hóf stefnandi vinnu sína aftur hjá stefndum, að því er virðist án nokkurra athugasemda af hálfu stefnds. Með því að hefja vinnu á ný verður að telja, að hljóðfæraleikararnir hafi í verki aflýst verkfalli sínu. Og þar sem það var hafið eftir skipan Alþýðusambandsins, en því bar Félagi íslenzkra hljóðfæraleikara að hlýða, og því gátu veitingamennirnir við samningsgerðina búizt við, að félagið hlýddi til svipaðra ráðstafana og þessara, þá verður ekki á það fallizt með stefndum, að umrætt verkfall hljóðfæraleikaranna hafi haft þau áhrif að ógilda samninginn frá 31. desember 1940. Og þar sem samningnum hafði ekki verið sagt upp fyrir 15. janúar 1942, verður að telja, að hann hafi verið í gildi þá.

Svo hafði jafnan verið í vinnusambandi málsaðilja, að þeir höfðu

gert með sér skriflega samninga um það, er giltu tíma og tíma. Virðist ætíð hafa verið svo samið, að uppsagnarfrestur skyldi vera einn mánuður af hálfu þeirra beggja. Eftir gildistöku samningsins frá 31. desember 1940 gerðu aðiljar engan slíkan sérsamning sín í milli. Verður því að ætla, að réttarsamband þeirra hafi verið í samræmi við hann, þar sem enginn fyrirvari var gerður af hálfu stefnds í gagnstæða átt, og telja verður, að þeim hafi báðum átt að vera ljóst, að nýnefndur samningur var í gildi allan þann tíma, er stefnandi vann hjá stefndum. Leiðir af þessu að taka ber til greina allar kröfur stefnanda og þykir málskostnaður honum til handa hæfilega ákveðinn kr. 300.00.

Dóm þenna kvað upp Gunnar A. Pálsson, fulltrúi lögmannsins í Reykjavík.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Alfred Rosenberg, greiði stefnandanum, Skafta Sigþórssyni, kr. 1418.25 með 5% ársvöxtum frá 15. apríl 1942 til greiðsludags og kr. 300.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 7. febrúar 1944.

Nr. 117/1943. **Réttvísin og valdstjórnin** (Theódór B. Líndal)
gegn
Sigurði Sigurbjörnssyni
(Gunnar Þorsteinsson).

Ölvun við bifreiðaakstur.

Dómur hæstaréttar.

Hinn áfrýjaða dóm hefur upp kveðið Hjálmar Vilhjálmsson bæjarfógeti á Seyðisfirði.

Ákærði er sannur að sök um brot á refsiákvæðum þeim, er í héraðsdómi greinir. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 15 daga varðhald.

Ákærði hefur kannazt við, að hann hafi áður ekið bifreið með áhrifum áfengis. Svo hefur hann og í maí 1943 hlotið áminningu fyrir brot á ákvæðum bifreiðalaga og í júní sama ár sekt fyrir brot á ákvæðum áfengislaga. Samkvæmt þessu þykir nú verða að svipta hann ökuleyfi um tvö ár frá birtingu dóms þessa.

Eftir þessum úrslitum ber ákærða að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 200 krónur til hvors.

Ákærði viðurkenndi, að hann hefði áður ekið bifreið með áhrifum áfengis. Héraðsdómari rannsakaði ekki þetta atriði og gaf ákærða það ekki að sök. Svo er og rannsóknin ekki nægilega rækileg að því er varðar brot ákærða gegn ákvæðum 108. gr. laga nr. 19/1940. Loks athugast, að héraðsdómari hefði átt að gefa út stefnu í málinu.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Sigurður Sigurbjörnsson, sæti varðhaldi 15 daga. Hann skal og sviptur ökuleyfi 2 ár frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Theódórs B. Líndals og Gunnars Þorsteinssonar, 200 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Seyðisfjarðar 11. ágúst 1943.

Mál þetta er höfðað gegn Sigurði Sigurbjörnssyni, til heimilis Gilsárteigi Eiðahreppi Suður-Múlasýslu, af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu fyrir ætluð brot á lögum nr. 23 frá 16. júní 1941, lögum nr. 33 frá 9. janúar 1935 og lögum nr. 19 frá 12. febrúar 1940 og lögreglusamþykkt Seyðisfjarðarkaupstaðar nr. 153 frá 12. sept. 1941, svo og til greiðslu alls málskostnaðar.

Ákærður Sigurður Sigurbjörnsson hefur náð lögaldri sakamanna, er fæddur 27. maí 1920 að Höfðaseli í Vallahreppi í Suður-Múlasýslu. Hann hefur, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum refsingum:

1943 3½ Sætt áminningu og aðvörun fyrir brot á 38. gr. 2. mgr. laga nr. 23 frá 1941.

1943 ⅞ Sætt 50 króna sekt og 10 króna skaðabótum fyrir ölvun á almannafæri.

Aðfaranótt sunnudags 8. ágúst s. l. var ákærður allmikið drukkinn á dansleik, er þá stóð yfir í Bióhúsinu hér í bænum. Fór hann þannig á sig kominn í bifreið sína U 60 og ók henni á hermannaskála. Var ætlun hans sú, að aka bifreiðinni afsíðis í því skyni að hafa næði til þess að drekka með fólki, sem hjá honum var í bif-

reiðinni. Engin spjöll hlutust af árekstrinum. Á dansleik þessum sýndi ákærður drykkjulæti og viðhafði þau orð, að hann skyldi slá Hermann Hermannsson lögregluþjón niður.

Lýsing þessi er byggð á skýrslu lögregluþjónanna Hermanns Hermannssonar og Björns Jónssonar, svo og eigin játningu ákærðs. Einnig hefur hann játað það, að hann hafi a. m. k. einu sinni áður ekið bifreið ölvaður, og sé næstum eitt ár liðið síðan það var.

Með því að aka bifreið undir áhrifum áfengis, eins og nú var lýst, hefur ákærður gerzt sekur um brot á 23. grein bifreiðarlaganna nr. 23 frá 1941, og ber að refsa honum fyrir það samkvæmt 38. gr. sömu laga. Með því að viðhafa drykkjulæti á almennri samkomu hefur hann gerzt sekur um brot á 18. gr. áfengislaganna nr. 33 frá 1935, sbr. 38. gr., og 1. gr. lögreglusamþykktar Seyðisfjarðarkaupstaðar nr. 153 frá 1941, sbr. 78. gr. Með hótun þeirri, er framan er nefnd, sem ákærður viðhafði um lögregluna, hefur hann gerzt sekur um brot á 12. kapítula alm. hegningarlaga nr. 19 frá 1940. Þar eð hótun þessi virðist ekki hafa verið sett fram við lögregluþjóninn sjálfan né í neinum sérstökum tilgangi, en var á hinn bóginn freklega móðgandi, ber að heimfæra þetta brot ákærða undir 108. gr. hegningarlaganna.

Refsing sú, sem ákærður hefur til unnið samkvæmt framanrituðu, þykir með hliðsjón af 77. gr. alm. hegningarlaga hæfilega ákveðin 15 daga varðhald, en fullnustu refsingarinnar skal frestað og hún falla niður að 2 árum liðnum, ef fullnægt verður skilyrðum alm. hegningarlaga 6. kapítula.

Samkvæmt 39. gr. bifreiðarlaganna ber að svipta ákærðan rétti til að stjórna bifreið í 3 mánuði frá birtingu dóms þessa að telja.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma ákærðan til þess að greiða allan kostnað sakarinnar.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Ákærður, Sigurður Sigurbjörnsson, sæti 15 daga varðhaldi, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún falla niður að tveim árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, ef hann heldur skilorð 6. kapítula alm. hegningarlaga.

Hann skal og sviptur ökuleyfi til þess að stjórna bifreið í 3 mánuði frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærður greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 9. febrúar 1944.

Nr. 73/1942. **Margrét Árnadóttir** og **Egill Benediktsson**
(Garðar Þorsteinsson)
gegn
Stjórn Stúdentagarðsins
(cand. jur. Ragnar Ólafsson).

Setudómari hrl. Sveinbjörn Jónsson í stað próf. Ísleifs Árnasonar.

Ágreiningur um rétt til leigugjalds eftir húsnæði.

Dómur hæstaréttar.

Björn lögmaður Þórðarson hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjendur, sem skotið hafa máli þessu til hæstaréttar með stefnu 29. júní 1942, krefjast þess: Aðallega að stefndi verði dæmdur til að greiða þeim kr. 15050.00 með 6% vöxtum frá 23. janúar 1942, en til vara kr. 13247.15 með vöxtum eins og áður greindi. Svo krefjast þeir málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess: Aðallega að héraðsdómurinn verði staðfestur, en til vara að honum verði dæmt að greiða áfrýjendum kr. 8634.10. Svo krefst hann og málskostnaðar fyrir hæstarétti úr höndum áfrýjenda eftir mati dómsins.

Áfrýjendur voru ráðnir brytar Stúdentagarðsins frá 15. sept. 1939 til jafnlengdar 1940. Höfðu þau vist þar ásamt starfsliði sínu og seldu stúdentum fæði. Auk þess leystu þau þar af hendi ýmiss önnur störf, svo sem ræstingar, umhirðu, þvotta o. fl. fyrir stúdenta. Þau skyldu hafa sem gagngjald þessara aukaverka afnot Stúdentagarðsins frá 1. júní til 15. september 1940 til veitinga og rekstrar gistihúss, en um sumartímann mátti nota Garðinn til slíks rekstrar vegna fjarvistar stúdenta. Umráð áfrýjenda yfir húsinu um sumarið voru ekki í skiptum aðilja metin sérstaklega til peningaverðs. Brezka herstjórnin tók Stúdentagarðinn til sinna þarfa frá 1. júní 1940. Urðu áfrýjendur þá

að hverfa þaðan, og stúdentar hafa ekki haft not hans frá þeim tíma. Íslenzk-brezk nefnd ákvað hinn 5. desember 1940, að brezka herstjórnin skyldi greiða 4300 króna mánaðarleigu fyrir Stúdentagarðinn og lóð hans. Var þá skráð í fundarbók greindrar nefndar, að í leigufjárhæðinni fælust ekki „meintar skaðabætur til Margrétar Árnadóttur, er sérstaklega verður samið við, þó ber eigendum Stúdentagarðsins að sjá um, að hún fái endurgreidda húsaleigu þá, er hún hefur greitt þeim." Stjórn Stúdentagarðsins virðist samkvæmt því, sem skráð var í fundarbók hennar 12. desember 1940, hafa skilið ákvörðun íslenzk-brezku nefndarinnar á þann veg, að Garðstjórnin skyldi einungis standa áfrýjendum skil á fé, er svaraði til gagngjalds þeirra starfa, er áfrýjendur höfðu innt af hendi fyrir afnot Garðsins sumarið 1940. Hefur það gagngjald í héraðsdómi verið metið kr. 3481.92.

Afnot áfrýjenda af Stúdentagarðinum áttu einungis að haldast, meðan stúdentar voru fjarvistum og þörfnuðust ekki þess húss. Afnot brezku herstjórnarinnar áttu hins vegar að haldast um langan óákveðinn tíma og ónýttu fyrir eigendum þau not hússins, sem það var ætlað til. Voru afnot herstjórnarinnar og í fleiri greinum annars eðlis og víðtækari en not áfrýjenda. Var því leiga sú, sem stefndu bar úr hendi herstjórnarinnar ekki sambærileg leigu þeirri, er samið hafði verið um í skiptum málsaðilja.

Svo sem áður segir, setti íslenzk-brezka nefndin stefnda það skilyrði, að hann endurgreiddi áfrýjendum húsaleigu þá, er þeir höfðu greitt honum fyrir fram, og eru ekki rök leidd að því, að hann hafi haft ástæðu til að ætla, að honum bæri að greiða meira, enda hafði hann hvorki gagnvart áfrýjendum né íslenzk-brezku nefndinni tekið á sig skyldu til frekari greiðslu. Ekki hefur verið í ljós leitt, að mat héraðsdómara á leigu þessari hafi verið of lágt. Verður því samkvæmt öllu því, er að ofan getur, að staðfesta héraðsdóminn að niðurstöðu til.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 29. apríl 1942.

Mál þetta, sem dómtekið var 24. þ. m., er, eftir árangurslausa sáttaumleitun, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 30. jan. s. l. af Agli Benediktssyni veitingamanni og Margréti Árnadóttur matselju Tjarnargötu 10 hér í bæ gegn stjórn Stúdentagarðsins, þeim Ásgeiri Ásgeirssyni bankastjóra, Hannesi Þórarinssyni stud. med., Lárusi Péturssyni stud. jur., Níelsi Dungal prófessor og Ásmundi Guðmundssyni prófessor, f. h. Stúdentagarðsins til greiðslu skuldar, að upphæð kr. 15050.00, ásamt 6% ársvöxtum frá sáttakærudegi, 23. jan. s. l., til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefnda krefst þess *aðallega*, að hún verði sýknuð af kröfum stefnenda gegn greiðslu á kr. 2750.00 vaxtalaust; *til vara*, að hún verði dæmd til að greiða stefnendum eftir mati hæfilega upphæð, sem svarar kostnaði fyrir ræstingu Stúdentagarðsins og þvott á rúmfötum og handklæðum fyrir tímabilið frá 15. sept. 1939 til 1. júní 1940, án vaxta. Hvernig sem málið fer, krefst stefnda málskostnaðar eftir mati réttarins.

Málavextir eru þeir, að með samningi við stefnda, dags. í júlí 1939, réðust stefnendur þessa máls sem brytar við Stúdentagarðinn frá 15. sept. 1930 til 15. sept. 1940. Skyldu stefnendur fá ókeypis íbúð, ljós og hita í Stúdentagarðinum handa sér og þjónustufólki við bryta- og ræstingastörf. Þau tóku að sér að selja stúdentum gott og heilnæmt fæði fyrir 65 kr. á mánuði og hafa á Stúdentagarðinum veitingar eftir nánara samkomulagi við stefnda. Skyldu þau leggja til efni og vinnu við fæðissölu og veitingar, en stefnda húsnæði, áhöld, ljós og hita. Stefnendur tóku að sér að sjá um ræstingu Stúdentagarðsins, þar í talin hreingerning og „tiltekt" í herbergjum og vistarverum stúdenta, skóburstun, þvottur á rúmfötum og handklæðum o. þ. h. Skyldu þau leggja til alla vinnu og áhöld, svo sem skjólur, þurrkur, kústa og efni til þessara verka. Einnig áttu þau á sama hátt að sjá um aðalhreingerningar haust og vor. Sem greiðslu fyrir þessi verk skyldu stefnendur fá Stúdentagarðinn ókeypis til afnota til hótelreksturs á tímabilinu frá 1. júní til 15. sept. 1940, og skyldu húsinu fylgja öll áhöld, húsgögn og rúmfatnaður. Undanskilin voru þó herbergi þau, er Garðprófastur hafði til íbúðar, og leigja skyldu stefnendur dyraverði 2 herbergi í kjallara fyrir 125 kr. umrædda þrjá mánuði. — Í samræmi við samning þennan unnu stefnendur síðan við Stúdentagarðinn til 1. júní 1940, að því

undanskildu, að mánaðargreiðsla fyrir fæði handa stúdentum var færð upp í kr. 85.00, er verðlag hækkaði. — Er Ísland var hernumið í maímánuði 1940, kom brezka herstjórnin fram með kröfur um að fá Stúdentagarðinn til afnota fyrir sjúkrahús, og fengu þeir kröfum sínum framgengt þann 1. júní s. á. Er því eindregið haldið fram af stefnda, að þessi afhending til herstjórnarinnar hafi farið fram að óvilja fyrirsvarsmanna Stúdentagarðsins, enda hafi og verið neitað að undirrita yfirlýsingu um, að herstjórnin hefði leyfi til notkunar húseignarinnar. Við hinn munnlega málflutning var því hins vegar lýst yfir af hálfu stefnenda, að þau hefðu fyrir sitt leyti veitt herstjórninni samþykki til að taka Stúdentagarðinn til afnota umrædda þrjá mánuði, en jafnframt áskilið sér rétt til skaðabóta fyrir missi hússins.

Hinn 5. des. 1940 ákvað brezk-íslenzka leigumatsnefndin, að Bretum bæri að greiða kr. 4300.00 á mánuði í leigu eftir Stúdentagarðinn, talið frá 1. júní 1940. Hinn 13. s. m. var gerður samningur milli brezku herstjórnarinnar og stefnda um leigu Stúdentagarðsins, þ. e. 66 herbergja, ásamt húsgögnum og 2100 m^2 lóð í kringum húsið. Leigutíminn var fyrst ákveðinn sex mánuðir, en leigutaki áskildi sér þó rétt til að halda áfram afnotunum eins lengi og hann teldi sig þurfa þeirra með, og áskildi sér rétt til að segja upp með aðeins eins mánaðar fyrirvara.

Leigan skyldi greidd ársfjórðungslega. Leigutaki mátti gera hverjar þær breytingar, er hann taldi nauðsynlegar á byggingum þeim, er fyrir voru, og jafnframt láta framkvæma hvaða verk sem er á eigninni og láta reisa þar hvers konar viðbótarbyggingar.

Af hálfu stefnenda er því haldið fram, að þar sem stefnda hafi fengið Stúdentagarðinn brezku herstjórninni til afnota og þau þar með verið svipt samningsbundnum afnotarétti yfir húseigninni umræddan 3½ mánuð, þá sé það ljóst, að stefnda beri að bæta þeim það tjón, er þau hafi af þessu hlotið, og endurgreiða leigugjald það, sem þau hafi látið í té fyrirfram samkvæmt ákvæðum samningsins frá í júlí 1939. Leigan eftir Stúdentagarðinn hafi verið metin af opinberri nefnd, og nemi hún hinni umstefndu upphæð fyrir framangreint tímabil. Stefnda hafi ekki átt að hafa neinar tekjur af Stúdentagarðinum þennan tíma, og sé því sjálfsagt, að leigan renni öll til stefnenda, sem þó kunni að eiga frekari skaðabótakröfur á hendur stefnda eða Bretum, þar sem hagnaður stefnenda af rekstri Stúdentagarðsins sem hótels yfir þennan tíma hefði numið mun hærri upphæð en stefnt er út af. Gagnvart stefnda sé þó fallið frá kröfu þessari, en áskilinn óskertur réttur gagnvart brezku herstjórninni til greiðslu frekari bóta.

Af hálfu stefndu er því haldið fram, að hún hafi ekki átt neina sök á því, að stefnendur fengu ekki Stúdentagarðinn til afnota sumarið 1940. Brezka setuliðið hafi tekið afnot Garðs gegn vilja

stefndu og ekki fengizt til að sleppa honum þrátt fyrir ítrekaðar kröfur í þá átt. Stefnda geti því ekki talizt skaðabótaskyld gagnvart stefnendum út af óbeinu tjóni vegna þessa afnotamissis, slíkt beri brezka setuliðinu að bæta, enda muni það hafa leitazt við að ná samkomulagi við stefnendur um bæturnar, en ekki tekizt. Stefnda kveðst hins vegar ávallt hafa verið fús til að endurgreiða stefnendum það, sem þau hafi greitt fyrirfram með verkum þeim, er um getur í áðurnefndum samningi aðiljanna, og á því byggist framangreindar dómkröfur stefndu í málinu.

Gegn mótmælum stefndu hafa ekki verið færðar á það sönnur, að hún hafi af fúsum og frjálsum vilja fallizt á að afhenda brezku herstjórninni Stúdentagarðinn til afnota, og við hinn munnlega málflutning var sýnt yfirlýsingarform um afhendingu til herstjórnarinnar, sem staðhæft var, að stefnda hefði eigi fengizt til að undirrita. Eins og málið liggur fyrir, verður að líta svo á, að stefnda hafi af nauðung vegna þess hervalds, sem bak við bjó, látið Stúdentagarðinn af hendi, svo og undirritað hinn svonefnda leigusamning frá 13. des. 1939 eftir að brezk-íslenzka matsnefndin hafði einhliða ákveðið leiguna. Og þar sem þar að auki kemur hér til greina, að stefnendur hafa fyrir sitt leyti fallizt á það við brezku herstjórnina, að hún hefði þau afnot Stúdentagerðsins, sem þeim var heimil skv. samningi milli aðilja máls þessa, þá þykir stefnda ekki verða krafin bóta fyrir það tjón, er þau kunna að hafa beðið af þessum sökum. — Hins vegar ber þeim að fá endurgreitt það, sem þau hafa látið stefnda í té sem fyrirframgreiðslu fyrir afnot Stúdentagarðsins sumarið 1940.

Stefnendur halda því fram, að greiðsla þessi sé réttilega metin sú upphæð, sem stefnt er út af í málinu og hin brezk-íslenzka matsnefnd hefur ákveðið. — Stefnda mótmælir þessu eindregið og telur að hið eina, sem unnt sé að hafa til hliðsjónar að þessu leyti, sé sú upphæð, kr. 2808.00, sem sams konar vinna hafi verið verðlögð við Jónas Lárusson bryta næsta ár á undan, eða kr. 2750.00, sem hafi verið leiga eftir Stúdentagerðinn í 3½ mánuð að sumrinu, enda muni hafa verið miðað við það verð við samningsgerðina. Til vara hefur stefnda lagt það á vald dómarans eða dómkvaddra manna að meta, hvers virði verk þau hafi verið, sem stefnendur skv. samningnum frá í júlí 1939 hafi látið í té og að framan er lýst.

Þegar þess er gætt, *að* brezka herstjórnin fær til afnota hina stóru lóð umhverfis Stúdentagarðinn, umfram áskilin leiguafnot stefnenda, *að* hún hefur heimild til að láta vinna þar hvers konar verk og reisa þar viðbótarbyggingar, eins og hún mun hafa gert, *að* leigan er óuppsegjanleg af hálfu leigusala og leigukjör að ýmsu leyti öðru ósambærileg, þá þykir ekki unnt að telja, að hæfileg leiga, til endurgreiðslu handa stefnendum sé sú upphæð, sem brezk-íslenzka matsnefndin hefur ákveðið skv. framansögðu. Til ákvörð-

unar á upphæð þeirri, er stefnendur eiga að fá endurgreidda, þykir ekki unnt að hafa annað til hliðsjónar en það, hversu svipuð verk og stefnendur inntu af höndum frá 15. sept. 1939 til 1. júní 1940 voru metin til peninga árin áður, þ. e. með kr. 2808.00, þó þannig, að rétt þykir að bæta við upphæðina sem svarar hækkun á verðlagsvísitölu á umræddu tímabili, en það eru 24%. Ber stefndu því af þessum sökum að endurgreiða stefnendum kr. 2808.00 + kr. 673.92, eða kr. 3481.92. Eftir þeim gögnum, er fyrir liggja, verður hins vegar ekki séð, að stefnendur eigi kröfu til fjárhæðar úr hendi stefndu vegna fæðissölunnar til stúdenta, þegar tekið er tillit til þess, að því er ómótmælt, að greiðsla fyrir fæði hvers manns hafi hækkað úr 65 kr. í 85 kr. á mánuði, er verðlag hækkaði, svo og þess, að stefnendur höfðu á þessum tíma ókeypis íbúð, ljós og hita handa sjálfum sér og þjónustufólki við brytastörfin, og stefnda lagði einnig að öðru leyti til húsnæði, áhöld, ljós og hita í sambandi við fæðissöluna.

Úrslit málsins verða því þau, að stefnda verður dæmd til að greiða framangreinda upphæð kr. 3481.92. Þar sem það er ekki, gegn mótmælum stefnenda sannað, að stefnda hafi boðið löglega fram greiðslu að þessu leyti, þykir og verða að dæma 5% ársvexti af upphæðinni, talið frá sáttakærudegi, svo og málskostnað stefnendum til handa, og þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 500.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefnd stjórn Stúdentagarðsins, f. h. Stúdentagarðsins, greiði stefnendum, Agli Benediktssyni og Margréti Árnadóttur, kr. 3481.92 með 5% ársvöxtum frá 23. jan. 1942 til greiðsludags og kr. 500.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 11. febrúar 1944.

Nr. 96/1943. **Þorsteinn Jónsson** (Garðar Þorsteinsson)
gegn
Magnúsi Kjaran (Magnús Thorlacius).

Skuldamál. Umboð.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 8. nóv. f. á., krefst þess, að honum verði einungis dæmt að greiða stefnda kr. 101.53 ásamt 6% ársvöxtum frá 31. desember 1943 til greiðsludags og inn-

heimtulaun kr. 92.65. Svo krefst áfrýjandi og málskostnaðar úr hendi stefnda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og honum verði dæmdur málskostnaður úr hendi áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Áfrýjandi reisir kröfur sínar á því, að hæstaréttarlögmaður sá, er heimtir kröfu máls þessa, hafi utan dómþings samþykkt að gefa upp 85% af henni. Telur áfrýjandi, að uppgjöf þessi hafi leyst sig undan skyldu til greiðslu nefnds hluta skuldarinnar, enda þótt hæstaréttarlögmaðurinn hafi ekki haft sérstaka heimild skuldareiganda til uppgjafar.

Ákvæði 4. gr. laga nr. 61/1942 veita hvorki samkvæmt orðum sínum né lögjöfnun heimild til þeirrar uppgjafar, sem hér greinir, og ekki felst slík heimild í umboði til heimtu skuldar né verður leidd af öðrum réttarreglum. Ber því með greindri athugasemd að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Eftir atvikum þykir rétt að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda kr. 300.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Þorsteinn Jónsson, greiði stefnda, Magnúsi Kjaran, kr. 300.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 26. okt. 1943.

Mál þetta, sem dómtekið var 22. þ. m., hefur Magnús Kjaran stórkaupmaður hér í bæ höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 6. apríl þ. á. gegn Þorsteini Jónssyni, f. h. verzlunarinnar Framnes Framnesvegi 44 hér í bænum, til greiðslu verzlunarskuldar, að upphæð kr. 676.45, ásamt 6% ársvöxtum frá 19. okt. 1942 til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndur krefst sýknu gegn greiðslu á kr. 101.53, auk 6% ársvaxta frá 31. des. 1943 til greiðsludags og innheimtulauna, að upphæð kr. 92.65, en málskostnaður verði látinn falla niður.

Hin umstefnda skuld er til orðin fyrir vöruúttekt stefnds hjá heildsöluverzlun stefnanda, og er það óvéfengt, að andvirði þeirra

vara nemi hinni umstefndu upphæð, kr. 676.45. Hins vegar heldur stefndur því fram og byggir dómkröfur sínar á því, að stefnandi hafi, svo gilt sé, samþykkt að taka við 15% af kröfuupphæðinni sem fullnaðargreiðslu, og liggi fyrir skriflegt samþykki umboðsmanns stefnanda í þessa átt. — Af hálfu stefnanda er haldið fast við, að stefndum beri að greiða fjárhæð þá, er í stefnu greinir, án nokkurs frádráttar.

Málsatvik að þessu leyti eru þau, að í byrjun þessa árs átti stefndur í slíkum fjárhagsörðugleikum, að tvísýnt var, hvort hann gæti staðið í skilum við lánardrottna sína. Leitaði hann þá til Garðars Þorsteinssonar hrlm. hér í bæ og beiddist þess, að hann aðstoðaði sig við að ná frjálsum samningum við skuldheimtumennina, þannig að almennir kröfuhafar féllust á að taka við 15% af kröfunum sem fullnaðargreiðslu, en þriðji maður hafði lagt stefndum nokkurt fé til slíkra greiðslna. Tók Garðar Þorsteinsson þetta að sér og ritaði hinn 12. febrúar s. l. þeim skuldheimtumönnum, er stefndur tiltók, bréf, þar sem skýrt var frá fjárhag stefnds og jafnframt spurzt fyrir um það, hvort viðkomandi skuldheimtumaður vildi fallast á að kvitta kröfu sína á hendur stefndum gegn greiðslu á 15%. Stefnandi þessa máls var einn þeirra, sem fékk slíkt bréf út af kröfu þeirri, er hér um ræðir, en hann hafði þá afhent Magnúsi Thorlacius hrlm. hér í bæ kröfu þessa til innheimtu, og var Magnús Thorlacius þá þegar búinn að krefja stefndan um greiðslu hennar. Magnús Thorlacius átti dómkröfu á hendur stefndum, að upphæð kr. 2787.90, auk vaxta og kostnaðar, og fékk hann því einnig um sömu mundir sams konar bréf og fyrr greinir frá Garðari Þorsteinssyni út af þeirri kröfu. Í bréfi til Garðars Þorsteinssonar (dags. 16. febrúar s. l.) skýrir Magnús Thorlacius frá því, að hann hafi til innheimtu tvær kröfur á stefndan, þ. e. fyrrnefnda dómkröfu og kröfu stefnanda þessa máls, og í lok bréfsins segir hann, að um þjóðendur sínir vilji „ganga að 15% netto, þannig að skuldari greiði samtals kr. 1040.13.“ Kveðst Magnús Thorlacius af vangá og án umboðs hafa samþykkt þessa eftirgjöf á kröfu stefnanda, og nokkrum dögum eftir að hann hafi sent umrætt bréf hafi stefnandi beint lagt svo fyrir, að málaleitun stefnds um eftirgjöf skyldi neita. Kveðst Thorlacius þá þegar hafa tjáð Garðari Þorsteinssyni þetta og heldur því jafnframt fram, að Garðar hafi þá fallizt á f. h. stefnds að bera ekki umrætt bréf fyrir sig, en Garðar neitar því hins vegar að hafa viðhaft slík ummæli. Í bréfi dags. 5. apríl s. l. tilkynnti Magnús Thorlacius Garðari Þorsteinssyni og, að stefnandi vildi ekki gefa neitt eftir af kröfu sinni, og hann afturkallaði því þar að lútandi samþykki sitt frá 16. febrúar s. l. Með bréfi, dags, 21. apríl þ. á., sendi Garðar Þorsteinsson Magnúsi Thorlacius tékka að upphæð kr. 1040.13 sem greiðslu á nefndum kröfum, en Thorlacius neitaði, að sú greiðsla væri fullnægjandi og endursendi tékkann.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að í bréfi Magnúsar Thorlacius frá 16. febrúar s. l. hafi ekki falizt samþykki við tilboði Garðars Þorsteinssonar í bréfi dags. 12. s. m., heldur nýtt tilboð (gagntilboð), sem stefndum hafi borið að samþykkja innan hæfilegs frests, ef hann vildi byggja rétt á því. Þetta hafi ekki verið gert, en gagntilboðið hafi síðan verið afturkallað, og sú afturköllun tekin gild af umboðsmanni stefnds, eins og fyrr greinir. Auk þess hafi nefnd yfirlýsing frá 16. febrúar s. l. verið gefin með þeirri forsendu, að allir skuldheimtumennirnir fengju hlutfallslega jafnar greiðslur, en á því hafi orðið misbrestur, svo að einnig af þeirri ástæðu geti stefnandi eigi talizt bundinn við yfirlýsinguna.

Af hálfu stefnds er því hins vegar haldið fram, að hann hafi mátt treysta því, að umrædd yfirlýsing frá 16. febrúar s. l. væri bindandi fyrir stefnanda, enda geti hún ekki talizt niður fallin. Telur stefndur fyrst og fremst, að hér hafi verið um einhliða skuldbindingu að ræða, sem eigi hafi þurft samþykkis til að öðlast gildi, en jafnvel þótt svo yrði, talið, hafi ósamræmið milli tilboðsins í bréfi Garðars Þorsteinssonar frá 1. febr. s. l. og gagntilboðsins frá 16. s. m. verið svo óverulegt, að það geti eigi haft þýðingu að þessu leyti. Þá mótmælir stefndur því og, að nefnd skuldbinding sé niður fallin með samkomulagi aðilja eða samkvæmt reglum um brostnar forsendur.

Það er komið fram í málinu, að fyrrgreindur umboðsmaður stefnanda, Magnús Thorlacius hrlm., hafði eigi umboð frá stefnanda til eftirgjafar á umræddri skuld. Samkvæmt þessu og þar sem eigi verður talið, að stefndur hafi haft réttmæta ástæðu til að ætla, að í stöðuumboði fyrrnefnds umboðsmanns stefnanda fælist heimild til slíkrar eftirgjafar, þá telst stefndur eigi að þessu leyti geta byggt rétt á fyrrnefndu bréfi frá 16. febrúar s. l. Þegar af þessari ástæðu ber því að dæma stefndan til að greiða hina umstefndu skuld með vöxtum, eins og krafizt hefur verið, svo og málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 150.00.

Þess skal getið, að dráttur sá, sem orðið hefur á því, að mál þetta yrði munnlega flutt eftir að gagnasöfnun var lokið, stafar af mjög miklum önnum hér við lögmannsembættið undanfarið, og þá sérstaklega í sjó- og verzlunardómi og skiptarétti.

Fulltrúi lögmanns Árni Tryggvason hefur kveðið upp dóm þenna.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Þorsteinn Jónsson f. h. verzlunarinnar Framnes, greiði stefnandanum, Magnúsi Kjaran, kr. 676.45 með 6% ársvöxtum frá 19. okt. 1943 til greiðsludags og kr. 150.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 11. febrúar 1944.

Kærumálið nr. 3/1944. **Sigurjón Jónsson**
gegn
Þrotabúi Guðmundar H. Þórðarsonar.

Kröfu um frávísun hrundið.

Dómur hæstaréttar.

Hinn áfrýjaða úrskurð hefur upp kveðið Þórður Björnsson setudómari.

Með kæru 9. jan. s. l., er hingað barst 29. s. m., hefur sóknaraðili skotið til hæstaréttar úrskurði bæjarþings Reykjavíkur, uppkveðnum 8. jan. s. l., þar sem kröfu um vísun málsins: Þrotabú Guðmundar H. Þórðarsonar gegn Sigurjóni Jónssyni frá héraðsdómi er hrundið. Krefst sóknaraðili þess, að úrskurður þessi verði úr gildi felldur og honum dæmdur málskostnaður úr hendi varnaraðilja í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Hæstarétti hafa ekki borizt kröfur né greinargerð frá varnaraðilja.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar ber að staðfesta hann. Málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 8. janúar 1944.

Þrotabú Guðmundar H. Þórðarsonar, heildsala hér í bæ, hefur höfðað mál þetta með stefnu útgefinni 1. marz s. l. gegn Sigurjóni Jónssyni bankagjaldkera hér í bæ til riftingar á handveðsetningu, sem fram fór af hálfu gjaldþrota í desembermánuði 1942.

Stefndi hefur krafizt þess aðallega, að máli þessu verði vísað frá dómi vegna dráttar, er orðið hafi á málinu eftir þingfestingu þess. Málið var þingfest 4. marz s. l., en gagnasöfnun var lokið í því 29. apríl s. l. Hefur stefndi ekkert haft að athuga við meðferð málsins frá þingfestingu til loka gagnasöfnunar eða eftir að hinn reglulegi héraðsdómari vék sæti í málinu 16. nóvember s. l. og

hefur ekkert komið fram í þá átt, að óþarfur dráttur hafi orðið á þeim tíma. En stefndur telur, að svo verulegur dráttur og andstæður 30. gr. gjaldþrotaskiptalaganna nr. 25 1929 hafi orðið á málinu frá því að gagnasöfnun var lokið þar til hinn reglulegi héraðsdómari vék sæti í því, að frávísun hljóti að varða.

Stefnandi hefur mótmælt frávísunarkröfu stefnda og krafizt þess að málið yrði dæmt að efni til.

Í málinu hefur verið lögð fram greinargerð hins reglulega héraðsdómara Kristjáns Kristjánssonar setts lögmanns og Árna Tryggvasonar fulltrúa hans um meðferð málsins frá 29. apríl s. l. til 16. nóvember s. l. Segir þar, að Árni Tryggvason, sem skyldi dæma málið, hafi veikzt í síðari hluta aprílmánaðar og verið frá störfum þar til í júní, en þar sem þá í júní hafi verið ódæmd yms eldri mál og halda hafi þurft áfram rannsókn út af Þormóðsslysinu, hafi reynzt ókleift að dæma í málinu áður en þingleyfi hófust um mánaðamót júní—júlí. Að þingleyfum loknum í september hafi komið í ljós, að nauðsyn bar til frekari rannsóknar í málinu, og fór sú rannsókn fram 5. og 15. október. 16. nóvember vék svo hinn reglulegi dómari sæti í málinu.

Framangreindri greinargerð Kristjáns Kristjánssonar og Árna Tryggvasonar hefur ekki verið hnekkt að neinu leyti, og verður því að leggja hana til grundvallar. Í 30. gr. gjaldþrotaskiptalaganna segir, að riftunarmál, eins og hér um ræðir, skuli „reka með hæfilegum hraða, svo það tefji ekki fyrir skiptum búsins", og hafa ekki verið færðar fram minnstu líkur fyrir því, að meðferð máls þessa hafi getað tafið skipti á búi Guðmundar H. Þórðarsonar. Verður því ekki talið, að slíkur dráttur hafi orðið á málinu, að hægt sé að taka til greina kröfu stefnda um frávísun málsins.

Stefndi hefur krafizt málskostnaðar, en eigi verður dæmt um hann fyrr en í efnisdómi í málinu.

Því úrskurðast:

Frávísunarkrafan verður eigi tekin til greina.

Mánudaginn 14. febrúar 1944.

Nr. 119/1943. **Ásta Hallsdóttir** (Sigurgeir Sigurjónsson)
gegn
Ólafi Jónssyni (Einar Ásmundsson).

Ágreiningur um þörf leigusala húsnæðis til aukningar húsnæðis síns.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 22. des. f. á., krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og honum dæmdur málskostnaður úr hendi stefndu í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi hefur krafizt staðfestingar úrskurðar fógeta og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Áfrýjandi hefur til íbúðar 2 herbergi og eldhús á neðri hæð húss síns nr. 34 við Vesturgötu og 2 herbergi á efri hæð. Eru öll herbergin lítil og þó sérstaklega þau, sem eru á efri hæð. Á heimili áfrýjanda eru Gunnar sonur hennar, ásamt konu sinni og barni, þrír aðrir synir hennar 10, 16 og 23 ára að aldri, allir skólanemar, svo og starfsstúlka. Samkvæmt þessu taldi húsaleigunefnd, að áfrýjandi hefði brýna þörf á húsnæði stefnda og verður að fallast á þann skilning nefndarinnar. Ber því að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi og leggja fyrir fógeta að framkvæma útburðargerðina.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að stefndi greiði áfrýjanda kr. 300.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur, og ber fógeta að framkvæma útburðargerð þá, sem krafizt er.

Stefndi, Ólafur Jónsson, greiði áfrýjanda, Ástu Hallsdóttur, kr. 300.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 22. nóv. 1943.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar 12. þ. m., hefur gerðarbeiðandi, Ásta Hallsdóttir Vesturgötu 34 hér í bænum, krafizt þess, að gerðarþoli, Ólafur Jónsson, verði borinn út úr húsnæði því, er hann nú býr í á Vesturgötu 34 hér í bænum.

Gerðarþoli hefur mótmælt framgangi hinnar umbeðnu gerðar og lögðu aðiljar málið undir úrskurð fógetaréttarins.

Málsaðiljar hafa hvor um sig krafizt málskostnaðar.

Málavextir eru þeir, að í húsi gerðarbeiðanda nr. 34 við Vesturgötu hefur gerðarþoli á leigu íbúð, 2 herbergi og eldhús, og býr hann þar ásamt konu sinni og tveim ungum börnum.

Í sama húsi býr einnig gerðarbeiðandi ásamt 4 sonum sínum 10—23 ára að aldri, vinnustúlku og unnustu sonar hennar, Gunnars. Hefur rétturinn kynnt sér húsnæði það, sem gerðarbeiðandi hefur til umráða, og er það 2 herbergi á efri hæð hússins og 3 herbergi, ásamt eldhúsi, niðri. Eitt þessara herbergja er þó mjög lítið.

Á s. l. sumri sagði gerðarbeiðandi gerðarþola upp íbúðinni til brottflutnings 1. okt. s. l. Var gildi uppsagnar þessarar borið undir húsaleigunefnd, sem úrskurðaði 15. okt. s. l., að uppsögnin væri gild, þar eð leigusala (gerðarbeiðanda) væri brýn þörf á auknu húsnæði. Leigutaki hefur þó ekki rýmt íbúðina og sneri gerðarbeiðandi sér því til fógetaréttarins með beiðni um að fá hann borinn út.

Gerðarbeiðandi byggir kröfur sínar á brýnni þörf sinni fyrir aukið húsnæði handa syni sínum, áðurnefndum Gunnari, vegna væntanlegs kvonfangs hans.

Gerðarþoli mótmælir framgangi gerðarinnar á þeim grundvelli, að sonur gerðarbeiðanda, sem sagður er ætla að kvænast, hafi ekki enn þá náð lögmæltum giftingaraldri, og ekkert liggi fyrir um það, að hann hafi fengið leyfi yfirvalds til að kvænast, án þess að aldursskilyrðum sé fullnægt, enda hafi ekki verið gerð grein fyrir því, hvenær hið fyrirhugaða hjónaband muni stofnað.

Með tilliti til húsnæðis þess, er gerðarbeiðandi hefur, svo og þess, að nefndur sonur hennar er ekki kvæntur og óvíst er, hvenær það verður, þá verður ekki á það fallizt, að gerðarbeiðandi hafi samkvæmt 1. gr. laga nr. 39/1943 brýna þörf fyrir aukið húsnæði, og verður því að synja um framgang hinnar umbeðnu gerðar.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna útburðargerð skal ekki fara fram.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 16. febrúar 1944.

Nr. 108/1943. **Valdstjórnin** (Stefán Jóh. Stefánsson)
gegn
Friðrik Sigfússyni (Sigurður Ólason)
og
Siegfried Hauki Björnssyni
(Ólafur Þorgrímsson).

Brot á reglum um sölu og úthlutun matvörutegunda.

Dómur hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, þó svo, að sekt hvors hinna kærðu verði 600 krónur, og komi 20 daga varðhald í stað sektar hvors þeirra, verði þær eigi greiddar innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærðu greiði hvor sínum verjanda fyrir hæstarétti málflutningslaun, kr. 200.00. Svo greiði þeir og in solidum allan annan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda fyrir hæstarétti, kr. 300.00.

Því dæmist rétt vera:

Kærðu, Friðrik Sigfússon og Siegfried Haukur Björnsson, greiði hvor um sig 600 króna sekt til ríkissjóðs, en sæti hvor þeirra 20 daga varðhaldi, ef þeir greiða ekki sekt sína innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Málskostnaðarákvæði hins áfrýjaða dóms á að vera óraskað.

Kærði Friðrik Sigfússon greiði skipuðum verjanda sínum fyrir hæstarétti, Sigurði Ólasyni hæstaréttarlögmanni, málflutningslaun kr. 200.00. Kærði Siegfried Haukur Björnsson greiði skipuðum verjanda sínum fyrir hæstarétti, Ólafi Þorgrímssyni hæstaréttarlögmanni, málflutningslaun kr. 200.00. Kærðu greiði in

solidum allan annan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda fyrir hæstarétti, Stefáns Jóhanns Stefánssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 300.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 29. júní 1943.

Ár 1943, þriðjudaginn 29. júní, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu sakadómara af fulltrúa hans Valdimar Stefánssyni, uppkveðinn dómur í málinu nr. 1291—1292/1943: Valdstjórnin gegn Friðrik Sigfússyni og Siegfried Hauk Björnssyni, sem tekið var til dóms 18. sama mánaðar.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Friðrik Sigfússyni verkstjóra Brávallagötu 24 og Siegfried Hauk Björnssyni verzlunarmanni Miðtúni 4 fyrir brot gegn reglugerð nr. 159 18. september 1940, um sölu og úthlutun nokkurra matvörutegunda, sbr. lög nr. 37 12. júní 1939.

Kærðir eru komnir yfir lögaldur sakamanna og hafa sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

Friðrik Sigfússon:

1922 $^{8}/_{12}$ Sátt á Ísafirði, 50 kr. sekt fyrir ölvun.
1929 $^{2}/_{8}$ Sátt í Reykjavík, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1929 $^{20}/_{12}$ Sátt í Reykjavík, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1930 $^{2}/_{4}$ Sátt í Reykjavík, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1930 $^{1}/_{4}$ Sátt í Reykjavík, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1931 $^{7}/_{5}$ Sátt í Reykjavík, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1928 $^{17}/_{7}$ Sátt á Siglufirði, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

Siegfried Haukur Björnsson:

1920 $^{29}/_{12}$ Sátt, 5 kr. sekt fyrir ljósleysi á reiðhjóli.
1930 $^{15}/_{10}$ Viðtók f. h. Raftækjaverzlunar Íslands 100 kr. sekt fyrir brot á lögum nr. 11 1928.
1932 $^{4}/_{5}$ Dómur hæstaréttar, 20 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, skilorðsbundið, fyrir brot gegn 2. mgr. 113. gr. hegningarlaganna og 1. og 2. gr. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.
1933 $^{15}/_{5}$ Kærður fyrir meintan vopnaburð. Rannsókn málsins gaf ekki tilefni til málsóknar.
1935 $^{2}/_{6}$ Dómur hæstaréttar, 5 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir brot gegn 101. og 113. sbr. 52. gr. hegningarlaganna og 1. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur, með hliðsjón af 63. gr. hegningarlaganna.
1936 $^{1}/_{1}$ Kærður af Guðjóni Bjarnasyni fyrir meint svik. Látið falla niður skv. nánari upplýsingum.

1936 15/8 Kærður fyrir að gefa út vegna h/f Ispan ávísun kr. 7.00 á enga innstæðu. Ávísunin var greidd og frekari aðgerðir í málinu niður felldar, sbr. 258. gr. hegnl.

1938 21/9 Kærður fyrir að gefa út tékkávísun á ónóga innstæðu. Málið féll niður.

1938 3/11 Kærður af Önnu Friðriksson fyrir illt orðbragð í síma nr. 2756 að næturlagi. Afgreitt með utanréttar áminningu.

Málavextir eru þessir:

Hinn 25. október 1940 fékk Friðrik Sigfússon innkaupaleyfi fyrir 6000 kg af sykri til söltunar á hrognum. Skömmu síðar keypti hann 132 poka af strásykri og voru 45 kg í pokanum. Um áramót 1941—1942 tók Siegfried Haukur 120 poka af sykri þessum til geymslu fyrir Friðrik í hús sitt Miðtún 4. Friðrik skuldaði Siegfried Hauki þá 4000 krónur, og samdist svo með þeim munnlega, að Siegfried Haukur hefði sykurinn að handveði fyrir skuld þessari. Vorið 1942 þurfti Siegfried Haukur að rýma herbergi það, sem sykurinn var geymdur í, og einnig að fá skuldina greidda. Þetta tjáði hann Friðrik, og sagði Friðrik honum þá, að hann skyldi ráðstafa sykrinum og fá greiðslu skuldarinnar af andvirði hans. Ekki minntist Friðrik á nein skömmtunarskilríki í sambandi við ráðstöfun sykursins.

Síðan seldi Siegfried Haukur Jóni Kjartanssyni, forstjóra sælgætisverksmiðjunnar Víkingur, allan sykurinn, 120 poka, án þess að fá nokkur skömmtunarskilríki fyrir. Með þessu atferli hafa báðir hinir kærðu að áliti réttarins brotið 1. gr. reglugerðar nr. 159 1940, og ber að ákveða þeim refsingu eftir 17. gr. sömu reglugerðar sbr. 2. gr. laga nr. 37 1939. Þykir refsing hvors hæfilega ákveðin 1000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 35 daga í stað sektanna, verði þær eigi greiddar innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærðan Siegfried Hauk ber að dæma til að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrl. Ólafs Þorgrímssonar, kr. 200.00, en allan annan kostnað sakarinnar skulu þeir greiða in solidum.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Kærðir, Friðrik Sigfússon og Siegfried Haukur Björnsson, greiði hvor 1000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 35 daga í stað hvorrar sektar, verði þær eigi greiddar innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærður Siegfried Haukur greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrl. Ólafs Þorgrímssonar, kr. 200.00, en allan annan kostnað sakarinnar greiði báðir hinir kærðu in solidum.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 18. febrúar 1944.

Nr. 54/1943. **Garðar Þorsteinsson** (Sjálfur)
gegn
lögmanninum í Reykjavík og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs (Einar B. Guðmundsson).

Dómsathöfn ómerkt vegna galla á málsmeðferð.

Dómur hæstaréttar.

Dómsathöfn þá, sem áfrýjað er, hefur framkvæmt Kristján Kristjánsson settur lögmaður í Reykjavík.

Fasteignin nr. 22 við Mánagötu í Reykjavík, eign þrotabús Guðmundar H. Þórðarsonar, var boðin upp á nauðungaruppboði 13. apríl 1943. Hæstbjóðandi varð áfrýjandi máls þessa, er bauð kr. 155000.00. Krafðist hann þess á uppboðsþinginu, að honum yrði fengin eignin sem ófullnægðum veðhafa, en til vara, að eignin yrði afhent honum sem hreinum kaupanda. Á dómþingi skiptaréttar Reykjavíkur 20. apríl 1943 ítrekaði áfrýjandi kröfur þessar. Lýsti skiptaráðandi þá yfir því, að hann teldi ekki skilyrði til útlagningar vera fyrir hendi, en ákvað að veita áfrýjanda uppboðsafsal. Tók áfrýjandi þá við afsali og greiddi ríkissjóðsgjald og innheimtulaun í samræmi við það, en kvaðst mundu áfrýja þessari ákvörðun skiptaráðanda og krefjast endurgreiðslu á því, sem hann greiddi meira fyrir uppboðsafsal en útlagningu. Hefur hann nú með stefnu 19. maí 1943 áfrýjað greindri dómsathöfn, krafizt ógildingar á henni, svo og þess, að lagt verði fyrir skiptaráðanda að fá honum nefnda fasteign til eignar sem ófullnægðum veðhafa.

Áfrýjandi rökstuddi ekki kröfu sína fyrir skiptaráðanda, svo sem átt hefði að vera samkvæmt IX. kafla laga nr. 85/1936, sbr. 223. gr. sömu laga. Átti skiptaráðandi þá samkvæmt 114. gr. sbr. 223. gr. sömu laga að krefja hann rökstuðnings á kröfu sinni. Því næst bar skiptaráðanda, að málsútlistun lokinni, að kveða upp rökstuddan úrskurð um kröfu áfrýjanda, sbr. 190. gr. og 1. og 4. málsgr. 193. gr. laga nr. 85/1936. Þar sem þessir gallar eru á málsmeðferð,

þykir verða að ómerkja hina áfrýjuðu dómsathöfn og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppsögu úrskurðar.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Hin áfrýjaða dómsathöfn á að vera ómerk, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppsögu úrskurðar.

Málskostnaður fyrir hæstarétti fellur niður.

Afsal skiptaréttar Reykjavíkur 20. apríl 1943.

Þriðjudaginn 13. þ. m. var opinbert uppboð haldið á nefndri eign og varð hæstbjóðandi í hana Garðar Þorsteinsson hrm., sem bauð kr. 155000.00 — eitt hundrað fimmtíu og fimm þúsund krónur —. Gerði hann þá kröfu í uppboðsréttinum, að sér yrði lögð eignin út sem ófullnægðum veðhafa, en til vara, að hún verði honum seld sem hreinum kaupanda. Þar sem skiptaráðandi sá ekki skilyrði til útlagningar, eins og mál þetta liggur fyrir, ákvað hann að fram færi uppboðsafsal.

Í réttinum er mættur Garðar Þorsteinsson hrm., og lýsir því yfir, að hann muni áfrýja til hæstaréttar þessari ákvörðun skiptaráðanda og áskilur sér allan rétt til að krefjast endurgreiðslu á því, sem hann greiði fyrir uppboðsafsal meira en fyrir útlagningu.

Eftir að uppboðsbeiðandi hafði greitt allan kostnað uppboðsins, með þeim fyrirvara, sem að ofan greinir, opinber gjöld, sem í gjalddaga eru fallin og fram hafa komið við uppboðið, tekið að sér að greiða skuld, sem hvílir á 1. veðrétti til Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis, að upphæð kr. 41026.00, en tekið sem handveðshafi eftirstöðvar uppboðsverðsins, lýsti skiptaráðandi því yfir, að hann afsalaði Garðari Þorsteinssyni hrm. húseigninni nr. 22 við Mánagötu, ásamt tilheyrandi leigulóð og mannvirkjum, með öllum sama rétti og fyrri eigandi átti hana. Getur afsalshafi látið þinglýsa útskrift af réttarhaldi þessu sem eignarheimild fyrir eigninni.

Mánudaginn 21. febrúar 1944.

Nr. 95/1943. **Valdstjórnin** (Egill Sigurgeirsson)
gegn
Pétri Guðmundssyni (Einar B. Guðmundsson).

Ölvun við akstur bifreiðar.

Dómur hæstaréttar.

Kærði hefur með akstri sínum gerzt brotlegur við lagaákvæði þau, sem greind eru í héraðsdómi, svo og við 13. gr. umferðarlaga nr. 24 frá 1941 og 14. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur nr. 2/1930.

Þykir refsing kærða hæfilega ákveðin 15 daga varðhald.

Ákvæði héraðsdóms um sviptingu ökuleyfis og greiðslu sakarkostnaðar ber að staðfesta.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 250 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Pétur Guðmundsson, sæti varðhaldi 15 daga.

Ákvæði héraðsdóms um sviptingu ökuleyfis og greiðslu sakarkostnaðar í héraði eiga að vera óröskuð.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Egils Sigurgeirssonar og Einars B. Guðmundssonar, 250 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 10. sept. 1943.

Ár 1943, föstudaginn 10. september, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu sakadómara af fulltrúa hans Þórði Björnssyni, uppkveðinn dómur í málinu nr. 2103/1943: Valdstjórnin gegn Pétri Guðmundssyni.

Mál þetta, sem dómtekið var 20. júlí s. l., er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Pétri Guðmundssyni framkvæmdastjóra, til heimilis á Sjafnargötu 3 hér í bæ, fyrir brot gegn áfengislögum nr. 33 1935 og bifreiðalögunum nr. 23 1941 og lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík nr. 2 1930.

Kærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 3. febr. 1896, og hefur, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1929 1/2 Dómur lögregluréttar, 150 kr. sekt og svipting ökuskírteinis í 6 mánuði fyrir ölvun við bifreiðaakstur.

1930 2/9 Sátt, 10 kr. sekt fyrir brot á lögreglusamþykkt Reykjavíkur.

1931 2/6 Sátt, 10 kr. sekt fyrir brot á umferðareglum.

1939 2/4 Sátt, 75 kr. sekt fyrir brot á verðlagsákvæðum. Upptækur ágóði, kr. 5.85.

1941 1/7 Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot á verðlagsákvæðum. Upptækur ágóði, kr. 187.00.

Um kvöldið 15. þ. mán. drakk kærði úr einni flösku af portvíni með kunningja sínum heima hjá sér. Höfðu þeir tæmt úr flöskunni um kl. 22. Kunningi kærða kvaddi hann þá, en kærði ætlaði að fara í bifreið sinni, R 2404, til sumarbústaðar síns í Kollafirði. Kærði segir, að er hann hafi gengið út úr húsi sínu, hafi hann fundið til áhrifa áfengis. Þá hafi einhvers konar svimi komið yfir hann, og hafi hann næst munað eftir sér, er hann vaknaði hjá tengdasyni sínum morguninn eftir.

Klukkan 22.10 var lögreglunni tilkynnt, að bifreið hefði verið ekið á ljósastaur við Barónsstig. Er lögreglan kom á staðinn, kom í ljós, að kærði hafði ekið bifreiðinni R 2404 norður Barónsstíg og ekið þar á ljósastaur við vinstri gangbraut. Hafði ljósastaurinn færzt úr stað um 12½ metra við áreksturinn.

Áfengisákvörðun í blóðsýnishorni, er tekið var úr kærða strax eftir áreksturinn, sýndi, að áfengismagn þess var 2.16 af þúsundi.

Kærður hefur með því að aka bifreið undir áhrifum áfengis gerzt brotlegur gegn 1. mgr. 23. gr. bifreiðalaga nr. 23 16. júní 1941 og 21. gr. áfengislaga nr. 3 9. jan. 1935.

Þá þykja vegsummerki eftir áreksturinn sanna, að kærði hafi brotið 26. gr. bifreiðalaganna og 46. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur nr. 2 1930.

Samkvæmt 39. gr. áfengislaganna, 38. gr. bifreiðalaganna og 96. gr. lögreglusamþykktarinnar þykir refsing kærða hæfilega ákveðin varðhald í 10 daga.

Samkvæmt 21. gr. áfengislaganna og 39. gr. bifreiðalaganna ber að svipta kærða ævilangt leyfi til þess að stjórna bifreið.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:
Kærði, Pétur Guðmundsson, sæti varðhaldi í 10 daga.
Hann er ævilangt sviptur leyfi til að stjórna bifreið.
Kærði greiði allan kostnað sakarinnar.
Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 25. febrúar 1944.

Nr. 104/1943. **Karl Þorfinnsson**
(cand. jur. Guttormur Erlendsson)
gegn
Magnúsi V. Jóhannessyni
(Gunnar Þorsteinsson).

Ágreiningur um húsaleigu.

Dómur hæstaréttar.

Benedikt Sigurjónsson fulltrúi lögmanns hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 26. nóv. f. á., krefst þess, að hinn áfrýjaði fógetaúrskurður verði úr gildi felldur og stefndi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar fógetaúrskurðarins og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Samkvæmt ástæðum þeim, sem greindar eru í úrskurði fógeta, verður að telja, að áfrýjandi hafi ekki með vanskilum á greiðslu húsaleigu fyrirgert leigurétti sínum.

Tengdaforeldrar áfrýjanda fluttust á heimili hans 16. febrúar 1942 og hafa búið þar síðan. Hinn 28. júní 1943 kvað fógeti í öðru máli milli aðilja upp úrskurð, sem ekki hefur verið áfrýjað, þess efnis, að vist tengdaforeldranna á heimili áfrýjanda yrði ekki talin varða hann útburði. Dvöl þeirra á heimilinu eftir þann tíma telst ekki heldur eiga að valda brottfalli leigumálans. Í sama úrskurði var framleiga til tveggja nafngreindra manna ekki metin áfrýjanda útburðarsök. Annar þessara framleigutaka fluttist brott í

september, en hinn um mánaðamótin október og nóvember 1943. Þegar af þeirri ástæðu verður dvöl framleigutaka þessara í húsnæði áfrýjanda eftir 28. júní f. á. ekki talin veita efni til útburðar.

Kemur þá til álita framleiga áfrýjanda til Bjarna Jörgenssonar.

Stefndi krafðist útburðar á áfrýjanda hinn 14. sept. f. á. Hinn 3. október f. á. framleigði áfrýjandi nefndum Bjarna eitt herbergi á rishæð hússins. Tilkynnti áfrýjandi stefnda þessa ráðstöfun munnlega hinn 4. okt. f. á. Með bréfi samdægurs lýsti stefndi þessa framleigu samningsrof og krafðist í fógetarétti 12. okt. f. á. útburðar á áfrýjanda einnig af þessari ástæðu. Varð þetta til þess, að áfrýjandi kom því til vegar, að Bjarni fluttist alfarinn úr herberginu 10. nóv. f. á. Framleiga var áfrýjanda að vísu óheimil samkvæmt orðum leigumála aðilja, en þar sem áfrýjandi lét greindan framleigutaka víkja úr herberginu, og dvöl hans þar rúman mánuð virðist ekki hafa valdið stefnda neinum baga, þá þykir ekki vera hér um að tefla svo veruleg samningsrof, að útburði eigi að valda.

Samkvæmt framansögðu ber að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður bæði í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði fógetaúrskurður er úr gildi felldur.

Málskostnaður í héraði og fyrir hæstarétti fellur niður.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 20. nóv. 1943.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar 10. þ. m., hefur gerðarbeiðandi, Magnús V. Jóhannesson yfirframfærslufulltrúi krafizt þess, að Karl Þorfinnsson kaupmaður verði borinn út úr húsnæði því, er hann hefur á leigu í húsinu nr. 22 við Nýlendugötu hér í bæ, vegna vanskila o. fl.

Gerðarþoli hefur mótmælt framgangi hinnar umbeðnu gerðar og krafizt þess, að gerðarbeiðandi verði sektaður fyrir óþarfa þrætu, og lögðu aðiljar því atriðið undir úrskurð fógetaréttarins.

Hvor aðilja um sig hefur krafizt málskostnaðar.

Málavextir eru þeir, að um haustið 1941 tók gerðarþoli íbúð á leigu í húsi gerðarbeiðanda nr. 22 við Nýlendugötu hér í bæ. Í húsaleigusamningnum, sem er skriflegur, en ódagsettur, er ákveðið, að leigutíminn skuli hefjast 1. október 1941, en þó mun gerðarþoli hafa flutt í eina stofu af húsnæðinu nokkru áður. Hið leigða húsnæði var fjórar stofur og eldhús á efri hæð hússins og þrjú herbergi, ásamt baði og geymslu, á rishæðinni. Leiga var ákveðin kr. 250.00 á mánuði og skyldi greiðast 1. hvers mánaðar mánaðarlega fyrirfram. Þá er í samningnum svo hljóðandi ákvæði: „Hækki húsaleigan eða lækki samkvæmt lögum, skal framangreind mánaðarleiga skoðast sem grunntala og fari þá leigan eftir því.“ Snemma á þessu ári virðast hafa risið deilur með aðiljum, þar á meðal um leigugreiðslur, en gerðarþoli virðist ætíð hafa greitt leiguna með hækkun samkv. húsaleiguvísitölu, og virðist ýmist hafa komið leigunni til gerðarbeiðanda á skrifstofu hans, eða að gerðarbeiðandi hafi látið sækja leiguna til gerðarþola. Þann 30. apríl s. l. sendi gerðarþoli leiguna fyrir maímánuð til gerðarbeiðanda á skrifstofu hans, og kvittaði hann fyrir greiðslunni með fyrirvara vegna vangreiðslu. Síðan sendi gerðarþoli leigugreiðslurnar í póstávísun þann 29. maí, 28. júní, 30. júlí og 1. september, en gerðarbeiðandi tók eigi við fé þessu og tjáði gerðarþola með bréfi dags. 1. sept. s. l., að hann tæki greiðslur þessar eigi gildar og krafðist þess, að hann færði sér leiguna. Gerðarþoli sinnti þessu ekki. Þann 9. sept. s. l. tók gerðarþoli fé þetta af pósthúsinu og virðist hafa afhent það málflutningsmanni sínum, Ólafi Þorgrímssyni hrm., og skýrði Ólafur gerðarbeiðanda frá þessu daginn eftir. Er mál þetta kom fyrst fyrir hér í réttinum þann 21. sept. s. l., bauð gerðarþoli fram leigugreiðslur þessar, eða kr. 1320.00, en gerðarbeiðandi færðist undan að taka við fénu. Þann 4. okt. s. l. lagði gerðarþoli leiguna fyrir þann mánuð inn á sparisjóðsbók við Landsbanka Íslands hér í bæ til ráðstöfunar fyrir gerðarbeiðanda.

Í áðurgreindum húsaleigusamningi milli aðilja var enn fremur svo hljóðandi ákvæði: „Leigutaka er ekki heimilt að leigja öðrum, hvorki allt hið leigða eða nokkurn hluta þess, nema til komi sérstakt samþykki leigusala.“

Um haustið 1941, um það leyti, sem gengið var frá leigusamningnum, spurði gerðarþoli gerðarbeiðanda að því, hvort stjúpmóðir sín mætti elda í einu herbergi á rishæðinni, en hún myndi flytja þar inn. Gerðarbeiðandi samþykkti þetta, og bjó hún þar, ásamt þrem börnum sínum, til 14. maí 1942, er hún flutti í burtu. Í júnímánuði 1942 leigði gerðarþoli stúlku nokkurri herbergi þar á hæðinni og bjó hún þar, þar til um miðjan september s. l., að hún flutti í burtu.

Annað herbergi á rishæðinni hefur gerðarþoli einnig leigt frá

sama tíma, en það var rýmt nú fyrstu dagana í nóvembermánuði, og er nú autt. Þriðja herbergið hefur gerðarþoli notað fyrir vinnukonu sína. Í febrúar 1942 fluttu inn í íbúðina til gerðarþola tengdaforeldrar hans. Ekki tilkynnti gerðarþoli gerðarbeiðanda neitt um þessa framleigu og leitaði ekki samþykkis hans þar um.

Gerðarbeiðanda virðist hafa orðið kunnugt um framleigu þessa um haustið 1942, en ekki gert þar athugasemd um, fyrr en 30. apríl s. l., að hann krefst útburðar á gerðarþola vegna óheimillar framleigu. Með úrskurði fógetaréttarins, uppkveðnum 28. júní s. l., var synjað um útburðinn á þeim forsendum, að gerðarbeiðandi hefði glatað rétti sínum til að bera þetta fyrir sig vegna aðgerðarleysis. Þann 2. eða 3. okt. s. l. leigði gerðarþoli herbergi það, er stúlkan bjó áður í, manni að nafni Bjarni Jörgensson. Ekki var leitað leyfis gerðarbeiðanda, en gerðarþoli skýrði honum þó frá framleigunni þann 4. f. m. Sama dag ritaði gerðarbeiðandi gerðarþola bréf og tjáði honum, að hann teldi framleiguna samningsrof. Þann 6. f. m. tilkynnti gerðarþoli gerðarbeiðanda framleiguna með bréfi. Áðurnefndur framleigutaki virðist þó hafa flutt úr húsnæðinu þann 10. þ. m., og nefnt herbergi því vera autt.

Útburðarbeiðni sína byggir gerðarbeiðandi *í fyrsta lagi* á vanskilum gerðarþola. Fyrst og fremst telur hann, að gerðarþoli eigi vangreitt fyrir maímánuð, því sem nemi hækkun húsaleiguvísitölunnar úr 25% í 32% eða kr. 17.25. Af þessum ástæðum hafi hann kvittað fyrir með fyrirvara, en þegar greiðslan hafi verið innt af hendi, hafi ekki verið búið að reikna vísitöluna út.

Síðan hafi gerðarþoli tekið, að ástæðulausu, upp á þeim sið að senda sér leigugreiðslurnar í póstávísun, og hafi hann ekki viljað hlíta þessum greiðslumáta og tilkynnt gerðarþola það í síma, en gerðarþoli hafi haldið áfram uppteknum hætti og sent sér leigugreiðslurnar í póstávísun, en hann hafi eigi tekið við fé þessu, og muni það hafa legið um nokkurt skeið á pósthúsinu. Þá kveðst gerðarbeiðandi hafa mótmælt þessum greiðslumála bréflega þann 1. sept. s. l. Gerðarþoli hafi síðan tekið féð af pósthúsinu þann 9. sept. s. l., en hinn 10. sept. hafi Ólafur Þorgrímsson hrm. sagt við sig úti á götu, að hann hefði tekið að sér að sjá um greiðslu á húsaleigunni frá gerðarþola og kveðst gerðarbeiðandi ekki hafa svarað því. Telur gerðarbeiðandi, að gerðarþola hafi borið að koma leigugreiðslunum til sín á vinnustað eða heimili, og hafi gerðarþoli með þessu framferði sínu lent í vanskilum, svo að útburði hljóti að varða, þar sem hér hafi ekki verið um lögleg greiðslutilboð að ræða, og honum ekki skylt að sækja greiðslu hvorki á pósthús eða í banka.

Gerðarþoli hefur skýrt svo frá, að hann hafi sent leigugreiðsluna á skrifstofu gerðarbeiðanda þann 29. apríl s. l. Hafi sá, er sendur var, orðið að bíða lengi eftir að fá viðtal við gerðarbeiðanda,

þar sem margt manna hafi þurft að finna hann, og er greiða skyldi, hafi hann talað um, að ekki ætti að greiða fyrr en fyrsta hvers mánaðar, en að lokum tekið við greiðslu, en kvittað með fyrirvara. Kveðst gerðarþoli þá hafa tekið það ráð, að senda leiguna í póstávísun til gerðarbeiðanda, en er honum hafi orðið ljóst, að gerðarbeiðandi tók eigi féð og hugðist eigi að taka það, hafi hann tekið það út og afhent lögfræðingi sínum. Ólafi Þorgrímssyni hrm., er hafi sjálfur boðið gerðarbeiðanda greiðslu næsta dag. Telur gerðarþoli, að sér hafi verið heimill þessi háttur á greiðslunni, þar sem sér hafi verið óþægilegt að koma henni til gerðarbeiðanda. Að því er snertir vísitöluhækkun fyrir maímánuð, þá hefur gerðarþoli mótmælt því, að þar sé um vanskil að ræða, og haldið því fram, að þar sem gerðarbeiðandi hafi ekki borið húsaleigusamninginn undir húsaleigunefnd til samþykktar, þá sé sér í raun og veru óskylt að greiða hækkun skv. vísitölu og eigi hann því stórfé hjá gerðarbeiðanda, þar sem hann hafi ofgreitt honum hækkunina. Þá hefur gerðarþoli bent á, að mismunur sá, er hér um ræðir vegna hækkunar í maímánuði s. l., sé aðeins kr. 7.75, þar sem hækkunin hafi átt að reiknast frá 14. maí.

Það er komið fram í málinu, að nokkurs ósamkomulags hefur nú um allangt skeið gætt í skiptum aðilja, þar á meðal um leigugreiðslur. Rétturinn verður að telja, að eftir öllum atvikum, þá hafi gerðarþola verið heimilt að senda gerðarbeiðanda húsaleiguna í póstávísun og leggja hana inn í banka til ráðstöfunar fyrir hann, svo sem hann gerði, enda þótt gerðarbeiðandi hefði ekki neitað að veita henni móttöku, og verður ekki talið, að það hafi getað valdið gerðarþeiðanda þeim óþægindum, að slíkt geti varðað riftun leigumálans, enda augljós vilji og geta gerðarþola til að greiða. — Að því er snertir hina vangreiddu hækkun á húsaleigu fyrir maímánuð, þá verður ekki annað séð, en húsaleigusamningur aðilja hafi aldrei verið staðfestur af húsaleigunefnd, en það er skv. 6. gr. 2. mgr. laga um húsaleigu nr. 39 frá 1943 skilyrði fyrir því, að hækka megi húsaleigu samkvæmt húsaleiguvísitölu, og verður því ekki unnt að telja, að hér hafi verið um raunveruleg vanskil að ræða, og verður því framgangur gerðarinnar ekki leyfður af þessum sökum.

Í *öðru lagi* byggir gerðarbeiðandi útburðarkröfu sína á því, að gerðarþoli hafi ekki látið víkja úr húsnæðinu þá menn, er hann hafi framleigt án leyfis.

Þar sem komið er fram í málinu, að gerðarþoli framleigir nú engum, þá er þegar af þeirri ástæðu ekki unnt að taka þetta atriði til greina.

Í *þriðja lagi* byggir gerðarbeiðandi útburðarkröfu sína á því, að gerðarþoli hafi í heimildarleysi og beint í bága við ákvæði húsaleigusamnings framleigt Bjarna Jörgenssyni herbergi af íbúðinni, þar sem hann hafi þegar í stað og hann vissi um þetta tjáð gerðar-

þola, að hann samþykkti ekki þessa ráðstöfun, þá sé hér um skýlaust brot á húsaleigusamningnum að ræða, sem hljóti að varða riftun hans og útburði á gerðarþola úr íbúðinni.

Gerðarþoli hefur haldið því fram, að sér hafi frá upphafi verið heimil framleiga, án þess að fá til þess sérstakt samþykki gerðarbeiðanda, þrátt fyrir orðalag húsaleigusamnings, og hafi verið gert ráð fyrir þessu í samtali, áður en hann hafi verið gerður, en hann kveðst ekki hafa lesið hann allan yfir, áður en hann undirritaði hann. Þá heldur gerðarþoli því fram, að jafnvel þótt svo yrði litið á, að það hafi verið upphaflegur tilgangur þeirra aðiljanna að leita skyldi sérstaks samþykkis gerðarbeiðanda fyrir framleigu hvert sinn, þá sé það nú breytt fyrir venju, þar sem hann hafi ætíð framleigt, án þess að leita slíks samþykkis. Loks hefur gerðarþoli talið, að þar sem framleigutaki þessi sé farinn á brott úr húsnæðinu, þá geti þetta atriði ekki nú orðið talið sér til sakar.

Með úrskurði, uppkveðnum í fógetarétti Reykjavíkur 28. júní s. l., í máli milli sömu aðilja um húsnæði þetta var dæmt, að hinn skriflega húsaleigusamning bæri að leggja til grundvallar í skiptum aðilja um framleigu, og þar sem ekkert nýtt hefur komið fram um þetta atriði, er rétturinn við það bundinn nú. Gerðarþola var því óheimil framleiga án sérstaks samþykkis gerðarbeiðanda.

Ekki verður á það fallizt, að hinum skriflega húsaleigusamningi hafi verið breytt með síðari venju, þar sem gerðarbeiðandi átaldi framleigu gerðarþola nú í vor og krafðist útburðar á honum af þeim sökum, þó hins vegar væri þá neitað um framgang gerðarinnar vegna aðgerðarleysis gerðarbeiðanda.

Þar sem gerðarþola var kunnugt um, að gerðarbeiðandi lagði áherzlu á það, að samþykkis hans væri leitað um framleigu, þá var gerðarþola algerlega óheimilt að framleigja af íbúðinni svo sem hann gerði nú í haust, enda verður ekki talið, að nægilegt hafi verið að tilkynna gerðarbeiðanda framleiguna, svo sem gerðarþoli gerði.

Rétturinn verður því að telja, að með framleigu sinni hafi gerðarþoli brotið svo mjög húsaleigusamninginn, að það heimili gerðarbeiðanda riftun hans, og er ekki nægilegt til að leysa gerðarþola hér undan, að hann lét framleigutakann víkja úr húsnæðinu rúmum mánuði eftir að hann flutti inn.

Samkvæmt þessu verður að leyfa framgang hinnar umbeðnu gerðar á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna útburðargerð skal fram fara á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 28. febrúar 1944.

Nr. 7/1944. **Kristinn Þórðarson**
gegn
Gunnari Sigurðssyni.

Útivistardómur.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Kristinn Þórðarson, sem eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Þriðjudaginn 29. febrúar 1944.

Kærumálið nr. 4/1944. **Hreppsnefnd Ólafsfjarðarhrepps f. h. hreppsins.**
gegn
Gísla J. Johnsen og Höskuldi Baldvinssyni.

Setudómari hrl. Einar B. Guðmundsson í stað próf. Ísleifs Árnasonar.

Ágreiningur um varnarþing.

Dómur hæstaréttar.

Með kæru 17. þ. m., sem hingað barst 22. s. m., hefur sóknaraðili skotið til hæstaréttar úrskurði borgardómara Reykjavíkur, uppkveðnum 15. þ. m., þar sem kröfu um vísun málsins Gísli J. Johnsen og Höskuldur Baldvinsson gegn hreppsnefnd Ólafsfjarðarhrepps frá héraðsdómi var hrundið. Krefst sóknaraðili þess, að úrskurður þessi verði úr gildi felldur, málinu vísað frá héraðsdómi og honum dæmdur málskostnaður úr hendi varnaraðilja fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Varnaraðiljar krefjast þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og sóknaraðili dæmdur til að greiða þeim málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Annar varnaraðilja rekur verzlun í Reykjavík, en hinn varnaraðilja hefur þar iðnstöð, og hafa aðiljar þessir framkvæmt mannvirkjagerð þá, sem í máli þessu greinir. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsendna úrskurðarins þykir mega staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að sóknaraðili greiði varnaraðiljum kr. 150.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, hreppsnefnd Ólafsfjarðarhrepps f. h. hreppsins, greiði varnaraðiljum, Gísla J. Johnsen og Höskuldi Baldvinssyni, kr. 150.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 15. febrúar 1944.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar 9. þ. m., hafa þeir Gísli J. Johnsen stórkaupmaður og Höskuldur Baldvinsson verkfræðingur hér í bæ höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 28. okt. f. á. gegn hreppsnefnd og rafveitunefnd Ólafsfjarðarhrepps, svo og Þórði Jónssyni sem oddvita utan hreppsnefndar f. h. Ólafsfjarðarhrepps, öllum í Ólafsfirði, til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 73040.00, ásamt 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags, og málskostnaðar samkvæmt reikningi.

Stefndir krefjast fyrst og fremst frávísunar málsins á þeim grundvelli, að það sé höfðað á röngu varnarþingi, þar sem hér komi einungis heimilisvarnarþing til greina. Stefnendur reki enga slíka atvinnustofnun hér í Reykjavík, að það heimili þeim að höfða málið hér samkvæmt 82. gr. einkamálalaganna nr. 85 1936, sem stefnendur hafi skírskotað til í þessu sambandi. Stefndir krefjast og málskostnaðar sér til handa.

Munnlegur málflutningur hefur farið fram um frávísunarkröfuna, sem stefnendur krefjast, að verði hrundið, enda hafi Gísli J. Johnsen hér heimilisfasta heildverzlun með vörur, sem notaðar séu til fyrirtækja eins og þess, er hér um ræðir, og Höskuldur Baldvinsson hafi hér heimilisfasta trépípnaverksmiðju, sem hafi lagt til pípur í umrædda virkjun, svo og vinnu við þær.

Ólafsfjarðarhreppur og stefnendur þessa máls gerðu með sér

samninga, dags. 26. ágúst 1939 og 15. júlí 1941, þar sem hinir síðarnefndu tóku að sér byggingu raforkuvers fyrir hreppinn við Garðsá í Ólafsfirði, ásamt raforkuveitu til Ólafsfjarðarkauptúns og lágspennukerfi um kauptúnið, og skyldu stefnendur fá 288 þús. kr. fyrir verkið, en jafnframt var gert ráð fyrir því, að sérstök tilvik gætu valdið hækkun á þessari fjárhæð. Telja stefnendur, að þeir hafi heimild til að krefjast slíkrar hækkunar, og er mál þetta höfðað til greiðslu þeirrar viðbótar. — Í nefndum samningi aðiljanna er ekkert ákvæði um varnarþing.

Í máli þessu krefja stefnendur stefnda um andvirði efnis og vinnu, sem þeir hafa látið í té samkvæmt áðurnefndum samningum. Það er óvéfengt, að hvor stefnenda hefur hér í bæ heimilisfasta verzlun og starfstofu, sem lætur í té efni og vinnu, eins og hér var um að ræða, enda mun og slíkt vera atvinna stefnenda. Verður því að telja, að fullnægt sé ákvæðum 82. gr. einkamálalaganna til þess að höfða megi mál þetta hér fyrir dómi, og verður frávísunarkrafan því ekki tekin til greina.

Árni Tryggvason, settur borgardómari, hefur kveðið upp úrskurð þenna.

Því úrskurðast:

Framangreind frávísunarkrafa verður ekki tekin til greina.

Mánudaginn 6. marz 1944.

Nr. 3/1944. **Valdstjórnin** (Kristján Guðlaugsson)
gegn
Finnboga Ólafssyni (Eggert Claessen).

Ölvun við bifreiðaakstur.

Dómur hæstaréttar.

Með játningu kærða, sem styðst við framburð Jóns Ólafssonar eftirlitsmanns bifreiða og Hermanns Magnússonar, sem leiddur hefur verið fyrir rétt, eftir að dómur gekk í héraði, er það sannað, að kærði ók bifreið með áhrifum áfengis hinn 23. júní f. á. Með atferli þessu hefur kærði brotið 21. gr. sbr. 39. gr. laga nr. 33/1935 og 23. gr. sbr. 38. gr. laga nr. 23 frá 1941. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 10 daga varðhald. Þá ber og samkvæmt 39. gr. síðar greindra laga að svipta kærða rétti til að aka bifreið 6 mánuði.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 200 krónur til hvors.

Það er athugavert, að héraðsdómari hlutaðist ekki til um, áður en hann dæmdi málið í héraði, að aflað væri fyrir dómi skýrslu Hermanns Magnússonar um málsatvik.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Finnbogi Ólafsson, sæti 10 daga varðhaldi. Svo er hann og sviptur rétti til að aka bifreið 6 mánuði.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Kristjáns Guðlaugssonar og Eggerts Claessens, 200 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Árnessýslu 7. sept. 1943.

Ár 1943, þriðjudaginn 7. september kl. 2 e. h., var í lögregluréttí Árnessýslu, sem haldinn var í skrifstofu embættisins að Selfossi af hinum reglulega dómara, Páli Hallgrímssyni, kveðinn upp dómur í lögregluréttarmálinu nr. 3/1943: Valdstjórnin gegn Finnboga Ólafssyni, Hólmavík á Selfossi. Málið er höfðað gegn kærða fyrir brot gegn 21. gr. áfengislaga nr. 33/1935 og 23. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941 og er dómtekið nú samdægurs.

Kærður er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 31. marz 1920 í Árbæ í Ölfusi, og hefur hann ekki sætt refsingu áður, svo kunnugt sé. Kærður fékk ökuréttindi 24. júní 1942. Þann 24. júní 1943 ók hann bifreið sinni, X—106, frá Reykjavík austur að Álftavatni, þaðan að Selfossi og síðan í þorpinu á Selfossi. Samferða kærðum var Hermann Magnússon úr Reykjavík, og höfðu þeir meðferðis eina flösku af brennivíni, sem þeir höfðu tæmt að mestu, þegar bifreiðaeftirlitsmaður, sem staddur var á Selfossi, rakst á kærðan með bifreiðina á götu og tók hann til yfirheyrslu. Hefur kærður kannazt við að hafa neytt áfengis á leiðinni úr Reykjavík að Selfossi og að lokum ekið bifreiðinni undir áfengisáhrifum.

Kærður hefur með þessu brotið gegn 21. sbr. 39. kr. áfengislaga nr. 33/1935 og 23. sbr. 39. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941. Þykir refs-

ing hans hæfilega ákveðin 400 kr. sekt, sem afplánist með 8 daga varðhaldi, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Enn fremur ber að svipta kærðan ökuréttindum í 3 mánuði frá lögbirtingu dómsins að telja. Hann greiði einnig allan kostnað málsins.

Því dæmist rétt vera:

Kærður, Finnbogi Ólafsson, greiði 400 króna sekt í ríkissjóð, og komi 8 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Hann skal og sviptur réttindum til þess að stjórna bifreið um 3 mánaða skeið frá lögbirtingu dómsins að telja. Hann greiði og allan sakarkostnað. Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 6. marz 1944.

Nr. 4/1944. **Réttvísin og valdstjórnin**
(Sigurgeir Sigurjónsson)
gegn
Magnúsi Björgvin Sveinssyni
(Gunnar J. Möller).

Gálauslegur akstur bifreiðar og bifreiðarslys.

Dómur hæstaréttar.

Brot ákærða, sem réttilega er lýst í héraðsdómi, voru drýgð meðan lög nr. 70/1931 um bifreiðar voru enn í gildi. Með of hröðum og gálausum akstri í myrkri og þoku braut hann gegn ákvæðum 1. og 6. málsgr. 6. gr. og 15. gr. þeirra laga. Greint hátterni ákærða varðar nú við 1., 4. og 5. málsgr. 26. gr. gildandi laga um bifreiðar nr. 23/1941, og ber að ákveða refsingu samkvæmt 38. gr. þeirra laga, sbr. 2. gr. hegningarlaga nr. 19/1940. Hegðun ákærða varðar svo og við 219. gr. hegningarlaganna. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 60 daga varðhald. Þá þykir og rétt samkvæmt 39. gr. laga nr. 23/1941, sbr. 5. gr. laga nr. 70/1931 og 2. gr. hegningarlaga, að svipta ákærða leyfi til að aka bifreið 2 ár frá birtingu dóms þessa.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að staðfesta ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað og dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 300 krónur til hvors.

Héraðsdómari hafði rannsakað mál þetta í öllum aðalatriðum hinn 16. september 1941. Varð þá hlé á meðferð málsins til 3. marz 1942, og sést ekki, hvað valdið hefur þessum drætti í hálfan sjötta mánuð. Hinn 14. marz tilkynnti dómari ákærða málshöfðun, en gaf ekki út stefnu á hendur honum, svo sem vera bar. Dómur var kveðinn upp samdægurs. Dómsgerðir málsins voru samt ekki sendar dómsmálaráðuneytinu fyrr en með bréfi 18. september 1943. Verður að víta mistök þessi harðlega.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Magnús Björgvin Sveinsson, sæti varðhaldi 60 daga.

Hann skal sviptur leyfi til að aka bifreið 2 ár frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað á að vera óraskað. Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Sigurgeirs Sigurjónssonar og Gunnars J. Möllers, kr. 300.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Árnessýslu 14. marz 1942.

Ár 1942, laugardaginn 14. marz kl. 5 e. h., var í aukarétti Árnessýslu, sem haldinn var í skrifstofu embættisins að Selfossi af hinum reglulega dómara, Páli Hallgrímssyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 2/1942: Réttvísin og valdstjórnin gegn Magnúsi Björgvin Sveinssyni Minniborg.

Mál þetta er höfðað gegn ákærða fyrir brot gegn 18. kafla hegningarlaganna nr. 19/1940 og bifreiðalögum nr. 75/1940 og er dómtekið nú samdægurs.

Ákærður er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 1. sept. 1917 í Miklaholti í Biskupstungnahreppi, og hefur ekki áður sætt refsingu. Ákærður hefur haft bifreiðarstjóraréttindi síðan í mai 1936 og hið meira bifreiðarstjórapróf stóðst hann í desember 1937. Hann réðst til verzlunarinnar á Minniborg í febrúarmánuði 1941 og hefur síðan stjórnað bifreið verzlunarinnar, R 1246, sem er 3 tonna Volvo vörubifreið með járnslegnum hlerum umhverfis pallinn, jafnháum stýrishúsinu.

Að kvöldi laugardagsins 8. marz 1941 var ákærður sendur til þess að flytja fóllk úr Grímsnesinu á skemmtisamkomu að Minniborg. Ók ákærður að Ljósafossi og tók þar fólk af næstu bæjum og síðan fleiri farþega frá ýmsum bæjum á leiðinni til baka. Urðu alls 12 farþegar í bifreiðinni, þar af 9 á vörupalli og 3 börn í framsæti hjá bifreiðarstjóra, en þar er rúm fyrir tvo menn fullorðna. Á tíunda tímanum um kvöldið var ákærður kominn norður fyrir Seyðishóla í Grímsnesi. Er hólunum sleppir tekur við alllangur beinn og hallalaus vegarkafli, en því næst tekur vegurinn mjög krappa beygju til vinstri og hallar honum jafnframt lítið eitt niður á við. Til þessarar vegbeygju sér illa, þegar ekið er í áttina að Minniborg.

Auk náttmyrkurs var á allmikil þoka og nokkur rigning. Gizkar ákærður á, að hann hafi séð svo sem eina billengd fram á veginn og ók hann þó með fullum ljósum. Til þess að sjá betur hafði hann opinn vinstri hliðarglugga og hallaði höfðinu út um hann. Á beina veginum kveðst ákærður hafa aukið ferð bifreiðarinnar upp í 50 til 55 km hraða, miðað við klst., en síðan látið hana ganga á handbenzíninu einu um stund, og dró þá úr ferðinni. Bifreiðina bar nú að vegbeygjunni fyrr en ákærða varði, og kveðst hann þó hafa haft allann hugann við aksturinn. Átti hann aðeins svo sem eina billengd ófarna að beygjunni, þegar hann varð hennar var, og var ökuhraðinn þá á að gizka 45 km á klst. Gerði hann þá bæði að hemla bifreiðina og víkja henni til vinstri, en hemlarnir, sem eru vökvahemlar, verkuðu ekki vel, nema stigið væri tvisvar á þá, og gerði ákærður það, en tókst þó ekki að draga nægilega úr hraðanum. Rann afturendi bifreiðarinnar því til hægri hliðar um leið og henni var stýrt til vinstri og fór hægra afturhjólið út af vegbrúninni. Af hjólfari utan í vegkantinum virðist bifreiðin hafa runnið þannig um 11 metra, en síðan oltið á hliðina og hægri hlið stýrishússins lent á vegkantinum, en afturendinn kastazt til hliðar frá veginum. Valt bifreiðin því næst yfir sig og nam staðar standandi á hjólunum og sneri þá þvert að veginum. Þar sem bifreiðin valt út af veginum hefur kanturinn mælzt 175—185 cm hár, en fyrir utan veginn er þýfður mói.

Eftir veltuna sat ákærður enn við stýrið og hjá honum 2 barnanna, en þakið af stýrishúsinu hafði rifnað af og eitt barnanna

var horfið úr því. Fór hann þegar út úr bifreiðinni og sá þá, að einn farþeganna hafði orðið undir hægra framhjóli hennar og stóð það ofan á brjósti hans. Annar farþegi lá hægra megin við bifreiðina, en hinir voru vinstra megin við hana. Ákærður reyndi fyrst að aka bifreiðinni aftur á bak, en það tókst ekki. Tók hann þá „tjekk" og lyfti bifreiðinni upp að framan, og var þá farþeganum náð undan hjólinu. Auk þessa farþega slösuðust 4 aðrir alvarlega, en einn fékk lítilsháttar skrámur. Hlynnt var að hinum slösuðu eftir föngum og jafnframt farið að Minniborg eftir hjálp. Var þaðan símað eftir héraðslæknunum í Laugarási og á Eyrarbakka, og komu þeir báðir um nóttina. Enn fremur var símað eftir bílum að Selfossi og hinir slösuðu fluttir á þeim að Minniborg. Þar gerðu læknarnir að meiðslum þeirra og önnuðust um sendingu þeirra með sjúkrabifreiðum á Landsspítalann þá þegar um nóttina og morguninn eftir.

Hinir slösuðu voru þessir:

Garðar Þorsteinsson Gíslastöðum, fæddur 16. ágúst 1919.

Hann fékk heilahristing og skeinur á höfuðið. Enn fremur rifnaði hljóðhimna í vinstra eyra. Hann lá á spítala 25 daga og var alveg frá vinnu í 9 vikur. Hinn 19. ágúst s. l. heyrði hann enn illa með vinstra eyra.

Ásmundur Eiríksson Ásgarði, fæddur 2. apríl 1921.

Hann lærbrotnaði hægra megin og var leggurinn tvíbrotinn. Hann lá á spítala í 12 vikur og var alveg frá vinnu í 4 mánuði

Guðmundur Benediktsson Miðengi, fæddur 24. júlí 1918.

Hann fékk heilahristing og sár á nef og augabrún. Enn fremur brotnaði vinstri hnéskel hans. Hann lá á spítala 7 vikur og var frá vinnu 3 mánuði eftir slysið.

Bjarni Kr. Bjarnason Öndverðarnesi, fæddur 31. ágúst 1926.

Hann varð undir hjóli bifreiðarinnar og fékk skrámur á höfuðið og mjög slæm meiðsli innvortis. Er enn ekki vitað, hvaða afleiðingar þau meiðsli hans kunna að hafa.

Sigurjón Ágúst Ingason Vaðnesi, fæddur 28. maí 1927.

Hann fékk höfuðkúpubrot og heilahristing og lá meðvitundarlaus 60 klst. eftir slysið. Hann ber varanlegt ör eftir sár, sem hann fékk á ennið við hægra gagnauga. Á spítala lá hann 5 vikur og var alveg frá vinnu í 2 mánuði.

Næsta dag eftir slysið var slysstaðurinn og bifreiðin athuguð með aðstoð rannsóknarlögreglunnar í Reykjavík. Lá þá þakið af stýrishúsinu í móanum nokkra metra frá bifreiðinni, vinstra megin við hana. Rúða hafði brotnað úr hægri hurð, en aðrar verulegar skemmdir á bifreiðinni voru ekki sýnilegar. Hemlarnir virtust ekki verka, og voru gerðar ráðstafanir til þess að bifreiðin yrði skoðuð nánar, áður en viðgerð færi fram, en fyrir mistök fórst sú skoðun fyrir.

Ákærður kveðst hafa ekið með á að gizka 45 km hraða á klst., þegar slysið varð, og verður að leggja þá frásögn hans til grundvallar í málinu, enda hefur framburður hans verið sennilegur í réttarprófum málsins. Vitni hafa sagt, að hann hafi ekið „nokkuð hratt", en ekki getað ákveðið það nánar.

Ákærður hefur með of hröðum akstri, eins og á stóð, brotið gegn 26. sbr. 38. gr. bifreiðalaganna nr. 75/1940. Enn fremur verður að líta svo á, að ákærður hafi með hinum gálauslega ökuhraða og aðgæzluleysi um það, hvar hann var á veginum, orðið valdur að ökuslysi því, sem mál þetta er af sprottið, og með því brotið gegn 165. sbr. 167. gr. hegningarlaga nr. 19/1940. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 300 króna sekt, sem afplánist með 18 daga varðhaldi, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Ákærði greiði einnig allan kostnað málsins.

Því dæmist rétt vera:

Ákærður, Magnús Björgvin Sveinsson, greiði 300 króna sekt í ríkissjóð, og komi 18 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Hann greiði og allan sakarkostnað.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 8. marz 1944.

Nr. 79/1943. **Réttvísin og valdstjórnin** (Sveinbjörn Jónsson) gegn **Hirti Péturssyni** (Einar Ásmundsson).

Sýkna af ákæru um manndráp af gáleysi.

Dómur hæstaréttar.

Slysið varð með þeim hætti, að ekki gátu aðrir borið um það né aðdraganda þess en ákærði sjálfur, unnusta hans, er hjá honum var í bifreiðinni, og Valdimar heitinn Þorvarðsson, sem fyrir slysinu varð. Ákærði og unnusta hans staðhæfa, að ekið hafi verið með hæfilegum hraða, en Valdimar heitinn hafi skyndilega gengið í veg fyrir bifreiðina, er hún var að komast á móts við hann, og hafi þá ekki verið unnt að afstýra slysi. Hvorki dómari né lögreglumenn tóku skýrslu af Valdimar heitnum, meðan þess var kostur, og ekki var hann samprófaður við ákærða og unnustu hans.

Ummæli þau, sem vitni hafa eftir Valdimar heitnum og greind eru í héraðsdómi, veita að vísu nokkrar líkur fyrir ógætilegum akstri, en ekki þykja þau hrekja skýrslu ákærða og unnustu hans, enda verða ummælin ekki alveg samrýmd hjólförum bifreiðarinnar á slysstaðnum. Aðrar líkur til þess, að ákærða hafi fatazt bifreiðarstjórnin, svo sem staða bifreiðarinnar eftir slysið, þykja ekki heldur nógu öruggar til þess að reisa á þeim refsidóm. Ber því að staðfesta héraðsdóminn.

Eftir þessum úrslitum ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 450 til hvors.

Það er mjög aðfinnsluvert, að lögreglumenn þeir, er á slysstaðinn komu, fóru báðir þaðan aftur án þess að rannsaka vegsummerki, og var þeim þó innan handar að fá menn til aðstoðar við flutning hins slasaða manns í sjúkrahús. Svo er það og vítavert, að ekki var gerð gangskör að því að taka skýrslu af Valdimar heitnum, meðan þess var kostur, og samprófa hann við ákærða og unnustu hans.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Allur áfrýjunarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Sveinbjörns Jónssonar og Einars Ásmundssonar, kr. 450.00 til hvors.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 21. apríl 1943.

Ár 1943, miðvikudaginn 21. apríl, var í aukarétti Reykjavíkur sem haldinn var í skrifstofu réttarins Fríkirkjuvegi 11, af sakadómara Jónatan Hallvarðssyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 904/1943: Réttvísin og valdstjórnin gegn Hirti Péturssyni.

Mál þetta er höfðað gegn Hirti Péturssyni stúdent, Miðstræti 6 hér í bænum, af réttvísinnar hálfu fyrir brot gegn XXIII. kafla hegningarlaga nr. 19 1940 og af valdstjórnarinnar hálfu fyrir brot gegn bifreiðalögum nr. 23 1941. Málið var tekið til dóms hinn 15. þ. m.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, er fæddur 21. febrúar 1922. Hann hefur ekki áður sætt ákæru eða refsingu, svo kunnugt sé.

Hinn 14. desember s. l. um kl. 02.35 e. h. varð Valdimar Þorvarðsson, kaupmaður frá Hnífsdal, 78 ára að aldri, fyrir bifreiðinni R 1010 á Kaplaskjólsvegi og slasaðist. Leiddi slys þetta til dauða hans hinn 18. s. m. Um áverkann og banameinið segir prófessor Níels Dungal í skýrslu um krufningu á líki hins látna: „Við líkskoðun og krufningu hefur fundizt mikið beinbrot á hægri fótlegg. Enn fremur lungnabólga og smáblæðingar í heila. Orsökin til lungnabólgunnar og blæðinganna í heilann reyndist við smásjárrannsókn vera sú, að fita úr merg hafði borizt inn í blóðrásina og stíflað í stórum stíl æðarnar, bæði í lungum og heila, en það hefur orðið manninum að bana."

Er slys þetta henti, ók ákærði bifreiðinni. En með honum í bifreiðinni var Laura Claessen, og sat hún í framsæti við hlið ákærða. Um slysið og aðdraganda þess er upplýst eftirfarandi:

Bifreiðin ók suður Kaplaskjólsveg.

Ákærði kveður hraða bifreiðarinnar suður veginn hafa verið 15—20 mílur, miðað við klukkustund, er hann sá Valdimar heitinn koma fótgangandi í gagnstæða átt eftir suðurjaðri vegarins. Er 3—4 lengdir bifreiðar voru í milli Valdimars og bifreiðarinnar, sté ákærði af benzíngjafanum á fóthemilinn og hægði þannig hraðann í varúðarskyni. Hugðist ákærði að aka framhjá Valdimar hægramegin við hann úr bifreiðinni séð, með því að ákærði taldi, að hann mundi halda göngu sinni áfram á sama vegjaðri. Sveigði ákærði því til hægri inn á veginn. En er bifreiðin, sem þá var að sögn ákærða á ca. 10—15 mílna hraða, var í þann veginn að komast á móts við Valdimar heitinn, virtist ákærða hann taka viðbragð allt í einu og hélt hann síðan snögglega inn á veginn í veg fyrir bifreiðina. Var stefna hans eigi þvert á veginn, heldur skálæg, aðlæg bifreiðinni. Hemlaði ákærði þá og snarsneri bifreiðinni til vinstri í því skyni að forða árekstri. Það tókst eigi, og rakst hægra framhorn bifreiðarinnar á hægri hlið Valdimars. Féll hann við árekstur inn og kom niður aðeins hægra megin við miðjan veg úr bifreiðinni séð. En bifreiðin stöðvaðist í skurðinum, sunnan vegarins, án þess að velta, og var staða hennar þá skálæg við veginn. Ákærði fór þegar til Valdimars, sem var fótbrotinn eftir árekstur inn, tók undir herðar honum, flutti hann norður af veginum og hagræddi honum þar. Fór ákærði síðan heim að Ólafsdal, sem er litlu sunnar við veginn, og gerði ráðstafanir til þess að slysið væri tilkynnt lögreglunni. Fór hann síðan aftur á vettvang og beið þar, unz lögreglan kom.

Laura Claessen skýrir svo frá, að hún hafi á leiðinni suður veginn litið á hraðamælinn, er sýndi 15 mílur, miðað við klukkustund.

Er saman dró með Valdimar heitnum og bifreiðinni, kveður hún ákærða hafa hægt á bifreiðinni, og telur hún, að hraðinn hafi ekki verið meiri en ca. 10 mílur, er árekstur inn varð. Um akstur bifreiðarinnar, göngu Valdimars heitins og annan aðdraganda að slysinu hefur hún borið mjög á sama veg og ákærði.

Lögregluþjónarnir Jóhann Ólafsson og Magnús Pétursson voru sendir á vettvang í lögreglubifreið, er tilkynnt var um slysið. Er þeir komu þangað, var Valdimar heitinn utan akbrautarinnar norðan megin. Hálf lá hann þar á bakið upp að vegjaðrinum. Lögregluþjónunum varð það fyrst fyrir að hyggja að hinum slasaða manni og athuguðu vegsummerki því aðeins lauslega. Bundu þeir spelkur um fót hans og hófu hann á sjúkrabörum inn í bifreiðina. Fluttu þeir hann síðan í Landsspítalann. Að því loknu fóru þeir aftur á vettvang til athugunar.

Jóhann Ólafsson lögregluþjónn segir, að hjólför bifreiðarinnar hafi verið greinileg, en hemlaför hafi hann engin séð. Markaði lögregluþjónninn hjólförin á uppdrátt eftir mælingum, sem hann gerði á veginum. Einnig markaði hann á uppdráttinn stað þann, er árekstur inn varð á samkvæmt upplýsingum ákærða og Lauru Claessen, en á veginum sáust þess engin merki, hvar hinn slasaði hafði fallið. Samkvæmt uppdrætti þessum hafa hin afmörkuðu hjólför fyrst beina stefnu nokkurn spöl, og sést, að bifreiðin hefur þá verið nokkuð hægra megin á veginum, en þó eigi út á vegbrún. Nokkru áður en að árekstrarstaðnum kemur sveigja förin til vinstri og út af veginum þeim megin nokkru sunnar.

Magnús lögregluþjónn Pétursson staðfestir uppdrátt þann af vettvangi, sem áður getur, en kveður hjólför bifreiðarinnar hafa sézt miklu lengra norðaustur eftir veginum en markað er á uppdráttinn. Kveður hann bifreiðina fyrst hafa verið vinstra megin á veginum, en sveigt til hægri ca. 30—40 metra frá slysstaðnum og farið það lengst til hægri, að 1—2 metra bil hafi verið frá hægri hlið hennar út á vegbrún. Eftir því, sem bezt varð séð og ráðið af upplýsingum, hafi bifreiðin verið nýfarin að beygja til vinstri aftur, þegar Valdimar heitinn varð fyrir henni. Hemlaför sá hann engin á veginum.

Einar Guðmundsson sjómaður, Bollagörðum á Seltjarnarnesi, kom við í Ólafsdal þennan dag á leið heim til sín. Hefur hann verið leiddur sem vitni í málinu. Er vitnið var að fara frá Ólafsdal aftur, sá það, að bifreið hafði ekið í skurðinn sunnan vegarins, og voru piltur og stúlka að koma út úr bifreiðinni, stúlkan hægra megin, en pilturinn vinstra megin. Hlupu þau bæði bak við bifreiðina og staðnæmdust þar, en eigi sá vitnið, hvað þau höfðust að, því bifreiðina bar í milli. Komu þau síðan heim að Ólafsdal og skýrðu frá því, að slys hefði orðið. Hljóp vitnið þá, ásamt Ásgeiri Markússyni í Ólafsdal, út á veginn, og sáu þeir þá, að slasaður maður lá upp að norðurjaðri vegarins. Segir vitnið, að maðurinn hafi auðsjáanlega

verið lagður þarna og alveg útilokað, að hann hefði fallið þannig, sem hann lá og verið óhreyfður eftir fallið. Vitnið og Ásgeir biðu á vettvangi, þanagð til lögreglan kom, og aðstoðuðu þeir við að binda um fót hins slasaða og við að koma honum í bifreiðina. Meðan vitnið beið lögreglunnar og eftir að hún var farin, athugaði það verksummerki. Kveðst vitnið hafa séð greinileg hemlaför eftir bifreiðina, og hafi hún auðsjáanlega hemlað eina til hálfa aðra lengd sína, áður en hún beygði út af. Hafi hemlaförin verið um miðjan veginn, þó fremur hægra megin, en fjarlæg yztu brún vegarins.

Ásgeir Markússon kveðst eigi hafa séð, er slysið gerðist, en kveðst hafa farið á vettvang, ásamt Einari, strax og þeir heyrðu um slysið. Ásgeir kveðst ekki hafa tekið svo vel eftir hjólförum bifreiðarinnar, að hann geti borið ákveðið um legu þeirra. Þó kveður hann sig minna, að þau hafi verið nálægt miðjum vegi.

Vitnið Ingimundur Ólafsson, verkamaður Jófríðarstöðum, kveðst hafa verið úti við heima hjá sér og þá séð, að bifreið var úti í skurði við Kaplaskjólsveginn, og fór vitnið þá á vettvang. Sá það þá gamlan mann sitja á grasjaðrinum norðan vegarins gegnt bifreiðinni, sem út af hafði ekið, en þó nokkuð austar. Vitni þetta athugaði ekki hemlaför á veginum og getur engar upplýsingar gefið þar að lútandi.

Valdimar heitinn Þorvarðsson varð eigi yfirheyrður, áður en hann andaðist. Nokkrir vitnisburðir liggja hins vegar fyrir um frásögn hans af slysinu. Jóhann Ólafsson lögregluþjónn kveður hann hafa sagt, að hann hefði verið alveg á réttum vegkanti og minnzt á þverveg, sem hann hefði verið nýkominn af, en þvergata ein er af Kaplaskjólsveginum rétt sunnan við slysstaðinn til hægri til Reykjavíkur séð. 3 börn Valdimars heitins hafa borið það sem vitni, að hann hafi sagt þeim, er hann ræddi við þau í sjúkrahúsinu, að hann hafi gengið yfir veginn, verið kominn yfir hann og búinn að ganga nokkurn spöl á vinstri vegbrún, er bifreiðin hafi ekið á hann þar, og hann fallið ofan í gras. Tveir menn, sem voru í sömu sjúkrastofu og Valdimar heitinn var lagður í eftir slysið, hafa og borið, að hann hafi tjáð þeim, að hann hefði verið réttum megin, vinstra megin á veginum, er bifreiðin rakst á hann. Verður eigi véfengt, að þessi ummæli séu efnislega rétt eftir Valdimar heitnum höfð.

Frekari vitnisburðir liggja ekki fyrir um það, með hverjum hætti slys þetta hafi orðið. Með hliðsjón af því, hvern veg upplýsingum þeim, sem liggja fyrir í máli þessu, er háttað, þykir verða að leggja framburð ákærða til grundvallar, er meta skal, hvort hann eigi refsiverða sök á slysinu, enda þykja gögn þau, sem liggja fyrir um hjólför bifreiðarinnar, geta komið heim við skýrslu ákærða um það, hvernig akstur hennar hafi verið á undan slysinu og er það gerðist. Samkvæmt þessu þykir varhugavert að telja sannað, að ákærði hafi

orðið sekur um brot gegn lagaákvæðum þeim, er málshöfðun tekur til, og verður því að sýkna hann af ákæru réttvísinnar og kæru valdstjórnarinnar í máli þessu.

Allur sakarkostnaður, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, hrl. Einars Ásmundssonar, kr. 250.00, greiðist úr ríkissjóði.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Hjörtur Pétursson, á að vera sýkn af ákæru réttvísinnar og kæru valdstjórnarinnar í þessu máli.

Allur sakarkostnaður, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, hrl. Einars Ásmundssonar, kr. 250.00, greiðist úr ríkissjóði.

Föstudaginn 10. marz 1944.

Nr. 107/1943. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs** (Kristján Guðlaugsson) gegn **Magnúsi Björnssyni** (Ólafur Þorgrímsson).

Setudómari hrl. Jón Ásbjörnsson í stað próf. Ísleifs Árnasonar.

Ágreiningur um húsnæðisuppsögn.

Dómur hæstaréttar.

Benedikt Sigurjónsson, fulltrúi lögmanns, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 2. des. f. á., krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir fógeta að framkvæma útburð þann, sem í málinu greinir. Svo krefst og áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess, að úrskurðurinn verði staðfestur og að honum verði dæmdur málskostnaður úr hendi áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Það verður að telja, að lög nr. 39/1943 um húsaleigu taki yfir leigumála aðilja máls þessa. Ástæður þær, sem áfrýj-

andi hefur flutt fram til stuðnings máli sínu og greindar eru í héraðsdómi, hafa ekki stoð í lögunum, og verður krafa hans því ekki tekin til greina. Þykir því mega staðfesta úrskurð fógeta að niðurstöðu til.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir hæstarétti, sem ákveðst kr. 600.00.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnda, Magnúsi Björnssyni, 600 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 5. okt. 1943.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar 17. f. m., hefur gerðarbeiðandi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, krafizt þess, að Magnús Björnsson verði borinn út úr húsnæði því, er hann hefur á leigu í húsinu nr. 3 við Lækjargötu hér í bæ.

Gerðarþoli hefur mótmælt framgangi hinnar umbeðnu gerðar, og lögðu aðiljar atriðið undir úrskurð fógetaréttarins.

Hvor aðilja um sig hefur krafizt málskostnaðar.

Málavextir eru þeir, að með samningi dags. 29. febr. 1932 selur atvinnu- og samgöngumálaráðherra f. h. ríkissjóðs gerðarþola á leigu húsið nr. 3 við Lækjargötu hér í bæ. Leigutíminn var ákveðinn 5 ár, en leigumálanum skyldi þó aðeins slitið með uppsögn af hálfu annars hvors aðilja, og er uppsagnarfrestur af beggja hálfu ákveðinn 1 ár, miðað við 14. maí eða 1. október. Í samningnum er ákvæði á þá leið, að leigutaki megi ekki leigja öðrum húsnæðið en þeim, er leigusali taki gilda, en þó megi leigutaki leigja einhleypum mönnum einstakt eða einstök herbergi. — Húsnæði það, er her um ræðir, virðist vera 4 herbergi og eldhús á stofuhæð, tvö herbergi á rishæð og eitt herbergi í kjallara. Gerðarþoli virðist aldrei hafa búið í húsnæðinu, heldur hefur það allan leigutímann verið notað af samvinnumötuneyti. Eitt herbergi á stofuhæð virðist hafa verið framleigt, en starfsfólk mötuneytisins hefur búið á rishæðinni. Með bréfi, dags. 5. desember 1941, og mótteknu af gerðarþola 6. desember 1941 segir fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs gerðarþola upp leigumálanum frá 14. maí 1943 að telja. Ástæða er engin tekin fram. Uppsögn þessi var borin undir húsaleigunefnd, og var

fyrst fært fram, að ríkissjóður þyrfti húsnæðisins með fyrir opinberar skrifstofur. Síðar var það borið fram, að ríkissjóður þyrfti húsnæðið til íbúðar fyrir starfsfólk Landsspítalans. Með úrskurði, uppkveðnum 16. maí 1943, mat húsaleigunefnd uppsögn þessa ógilda, þar sem hún færi í bága við ákvæði gildandi laga um húsaleigu.

Útburðarkröfu sína byggir gerðarbeiðandi í *fyrsta* lagi á því, að gerðarþoli hafi framleigt húsnæðið í heild án samþykkis gerðarbeiðanda, félagsskap manna, er reki þar matsölu undir nafninu „Mötuneytið Gimli". Þar sem gerðarþoli hafi þannig brotið ákvæði húsaleigusamningsins, þá beri honum að rýma húsnæðið, og verði því að leyfa framgang útburðargerðarinnar.

Gerðarþoli hefur viðurkennt að hafa ekki sjálfur notað umrætt húsnæði, heldur hafi nefnt mötuneyti haft afnotarétt þess. Hins vegar telur hann, að þegar hann tók húsnæðið á leigu, hafi það verið beint með það fyrir augum, að mötuneytið fengi húsnæðið. Hins vegar hafi það ekki getað verið samningsaðili, þar sem ekki hafi verið formlega gengið frá stofnun þess, enda hafi ráðherra þeim, er undirritaði samninginn, verið þetta fyllilega kunnugt. Þá hafi fjármálaráðuneytinu og verið þetta kunnugt allan tímann. Gerðarþoli hefur lagt fram tvær kvittanir fyrir húsaleigugreiðslur, dags. 6. júní 1933 og 11. júlí 1939. Eru þær báðar stílaðar á mötuneytið Gimli, enn fremur uppsögn á húsnæðinu dags. 23. ágúst 1938 undirrituð af skrifstofustjóra fjármálaráðuneytisins f. h. ráðherra, og er uppsögn þessi stíluð á „Mötneytið Gimli".

Það er ljóst af því, sem að framan greinir, að leigusala hefur nú um langan tíma verið kunnugt um, að nefnt mötuneyti hafði afnot húsnæðisins. Þar sem ekki verður séð, að hreyft hafi verið neinum athugasemdum út af þessu fyrr en nú í máli þessu, hefur gerðarbeiðandi nú glatað öllum þeim rétti, er hann kynni að hafa átt vegna þessa, og verður því ekki hægt að leyfa framgang gerðarinnar á þessum grundvelli.

Í *öðru* lagi byggir gerðarbeiðandi útburðarkröfu sína á því, að hann hafi brýna þörf fyrir húsnæðið til íbúðar. Skýrir hann svo frá, að svo mikill skortur sé á húsnæði handa starfsfólki Landsspítalans, en það sjúkrahús rekur ríkissjóður, að til vandræða horfi.

Samkvæmt samningum við bæði hjúkrunarkonur og starfsstúlkur sé sjúkrahúsið skyldugt að útvega fólki þessu húsnæði eða greiða því fé til að leigja sér húsnæði. Nú starfi við sjúkrahúsið 16 hjúkrunarkonur, og hafi 11 þeirra orðið að fá sér leigt úti í bæ, en fengið greidda leigupeninga. Af starfsstúlkum sjúkrahússins, sem eru 28 að tölu, sofi 9 á geymslulofti þess, en það sé algerlega óviðunandi húsnæði, en 18 stúlkur sjái sér sjálfar fyrir húsnæði. Gerðarbeiðandi telur, að húsnæði vanti fyrir 5—6 hjúkrunarkonur, um 10 starfsstúlkur, en fólk þetta hafi ekki tekizt að ráða, nema því yrði

útvegað húsnæði. Ástæðurnar fyrir húsnæðisskorti þessum telur gerðarbeiðandi bæði þær, að herbergi starfsfólks hafi verið gerð að sjúkraherbergjum, og orðið hafi að fjölga starfsfólki vegna vaxandi sjúklingafjölda, svo og vegna þess að starfstími fólksins hafi verið styttur.

Með tilliti til alls þessa telur gerðarbeiðandi sig eiga rétt á að fá rýmt umdeilt húsnæði, þar sem hann hafi brýna þörf fyrir það, í samræmi við ákvæði laga um húsaleigu nr. 39 frá 1943.

Gerðarþoli hefur mótmælt útburðinum á þeim grundvelli, að gerðarbeiðandi hafi ekki brýna þörf fyrir aukið húsnæði, enda sé meira húsrúm nú til fyrir starfsfólk sjúkrahússins en var á árinu 1941, og hann hafi ekki misst húsnæði af óviðráðanlegum ástæðum. Þá hefur gerðarþoli mótmælt því, að Landsspítalinn geti ekki fengið starfsfólk nema láta því í té húsnæði. Þá hefur gerðarþoli haldið því fram, að samkv. núgildandi húsaleigulögum eigi maður ekki rétt að segja upp húsnæði til hagsbóta fyrir starfsfólk sitt, og því verði gerðarbeiðandi að hlíta sem aðrir.

Í lögum um húsaleigu nr. 39 frá 1943, 1. gr. 1. mgr., segir svo: „Leigusala er óheimilt að segja upp leigusamningum um húsnæði, nema honum sé að dómi húsaleigunefndar þess brýn þörf til íbúðar fyrir sjálfan sig eða skyldmenni í beina línu, kjörbörn eða fósturbörn.“ — Af ákvæði þessu verður ekki annað séð, en þar séu tæmandi upptaldir þeir aðiljar, er leigusali má segja upp leigusamningum um húsnæði til hagsbóta fyrir. Það verður því ekki talið, að leigusali geti sagt upp húsnæði til nota fyrir starfsfólk, nema honum sjálfum eða áðurgreindum aðiljum sé þess persónulega brýn þörf að fá slíkt starfsfólk og veita því húsnæði. Í máli þessu hefur gerðarbeiðandi, ríkissjóður, talið, að eina stofnun sína, Landsspítalann, skorti nauðsynlega húsnæði til íbúðar fyrir starfsfólk sitt. Rétturinn verður að telja, að þótt verið geti, að brýn þörf sé á auknu húsnæði handa starfsfólki nefndrar stofnunar, þá veiti það ekki gerðarbeiðanda heimild til að fá rýmt húsnæði, er hann hefur leigt öðrum aðiljum, þar sem ekki verður talið, að það samband sé á milli gerðarbeiðanda og hennar, að uppfylli skilyrði áðurnefndra ákvæða húsaleigulaganna.

Samkvæmt þessu verður að synja um framgang hinnar umbeðnu gerðar.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna útburðargerð skal ekki fara fram.
Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 14. marz 1944.

Nr. 105/1943. **Teitur Júlíus Júlínusson** (Eggert Claessen)
gegn
Tollstjóranum í Reykjavík f. h. ríkissjóðs
(Einar B. Guðmundsson).

Ágreiningur um skyldu til greiðslu tekjuskatts o. fl.

Dómur hæstaréttar.

Bjarni Pálsson fulltrúi hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 29. nóv. f. á., krefst þess: Aðallega að hinn áfrýjaði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara að löktak verði einungis gert fyrir tekjuskatti af kr. 3449.63. Svo krefst áfrýjandi og málskostnaðar bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess, að úrskurðurinn verði staðfestur, og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Í máli þessu er krafizt lögtaks fyrir eftirtöldum gjöldum, sem á voru lögð 1943.

Tekjuskatti	kr.	283.20
Lífeyrissjóðsgjaldi	—	125.50
Kirkjugarðsgjaldi	—	8.00
	Alls kr.	416.70

Áfrýjandi máls þessa hefur um mörg undanfarin ár verið skipstjóri á skipum Eimskipafélags Íslands h/f. Hann er kvæntur danskri konu, og hafa þau átt heimili í Kaupmannahöfn frá því á árinu 1914. Hinn 7. desember 1940 lét hann af skipstjórn og kveðst þá mundu hafa farið til heimilis síns í Kaupmannahöfn, ef honum hefði ekki verið þess varnað af ástæðum styrjaldar. Lýsir hann því, að hann muni fara þegar til heimilis síns í Danmörku, er færi gefst. Það sem upp hefur komið í málinu, styður þessa skýrslu áfrýjanda. Verður ekki talið, eins og atvikum er háttað, að dvöl

hann hér hafi verið þess eðlis, að hann hafi orðið heimilisfastur hér á landi.

Lífeyrissjóðsgjald og kirkjugarðsgjald eru hvor tveggja bundin við heimilisfesti gjaldanda hér á landi, sbr. um lífeyrissjóð lög nr. 74/1937 48. gr., og um kirkjugarðsgjald 5. gr. reglugerðar nr. 39/1937 og 30. og 38. gr. laga nr. 64/1932.

Verður því lögtak á hendur áfrýjanda ekki leyft fyrir gjöldum þessum.

Tekjuskattur sá, sem áfrýjandi er krafinn um, er reiknaður af þessum tekjum:

a) eftirlaunum frá Eimskipafélagi Íslands, h/f, ...	kr.	8221.00
b) þóknunum fyrir skoðun og virðingu skipa, svo og prófdómarastörfum	—	3449.63
	Alls kr.	11670.63

Um a). Áfrýjandi hefur unnið sér rétt til eftirlaun þeirra, sem hér greinir, með skipstjórn sinni á skipum Eimskipafélags Íslands h/f. Eru þau því tekjur af greindri atvinnu eða sýslan, þótt þau greiðist ekki fyrr en áfrýjandi hefur látið af starfa. Skatt af eftirlaunum þessum ber að greiða hér á landi samkvæmt 1. og 3. mgr. 5. töluliðs 3. gr. reglugerðar nr. 133/1936, er stoð hefur í 1. mgr. 2. gr. laga nr. 6/1935, enda hefur því ekki verið haldið fram, að áfrýjandi greiði skatt af þessum tekjum í öðru ríki.

Um b). Fjárhæð sú, sem hér getur, er laun greidd fyrir starfa, er áfrýjandi hefur leyst af hendi hér á landi. Skatt af launum þessum ber að greiða hér á landi samkvæmt 1. og 2. mgr. 5. töluliðs 3. gr. nefndrar reglugerðar, er styðst við 1. mgr. 2. gr. laga nr. 6/1935.

Þar sem álagður skattur af tekjum þeim, er taldar voru í a og b lið, er ekki of hátt reiknaður, sbr. 3. mgr. 6. gr. sömu laga, þykir bera að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð, að því er varðar fjárhæð hans, kr. 283.20.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður bæði í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Lögtak það, sem krafizt er, á að fara fram fyrir kr. 283.20.

Málskostnaður bæði í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 29. okt. 1943.

Gerðarþoli, Teitur J. Júlínusson fyrrv. skipstjóri, tilkynnti tollstjóranum í Reykjavík, að hann mundi ekki greiða skattreikning sinn fyrir árið 1943 án sérstaks úrskurðar dómstólanna um skattskyldu hans hér á landi og óskaði hann þess jafnframt, að mál þetta yrði tekið fyrir sem fyrst. Með bréfi, dags. 1. september 1943, fer tollstjórinn í Reykjavík þess á leit við lögmanninn í Reykjavík, að mál þetta verði tekið strax til úrskurðar. Var málið tekið fyrir sama dag, eftir að umboðsm. gerðarþola hafði fallið frá birtingu lögtaksúrskurðarins, og hefur það síðan verið sótt og varið hér í réttinum og var tekið til úrskurðar 26. þessa mánaðar. Aðiljar hafa gert þær kröfur, er hér segir:

Umboðsmaður gerðarbeiðanda krefst þess, að hið umbeðna lögtak nái fram að ganga fyrir allri kröfunni, og að gerðarþoli verði úrskurðaður til þess að greiða umbjóðanda hans hæfilegan málskostnað eftir mati réttarins.

Umboðsmaður gerðarþola gerir þá *aðalkröfu,* að neitað verði um framgang lögtaksins, en *til vara,* að hann verði aðeins úrskurðaður til að greiða skatt af þeim tekjum, sem hann hefur haft annars staðar en frá Eimskipafélagi Íslands h/f. Hann krefst einnig málskostnaðar til handa umbj. sínum eftir mati réttarins.

Málavextir eru þessir:

Gerðarþoli telur sig ekki vera heimilisfastan hér á landi. Hann er giftur danskri konu, og hafa þau átt heimili í Kaupmannahöfn frá árinu 1914. Hann var um langt skeið skipstjóri á skipum Eimskipafélags Íslands h/f og var þá skattskyldur hér samkv. 2. gr. 1. mgr. laga nr. 6 9. janúar 1935, um tekju- og eignarskatt. Undir lok ársins 1940 hætti hann skipstjórn og fór hér á land. Kveðst hann þá mundu hafa horfið til heimilis síns í Kaupmannahöfn, ef þess hefði verið nokkur kostur. Nú sé það öllum kunnugt, að frá því Þjóðverjar tóku Danmörku hernámi, 9. apríl 1940, hafi með öllu verið ómögulegt að komast þangað, og hafi honum því verið nauðugur einn kostur að dvelja hér á landi frá því hann fór af skipsfjöl.

Ákvæðin um skattskyldu vegna heimilisfestu eða dvalar skatt-

greiðanda hér á landi, er að finna í 1. gr. laga nr. 6 9. janúar 1935 um tekju- og eignarskatt, sbr. reglugerð nr. 133 28. desember 1936, 2. gr. 4. lið. Var upphaflega kveðið svo á í lögum þessum og reglugerð, að sá, sem dveldi hér á landi 6 mánuði skattársins eða lengur, skyldi talinn heimilisfastur hér og skattskyldur. Nú hefur þetta ákvæði verið afnumið með lögum nr. 32 12. júní 1939 1. gr., til þess að samræma skattalög okkar samsvarandi lögum annarra Norðurlandaþjóða, vegna milliríkjasamninga um tvísköttun o. fl., en við þetta veitist skattanefndum meira svigrúm í mati þeirra á heimilisfestu. Virðist heimild þeirra nú ná til þess að telja mann skattskyldan hér, sem dvelur aðeins litinn hluta skattársins hér á landi, t. d. ef ástæða er til að halda, að hann mundi dvelja hér framvegis. Verður þá að álykta, að sá, sem dvelur hér allt skattárið, sé tvímælalaust skattskyldur hér á landi samkvæmt hinum tilvitnuðu lögum og reglugerð.

Þar sem það er nú viðurkennt, að gerðarþoli hafi dvalið hér á landi allt árið 1942, verður hann að teljast skattskyldur hér árið 1943 af öllum tekjum sínum, og það enda þótt dvöl hans hér á landi sé svo háttað, sem fyrr var nefnt. Og þar sem hinni álögðu upphæð hefur ekki verið mótmælt sérstaklega, verður að leyfa framgang lögtaksins fyrir allri kröfunni. Eftir atvikum þykir þó rétt, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Hið umbeðna lögtak skal ná fram að ganga. Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 20. marz 1944.

Nr. 56/1943. **Lögreglustjórinn í Reykjavík, borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**
(Hermann Jónasson cand. jur.)
gegn
Páli Guðjónssyni og gagnsök
(Kristján Guðlaugsson).

Krafa um bætur fyrir brottvikningu úr opinberu starfi.

Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur hafa skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 27. maí 1943. Krefjast þeir sýknu af kröfum

gagnáfrýjanda í máli þessu og málskostnaðar úr hendi hans bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur að fengnu áfrýjunarleyfi 9. okt. 1943 áfrýjað málinu með stefnu 12. s. m. Krefst hann þess aðallega, að honum verði dæmdar bætur in solidum úr bæjarsjóði og ríkissjóði, kr. 20000.00, til vara, að héraðsdómurinn verði staðfestur og til þrautavara að bætur verði ákveðnar kr. 1871.21. Svo krefst hann og 5% ársvaxta af fjárhæð þeirri, sem dæmd yrði, frá 11. des. 1941 til greiðsludags og málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjenda fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar.

Gagnáfrýjandi synjaði þess eitt sinn sumarið 1941 að rækja varðstarf, er yfirboðari hans fól honum, og hefur gagnáfrýjandi ekki réttlætt þá synjun. Þá verður og að telja, að gagnáfrýjandi, sem áður var sæmileg skytta, hafi á þremur skotæfingum lögreglumanna sumarið og haustið 1941 haft undanbrögð í frammi, enda hefur hann lýst því, að honum væri þessar æfingar ógeðfelldar. Svo hefur hann neitað að undirrita yfirlýsingu um ábyrgð á áhöldum þeim, er honum voru afhent, og meðferð þeirra. Loks hefur hann og haft forgöngu um að semja og koma öðrum lögreglumönnum til að undirrita með sér yfirlýsingu, sem var að orðalagi ekki viðurkvæmileg í garð lögreglustjóra. Öll þessi atriði samans þykja bera þess vott, að gagnáfrýjandi hafi ekki verið fallinn til lögreglumannsstarfa. Verða honum því ekki dæmdar bætur vegna vikningar hans úr starfanum.

Eftir atvikum þykir málskostnaður fyrir báðum dómum eiga að falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Aðaláfrýjendur, lögreglustjórinn í Reykjavík, borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, eiga að vera sýknir af kröfum gagnáfrýjanda, Páls Guðjónssonar, í máli þessu.

Málskostnaður bæði í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 16. marz 1943.

Mál þetta, sem dómtekið var 12. þ. m., er eftir árangurslausa sáttaumleitun höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 15. des. 1941 af Páli Guðjónssyni, fyrrum lögregluþjóni Laugarnesvegi 77 hér í bæ, gegn lögreglustjóranum í Reykjavík, Agnari Kofoed-Hansen, borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs. Hefur stefnandi breytt hinum upphaflegu stefnukröfum sínum á þá lund, að nú krefst hann 20 þús. kr. skaðabóta úr hendi bæjarsjóðs Reykjavíkur og ríkissjóðs, ásamt 5% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá 11. des. 1941 til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndir krefjast sýknu og málskostnaðar eftir mati dómarans.

Málavextir eru þeir, að nokkur undanfarin ár hefur stefnandi gegnt lögregluþjónsstörfum hér í Reykjavík, fyrst sem aukamaður, síðan sem settur lögregluþjónn frá 1. júlí 1937 og loks var hann skipaður í starfið hinn 1. nóv. 1938. Með bréfi, dags. 24. nóv. 1941, sagði hinn stefndi lögreglustjóri stefnanda upp starfi þessu frá sama degi að telja, og voru þær ástæður tilfærðar fyrir uppsögninni, að stefnandi hefði gerzt sekur um „ítrekaða óhlýðni og þrjózku" í starfinu. Telur stefnandi, að þessar sakargiftir hafi eigi við rök að styðjast, og beri sér því skaðabætur vegna þessarar fyrirvaralausu uppsagnar. Hefur hann því höfðað mál þetta gegn stefndu og gert í því framangreindar dómkröfur.

Sýknukröfu sína byggja stefndir á því, að stefnandi hafi brotið svo af sér í starfi sínu, að tvímælalaust hafi verið heimild til að segja honum upp starfinu, eins og gert var, enda hafi hinn stefndi lögreglustjóri og haldið sér innan embættistakmarka sinna, er hann vék stefnanda frá starfi. Ávirðingar þær, sem stefndir telja að stefnandi hafi gerzt sekur um, eru þessar:

1. Stefnandi hafi neitað að taka að sér aukavakt í maí 1941, eins og honum hafi þó borið skylda til að gera sem starfandi lögregluþjóni.
2. Stefnandi hafi brotið gegn settum reglum um einkenni lögregluþjóna.
3. Stefnandi hafi óhlýðnazt skipunum yfirboðara sinna um þátttöku í fyrirskipuðum skotæfingum innan lögreglunnar.
4. Stefnandi hafi neitað að útfylla fyrirskipaðan áhaldalista.
5. Stefnandi hafi verið með áróður innan lögreglunnar gegn lögreglustjóra.

Verða þessar sakargiftir nú teknar til athugunar.

Um 1. Pálmi Jónsson varðstjóri skýrir svo frá, að eitt sinn í maí-mánuði 1941 hafi hann kvatt stefnanda á aukavakt kl. 20—22 að kvöldi. Hafi hann neitað þessu á þeim forsendum, að annar lögregluþjónn, Axel Helgason, ætti að gegna þessu starfi. Kveðst varð-

stjórinn hafa tjáð stefnanda, að Axel væri bundinn við störf í þágu loftvarnarnefndar og gæti hann því eigi farið á vörð. Stefnandi hafi eigi að síður haldið fast við neitun sína, og kveðst varðstjórinn þá, í samráði við yfirlögregluþjóninn, hafa gert stefnanda þau víti að kveðja hann ekki á aðrar aukavaktir fyrr en hann hefði staðið slíkan vörð sem að framan greinir. Virðist stefnandi ekki síðan hafa verið kvaddur til slíkra starfa.

Stefnandi viðurkennir að hafa færzt undan að fara á vörð í þetta skipti, þar sem hann hafi talið, að Axel Helgason ætti venju samkvæmt að gera það sjálfur eða útvega mann í sinn stað, ef hann væri forfallaður. Auk þess kveðst stefnandi hafa haft þau forföll, að fóstursystir konu sinnar hafi andazt þennan dag, og hafi hann verið önnum kafinn í því sambandi. Hann kveðst þó ekki hafa sagt varðstjóranum frá þessum forföllum, fyrr en daginn eftir, en hvorki þá né síðar hafi hann fengið aðfinnslur út af þessu frá yfirboðurum sínum.

Því er ómótmælt, að samkvæmt þeim venjum, er gildi um framangreind störf hjá lögreglunni, hafi nefndur Axel Helgason átt að fara á vörð í umrætt skipti, svo og að algengt sé, að þeir lögregluþjónar, sem forfalla vegna geti eigi gegnt slíku starfi, útvegi aðra í sinn stað. Með tilliti til þessa þykir þessi undanfærsla stefnanda ekki svo alvarlegt skyldubrot, að það hafi, eins og á stóð, réttlætt fyrirvaralausa brottvikningu úr starfi, enda er og ósannað, gegn mótmælum stefnanda, að hann hafi fengið áminningu af þessum sökum eða að honum hafi verið kunnugt um þau víti, sem varðstjórinn kveðst hafa gert honum vegna þessa atburðar, er gerðist í maí 1941.

Um 2. Svo virðist sem það hafi dregizt í nokkra daga í janúar 1941, að stefnandi tæki upp nýtt númer á föt sín, en með úrskurði lögreglustjóra hafði svo verið ákveðið, að stefnandi skyldi bera hærra númer en hann hafði áður.

Stefnandi telur orsakir þess, að þetta hafi dregizt, þær, að klæðskeri sá, sem annazt hafi númera-breytinguna, hafi verið svo önnum kafinn, að eigi hafi verið unnt að láta gera þetta fyrr en gert var, en viðurkennt er, að stefnandi kom þessu í lag strax og þáverandi varðstjóri hans nefndi þetta við hann.

Hér virðist vera um svo smávægilegt atriði að ræða, að það réttlæti eigi brottvikningu, enda er og ósannað gegn mótmælum stefnanda, að hann hafi hlotið nokkra aðvörun vegna atviks þessa, sem skeði í janúar 1941.

Um 3. Stefnandi tók þátt í skotæfingum lögreglunnar frá því að hann hóf starf sitt þar og virðist hann að jafnaði hafa náð sviptuðum árangri og aðrir í skotfimi. Á skotæfingum þann 24. og 27. júlí og 3. okt. 1941 kom það hins vegar fyrir, að stefnandi hitti aldrei skotskífuna, og er því haldið fram af hálfu stefndu, að

stefnandi hafi gert þetta viljandi, og sé þetta allt dæmi um þá þrjózku og óhlýðni, sem hann hafi sýnt í starfinu. Hinn stefndi lögreglustjóri kveðst hafa fundið að þessu við stefnanda, en hann hafi engar frambærilegar skýringar gefið á þessari breytingu, og jafnvel haft hótanir í frammi.

Stefnandi mótmælir því hins vegar eindregið, að um nokkra ásetningssynd hafi verið að ræða að þessu leyti: hann hafi aðeins verið illa fyrir kallaður í þessi skipti, og því hafi farið sem fór. Hann neitar því og, að lögreglustjórinn hafi áminnt sig út af þessu, heldur hafi þeir aðeins átt vinsamlegt samtal um æfingarnar, sem stefnandi kveðst hafa óskað eftir að losna við, eins og sumir aðrir lögregluþjónar hafi fengið, þar sem þessar skotæfingar hafi verið sér ógeðfelldar. Stefnandi mótmælir því enn fremur eindregið að hafa viðhaft nokkrar hótanir í garð lögreglustjóra.

Gegn þessum mótmælum stefnanda getur það ekki talizt nægilega sannað, að um ásetningsverk hafi verið að ræða hjá honum að þessu leyti, en stefnandi kom ávallt á skotæfingar, er hann var þangað kvaddur, og fylgdi gefnum fyrirskipunum þar. Að þessu athuguðu, svo og með tilliti til þess, að eigi hafa verið færðar sönnur á aðrar hinna framangreindu ásakana lögreglustjórans, þykir þessi brottvikningarástæða heldur ekki hafa við næg rök að styðjast.

Um 4. Í október 1941 var lagður fyrir stefnanda, eins og aðra lögregluþjóna, listi, sem lögreglustjóri hafði látið gera, þar sem lögregluþjónninn viðurkenndi móttöku tiltekinna áhalda til notkunar í starfinu og skuldbatt sig jafnframt til að gæta munanna vandlega, þannig að þeir hvorki glötuðust né skemmdust af hans völdum, svo og til að tilkynna yfirlögregluþjóninum, ef hlutirnir glötuðust eða skemmdust, enda bæri lögregluþjóninum og að bæta þá hluti, sem færust þannig eða skemmdust af hans völdum. — Stefnandi vildi eigi undirrita yfirlýsingu þessa fyrirvaralaust, þar sem hann taldi orðalag skuldbindingarinnar um greiðslu bóta of víðtækt.

Hér virðist að vísu vera um að ræða undanfærslu af hálfu stefnanda, sem ekki er nægjanlega réttlætt, en ekki þykir þetta atriði þó vera þess eðlis, að það hafi skapað rétt til fyrirvaralauss brottreksturs.

Um 5. Í byrjun október 1941 birtist í blöðum bæjarins skýrsla frá brezku herstjórninni, þar sem því var haldið fram, að tilteknar skýrslur, sem taldar voru komnar frá lögreglunni hér í bæ, væru ósannar og tölur þar m. a. fengnar með því að telja auðar síður í skýrslunum og tvítelja sum nöfn. Um svipað leyti ritaði þáverandi forsætisráðherra og grein í blað eitt hér í bænum, þar sem m. a. var talið, að lögreglan hefði áður verið óreglusöm í meðferð áfengra drykkja, en núverandi lögreglustjóri hefði upprætt það ástand. —

Ýmsir lögregluþjónanna kunnu þessum ásökunum illa, en höfðust ekki að til að byrja með, enda höfðu þeir frétt, að lögreglustjóri væri að semja svar við greinunum. Þegar svargrein lögreglustjóra birtist, töldu lögregluþjónarnir, að framangreindum atriðum væri eigi gerð þar fullnægjandi skil, og þá var það, að stefnandi ásamt nokkrum fleiri lögregluþjónum hófst handa um söfnun undirskrifta lögregluþjóna undir yfirlýsingu, þar sem því var lýst yfir, að máli út af drykkjuskaparóreglu lögregluþjóna hefðu verið algerlega afgreidd áður en nú núverandi lögreglustjóri tók við embætti, en hinum þungu ásökunum brezku herstjórnarinnar mundi lögreglustjóri svara sjálfur, ef hann vildi halda uppi heiðri sínum og lögreglunnar. Flestir lögregluþjónanna (eða 57) rituðu síðan nöfn sín undir yfirlýsingu þessa.

Þá staðhæfingu sína, að stefnandi hafi verið með áróður í sinn garð, byggir lögreglustjórinn á því, að stefnandi hafi haft forgöngu um samningu þessa skjals og söfnun undirskrifta undir það og hafi ætlun hans verið að birt það í blöðum, án þess að lögreglustjóra yrði gefinn kostur á að þekkja efni þess.

Það er fyrst og fremst ósannað gegn mótmælum stefnanda, að hann hafi haft forgöngu í þessu efni, og fram hefur komið, að það var með hans samþykki, að lögreglustjóri fékk skjalið til athugunar, enda telur stefnandi, að tilætlunin hafi ávallt verið sú að koma mótmælunum á framfæri við lögreglustjóra, en birta þau í blöðunum, ef þörf gerðist. Stefnandi hefur og haldið því fram, án þess að því hafi verið mótmælt, að lögreglustjóri hafi í fyrstu eftir yfirlestur skjalsins haft beztu orð um að hnekkja ummælum herstjórnarinnar en sér þætti betra, ef svarið mætti dragast lítið eitt. Þegar rúmur mánuður hafi liðið og engin leiðrétting birzt, kveðst stefnandi hafa farið á fund lögreglustjóra, ásamt öðrum lögregluþjóni. Hafi þeir ítrekað fyrri óskir, en þá hafi lögreglustjóri harðneitað að svara nefndum ásökunum og talið óskir lögregluþjónanna tilefnislausar með öllu.

Að þessu öllu athuguðu þykir ekki verða litið svo á, að stefnandi hafi með afskiptum sínum af þessum málum hagað sér þannig, að það réttlæti hina fyrirvaralausu brottvikningu hans úr starfi, enda virðist hann og hinir aðrir lögregluþjónar aðeins hafa viljað koma því til leiðar, að ásökunum í garð lögreglunnar væri ekki óhnekkt.

Það verður því ekki talið, að framangreindar sakargiftir á hendur stefnanda hafi verið þess eðlis, að réttlætt hafi fyrirvaralausa brottvikningu hans úr starfi. Með skírskotun til framanritaðs þykir þó ljóst, að framkoma stefnanda, sem að öðru leyti mun hafa reynzt reglusamur í starfinu, hafi í tilteknum atriðum verið slík, að eigi sé sem ákjósanlegust, þegar um lögregluþjón er að ræða. Með tilliti til þess þykir því stefnandi hafa átt þann þátt í því, að starfi hans sem lögreglumanns lauk fyrr en almennt má gera ráð fyrir, að

ákveða beri bæturnar til hans vegna brottvikningarinnar með hliðsjón af þessu.

Stefnandi sundurliðar kröfu sina þannig:

Andvirði fatnaðar, er stefnanda bar, en fékk eigi á árinu 1941	kr.	543.90
Laun í 6 mánuði	—	6807.00
Greiðslur í Eftirlaunasjóð Reykjavíkur vegna starfa stefnanda	—	1327.31
Aðrar bætur	—	11321.79

Stefnandi þykir eiga tilkall til þeirra greiðslna vaxtalausra, sem runnið hafa í Eftirlaunasjóð Reykjavíkurborgar vegna starfa hans sem lögregluþjóns, þar sem þær greiðslur verður að telja hlunnindi, er starfanum fylgdu (sbr. lögjöfnun frá 4. mgr. 4. gr. laga nr. 51 1921). Með tilliti til þess, er segir um athafnir stefnanda, svo og annarra málsatvika, þykja bætur til hans vegna brottvikningarinnar að öðru leyti hæfilega ákveðnar kr. 7500.00, og verður ríkissjóði og bæjarsjóði Reykjavíkur gert að greiða stefnanda þá fjárhæð, með vöxtum eins og krafizt hefur verið. Hvor þessara stefndu greiði stefnanda og kr. 400.00 í málskostnað (sbr. 3. málsgr. 181. gr. einkamálalaganna).

Fulltrúi lögmanns Árni Tryggvason hefur kveðið upp dóm þenna.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs, greiði stefnandanum, Páli Guðjónssyni, kr. 1327.31, vaxtalaust. Stefndur fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs greiði stefnandanum kr. 7500.00 með 5% ársvöxtum frá 11. des. 1941 til greiðsludags.

Hvor þessara stefndu greiði og stefnandanum kr. 400.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 20. marz 1940.

Kærumálið nr. 5/1944. **Vinnuveitendafélag Akureyrar og Verkamannafélag Akureyrarkaupstaðar**
gegn
Bergþóri Baldvinssyni.

Vísun frá héraðsdómi.

Dómur hæstaréttar.

Sigurður bæjarfógeti Eggerz hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Með kæru 21. febr. þ. á., sem hingað barst 6. þ. m., hafa sóknaraðiljar kært til hæstaréttar úrskurð bæjarþings Akureyrar, upp kveðinn 21. febr. s. l., þar sem hrundið var kröfu þeirra, að vísað yrði frá héraðsdómi málinu: Bergþór Baldvinsson gegn Vinnuveitendafélagi Akureyrar og Verkamannafélagi Akureyrarkaupstaðar. Krefjast sóknaraðiljar þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur, og málinu vísað frá héraðsdómi.

Frá varnaraðilja hafa ekki borizt kröfur né greinargerð.

Varnaraðili hefur höfðað mál þetta í héraði gegn sóknaraðiljum. Hefur hann þar gert þær kröfur, að ónýtt verði, að því er hann varðar, það ákvæði í kjarasamningi sóknaraðilja frá 2. jan. 1943, að „meðlimir Verkamannafélags Akureyrarkaupstaðar og annarra stéttarfélaga í bænum, sem eru meðlimir Alþýðusambands Íslands, og aðrir þeir, sem stjórn Verkamannafélagsins veitir vinnuréttindi, sitji fyrir þeirri verkamannavinnu, sem framkvæmd er.“ Sóknaraðiljar kröfðust í héraði frávísunar málsins, sökum þess að það ætti að dæmast af félagsdómi.

Samkvæmt 2. tölulið 44. gr. laga nr. 80/1938 skal félagsdómur dæma mál um gildi vinnusamninga. Bar mál þetta því undir félagsdóm, og verður að vísa því frá héraðsdómi.

Þar sem hvorugur aðilja hefur krafizt málskostnaðar fyrir hæstarétti, fellur hann niður.

Því dæmist rétt vera:

Máli þessu vísast frá héraðsdómi.

Málskostnaður fyrir hæstarétti fellur niður.

Dómur (sic) bæjarþings Akureyrar 21. febr. 1944.

Stefnandinn í máli þessu, Bergþór Baldvinsson verkamaður Akureyri, gerir þá kröfu, að stjórnir Vinnuveitendafélags Akureyrar, Sverrir Ragnars formaður Þingvallastræti, Jakob Karlsson Lundi, Jón E. Sigurðsson Hafnarstræti 94 og Verkamannafélags Akureyrarkaupstaðar, Marteinn Sigurðsson formaður Oddeyrargötu 38, Jóhannes Jósefsson Aðalstræti 18, Björn Einarsson Hafnarstræti 53, Þórður Valdimarsson Eiðsvallagötu 20 og Sigurður Baldvinsson Naustum, allir á Akureyri, verði dæmdir til að fella niður úr samningi, er þeir hafa gert sín á milli fyrir hönd félaga sinna 2. júní 1943, 9. gr. samningsins, ákvæðið um „að meðlimir verkamannafélags Akureyrarkaupstaðar og annarra stéttarfélaga í bænum, sem eru meðlimir Alþýðusambandsins á Íslandi, og aðrir þeir, er stjórn verkamannafélagsins veitir vinnuréttindi, sitja fyrir þeirri verkamannavinnu, sem framkvæmd er", hvað mig (svo) snertir. Segir hann, að samningum þessum hafi verið komið fram með hótunum og ofbeldi, og virðist líta svo á, að ef hin tilfærðu orð séu eigi numin burt úr samningunum, sé hann ógildur vegna þess, að hann sé í bága við sérstaklega 65. gr. stjórnarskrárinnar.

Krefst umboðsmaður hins stefnda verkamannafélags, að máli þessu sé vísað frá bæjarþinginu, þar sem það heyri undir félagsdóm. Þessu mótmælir umboðsmaður stefnanda.

Í 44. gr. 2. lið laga 80 1938 segir, að félagsdómur eigi að dæma um ágreining um skilning á vinnusamningum og gildi þeirra. Hér er að vísu um það að ræða, hvort samningurinn gildi eða eigi, en í því tilfelli, sem hér er um að ræða, virðist það eigi vera komið undir atriðum, sem gerir kröfu til sérþekkingar dómstólanna, hvort telja beri samninginn gildan eða eigi, en hér er um það að ræða, hvort stjórnarskrá landsins er brotin með samningnum á þann hátt, að hann geti eigi staðizt vegna hennar, en einmitt þetta atriði virðist eigi rétt að leggja undir sérdóminn, og verður því frávísunarkrafa umboðsmanns Verkamannafélags Akureyrarkaupstaðar eigi tekin til greina. Af þessu leiðir, að krafa umboðsmanns greinds stefnds um málskostnað, er hann gerði undir munnlega málflutningnum, verður eigi tekin til greina, en stefnandinn hefur eigi gert neina sérstaka málskostnaðarkröfu undir frávísunarmálinu.

Því dæmist rétt vera:

Frávísunarkrafan verður eigi tekin til greina.

Miðvikudaginn 22. marz 1944.

Nr. 113/1943. **Guðmundur Gíslason** (Einar B. Guðmundsson) gegn **Jóni Símonarsyni og Óskari Thorberg Jónssyni** (Einar Ásmundsson).

Umferðarkvöð á fasteign.

Dómur hæstaréttar.

Hinn áfrýjaða dóm hafa upp kveðið dómendur merkjadóms Reykjavíkur, þeir Lárus Fjeldsted hæstaréttarlögmaður, Ólafur Lárusson prófessor og Sigurður Thoroddsen yfirkennari.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 13. desember f. á., krefst sýknu af kröfum stefndu og málskostnaðar úr hendi þeirra bæði í héraði og fyrir hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar merkjadóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir hæstarétti.

Með því að fallast má á forsendur og niðurstöðu hins áfrýjaða dóms, ber að staðfesta hann.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir hæstarétti, og þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 500.00.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Guðmundur Gíslason, greiði stefndu, Jóni Símonarsyni og Óskari Thorberg Jónssyni, 500 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur merkjadóms Reykjavíkur 13. nóv. 1943.

Með afsali dags. 28. nóv. 1929 seldi þáverandi eigandi eignarinnar nr. 14 við Bræðraborgarstíg, Sigvaldi Jónasson, firmanu J. Símonarson & Jónsson nánar tilgreindan hluta úr lóð nefndrar eignar. Í af-

salsbréfinu er auk þess ákveðið, að seljandi skuli skaffa löglegan gang 2,5 m á breidd frá Bræðraborgarstíg 14. Lóð sú, sem firmað keypti, var síðan auðkennd Bræðraborgarstígur 16, og samþykkti byggingarnefnd þessa lóðaskiptingu 30. nóv. 1929 og bæjarstjórn 5. des. s. á. Á uppdrætti, sem samþykktur var á fundi byggingarnefndar 30. nóv. 1929, eru mörk þessarar lóðar sýnd, og er þar einnig markaður stígur, 2,5 m breiður, yfir lóðina nr. 14, næst mörkum þeirrar lóðar og nr. 16.

Firmað byggði síðan hús á lóðinni nr. 16. Byggði það brauðgerðarhús á þeim hluta hennar, sem næstur er nr. 14, allt út á lóðarmörk. Á bak við brauðgerðarhúsið er port, og er steinsteypugarður reistur á mörkum þess og lóðarinnar nr. 14, og er hlið á garðinum, og verður ekki komizt inn í portið öðruvísi en annaðhvort í gegnum brauðgerðarhúsið eða íbúðarhús það, sem sambyggt er því, eða um lóðina nr. 14 og inn um hliðið. Hefur hin síðarnefnda leið verið notuð til umferðar að og frá portinu, bæði gangandi mönnum og ökutækja, og þá einnig til flutnings þungavöru til brauðgerðarhússins, er tekin hefur verið í lyftu úr portinu í geymslu á lofti hússins. Brauðgerðarhúsið var byggt árið 1930 og átti þessi umferð um lóðina nr. 14 sér jafnan stað síðan, fram til þess að núverandi eigandi eignarinnar nr. 14, stefndur í þessu máli, Guðmundur Gíslason, lét reisa girðingu um lóð sína meðfram götunni 2. okt. s. l. og tálmaði með því umferð um lóðina inn í portið við nr. 16.

Firmað J. Símonarson & Jónsson var leyst upp árið 1934, og eru eigendur firmans, bakarameistararnir Jón Símonarson og Óskar Thorberg Jónsson, síðan sameigendur að eigninni Bræðraborgarstígur 16. Vildu þeir eigi una þessum aðgerðum stefnda og sneru sér því til merkjadóms 15. okt. s. l. með ósk um, að dómurinn tæki málið fyrir. Hafa þeir gert þær kröfur í málinu, að viðurkenndur verði réttur sinn til hindrunarlausrar umferðar yfir 2,5 m stig á lóðinni nr. 14 við Bræðraborgarstíg, svo sem sýnt er á uppdrætti, rskj. nr. 8, og að stefndur, Guðmundur Gíslason, eigandi Bræðraborgarstígs 14, verði dæmdur til að greiða sér málskostnað eftir mati merkjadómsins. Af hálfu stefnds hefur verið mætt í málinu, og hefur hann gert þær réttarkröfur, að hann sé algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnenda og sér tildæmdur málskostnaður eftir mati dómsins.

Eignin nr. 14 við Bræðraborgarstíg var seld nauðungarsölu 16. sept. 1932 og lögð hæstbjóðanda, Lúdvig Andersen, út, sem ófullnægðum veðhafa hinn 26. sama mánaðar. Lúdvig Andersen seldi því næst Valgerði Halldórsdóttur eignina með afsalsbréfi 5. des. 1932. Enn var eignin boðin upp á nauðungaruppboði 16. marz 1939 og lögð Sigurði Berndsen út til eignar sem ófullnægðum veð-

hafa 24. marz 1939, en hann seldi Hinriki Halldórssyni eignina með afsali dags. 6. marz 1942. Hinrik seldi svo núverandi eiganda, Guðmundi Gíslasyni, eignina með afsali 18. apríl 1942.

Í afsalsbréfum þessum og útlagningargerðum, sem öllum hefur verið þinglýst athugasemdalaust, er hvergi minnzt sérstaklega á umferðarrétt stefnanda, nema í afsali Lúdvigs Andersens til Valgerðar Halldórsdóttur. Þar segir, að ef núverandi eigendur lóðarinnar nr. 16 við Bræðraborgarstíg reynist að hafa löglegan rétt til umferðar á hluta af lóðinni Bræðraborgarstígur 14, þá sé eignin seld með þeirri afnotakvöð. Stefndur styður nú sýknukröfu sína við það, að sér hafi verið ókunnugt um kvöðina, er hann keypti eignina, og telur hann það grandleysi sitt hafa stuðzt við veðbókarvottorð, er hann hafi fengið um eignina nr. 14, áður en hann keypti hana, en í því vottorði sé kvaðarinnar eigi getið. Veðbókarvottorð þetta hefur verið lagt fram í málinu, og er það að vísu dagsett 21. apríl 1942, eða 3 dögum síðar en afsalið til stefnda er dagsett, en stefndur fullyrðir, að það hljóti að stafa af því, að önnur hvor dagsetningin hafi misritazt. Skiptir það eigi máli um úrslit máls þessa, hvort stefndur fékk veðbókarvottorðið fyrr en afsalið eða eigi, því þessi sýknuástæða stefnds verður eigi tekin til greina vegna þess, að firmað J. Símonarson & Jónsson lét þinglýsa afsali Sigvalda Jónassonar til sín 16. jan. 1930, og tryggði með því umferðarrétt sinn, og fær það því eigi haggað honum, þótt síðar sé gefið út veðbókarvottorð um eignina, er ekki getur kvaðarinnar, og þriðji maður styðji grandleysi sitt um tilveru kvaðarinnar við slíkt vottorð. Að öðru leyti er það vefengt af stefnenda hálfu, að stefndur geti hafa verið grandalaus. Það er viðurkennt í málinu, að hann skoðaði eignina áður en hann keypti hana, og virðist svo sem honum hefði ekki átt að dyljast það, að umferð inn í portið á lóðinni nr. 16 átti sér stað um nr. 14.

Í annan stað hefur stefndur haldið því fram, að stefnendur hafi glatað umferðarétti sínum með því að mæta ekki við útlagningu eignarinnar til Lúdvigs Andersens og síðar til Sigurðar Berndsens og halda þar fram rétti sínum. Á þessa röksemd verður eigi fallizt. Ekkert er fram komið um það, að veðkröfur þeirra Lúðvigs og Sigurður hafi notið fremri réttar en umferðarréttur stefnenda, og útlagning eignarinnar til þessara veðhafa gat því engin áhrif haft á rétt stefnenda.

Samkvæmt þessu verður að taka til greina kröfur stefnenda og viðurkenna rétt þeirra til hindrunarlausrar umferðar um 2.5 m breiðan stíg á lóðinni nr. 14 við Bræðraborgarstíg, næst mörkum lóðar stefnenda nr. 16 við sömu götu. Þá verður og að dæma stefndan til að greiða stefnendum málskostnað í merkjadómi með 500 kr.

Því dæmist rétt vera:

Stefnendum, eigendum lóðarinnar Bræðraborgarstígur nr. 16, ber réttur til hindrunarlausrar umferðar um 2,5 m breiðan stíg á lóðinni Bræðraborgarstígur nr. 14, næst lóðamörkum við lóð stefnenda.

Stefndur, Guðmundur Gíslason, eigandi lóðarinnar Bræðraborgarstígur 14, greiði stefnendum 500 kr. í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 22. marz 1944.

Nr. 74/1943. **Valdstjórnin** (Ólafur Þorgrímsson).
gegn
Axel Sigurgeirssyni, Hring Vigfússyni, Sigurjónu Jóhannesdóttur og Jóhannesi Bjarna Magnússyni (Theódór B. Lindal).

Brot á reglum um skömmtun matvörutegunda.

Dómur hæstaréttar.

Hin kærðu, sem öll eru deildarstjórar í tilteknum sölubúðum Kaupfélags Reykjavíkur og nágrennis hér í bænum, ráða því ekki, hverir hjá þeim starfa. Það er ekki sannað, að kærðu hafi valdið því af ásetningi eða gáleysi, að nokkur vanskil urðu á skömmtunarseðlum, er vörur voru seldar í þeim búðum félagsins, sem þau veittu forstöðu, enda hefur þeirri staðhæfingu kærðu ekki verið hnekkt, að þau hafi eftir fremsta megni reynt að hafa eftirlit með því, að starfsfólk í búðum þeirra gengi eftir skilum skömmtunarseðla. Ber því að sýkna hin kærðu í máli þessu.

Eftir þessum úrslitum ber að greiða allan kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir hæstarétti úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda í héraði, kr. 300.00, svo og málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 500.00 til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Kærðu, Axel Sigurgeirsson, Hringur Vigfússon, Sigurjóna Jóhannesdóttir og Jóhannes Bjarni Magnússon, eiga að vera sýkn af kröfum valdstjórnarinnar í máli þessu.

Allur kostnaður sakarinnar, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda í héraði, Theódórs B. Líndals hæstaréttarlögmanns, kr. 300.00 svo og málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Ólafs Þorgrímssonar og Theódórs B. Líndals, kr. 500.00 til hvors.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 10. júní 1943.

Ár 1943, fimmtudaginn 10. júní, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu sakadómara af fulltrúa hans Valdimar Stefánssyni, uppkveðinn dómur í málinu nr. 1286—1290/1943: Valdstjórnin gegn Axel Sigurgeirssyni, Hring Vigfússyni, Jóhannesi Bjarna Magnússyni og Sigurjónu Jóhannesdóttur, sem tekið var til dóms 8. sama mánaðar.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Axel Sigurgeirssyni Holtsgötu 15, Hring Vigfússyni Hringbraut 178, Jóhannesi Bjarna Magnússyni Þórsgötu 2 og Sigurjónu Jóhannesdóttur Ásvallagötu 8 fyrir brot gegn reglugerð nr. 159 18. september 1940, um sölu og úthlutun nokkurra matvörutegunda, sbr. lög nr. 37 12. júní 1939.

Hin kærðu eru komin yfir lögaldur sakamanna, og hefur Sigurjóna hvorki sætt ákærðu né refsingu, svo kunnugt sé.

Axel Sigurgeirsson hefur sætt þessum kærum og refsingum:

1931 $^{30}/_{12}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1933 $^{2}/_{3}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1933 $^{15}/_{11}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1936 $^{2}/_{7}$ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1938 $^{12}/_{7}$ Sátt, 10 kr. sekt fyrir brot á reglugerð um vinnutíma sendisveina.
1938 $^{24}/_{11}$ Sátt, 5 kr. sekt fyrir brot á lögum nr. 18 1901.
1940 $^{8}/_{1}$ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1940 $^{3}/_{6}$ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1941 $^{5}/_{5}$ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1942 $^{3}/_{4}$ Kærður fyrir ölvun innanhúss. Fellt niður.

Hringur Vigfússon hefur sætt þessum kærum og refsingum.

1932 $^{2}/_{8}$ Kærður í Reykjavík fyrir árekstur reiðhjóls og bifreiðar. Málinu lokið án málshöfðunar.

1933 $^{7}/_{2}$ Sátt í Reykjavík, 10 kr. sekt fyrir brot á lögreglusamþykkt.

Jóhannes Bjarni Magnússon hefur sætt þessum kærum og refsingum:

1929 $^{4}/_{10}$ Sátt í Reykjavík, 10 kr. sekt fyrir ljósleysi á reiðhjóli.

1930 $^{31}/_{10}$ Sátt í Reykjavík, 10 kr. sekt fyrir ljósleysi á reiðhjóli.

1935 $^{9}/_{9}$ Sátt í Reykjavík, 5 kr. sekt fyrir brot á umferðarreglum.

Hin kærðu eru öll deildarstjórar í sölubúðum Kaupfélags Reykjavíkur og nágrennis hér í bænum. Hinn 11. f. m. ritaði skömmtunarskrifstofa ríkisins viðskiptamálaráðuneytinu og sendi því yfirlit yfir kaffi- og sykurkaup og sölu þessara verzlana KRON hér í bæ: á Bræðraborgarstíg, Hverfisgötu, Skerjafirði, Skólavörðustíg og Vesturgötu. Yfirlit þessi sýna nokkra birgðavöntun verzlana þessara árið 1942, og telur skömmtunarskrifstofan óhjákvæmilegt að láta fara fram lögregluranns6kn um hana.

Hinn 14. f. m. lagði viðskiptamálaráðuneytið svo fyrir, að mál þetta yrði rannsakað og síðan höfðað mál gegn forráðamönnum KRON fyrir brot gegn skömmtunarreglugerðinni.

Það er upplýst bæði af hálfu stjórnar KRON og hinna kærðu deildarstjóra, að deildarstjórunum var falið að sjá um innheimtu skömmtunarseðla fyrir seldar skömmtunarvörur, hverjum í sinni búð, og að sjá um skil þeirra til skömmtunarskrifstofunnar. Hafa þeir annazt þetta starf allan þann tíma, er hér skiptir máli, og yfirstjórn félagsins eða aðalskrifstofa þess enga milligöngu haft í því efni.

Axel Sigurgeirsson var allt árið 1942 deildarstjóri í sölubúð KRON á Skólavörðustíg 12, og Hringur Vigfússon í sölubúð félagsins á Bræðraborgarstíg 47. Jóhannes Bjarni Magnússon var deildarstjóri í sölubúð félagsins á Þvervegi 2 í Skerjafirði frá miðjum marzmánuði 1942 til ársloka. Sigurjóna Jóhannesdóttir var deildarstjóri í sölubúð KRON á Vesturgötu 33 árið 1942, þar til búðin var flutt að Vesturgötu 15. Í búðinni á Vesturgötu 15 vann hún þó og sá um skömmtunarseðlaskil og skýrslur til skömmtunarskrifstofunnar fram að s. l. áramótum, en þá tók deildarstjórinn á Vesturgötu 15 við því starfi.

Lengst af árið 1942 var deildarstjóri í búðinni á Hverfisgötu 52 kona, sem nú er búsett í Ameríku, en nokkurn hluta ársins var þar deildarstjóri maður, sem nú er fluttur úr Reykjavík. Hvorugt þeirra er kært í þessu máli.

Yfirlit skömmtunarskrifstofunnar, sem viðurkennd eru rétt af hinum kærðu, sýna þessa birgðavöntun árið 1942:

Verzlunin Skólavörðustig 12 .	Kaffi	2691.00 kg,	sykur	19930.00 kg
— Bræðraborgarst. 47	—	487.65 —	—	2682.50 —
— Þverveg 2	—	84.00 —	—	864.00 —
— Vesturgötu 33 og 15	—	1586.00 —	—	5799.00 —

Sigurjóna Jóhannesdóttir var deildarstjóri á Vesturgötu 33 allt árið 1941, og sýnir yfirlit skömmtunarskrifstofunnar birgðavöntun í þeirri búð það ár 1756.00 kg sykur, og þetta viðurkennt rétt af kærðri.

Jóhannes Bjarni Magnússon telur, að birgðavöntunin í verzluninni á Þvervegi 2 hafi verið svipuð alla mánuði ársins 1942.

Hin kærðu hafa öll gert þá grein fyrir birgðavötnuninni, að sendlar verzlananna hafi vanrækt að taka skömmtunarseðla hjá kaupendum heimsendra vara. Telja þau þetta einu orsök vöntunarinnar, nema Jóhannes Bjarni, er segir afgreiðslufólk búðarinnar á Þvervegi 2 hafa gleymt að taka skömmtunarseðla hjá kaupendum við afhendingu varanna.

Upplýst er, að miklir örðugleikar voru á því 1942 að fá hæfa sendla í matvöruverzlanir hér í bæ, og kveðst KRON oft hafa þurft að notast við óhæfa starfskrafta til sendiferða. Þá hefur verið lagður fram fjöldi vottorða frá viðskiptamönnum félagsins, þar sem segir, að sendlar félagsins hafi oft árið 1942, þegar þeir komu á heimili með vörur, hlaupizt á brott, án þess unnt væri að fá þá til að taka við skömmtunarseðlum fyrir vörunum.

Hin kærðu hafa haldið fram, að þau hafi reynt eftir megni að hafa eftirlit með því, að sendlarnir innheimtu skömmtunarseðlana, þó að sá misbrestur hafi á því orðið sem yfirlit skömmtunarskrifstofunnar sýna. En þar sem hinum kærðu var sérstaklega falið að sjá um skömmtunarseðlaskilin, hvert í sinni verzlun, verður að telja þau á þeirra ábyrgð og vöntun seðlanna þeim refsiverða. Einnig bendir hin mikla vöntun í búðunum á Skólavörðustíg og Vesturgötu til þess, að skort hafi verulega á nægilegt eftirlit og stjórnsemi deildarstjóranna þar um seðlainnheimtuna.

Verður að líta svo á, að hin kærðu hafi öll brotið 1. gr. reglugerðar nr. 159 18. september 1940, og ber að ákveða þeim refsingar samkvæmt 17. gr. sömu reglugerðar, sbr. 2. gr. laga nr. 37 12. júní 1939.

Þykir refsing Axels Sigurgeirssonar hæfilega ákveðin 2000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 60 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Refsing Sigurjónu Jóhannesdóttur þykir hæfilega ákveðin 1000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 35 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Refsing Hrings Vigfússonar þykir hæfilega ákveðin 800 kr. sekt til ríkissjóðs, og komi 25 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Refsing Jóhannesar Bjarna Magnússonar þykir hæfilega ákveðin

400 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 18 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Hin kærðu ber að dæma in solidum til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda þeirra, hrl. Theódórs B. Líndals, kr. 300.00.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Kærður Axel Sigurgeirsson greiði 2000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 60 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærð Sigurjóna Jóhannesdóttir greiði 1000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 35 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærður Hringur Vigfússon greiði 800 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 25 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærður Jóhannes Bjarni Magnússon greiði 400 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 18 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærðu greiði in solidum allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrl. Theódórs B. Líndals, kr. 300.00.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 24. marz 1944.

Nr. 58/1943. **Jóhann Indriðason** (Sigurður Ólason)

gegn

Ingimar Jónssyni (Einar Ásmundsson).

Setudómari hrl. Jón Ásbjörnsson í stað próf. Ísleifs Árnasonar.

Bætur vegna galla á seldri bifreið.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 9. júní f. á., gerir þær kröfur: Aðallega að hann verði sýknaður af kröfum stefnda, en til vara að dæmd fjárhæð verði lækkuð. Svo krefst hann og málskostnaðar fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Það kom bráðlega í ljós eftir að áfrýjandi keypti bifreið þá, sem í málinu greinir, að hún reyndist illa og varð oft að koma henni til viðgerðar. Með bréfi dags. 20. okt. 1942 kvartaði áfrýjandi undan þessu og taldi bifreiðina ónýta og að sér hefði verið gefnar rangar og villandi upplýsingar við kaupin. Í bréfi þessu var ekki að því vikið, að bifreiðin væri eldri og minni en greint var í skoðunarvottorði því, sem áfrýjanda var afhent með henni við kaupin, og bendir það til þess, að áfrýjanda hafi þá ekki verið um þetta kunnugt. Nokkru síðar sneri áfrýjandi sér til bifreiðaeftirlits ríkisins, og kom þá upp, að skoðunarvottorðið hafði verið falsað á þann hátt, að aldur bifreiðarinnar var talinn frá 1935, í stað 1932, og hún var talin bera 3000 kg í stað 2000 kg. Áfrýjandi sendi þann 17. nóv. s. á. kæru um fölsunina til sakadómara, en við réttarrannsókn hefur ekki tekizt að leiða í ljós, hver að henni er valdur, enda hafði bifreiðin oft gengið kaupum og sölum undanfarin ár.

Samkvæmt því, sem nú var lýst, verður að telja, að áfrýjandi hafi borið í tæka tíð fyrir sig þá galla bifreiðarinnar, að hún var eldri og hafði minna burðarmagn en honum hafði verið gefið til kynna, sbr. 52. gr. laga nr. 39/1922.

Dómkvaddir menn hafa kveðið upp það álit, að 11 þús. kr. verð 3ja smálesta bifreiðar frá 1935 samsvari í ágúst 1942 7000 kr. verði 2ja smálesta bifreiðar frá 1932. Verður að leggja álit þetta til grundvallar dómi í málinu. Þykir áfrýjandi því eiga rétt til 4000 kr. afsláttar af kaupverði bifreiðarinnar, sbr. 42. gr. laga nr. 39/1922. Ber þá að dæma áfrýjanda til að greiða stefndum kr. 2000.00, með 6% ársvöxtum frá 15. sept. 1942 til greiðsludags, og á stefndi sjálfsvörzluveð í greindri bifreið fyrir fjárhæðum þessum.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður bæði í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi, Jóhann Indriðason, greiði stefnda, Ingimar Jónssyni, kr. 2000.00 með 6% ársvöxtum frá 15. sept. 1942 til greiðsludags, og á stefndi sjálfsvörzluveð í bifreiðinni R 1780 fyrir fjárhæðum þessum.

Málskostnaður bæði í héraði og fyrir hæstarétti fellur niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 24. maí 1943.

Mál þetta, sem dómtekið var 21. þ. m., hefur Ingimar Jónsson skólastjóri, Vitastíg 8 A hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 12. jan. s. l. gegn Jóhanni Indriðasyni, Bergstaðastræti 6 A hér í bænum, til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 6000.00, ásamt 6% ársvöxtum af kr. 2000.00 frá 15. sept. 1942 til greiðsludags, af kr. 2000.00 frá 15. okt. 1942 til greiðsludags og af kr. 2000.00 frá 15. nóv. 1942 til greiðsludags og enn til greiðslu málskostnaðar eftir reikningi eða mati réttarins. Auk þessa krefst stefnandi viðurkenningar á veðrétti sínum í bifreiðinni R 1780 fyrir stefnukröfunum.

Stefndur hefur aðallega krafizt sýknu og málskostnaðar, en til vara, að skuldajafnað verði við dómkröfur stefnanda skaðabótakröfum sínum á hendur stefnanda og hinum upphaflega eiganda skuldarinnar.

Aðiljar hafa fyrirfram samið svo um, að mál þetta skuli ekki leggja fyrir sáttamenn.

Stefnandi byggir kröfur sínar á skuldabréfi, er stefndur gaf út hinn 1. ágúst 1942 til Lárusar Ingimarssonar, sem framseldi stefnanda það með áritun dags. 29. des. 1942. Með bréfi þessu veðsetti stefndur skuldareiganda ofangreinda bifreið til tryggingar skuldinni, og sést af bréfinu, að þinglýsing þess hefur farið fram í tæka tíð.

Stefndur hefur byggt sýknukröfu sína á því, að hann hafi verið beittur svikum í sambandi við útgáfu hins umrædda skuldabréfs, og lýsir þeim atvikum svo: Í Morgunblaðinu 28. júlí f. á. var birt auglýsing um, að 3 tonna vörubíll, nýstandsettur og skoðaður, væri til sýnis og sölu á Vitatorgi þann dag. Er stefnandi kom þangað, reyndist þetta vera bifreiðin R 1780, og kom Lárus Ingimarsson fram sem eigandi hennar. Varð það síðan úr, að stefndur keypti bifreið þessa fyrir kr. 11000.00, greiddi 5000 kr. í peningum og gaf út framangreint skuldabréf fyrir afganginum, en seljandi undirritaði samdægurs afsal fyrir bifreiðinni. Með bifreiðinni fylgdi vottorð bifreiðaskoðunar ríkisins og stóð í því meðal annars, að tegund bifreiðarinnar væri Studebaker 1935 og burðarmagn hennar 3000 kg. Hinn 17. nóv. s. l. ritaði stefndur sakadómaranum í Reykjavík og skýrir honum þar frá því, er nú hefur sagt verið og heldur áfram skýrslu sinni á þá leið, að strax er hann fór með bifreiðina til

vinnu, hafi komið í ljós, að burðarþol hennar var miklu minna en tilfært var á skoðunarvottorðinu. Hafi hann þá snúið sér til útgefanda vottorðsins, og þá orðið þess vísari, að ártalinu hafi verið breytt úr 1932 og burðarmagni úr 2000 kg. Mæltist stefndur til þess, að sakadómari léti fram fara rannsókn út af þessum fölsunum og öðru misferli, er hann taldi seljanda bifreiðarinnar hafa gerzt sekan um, en ekki hefur verið haft uppi í máli þessu. Rannsókn sú, er fram fór út af þessu, liggur frammi í máli þessu, en af henni verður ekki séð, að seljandi hafi haft svik í frammi við bíðreiðasöluna, né heldur hefur það sannazt í máli þessu, og verður stefndur ekki sýkn dæmdur á þeim grundvelli.

Stefndur hefur byggt varakröfu sína á því, að það hafi verið ákvörðunarástæða af sinni hendi fyrir kaupunum, að burðarmagn bifreiðarinnar væri 3 tonn, og hafi seljanda átt að vera það ljóst. Auk þess hafi allt ástand bifreiðarinnar verið stórum lélegra en gengið var út frá við kaupin. Styðzt hann um það við matsgerð tveggja dómkvaddra manna, er fram fór í janúar s. l., og álitsgerð sömu manna, en án útnefningar, dags. í marz. Krefst stefndur bóta vegna þessara galla og greinir þær í afslátt af kaupverði bifreiðarinnar vegna mismunar burðarmagns, viðgerðarkostnað, er hann kveður hafa numið a. m. k. kr. 3000.00, og loks atvinnutjón, er stafi af tíðum bilunum bifreiðarinnar. Stefndur hefur ekki tiltekið fjárhæð bóta þessara öðruvísi en svo, að hann krefst skuldajafnaðar við kröfur stefnanda, en kveðst munu stefna síðar til innheimtu eftirstöðva þeirra. Gagnkröfur þessar telur stefndur sig geta haft uppi í máli þessu, þar eð stefnanda hafi frá byrjun verið kunnugt um það, hvernig kaupin fóru fram.

Stefnandi hefur gegn þessu haldið því fram, að stefndur hafi glatað rétti sínum til að bera þessa galla fyrir sig, þar eð hann hafi þegar er hann tók að nota bifreiðina orðið gallanna var, samkvæmt því er segir í bréfi stefnds til sakadómara, er áður greinir, en hafi hins vegar á engan hátt gefið seljanda til kynna, fyrr en með framangreindri kæru, 17. nóv. s. l., að hann ætlaði að bera fyrir sig gallana. Auk þess sé það tekið fram í afsalinu fyrir bifreiðinni, að stefndur hafi kynnt sér ástand hennar, og geti því þegar af þeirri ástæðu ekki byggt neinn rétt á því.

Þykir verða að fallast á það með stefnanda, að stefndur hafi með aðgerðarleysi sínu firrt sig rétti þeim, er hann annars kynni að hafa átt á hendur skuldareiganda vegna galla á hinum selda hlut, og verður varakröfu stefnds ekki sinnt þegar af þeirri ástæðu, en í annan stað þykir stefndur ekki hafa fært fram fullnægjandi sannanir um tjón það, er hann telur sig hafa beðið af bifreiðarkaupunum, til þess að kröfur hans séu svo ljósar, að unnt væri að leggja dóm á þær, enda hefur áðurnefndum álits- og matsgerðum verið mótmælt af hálfu stefnanda sem röngum og óstaðfestum, auk þess

að hvorki var stefnanda né seljanda bifreiðarinnar gefinn kostur á að vera viðstaddur matsgerðina.

Málalok verða þau, að kröfur stefnanda verða allar teknar til greina, þar á meðal vaxtakrafa, sem hefur ekki sætt sérstökum mótmælum.

Málskostnaður þykir hæfilega ákveðinn kr. 600.00.

Kristján Kristjánsson, settur lögmaður, kvað upp dóm þenna.

Því dæmist rétt vera:

Framangreindur veðréttur viðurkennist.

Stefndur, Jóhann Indriðason, greiði stefnanda, Ingimar Jónssyni, kr. 6000.00 með 6% ársvöxtum af kr. 2000.00 frá 15. september 1942 til greiðsludags, af kr. 2000.00 frá 15. október 1942 til greiðsludags og af kr. 2000.00 frá 15. nóvember 1942 til greiðsludags og kr. 600.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 27. marz 1944.

Nr. 60/1943. **Þorsteinn Bernharðsson** (Gústav A. Sveinsson) gegn **Borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs** (Einar B. Guðmundsson).

Fébótakrafa á bæjarsjóð Reykjavíkur vegna meiðsla, er aðili taldi sig hafa hlotið vegna galla á gangvegi í sundhöllinni.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 28. júní f. á., krefst þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 4954.18 ásamt 6% ársvöxtum frá 10. des. 1942 til greiðsludags svo og málskostnað fyrir héraðsdómi og hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Það eru ekki leiddar sönnur að því í máli þessu, að gerð gólfsins umhverfis sundlaugina í sundhöll Reykjavíkur hafi verið ábótavant. Þá er og ekkert komið upp um það, að skort hafi á umsjón eða varúðarráðstafanir af hendi starfs-

fólks í sundhöllinni. Verður því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm að niðurstöðu til.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 12. júní 1943.

Mál þetta, sem dómtekið var 8. þ. m., er eftir árangurslausa sáttaumleitun höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 14. desember f. á. af Þorsteini Bernharðssyni verzlunarmanni, Ásvallagötu 22 hér í bæ, gegn borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 4954.18 auk 6% ársvaxta frá 10. desember 1942 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndur hefur krafizt sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnds.

Stefnandi skýrir svo frá, að þann 10. ágúst 1940 hafi hann verið staddur í Sundhöll Reykjavíkur og fengið sér bað í sundlauginni. Þegar hann kom upp úr lauginni, hafi hann gengið gangveginn meðfram henni að sunnan og að suðausturhorni hennar og ætlað inn í karlasteypubaðið. Rétt við niðurfallið hjá dyrum steypubaðsins hafi honum skrikað fótur á hálu gólfinu og fallið við á hægri olnboga. Við fallið hafi olnbogabeinið á hægri handlegg brotnað, hafi handleggurinn jafnframt marizt og hruflazt og bólgnað upp um olnboga og fram á fingur. Hafi hann orðið að leggjast á sjúkrahús til þess að fá gert við beinbrotið, og hafi það verið seymt saman með vír. Kveðst hann hafa verið alóvinnufær það sem eftir var af ágústmánuði, svo og septembermánuð og hálfan október. Frá þeim tíma til áramóta kveður hann, að tryggingaryfirlæknirinn hafi talið sig 50% öryrkja og 5% öryrkja síðan. Vorið 1942 kveður hann, að læknar hafi komizt að þeirri niðurstöðu, að sú bilun stafaði af því, að vírlykkjur stóðu út og voru til baga. Væri nauðsynlegt að klippa þær af, en sú aðgerð tæki hann mánuð.

Stefnandi heldur því fram, að slys það, er hann varð fyrir í umrætt skipti, hafi stafað af því, að gangvegurinn meðfram sundlauginni sé of brattur, enda sé hann klæddur sléttum flísum, sem verði glerhálar, er vatn og sápa berst á þær. Telur hann, að af þessu stafi hætta mikil, ekki sízt, þegar aðsókn sé mikil, eins og hafi verið í þetta skipti. Fullyrðir hann, að frágangurinn á gangi þessum sé óforsvaranlegur, og því hætta á, að baðgestir meiðist, enda hafi forstjóri sundhallarinnar farið þess á leit, að Reykja-

víkurbær keypti slysatryggingu fyrir baðgesti sundhallarinnar, sem þó eigi hafi orðið. Bendir hann einnig á, að við baðvörzluna muni hafa verið óvanur maður, og líkur til, að hann hafi ekki hirt sem skyldi um ræstingu, þ. á m. á gangveginum, þar sem slysið varð. Telur hann, að þessi atriði hljóti að vera þess valdandi, að Reykjavíkurbær sem eigandi sundhallarinnar sé ábyrgur fyrir tjóni því, er hann hefur beðið, og sé því bótaskyldur fyrir þeirri fjárhæð, sem stefnt er til greiðslu á, þar sem fjárhæðinni eða einstökum liðum hennar hafi ekki verið mótmælt þegar í stað.

Stefndur hefur byggt sýknukröfu sína á því, að þannig hafi verið frá gengið um Sundhöllina, að ekki væri hætta fyrir gesti, og engar umkvartanir hafi komið fram, hvorki frá íþróttafélögum bæjarins né baðgestum. Einnig heldur hann því fram, að hér sé ekki um atvinnufyrirtæki að ræða, sem gefi arð, heldur stofnun til almenningsheilla.

Rétturinn lítur svo á, að eigi sé unnt að telja bæjarsjóð Reykjavíkur skyldan til að bæta tjón það, er einstaklingar kunna að bíða við afnot stofnana sem Sundhallarinnar, sem komið er á fót til almannaheilla, en ekki eru reknar með arðsvon fyrir augum, enda verður eigi talið sannað í máli þessu, að frágangi Sundhallarinnar sé ábótavant á þann hátt, að á því megi reisa bótaskyldu stefnds.

Málslok verða því þau, að stefndur verður sýknaður af öllum kröfum stefnanda, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Kristján Kristjánsson, settur lögmaður, hefur kveðið upp dóm þenna.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs Reykjavíkur, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Þorsteins Bernharðssonar, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 29. marz 1944.

Nr. 101/1943. **Vilhjálmur Árnason**
gegn
Ingibergi Þorvaldssyni.

Úrskurður um rækilegri sakargögn.

Úrskurður hæstaréttar.

Eftir að húsaleigunefnd Reykjavíkur kvað upp úrskurð í máli þessu, hefur sú breyting á orðið, að dóttir áfrýjanda hefur gengið í hjónaband og alið barn, og eru þau hjón ásamt barni sínu talin til heimilis hjá áfrýjanda. Áður en dómur gengur í málinu í hæstarétti, þykir nauðsyn til bera af þessum sökum, að aflað sér álits eða úrskurðar húsaleigunefndar um húsnæðisþörf áfrýjanda nú til handa fjölskyldu dóttur hans.

Því úrskurðast:

Aðiljum gefst kostur á að afla framangreindra gagna.

Föstudaginn 31. marz 1944.

Nr. 98/1943. **Réttvísin** (Sigurgeir Sigurjónsson)
gegn
Eggert Gunnarssyni (Gunnar J. Möller).

Áverkamál.

Dómur hæstaréttar.

Sigfús Johnsen bæjarfógeti hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Refsing ákærða fyrir brot það, sem lýst er í héraðsdómi, þykir hæfilega ákveðin 5 mánaða fangelsi.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar á að vera óraskað.

Áfrýjandi greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 400.00 til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Eggert Gunnarsson, sæti fangelsi 5 mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu málskostnaðar í héraði á að vera óraskað.

Áfrýjandi greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Sigurgeirs Sigurjónssonar og Gunnars J. Möllers, kr. 400 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Vestmannaeyja 14. júlí 1943.

Mál þetta er af réttvísinnar hálfu höfðað með stefnu, útgefinni 22. júní s. l., á hendur Eggert Gunnarssyni skipasmíðanema Vestmannaeyjum fyrir meint brot gegn XXIII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 frá 12. febrúar 1940 til refsingar og greiðslu sakarkostnaðar.

Ákærður Eggert Gunnarsson er fæddur í Vestmannaeyjum 4. september 1922 og hefur, svo kunnugt sé, sætt refsingum og ákærum hér í umdæminu eins og hér segir:

1940 $^{1}/_{11}$ Kærður fyrir óspektir. Afgreitt með aðvörun.
1942 $^{1}/_{4}$ Sætt, 25 kr. sekt fyrir óeirðir.
1942 $^{1}/_{4}$ Sætt, 100 kr. fyrir sama brot.

Aðfaranótt þess 7. marz s. l. var haldinn dansleikur í samkomuhúsinu í Vestmannaeyjum. Á dansleiknum voru meðal annarra ákærður í máli þessu og Snorri Hafsteinn Bergsson, sem dvaldi í Vestmannaeyjum á vertíðinni, en búsettur á Heiði á Langanesi. Er dansleiknum lauk, gekk Snorri út úr húsinu, ásamt Guðjóni Guðjónssyni Faxastíg 31 Vestmannaeyjum. Var þá allmikill fjöldi fólks úti á götunni fyrir framan samkomuhúsið. Þeir Snorri og Guðjón gengu saman út á götuna, en allt í einu sneri Snorri við og virtist Guðjóni, að hann ætlaði aftur að samkomuhúsinu til þess að hitta aðra félaga sína, sem ekki voru með þeim þarna á götunni. Er Snorri hafði gengið fá skref í áttina til dyra samkomuhússins, var hann sleginn í höfuðið, og var það ákærður, sem sló hann. Féll Snorri við höggið meðvitundarlaus aftur á bak niður í götuna, rétt vestan við tröppurnar í samkomuhúsinu. Kom höfuð hans á gangstéttarbrúnina, en herðarnar í göturennuna. Ýmsir, sem viðstaddir voru, tóku Snorra upp af götunni og fóru með hann til læknis. Klukkan var þá um 4½ f. h. Var Snorri þá algerlega meðvitundarlaus, púls vart finnanlegur og andardráttur mjög veik-

úr. Á hnakka hans var sár um centimeter að lengd, er blæddi úr, og lófastór kúla í kring. Þá hafði og blætt úr nefi og þroti var í vinstra kinnbeini. Taldi læknirinn, að um mjög alvarlegan heilahristing væri að ræða, og ef til vill brot á höfuðkúpunni að framan. Snorra voru þá gefnar örvandi sprautur (intravenöst), og lagaðist púls og andardráttur við það. Síðan var hann fluttur heim til sín. Klukkan 11 f. h. sama dag var læknir aftur sóttur til hans, og var hann þá þegar fluttur á sjúkrahúsið. Lá hann á sjúkrahúsinu um skeið, lengi þungt haldinn og með óráði, en fór síðan smám saman batnandi. Hinn 18. apríl s. l. fór hann af sjúkrahúsinu og var þá orðinn nokkuð hress, en raunar allmáttfarinn. Var hann þá heyrnarlaus á vinstra eyra og hafði stöðuga suðu fyrir því eyra. Hinn 26. apríl s. l. byrjaði hann aftur vinnu og stundaði sjóróðra frá þeim degi til vertíðarloka (11. maí s. l.), en fór upp úr því heimleiðis norður á Langanes. Var hann þá búinn að ná sér að mestu leyti, nema heyrnin á vinstra eyra var biluð og stöðug suða hélzt fyrir eyranu. Samkv. áliti læknis er ekki von til að hann fái heyrnina aftur, og mjög vafasamt, hvort suðan hverfi.

Um nánari atvik að slysinu hefur ákærður skýrt svo frá, að er dansleiknum lauk, hafi hann staðið ásamt félaga sínum, Emil Sigdór Guðmundssyni, á götunni fyrir utan samkomuhúsið. Var þar allmargt fólk á götunni. Kvaðst ákærður hafa séð Snorra Bergsson koma út úr samkomuhúsinu ásamt öðrum manni. Hafi Snorri haldið undir hendina á manninum, en sveiflaði hinni hendinni í kringum sig. Rétt á eftir hafi Snorri gengið fram hjá ákærðum, og bandaði hendinni frá sér og kom hún á kinnina á ákærðum, og var það lítið högg. Ákærður kveðst þegar hafa slegið Snorra, og féll Snorri þegar í götuna, eins og áður er lýst. Ákærður kvaðst ekkert hafa talað við Snorra á dansleiknum og þeim ekkert farið á milli, áður en þetta gerðist. Hann kveðst ekki hafa ætlað sér að veita Snorra stórfelld meiðsli, þótt svona illa hafi tekizt til.

Emil Sigdór Guðmundsson, er áður getur, hefur borið vitni um atburðinn. Kvaðst hann, er hann stóð á götunni ásamt ákærðum, hafa veitt manni athygli, er kom út úr samkomuhúsinu ásamt öðrum. Sveiflaði maðurinn hendinni í kringum sig og virtist vitninu, að hann væri undir áhrifum víns. Kvaðst vitnið síðan hafa litið af honum, en allt í einu var maður þessi kominn að þeim ákærðum og sveiflaði hendinni. Straukst hendi mannsins rétt við andlitið á vitninu, en olnbogi hans straukst við andlitið á ákærðum, að því er vitnið hélt. Sneri ákærður sér þá við í sömu svifum og sló manninn, og féll hann í götuna og var þegar meðvitundarlaus.

Guðjón Guðjónsson, sem áður er getið, hefur einnig borið vitni um atburðinn. Kvaðst hann hafa horft á, er Snorri var sleginn.

Hann kvaðst geta fullyrt, að Snorri hafi ekki slegið til nokkurs manns þarna á götunni, hvorki til ákærðs né annarra. Hins vegar tók hann það fram, að Snorri gangi venjulega nokkuð hratt og vingsi til höndunum, og sé því ekki ólíklegt, að hann hafi komið við ákærðan, er hann gekk fram hjá honum. Hann tók það einnig fram, að Snorri hefði jafnan verið prúður og stilltur á dansleiknum og laus við allar óeirðir, en hafi raunar verið dálítið undir áhrifum víns. Vitnin Óskar Sigurðsson, Pétur Stefánsson lögregluþjónn og Þórarinn Þorsteinsson, sem öll sáu Snorra á dansleiknum, hafa einnig borið það, að Snorri hafi komið þar mjög prúðmannlega fram og verið laus við allan ofstopa og illindi. Vitnið Torfi Bryngeirsson, sem einnig var á dansleiknum, sagði, að Snorri hefði verið þar dálítið undir áhrifum víns, en ekki verið með neinar óeirðir, meðan vitnið sá til, en hins vegar hefði verið dálítill sláttur á honum, eins og hann orðaði það.

Ekki þykir ástæða til að rengja frásögn ákærðs um tilefni hans til árásarinnar, en samkvæmt framburði ofangreindra vitna þykir ekki sennilegt, að Snorri hafi komið með hendinni við andlit ákærðs í áreitnisskyni. Gat það því engan veginn réttlætt framferði ákærðs.

Undir rannsókn málsins gerði Snorri Bergsson eða umboðsmaður hans kröfu til þess, að ákærður yrði dæmdur í væntanlegu opinberu máli til að greiða fullar bætur fyrir meiðslin, bætur fyrir atvinnutap, orkumissi, þjáningar, sjúkrakostnað og læknishjálp, en síðan féll hann frá slíkri kröfu í þessu máli, vegna þess að ekki væri kostur, eins og sakir stæðu, að setja fram ákveðnar upphæðir. Áður en mál þetta hófst, greiddi ákærður kostnaðinn við sjúkrahúsdvöl Snorra og ísfiskhlut hans á vertíðinni fyrir þann tíma, sem Snorri var frá verki, og tjáði sig jafnframt reiðubúinn til að inna frekari greiðslur af hendi.

Ákærður hefur með ofangreindum verknaði gert sig sekan um brot gegn 218. grein almennra hegningarlaga nr. 19 frá 12. febrúar 1940, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin samkv. sömu grein 3ja mánaða fangelsi.

En með tilliti til ungs aldurs ákærða og þess, að hann hefur sýnt vilja til að bæta Snorra Bergssyni tjón hans, svo og með tilliti til annarra atvika, þykir rétt að ákveða, að fullnustu refsingarinnar skulu frestað og hún falli niður að 2 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði skilorð VI. kafla almennra hegningarlaga haldin.

Allan sakarkostnað ber ákærðum að greiða og þar á meðal málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns hér fyrir réttinum, Kristins Ólafssonar málflutningsmanns, sem ákveðast kr. 150.00.

Því dæmist rétt vera:

Ákærður, Eggert Gunnarsson, sæti 3ja mánaða fangelsi, en fullnustu refsingarinnar skal frestað og hún falla niður að 2 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, ef skilorð VI. kafla almennra hegningarlaga verða haldin.

Ákærður greiði allan sakarkostnað og þar á meðal kr. 150.00 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Kristins Ólafssonar málflutningsmanns.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 19. apríl 1944.

Nr. 12/1944. **Réttvísin og valdstjórnin** (Theódór B. Líndal)
gegn
Bjarni Hafstein Knudsen (Eggert Claessen).

Ölvun við akstur. Mútuboð o. fl.

Dómur hæstaréttar.

Með vætti vitna, sem styðst við niðurstöðu blóðrannsóknar, er sannað, að ákærði hefur neytt áfengis við akstur bifreiðar. Varðar það brot hans við 1. mgr. 23. gr. sbr. 38. gr. laga nr. 23/1941. Þá er og sannað með vitnaskýrslum og játningu ákærða, að hann fékk amerískum hermanni, sem var í bifreið hans og var með áhrifum áfengis, stjórn bifreiðarinnar. Þetta hátterni varðar við 23. gr. sbr. 38. gr. bifreiðalaganna. Ákærði stöðvaði ekki bifreið sína, þegar lögreglumaður gaf honum skipun um það. Er það brot á 2. gr. sbr. 14. gr. laga nr. 24/1941 svo og 28. gr. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur nr. 2/1930. Loks hefur ákærði brotið gegn ákvæðum 109. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með því að bjóða lögreglumanni fémútu. Hins vegar er ósannað, að ákærði hafi ekið með meiri hraða en lög standa til.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin af héraðsdómara 60 daga fangelsi.

Svo þykir rétt að svipta ákærða samkvæmt 39. gr. laga nr. 23/1941 ökuskírteini 3 ár.

Brot ákærða gegn 109. gr. hegningarlaganna nr. 19/1940 varðar missi réttinda samkvæmt 3. mgr. 68. gr. s. l.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað staðfestist.

Ákærði skal greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 500.00 til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að ákærði, Bjarni Hafstein Knudsen, er sviptur ökuleyfi 3 ár.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Theódórs B. Líndals og Eggerts Claessens, 500 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 18. nóv. 1943.

Ár 1943, fimmtudaginn 18. nóvember, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af sakadómara Jónatans Hallvarðssyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 2782/1943: Réttvísin og valdstjórnin gegn Bjarna Hafstein Knudsen.

Málið er höfðað gegn Bjarna Hafstein Knudsen bifreiðarstjóra Þvervegi 2 hér í bænum fyrir brot gegn XII. kafla hegningarlaga nr. 19 1940, bifreiðalögum nr. 23 1941, umferðarlögum nr. 24 1941, áfengislögum nr. 33 1935 og lögreglusamþykkt Reykjavíkur. Það var tekið til dóms hinn 2. þ. m.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 24. marz 1923. Hann hefur sætt þessum kærum og refsingum:

1) 14. des. 1937, kærður fyrir rúðubrot, og málið afgreitt til barnaverndarnefndar.
2) 21. des. 1938, kærður fyrir óknytti, og málið afgreitt til barnaverndarnefndar.
3) 16. sept. 1941, sektaður um 20 krónur fyrir brot gegn lögreglusamþykkt Reykjavíkur.
4) 5. maí 1942 sektaður um 50 krónur fyrir brot gegn lögreglusamþykkt Reykjavíkur.

5) 21. marz 1942 kærður fyrir ölvun við bifreiðarakstur, en málið féll niður.
6) 5. júní 1942, sektaður um 15 krónur fyrir brot gegn lögreglusamþykkt Reykjavíkur.
7) 22. sept. 1942 sektaður um 25 krónur fyrir ölvun.
8) 29. sept. 1942, dæmdur í 60 daga fangelsi, skilorðsbundið, fyrir þjófnað, og sviptur kosningarrétti og kjörgengi.
9) 29. okt. 1942 kærður fyrir brot gegn 71. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur, en málinu lokið með því, að kærði greiddi kr. 300.00 í skaðabætur til bæjarsjóðs.
10) 15. marz 1943, sektaður um 500 krónur fyrir ógætilegan akstur bifreiðar.

Hinn 21. maí s. l. um klukkan 23.20 síðdegis var lögreglunni í Reykjavík tilkynnt, að bifreiðinni R 2431 hefði þá rétt áður verið ekið frá Hafnarfirði áleiðis til Reykjavíkur mjög hart og ógætilega, og að henni mundi hafa verið ekið suður að Skerjafirði. Ármann Sveinsson lögregluþjónn fór á bifhjóli að sinna þessu, og mætti lögregluþjónninn bifreiðinni, þar sem hún ók meðfram flugvellinum skammt frá Hörpugötu. Gaf lögregluþjónninn bifreiðinni merki um að stöðvast, en því var ekki sinnt. Veitti lögregluþjónninn bifreiðinni eftirför og náði henni brátt, þar sem hún hafði stöðvazt sem snöggvast. Sá hann þá, að ökumaðurinn flutti sig undan stýri bifreiðarinnar, en í ökumannssætið settist og tók við stjórn bifreiðarinnar amerískur hermaður. Lögregluþjóninn ætlaði að opna hægri framhurð bifreiðarinnar, sem þá var ekið mjög snögglega af stað. Missti lögregluþjónninn þá af hurðinni, en hljóp á eftir bifreiðinni, komst upp á afturvara hennar og náði þar fótfestu, barði á afturrúðu hennar og skipaði, að hún skyldi stöðvuð, sem þá var gert eftir stutta stund. Kom þá í ljós, að ákærði hafði ekið bifreiðinni, áður en hermaðurinn tók við stjórn hennar. Auk ákærða og nefnds hermanns voru í bifreiðinni annar amerískur hermaður og 3 stúlkur. Kveður lögregluþjónninn stúlkurnar hafa beitt sér fyrir því, að skipun hans um að stöðva bifreiðina væri hlýtt. Hann kveður ákærða hafa verið undir áhrifum áfengis. Hafi það sézt á göngu ákærða, hann hafi reikað í spori, er hann kom út úr bifreiðinni. Hann hafi verið loðmæltur og rauðeygður. Þá hafi hann sífellt verið að væta á sér varirnar. Er lögregluþjónninn var búinn að handtaka ákærða, kveður lögregluþjóninn hann hafa tekið upp veski sitt og boðið sér 200.00 kr. til þess að hann væri látinn laus. Lögregluþjónninn kveður báða hermennina hafa verið undir áhrifum áfengis. Bifreiðin var færð að lögreglustöðinni ásamt nefndu fólki. Blóðsýnishorn var tekið úr ákærða. Reyndist áfengismagn blóðsins 1,14‰ eftir rúmmáli.

Magnús Sigurðsson lögregluþjónn, er hafði varðstjórn, er ákærði var færður á lögreglustöðina, kveður ákærða hafa virzt

lítilsháttar undir áhrifum áfengis. Hafi hann verið nokkuð rauðeygur og sífellt að bleyta á sér varirnar, en annars verið stilltur og skýrt rólega frá viðburðum.

Halldór læknir Stefánsson, sem tók ákærða blóð umrætt skipti, hefur borið, að ákærði hafi ekki virzt undir áhrifum áfengis.

Sigríður Ólafía Sigurðardóttir, ein stúlknanna, sem voru í bifreiðinni, skýrir svo frá, að um kl. 20.30 umræddan daga hafi ákærði komið heim til hennar í bifreiðinni, og voru hermennirnir þá með honum. Slóst vitnið í för með þeim, og var nú ekið nokkra stund um bæinn. Hermennirnri höfðu ákavítsflösku meðferðis, er þeir supu á nokkrum sinnum. Því næst ók ákærði suður að Skerjafirði og sótti tvær stúlkur, sem bættust í hópinn. Þarna suður frá tók ákærði upp vínflösku, sem hann afhenti hermönnunum, er fengu honum tvo 100 króna seðla í staðinn. Þá var ekið til Hafnarfjarðar, þar sem hermennirnir fóru sem snöggvast úr bifreiðinni við Hótel Björninn. Meðan beðið var, saup ákærði einu sinni á annarri flöskunni, en þá var búið að blanda gosdrykk í innihald þeirrar flösku. Því næst var ekið til Keflavíkur. Í þeirri för neyttu hermennirnir vínsins, og ákærða kveður vitnið hafa sopið á annarri flöskunni á leiðinni suður eftir, enda þótt þær stúlkurnar hefðu orð á því, að hann mætti ekki neyta áfengis, er hann æki bifreiðinni. Vitnið kveður ákærða hafa ekið hratt, sérstaklega á leiðinni til baka frá Keflavík, og ákærði sagzt vera á 60 kílómetra hraða. Er ákærði varð lögregluþjónsins var, segir vitnið, að hann hafi fengið hermanninn til þess að taka stjórn bifreiðarinnar, og hafi hermaðurinn ekið af stað, er ákærði sagði honum, að allt væri í lagi. En er vitnið sagði hermanninum, að lögreglan vildi stöðva bifreiðina, hafi hann gert það. Eigi getur þetta vitni fullyrt, hvort ákærði var undir áhrifum áfengis við aksturinn, en það telur, að hermaðurinn, sem ákærði fékk stjórn bifreiðarinnar, hafi þá verið með áfengisáhrifum.

Ásta Bjarnadóttir, sem kom í bifreiðina í Skerjafirði, segir, að við Hafnarfjarðarveginn hafi verið keypt ölföng í búð nokkurri. Öli og víni, sem ákærði var með, hafi síðan verið blandað saman, og hafi ákærði og hermennirnir síðan drukkið blönduna. Hafi ákærði neytt áfengis bæði á leiðinni til og frá Hafnarfirði. Eigi kveðst vitnið geta um það borið, hvort ákærði hafi selt eða útvegað áfengi, því að áfengið hafi komið í bifreiðina áður en vitnið kom í hana. Hins vegar hafi ákærði haft með vínið að gera, því að hann hafi tekið það upp. Vitnið kveðst eigi geta sagt, að það hafi merkt vín á ákærða, er hann ók, en segir, að hann hafi ekið allhart, án þess að það geti tilgreint hraðann nánar. Er ákærði varð lögregluþjónsins var, er elti bifreiðina, kveður vitnið hann hafa beðið hermanninn, sem fram í sat, að taka stjórn bifreiðarinnar, og hyggur vitnið ákærða hafa gert það vegna þess að hann

hafði neytt áfengis. Loks segir vitnið, að hermaðurinn, sem tók við stjórn bifreiðarinnar, hafi þá virzt vera undir áhrifum áfengis. Þenna framburð hefur vitnið staðfest með eiði.

Guðbjörg Björnsdóttir, er einnig kom í bifreiðina í Skerjafirði, kveður ákærða hafa drukkið áfengi bæði á leiðinni til og frá Hafnarfirði, og hafi hann virzt vera undir áhrifum áfengis, er bifreiðin var stöðvuð. Ákærði hafi ekið all hart, án þess að vitnið geti tilgreint nánar um hraðann.

Ákærði hafi áreiðanlega farið þess á leit við hermanninn, að hann tæki stjórn bifreiðarinnar eða færi í sæti hans, er lögreglan elti bifreiðina, en eigi kveðst vitnið hafa séð, að hermaðurinn væri undir áhrifum áfengis. Eigi getur vitnið um það borið, hvort ákærði hafi átt eða útvegað áfengið, en því hafi virzt annar hermaðurinn hafa það aðallega um hönd. Þennan framburð hefur vitnið staðfest með eiði.

Þeir tveir hermenn, sem í bifreiðinni voru, hafa verið leiddir sem vitni. Þeir bera það báðir, að víns hafi ekki verið neytt í förinni, svo þeir vissu. Sá þeirra, sem var undir stýri bifreiðarinnar, er hún var stöðvuð, neitar því að hafa stýrt bifreiðinni, og segist aldrei hafa sezt í ökumannssætið. Hann kveðst ekki hafa orðið þess var, að ekið væri hratt. Hann neitaði því og fyrir réttinum, að hafa orðið þess var, að ákærði biði lögreglumanninum peninga til þess að sleppa sér, og neitar því að hafa sjálfur átt nokkurn þátt í því, að ákærði gerði það. Hinn hermaðurinn kveðst ekki hafa tekið eftir, hvort bifreiðinni væri ekið hratt eða hægt. Hann segist ekki hafa orðið þess var, að ákærði færi úr sæti sínu, og hinn hermaðurinn tæki stjórn bifreiðarinnar, en segir þó, að hann hefði hlotið að verða þess var, ef svo hefði verið. Hermennirnir eru sammála um, að þeir hafi, áður en þeir óku út úr bænum, keypt eina flösku af áfengi af Norðmanni nokkrum, sem þeir viti ekki frekari deili á.

Ákærði skýrir svo frá, að kl. 20.00 umræddan dag hafi hermennirnir komið á bifreiðastöðina Geysi, þar sem hann hefur afgreiðslu, og beðið um akstur allt kvöldið. Ákærði þekkti hermennina og varð við þessu. Óku þeir fyrst að Hverfisgötu 69, þar sem þeir tóku Sigríði Sigurðardóttur í bifreiðina, en síðan að Baugsvegi 3, þar sem hinar stúlkurnar komu í bifreiðina. En áður en farið var að smala stúlkunum, kveðst ákærði hafa ekið hermönnunum á fund Norðmanns eins, sem seldi þeim ákavitisflösku á kr. 150.00, er ákærði geymdi nokkra stund, en rétti þeim síðar samkvæmt beiðni þeirra. Um líkt leyti kveðst ákærði hafa tekið við kr. 200.00 frá hermönnunum sem fyrirframgreiðslu á akstrinum, sem þegar til kom kostaði þá ekki nema kr. 120.00, og endurgreiddi ákærði því kr. 80.00. Neitar ákærði því eindregið að hafa selt hermönnunum vín. Síðan var ekið áleiðis til Hafnarfjarðar.

Á leiðinni út úr bænum, voru keyptar 15 flöskur af ávaxtadrykkjum. Fyrst var ekið til Hafnarfjarðar, stöðvað snöggvast við Hótel Björninn, síðan haldið áfram til Keflavíkur og svo ekið til Reykjavíkur aftur.

Ákærði segir, að hermennirnir og stúlkurnar, að Sigríði undantekinni, hafi neytt áfengisins, blönduðu fyrrgreindum ölföngum. Sjálfur kveðst hann ekki hafa neytt áfengis í förinni. Hins vegar hafi hann nóttina áður verið við skál, og um hádegið hafi hann drukkið bjór úr tveimur dósum, sem hermenn höfðu skilið eftir heima hjá honum, en til vinnu sinnar hafi hann ekki farið fyrr en um kl. 4 síðdegis. Á heimleiðinni kveðst ákærði hafa ekið hratt og kveður hann vel geta verið, að hann hafi farið yfir löglegan hraða. Ákærði játar, að hafa orðið þess var, að lögregluþjónninn gaf honum stöðvunarmerki. Hafi hermennirnir þá sagt, að ef þeir yrðu fluttir á lögreglustöðina, mundi komast upp, að þeir voru of seint úti, og annar þeirra beðið um að fá að taka stjórn bifreiðarinnar. Leyfði ákærði það, og ók hermaðurinn nokkurn spöl, en stöðvaði, er lögregluþjónninn var kominn aftan á bifreiðina. Eigi kveðst ákærði hafa vitað, hvort hermaðurinn sem hann leyfði stjórn bifreiðarinnar, var þá undir áhrifum víns, en telur það sennilegt, þar sem hann hafði neytt víns svo lengi. Ákærði játar, að hann hafi tekið upp veski sitt og boðið lögregluþjóninum kr. 200.00, ef hann vildi sleppa honum og hermönnunum. Segir ákærði, að hermennirnir hafi beðið hann að gera þetta og lofað að endurgreiða fé̊ð. Verjandi ákærða hefur lagt fram skrifleg vottorð hermannanna, þar sem þeir staðfesta hlutdeild sína í þessu atferli ákærða.

Auk þeirra, sem í bifreiðinni voru, er lögregluþjónninn stöðvaði hana, hafði einn hermaður verið í förinni og kveður ákærði hann hafa beðið um, að hratt væri ekið áleiðis til bæjarins aftur vegna þess að hann væri tímabundinn. Hermaður þessi var farinn úr bifreiðinni, er hún var stöðvuð.

Eigi verður talið sannað, að ákærði hafi á ólöglegan hátt útvegað eða selt hermönnunum áfengi. Það verður ekki heldur talið nægjanlega sannað, að hann hafi verið undir áhrifum áfengis við akstur bifreiðarinnar. Með framangreindum vitnisburðum er það hins vegar nægjanlega sannað, að ákærði hafi neytt áfengis við akstur sinn og varðar það við 23. gr. sbr. 38. gr. bifreiðalaganna. Eigi er upplýst, hvort hermaður sá, er ákærði fékk stjórn bifreiðarinnar, hafði ökuréttindi, en telja verður nægjanlega sannað, að hann hafi þá verið undir áhrifum áfengis. Hefur ákærði því brotið gegn 23. gr. sbr. 38. gr. bifreiðalaganna með því að fá honum stjórn bifreiðarinnar. Með því að hlýða ekki skipun lögregluþjónsins um að nema staðar hefur ákærði brotið gegn 28. gr. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.

Með því að aka of hratt hefur ákærði gerzt sekur við 26. gr. 2. mgr. og 27. gr. 1. mgr. bifreiðalaganna og reglugerð nr. 23 1943, sbr. 38. gr. bifreiðalaganna.

Loks hefur ákærði brotið 109. gr. hegningarlaganna með því að bjóða lögregluþjóninum fé í framangreindum tilgangi.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin fangelsi í 60 daga.

Samkvæmt 68. gr. 1 og 2. mgr. hegningarlaganna þykir rétt að svipta ákærða ökuleyfi ævilangt og samkvæmt 3. mgr. sömu hegningarlagagreinar ber að svipta ákærða frá birtingu dóms þessa kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og til annarra almennra kosninga.

Ákærða ber að dæma til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns hér fyrir réttinum, hrl. Eggerts Claessen, kr. 500.00.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Bjarni Hafstein Knudsen, sæti fangelsi í 60 daga.

Ákærði er frá birtingu dóms þessa sviptur ökuleyfi ævilangt. Frá sama tíma er hann sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og til annarra almennra kosninga.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrl. Eggerts Claessens, kr. 500.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 26. apríl 1944.

Nr. 99/1943. **Valdstjórnin** (Egill Sigurgeirsson)
gegn
Gísla Magnúsi Gíslasyni
(Gunnar Þorsteinsson).

Brot á verðlagsákvæðum.

Dómur hæstaréttar.

Freymóður Þorsteinsson, settur bæjarfógeti í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir rétt að staðfesta hann, þó með þeirri breytingu, að vararefsing ákveðst 25 daga varðhald.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 400.00 til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að vararefsing ákveðst 25 daga varðhald.

Kærði, Gísli Magnús Gíslason, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Egils Sigurgeirssonar og Gunnars Þorsteinssonar, kr. 400.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Vestmannaeyja 4. ágúst 1943.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Gísla Magnúsi Gíslasyni stórkaupmanni, Heimagötu 15 Vestmannaeyjum, fyrir meint brot á lögum nr. 118 2. júní 1940 um verðlag, nú lög nr. 3 13. febrúar 1943, og tilheyrandi verðlagsákvæðum, til refsingar og greiðslu sakarkostnaðar, og til upptöku á ólöglega teknum ágóða.

Kærður Gísli Magnús Gíslason er fæddur í Vestmannaeyjum 22. nóvember 1917 og hefur, svo kunnugt sé, ekki sætt ákæru eða refsingu fyrir nokkurt brot.

Málavextir eru eftirfarandi:

Með e/s Hindoo, sem kom til Reykjavíkur í desember 1941, fékk kærður 510 sekki af maís frá firmanu Campell Flour Mills Co. Ltd. New York. Vörum þessum var skipað upp í Reykjavík, en síðar fluttar til Vestmannaeyja í smáslöttum vegna flutningaerfiðleika. Samkvæmt frásögn kærðs kom fyrsti hluti varanna til Vestmannaeyja í lok desember 1941, en síðan öðru hvoru (svo) í janúar og febrúar, en síðasti hluti þeirra kom í marz 1942. Um þetta leyti var maísekla í Vestmannaeyjum, og þar af leiðandi mikil eftirspurn eftir maísnum. Kærður kveðst ekki hafa fengið, er fyrsta sendingin kom til Vestmannaeyja, reikninga yfir kostnaðarverð maísins og hafi hann þar af leiðandi ekki getað verðlagt hann réttilega. Kveðst hann hafa leitað sér upplýsinga um heildsöluverð á maís í Reykjavík á þessum tíma, og hafi það verið kr. 26.50 pr. sekk. Hann kveðst hafa verðlagt maísinn einni krónu dýrari hingað kominn, eða kr. 27.50 pr. sekk. Seldi hann maísinn

síðan við því verði. Samkvæmt frumbókum verzlunar ákærðs afgreiddi hann 82 sekki af maísnum frá 27. janúar 1942 til 3. febrúar s. á., og hvern þeirra fyrir kr. 27.50. Á þeim tíma voru í gildi verðlagsákvæði nr. 128 frá 23. júlí 1941, og sem ákváðu hámarksálagningu á maís í heildsölu 7.5%. En 3. febrúar 1942 gengu í gildi ný verðlagsákvæði, sem ákváðu hámarksálagningu 6.5%. Kærður lækkaði samt sem áður ekki verðið á maísnum, heldur seldi hann við hinu sama verði og áður. Afgreiddi hann á tímabilinu frá 11. febrúar 1942 til 1. maí s. á. 400 sekki við óbreytt verð. En í júní seldi hann tvo sekki, annan á 22 kr., hinn á 27 kr., og í júlí seldi hann 1 sekk á 29 kr. og 2 á kr. 26.50. Afhendingarnótur hafa ekki komið fram varðandi 20 sekki af maísnum, og hefur kærður gert ráð fyrir, að þær hafi glatazt. Samkvæmt frásögn kærða seldi hann ekkert af vörunni gegn greiðslu út í hönd, heldur alla með mánaðar gjaldfresti.

Með bréfi, dags. 6. marz 1942, kærði Búnaðarfélag Vestmannaeyja til verðlagsnefndar yfir því, að kærður seldi maísinn með of háu verði. Leitaði verðlagsnefnd sér þá upplýsinga um kostnaðarverð maísins, og lét ákærður nefndinni í té verðreikning yfir vöruna, og var hann á þessa leið:

Innkaupsverð cif.	kr.	9804.00
Bankakostnaður	—	615.00
Verðtollur	—	784.00
Vörutollur	—	462.00
Hafnargjald	—	561.00
Uppskipun 15 kr. pr. tonn	—	345.00
Akstur 6.60 kr. pr. tonn	—	153.00
Leyfisgjald	—	15.00
Trygging v/ s.s. „Sessu“	—	285.00
	Kr.	13024.00

Samkv. þessu var kostnaðarverð pr. sekk kr. 25.54 og álagningin 7.68%, þar sem sekkurinn var seldur á kr. 27.50 eins og áður er getið.

Er verðlagsnefnd fékk í hendur þennan verðreikning, þótti henni margt við hann að athuga, sumir kostnaðarliðirnir væru bersýnilega rangir og aðrir of háir. Gerði nefndin sjálf reikning yfir áætlað kostnaðarverð maísins, og sýndi hann kostnaðarverð pr. sekk kr. 22.17. Jafnframt fól nefndin umboðsmanni sínum hér á staðnum að ganga úr skugga um, hverir væru hinir raunverulegu kostnaðarliðir vörunnar, og ef verðreikningur nefndarinnar reyndist réttur í öllum aðalatriðum, lagði nefndin svo fyrir, að málið yrði afhent dómstólunum til meðferðar.

Athugun umboðsmanns nefndarinnar leiddi í ljós, að verðreikningur hennar myndi vera nærri réttu lagi, og afhenti hann

þá málið til lögreglustjóra með kæru dags. 10. apríl 1942. Er kærður mætti fyrir lögregluréttí, viðurkenndi hann þegar, að tveir kostnaðarliðir, sem hann gaf upp fyrir verðlagsnefnd, væru ekki réttir. Annar þeirra, vöruvollur kr. 462.00, ætti þar ekki við, og bæri að fella hann niður, en hinn, hafnargjald kr. 561.00, væri langt of hár. Aðra kostnaðarliði taldi hann rétta.

Meðan rannsókn málsins stóð yfir, og samkvæmt þeim gögnum, sem náð varð til, reiknaði umboðsmaður verðlagsstjóra að nýju kostnaðarverð maísins, og var verðreikningur hans á þessa leið:

Innkaupsverð cif.	kr.	9804.00
Bankakostnaður, 2½% af kr. 6600.00	—	165.00
Verðtollur	—	784.00
Hafnargjöld kr. 2.00 pr. tonn (23.13 tn.)	—	46.26
Uppskipun kr. 15.00 pr. tonn	—	345.00
Akstur kr. 6.60 pr. tonn	—	152.65
Leyfisgjald	—	24.40
	Kr.	11321.41

Kostnaðarverð pr. sekk varð því samkvæmt þessu kr. 22.20, og útsöluverð í heildsölu með 7½% álagningu kr. 23.87, en með 6½% álagningu kr. 23.64.

Flestir ofangreindir kostnaðarliðir hafa verið nægjanlega sannaðir, en tvær athugasemdir hefur ákærður gert við verðreikninginn. Bankakostnaðinn telur hann of lágt reiknaðan og einn kostnaðarlið vanti: Trygging v/s „Sessu" kr. 285.00. Þann lið skýrir ákærður á þá leið, að í marz 1941 hafi hann pantað 510 sekki af maís frá Ameríku með s.s. Sessu, en vörusendingin hafi glatazt þar sem s.s. Sessa fórst á leiðinni. Kveðst ákærður þá hafa endurnýjað pöntun sína og hafi vörurnar komið með s.s. Hindoo, eins og áður er getið. Kostnaður við vátryggingu varanna, sem fórust með s.s. Sessu, segir ákærður, að hafi numið kr. 285.00, og telur hann, að þessi upphæð eigi að reiknast með í kostnaðarverði maísins, sem mál þetta snýst um. Vitnaði ákærður í því sambandi til auglýsingar um verðlagsákvæði nr. 128 frá 23. júlí 1941, sem heimilaði þetta berum orðum. Rétturinn lítur hins vegar svo á, að í nefndri auglýsingu felist engin heimild til þess að telja slíkan kostnað með í kostnaðarverði maísins, sem var allt önnur vörusending, og þessi kostnaðarliður sé því réttilega felldur niður í verðreikningnum.

Á verðreikningnum er bankakostnaðurinn reiknaður 2½% af innkaupsverði varanna (fakturuverði) og er það byggt á umsögn verðlagsnefndar.

Kærður hins vegar telur kostnaðinn of lágan, og áætlaði hann sjálfur kr. 615.00. Engar sannanir hefur hann þó fært fyrir þeirri

upphæð. Hann hefur viðurkennt, að innifalinn í áætlunarupphæð sinni væri bankakostnaður vegna vörusendingarinnar, sem fórst með s.s. Sessu, en þann kostnað verður að telja, að honum sé óheimilt að leggja við kostnaðarverð, af sömu ástæðu og tilgreindar eru hér að ofan, varðandi kostnað við tryggingu vörusendingarinnar með s.s. Sessu. Svo hefur ákærður einnig lagt fram tvö bréf, eða reikninga varðandi bankakostnað, samtals að upphæð kr. 825.89, vegna ýmsra vara, sem kostuðu um 40 þús. krónur, og hefur ákærður skýrt svo frá, að maíssendingin, sem ræðir um í máli þessu, sé einn hluti af þeim vörum. Reikningar þessir benda til, að bankakostnaðurinn hafi ekki orðið meiri en verðlagsnefndin áætlaði. Þar sem aðrar upplýsingar liggja ekki fyrir, verður að leggja þá upphæð til grundvallar.

Samkvæmt því, er nú hefur verið tekið fram, verður að fallast á, að verðreikningur umboðsmanns verðlagsstjóra sé að öllu leyti réttur. Af því leiðir aftur, að verðlagning ákærðs á maísnum var allmiklu hærri en heimilt var samkv. verðlagsákvæðum frá 23. júlí 1941 og 3. febrúar 1942, og hefur ákærður því brotið gegn fyrirmælum laga um verðlag nr. 118 frá 2. júlí 1940, nú lög nr. 3 frá 3. febrúar 1943.

Kemur þá til athugunar, hve miklu hinn ólöglega tekni ágóði hafi numið. Trúnaðarmaður verðlagsstjóra hefur samkvæmt tilmælum dómarans reiknað hann út og komizt að þeirri niðurstöðu, að hann næmi kr. 1971.58. Miðaði hann við framangreint kostnaðarverð, kr. 22.20 pr. sekk, og tók tillit til söluverðs og sölutíma samkv. því, sem fram kemur á afhendingarnótum yfir maísinn. Ákærður hefur talið þessa upphæð of háa, í fyrsta lagi vegna þess að hann hafi ekki þurft að taka tillit til verðlagsákvæðanna, sem gengu í gildi 3. febrúar 1942, þar eð hann hafi verið búinn að semja um sölu á öllum maísnum fyrir þann tíma. Þetta verður ekki talið skipta neinu máli, heldur beri eingöngu að miða við afhendingardag varanna, enda er það upplýst, að kaupverðið var ekki greitt um leið og ákærður kveðst hafa samið um söluna, heldur alllöngu eftir að afhending fór fram. Ákærðum bar því að hlíta verðlagsákvæðum frá 3. febrúar 1942 um allan þann maís, er hann afgreiddi eftir þann tíma.

Þá hefur kærður bent á það, að sumar afhendingarnótur maísins beri það með sér, að allmargir sekkir hafi verið seldir til kaupenda, er ekki höfðu verzlunarleyfi, og sé því þar um smásölu að ræða, og beri því að miða við hámarksálagningu í smásölu, en ekki í heildsölu, hvað þann maís snertir. Nú er það svo, að ákærður rekur enga smásöluverzlun og hefur ekki smásöluleyfi, heldur aðeins verzlunarleyfi til heildsölu, og hafði þar af leiðandi engan rétt til að selja vörur með öðru verði en heildsöluverði. Hann hefur raunar talið sér það heimilt, vegna þess að hann

hafi mátt nota smásöluleyfi Gunnlaugs Loftssonar, félaga sins í firmanu Gunnlaugur Loftsson & Co., og hefur lagt fram yfirlýsingu frá Gunnlaugi Loftssyni því til staðfestingar. En upplýst er, að heildverzlun ákærðs sjálfs pantaði vörurnar og kom fram sem seljandi þeirra, og að firmað Gunnlaugur Loftsson & Co. hafði ekki, svo kunnugt sé, nein afskipti þar af, enda hefur það félag eingöngu með höndum sölu byggingarvara, eftir því sem tilkynnt er til firmaskrár. Með tilliti til þess, er nú hefur verið greint, svo og þess, að réttur samkv. verzlunarleyfi er ekki framseljanlegur, verður ekki fallizt á, að ákærður hafi haft nokkra heimild til þess að selja maísinn í smásölu samkv. smásöluleyfi Gunnlaugs Loftssonar.

Aðrar athugasemdir við útreikning umboðsmanns verðlagsstjóra á hinum ólöglega tekna ágóða hefur ákærður ekki sett fram, og með því að fallast má á útreikninginn að öðru leyti, þykir verða að ganga út frá, að hinn ólöglega tekni ágóði hafi numið greindri upphæð, kr. 1971.58.

Er brot ákærða var framið, voru í gildi lög nr. 118 frá 2. júlí 1940. Samkv. 13. grein þeirra laga skyldi gera upptækan þann ágóða, sem fengizt við brot á lögunum. Lög þessi voru numin úr gildi með lögum nr. 79 frá 1. september 1942 um dómnefnd í verðlagsmálum, en 12. gr. 3. mgr. þeirra laga hélt þessu ákvæði óbreyttu.

Í núgildandi lögum um verðlag nr. 3 frá 13. febrúar 1943 hefur verið fellt niður ákvæði eldri laga um að hinn ólöglega tekni ágóði skuli gerður upptækur. Allt að einu þykir rétt, samkv. heimild í 69. gr. almennra hegningarlaga, að gera upptækan þann ágóða, sem runnið hefur til ákærða fyrir brot hans á verðlagslögunum, og skylda hann til að greiða ríkissjóði ofangreinda upphæð, kr. 1971.58.

Svo þykir og rétt að dæma hann til refsingar. Við ákvörðun refsingarinnar þykir verða að hafa það í huga, að ákærður hefur sýnt allmikið skeytingarleysi gagnvart fyrirskipuðum verðlagsákvæðum. Er verðlagsákvæðin frá 3. febrúar 1942 gengu í gildi, lækkaði ákærður ekki verðið á maísnum, og ekki lækkaði hann verðið heldur, er kæra kom fram. Hlaut þó ákærðum að vera þá vel ljóst, að álagning hans var of há, og það allt að einu, þótt allar mótbárur, sem hann hefur komið fram með í máli þessu, hefðu verið réttar. Þykir refsing ákærðs með tilliti til þess og annarra atvika hæfilega ákveðin skv. 9. gr. l. nr. 3 frá 13. febrúar 1943, sbr. 13. gr. laga nr. 118 frá 2. júlí 1940, 1000 króna sekt í ríkissjóð, er ákærðum ber að greiða innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, og komi í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan þess tíma, 50 daga varðhald.

Allan sakarkostnað áfallinn og áfallandi ber ákærðum að greiða

og þar á meðal kr. 250.00 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns hér fyrir réttinum, Kristins Ólafssonar lögfræðings.

Því dæmist rétt vera:

Ákærður, Gísli Magnús Gíslason, greiði kr. 1000.00 í sekt í ríkissjóð, og komi í stað sektarinnar 50 daga varðhald, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Ólöglegur ágóði, kr. 1971.58, er gerður upptækur, og skal ákærður greiða þá upphæð í ríkissjóð.

Svo skal ákærður og greiða allan sakarkostnað, áfallinn og áfallandi, og þar á meðal kr. 250.00 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Kristins Ólafssonar lögfræðings.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 28. apríl 1944.

Nr. 118/1943. **Réttvísin** (Gunnar J. Möller)

gegn

Þórarni Jónssyni (Magnús Thorlacius)

Fjársvik.

Dómur hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 250.00 til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Þórarinn Jónsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Gunnars Möllers og Magnúsar Thorlacius kr. 250 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 12. október 1943.

Ár 1943, þriðjudaginn 12. október, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Jónatan Hallvarðssyni sakadómara, uppkveðinn dómur í málinu nr. 2469/1943: Rétt-

vísin gegn Þórarni Jónssyni, sem tekið var til dóms 8. sama mánaðar.

Mál þetta er af réttvísinnar hálfu höfðað gegn Þórarni Jónssyni bifreiðarstjóra, Bakkastíg 4 hér í bæ, fyrir brot gegn XXVI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 1940. Ákærður er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 27. marz 1923. Hinn 27. júní 1940 var hann í aukarétti Reykjavíkur dæmdur í 60 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi skilorðsbundið fyrir þjófnað og fals, en að öðru leyti hefur hann ekki, svo kunnugt sé, sætt ákæru eða refsingu.

Sumarið 1942 ók ákærður vörubifreiðinni R 1298 í setuliðsvinnu fyrir eiganda hennar, Arnfinn Jónsson kennara, Grundarstíg 4 hér í bæ. Þeirri vinnu var lokið í byrjun októbermánaðar. Leið svo nokkur tími, að bifreiðin stóð ónotuð. Þá var það sennilega í byrjun nóvembermánaðar, að það varð að samkomulagi með ákærðum og Arnfinni, að ákærður fengi að hafa bifreiðina í viku. Að vikunni liðinni greiddi ákærður Arnfinni 500—600 krónur, en það voru tekjurnar af akstri bifreiðarinnar þessa viku. Af þessum peningum fékk ákærður 30% sem kaup. Þegar þetta uppgjör fór fram, varð að samkomulagi, að ákærður æki bifreiðinni með sömu kjörum og áður og gerði upp við Arnfinn að viku liðinni. Þegar vikan var liðin, gerði ákærður ekki upp við Arnfinn, og hefur ákærður gert þá grein fyrir þessari brigðmælgi sinni, að ekkert hafi verið upp að gera, því að hann hafi svo að segja engan akstur fengið. Leið nú tíminn þannig, að ákærður hafði bifreiðina undir höndum, ók henni stundum, en oft ekki, og stóð hún þá ónotuð. Síðan bilaði hún, og kom ákærður henni þá í viðgerð á verkstæði eitt hér í bænum, og þar sem verkstæðismaðurinn, sem hann talaði við, kvaðst ekki vita, hvenær unnt yrði að gera við bifreiðina, ákvað ákærður að láta gera við hana í nætur- og helgidagavinnu. Um viðgerð þessa talaði ákærður ekki við Arnfinn, en sagði verkstæðinu, að viðgerðin væri fyrir Arnfinn. Viðgerðarkostnaður varð nálega 1500 krónur, og var Arnfinnur krafinn hans. Svo að segja strax eftir að ákærður hafði fengið bifreiðina út af verkstæðinu, bilaði hún í akstri hér innanbæjar. Daginn eftir bilun þessa ætlaði ákærður að láta draga bifreiðina í gang, en það tókst ekki. Síðan skipti ákærður sér ekki meira af bifreiðinni. Hann ætlaði þó eitt sinn eftir þetta að skila syni Arnfinns lyklum bifreiðarinnar, en hann var þá orðinn gramur ákærðum og vildi ekki taka við lyklunum. Arnfinnur tók nú bifreiðina, sem var mjög skemmd, í sínar vörzlur og lét flytja hana á viðgerðarverkstæði, og er hún þar enn.

Ekki verður séð, að auðgunartilgangur hafi verið samfara þeirri ráðstöfun ákærðs að koma bifreiðinni til viðgerðar eins og lýst hefur verið, án þess að ráðgast um það við eiganda hennar, og

því síður var auðgunartilgangur samfara skemmdum bifreiðarinnar. Eru því þessi atriði eigi brot gegn XXVI. kafla hegningarlaganna.

Hins vegar er það játað af ákærðum, að bruttótekjur af akstri bifreiðarinnar eftir uppgjörið við Arnfinn eftir fyrstu vikuna hafi verið um 600 krónur. Í sambandi við vörn málsins vildi ákærði að vísu afturkalla þessa játningu, en eigi þykir unnt að taka mark á þeirri breytingu framburðar hans. Af þessu fé átti ákærður samkvæmt samningunum við Arnfinn einungis að fá 30%, en hann notaði allt fé í eigin þarfir, án þess að fá til þess heimild Arnfinns. Þetta atferli ákærðs varðar við 247. gr. hegningarlaganna, og þykir refsing hans eftir atvikum hæfilega ákveðin 30 daga fangelsi. Samkvæmt 68. gr. 3 mgr. hegningarlaganna ber að svipta ákærðan frá birtingu dóms þessa kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga. Ákærðan ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Gunnars Pálssonar lögmannsfulltrúa, kr. 150.00.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Ákærður, Þórarinn Jónsson, sæti fangelsi í 30 daga. Ákærður er frá birtingu dóms þessa sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga. Ákærður greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Gunnars Pálssonar lögmannsfulltrúa, kr. 150.00.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 28. apríl 1944.

Nr. 19/1944. **Vilhjálmur Aðalsteinsson**
gegn
bæjarstjórn Akureyrar f. h. bæjarsjóðs.

Útivistardómur.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Vilhjálmur Aðalsteinsson, sem eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 3. maí 1944.

Nr. 110/1943. **Valdstjórnin** (Einar B. Guðmundsson)
gegn
Hallgrími Júlíussyni (Sigurður Ólason).

Setudómari hrl. Theódór B. Líndal
í stað hrd. Gizurar Bergsteinssonar.

Ómerking héraðsdóms og málsmeðferðar. Heimvísun.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóm hefur kveðið upp Kristinn Ólafsson, dómari samkvæmt umboðsskrá.

Með umboðsskrá 14. apríl 1942 var héraðsdómarinn í máli þessu skipaður til þess að rannsaka kærur, er fram höfðu komið um botnvörpuveiðar 10 vélbáta í landhelgi í nánd við Vestmannaeyjar, og fara með og dæma mál gegn þeim, er saksóttir kynnu að verða. Dómarinn hóf síðan rannsókn út af sakargiftum þessum sameiginlega og ósundurgreint að því er varðaði alla bátsformenn þá, er hann dró inn í málið, enda þótt ekki væri það samband milli þeirra athafna, er formönnunum var sök á gefin, að sú aðferð ætti við. Þá er rannsókninni einnig áfátt um ýmiss fleiri atriði, svo sem það, að þrátt fyrir neitun kærða um sök, hefur ekki verið tekin skýrsla af neinum bátverja hans og engin samprófun kærða og vitna farið fram. Ekki hefur verið rannsakað, hvers konar veiðarfæri kærði hafði í báti sínum 17. og 26. marz 1942, og ekki hefur staður sá, þar sem kærendur telja kærðan hafa verið að botnvörpuveiðum nefnda daga, verið markaður á uppdrætti.

Í þinghaldi 22. júní 1942 tilkynnti dómarinn kærða, „að rannsókn málsins væri væntanlega lokið að öðru en því, að kærendurnir myndu staðfesta framburð sinn“ Eftir það hefur dómarinn þinghald 27. júní, 1. júlí og 7. ágúst 1942, er málið var tekið til dóms. Kærði var ekki viðstaddur neitt þessara þinghalda, en þá eru m. a. lögð fram skjöl, er hann varða, og var honum ekki gefinn kostur á að kynna sér þau. Aldrei var kærða tilkynnt málshöfðun né honum greind kæruatriði, og ekki var hann um það spurður, hvort hann ósk-

aði að fá verjanda í málinu, enda kom engin vörn fram af hans hendi.

Samkvæmt framansögðu eru þeir megingallar á málstilbúnaði og rannsókn máls í héraði, að orka verður ómerkingu dóms og málsmeðferðar þar, og ber að vísa málinu af nýju heim í hérað.

Eftir þessum úrslitum verður að dæma greiðslu áfrýjunarkostnaðar sakarinnar á hendur ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 400 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Málsmeðferð og dómur í héraði eiga að vera ómerk. og er málinu vísað heim í hérað.

Áfrýjunarkostnað sakarinnar greiðir ríkissjóður, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Einars B. Guðmundssonar og Sigurðar Ólasonar, 400 krónur til hvors.

Dómur lögregluréttar Vestmannaeyja 13. ágúst 1942.

Mál þetta, sem dómtekið var 7. ágúst síðastliðinn, er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Hallgrími Júlíussyni, Hásteinsvegi 7 hér í bæ, skipstjóra á v/s Skaftfellingi VE 33, fyrir brot gegn l. nr. 5 frá 18. maí 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum í landhelgi, sbr. l. nr. 4/1924.

Kærður hefur þann 19. febr. 1942 sætt sekt 150 kr. fyrir óleyfilegan innflutning á útvarpstæki, en annars ekki sætt sekt né dómi áður.

En málavextir eru nú þessir:

Þann 17. marz s. l. var trillubáturinn Óli VE 103 á handfæraveiðum upp við Landeyjasand. Sáu þá bátverjar, að v/b Skaftfellingur, sem kærður er skipstjóri með, var þar að veiðum, og töldu hann vera að toga með botnvörpu vestur með landi á 12—15 faðma dýpi á svæðinu, er Bjarnarey og Elliðaey báru saman, en það verður langt inn í landhelgi. Kærðu þeir síðan málið fyrir bæjarfógeta.

Kærður hefur neitað þessu algerlega og vísað í dagbók skipsins, en þar er fært 17. marz: „Farið á veiðar kl. 6 Verið að veið-

um vestur af Þridröngum. Sunnan gola. Skýjað.“ Kærður segir, að þennan dag hafi hvesst á sunnan, svo hann hafi ætlað austur að Dyrhólaey, en snúið við norð-austur af Elliðaey og farið aftur vestur með landi með hægri ferð, og á sömu slóðir og fyrr um daginn. En þeir hafi alls ekki verið að veiðum undir Landeyjasandi þennan dag.

Formaðurinn á trb. Óla, Sigurjón Ólafsson, og háseti Ástgeir Kristinn Ólafsson hafa báðir haldið því fram, og síðan staðfest þann framburð sinn með eiði, að v/s Skaftfellingur hafi verið á botnvörpuveiðum undir Landeyjasandi þann 17. marz s. l. á fyrrgreindum slóðum, og þeir hafi báðir greint botnvörpustrenginn aftur af v/s Skaftfellingi, er hann togaði fram hjá þeim.

Þann 26. marz s. á. var trillubáturinn Gæfa VE 302 á handfæraveiðum undir Landeyjasandi. Töldu skipverjar sig þá sjá v/s Skaftfelling að botnvörpuveiðum á 10—14 faðma dýpi á svæðinu frá símamerki og austur að gamla strandinu. Formaðurinn af Gæfu og háseti, sem mættu í málinu sem vitni, höfðu þó hvorki séð, er v/s Skaftfellingur kastaði vörpunni né tók hana inn, og heldur ekki höfðu þeir greint togstrengina aftur af við veiðarnar.

Kærður skipstjóri á v/s Skaftfellingi hefur algerlega neitað, að hann hafi komið á skipi sínu undir „Sand“ þann 26. marz, að öðru leyti en því, að þeir um kvöldið kl. 5—6 hafi haldið vestur úr fyrir norðan Faxasker. Jafnframt hefur hann vísað í dagbók skipsins þann dag, en þar stendur „Farið á veiðar. Verið að veiðum vestur af Þridröngum.“

Rétturinn verður því að fallast á, að ekki verði talið, að neinar sannanir hafi komið fram fyrir því, að v/b Skaftfellingur hafi verið að landhelgisveiðum 26. marz s. l.

Hins vegar verður að telja nægilega sannað með samhljóða eiðfestum vitnaframburðum tveggja vitna, og ekkert hefur komið fram, er hnekki eða veiki þann framburð, að kærður hafi verið að botnvörpuveiðum í landhelgi á v/s Skaftfellingi þann 17. marz s. l. á 12—15 faðma dýpi á svæðinu, er Bjarnarey og Elliðaey báru saman. Hefur kærður með því gerzt brotlegur við 1. gr. sbr. 3. gr. laga nr. 5/1920 um bann gegn botnvörpuveiðum í landhelgi, sbr. lög nr. 4 frá 1924.

Refsing sú, er hann hefur til unnið, þykir hæfilega ákveðin 29500 króna sekt í landhelgissjóð, og er höfð hliðsjón af gullgengi íslenzkrar krónu, sem er 33.90. Verði sektin eigi greidd innan fjögra vikna frá lögbirtingu dóms þessa, afpláni kærður hana með 7 mánaða varðhaldi.

Um afla er ekki að ræða og heldur ekki um að gera upptæk veiðarfæri, þar sem svo langt er um liðið síðan brotið var framið.

Þá greiði kærður allan kostnað sakarinnar.

Málið hefur verið rekið vítalaust.

Því dæmist rétt vera:

Kærður, Hallgrímur Júlíusson, greiði 29500 kr. sekt í Landhelgissjóð Íslands. Verði sektin eigi greidd innan fjögra vikna frá lögbirtingu dóms þessa, skal kærður afplána hana með sjö mánaða varðhaldi.

Þá greiði kærður allan kostnað sakarinnar, sem orðinn er og verður.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 8. maí 1944.

Nr. 112/1943. **Valdstjórnin** (Einar B. Guðmundsson)
gegn
Karli Ó. Guðmundssyni (Sveinbjörn Jónsson).

Setudómari hrl. Theódór B. Líndal í stað hrd. Gizurar Bergsteinssonar.

Ómerking héraðsdóms og málsmeðferðar. Heimvísun.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóm hefur kveðið upp Kristinn Ólafsson, dómari samkvæmt umboðsskrá.

Með umboðsskrá 14. apríl 1942 var héraðsdómarinn í máli þessu skipaður til þess að rannsaka kærur, er fram höfðu komið um botnvörpuveiðar 10 vélbáta í landhelgi í nánd við Vestmannaeyjar, og fara með og dæma mál gegn þeim, er saksóttir kynnu að verða. Dómarinn hóf síðan rannsókn út af sakargiftum þessum sameiginlega og ósundurgreint að því er varðaði alla bátsformenn þá, er hann dró inn í málið, enda þótt ekki væri það samband milli þeirra athafna, er formönnunum var sök á gefin, að sú aðferð ætti við. Þá er rannsókninni einnig áfátt um ýmiss fleiri atriði, svo sem það, að þrátt fyrir neitun kærða um sök, hefur ekki verið tekin skýrsla af neinum bátverja hans og engin samprófun kærða og vitna farið fram. Ekki hefur verið rannsakað, hvers konar veiðarfæri kærði hafði í báti sínum 25. marz 1942, og ekki hefur staður sá, þar sem kærendur telja kærðan hafa verið að botnvörpuveiðum nefndan dag, verið markaður á uppdrætti.

Í þinghaldi 19. júní tilkynnti dómarinn kærða, „að rannsókn málsins væri lokið að öðru en því, að kærendurnir myndu væntanlega staðfesta með eiði skýrslu sína.“ Eftir það hefur dómarinn þinghöld 27. júní, 1. júlí og 7. ágúst 1942, er málið var tekið til dóms. Kærði var ekki viðstaddur neitt þessara þinghalda, en þá eru m. a. lögð fram skjöl, er hann varða, og var honum ekki gefinn kostur á að kynna sér þau. Aldrei var kærða tilkynnt málshöfðun né honum greind kæruatriði, og ekki var hann um það spurður, hvort hann óskaði að fá verjanda í málinu, enda kom engin vörn fram af hans hendi.

Samkvæmt framansögðu eru þeir megingallar á málstilbúnaði og rannsókn máls í héraði, að orka verður ómerkingu dóms og málsmeðferðar þar, og ber að vísa málinu af nýju heim í hérað.

Eftir þessum úrslitum verður að dæma greiðslu áfrýjunarkostnaðar sakarinnar á hendur ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 300 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Málsmeðferð og dómur í héraði eiga að vera ómerk, og er málinu vísað heim í hérað.

Áfrýjunarkostnað sakarinnar greiðir ríkissjóður, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Einars B. Guðmundssonar og Sveinbjarnar Jónssonar, 300 krónur til hvors.

Dómur lögregluréttar Vestmannaeyja 13. ágúst 1942.

Mál þetta, sem dómtekið var 7. ágúst síðastliðinn, er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Karli Óskari Guðmundssyni, Steinum hér í bæ, skipstjóra á v/b Ársæli VE 8, fyrir brot á lögum nr. 5 frá 18. maí 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum í landhelgi, sbr. lög nr. 4 11. apríl 1924.

Kærði, Karl Óskar Guðmundsson, hefur áður sætt refsingum eins og sér segir:

1933 $^{2}/_{3}$ kr. 25.00 fyrir brot á fiskveiðasamþykkt fyrir Vestmannaeyjar.

1936 $^{19}/_{12}$ með dómi hæstaréttar dæmdur í tveggja mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, fyrir brot gegn 101., 102. og 109. gr. hgl. frá 1869.

1936 $^{11}/_{6}$ kr. 150.00 sekt fyrir ölvun og barsmíðar.

Málavextir eru þessir:

Þann 25. marz síðastliðinn var trillubáturinn Óli VE 103 á handfærafiskirii við Landeyjasand. Sáu bátsverjar þá v/b Ársæl VE 8, sem kærður er skipstjóri á, vera að veiðum með botnvörpu á 12—15 faðma dýpi út af gamla strandinu, en það er á sandinum rétt vestan við, þar sem Álarnir falla til sjávar. En á þessu svæði nær landhelgi alla leið milli lands og Eyja, og kærði því trilluformaðurinn málið til bæjarfógeta.

Kærður hefur neitað að hafa verið að botnvörpuveiðum og mótmælt að því leyti framburði bátsverja á trillubátnum.

Hafa vitnin Sigurjón Ólafsson, formaður á trillubátnum Óla, og háseti hans Ástgeir Kristinn Ólafsson borið það fyrir réttinum og staðfest þann framburð sinn með eiði, að þeir hafi báðir greint togstrengina aftur af Ársæli, er hann var þarna að veiðum umrætt skipti, og sömuleiðis séð, er hann dró inn vörpuna á þessum sömu slóðum. Á þessum stað nær landhelgissvæðið alla leið til Vestmannaeyja, svo augljóst er, að bátur, sem er á 12—15 faðma dýpi út af gamla strandinu, er langt inni í landhelginni.

Það verður því með framangreindum eiðfestum samhljóða framburði tveggja vitna, sem ekkert hefur komið fram gegn, er hnekki honum, að telja nægilega sannað, að kærður hafi þann 25. marz s. l. verið að ólöglegum botnvörpuveiðum innan landhelgi undir Landeyjasandi á v/b Ársæl VE 8.

Hefur kærður með því gerzt brotlegur við 1. gr. sbr. 3. gr. laga nr. 5/1920 um bann gegn botnvörpuveiðum í landhelgi, sbr. l. nr. 4 frá 1924. Refsing sú, er hann hefur til unnið fyrir brot sitt, þykir hæfilega ákveðin kr. 29500.00 sekt í landhelgissjóð, og er þá tekið tillit til, að gullgengi íslenzkrar krónu er nú 33.90. Verði sektin eigi greidd innan fjögra vikna frá lögbirtingu dóms þessa, skal kærður afplána hana með sjö mánaða varðhaldi.

Um afla er nú ekki að ræða, og ekki þykir rétt að gera upptæk veiðarfæri, þegar svo langt er um liðið.

Þá greiði kærði allan kostnað sakarinnar.

Málið hefur verið rekið vítalaust.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Karl Óskar Guðmundsson, greiði 29500 króna sekt í landhelgissjóð Íslands, og verði hún eigi greidd innan fjögra

vikna frá lögbirtingu dóms þessa, skal hún afplánuð með sjö mánaða varðhaldi.

Kærður greiði allan kostnað sakarinnar, sem orðinn er og verður. Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 8. maí 1944.

Nr. 111/1943. **Valdstjórnin** (Einar B. Guðmundsson)
gegn
Guðna Jónssyni (Sveinbjörn Jónsson).

Setudómari hrl. Theódór B. Líndal í stað hrd. Gizurar Bergsteinssonar.

Ómerking héraðsdóms og málsmeðferðar. Heimvísun.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóm hefur kveðið upp Kristinn Ólafsson, dómari samkvæmt umboðsskrá.

Með umboðsskrá 14. apríl 1942 var héraðsdómarinn í máli þessu skipaður til þess að rannsaka kærur, er fram höfðu komið um botnvörpuveiðar 10 vélbáta í landhelgi í nánd við Vestmannaeyjar, og fara með og dæma mál gegn þeim, er saksóttir kynnu að verða. Dómarinn hóf síðan rannsókn út af sakargiftum þessum sameiginlega og ósundurgreint að því er varðaði alla bátsformenn þá, er hann dró inn í málið, enda þótt ekki væri það samband milli þeirra athafna, er formönnunum var sök á gefin, að sú aðferð ætti við. Þá er rannsókninni einnig áfátt um ýmiss fleiri atriði, svo sem það, að þrátt fyrir neitun kærða um sök, hefur ekki verið tekin skýrsla af neinum bátverja hans og engin samprófun kærða og vitna farið fram. Ekki hefur verið rannsakað, hvers konar veiðarfæri kærði hafði í báti sínum 25. marz 1942, og ekki hefur staður sá, þar sem kærendur telja kærðan hafa verið að botnvörpuveiðum nefndan dag, verið markaður á uppdrætti.

Í þinghaldi 19. júní 1942 skýrir dómarinn kærða frá því, „að staðfesting færi fram á framburði kærendanna eftir helgina og honum yrði tilkynnt, hvenær það yrði, svo að

hann gæti mætt þar, en að öðru leyti væri rannsókn málsins lokið.“ Eftir það hefur dómarinn þinghöld 27. júní, 1. júlí og 7. ágúst 1942, er málið var tekið til dóms. Kærði var ekki viðstaddur neitt þessara þinghalda, en þá eru m. a. lögð fram skjöl, er hann varða, og var honum ekki gefinn kostur á að kynna sér þau. Aldrei var kærða tilkynnt málshöfðun né honum greind kæruatriði, og ekki var hann um það spurður, hvort hann óskaði að fá verjanda í málinu, enda kom engin vörn fram af hans hendi.

Samkvæmt framansögðu eru þeir megingallar á málatilbúnaði og rannsókn máls í héraði, að orka verður ómerkingu dóms og málsmeðferðar þar, og ber að vísa málinu af nýju heim í hérað.

Eftir þessum úrslitum verður að dæma greiðslu áfrýjunarkostnaðar sakarinnar á hendur ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 300 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Málsmeðferð og dómur í héraði eiga að vera ómerk, og er málinu vísað heim í hérað.

Áfrýjunarkostnað sakarinnar greiðir ríkissjóður, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Einars B. Guðmundssonar og Sveinbjarnar Jónssonar, 300 krónur til hvors.

Dómur lögregluréttar Vestmannaeyja 13. ágúst 1942.

Mál þetta, sem dómtekið var 7. ágúst s. l. er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Guðna Jónssyni Vegamótum hér í bæ, skipstjóra á v/b Gullveigu VE 331, fyrir brot gegn lögum nr. 5 18. maí 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum í landhelgi, sbr. lög nr. 4 frá 1924.

Kærði, Guðni Jónsson, hefur tvisvar sætt sekt fyrir ölvun og óspektir, 25 kr. í fyrra skiptið, en 50 kr. hið síðara sinnið, en annars ekki sætt sekt né kæru fyrir lagabrot.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina.

Þann 25. marz 1942 voru trillubátarnir Gæfa VE 302 og Óli

VE 103 á handfærafiskirii undir Landeyjasandi. Sáu bátsverjar þá v/b Gullveigu VE 331, sem kærður er skipstjóri á, að þeim virtist á botnvörpuveiðum á 14—16 faðma dýpi út af gamla strandinu, sem er rétt vestan við ós Álanna og þar vestur af. Þar sem svæði þetta er langt innan landhelgi, kærðu þeir málið fyrir bæjarfógeta.

Kærður, skipstjórinn á Gullveigi, hefur viðurkennt að hafa verið á þeim slóðum og tíma, sem trillumennirnir halda fram, en neitar eindregið að hafa verið þar að botnvörpuveiðum. Hann kveðst hafa legið þarna í skjóli nokkurn tíma, en vindur verið annars staðar úti í sjó.

Formennirnir á fyrrgreindum trillubátum, þeir Kristinn Ástgeirsson og Sigurjón Ólafsson, og háseti hans Ástgeir Kristinn Ólafsson, hafa allir borið það fyrir réttinum og staðfest þann framburð sinn með eiði, að kærður hafi þann 25. marz s. l. verið að botnvörpuveiðum á báti sínum v/b Gullveigu á 14—16 faðma dýpi út af gamla strandinu, sem er vestan við Álaósinn og þar vestur af, og hafi þeir séð togstrengina aftur af bátnum, er hann var að toga, enda hafi Gæfa komið það nærri Gullveigu, að talað var milli skipanna.

Þar sem ekkert það hefur fram komið í málinu, er veiki eða hnekki þessum vitnaframburði, verður að teljast nægilega sannað, að kærður hafi gerzt brotlegur við 1. gr. sbr. 3. gr. laga nr. 5 frá 18. maí 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum í landhelgi, sbr. l. nr. 4 frá 11. apríl 1924. Og þykir refsing hans fyrir það brot hæfilega ákveðin, með tilliti til gullgengis íslenzkrar krónu, sem nú er 33.90, og að hér er um að ræða fyrsta brot kærðs á landhelgislögunum, 29500 króna sekt í landhelgissjóð, og komi sjö mánaða varðhald í stað sektarinnar, ef hún ekki greiðist innan fjögra vikna frá birtingu dóms þessa.

Um upptekt afla er ekki að ræða, né veiðarfæra, þar sem svo langt er um liðið, er málið kom fyrir setudómarann, og frá því að brotið var framið.

Þá greiði kærður allan kostnað sakarinnar, sem orðinn er og verður.

Á máli þessu hefur enginn óþarfa dráttur orðið.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Guðni Jónsson, greiði 29500 króna sekt í landhelgissjóð, og komi sjö mánaða varðhald í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan fjögra vikna frá birtingu dóms þessa.

Þá greiði kærði allan kostnað sakarinnar, sem orðinn er og verður.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 10. maí 1944.

Nr. 101/1943. **Vilhjálmur Árnason** (Gunnar Þorsteinsson)
gegn
Ingibergi Þorvaldssyni (Einar B. Guðmundsson).

Húsnæðismál. Útburður úr íbúð.

Dómur hæstaréttar.

Hinn áfrýjaða úrskurð hefur upp kveðið Benedikt Sigurjónsson fulltrúi lögmanns.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 20. nóv. 1943, krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og honum dæmdur málskostnaður úr hendi stefnda í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi hefur krafizt staðfestingar úrskurðar fógeta og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Eftir að úrskurður gekk í héraði í máli þessu, hefur dóttir áfrýjanda alið barn, og eru þá tvenn hjón og eitt ungbarn í íbúð áfrýjanda. Samkvæmt úrskurði hæstaréttar 29. marz s. l. hefur húsaleigunefnd af nýju kynnt sér húsnæði áfrýjanda og heimilisástæður. Virðist hún telja áfrýjanda brýna þörf á því að fá íbúð stefnda 1. ágúst n. k., en vill leyfa stefnda afnot hennar til þess tíma. Telja verður, að áfrýjanda sé brýn þörf á auknu húsnæði, og ekki verður séð, að þörfin sé önnur eða minni nú en 1. ágúst n. k. Verður því að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi, og leggja fyrir fógeta að framkvæma útburðargerðina.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti, samtals kr. 400.00.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur, og ber fógeta að framkvæma útburðargerð þá, sem krafizt er.

Stefndi, Ingibergur Þorvaldsson, greiði áfrýjanda,

Vilhjálmi Árnasyni, málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti, samtals kr. 400.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 17. nóv. 1943.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar 15. þ. m., hefur gerðarbeiðandi, Vilhjálmur Árnason, krafizt þess, að Ingibergur Þorvaldsson verði borinn út úr húsnæði því, er hann hefur á leigu í húsinu nr. 11 við Lindargötu hér í bæ vegna uppsagnar.

Gerðarþoli hefur mótmælt framgangi hinnar umbeðnu gerðar og lögðu aðiljar því atriðið undir úrskurð fógetaréttarins.

Hvor aðilja um sig hefur krafizt málskostnaðar.

Málavextir eru þeir, að gerðarþoli hefur um alllangt skeið haft íbúð, eitt herbergi og eldhús, á leigu í húsinu nr. 11 við Lindargötu hér í bænum. Þar á sömu hæð í húsinu býr gerðarbeiðandi, og er íbúð hans þrjú herbergi, innri forstofa og eldhús, en fjölskylda hans er hann og kona hans, dóttir þeirra hjóna og maður hennar. Í maímánuði s. l. sagði gerðarbeiðandi gerðarþola upp leigu á húsnæðinu frá 1. október s. l. að telja, þar sem hann þyrfti að nota íbúðina handa dóttur sinni, er hyggði að giftast. Uppsögn þessi var borin undir húsaleigunefnd, og með úrskurði uppkveðnum 16. f. m., mat nefndin uppsögnina ógilda, þar sem ekki yrði séð, að gerðarbeiðandi hefði að svo stöddu brýna þörf fyrir húsnæði gerðarþola. Þann 16. okt. 1943 giftist áðurnefnd dóttir gerðarbeiðanda, og búa þau hjónin í íbúð gerðarbeiðanda.

Útburðarbeiðni sína byggir gerðarbeiðandi á því, að honum sé brýn þörf á auknu húsnæði handa dóttur sinni og tengdasyni. Þau búi nú í einni stofu af íbúðinni, en þar sé svo þröngt, að þau geti á engan hátt komið þar fyrir húsmunum sínum. Þar við bætist, að dóttir sín sé ófrísk og komin langt á leið. Tengdasonur sinn hafi allt þar til 16. þ. m. búið hjá móður sinni og haft þar aðeins eitt herbergi.

Gerðarþoli hefur hins vegar haldið því fram, að gerðarbeiðandi hafi ekki þörf fyrir aukið húsnæði, þrátt fyrir hjónaband dóttur hans, þar sem tvær fjölskyldur geti vel búið í íbúðinni. Þá hefur gerðarþoli mótmælt því, að húsgagnaeign gerðarbeiðanda eða dóttur hans geti á nokkurn hátt réttlætt það, að þau þarfnist aukins húsnæðis.

Dómkvaddir skoðunar- og matsmenn skoðuðu og mæltu húsnæði gerðarbeiðanda þann 9. þ. m. og telja, að óhæfilega þröngt sé í íbúðinni.

Samkvæmt mælingu þessari er íbúð gerðarbeiðanda 43,799 m^2

að gólffleti, þar af innri forstofa 4,059 m² og eldhús 7,89 m². Með tilliti til þessa svo og herbergjafjölda og tölu manna í fjölskyldunum, þá þykir skv. 1. gr. húsaleigulaganna nr. 39 frá 1943 mega fallast á það álit húsaleigunefndar, að gerðarbeiðandi hafi ekki brýna þörf fyrir aukið húsnæði handa dóttur sinni og manni hennar, og verður því að neita um framgang gerðarinnar.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna útburðargerð skal ekki fara fram.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 10. maí 1944.

Nr. 116/1943. **Valdstjórnin** (Magnús Thorlacius)
gegn
Gunnari Gunnarssyni (Jón Ásbjörnsson).

Ölvun við akstur bifreiðar.

Dómur hæstaréttar.

Sannað er, svo sem í héraðsdómi segir, að kærði hefur ekið bifreið með áhrifum áfengis aðfaranótt 14. nóvember 1942, brotið rafmagnsstaur og valdið spjöllum á rafleiðslunni. Varðar brot þetta við 21., sbr. 39. gr. laga nr. 33/1935, og 23., sbr. 38. gr. laga nr. 23/1941. Þykir refsing kærða hæfilega ákveðin 12 daga varðhald. Svo þykir og rétt samkvæmt 39. gr. laga nr. 23/1941 að svipta hann ökuleyfi 1 ár alls.

Kærði hefur eftir uppsögn héraðsdóms greitt skaðabætur þær, er honum var í héraði dæmt að greiða. Verður því ekki lagður dómur á skaðabótakröfuna í hæstarétti.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað í héraði eiga að vera óröskuð.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 400 til hvors.

Það athugast, að héraðsdómari hefur ekki rannsakað, hvort kærði hefur með atferli sínu gerzt brotlegur við 176.

gr. 2. mgr. hegningarlaga nr. 19/1940. Þá hafa eftir uppsögu héraðsdóms orðið þau mistök, að veitt hefur verið á skrifstofu héraðsdómara viðtaka fésekt þeirri, er kærða var gerð í héraðsdómi, án þess að fyrir hendi væri skipun dómsmálaráðherra um framkvæmd héraðsdóms. Var þetta brot gegn 15. gr. tsk. 24. jan. 1838, en ekki er upp komið, hvort það gerðist með vitund og vilja héraðsdómara. Loks hefur héraðsdómari sjálfur samtímis því, að hann birti kærða áfrýjunarstefnu dómsmálaráðherra, heimt af honum málskostnað samkvæmt héraðsdómi. Var þetta einnig brot gegn greindu lagaákvæði. Verður að víta vömm þessi.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Gunnar Gunnarsson, sæti varðhaldi 12 daga.

Kærði er sviptur ökuleyfi 1 ár alls.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað í héraði á að vera óraskað.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Magnúsar Thorlacius og Jóns Ásbjörnssonar, kr. 400.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Árnessýslu 9. sept. 1943.

Ár 1943, fimmtudaginn 9. sept. kl. 1.30 e. h., var í lögregluréttí Árnessýslu, sem haldinn var í húsinu Mörk á Eyrarbakka af hinum reglulega dómara, Páli Hallgrímssyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 4/1943: Valdstjórnin gegn Gunnari Gunnarssyni, Gistihúsinu á Eyrarbakka. Mál þetta er höfðað gegn kærða fyrir brot gegn 21. gr. áfengislaga nr. 33/1935 og 23. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941 og er dómtekið nú samdægurs.

Kærður er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 8. nóv. 1902 á Eyrarbakka, og hefur áður sætt refsingum sem hér segir: Samkvæmt dómi hæstaréttar frá 4. nóv. 1932, 4 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, skilorðsbundið, fyrir brot gegn 231. gr. alm. hegningarlaga, skv. réttarsætt í lögregluréttí Reykjavíkur

þann 1. okt. 1940, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri. Bifreiðarstjóraréttindi kærðs hafa reynzt í lagi.

Þann 13. nóv. 1942 var kærður Gunnar Gunnarsson, staddur í Reykjavík og keypti þá 8 flöskur af sterku áfengi. Kl. 6 e. h. sama dag tók hann sér far með áætlunarbifreið úr Reykjavík til Eyrarbakka og hafði meðferðis áfengið, 7 flöskur í pakka og eina flösku tiltæka, sem hann drakk af á leiðinni. Þegar til Eyrarbakka kom, lagði mættur flöskupakkann afsíðis úti við, til þess að ekki yrði vart við hann heima hjá honum, en þegar hann ætlaði að fara að vitja um pakkann stundu síðar, fann kærður ekki pakkann og áleit þá í svipinn, að hann hefði gleymt að taka hann úr bifreiðinni, sem þá var farin til Stokkseyrar.

Kærður tók þá bifreiðina X—67, sem hann ekur að jafnaði, og fór í henni til Sigurðar Ingvarssonar, bifreiðarstjóra í Hópi á Eyrarbakka, og fékk hann með sér til Stokkseyrar til þess að leita að flöskupakkanum. Ferðin bar ekki árangur, enda fannst pakkinn á Eyrarbakka og var tekinn í geymslu þar, unz honum var komið til skila fáum dögum síðar.

Á þessu ferðalagi til Stokkseyrar var kærður undir áfengisáhrifum, og er það sannað með játningu kærðs sjálfs og auk þess framburði vitnanna Sigurðar Ingvarssonar og Kristins Gunnarssonar, bróður kærðs. Kærður hefur enn fremur játað að hafa ekið bifreiðinni X—67 að heiman frá sér til Sigurðar Ingvarssonar að Hópi og sömu leið til baka og hann hefur loks ekki treyst sér til þess að mótmæla þeirri staðhæfingu Sigurðar Ingvarssonar, að hann hafi ekið bifreiðinni alla leið til Stokkseyrar.

Með þessu hefur kærður brotið gegn 21. gr. sbr. 39. gr. áfengislaga nr. 33/1935 og 23. gr. sbr. 38. og 39. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941.

Kærður skildi við Sigurð Ingvarsson hjá heimili hans, Hópi, austarlega á Eyrarbakka og ók heimleiðis. Var klukkan þá um eitt aðfaranótt 14. nóv., að sögn Sigurðar. Kærður kveðst hafa ekið rakleitt frá Sigurði vestur eftir þorpinu heim til sín og að bílskúr þeim, sem bifreiðin X—67 er geymd í. Var hann nýbúinn að aka bifreiðinni inn í skúrinn, þegar Kristinn Jónasson rafstöðvarstjóri og aðstoðarmaður hans, Sigurður Guðmundsson, komu til hans, og bar Kristinn þegar upp á kærðan, að hann hefði brotið rafmagnsstaur, sem hann hafði þá fyrir örskömmu ekið framhjá. Kærður neitaði þá þegar og jafnan síðan undir rekstri málsins að hafa brotið staurinn.

Umrædda nótt, um kl. 1, voru þeir Kristinn Jónasson og Sigurður Guðmundsson staddir hvor í sínu húsi, sem standa saman á Eyrarbakka, er þeir urðu þess varir, að rafljósin slokknuðu og heyrðu hávaða að utan, sem síðar reyndist hafa stafað af því, að rafmagnsstaur brotnaði, en hann stóð hér um bil 50 metrum

vestan við hús þeirra. Kristinn Jónasson hafði einnig orðið þess var, örskömmu áður en ljósin slokknuðu, að bifreið hafði verið ekið vestur veginn fram hjá húsi hans. Þeir Kristinn og Sigurður fóru tafarlaust út og komu samtímis út á götuna. Hröðuðu þeir sér vestur veginn og sáu, hvar staurinn lá brotinn norðan vegarins. Héldu þeir síðan viðstöðulaust vestur götuna, unz þeir komu þar að, sem Gunnar Gunnarsson var að setja bifreiðina X—67 inn í bifreiðaskúrinn, sem að framan greinir. Þeir Kristinn og Sigurður sáu engin merki á bifreiðinni eftir árekstur við staurinn önnur en grænleitan lit utan á hægra skjólborði (á pallinum), sem þeir töldu sennilegt, að hefði komið af staurnum.

Í málinu hefur komið fram vitnisburður Kristins Gunnarssonar, bróður kærðs, á þá leið, að hann hafi setið áðurnefnda nótt við glugga í húsi sínu og verið að bíða eftir kærðum, þegar hann sá kærðan koma í bifreiðinni X—67 austan veginn og um leið tvær setuliðsbifreiðar úr sömu átt, aðra rétt á undan og hina rétt á eftir bifreiðinni X 67. Héldu þær báðar áfram vestur götuna, þegar kærður stöðvaði sína bifreið við skúrinn. Gegn þessum vitnisburði er frásögn Sigurðar Ingvarssonar um, að hann hafi horft á eftir kærðum í bifreiðinni X—67 vestur frá heimili sínu og þá hafi engar aðrar bifreiðir verið sjáanlegar á veginum, svo og frásögn kærðs sjálfs um, að hann hafi ekið rakleitt frá Sigurði heim til sín og alls engra bifreiða orðið var, hvorki á undan sér né eftir. Þótt kærður segði Kristni bróður sínum frá samtali þeirra Kristins Jónassonar þegar í stað, leiddi Kristinn Gunnarsson að því sinni enga athygli að fyrrnefndum setuliðsbifreiðum, og verður framburður hans ekki látinn hafa áhrif á niðurstöðu málsins.

Kristinn Jónasson rafstöðvarstjóri hefur lagt fram sundurliðaðan reikning yfir kostnað sinn af því að koma upp nýjum rafmagnsstaur og krafizt þess, að kærður verði dæmdur til að greiða sér upphæðina, kr. 596.00. Enginn sjónarvottur hefur fundizt að því, er staurinn var brotinn, en bæði Kristinn Jónasson og Sigurður Guðmundsson hröðuðu sér tafarlaust þangað, sem staurinn stóð og síðan áfram að bifreiðarskúr kærðs. Er þessi leið öll aðeins um 230 metrar, og er því sýnt, að kærður hefur ekið fram hjá staurnum mjög í sömu andránni, sem hann brotnaði. Hins vegar er ekki vitað um neina aðra umferð á sömu slóðum á svipuðum tíma. Þykja því nægilega miklar líkur fram komnar í málinu til þess að telja megi upplýst, að kærður hafi brotið umræddan rafmagnsstaur með því að aka á hann bifreiðinni X—67. Þykir sennilegt, að það hafi borið að með þeim hætti, að kærður, sem var svo drukkinn, að á honum sá, hafi ekið bifreiðinni hratt, en skort vald á henni, svo að hún hafi tekið slagi til hliðanna til skiptis, og hefur þá pallurinn og skjólborðið hægra megin slegizt

að staurnum og brotið hann. Þykir því ekki orka tvímælis um það, að dæma beri kærðan til þess að greiða Kristni Jónassyni umkrafða upphæð, kr. 596.00.

Refsing kærða fyrir framangreind brot gegn áfengislögunum og bifreiðalögunum þykir hæfilega ákveðin 500 króna sekt, sem afplánist með 10 daga varðhaldi, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dómsins. Enn fremur ber að svipta kærðan ökuréttindum um 4 mánaða skeið frá sama tíma að telja.

Loks ber honum að greiða allan sakarkostnað.

Því dæmist rétt vera:

Kærður, Gunnar Gunnarsson, greiði 500 króna sekt í ríkissjóð, og komi 10 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Hann skal og sviptur leyfi til þess að mega stjórna bifreið 4 mánuði frá sama tíma að telja.

Hann greiði enn fremur innan 4 vikna frá dómsbirtingu Kristni Jónassyni rafstöðvarstjóra samkvæmt kröfu hans iðgjöld, að upphæð kr. 596.00. Loks greiði hann allan sakarkostnað.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 12. maí 1944.

Nr. 109/1943. **Valdstjórnin** (Stefán Jóh. Stefánsson)
gegn
Bjarnheiði Brynjólfsdóttur
(Sveinbjörn Jónsson).

Brot á verðlagsákvæðum.

Dómur hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, þó svo að sekt kærðu sé kr. 300.00, sem afplánist varðhaldi 10 daga, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærðu ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 350.00 til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Kærða, Bjarnheiður Brynjólfsdóttir, greiði 300 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 10 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu málskostnaðar í héraði á að vera óraskað.

Kærða greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Stefáns Jóhanns Stefánssonar og Sveinbjarnar Jónssonar, kr. 350 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 12. okt. 1943.

Ár 1943, þriðjudaginn 12. október, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var í Pósthússtræti 3 af fulltrúa sakadómara Einari Arnalds, uppkveðinn dómur í málinu nr. 2365/1943: Valdstjórnin gegn Bjarnheiði Brynjólfsdóttir, sem tekið var til dóms 18. f. m.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn frú Bjarnheiði Brynjólfsdóttur til heimilis Hafnarstræti 18 hér í bæ fyrir brot gegn auglýsingu verðlagsstjóra um hámarksverð og hámarksálagningu á greiðasölu frá 2. apríl 1943, sbr. lög um verðlag nr. 3 13. febr. 1943.

Kærða er komin yfir lögaldur sakamanna og hefur hvorki sætt ákæru né refsingu, svo kunnugt sé.

Tildrög þessa máls eru þau, að 2. apríl 1943 birti verðlagsstjórinn auglýsingu, þar sem sagt var, að viðskiptaráðið hefði ákveðið hámarksverð og hámarksálagningu á greiðasölu eins og hér segir:

Fullt fæði karla ..... kr. 320.00 á mánuði.
Fullt fæði kvenna ..... — 300.00 - —

Jafnframt var bannað að rýra magn eða gæði þess, sem framreitt er, frá því sem verið hefur.

Ákvæði þessi gengu í gildi frá og með 8. apríl 1943.

Kærða hefur rekið matsölu í mörg undanfarin ár. Hefur matsala hennar lítið selt af lausum máltíðum, og engir kvenmenn hafa haft fæði þar. Síðastliðinn aprílmánuð borðuðu um 40—50 karl-

menn daglega á matsölu hennar. Höfðu þeir ýmist dag-, viku- eða mánaðarfæði. Þeir, sem höfðu dagfæði, greiddu kr. 11.50 á dag, og þeir, sem höfðu vikufæði, greiddu þessa upphæð margfaldaða með dagatölunni. Mánaðarfæðismenn greiddu flestir kr. 11.50 margfaldað með dagatölu mánaðarins, en sumir þeirra segir kærða að hafi greitt eitthvað minna, en ekki hefur fengizt upplýst, hvað þeir hafi greitt né hvað þeir hafi verið margir.

Þann 1. maí lækkaði kærða verðið á karlmannsfæði í kr. 320.00 á mánuði. Varð dagfæði þá þessi upphæð deild með 30 og vikufæði samsvarandi.

Þegar verðlagsákvæðin um greiðasölu voru auglýst, var haldinn fundur í Matsölufélagi Reykjavíkur, sem kærð er félagi í. Á þessum fundi skýrði formaður félagsins frá því, að hann hefði átt tal við verðlagsstjóra fyrir félagsins hönd um verð á föstu fæði, og hefði verðlagsstjóri sagt, að matsölum væri leyfilegt að taka sérstakt gjald fyrir mjólk, sem drukkin væri með mat, en ekki notuð í matinn eða út á grauta, enda þótt slíkt gjald hafi eigi verið tekið áður, og mætti því bæta við hið auglýsta matarverð sem svaraði kr. 25.00 á mánuði fyrir mjólk. Kærða kveðst þó hafa skilið formanninn þannig, að selja mætti einnig sérstaklega alla mjólk út á spónamat, að undantekinni þeirri mjólk, sem notuð væri um miðjan daginn. Kveðst kærða hafa treyst ummælum formannsins og því haldið áfram að selja fæði á kr. 11.50 á dag, þegar hámarksákvæðin gengu í gildi, enda ekki staðið sig við að selja mánaðarfæðið á 320 krónur með því að láta kostgangara fá eins mikla mjólk og áður.

Verðlagsstjóri hefur neitað að hafa viðhaft fyrrgreind ummæli við formann Matsölufélags Reykjavíkur og segir, að aldrei hafi komið til mála að lækka verð á fæði þannig að kippa út úr því einum lið, sem svo yrði seldur sérstaklega, enda væri skýrt tekið fram í tilkynningunni frá 2. apríl, að bannað væri að rýra magn eða gæði þess, sem framleitt væri, frá því sem verið hefði.

Þegar samtal þetta milli verðlagsstjóra og formanns Matsölufélags Reykjavíkur fór fram, voru viðstaddir þrír menn, en enginn þeirra getur borið um, hvað þeim fór á milli.

Þá hefur kærða borið, að ýmsir af fæðisgestum hennar hafi á kvöldin fengið með sér kaffi í brúsa, sem þeir höfðu svo með sér á vinnustað að morgni. Tíðkaðist þetta bæði fyrir og eftir að verðlagsákvæðin gengu í gildi. Vitnið Karl Laxdal Björnsson hefur staðfest þetta, hvað sig snerti, og borið, að það hafi aldrei greitt sérstaklega fyrir kaffi þetta, og að engin breyting hafi á þessu orðið, er verðlagsákvæðin um fæði gengu í gildi. Kærða hefur ekki viljað upplýsa, hvað margir af fæðisgestum hennar hafi í síðastliðnum aprílmánuði fengið slíkt kaffi með sér á vinnustað. Segist hún ekkert vita um, hvort það hafi verið reiknað aukalega,

nema að sérstakt gjald hafi ekki verið tekið fyrir kaffi það, er vitnið Karl Laxdal Björnsson fékk.

Af hálfu kærðu hefur því verið haldið fram, og í tilkynningu verðlagsstjóra frá 2. apríl sé talað um mánuð, og geti það eins átt við 4 vikur eða 28 daga eins og venjulegan almanaksmánuð, og fæði í 28 daga á kr. 11.50 á dag verði kr. 322.00. En eins og tilkynningin er orðuð, verður ekki hægt að skilja hana á annan veg, en að átt sé við almanaksmánuð. Ef kærða var í einhverjum vafa um þetta atriði, var henni innan handar að leita álits viðskiptaráðs eða verðlagsstjóra um þetta, áður en nefnd verðlagsákvæði gengu í gildi.

Eins og málsatvikum hefur verið lýst hér að framan, verður að telja, að kærða hafi með því að selja karlmannsfæði frá 8.—30. apríl s. l. almennt á kr. 11.50 á dag brotið gegn auglýsingu verðlagsstjóra frá 2. apríl s. l. um hámarkeverð og hámarksálagningu á greiðasölu.

Þar sem eigi er unnt að upplýsa, hverju ólöglegur ágóði kærðu af verðlagsbroti þessu nemi, verður sá ágóði eigi gerður upptækur, en rétt þykir við ákvörðun sektarinnar að hafa hliðsjón af, hve mikill þessi ólöglegi ágóði muni hafa verið eftir þeim upplýsingum, sem fyrir liggja.

Að þessu athuguðu þykir refsing kærðu fyrir áðurnefnt brot samkvæmt 2. mgr. 9. gr. laga nr. 3 13. febrúar 1943 um verðlag hæfilega ákveðin 600 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 25 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærðu ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hennar, Eiríks Pálssonar lögfræðings, kr. 200.00.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Kærða, Bjarnheiður Brynjólfsdóttir, greiði 600 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 25 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærða greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hennar, Eiríks Pálssonar lögfræðings, kr. 200.00.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 12. maí 1944.

Nr. 90/1943. **Magnús Guðmundsson** (Ólafur Þorgrímsson)
gegn
Guðjóni Samúelssyni (Jón Ásbjörnsson)
og
Jóni Eiríkssyni (Eggert Claessen).

Ómerking héraðsdóms. Heimvísun.

Dómur hæstaréttar.

Í greinargerð fyrir héraðsdómi, sem fram var lögð 4. febr. 1943, telur aðalstefndi í héraði, „að óheimilt hafi verið að veita stefnanda einkaleyfi á múrhúðunaraðferð þeirri, sem hann telur sig upphafsmann að, og að það fari algerlega í bága við 2. málsgr. 1. gr. 4. tölulið einkaleyfislaganna nr. 12 frá 20. júní 1923.“ Umboðsmaður aðalstefnda í héraði kveðst hafa haft þessa vörn uppi við munnlegan flutning málsins þar og þá staðhæft, að skilyrði til veitingar einkaleyfis hafi m. a. vegna greinds lagaákvæðis ekki verið fyrir hendi 16. nóv. 1934, þegar sótt var um einkaleyfið. Segist greindur umboðsmaður þá sérstaklega hafa bent á, að aðferðin hafi fyrir þennan tíma verið höfð opinberlega um hönd hér á landi og með þeim hætti svo kunn orðin, að þeir menn, sem vit hafi haft á, hafi þá getað hagnýtt sér hana. Héraðsdómari hefur gengið framhjá þessari varnarástæðu án þess að dæma hana. Þessi málsmeðferð fer í báða við ákvæði 1. málsgr. 193. gr. laga nr. 85/1936, og verður því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til munnlegs málflutnings og dómsálagningar af nýju.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og vísast málinu heim í hérað til munnlegs málflutnings og dómsálagningar af nýju.

Málskostnaður í hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 29. júlí 1943.

Mál þetta, sem dómtekið var 30. f. m., er höfðað eftir árangurslausa sáttaumleitun með stefnu, útgefinni 17. nóvember 1942, af Guðjóni Samúelssyni, húsameistara ríkisins, gegn Magnúsi Guðmundssyni skipasmið, Bárugötu 15 hér í bænum, til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 400.00 með 6% ársvöxtum frá 17. september 1942 til greiðsludags og málskostnaðar eftir framlögðum reikningi eða mati réttarins.

Þá hefur stefnandi og til vara með stefnu, útgefinni 16. marz 1943, höfðað mál gegn Jóni Eirikssyni múrarameistara, Urðarstíg 15 hér í bænum, og gert þær kröfur, að svo framarlega sem aðalstefndur, Magnús Guðmundsson, verði sýknaður af greiðsluskyldunni, þá verði hann (varastefndur) dæmdur til greiðslu skuldarinnar, kr. 400.00, ásamt 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags, svo og til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt mati réttarins.

Bæði aðalstefndur og varastefndur hafa krafizt sýknu, en varastefndur hefur og til vara krafizt frávísunar. Báðir hafa þeir mótmælt kröfunni sem of hárri og hvor um sig krafizt málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Með bréfi til atvinnumálaráðuneytisins, dags. 16. nóvember 1934, sótti stefnandi um það, að honum yrði veitt einkaleyfi á aðferð til utanhúðunar á húsum og öðrum mannvirkjum úr steinsteypu, er hann tjáði sig hafa fundið upp, og tekur hann það jafnframt fram í bréfi sínu, að hann hafi sótt um einkaleyfi erlendis. Með bréfi þessu fylgdi lýsing á aðferðinni og einkaleyfiskrafan. Með bréfi atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins til stefnanda, dags. 16. maí 1935, er honum tjáð af ráðuneytinu, að það hafi leitað umsagnar Direktoratet for Patent- og Varemærkevæsenet m. v. um beiðnina og jafnframt tekur það fram, að það sjái ekki að svo stöddu ástæðu til að veita hið umbeðna einkaleyfi.

Með bréfi stefnanda til atvinnumálaráðuneytisins, dags. 15. sept. 1939, endursækir hann um einkaleyfi, dags. 16. nóv. 1934 á utanhúðun steinhúsa. Hinn 27. jan. 1940 svarar atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið stefnanda og sendir honum til umsagnar bréf Múrarameistarafélags Reykjavíkur frá 11. desember 1939, en í því bréfi eru færð fram mótmæli gegn því, að stefnanda verði veitt þetta einkaleyfi. Þessu svarar stefnandi ráðuneytisins með bréfi dags. 27. maí 1940. Með bréfi ráðuneytisins til stefnanda, dags. 7. desember 1940, er honum enn sent bréf Múrarameistarafélagsins frá 3. s. m., þar sem þeir endurtaka mótmæli sín gegn einkaleyfisveitingunni. Bréfi þessu svarar stefnandi síðan 28. desember 1940, og verður eigi séð, að frekar hafi verið gert í málinu, fyrr en honum er veitt einkaleyfið af atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu

þann 18. febrúar 1941. Í einkaleyfisveitingunni er það tekið fram, að uppgötvunin sé vernduð frá 16. nóvember 1934, en þá sótti stefnandi fyrst um einkaleyfi þetta.

Samkvæmt þessari einkaleyfisveitingu hefur stefnandi síðan krafið húseigendur, sem notað hafa einkaleyfisaðferð hans, um sérstakt endurgjald, sem nemur 1 kr. á hvern fermeter. Telur stefnandi, að utanhússveggir á húsi aðalstefnds séu 400 m^2, og telur hann því skuldina við sig nema kr. 400.00, og er það sú upphæð, sem stefnt er til greiðslu á.

Eins og mál þetta liggur hér fyrir réttinum þykir heppilegra að taka fyrst til athugunar afstöðu varastefnds til stefnukröfunnar. Hann heldur því fram, að hann hafi aðeins unnið að múrverki þessu sem múrarasveinn í þjónustu Hjálmars Jóhannssonar, sem hafi verið múrarameistarinn við byggingu þessa. Þessari staðhæfingu varastefnds hefur eigi verið hnekkt á nokkurn hátt, og þar sem telja verður, að þessi afstaða hans til múraravinnunnar geti eigi skapað honum greiðsluskyldu hinnar umstefndu upphæðar, þótt til væri, þá þykir verða þegar af þeirri ástæðu að taka aðalkröfu varastefnds til greina og sýkna hann að öllu leyti af kröfum stefnanda í máli þessu, og þykir eftir þessum úrslitum verða að dæma stefnanda til að greiða varastefndum kr. 100.00 í málskostnað.

Aðalstefndur byggir varnarástæðu sína meðal ananrs á því, að eigi hafi verið hægt að veita einkaleyfi þetta samkv. lögum um einkaleyfi frá 12. júní 1923, 1. gr. 2. mgr. 4. lið. Hefur hann haldið því fram, að samkvæmt bréfi atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins til stefnanda frá 16. maí 1935 hafi honum verið synjað um einkaleyfi fyrir múrhúðun þessari, er hann hafi upphaflega sótt um með bréfi til ráðuneytisins, dagsettu 16. nóvember 1934, þar sem lengri tími en 12 vikur hafi liðið frá því að stefnandi tók á móti synjunarbréfinu og þar til stefnandi endursótti um einkaleyfið, en það hafi eigi verið gert fyrr en með bréfi hans til ráðuneytisins, dags. 15. september 1939. Aðalstefndur heldur því fram, að auk þess sem húðunaraðferð þessi sé einföld, þá hafi hún verið orðin alkunn hér á landi, áður en stefnanda var veitt einkaleyfið og áður en hann endursótti um það 1939. Auk þess hafi Guðmundur í Miðdal skrifað grein í Eimreiðinni og í Nýju-Dagblaði 1926—28 um notkun kvarts til utanhússpússningar, og hefur Guðmundur í rétti viðurkennt þetta og minnti hann, að greinin hefði verið skrifuð í sambandi við háborgina. — Þá telur hann, að Kornelíus Sigmundsson múrarameistari hafi einnig fyrr ritað grein um sama efni í Eimreiðina. Þá megi og benda á vottorð Sveinbjarnar Jónssonar byggingarmeistara, sem hafi notað í „pússningu" íslenzk steinkorn og sement með svipaðri aðferð og hér sé notuð. Aðalstefndur fullyrðir, að stefnandi hafi og af ann-

arri ástæðu ekki getað talizt upphafsmaður að þessari uppfinndingu, þar sem að það hafi verið þrír starfsmenn Korneliusar Sigmundssonar, sem hafi prófað sig áfram í þessu starfi og hafi þeir miklu frekar getað talizt upphafsmenn að þessari aðferð. Einnig hefur aðalstefndur haldið því fram, að þótt hér væri um löglegt einkaleyfi að ræða, og gjald bæri að greiða fyrir notkun þeirrar aðferðar, er það nær til, þá sé gjaldið ekki ákveðið samkvæmt 8. og 9. gr. einkaleyfislaganna, og mótmælir hann af þeim ástæðum kröfunni sem of hárri. Loks telur aðalstefndur, að greiðsluskyldan, þótt til væri, hvíli ekki á sér, heldur múrara þeim, er verkið hefur unnið, þar sem hann hafi fengið fullgildan múrara til þess að standa fyrir allri múrvinnu við húsið og greitt fullt fagkaup, enda hafi hann ekki lagt fyrir múrarann að nota einkaleyfisaðferð stefnanda, heldur aðeins óskað eftir, að húsið yrði steinað að utan.

Stefnandi fullyrðir, að sú aðferð, sem hann hafi fengið einkaleyfi fyrir, sé í fullu samræmi við einkaleyfislögin. Hún hafi verið óþekkt hér, þegar Þjóðleikhúsið var byggt, en þá hafi hann hafið tilraunir til utanhússhúðunar þess með íslenzkum steintegundum og hafi hann prófað sig áfram smátt og smátt með aðstoð byggingarmeistarans, Korneliusar Sigmundssonar, sem sá um verkið, og lét menn sína, 1 svein og 2 lærlinga, vinna að því, og hafi honum loks tekizt að finna þá aðferð, sem hann síðan hafi fengið einkarétt á. Hann neitar því með öllu, að atvinnumálaráðuneytið hafi nokkru sinni synjað umsókn sinni, og hefur hann lagt áherzlu á orðalag þess, sem fram kemur í svari ráðuneytisins 16. maí 1935, þar sem segir, að ráðuneytið sér ekki að „svo stöddu" ástæðu til að veita hið umbeðna einkaleyfi. Telur hann því, að dráttur sá, sem orðið hafi á einkaleyfisveitingunni, sé eigi sín sök, heldur annarra, og geti hann ekki borið ábyrgð á því, enda sýni einkaleyfisbréfið það, þar sem uppgötvunin sé vernduð frá 16. nóvember 1934, þegar hann sótti fyrst um einkaleyfið og þar sem eigi hafi verið höfðað sérstakt mál til riftunar einkaleyfinu eða það fengið ógilt með dómi, þá verði þessu eigi komið að sem vörn í þessu máli, þar sem eigi heldur hafi verið gagnstefnt í því. Þá hefur hann með öllu neitað því, að þessi aðferð hafi verið notuð, áður en hann fann hana upp, og að bæði greinar þær, sem ritaðar hafa verið, svo og vottorð Sveinbjarnar Jónssonar, sem hann hefur mótmælt, haggi eigi í neinu þeirri fullyrðingu sinni. Einnig telur hann, að eigi geti til mála komið, að menn, er aðeins störfuðu eftir fyrirskipun annarra, geti talizt hafa fundið aðferðina upp. Loks heldur stefnandi því fram, að hann geti sjálfur ráðið kröfuupphæðinni, því aðalatriðið sé einkaleyfið og gjald fyrir það, en auk þess mótmælir hann lækkun kröfuupphæðarinnar á þeim grundvelli, að lækkunarkrafan sé of seint fram komin, þar sem

hún komi fyrst fram undir munnlegum flutningi málsins, en hafi ekki verið hreyft í greinargerð.

Þá hefur stefnandi haldið því fram, að aðalstefndum beri að greiða upphæðina, þar sem hann hafi notið verksins og eigi verði séð, að verksali hafi tekið á sig sérstaka skuldbindingu í því efni, enda hafi verkið verið unnið í tímavinnu. Hafi verksali hins vegar farið út fyrir umboð sitt með því að múrhúða húsið að utan, eins og gert var, þá væri það mál á milli verktaka og verksala, en skipti ekki máli um rétt sinn til þess að krefjast greiðslunnar úr hendi aðalstefnds.

Það verður eigi séð af því, sem fram er komið í máli þessu, að aðferð sú, er notuð var við húðun útveggja þjóðleikhússins, hafi verið kunn fyrr. Ritgerðir þær, er getið var undir rekstri málsins, hafa eigi verið lagðar fram í málinu, en hér fyrir rétti mætti sem vitni Guðmundur Einarsson í Miðdal og lýsir því aðeins yfir í framburði sínum, að hann hafi skrifað umræddar greinar til þess að benda á, að kvarts mætti nota í sambandi við húðun utanhúss, en telur, að fyrstu tilraunirnar með íslenzkar steintegundir hafi verið gerðar á Þjóðleikhúsinu. Þá er fram komið í málinu, að sá, sem gerði eða lét starfsmenn sína gera þessar tilraunir, var hinn greinarhöfundurinn, Kornelíus Sigmundsson múrarameistari, undir umsjón stefnanda. Af vottorði Sveinbjarnar Jónssonar byggingarmeistara verður ekki heldur fullyrt, að aðferð hans við húðun hafi verið hin sama og stefnandi fékk einkaleyfi fyrir. Það verður því að telja, að þessi aðferð stefnanda við utanhúshúðun hafi eigi verið alkunn hér, þegar hann hóf tilraunir sínar við þjóðleikhúsið. Þótt aðrir menn en stefnandi hafi unnið að þessum tilraunum, þá er þó fram komið, að þeir hafi unnið starfið eftir fyrirsögn múrarameistarans, sem sjálfur hefur borið hér fyrir rétti, að hann hafi látið framkvæma tilraunirnar eftir ákvörðun stefnanda, og verða þeir því ekki taldir upphafsmenn þeirrar aðferðar, er stefnandi hefur fengið einkarétt á.

Fallast verður á það hjá stefnanda, að bréf atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins, dags. 16. maí 1935, til hans geti eigi talizt synjun um einkaleyfið, heldur verður að líta þannig á, að ráðuneytið hafi frestað að taka ákvörðun um það, og tímabil það, er líður þar til einkaleyfið er veitt, verður því aðeins talinn dráttur á leyfisveitingunni, sem eigi getur skaðað stefnanda.

Það verður því að líta þannig á, að einkaleyfi það, er stefnandi öðlaðist þann 18. febrúar 1941, veiti honum rétt til endurgjalds, ef aðferð sú er notuð, sem í lýsingunni felst, enda hefur eigi, svo vitað sé, einkaleyfi þetta verið dæmt af honum, sbr. 20. gr. einkaleyfislaganna.

Samkvæmt vottorði múrarameistaranna Kornelíusar Sigmundssonar og Sigurðar Jónssonar á réttarskjali nr. 6 þykir nægilega

fram komið, að utanhúðunaraðferð sú, er notuð var við hús aðalstefnds, var hin sama og utanhúðunaraðferð sú, er stefnandi hefur fengið einkaleyfi á, og bera honum því bætur fyrir. Í einkaleyfislögunum verður eigi séð, hvert gjald einkaleyfishafi má taka fyrir notkun þess, og þar sem telja verður, eftir því sem hér liggur fyrir, að honum hafi verið frjálst að ákveða þessa upphæð, þá verður krafa aðalstefnds um lækkun þess eigi tekin til greina, enda of seint fram komin.

Það er fram komið í máli þessu, að hús aðalstefnds var byggt í tímavinnu og greitt fyrir múrvinnu fagkaup. Það verður því eigi séð, að öðrum en aðalstefndum beri að greiða hina umkröfðu skuld, enda verður að fallast á þá skoðun stefnanda, að hafi múrarameistarinn farið út fyrir umboð sitt, þá sé það mál milli verktaka og verksala.

Samkvæmt þessu verður að dæma aðalstefndan til að greiða stefnanda hina umstefndu skuld, ásamt vöxtum eins og krafizt er í stefnu, og málskostnað, er nemur eftir framlögðum reikningi kr. 152.35.

Dóm þenna hefur kveðið upp settur lögmaður Kristján Kristjánsson.

Dráttur sá, sem orðið hefur á uppkvaðningu þessa dóms, kemur af önnum þeim, er verið hafa í lögmannsskrifstofunni vegna daglegra afgreiðslustarfa, enda hafa flestir fulltrúarnir verið í burtu úr bænum í sumarleyfum.

Því dæmist rétt vera:

Aðalstefndur, Magnús Guðmundsson, greiði stefnanda, Guðjóni Samúelssyni, kr. 400.00 með 6% ársvöxtum frá 17. sept. 1942 til greiðsludags og kr. 152.35 í málskostnað.

Varastefndur, Jón Eiríksson, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Guðjóns Samúelssonar, í málinu og greiði stefnandi varastefndum kr. 100.00 í málskostnað.

Dómi þessum skal fullnægt innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 19. mai 1944.

Nr. 17/1944. **Réttvísin** (cand. jur. Guttormur Erlendsson)
gegn
Kolbeini Stefánssyni (Gunnar J. Möller)
Óskari Friðbjarnarsyni og
Pétri Stefánssyni (Guðmundur Í. Guðmundsson)

Líkamsárás. Ólögmæt húsleit og handtaka.

Dómur hæstaréttar.

Sigfús M. Johnsen bæjarfógeti hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Brot ákærða Kolbeins Stefánssonar, sem er réttilega lýst í héraðsdómi, varðar við 217. gr. hegningarlaga nr. 19/1940. Árásin var framkvæmd úr fyrirsát að næturlagi og án þess að Óskar gæfi nokkurt efni til hennar. Þykir refsing ákærða Kolbeins með hliðsjón af þessu hæfilega ákveðin fangelsi 2 mánuði. Ákærði Kolbeinn var farinn úr fötum og í þann veginn að ganga til hvílu á heimili sínu, þegar ákærðu Óskar Friðbjarnarson og Pétur Stefánsson handtóku hann. Virðist ljóst, að þá var ekki ástæða til að vænta af hendi ákærða Kolbeins slíks hátternis, að það réttlæti leit að honum og handtöku hans þar á heimilinu án úrskurðar dómara. Þetta atferli ákærðu Óskars og Péturs varðar því við 132. gr. hegningarlaga nr. 19/1940, sem tekur yfir alla sök þeirra vegna húsleitar og handtöku í máli þessu, og ber því ekki að refsa þeim samkvæmt 231. gr. greindra laga.

Sannað er, að ákærði Pétur olli meiðslum Magnúsar Þ. Jakobssonar, þeim sem í héraðsdómi er lýst. En leggja verður þá skýrslu ákærða Péturs til grundvallar, að hann hafi verið þess fullviss, að Magnús hafi ráðizt að honum að fyrra bragði, fingurbrotið hann og gert sig líklegan til frekari árása. Samkvæmt þessu þykir viðurhlutamikið að dæma honum refsingu fyrir hátterni hans gagnvart Magnúsi.

Refsing ákærðu Óskars og Péturs þykir hæfilega ákveðin 400 króna sekt til ríkissjóðs á hendur hvorum þeirra, og

sæti hvor þeirra 12 daga varðhaldi, ef sekt verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Kolbeinn Stefánsson greiði málsvarnarlaun skipaðs talsmanns síns í héraði, kr. 400.00, svo og málflutningslaun skipaðs verjanda síns í hæstarétti, kr. 700.00. Ákærðu Óskar Friðbjarnarson og Pétur Stefánsson greiði in solidum málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns í héraði, kr. 500, svo og málflutningslaun skipaðs verjanda síns í hæstarétti, kr. 700.00. Allur annar kostnaður sakarinnar bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda í hæstarétti, kr. 900.00, greiðist að ⅗ af af ákærða Kolbeini Stefánssyni og að ⅖ in solidum af ákærðu Óskari Friðbjarnarsyni og Pétri Stefánssyni.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði Kolbeinn Stefánsson sæti fangelsi 2 mánuði.

Ákærðu Óskar Friðbjarnarson og Pétur Stefánsson greiði hvor 400 króna sekt til ríkissjóðs, og sæti hvor þeirra varðhaldi 12 daga, ef sekt hans greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Kolbeinn Stefánsson greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns í héraði, Friðþjófs G. Johnsens héraðsdómslögmanns, 400 krónur, svo og málflutningslaun skipaðs verjanda síns í hæstarétti, hæstaréttarlögmanns Gunnars J. Möllers, 700 krónur.

Ákærðu Óskar Friðbjarnarson og Pétur Stefánsson greiði in solidum málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns í héraði Guðmundar Í. Guðmundssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 500.00, svo og málflutningslaun skipaðs verjanda síns í hæstarétti, Guðmundar Í. Guðmundssonar hæstaréttarlögmanns, 700 krónur.

Allur annar kostnaður sakarinnar bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda í hæstarétti, Guttorms Erlendssonar

cand. juris, 900 krónur, greiðist að 3/5 af ákærðu Kolbeini Stefánssyni og að 2/5 in solidum af ákærðu Óskari Friðbjarnarsyni og Pétri Stefánssyni.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Vestmannaeyja 15. nóv. 1943.

Mál þetta er höfðað af réttvísinnar hálfu gegn Óskari Friðbjarnarsyni lögregluþjóni, Brekastíg 33 Vestmannaeyjum, Pétri Stefánssyni lögregluþjóni Brekastíg 15 Vestmannaeyjum, fyrir meint brot á XIV., XXIII. og XXV. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 frá 12. febrúar 1940 til refsingar og greiðslu sakarkostnaðar, og af réttvísinnar hálfu gegn Kolbeini Stefánssyni sjómanni, Skuld Vestmannaeyjum, fyrir meint brot gegn XXIII. kafla almennra hegningarlaga, einnig til refsingar og greiðslu sakarkostnaðar. Í tilefni málssóknarinnar komu fram skaðabótakröfur frá Magnúsi Þ. Jakobssyni á hendur Pétri Stefánssyni, að upphæð kr. 10740.00, og frá Stefáni Björnssyni í Skuld á hendur sama, að upphæð kr. 1377.49, og frá Kolbeini Stefánssyni á hendur Óskari Friðbjarnarsyni og Pétri Stefánssyni að upphæð kr. 5000.00, og frá Óskari Friðbjarnarsyni á hendur Kolbeini Stefánssyni, að upphæð kr. 975.00. En áður en málið var tekið til dóms, féllu þeir Magnús Þ. Jakobsson, Stefán Björnsson og Kolbeinn Stefánsson frá skaðabótakröfum sínum í þessu máli, en áskildu sér rétt til að sækja þær í sérstökum málum síðar.

Ákærður Óskar Friðbjarnarson er fæddur 26. október 1908 í Vestmannaeyjum og hefur hvorki sætt ákæru né refsingu fyrir nokkurt brot, svo kunnugt sé, en þann 18. júní 1943 var hann undir rannsókn í Vestmannaeyjum, fyrir meinta ölvun og óspektir, en sök sannaðist ekki.

Ákærður Pétur Stefánsson, sem heitir fullu nafni Pétur Sigurðsson Stefánsson, er fæddur 1. maí 1917 að Högnastöðum í Helgustaðahreppi Suður-Múlasýslu og hefur ekki, svo kunnugt sé, verið refsað fyrir nokkurt lagabrot, en þann 24. janúar 1942 undirgekkst hann í lögreglurétti Reykjavíkur að greiða 100 kr. skaðabætur fyrir líkamsmeiðingu.

Kolbeinn Stefánsson er fæddur í Vestmannaeyjum 21. nóvember 1914 og hefur, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum refsingum, og öllum í Vestmannaeyjum.

1938 2/9 Sætt, 50 kr. sekt fyrir óleyfilegan bifreiðaakstur.
1939 2/10 Sætt, 150 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir og kr. 60.00 í skaðabætur.
1940 1/2 Sætt, 75 kr. sekt fyrir sama brot.
1942 1/3 Sætt, 175 kr. sekt fyrir ölvun við bifreiðaakstur.

1942 1¾ Sætt, 100 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
1942 9/12 Sætt, 50 kr. sekt fyrir ótilhlýðilega framkomu við Óskar Friðbjarnarson á opinberum stað.

Tildrög málsins eru eftirfarandi.

Hinn 6. janúar s. l. var haldinn dansleikur í samkomuhúsinu í Vestmannaeyjum. Á dansleiknum var ákærður Óskar Friðbjarnarson, ásamt konu sinni. Óskar var ekki einkennisklæddur, enda var hann ekki á vakt. Klukkan að ganga 6 um morguninn, aðfaranótt þess 7. janúar s. l., fóru þau hjónin burt af dansskemmtuninni og ætluðu heim til sín. Áður en þau fóru úr samkomuhúsinu, fór konan úr skónum, sem hún hafði dansað á um nóttina, og lét á sig aðra skó til þess að ganga á heim. Óskar bar dansskó konu sinnar undir hendinni á leiðinni heim. Í fylgd með þeim var Stefán Nikulásson Skólaveg 24 og kona hans. Gengu þau öll samsíða vestur Vestmannabrautina, og var Stefán nyrstur, þar næst kona hans, þar næst ákærður Óskar, og syðst gekk kona hans. Er þau voru komin rétt á móts við húsið Nýja-Bíó, kom allt í einu maður út á götuna, sunnan megin frá, og þreif í Óskar. Það var ákærður Kolbeinn Stefánsson. Hafði hann verið á dansleiknum um nóttina, og var dálítið við vín. Eftir því sem hann sjálfur skýrði frá, hafði hann farið af dansleiknum rétt áður og ætlaði að skreppa snöggvast heim til sín, en í hvaða tilgangi, hefur hann ekki gert grein fyrir. Hann var berhöfðaður og frakkalaus, því yfirhöfn og höfuðfat skildi hann eftir í samkomuhúsinu. Gekk hann vestur Vestmannabrautina, en er hann kom að húsinu Garðsauka, sem stendur sunnan megin við götuna, gegnt húsinu Nýja-Bíó, aðeins lítið austar, nam hann staðar í horninu austan við húsið. Stóð hann þar um 1—2 mínútur að eigin sögn. Er hann var þarna, sá hann Óskar og fólk hans koma vestur götuna og datt honum þá í hug að ráðast á Óskar og tugta hann dálítið til, eins og hann orðaði það. Ekki hafði Óskari og honum þó farið neitt á milli á dansleiknum. Beið Kolbeinn kyrr í horninu við húsið, meðan þau Óskar nálguðust, og er þau voru komin vel móts við hann, snaraðist hann út á götuna á eftir þeim, og þreif snöggt og fast í hálsmálið á Óskari aftan frá. Óskar kipptist aftur á bak og hrasaði við. Honum tókst þó þegar að rétta sig upp. Kastaði hann dansskóm konu sinnar, sem hann hélt á, út á götuna og snerist gegn Kolbeini. Kolbeinn sló þá Óskar með krepptum hnefa í andlitið, og kvaðst Óskar hafa hálffallið við. Segir Óskar, að blóð hafi þegar fallið niður andlit sitt, og hann hafi séð „stjörnur" og kennt mikið til. Síðan tókust þeir á. Féllu báðir í götuna og varð Kolbeinn undir. Stefán Nikulásson fór þá upp í samkomuhús til þess að ná í lögregluna, og kom hann von bráðar aftur með Berg Elías Guðjónsson, dyravörð í samkomuhúsinu. Tók Bergur Elías Kolbein og fór með hann upp í samkomuhús. Tók Kolbeinn þar

höfuðfat sitt og yfirhöfn, og fékk Bergur Elías mann til þess að fylgja honum heim í Skuld. Kolbeinn fór síðan heim og fór að hátta.

Skömmu eftir viðureignina skoðaði héraðslæknirinn meiðsli Óskars, og samkv. vottorði hans var Óskar þá með 2 cm langt sár þversum á hægri augabrún, gapandi og blæddi úr. Einnig var Óskar með glóðarauga sama megin, og á hálsi vætlaði til og frá úr smásárum, líkt sem væri eftir naglaför.

Eftir viðureignina við Kolbein á götunni fylgdu þeir Óskar og Stefán Nikulásson konum sínum heim. Síðan fóru þeir heim til Péturs Stefánssonar lögregluþjóns. Pétur var þá háttaður, en hann hafði farið af vakt kl. 4½ um morguninn. Óskar skýrði Pétri frá árás Kolbeins og beiddi hann að koma með þeim til þess að taka Kolbein fastan. Fór Pétur á fætur og klæddi sig í einkennisbúning. Síðan fóru þeir allir niður í samkomuhús til þess að leita að Kolbeini. Kolbeinn var þá farinn þaðan. Þá fóru þeir upp í Skuld og börðu á dyr. Svefnherbergi Kolbeins var í kjallara hússins, og er stórt geymsluherbergi þar fyrir framan, en fram af geymsluherberginu er lítil forstofa fyrir innan útidyrnar. Von bráðar sáu þeir, að ljós var kveikt inni í geymsluherberginu, og gengu þeir þá inn í forstofuna. Voru þá dyrnar á geymsluherberginu opnaðar, og Kolbeinn Stefánsson kom fram í dyrnar. Hann var á nærklæðunum, skyrtu, buxum, sokkum og skóm, og hélt á utanyfirbuxunum. Pétur Stefánsson ávarpaði hann og beiddi hann að koma með þeim og kveðst um leið hafa sagt honum að fara í utanyfirbuxurnar. Kolbeinn kveðst ekkert fara og ætlaði inn aftur. Þá ruddust þeir inn í geymsluherbergið og lögðu þeir Pétur og Óskar hendur á Kolbein. Kolbeinn stympaðist á móti og kallaði á hjálp. Var þá svefnherbergishurðin opnuð í skyndi og herbergisfélagi Kolbeins, Magnús Þ. Jakobsson formaður, kom fram. Gerðust þá atburðir, sem þeir Magnús og Pétur Stefánsson eru einir til frásagnar um, en eru ekki á einu máli um.

Pétur Stefánsson kveðst hafa staðið upp við stiga, sem er í geymsluherberginu og liggur upp á stofuhæðina. Stiginn stendur vinstra megin frá útidyrum séð við svefnherbergisdyr þeirra Kolbeins og Magnúsar og nær lítið eitt út á dyrnar. Kveðst Pétur hafa stutt vinstri hendinni á stigaþrepin upp við svefnherbergishurðina, en með þeirri hægri seildist hann niður í rassvasann eftir handjárnum, því hann ætlaði að leggja járn á Kolbein. Á meðan áttust þeir við Óskar og Kolbeinn. Í þessu bili kallaði Kolbeinn upp: „Magnús, ætlarðu ekki að hjálpa mér?“

Var þá svefnherbergishurðin opnuð snöggt, og kveðst Pétur hafa fengið högg á hendina, svo hún dofnaði upp. Síðar kom í ljós, að vísifingur vinstri handar var brotinn, og fullyrðir Pétur, að fingurinn hafi brotnað við þetta högg. Um leið og Pétur fékk högg-

ið, kveðst hann hafa litið við og sá þá Magnús Þ. Jakobsson standa fyrir framan stigann. Hafi Magnús haft einhver blótsyrði um hönd og verið með kreppta hnefa og gert sig líklegan til þess að ráðast á hann. Kvaðst Pétur þá ekki hafa séð önnur ráð en verða fyrri til, og sló hann Magnús með hægri hendinni tvö högg í andlitið. Hörfaði Magnús þá aftur inn í svefnherbergið, en Pétur gekk út, enda voru þeir Óskar og Stefán Nikulásson þá komnir með Kolbein út úr húsinu. Kveðst Pétur þess fullviss, að Magnús hafi barið hendina á honum um leið og hann kom fram og brotið vísifingur hans, þar sem um aðra skýringu geti ekki verið að ræða.

Magnús Þ. Jakobsson skýrir hins vegar svo frá, að klukkan um 6 umræddan morgun hafi Kolbeinn Stefánsson komið heim af dansleiknum, og virtist honum Kolbeinn vera ódrukkinn. Hann segir, að Kolbeinn hafi strax farið að hátta, en er hann var nærri háttaður, var barið á dyrnar, og fór Kolbeinn fram. Rétt á eftir heyrði hann Kolbein kalla: „Maggi“ eða „Magnús“, og var kallið hræðslukennt. Fór Magnús þá upp úr rúminu og fram. Segist hann hafa verið á nærklæðunum og haldið upp um sig buxunum. Er hann kom fram í geymsluherbergið, segir hann, að maður hafi komið framan úr herberginu og ráðizt á sig fyrirvaralaust og slegið sig mörg högg í andlitið og aðallega hægra megin. Kveðst hann ekki hafa þekkt þennan mann, en hann hafi verið í lögregluþjónsbúningi. Hann segist hafa orðið var við fleiri þarna inni, en sá ekki, hverir það voru, því skuggsýnt var í geymsluherberginu. Hann kveðst ekki hafa sagt neitt, áður en hann var sleginn og ekkert aðhafzt, sem gæti gefið tilefni til árásarinnar. Hann neitaði því ákveðið að hafa slegið til nokkurs manns, er hann fór fram úr svefnherberginu, og eins sagði hann, að enginn maður hefði staðið upp við stigann í geymsluherberginu eða alveg fyrir framan svefnherbergisdyrnar, er hann opnaði og gekk út um dyrnar.

Við þessa árás, sem nú hefur verið lýst, segir hann að buxurnar hafi farið niður um hann. Hysjaði hann þá upp um sig buxurnar og ætlaði að halda áfram fram í geymsluherbergið. Þá var hann aftur sleginn mörg högg í andlitið. Ekki vissi hann þó, hvort það var sami maður, sem sló og í fyrra skiptið. Hrökklaðist hann þá til baka og upp að kistu, sem stóð við vesturvegginn í geymsluherberginu. Enn kvaðst hann hafa ætlað að fara fram í herbergið, en þá hafi hann fengið þriðju árásina. Sá hann þá vænlegast að snúa til baka og hörfaði inn í svefnherbergið. Var hann þá alblóðugur í framan, því hann hafði fengið blóðnasir, og auk þess dreyrði úr skurði, er hann hafði fengið á hægri augabrún. Var allstór blóðpollur á gólfinu í geymsluherberginu fyrir framan kistuna, er komið var að daginn eftir. Magnús lagðist fyrst fyrir, eftir að hann hörfaði inn í svefnherbergið, en fór síðan von bráðar upp í eldhús (sem er á fyrstu hæð hússins) til þess að þurrka blóðið

úr andlitinu. Þar kom húsráðandinn, Stefán Björnsson í Skuld, faðir Kolbeins, til hans. Úr því var farið að ná í lækni.

Hvorki Óskar Friðbjarnarson né Kolbeinn Stefánsson fylgdust með viðureign þeirra Péturs og Magnúsar, enda voru þeir í stympingum á meðan. Þó kveðst Kolbeinn hafa orðið var við, að Magnús kom fram, og eins kveðst hann hafa séð Pétur slá Magnús, en að öðru leyti sá hann ekki, hvað þeim fór á milli.

Stefán Nikulásson kveðst einnig lítið hafa fylgzt með viðureign þeirra Péturs og Magnúsar, því athygli hans beindist aðallega að Kolbeini. Hann segir, að rétt eftir að Kolbeinn hafi kallað á hjálp, hafi hann séð svefnherbergishurðina opnast, og Magnús Þ. Jakobsson koma fram. Leit hann svo af Magnúsi, en rétt á eftir virtist honum, að þeir Pétur og Magnús væru farnir að takast á. Sýndist honum Magnús ýta á Pétur, svo Pétur snerist við utan í tunnu, sem þarna var inni. Hann sá hvorugan þeirra slá hinn. Að vörmu spori kveðst Stefán hafa farið út, og sá hann þá Magnús standa upp við svefnherbergisdyrnar, en Pétur ganga fram geymsluherbergið frá honum.

Héraðslæknisins var vitjað til Magnúsar um morguninn, og samkv. vottorði hans var Magnús þá með glóðarauga beggja megin og blóðnasir. Enn fremur taldi læknir, að Magnús hefði einkenni heilahristings og þyrfti að liggja rúmfastur.

Magnús var við rúmið um vikutíma eftir þetta, en náði sér svo von bráðar. Þó kveðst hann um nokkurn tíma hafa öðru hvoru fundið til þyngsla yfir höfðinu og eins fann hann til í hægri kjálkanum og átti erfitt með að tyggja, það sem hart var, af þeim sökum. Vottur af bláma í andliti hans hélzt í rúmar 2 vikur eftir viðureignina.

Er Magnús hafði hörfað til baka upp að svefnherbergisdyrunum, eins og áður getur, sneri Pétur til dyra. Þeir Óskar og Stefán Nikulásson voru þá að komast út með Kolbein. Við austurhornið á Skuld götu megin veittu þeir því athygli, að utanyfirbuxur Kolbeins höfðu orðið eftir í geymsluherberginu. Sneri Pétur þá við og sótti þær. Náði hann þeim Óskari við Vöruhúsið, sem stendur gegnt Skuld, hinum megin við götuna. Kveðst Pétur þá hafa sagt við Kolbein, að hann skyldi fara í buxurnar, en Kolbeinn hafi ekki anzað því neinu. Sjálfur kvaðst Kolbeinn ekki hafa veitt þessu athygli. Síðan fóru þeir með Kolbein rakleitt og viðstöðulaust niður að fangahúsi. Er þangað kom, kom í ljós, að þeir höfðu ekki lykla að fangahúsinu. Hafði Pétur misst sína lykla í ryskingunum uppi í Skuld. Fór hann því þangað aftur og fann lyklana og handjárnin á gólfinu í geymsluherberginu, þar sem viðureignin hafði átt sér stað. Á meðan biðu Óskar og Stefán með Kolbein niður við fangahús. Kalt var í veðri, og segir Kolbeinn, að sér hafi kólnað, er beðið var þarna. Pétur kom aftur að vörmu spori með lyklana.

Gerði hann ráð fyrir að hafa verið 2—3 mínútur í ferðinni, og er það ekki ósennilegt, því stuttur spölur er frá fangahúsinu að Skuld. Var fangahúsið þar næst opnað og Kolbeinn settur í fangaklefa. Pétur rétti þá Kolbeini utanyfirbuxurnar, en Kolbeinn vildi ekki taka við þeim. Hengdi Pétur buxurnar þá á nagla í gangi fangahússins. Var Kolbeinn síðan í fangaklefanum þar til réttarpróf byrjuðu daginn eftir klukkan 1 e. h. Segir Kolbeinn, að sér hafi orðið kalt í klefanum um morguninn, enda fékk hann teppi til viðbótar, er komið var að um morguninn kl. 10. Upplýst er, að fangahúsið var upphitað, er hann var látinn þar inn, og að þar var vel hlýtt, er leið fram á morguninn. Ekkert varð Kolbeini meint af verunni í fangahúsinu né flutningnum þangað.

Nokkru eftir að þessir atburðir gerðust, lagði Stefán Björnsson, faðir Kolbeins Stefánssonar og húsráðandi í Skuld, inn kæru á hendur þeim Óskari Friðbjarnarsyni og Pétri Stefánssyni fyrir brot á friðhelgi heimilis hans, ólöglega handtöku og óleyfilega meðferð á syni hans og fyrir misþyrmingu á heimilismanni hans, Magnúsi Þ. Jakobssyni. Er Magnús mætti í rétti, krafðist hann þess einnig að þeim Óskari og Pétri yrði refsað. Einnig krafðist Óskar Friðbjarnarson þess, að Kolbeini yrði refsað fyrir árásina á sig á götunni. Að lokinni rannsókn var síðan málið höfðað, eins og framan greinir.

Eins og tekið er fram í upphafi, er málið höfðað gegn þeim Óskari Friðbjarnarsyni, og Pétri Stefánssyni fyrir brot á XIV., XXIII. og XXV. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 frá 12. febrúar 1940. Að því er ákærðan Óskar snertir, virðist ekki koma til greina refsing fyrir brot á XXIII. kafla hegnl., þar sem meiðsli Magnúsar Þ. Jakobssonar verða ekki talin honum til ábyrgðar. Þykir því bera að sýkna hann af ákærum réttvísinnar að því leyti. Kemur því til athugunar, hvort hann hefur gerzt brotlegur við lög með handtöku Kolbeins Stefánssonar á heimili hans og meðferð á honum. Ákærður hefur sjálfur haldið því fram, að handtakan hafi verið nauðsynleg öryggisráðstöfun og þar af leiðandi réttmæt. Kolbeinn hafi gert sig sekan um árás úr launsátri með það fyrir augum að misþyrma honum, og þess hafi mátt vænta, að Kolbeinn myndi gera aðra tilraun til árásar þá um nóttina, ef hann gengi laus. Í því sambandi hefur ákærður lagt ríka áherzlu á, að Kolbeinn hafi oft og mörgum sinnum sýnt honum tilefnislausa áreitni, og að undanfarandi framkoma hans, bæði við sig og aðra, hafi bent til þess, að Kolbeinn myndi ekki una við þau málalok, sem urðu á götunni, og að hætta mundi stafa af honum þá um nóttina. Við rannsókn málsins hefur upplýstst, að komið hefur fyrir, að Kolbeinn hafi sýnt tilhneigingu til ofbeldis, er hann var við vín, en allt að einu lítur rétturinn svo á, að ekki hafi verið ástæða til að óttast frekari árás af hans hendi, er hann var tekinn, þar sem hann

var kominn heim og háttaður að mestu, og að með handtöku hans hafi þar af leiðandi verið gengið lengra en nauðsyn bar til og réttmætt var. Þá hefur því verið haldið fram af hálfu Óskars, að handtakan hafi verið framkvæmd á ábyrgð Péturs Stefánssonar, þar sem hann hafi verið í einkennisbúningi, en Óskar ekki. Sé um sök að ræða vegna handtökunnar, hljóti hún þar af leiðandi eingöngu að vera hjá Pétri. Rétturinn lítur hins vegar svo á, að í þessu tilfelli skipti það ekki neinu verulegu máli, hvor var í lögregluþjónsbúningi. Samkvæmt framburði beggja hinna ákærðu fyrir lögregluréttinum, þeirra Péturs og Óskars, beiddi Óskar Pétur að koma með sér til þess að taka Kolbein fastan, eða með öðrum orðum, hann leitaði til Péturs til þess að fá aðstoð hans við handtökuna, er hann sjálfur ætlaði að framkvæma. Pétur var ekki á vakt, er þetta var, og var því sízt meiri ástæða að leita til hans en hinna lögregluþjónanna. Pétur var einnig nýbyrjaður á starfi sínu sem lögregluþjónn, er þetta gerðist, og er af þeirri ástæðu líklegt, að ákærður Óskar hafi ráðið meiru um handtökuna og hvernig hún var framkvæmd, þar sem hann var eldri og reyndari í starfinu. Samkvæmt þessu verður að líta svo á, að Óskar hafi ekki síður, heldur öllu frekar, borið ábyrgð á handtökunni og framkvæmd hennar en Pétur Stefánsson, og hann hafi með því brotið gegn 131. gr. almennra hegningarlaga og einnig 231. gr. sömu laga. Hins vegar verður eftir atvikum ekki talið, að hann hafi bakað sér refsiábyrgð vegna meðferðar á Kolbeini.

Af sömu ástæðum og þegar hafa verið teknar fram varðandi ákærðan Óskar, hefur ákærður Pétur Stefánsson með þátttöku sinni í handtökunni á heimili Kolbeins brotið gegn 131. og 231. grein almennra hegningarlaga. Er þá athugandi, hvort hann hafi einnig gerzt brotlegur við lög með árás sinni á Manús Þ. Jakobsson, og sem að framan er lýst. Eins og þar kemur fram, gætir allmikils ósamræmis í framburði þeirra varðandi einstök atriði, og sem ekki hefur reynzt unnt að upplýsa nánar. Það þykir þó mega ganga út frá, að meiðslin, sem Magnús hlaut, hafi eingöngu verið af völdum Péturs, enda er því ekki mótmælt af honum. Aftur á móti er alger óvissa um tilefnið til árásarinnar. Magnús telur, að hún hafi verið algerlega tilefnislaus frá sinni hálfu, en Pétur hins vegar heldur því fram, að Magnús hafi áður barið á vinstri höndina á honum með þeim afleiðingum, að vísifingurinn brotnaði, og hann hafi gert sig líklegan til þess að ráðast á hann. Gegn ákveðinni neitun Magnúsar þykir ekki unnt að leggja frásögn Péturs um þetta atriði til grundvallar, með því einnig, að hún er byggð á líkum. Hins vegar þykir ekki ástæða til að draga í efa, að Pétur hafi, er hann réðst á Magnús, verið í þeirri trú, að fingurbrotið væri af völdum Magnúsar. En þetta verður ekki talið nægja til þess að leysa hann frá refsiábyrgð, þótt það hins vegar

hafi þýðingu við ákvörðun refsingarinnar, henni til lækkunar. Verður því að líta svo á, að með árás sinni á Magnús Jakobsson hafi ákærður unnið til refsingar og þykir bera að heimfæra brot hans undir 217. grein almennra hegningarlaga, með því að meiðsli Magnúsar voru ekki það mikil, að 218. gr. sömu laga geti átt við.

Kolbeinn Stefánsson hefur gefið þá skýringu á árás sinni á Óskar, að hann hafi borið óvild til hans vegna framkomu hans gagnvart sér undanfarin ár. Tilfærði hann meðal annars, að Óskar hefði þá nýlega kært hann fyrir brot, sem honum fannst smávægilegt og hefði átt að liggja í þagnargildi. Hann hefur gert ráð fyrir, að Óskar hafi fengið glóðaraugað, sem áður um getur, við höggið, sem hann veitti honum, en hins vegar hefur hann talið, að skurðurinn, sem Óskar fékk í viðureigninni, hafi ekki verið af sínum völdum. Í lok rannsóknarinnar fyrir lögregluréttinum setti hann fram tilgátu um tildrög skurðarins, en engar líkur komu fram, sem studdu þá tilgátu, og er því ekki unnt að leggja neitt upp úr henni. Þykir verða að ganga út frá, að þau meiðsli, sem Óskar hlaut í viðureigninni, hafi verið af völdum Kolbeins. Óskar var ekki einkennisklæddur og ekki við lögregluþjónsstörf, er Kolbeinn réðst á hann, enda hefur málið gegn Kolbeini aðeins verið höfðað fyrir brot á XXIII. kafla hegningarlaganna. Kemur því ekki til álita, hvort Kolbeinn hafi með árás sinni brotið önnur lagaákvæði. Þykir bera að heimfæra brot hans undir 217. gr. almennra hegningarlaga.

Eins og áður getur, hefur Óskar Friðbjarnarson sett fram í málinu skaðabótakröfu á hendur Kolbeini, að upphæð kr. 975.00, sem sundurliðast þannig:

Fyrir skemmdir á frakka	kr.	150.00
— hreinsun á fötum	—	25.00
— áverka og þjáningar	—	800.00
	Kr.	975.00

Kolbeinn Stefánsson hefur mótmælt þessari kröfu og hefur Óskar ekki lagt fram eða aflað neinna viðunandi sannana fyrir upphæðinni. Þykir því verða að vísa henni frá dómi, þar sem ekki þykir hlýða að taka málið upp að nýju og draga það þar með á langinn hennar vegna.

Refsing ákærða Óskars Friðbjarnarsonar fyrir framan greint brot hans þykir hæfilega ákveðin samkv. 131. grein og 231. gr. almennra hegningarlaga 400 kr. sekt í ríkissjóð, og komi í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, 16 daga varðhald.

Refsing ákærða Péturs Stefánssonar þykir hæfilega ákveðin samkv. 131., 231. og 217. grein almennra hegningarlaga, 500 króna sekt í ríkissjóð, er ákærðum ber að greiða, og komi í stað sektar-

innar 20 daga varðhald, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Refsing ákærða Kolbeins Stefánssonar þykir hæfilega ákveðin, samkv. 217. grein almennra hegningarlaga, 400 króna sekt í ríkissjóð, og komi í stað sektarinnar 16 daga varðhald, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Ákærðir Óskar Friðbjarnarson og Pétur Stefánsson greiði in solidum skipuðum verjanda sínum, Guðmundi Í. Guðmundssyni hrl., kr. 500.00 í málsvarnarlaun, og ákærður Kolbeinn Stefánsson greiði kr. 400.00 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Friðþjófs G. Johnsen hdl.

Allan annan sakarkostnað greiði ákærðir Óskar Friðbjarnarson og Pétur Stefánsson in solidum að ⅔, en ákærður Kolbeinn Stefánsson að ⅓ hluta.

Því dæmist rétt vera:

Skaðabótakröfu Óskars Friðbjarnarsonar á hendur Kolbeini Stefánssyni vísast frá dómi.

Ákærður Óskar Friðbjarnarson greiði 400 króna sekt í ríkissjóð, og komi í stað sektarinnar 16 daga varðhald, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Ákærður Pétur Stefánsson greiði 500 króna sekt í ríkissjóð, og komi í stað sektarinnar 20 daga varðhald, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Ákærður Kolbeinn Stefánsson greiði 400 króna sekt í ríkissjóð, og komi í stað sektarinnar 16 daga varðhald, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Ákærður Óskar Friðbjarnarson og Pétur Stefánsson greiði in solidum kr. 500.00 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Guðmundar Í. Guðmundssonar hæstaréttarlögmanns, og ákærður Kolbeinn Stefánsson greiði kr. 400.00 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Friðþjófs G. Johnsen héraðsdómslögmanns.

Annan sakarkostnað greiði ákærðir Óskar Friðbjarnarson og Pétur Stefánsson að ⅔ hlutum og in solidum, en ákærður Kolbeinn Stefánsson að ⅓ hluta.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 22. maí 1944.

Nr. 100/1941. **Olíusamlag Vestmannaeyja** (Eggert Claessen)
gegn
Magnúsi Thorlacius f. h. Eagle Oil Company of New York, G. m. b. H. (M. Thorlacius).

Mál til riftunar samnings vegna galla á vöru og skaðabóta.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóm hefur upp kveðið Björn Þórðarson lögmaður.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 29. nóv. 1941. Krefst hann þess, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið, honum heimilað að skila aftur vöru þeirri, er í málinu greinir, og niður felld skylda hans til greiðslu kaupverðs hennar ásamt kostnaði samkvæmt víxildómi frá 14. okt. 1939. Svo krefst hann og skaðabóta úr hendi stefnda, kr. 1474.14. Til vara krefst áfrýjandi afsláttar af kaupverði eftir mati dómsins.

Þá krefst hann þess og, að staðfest verði kyrrsetningargerð sú, er fram fór í fógetarétti Reykjavíkur 5. marz 1940 og í héraðsdómi getur. Loks krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi hafði með kæru 19. nóv. 1941 skotið til hæstaréttar málskostnaðarákvæði héraðsdómsins, en kærumálinu var frestað með úrskurði hæstaréttar 19. des. s. á., og er það nú sameinað máli þessu. Krefst stefndi þess, að héraðsdómur verði staðfestur, og að honum verði dæmdur málskostnaður úr hendi áfrýjanda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Það verður að teljast sannað með staðfestum skýrslum margra vélamanna á vélbátum í Vestmannaeyjum, að smurningsolía sú, sem hið stefnda félag seldi áfrýjanda, og önnur samkynja olía, er það seldi til Vestmannaeyja um sama leyti og kaup aðilja gerðust, hafi reynzt óhæf á bátavélar. Umboðsmaður hins stefnda félags í Vestmannaeyjum, Óskar Sigurðsson, er hafði milligöngu um sölu vör-

unnar, hefur lýst því fyrir dómi, að hann hafi tjáð kaupendum, að olíur stefnda jöfnuðust að gæðum við olíur frá Vacuum Oil Company, sem kaupendurnir þekktu og höfðu notað. Kveðst umboðsmaðurinn þar hafa farið eftir bréfum frá umboðsmanni félagsins í Noregi, von Krogh. Má og sjá á bréfum frá von Krogh, dags. 14. okt., 2. og 25. nóv. 1938, að hann hefur fullyrt þetta. Þá voru og merkin á olíum hins stefnda félags þannig úr garði gerð, að menn gátu villzt á þeim og merkjum Vacuum Oil Company.

Þegar er áfrýjandi varð var við gallana á vörunni, kvartaði hann undan þeim við umboðsmann hins stefnda félags, Óskar Sigurðsson. Kveðst umboðsmaðurinn hafa tilkynnt von Krogh þá þegar kvartanir þessar, en því er mótmælt af hálfu stefnda. Þann 29. júní 1939 kvartar áfrýjandi í bréfi, er hann ritaði von Krogh, undan göllum vörunnar.

Telja verður, að áfrýjanda hafi verið heimilt að bera umkvörtun sína upp við Óskar Sigurðsson, er hafði einkaumboð í Vestmannaeyjum fyrir hið stefnda félag. Auk þess var hegðun hins stefnda félags, sú sem að framan er lýst, slík, að það gat ekki borið drátt á kvörtun fyrir sig, sbr. 53. gr. laga nr. 39/1922. Samkvæmt framansögðu verður að taka til greina kröfu áfrýjanda um riftun kaupsins, staðfestingu kyrrsetningargerðar og niðurfall skyldu hans til greiðslu fjárhæða samkvæmt víxildómi 14. okt. 1939, að undanskildum bankakostnaði, kr. 13.10, og málskostnaði í víxilmálinu, kr. 451.00. Þá ber og að taka til greina bótakröfu áfrýjanda, að því er varðar greiddan toll, kr. 189.15, greidd hafnargjöld, kr. 30.20, og málskostnað í kyrrsetningarmálinu, kr. 149,00, eða alls kr. 368.35. Ekki er sannað, að áfrýjandi hafi beðið frekara tjón.

Eftir þessum úrslitum málsins þykir rétt, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti, samtals kr. 1200.00.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjanda, Olíusamlagi Vestmannaeyja, er heimil riftun á kaupum þeim, er í málinu greinir, kyrrsetningargerð 5. marz 1940 staðfestist, og niður fellur

skylda áfrýjanda til greiðslu fjárhæða samkvæmt víxildómi 14. okt. 1939, að undanskildum bankakostnaði, kr. 13.10, og málskostnaði, kr. 451.00.

Stefndi, Magnús Thorlacius f. h. Eagle Oil Company of New York, G. m. b. H., greiði áfrýjanda kr. 368.35, svo og málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti, samtals kr. 1200.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 16. nóv. 1941.

Mál þetta, sem dómtekið var 18. þ. m., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 12. marz 1940 af Olíusamlagi Vestmannaeyja Vestmannaeyjum gegn Magnúsi Thorlacius hdm. hér í bæ, f. h. Eagle Oil Company of New Yrk G. m. b. H. í Hamburg. Gerir stefnandi þær réttarkröfur *aðallega*, að kaup á olíu, er stefnandi fékk frá umbjóðanda stefnds og síðar verður vikið að, verði felld úr gildi, og seljandi láti af hendi dóm í bæjarþingsmálinu nr. 244/1939 kvittaðan og greiði Olíusamlaginu bætur fyrir tapaðan ágóða og útlagðan kostnað, ekki minna en kr. 1474.14, gegn afhendingu vörunnar, en *til vara*, að kaupandi fái afslátt af kaupverði vegna galla á vörunni eftir mati réttarins og verði sá afsláttur dreginn frá víxilupphæðinni eða dómsupphæðinni, og enn fremur bætur fyrir ágóðatap og útlagðan kostnað eftir mati réttarins. Enn fremur er krafizt staðfestingar á löghaldsgerð, er stefnandi lét fram fara hjá stefndum þann 5. marz 1940, og loks er krafizt málskostnaðar eftir reikningi eða mati réttarins.

Stefndur krefst þess *aðallega*, að málinu verði vísað frá dómi, *til vara* krefst hann sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar krefst hann, hvernig sem málið fer. Einnig krefst hann þess, að fyrrgreind löghaldsgerð verði felld úr gildi.

Málavextir eru þeir, að frá hausti 1938 til hausts 1939 var Óskar Sigurðsson í Vestmannaeyjum umboðsmaður þar fyrir von Krogh í Hundrop í Noregi, en sá maður var einkasali í Noregi fyrir Eagle Oil Company of New York G. m. b. H. Hamburg. Hafði Óskar leyfi til þess að taka upp pantanir fyrir von Krogh og senda út „á þann hátt, sem vant er um slíka umboðsmenn". Haustið 1938 bauð nefndur Óskar stefnanda til sölu smurningsolíur frá fyrrgreindu félagi, og var verðið miklu lægra en á öðrum smurningsolíum, er voru til sölu í Vestmannaeyjum á þessum tíma. Þannig kostaði svonefnd H-olía frá Vacum Oil Co. kr. 0.90 ÷ 10%

hvert kg, en H-olía frá umbjóðanda stefnds kostaði kr. 0.60—0.62 hvert kg. Þrátt fyrir þennan verðmismun kveðst Óskar hafa sagt stefnanda, að olíur þessar væru eins góðar og Vacuum-olíur, og hafi hann byggt þær upplýsingar á bréfum frá nefndum von Krogh, enda hafi og stefnandi séð bréf þessi áður en kaupin voru gerð, en umrædd pöntun stefnanda virðist hafa farið fram þann 20. okt. 1938. — Skv. þeim bréfum, er fyrir liggja í málinu, virðist stefnandi þó ekki hafa getað séð þessi bréf frá von Krogh, áður en hann gerði pöntunina, því að fyrsta bréfið frá Krogh (dags. 14. okt. 1938, sem svar við bréfi Óskars frá 1. s. m.) virðist ekki hafa verið komið í hendur Óskars þann 21. okt., er hann skrifar Krogh og greinir frá pöntunum þeim, er hann hafi tekið við.

Pöntun stefnanda hljóðaði um 952 kg netto af „Enco Oil P. 976", 1511 kg netto af „Enco Oil P. 978" og 2251 kg netto af „Motor Oil H". Andvirði olíunnar, ásamt vátryggingu, nam U. S. A. $ 533.82, og þann 31. des. 1938 gaf Krogh út víxil fyrir þeirri upphæð, og mun stefnandi hafa samþykkt víxilinn þann 17. jan. 1939, er hann veitti vörunum móttöku, og var gjalddagi víxilsins þann 31. marz s. á. Víxillinn var ekki greiddur í gjalddaga, og með stefnu útgefinni 1. ágúst 1939 höfðaði stefndur mál gegn stefnanda til greiðslu víxils þessa. Í því máli hafði stefnandi þessa máls uppi þær varnir og byggði sýknukröfu á þeim, að félagið hefði verið blekkt til að samþykkja hinn umstefnda víxil, enda hafi olían verið mjög gölluð og verri en lofað hafi verið. Þessar varnir voru ekki, gegn andmælum stefnds, teknar til greina í víxilmálinu, og urðu úrslit þess þau, að Olíusamlagið var dæmt til að greiða stefndum $ 533.82 með 6% ársvöxtum frá 31. marz 1939 til gjaldsdags, ⅓% upphæðarinnar í þóknun, kr. 13.10 í afsagnarkostnað o. fl. og kr. 451.00 í málskostnað. En með því að stefnandi taldi sig eiga kröfur á hendur stefndum út af þessum viðskiptum, lét Olíusamlagið gera löghald í nefndri dómkröfu þann 5. marz 1940 og hefur síðan höfðað mál þetta til staðfestingar löghaldsgerðinni, auk þess sem gerðar eru áðurgreindar dómkröfur.

Frávísunarkröfu sína byggir stefndur í fyrsta lagi á því, að með málssókn þessari sé verið að fá sama dómstólinn til að hrinda fyrri dómi sínum (þ. e. dóminum í áðurgreindu víxilmáli), og sé þannig verið að fara í kringum reglurnar um áfrýjun. — Ekki verður á þetta fallizt, þar sem í lögum er beinlínis gert ráð fyrir, að varnaraðili í víxilmáli, sem ekki fær komið að vörnum þar, geti í öðru almennu máli fyrir sama eða hliðsettum dómstóli komið fram með varnarástæður þessar, eins og stefnandi gerir hér.

Þá hefur stefndur og talið það eiga að varða frávísun málsins, að aðalkrafa stefnanda sé ólögleg (sbr. 209. gr. einkamálalaganna). — Að áliti réttarins þykir það þó snerta efnishlið málsins, hvort

þessi krafa hafi við lög að styðjast eða ekki, og geti þetta atriði því ekki valdið frávísun.

Stefnandi hefur fyrst og fremst byggt málssókn sína á því, að félagið hafi verið beitt þeim svikum í viðskiptum þessum, að samningur aðiljanna sé af þeim sökum ógildur. *Í fyrsta lagi* hafi heiti hins stefnda félags gefið til kynna, að hér væri um ameríska fyrirtæki að ræða, og því til frekari stuðnings hafi það verið, að ábyrgzt var, að um „100% Pensylvania" olíu væri að ræða, og olían hafi átt að greiðast í Bandaríkjadollurum. Nú hafi það komið í ljós, að hér sé um þýzkt firma að ræða, sem ekkert eigi sameiginlegt með New York, nema rangfengið nafn, enda sé olían og þýzk.

Það verður að fallast á, að stefnandi hafi haft nokkra ástæðu til að ætla, að umrætt félag væri ameríska, þegar tekið er tillit til heitis þess, svo og myntar þeirrar, er varan skyldi greidd með. Nú má það að vísu teljast upplýst, að félag þetta sé að verulegu leyti þýzkt, en hins vegar er það ekki, gegn mótmælum stefnds, sannað, að sú yfirlýsing af hálfu umbjóðanda hans, að hér væru um 100% Pensylvania olíu að ræða, sé röng. — Þótt það hafi þannig komið í ljós, að hér sé um þýzkt félag að ræða, en ekki ameríska, þá þykir það út af fyrir sig ekki geta valdið ógildingu samningsins, þar sem þetta atriði getur ekki talizt hafa skipt verulegu máli um samningsgerðina, heldur virðist áherzla hafa verið lögð á hitt, að hér væri um góða vöru að ræða og sambærilega við þá, er tíðkazt hafði, hvaðan svo sem hún kæmi. Það verður og ekki séð, að stefnandi hafi hreyft neinum athugasemdum út af þessu atriði þegar er samlaginu hlaut að vera þetta kunnugt.

Í öðru lagi telur stefnandi, að umboðsmaður hins stefnda félags, Óskar Sigurðsson, svo og fyrrnefndur von Krogh, í áður nefndum bréfum hafi gefið rangar upplýsingar um gæði olíunnar, þar sem þeir hafi staðhæft, að hún væri jafn góð og sams konar olía frá Vacuum Oil Co., en svo hafi það komið í ljós, að olían sé alls ekki sambærileg að gæðum og með öllu ónothæf.

Stefndur mótmælir því eindregið, að rangar upplýsingar hafi verið gefnar af hálfu umbjóðanda síns, enda sé og ósannað, að olían sé ónothæf eða gölluð. — Þess er þegar getið, að ekki verður séð, að umsagnir von Kroghs um vöruna hafi legið fyrir stefnanda, þegar umrædd kaup voru gerð, og verður því ekki talið, að samningurinn hafi getað komizt á þeirra vegna. Umsögnum þeim, sem sölumaðurinn Óskar kann að hafa haft um vöruna, þykir stefnandi hins vegar hafa átt að taka með tilhlýðilegri varúð, og það sérstaklega, þegar þess er gætt, hversu varan var miklum mun ódýrari en olían frá Vacuum Oil Co. — En það, sem fyrst og fremst hefur þýðingu um þetta atriði, er, að eins og málið liggur fyrir, ekki getur talizt sannað, að umrædd olía hafi verið

svo gölluð, sem stefnandi heldur fram. Eins og þegar er tekið fram, var það þrenns konar olía, sem stefnandi pantaði og fékk hjá hinu stefnda félagi. Því til sönnunar, að þessar olíutegundir hafi verið gallaðar og ónothæfar, hefur stefnandi leitt *þrjú* vitni, þá Jón Vigfússon, Berg Loftsson og Einar Hannesson, sem allir eru vélstjórar í Vestmannaeyjum. Sá fyrsttaldi ber, að hann hafi á vetrarvertíðinni 1939 notað *Motoroil* H frá hinu stefnda félagi, og hafi sú olía, að hans áliti, verið þess valdandi, að vélin sótaði sig miklu meira en venjulegt var, og einnig telur hann, að olían hafi verið þynnri en olía frá Vacuum Oil Co. Vitnið Bergur skýrir frá sams konar annmörkum, er hann hafi orðið var við, þegar hann notaði olíu *P. 978* frá hinu stefnda félagi, og sama segir vitnið Einar um olíu *P 976* frá sama félagi. Hér liggur því ekki fyrir lögfull sönnun um það, hver þessara olíutegunda eða þær allar séu svo gallaðar sem stefnandi telur, og þegar af þessari ástæðu er ekki unnt að taka til greina hér að lútandi kröfu stefnanda.

Stefnandi hefur einnig byggt dómkröfur sínar á því, að vegna verulegra galla á olíunni hafi félagið heimild til að rifta samningnum og krefjast skaðabóta af stefndum, enda hafi félagið tilkynnt Óskari Sigurðssyni það strax og gallarnir hafi komið í ljós, að félagið mundi bera þá fyrir sig. — Gegn mótmælum stefnds og með skírskotun til þess, er að framan segir um gögn þau, er fyrir liggja um ásigkomulag olíunnar, þykir þó ekki sannað, svo lögfullt sé, að um slíka galla hafi verið að ræða, að réttlæti kröfu stefnanda, og getur þessi málsástæða því heldur ekki orðið tekin til greina.

Eins og málið liggur nú fyrir, þykir því verða að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda, svo og fella framangreinda löghaldsgerð úr gildi, en rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Dráttur sá, sem orðið hefur á því, að mál þetta yrði munnlega flutt, eftir að gagnasöfnun var lokið, stafar af því, að málflutningsmaður og fyrirsvarsmaður hins stefnda félags hefur eigi talið sig hafa haft tíma til að flytja málið fyrr.

Því dæmist rétt vera:

Framangreind löghaldsgerð er felld úr gildi.

Stefndur, hdm. Magnús Thorlacius f. h. Eagle Oil Company of New York G. m. b. H., skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Olíusamlags Vestmannaeyja, í máli þessu, en málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 24. maí 1944.

Nr. 123/1943. **Réttvísin og valdstjórnin** (Egill Sigurgeirsson)
gegn
Kristínu Arnbjörgu Bogadóttur
og
Soffíu Guðbjörgu Þórðardóttir
(Guðmundur Í. Guðmundsson).

Brot á ákvæðum um verzlun. Brot gegn valdstjórn.

Dómur hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann, þó svo, að vararefsing hvorrar hinnar kærðu verði 12 daga varðhald.

Kærðu greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, krónur 500 til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo að vararefsing hvorrar hinnar kærðu verði 12 daga varðhald, ef sekt greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærðu, Kristín Arnbjörg Bogadóttir og Soffía Guðbjörg Þórðardóttir, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Egils Sigurgeirssonar og Guðmundar Í. Guðmundssonar, kr. 500.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 20. sept. 1943.

Ár 1943, fimmtudaginn 30. september, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var af hinum reglulega dómara Jónatan Hallvarðssyni sakadómara í skrifstofu hans, uppkveðinn dómur í málinu, nr. 2306—2307/1943: Réttvísin og valdstjórnin gegn Kristínu

Arnbjörgu Bogadóttur og Soffíu Guðbjörgu Þórðardóttur, sem tekið var til dóms 15. sama mánaðar.

Mál þetta er af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn ungfrú Kristínu Arnbjörgu Bogadóttur Öldugötu 9 og ungfrú Soffíu Guðbjörgu Þórðardóttur Eiríksgötu 27 hér í bæ fyrir brot gegn XII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940 og lögum um verðlag nr. 3 1943.

Ákærða Kristín er komin yfir lögaldur sakamanna, fædd 2. des. 1908, og hefur hvorki sætt ákæru né refsingu, svo kunnugt sé.

Ákærða Soffía er komin yfir lögaldur sakamanna, fædd 5. febrúar 1912, og hefur hvorki sætt ákæru né refsingu, svo kunnugt sé.

Tildrög máls þessa eru þau, að þann 20. apríl 1943 gaf verðlagsstjórinn út tilkynningu um hámarksverð og hámarksálagningu á vinnu klæðskeraverkstæða, hraðsaumastofa og kjólasaumastofa. Ákvæðin gengu í gildi 7. maí s. á., að því er snerti kjólasaumastofur, og máttu þær reikna sér saumalaun þannig:

1. Fyrir að sauma dag- og kvöldkjóla, slétta, allt að kr. 50.00.
2. Fyrir að sauma dag- og kvöldkjóla með mismunandi eða dýrri handavinnu allt að kr. 40.00—80.00.
3. Fyrir að sauma samkvæmiskjóla, slétta, allt að kr. 75.00.
4. Fyrir að sauma samkvæmiskjóla með mismunandi mikilli handavinnu allt að kr. 60.00—120.00.

Jafnframt var svo ákveðið, að saumaverkstæði, sem óski að sauma kvenfatnað, sem vegna mikillar eða dýrrar handavinnu krefst hærri saumalauna en nefnd hafa verið, þyrfti að fá til þess sérstök leyfi, sem fengjust aðeins, ef ákveðin skilyrði yrðu uppfyllt, og skyldu umsóknir sendar fyrir 1. maí s. á.

Hinar ákærðu hafa undanfarið rekið saumastofuna „Kjóllinn" Þingholtsstræti 3 hér í bæ. Hefur saumastofan aðallega framleitt kjóla bæði á lager og eftir máli, og hafa starfað þar að jafnaði á veturna 10—11 saumastúlkur. Hefur saumastofan haft opna sölubúð í sambandi við verkstæðið. Þegar fyrrgreind verðlagsákvæði gengu í gildi, hættu ákærðu strax að selja þær vörur, er saumastofan framleiddi eða hafði framleitt. Ástæðan til þessa var sú, að ákærðu töldu, að hámarksákvæðin um saumalaun væru svo lág, að framleiðslan svaraði ekki kostnaði, ef fara ætti eftir þeim. Töldu hinar ákærðu sig því ekki geta selt vöru sína með hinu gildandi hámarksverði, en þær myndu selja hana, ef verðlagsákvæðin breyttust þannig, að þær gætu við unað.

Þann 8. maí, eða daginn eftir að hámarksákvæðin gengu í gildi, komu eftirlitsmenn frá verðlagsstjóra í saumastofuna til þess að gera birgðakönnun, en báðar hinar ákærðu synjuðu eftirlitsmönnunum um aðgang að birgðunum, þar sem saumastofan væri hætt störfum, og fóru eftirlitsmennirnir við svo búið.

Samkvæmt úrskurði voru svo kjólabirgðir saumastofu ákærðu kannaðar þann 27. maí, og reyndust þær vera 96 kjólar, verðlagðir frá 135—490 krónur stk., auk nokkurra óverðlagðra.

Hinar ákærðu áttu þess kost, samkvæmt tilkynningu verðlagsstjóra frá 20. apríl að sækja um hærri saumalaun fyrir kjóla með mikilli og dýrri handavinnu, en þær segjast ekki hafa notað sér þessa heimild, vegna þess að þar sé einungis talað um, að undanþága verði gefin vegna handavinnu, en oft sé mjög mikil vélavinna við kjólana.

Hinn 31. maí sóttu ákærðu þó til verðlagsstjóra um sérstaka verðlagningu á kjólum saumastofunnar, og með bréfi 12. júní s. l. setti hann reglur þar að lútandi. Samkvæmt þeim mátti yfirleitt taka hærri saumalaun en ákveðið var í tilkynningunni frá 20. apríl.

Hinn 17. júní s. l., opnuðu ákærðu saumastofu sína að nýju og hófu þá sölu á kjólum þeim, sem fyrirliggjandi voru hinn 7. maí, en á tímabili því, sem lokað var, höfðu þeir ekki verið látnir falir.

Hinum ákærðu var heimilt að hætta sölu á þeim kjólum, er þær áttu fyrirliggjandi þann 7. maí, ef tilgangurinn var sá að hafa vörurnar ekki framar á boðstólum sem verzlunarvöru eða að selja hana ekki hærra verði en tilkynningin frá 20. apríl leyfði, en í framburði sínum hafa þær viðurkennt, að þær hafi ætlað að selja kjóla þessa, ef verðlagsákvæðin breyttust þannig að þær gætu við unað, þ. e. a. s. ef þær fengju hærra verð, enda hefur svo reynzt, þar sem þær hafa nú boðið fram kjóla þessa til sölu og selt nokkra þeirra á því verði, er verðlagsstjóri ákvað þann 12. júní, en það var yfirleitt hærra en samkvæmt tilkynningunni frá 20. apríl. Hinar ákærðu hafa þannig á greindu tímabili haldið vörum úr umferð í því skyni að fá hærra verð fyrir þær síðar og hafa með því brotið gegn 4. gr. laga um verðlag nr. 3 frá 13. febr. 1943, og getur það ekki leyst þær undan refsingu, þó framleiðsluverð einstakra kjóla kunni að hafa numið hærri upphæð en hægt var að selja þá á samkvæmt verðlagsreglunum, enda áttu þær þess kost, að fá úrskurð um sérstaka verðlagningu fyrir gildistöku almennu verðlagsákvæðanna, svo sem áður greinir.

Eins og málsatvikum hefur verið lýst hér að framan, verður eigi talið, að hinar ákærðu hafi með framferði sínu brotið gegn XII. kafla alm. hegningarlaga, þar sem þær hindruðu ekki eftirlitsmennina að gegna skyldustörfum sínum með neinum verknaði, heldur báru einungis fram munnlega neitun um, að þeir framkvæmdu birgðakönnun, og ber því að sýkna þær af ákæru réttvísinnar í máli þessu.

Fyrir framangreint brot á verðlagslöggjöfinni þykir refsing hvorrar hinnar ákærðu samkvæmt 2. mgr. 9. gr. sömu laga hæfilega ákveðin 500 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 20

daga í stað sektar hvorrar þeirra, séu sektirnar ekki greiddar innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Hinar ákærðu ber að dæma til að greiða in solidum allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda þeirra, hrl. Guðmundar Í. Guðmundssonar, kr. 300.00.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Ákærðu, Kristín Arnbjörg Bogadóttir og Soffía Guðbjörg Þórðardóttir, eiga að vera sýknar af ákæru réttvísinnar í máli þessu, en greiði hvor fyrir sig fyrir brot gegn 4. gr. laga um verðlag nr. 3 1943, 500.00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 20 daga í stað sektar hvorrar þeirra, sé hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærðu greiði allan sakarkostnað in solidum, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda þeirra, hrl. Guðmundar Í. Guðmundssonar, kr. 300.00.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 26. maí 1944.

Nr. 63/1943. **Fulltrúaráð Verklýðsfélaganna á Akureyri**
(Stefán Jóhann Stefánsson)
gegn
Verkamannafélagi Akureyrarkaupstaðar
og
Verkakvennafélaginu Einingu
(Sveinbjörn Jónsson).

Mál til brigðar á húseign og til skaðabóta fyrir afnot hennar.

Dómur hæstaréttar.

Sigurður Eggerz bæjarfógeti hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 15. júlí 1943 og að fengnu áfrýjunarleyfi 28. júní s. á., gerir þær kröfur, að ákveðinn verði eignar- og umráðaréttur áfrýjanda að efri hæð hússins nr. 7 við Strandgötu Akureyri, ásamt lóðarréttindum, sbr. kaupsamning 28. sept. 1930, gegn greiðslu kaupverðs greinds eignarhluta, kr. 14000.00, svo og að stefndu verði dæmt að

greiða skaðabætur fyrir afnot, rýrnun og skemmdir á húsinu, alls kr. 33452.00. Loks krefst hann og málskostnaðar bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndu krefjast staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Þegar húshluti sá, sem í máli þessu greinir, var keyptur 1930, var andvirði hans greitt fé, sem að miklu leyti var lagt fram af hinum stefndu félögum. Talið er, að ekkert fulltrúaráð verklýðsfélaga á Akureyri hafi verið við lýði frá því á árinu 1933 og fram undir árslok 1939. Allan tímann frá því að fulltrúaráð hvarf úr sögu 1933 og þangað til mál þetta var höfðað, hafa hin stefndu félög óátalið, að því er séð verður, farið með umráð greinds húshluta, notið arðs af honum og hagnýtt hann sem sína eign. Þegar þessi atriði eru virt, þykir ekki fulltrúaráð verklýðsfélaga á Akureyri, er stofnað var rétt fyrir árslok 1939 hafa sýnt heimild sína til heimtu greinds húshluta úr höndum stefndu. Ber því að staðfesta héraðsdóminn að niðurstöðu til um sakarefnið.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda kr. 1200.00 í málskostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Stefndu, Verkamannafélag Akureyrarkaupstaðar og Verkakvennafélagið Eining, eiga að vera sýkn af kröfum áfrýjanda, fulltrúaráðs verklýðsfélaganna á Akureyri.

Áfrýjandi greiði stefndu kr. 1200.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akureyrar 9. nóv. 1942.

Mál þetta hefur höfðað Erlingur Friðjónsson f. h. fulltrúaráðs verklýðsfélaganna á Akureyri að undangenginni árangurslausri sáttatilraun með stefnu dags. 27. maí 1942 fyrir bæjarþingi Ak-

ureyrar gegn stjórnum Verkamannafélags Akureyrar og Verkakvennafélaginu Eining sama staðar og gerir hann þær dómkröfur, að téð félög verði, að viðlögðum 500 kr. dagsektum, dæmd til að viðurkenna eignar- og umráðarétt fulltrúaráðs verklýðsfélaganna á Akureyri að efri hæð hússins Strandgötu 7 Akureyri með tilheyrandi lóðarréttindum, samkvæmt kaupsamningi frá 28. september 1930, og greiða skaðabætur að mati dómkvaddra manna fyrir afnot tekna af húsinu og fyrir rýrnun og skemmdir á húsinu frá 11. jan. 1931 til þess tíma, er framangreind eignarréttarviðurkenning fer fram, svo og að greiða málskostnað, en samkvæmt framlögðum reikningi er hann kr. 1082.00.

Stefndu hafa neitað að verða við kröfum stefnanda og krefjast algerðrar sýknu og málskostnaðar, er upphaflega var gerður kr. 1000.00, en jafnframt áskilið að gera hærri málskostnaðarkröfu síðar, og er nú krafa sú, sem alls hefur verið gerð, kr. 1071.00, og eru 71 kr. talin réttargjöld, þar sem bætt var við kröfuna 71 kr. undir munnlega málflutningnum.

Í stjórn Verkamannafélagsins eru: Loftur Meldal, Lárus Björnsson, Ólafur Eiríksson, Jónas Hallgrímsson, Steingrímur Eggertsson. Í stjórn Verkakvennafélagsins: Elísabet Eiríksdóttir, Áslaug Guðmundsdóttir, Lísbet Tryggvadóttir, Margrét Vilmundardóttir.

Málavextir virðast þessir:

28. septbr. 1930 er gerður kaupsamningur milli stjórna Kaupfélags verkamanna og fulltrúaráðs verklýðsfélaganna á Akureyri, réttarskj. 4. Í byrjun skjalsins segir svo: Kaupfélag verkamanna lofar að selja verklýðsfélögunum á Akureyri hluta af hinu nýkeypta húsi sínu nr. 7 við Strandgötu fyrir 14000 kr. Taka verklýðsfélögin við hlutanum 1. október n. k. Í samningnum er greint frá því, að hinn seldi húshluti sé efri hæð hússins með aðgangi að forstofu á neðri hæð og bakdyrainngangi, en réttindin að lóðinni nr. 7 við Strandgötu skyldu vera í óskiptilegri sameign kaupanda og seljanda, og eignahlutföll aðilja í henni reiknast þannig, að kaupfélagið, seljandi, ætti ⅔ hluta hennar, en verklýðsfélögin, kaupandi, ⅓ hluta. Hina seldu húseign og nýbyggingar þær, sem verklýðsfélögin síðar kynnu að reisa á lóðinni, mætti þó aðeins nota sem samkomuhús og fyrir aðra starfsemi þeirra, svo sem lestrarsal, ráðningarskrifstofur o. s. frv., nema að þeir fengju leyfi kaupfélagsins (seljanda) til annarrar notkunar.

Í afsalainu, sem er áritað á samninginn, stendur: Með því verklýðsfélögin á Akureyri hafa í dag greitt að fullu andvirði fyrir þann hluta af húseigninni Strandgötu 7 á Akureyri, sem þau hafa keypt af Kaupfélagi verkamanna samkvæmt framanrituðum kaupsamningi, afsalar stjórn Kaupfélags verkamanna hér með til verklýðsfélaganna á Akureyri hluta þeim af eigninni Strandgötu 7, sem þau hafa keypt samkvæmt samningnum.

Stefnandinn hefur haldið því fram, að þegar umrædd kaup voru gerð, þá hafi fulltrúar frá Verkamannafélagi Akureyrar, Jafnaðarmannafélagi Akureyrar og Verkakvennafélaginu Eining myndað fulltrúaráð verklýðsfélaganna á Akureyri, og hafi fulltrúar frá þessum félögum, auk annarra fulltrúa, sem bætt var inn í fulltrúaráðið, undirritað skuldabréf dags. 30. jan. 1931, þar sem fulltrúaráðið veðsetur eign sína efri hæð hússins nr. 7 við Strandgötu á Akureyri fyrir 3000 kr. láni frá sjúkrasjóði Verkakvennafél. Eining á Akureyri.

Skuldabréf þetta er á réttarskjali 5 og hefur stefnandinn talið, að þetta skuldabréf sýndi ljóslega, að fulltrúaráðið væri eigandi hússins. Rétt þykir að taka fram, að í skuldabréfinu stendur eigi, að fulltrúaráðið veðsetji „sína eign", heldur stendur skýrum orðum, að það veðsetji nr. 7 við Strandgötu efri hæðina, sem sé eign verklýðsfélaganna.

Stefnandinn hefur og haldið því fram, að fulltrúaráðið sé samkvæmt lögum Alþýðusambandsins kaupandi að umræddum hússhluta, en bak við fulltrúaráðið standi þau félög, er á hverjum tíma væri í Alþýðusambandinu á staðnum. Ný félög, sem löglega kæmu inn í ráðið, eignuðust að sjálfsögðu sinn hluta í húseigninni, eins og í öðrum hlutum ráðsins, en þau, sem út færu, misstu að sjálfsögðu sinn hluta í húseigninni. Í 15. gr. laga Alþýðusambandsins, réttarskjal 6, en þau lög giltu, þegar kaupsamningurinn var gerður, segir í 15. gr., en í þá grein hefur seljandinn vísað máli sínu til stuðnings: „Í hverju kjördæmi, sem sambandsfélög eru í, mynda fulltrúar félaganna þeir, sem nefndir eru í 12. gr., fulltrúaráð. Fulltrúaráðið setur sér sjálft reglur um verkaskiptingu og annast milli þinga þau mál, sem sérstaklega snerta hvert kjördæmi um sig. Hvert fulltrúaráð ákveður fyrir sitt kjördæmi, hverir vera skulu frambjóðendur til kosninga í opinberar stöður." Þá hefur og verið vísað í seinni lög Alþýðusambandsins, réttarskjal 25, og stendur meðal annars í þeim í 49. gr.: Fulltrúaráðið hefur með höndum hin sameiginlegu mál sambandsfélaganna, gætir hinna sameiginlegu eigna þess og stjórnar hinum sameiginlegu fyrirtækjum þeirra.

Stefnandinn hefur nú enn skýrt frá því, að á árinu 1930 hafi gerzt þau tíðindi innan verklýðshreyfingarinnar, að kommúnistar klufu sig úr Alþýðusambandinu og Alþýðuflokknum og fengu þá yfirráð yfir sambandsfélögunum á Akureyri. Kommúnistar fengu þá alla fulltrúana í fulltrúaráðinu. Þeir sendu eigi fulltrúa á sambandsþing, og fulltrúaráðið lognaðist út af um skeið, en Verkamannafélag Akureyrar og Verkakvennafélagið Eining fóru þá að halda sameiginlega fundi og kusu þá húsnefnd, sem hafði þá stjórn efri hæðar hússins við Strandgötu 7. Segir stefnandinn, að síðan hafi nefnd þessi haft með stjórn þessa hússhluta að gera og talið

hann eign þessara félaga. Á rústum þessarar sundrungar, sem verklýðsfélögin á Akureyri hafi lent í við klofninginn, risu brátt upp ný verklýðsfélög á Akureyri, er tóku forustuna í verklýðsmálum á staðnum og gengu smám saman í Alþýðusambandið, er hin eldri félög hafi verið horfin þaðan. Fulltrúaráð í samræmi við lög Alþýðusambandsins varð eigi til, fyrr en 13. desember 1939, og var það endurreist af fulltrúum þeim, er sátu Alþýðusambandsþing 1938, en það voru fulltrúar frá Verklýðsfélagi Akureyrar, Vélstjórafélagi Akureyrar, Bílstjórafélagi Akureyrar og Iðju, félagi verksmiðjufólks á Akureyri, en 3 síðasttöldu félögin komu ekki fyrr inn í Alþýðusambandið, en að þetta var í fyrsta sinn, sem þau kusu á sambandsþing, Bílstjórafélagið var eigi stofnað fyrr en árið 1935, og Iðja 1936, en Vélstjórafélagið gekk ekki inn í Alþýðusambandið fyrr en 1937. Segir stefnandinn, að fyrst 13. des. 1939 hafi þá verið að nýju komin lögformlegur aðili til að annast um efri hæð hússins í Strandgötu 7. Ef viðurkennd væri krafan um eignarrétt fulltrúaráðsins, þá virðist svo sem enginn eigandi hafi verið að húshlutanum frá 1930 eða 1931 til 1939.

Umboðsmaður stefnda hefur haldið því fram, að Verkamannafélag Akureyrar og Eining hafi, þegar þau hafi komið fram sameiginlega, verið kölluð verklýðsfélögin á Akureyri. Hann mótmælir því mjög ákveðið, að fulltrúaráð verklýðsfélaganna sé sjálfstæður aðili, sem beri réttindi og skyldur og eigi þær eignir, sem félögin, sem ráðið mynda, hafa til afnota. Þá mótmælir hann því eindregið, að Verklýðsfélag Akureyrar, Bílstjórafélag Akureyrar og Iðja, félag verksmiðjufólks, eða fulltrúaráð það, sem þessi félög hafa myndað, eigi nokkurt tilkall til húshlutans, sem verklýðsfélögin, Verkamannafélag Akureyrar og Eining keyptu af Kaupfélagi verkamanna með kaupsamningi 28. sept. 1930. Ekkert þessara félaga hafi þá verið til orðið, nema ef til vill Vélstjórafélagið, en þó það hafi verið stofnað, þá hafi það eigi verið í Alþýðusambandinu og átti engan fulltrúa í ráðinu.

Félög þessi segir hann, að hafi ekki lagt eyrisvirði til kaupanna. Þá hefur umboðsmaður stefnda haldið því fram, að Kaupfélag verkamanna hafi viðurkennt, að það hafi selt Verkamannafélagi Akureyrar og Verkakvennafélaginu Eining umræddan húshluta og vísar hann til sönnunar þessu í réttarskjal 10, en skjal þetta er eftirrit af sáttakæru í máli, er kaupfélagið höfðaði á móti Verkamannafélagi Akureyrar og Verkakvennafélaginu. Í upphafi kærunnar er tekið fram, að með kaupsamningi dags. 28. sept. 1930 seldi Kaupfélag verkamanna Akureyri verklýðsfélögunum á Akureyri, þ. e. Verkamannafélagi Akureyrar og Verkakvennafélaginu Eining, hluta af húseign sinni nr. 7 við Strandgötu á Akureyri. Þá hefur umboðsmaður stefnda vísað í réttarskjal 11, en sam-

kvæmt því viðurkenna verklýðsfélögin á Akureyri, Verkamannafélag Akureyrar og Verkakvennafélagið Eining, að þau eigi ógoldið af kaupverði hússins nr. 7 í Strandgötu kr. 6710.54, og skuldbinda sig til greiðslu á 1. veðréttarskuld á húseigninni við Landsbankann eftir nánari reglum, sem teknar eru fram í skjalinu. Þá tekur umboðsmaður stefndu einnig fram, að í fasteignamati Akureyrar, réttarskjali 12, séu Verkamannafélag Akureyrar og Verkakvennafélagið Eining talin eigendur að efri hæð hússins Strandgötu 7. Þá hefur umboðsmaður stefnda haldið því fram, að frá því í september 1930 hafi umbjóðendur hans greitt alla skatta og skyldur af húseigninni hvíla (svo) að $^{14}/_{31}$ hlutum á móti $^{17}/_{31}$ hlutum, er Kaupfélag verkamanna hefur greitt. Við aðiljayfirheyrslu sagði Erlingur Friðjónsson, að félögin hefðu neitað að greiða fasteignaskatt af húsi og lóð. Heldur umboðsmaður stefndu því fram, að sannleikurinn í því máli sé, að Kaupfélag verkamanna hafi neitað að taka við þessari greiðslu, nema að önnur krafa, sem stefndu töldu, að Kaupfélagið hefði eigi tilkall til, væri greidd.

Semi vitni í málinu hafa verið leidd Þorsteinn Þorsteinsson, sem var í stjórn Verkamannafélagsins og sömuleiðis í stjórn Kaupfélagsins, og enn fremur Magnús Gíslason, sem var í húsnefndinni. Gildi vitnisburða þessara manna hefur verið mótmælt vegna aðstöðu þeirra til hinna stefndu félaga, og þykir því eigi ástæða til að fara nákvæmlega inn á vitnisburð þeirra. Bæði þessi vitni segja, að eignarréttur hinna stefndu félaga til efri hæðar hússins hafi eigi verið véfengdur, meðan þeir gegndu störfum fyrir félögin. Bæði segja, að hin stefndu félög hafi staðið straum af kostnaði við rekstur o. fl. á efri hæð hússins. Öfluðu þau sér fjár í þessu skyni á ýmsan hátt. Þorsteinn segir, að fleiri félög hefðu getað orðið eigendur hússins, en hann man eigi eftir, að önnur félög hafi sótt um að verða eigendur. Þorsteinn minnist þess eigi, að fulltrúaráðið hafi haft forgöngu um, að byggt væri á Kaupvangstorgi, en við það var hætt, er félögin eignuðust efri hæð hússins nr. 7. Magnús segir aftur, að fulltrúaráðið hafa haft greindan undirbúning með höndum samkvæmt umboði frá félögunum. Samkvæmt réttarskjölum 28 og 29, er umboðsmaður stefnanda hefur lagt fram, virðast félögin hafa haft nokkra forgöngu um þetta mál.

Undir aðiljayfirheyrslu segir Erlingur Friðjónsson, að fulltrúaráðið hafi fengið 9500 kr. lán í Landsbankanum til húskaupanna, en þessu mótmælir umboðsmaður stefnds, segir, að þetta lán hafi verið á nafni Kaupfélags verkamanna, en að Verkamannafélagið og Eining hafi tekið það af sér, eins og segir í réttarskj. 11. Þá talar hann og einnig um áður greindar 3000 kr., sem var lánað hjá Eining, og 6500 kr., sem fengnar voru hjá Verkamannafélaginu, og einnig getur hann um skuldabréf, sem seld voru og verið fyrir grunninum gamla. Yfir höfuð bendir allt á,

að það hafi aðallega verið Verkamannafélagið og Eining, sem hafi lánað sjóði sína og á annan hátt lagt fé til hússins, en hins vegar verður eigi séð, að fulltrúaráðið hafi lagt nokkuð í húsið, en það virðist hafa farið með mál félaganna sem eins konar umboðsmaður, en þetta hefur leitt til, að sumir hafa blandað þessum rétti til að fara með ýmisleg umboð fyrir félögin við sjálfan eignarréttinn.

Af réttarskjali 6, fundargerðum o. fl., virðist ekki hægt að draga neina ályktun til þess, að fulltrúaráðið hafi eignarrétt á húsinu, og þykir eigi ástæða að fara frekar inn á þetta réttarskjal. Stefnandinn hefur vísað sínu máli til stuðnings í það að fulltrúaráðið hafi gefið út skuldabréf til fjársöfnunar fyrir félagið, en einmitt einnig á þessu sviði virðist fulltrúaráðið koma fram aðeins sem umboðsmaður félaganna.

Það virðist viðurkennt, að hin nýju félög, sem standa á bak við fulltrúaráðið, hafi eigi gefið þeim umboð til að fara í þetta mál og heimta eignarrétt yfir húsinu, og eitt félaganna hefur lýst því yfir, að það gerði ekkert tilkall til að eignast efri hæð hússins nr. 7, nefnilega Bílstjórafélagið. Það þykir rétt að taka fram, að niðurstaðan af mati því, sem framkvæmt var, sbr. réttarskjal 15, sýndi, að kostnaður við viðgerð á skemmdum á húsinu mundi nema kr. 7832, mat á sjálfu húsinu nam kr. 18300.00 og árleg húsaleiga var metin kr. 1830.00.

Rétt þykir að taka fram, að umboðsmaður stefnda krefst þess, að stefnandinn yrði sektaður fyrir ástæðulausa málssókn.

Rétturinn lítur svo á, að réttarskjal 4 taki af allan vafa í þessu máli. Í afsalinu er greinilega tekið fram, að Kaupfélag verkamanna afsali verklýðsfélögunum efri hæð hússins nr. 7. Afsal þetta er þinglesið án athugasemda.

Í afsalinu er hvergi minnzt á fulltrúaráðið. En í kaupsamningum, sem fer á undan afsalinu, kemur fulltrúaráðið fram sem umboðsmaður verklýðsfélaganna. Í réttarskjali nr. 5, sem stefnandinn hefur aðallega vísað til til sönnunar eignarétti fulltrúaráðsins, tekur fulltrúaráðið fram, að húshlutinn, sem það veðsetur Verkakvennafélaginu Eining, sé eign verklýðsfélaganna. Einnig á þessu skjali sést það, að fulltrúaráðið er ekki eigandi húshlutans. Réttarskjal 11 bendir og í sömu átt, og sömuleiðis fasteignamat bæjarins, þar sem húshlutinn er talinn eign verklýðsfélaganna. Þá hefur seljandinn, Kaupfélag verkamanna, skýrt tekið fram á réttarskjali 10, að það hafi selt verklýðsfélögunum, Verkamannafélagi Akureyrar og Verkakvennafélaginu Eining, hluta af húseigninni nr. 7. Í þessari yfirlýsingu er skýrt tekið fram, að eigi sé um önnur félög að ræða en þessi 2, sem tilgreind eru í afsalinu, en einmitt þessi félög hafa lánað sjóði sína til þess að kaupa húseignina, og það virðist eigi sannað, að önnur félög hafi lagt neitt af

mörkum til húskaupanna. Afstaða fulltrúaráðsins í afskiptum þess af húskaupunum virðist mörkuð sem aðstaða umboðsmanns, og einmitt þetta virðist samrýmanlegt ákvæðum laga Alþýðusambandsins. Það virðist auðsætt á takmörkun þeirri, sem gerð er á notkun húseignarinnar, að hún er hugsuð sem heimili verklýðshreyfingarinnar á Akureyri, en á þetta atriði og hvaða áhrif skipting verklýðsins í hægfara og róttækari átt hefur í þessu efni, þykir eigi ástæða að fara frekar inn á í dóminum, þar sem svo skýr gögn liggja fyrir í málinu, eins og fram hefur verið tekið, um að fulltrúaráðið er eigi eigandi húshlutans. Samkvæmt því, sem fram hefur verið tekið, verður því krafan um, að eignarréttur fulltrúaráðsins verði viðurkenndur eigi tekin til greina. Og samkvæmt því verður skaðabótakrafan eigi tekin til greina, enda er hún í stefnunni miðuð við, að eignarréttur fulltrúaráðsins yfir húsinu verði viðurkenndur.

Krafan um, að stefnandinn verði dæmdur í sekt fyrir óþarfa málssókn, verður eftir atvikum eigi tekin til greina.

Stefnandinn (svo) ber eftir þessum úrslitum að greiða stefndum í málskostnað kr. 1071.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndu, stjórn Verkamannafélags Akureyrar og stjórn Verkakvennafélagsins Eining, eiga að vera sýknar af kröfum stefnanda, Erlings Friðjónssonar fyrir hönd fulltrúaráðs verklýðsfélaganna á Akureyri. Í málskostnað greiði stefnandinn stefndu kr. 1071.00.

Dóminum að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 31. maí 1944.

Nr. 46/1944. **Guðmundur Þorkelsson**

gegn

Gísla Kr. Gíslasyni.

Útivistardómur.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Guðmundur Þorkelsson, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 5. júní 1944.

Nr. 21/1944. **Valdstjórnin** (Sigurður Ólason)
gegn
Gunnari Ólafssyni (Jón Ásbjörnsson)

Brot á ákvæðum um sölu varnings til útlanda.

Dómur hæstaréttar.

Freymóður Þorsteinsson fulltrúi hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Kærði er sameigandi og umráðamaður verzlunar þeirrar, þar sem drýgð voru brot þau, sem lýst er í dómi undirréttar. Verður því að telja hann ábyrgan fyrir sekt, sem til hefur verið unnið í verzlunarrekstrinum samkvæmt lagaboðum þeim, er greinir í héraðsdómi, og álízt sektin þar hæfilega ákveðin. Hins vegar þykir ekki eiga að dæma kærða til refsivistar til vara, ef sektin greiðist ekki, þar sem ekki er upp komið, að brotin hafi verið drýgð með vitund hans eða vilja eða vegna saknæms skorts á aðgæzlu af hans hendi.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta héraðsdóm, að fráskildu ákvæði um vararefsingu.

Kærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 500.00 til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Gunnar Ólafsson, greiði 600 króna sekt til ríkissjóðs.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu málskostnaðar í héraði staðfestist.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Sigurðar Ólasonar og Jóns Ásbjörnssonar, 500 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Vestmannaeyja 22. des. 1943.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 18. þ. m., er höfðað af valdstjórnarinnar hálfu með stefnu, útg. 8. þ. m., á hendur Gunnari Ólafssyni kaupmanni, Vík Vestmannaeyjum, fyrir meint brot á reglugerð nr. 168 frá 12. september 1939, sbr. lög nr. 49 frá 12. sept. s. á., nú lög nr. 11 frá 12. febrúar 1940, um sölu og útflutning á vörum, og reglugerð nr. 159 frá 18. september 1940, um sölu og úthlutun á nokkrum matvörutegundum, sbr. lög nr. 37 frá 12. júní 1937, til refsingar og greiðslu sakarkostnaðar.

Kærður Gunnar Ólafsson er fæddur 18. febrúar 1864 í Sumarliðabæ í Holtahreppi Rangárvallasýslu, og hefur, svo kunnugt sé, sætt refsingu og ákærum hér í umdæminu sem hér segir:

1933 $^{2}/_{11}$ Sátt, kr. 25.00 í sekt fyrir brot á byggingarsamþykkt Vestmannaeyja.

1933 $^{7}/_{12}$ Kærður fyrir brot á heilbrigðissamþykkt Vestmannaeyja. Afgreitt með aðvörun lögreglustjóra.

1934 $^{9}/_{3}$ og $^{1}/_{5}$ Kærður af iðnráði Vestmannaeyja fyrir brot á lögum um iðju og iðnað. Afgreitt með aðvörun lögreglustjóra

1935 $^{2}/_{12}$ Kærður vegna Dráttarbrautar Vestmannaeyja h/f sem stjórnarformaður fyrir brot á lögum um slysatryggingu. Afgreitt $^{15}/_{1}$ 1936 með aðvörun.

1935 $^{21}/_{10}$ Dómur, 50 kr. sekt fyrir brot á tolllögum.

Tildrög málsins eru eftirfarandi:

Síðari hluta marzmánaðar síðastl. kom seglkútterinn Yvonne frá Færeyjum til Vestmannaeyja til þess að taka við ísfiski til flutnings til Englands. Hinn 27. marz að morgni var lestun ísfisksins lokið, og skipið ferðbúið. Komu þá tollþjónar um borð og fundu þeir í lúkar skipsins allmikið af vörum, bæði skömmtunarvörum og öðrum vörum. Skýrði skipstjórinn svo frá, að vörur þessar hefði hann keypt hér í Vestmannaeyjum hjá verzlun Gunnars Ólafssonar & Co. og hjá verzlun Helga Benediktssonar. Kvaðst hann ætla að flytja vörur þessar til Færeyja til neyzlu þar, enda væri allmikill skortur þar á matvörum og öðrum vörum. Tollþjónar tóku úr skipinu og fluttu í land 17 sekki af maís, 7 sekki af hveiti og 1 sekk af lauk. Voru vörur þessar síðan afhentar seljendum gegn endurgreiðslu þeirra á kaupverðinu til umboðshafa skútunnar í Vestmannaeyjum. Af þessum vörum voru 9 sekkir af maís og laukurinn frá verzlun Gunnars Ólafssonar & Co., en hitt frá verzlun Helga Benediktssonar.

Verzlun Gunnars Ólafssonar & Co. hafði haft með höndum afgreiðslu skútunnar, og hafði fengið leyfi tollvarða til þess að selja skútunni matvörur til ferðarinnar út, og þar á meðal 50 kg af hveiti og sömu þyngd af sykri. En auk þess seldi verzlunin skútunni allmikið af vörum, án þess að leyfi væri fengið. Námu

reikningar verzlunarinnar yfir öll viðskiptin alls kr. 5230.48, og voru úttektarliðirnir og verð þeirra eftirfarandi:

659 planka 2″×5″ 1/75	kr.	1153.25
5 rúllur vírnet 148/—	—	740.00
500 dósir af síld	—	890.00
2 ks. rúsínur 78/—	—	156.00
35 kg galv. stifti 3/50	—	122.50
1500 spíkara 4″ 0/12	—	180.00
108 lampaglös	—	307.80
Lampa- og luktarkveiki	—	84.70
25 fl. salatolía	—	83.75
5 pk. lauk 80/—	—	400.00
10 pk. maís 42/—	—	420.00
42 kg mör 7/—	—	294.00
13 kg kjöt 6/50	—	84.50
50 kg hveiti 0/98	—	49.00
50 kg sykur (melis og strásykur)	—	92.50
10 kg export 6/80	—	68.00
Ýmsar smáúttektir, bæði matvörur og annað	—	104.48
	Kr.	5230.48

Nokkur lögreglurannsókn fór fram út af þessum viðskiptum, og var útskrift af rannsókninni þar næst send dómsmálaráðuneytinu. Lagði ráðuneytið svo fyrir, að komið yrði fram refsiábyrgð á hendur kærðum og Helga Benediktssyni með réttarsætt eða dómi, en þar sem sættir tókust ekki við ákærðan, var mál þetta höfðað.

Kærður hefur sjálfur haldið uppi vörnum í málinu. Hann hefur ekki borið á móti, að umrædd viðskipti hafi átt sér stað, enda tilgangslaust, þar eða nægar sannanir liggja fyrir. Hins vegar hefur hann haldið því fram, að hann hafi ekkert um þessi viðskipti vitað fyrr en eftir á, enda stjórni hann ekki verzluninni og fylgist ekkert með rekstrinum. Telur hann þar af leiðandi, að málssókninni sé ranglega beint gegn sér, en hins vegar virðist hann álíta, að henni hafi átt að beina gegn starfsmönnum verzlunarinnar, verzlunarstjóranum, Sigurjóni Högnasyni, eða deildarstjóranum, Árna Jónssyni. Svo hefur ákærður og talið, að þessi viðskipti hafi verið fullkomlega heimil og baki ekki refsiábyrgð. Hefur ákærður sett fram kröfur, byggðar á þessum ástæðum, aðallega að málinu verði frávísað vegna aðildarskorts, sem raunar verður að skiljast sem sýknukrafa, en til vara sýknu. Einnig hefur hann sett fram kröfu um málskostnað sér til handa.

Við rannsókn málsins er það upplýst, að kærður er eigandi að verzluninni Gunnar Ólafsson & Co. að ⅔ hlutum, en hinir eigendur verzlunarinnar eru búsettir í Reykjavík og voru búsettir

þar, er viðskiptin áttu sér stað. Kærður stjórnaði verzluninni að öllu eða mestu leyti til ársloka 1941, en þá veiktist hann, og tók því Sigurjón Högnason við stjórn verzlunarinnar og hefur haft hana með höndum síðan. Hins vegar hefur æðsta vald í málefnum verzlunarinnar jafnan verið í höndum ákærða, enda er hann eini eigandi hennar búsettur hér á staðnum, svo og verzlunin stofnuð af honum og ber hans nafn. Er veikindi kærðs bötnuðu, kom hann öðru hvoru í verzlunina, og hlaut þar af leiðandi að fylgjast eitthvað með rekstrinum. Upplýst er, að á þeim tíma, er viðskipti þessi fór fram, kom kærður daglega í verzlunina, bæði í búð og skrifstofu. Einnig er upplýst, að verzlunin hafði talsverð viðskipti við færeyskar skútur, og að kærðum var það kunnugt, þótt hann hins vegar telji sig ekki hafa vitað, hvaða vörur voru seldar. Enn er það upplýst, að kærður hefur ekki, hvorki meðan hann stóð að öllu leyti fyrir verzluninni né síðar, vakið athygli starfsmanna verzlunarinnar á því, að leyfi þyrfti að vera fyrir hendi, er vörur væru afgreiddar til erlendra skipa til neyzlu erlendis, enda hefur kærður lýst því yfir, að hann telji slík viðskipti og verzlun hans átti við s/k Yvonne að öllu leyti leyfileg og sjálfsögð. Með tilliti til þess, er nú hefur verið greint, lítur rétturinn svo á, að máli þessu sé réttilega beint gegn kærðum, þar sem hann er æðsti yfirmaður verzlunarinnar hér á staðnum, og nægjanlegar líkur liggja fyrir saknæmi hans samkv. ofanrituðu.

Eins og að framan getur, hafði verzlun kærðs fengið leyfi tollþjóna fyrir afgreiðslu á skömmtunarvörum til skútunnar, og þar sem ekki var selt meira en leyfi náði til, þykir bera að sýkna kærðan af ákæru valdstjórnarinnar að því er snertir brot gegn reglugerð nr. 159 frá 18. september 1940.

Hins vegar lítur rétturinn svo á, að með sölu framan greindra vara til s/s Yvonne, að undanskildum skömmtunarvörum og matvörum til neyzlu á leiðinni út, hafi kærður gerzt brotlegur við 1. og 3. gr. reglugerðar nr. 168 frá 12. september 1939, sbr. l. 11/1940, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin skv. 5. gr. sömu reglugerðar 600 króna sekt í ríkissjóð, er kærðum ber að greiða innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, og komi í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd fyrir nefndan tíma, 25 daga varðhald.

Svo þykir og rétt, að kærður greiði allan sakarkostnað.

Því dæmist rétt vera:

Kærður, Gunnar Ólafsson, greiði kr. 600.00 í sekt í ríkissjóð, og komi í stað sektarinnar 25 daga varðhald, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Svo skal og kærður greiða allan sakarkostnað.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 5. júní 1944.

Kærumálið nr. 6/1944. **Kaupfélag Árnesinga**
gegn
Gunnari Benediktssyni.

Ágreiningur um valdsvið dómstóla.

Dómur hæstaréttar.

Gunnar A. Pálsson, setudómari í málinu, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Með kæru 16. maí s. l., sem hingað barst 22. s. m., hefur sóknaraðili skotið til hæstaréttar úrskurði aukaréttar Árnessýslu, uppkveðnum 12. maí s. l., þar sem kröfu um vísun málsins Gunnar Benediktsson gegn Kaupfélagi Árnesinga frá héraðsdómi var hrundið. Krefst sóknaraðili þess, að málinu verði vísað frá héraðsdómi, og honum dæmdur málskostnaður úr hendi varnaraðilja fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Varnaraðili krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur, og sóknaraðili dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að sóknaraðili greiði varnaraðilja kr. 150.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Kaupfélag Árnesinga, greiði varnaraðilja, Gunnari Benediktssyni, kr. 150.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður aukaréttar Árnessýslu 12. maí 1944.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar eða dóms 6. þ. m., er höfðað fyrir aukaréttinum með stefnu útgefinni 8. janúar s. l. af Gunnari Benediktssyni, rithöfundi í Hveragerði, gegn stjórn Kaup-

félags Árnesinga, Sigtúnum í Sandvíkurhreppi, þeim Ágústi Helgasyni, Gísla Jónssyni, Guðmundi Guðmundssyni, Bjarna Bjarnasyni og Páli Hallgrímssyni fyrir hönd félagsins. Er málið risið af því, að hin stefnda stjórn hefur synjað stefnanda inngöngu í Kaupfélag Árnesinga, og eru dómkröfur stefnanda, þær er hann ekki hefur fallið frá, þessar: að hin stefnda stjórn verði fyrir hönd félagsins skylduð til að veita honum viðtöku sem félagsmanni í Kaupfélagi Árnesinga og að henni verði gert að greiða allan kostnað af máli þessu.

Í greinargerð stefnds, stjórnar Kaupfélags Árnesinga f. h. félagsins, er lögð var fram 28. f. m., kom fram krafa um að vísa málinu frá dómi. Var sá ágreiningur sóttur og varinn munnlega 6. þ. m., og málið því næst tekið til úrskurðar eða dóms, að því er varðar frávísunarkröfuna.

Stefndur byggir kröfu sína um frávísun málsins *aðallega* á því, að málefni það, er hér ræðir um, lúti ekki úrlausn dómstólanna. Félagsfundur í Kaupfélagi Árnesinga eigi fullnaðarúrlausn þess, og verði sú úrlausn ekki borin undir dómstólana, á hvern veg sem hún yrði. *Til vara* byggir stefndur frávísunarkröfuna á því, að í 4. gr. samþykkta Kaupfélags Árnesinga sé m. a. svo ákveðið, að félagsstjórnin hafi vald til að synja mönnum inngöngu í félagið, ef henni virðist ástæða til, en umsækjandi geti þá borið mál sitt undir félagsfund. Sé þýðing þessa ákvæðis sú, að jafnvel þótt svo yrði litið á, að málefnið lyti endanlega úrlausn dómstólanna, þá beri þeim ekki að dæma um það, fyrr en stefnandi hafi borið mál sitt undir félagsfund og fengið neitun hans, en það hafi hann ekki gert.

Stefnandi telur hins vegar málið tvímælalaust lúta úrlausn dómstólanna. Og jafnvel þótt fyrrgreint ákvæði 4. gr. samþykkta Kaupfélags Árnesinga yrði talið gilt eftir samvinnufélagslögunum, þá beri ekki að vísa málinu frá, enda þótt hann hafi ekki borið synjun stjórnarinnar undir félagsfund, þar eð umrædd samþykktagrein skyldi ekki til slíkrar aðferðar, heldur veiti aðeins heimild til hennar.

Samvinnufélagalögin geyma engin ákvæði, er berum orðum svipti menn rétti til að bera slíka neitun og hér ræðir um undir dómstólana. Lögin þegja um það. Og jafnvel þótt finna megi ákvæði í þeim, er sérstaklega heimila, að tilgreind atvik séu lögð undir úrlausn dómstólanna, þá verður ekki litið svo á, að þögn þeirra um þetta atriði svipti menn rétti til að bera slíka neitun undir úrlausn dómstólanna, enda virðist svo óeðlilegt, að slíkt málskot væri óheimilt, að full ástæða hefði verið að taka það fram berum orðum, ef svo hefði átt að vera. Verður því að telja stefnanda heimilt að krefja dómstólana úrlausnar um mál það, er hér liggur fyrir, og það jafnvel þótt hann hafi ekki áður borið

mál sitt undir félagsfund í Kaupfélagi Árnesinga, því að enda þótt fyrrgreint ákvæði 4. gr. samþykkta kaupfélagsins hefði stoð í samvinnufélagalögunum og því gildi, en til þess þarf ekki að taka afstöðu hér, þá verður ekki litið á það öðruvísi en heimild, er stefnanda væri frjálst að nota, ef hann teldi sér það hagkvæmt, en hins vegar ekki þannig, að honum sé óheimilt að leggja mál sitt undir úrlausn dómstólanna, fyrr en hann hefur skotið framangreindri neitun stjórnarinnar undir félagsfund.

Í samræmi við framanskráð verður frávísunarkröfu stefnds ekki sinnt.

Um greiðslu málskostnaðar verður ákveðið í væntanlegum efnisdómi um málið.

Því úrskurðast:

Hinni framkomnu frávísunarkröfu verður ekki sinnt, en málið dæmt að efni til.

Miðvikudaginn 7. júní 1944.

Nr. 29/1944. **Gunnar Guðmundsson** (Gunnar Þorsteinsson)
gegn
Bifreiðastöð Reykjavíkur h/f og gagnsök
(Theódór B. Líndal).

Skaðabótakrafa vegna bifreiðarslyss.

Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 24. marz þ. á., krefst þess, að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 160849.34 með 5% ársvöxtum frá 14. des. 1943 til greiðsludags, svo og málskostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi, sem áfrýjað hefur málinu með stefnu 11. apríl þ. á., gerir hins vegar þær kröfur, að honum verði aðeins dæmt að greiða hæfilegar bætur eftir mati dómsins, að málskostnaður í héraði verði látinn falla niður og að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Fyrir hæstarétti hefur verið lagt fram vottorð Jóhanns

Sæmundssonar tryggingarlæknis, dags. 3. þ. m., þar sem hann lýsir örorku aðaláfrýjanda nú 33⅓%. Er til þessa er litið, þykir eiga að lækka heildarfjárhæð þá, er aðaláfrýjanda var dæmd í héraði, um kr. 5000.00 niður í kr. 55203.04.

Eftir atvikum þykir rétt, að gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda kr. 5000.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Gagnáfrýjandi, Bifreiðastöð Reykjavíkur h/f, greiði aðaláfrýjanda, Gunnari Guðmundssyni, kr. 55203.04 með 5% ársvöxtum frá 14. des. 1943 til greiðsludags og kr. 5000.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 18. marz 1944.

Mál þetta, sem dómtekið var 10. þ. m., hefur Gunnar trésmiður Guðmundsson, Sæbóli í Fossvogi, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 17. des. f. á. gegn stjórn Bifreiðastöðvar Reykjavíkur h/f f. h. félagsins til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 160849.34, auk 5% ársvaxta frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaðar að mati dómara.

Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f hefur og verið stefnt til réttargæzlu í málinu.

Stefnda hefur krafizt þess að verða aðeins dæmt til greiðslu hæfilegra bóta að mati dómara, og að **málskostnaður falli niður.**

Málavextir eru þessir:

Hinn 30. desember 1941 var stefnandi, ásamt konu sinni og syni, á leið frá heimili sínu í Fossvogi til Reykjavíkur. Ætlaði fólk þetta að fara með áætlunarbifreið, er kæmi frá Hafnarfirði, en er þau voru komin að þeim stað, er bifreiðin stöðvast venjulega á, var hún ekki þar. Héldu þau því áfram göngu sinni upp Fossvogsbrekkuna. Nokkru síðar urðu þau þess vör, að bifreiðin var að koma á eftir þeim og staðnæmdust þau því á vinstri vegarbrún og biðu hennar þar. Bifreiðin ók utarlega á vinstri vegarbrún og stóð stefnandi og fólk hans því svo tæpt á brúninni sem auðið var. Gaf stefnandi bifreiðinni merki um að nema staðar, en bifreiðarstjórinn veitti því ekki athygli og ók bifreiðin síðan á þau hjónin, en stefnandi virðist hafa ýtt syni sínum frá, svo að

hann sakaði ekki. Framvari bifreiðarinnar veitti stefnanda högg svo mikið, að báðir fótleggir brotnuðu og stefnandi hraut niður af veginum. Telur stefnandi bifreiðarstjórann á áætlunarbifreiðinni, sem var R 1068, eign stefnds, bera alla sök á slysinu, og beri stefnda því að bæta að fullu tjón það, er slysið hefur bakað honum.

Stefnda styður kröfur sínar í fyrsta lagi við það, að stefnandi hafi sjálfur átt verulega sök á slysi þessu, en í öðru lagi við það, að bótakröfur stefnanda séu hærri en nokkurri átt nái.

Um fyrri ástæðuna hefur þetta komið upp í málinu: Rétt áður en bifreiðin kom að stefnanda, óku tvær bifreiðar veginn á móti henni og höfðu svo skær ljós, að bifreiðarstjórinn sá ekki fram á veginn sakir ofbirtu. Dró hann þá úr hraðanum og ljósunum á bifreið sinni, en þetta varð til þess, að hann sá ekki stefnanda fyrr en um seinan.

Ekki þykir unnt að fallast á það með stefnda, að stefnandi hafi sýnt vangæzlu með því að forða sér ekki af veginum, þar sem hann hafi séð bifreiðina í tæka tíð, enda verður ekki séð, að stefnanda hafi mátt vera það ljóst, að svo var ástatt um bifreiðarstjórann sem hann heldur fram, og því er ómótmælt, að stefnandi hafi staðið svo tæpt á vegarbrún sem auðið var. Hins vegar verður að líta svo á, að bifreiðarstjórinn hafi hagað sér ógætilega við aksturinn, þegar svo var ástatt, að hann sá ekkert fram fyrir bifreiðina, því þá bar honum að sjálfsögðu að nema staðar, og vegna þeirrar háttsemi hans, að aka þrátt fyrir þetta áfram, telst stefnda eiga að bæta allt það tjón, er stefnandi hlaut af slysi þessu, sbr. 1. málsgr. 34. gr. laga nr. 23 1941.

Kemur þá til álita fjárhæð bótanna. Hefur stefnandi sundurliðað kröfu sína svo:

1.	Bætur fyrir föt	kr.	589.00
2.	Bætur fyrir hatt	—	40.00
3.	Keypt lyf	—	16.54
4.	Bifreiðarkostnaður	—	8.50
5.	Fargjöld með strætisvögnum	—	78.00
6.	Reikningur frá Árna Björnssyni	—	150.00
7.	Þjáningabætur	—	20000.00
8.	Atvinnutjónsbætur árið 1942	—	19384.36
9.	Atvinnutjónsbætur frá 1. jan. 1943 til 11. sept. s. á.	—	17188.38
10.	Örorkubætur	—	109033.23
11.	Bætur fyrir missi orlofsfjár	—	4361.33
		Samtals kr.	170849.34

en frá þeirri fjárhæð hefur stefnandi dregið kr. 10000.00, sem vátryggingarfélagið hefur þegar greitt honum upp í bætur fyrir tjón

hans, og kemur þá út stefnukrafan. Stefnandi hefur jafnframt áskilið sér rétt til að krefja stefndan síðar um endurgjald það, er hann sjálfur kynni að verða krafinn um fyrir læknishjálp og sjúkrahúsvist.

Um 1 og 2. Föt stefnanda voru nýleg og notuð sem betri föt, og ljóst er, að þau hafa spillzt mjög af blóði og aur og rifnað, en þrátt fyrir það verður ekki talið sannað, gegn mótmælum stefnds, að þau hafi orðið svo með öllu ónýt, að bæta beri þau nýjum fötum. Bætur fyrir þessa tvo liði þykja hins vegar, miðað við framanskráð, hæfilegar kr. 350.00.

Um 3.—6. lið. Þessir liðir hafa ekki verið véfengdir og verða því teknir til greina óbreyttir.

Um 7. lið. Þegar eftir slysið var stefnandi fluttur í Landsspítalann, og kom þá í ljós, að hann hafði tvíbrotnað á hægra fæti, þannig að sköflungurinn var brotinn við hnéliðinn og inn í liðinn sjálfan og hluti sprengdur úr sköflungshausnum utanverðum og allmikið blóð komið í liðinn. Þá var sköflungurinn og þverbrotinn ofan við miðju, með nokkrum sprungum út frá brotstaðnum, og loks var kastið brotið af sperrileggnum. Á vinstra fæti var sköflungurinn brotinn rétt fyrir neðan hnélið og kastið brotið af sperrileggnum. Brotin greru seint og höfðust ekki vel við og gróf í vinstra fæti á þrem stöðum kringum hnélið. Eitt brotanna varð að höggva upp, er það greri skakkt, og olli það stefnanda miklum kvölum. Eftir fimm mánaða legu í Landsspítalanum var stefnandi fluttur heim til sín og lá þar undir læknishendi í mánuð, en í júlíbyrjun 1942 tók hann að fylgja fötum og var þá algerstaur um bæði hné. Í októberlok s. á. leitaði stefnandi sér heilsulótar með nuddlækningum og tóku þær átta mánuði, en að þeim liðnum, er stefnandi hafði notið þessara læknisaðgerða 78 sinnum, hafði nokkuð liðkazt um hnjáliði hans, en bæði gekk það seint og eins ollu ganghreyfingar honum þjáningum og erfiði, og komst hann aðeins stuttan spöl í einu með því að ganga við tvo stafi. Eftir nuddlækningarnar hefur stefnandi getað gengið um við staf og hefur af því rénandi þreytu og þrautir. Samt er hann haltur eftir, enda hefur vinstri fótur hans styzt um 15 cm og bjúgvottur er í báðum fótum. Með hliðsjón af framanrituðu þykja bætur fyrir þjáningar stefnanda hæfilega metnar kr. 6000.00.

Um 8. og 9. lið. Fjárhæð þessara liða hefur stefnandi fengið út þannig, að hann hefur tekið meðaltal af tekjum þriggja trésmiða, sem stunduðu vinnu hjá sama meistara sem stefnandi vann hjá, er hann varð fyrir slysinu og stefnandi kveðst hafa átt vísa vinnu hjá framvegis. Tekjur smiðanna eru taldar um þann tíma, sem stefnandi kveðst hafa verið óvinnufær með öllu, eða til 11. september 1943. Stefnda hefur mótmælt því, að slíkur meðaltalsreikningur geti skapað réttan grundvöll kröfunnar og auk þess

bent á, að hann er ekki í samræmi við örorkumat trúnaðarlæknis tryggingarstofnunarinnar, en samkvæmt því var örorka fyrstu 10 mánuðina eftir slysið 100% en lækkaði síðan um 10% hverja tvo hinna næstu 10 mánaða. Telur stefnda, að með hliðsjón af örorkumatinu geti stefnandi, þótt miðað sé við meðaltalstekjurnar, ekki reiknað sér hærri „bráttótekjur" til ágústloka 1943 en rúmlega 22 þúsund krónur, en þar að auki beri að taka tillit til þess, að hefði stefnandi aflað sér þeirra tekna á venjulegan hátt, hlyti hann að hafa verulegan tilkostnað við öflun þeirra. Hefur stefnda nefnt m. a. skatta, sumarleyfi, veikindadaga, verkfæra- og fataslit o. fl. Reiknast stefnda svo til, að hámark þeirra hreinna tekna, sem stefnandi hefði átt kost á að afla sér umrætt tímabil, sé nálægt 15 þúsund krónum. Með hliðsjón af öllu framanrituðu, svo og því, er upp hefur komið um atvinnuskilyrði í iðngrein stefnanda, bæði almennt og gagnvart honum sjálfum, þykja bætur fyrir atvinnutjón hans umrætt tímabil hæfilega ákveðnar kr. 22000.00.

Um 10. lið. Örorkubótakröfu sína hefur stefnandi rökstutt svo, að hann hefur notað meðaltalstekjur þær, er í 8. og 9. lið greinir til þess að reikna út árslaun sín. Varanleg örorka hans hefur verið metin á sama hátt og fyrr greinir 40%. Út frá þeim forsendum og miðað við aldur stefnanda, sem er 45 ára gamall, hefur tryggingarsérfræðingur reiknað fjárhæð þá, er stefnandi krefst. Stefnda hefur gert við þenna lið flestar hinar sömu athugasemdir sem við 8. og 9. lið, en auk þess mótmælt því, að áætlun sem þessa, sem gilda skal um langan tíma, megi miða við svo háar tekjur í krónutali, sem nú tíðkast. Jafnframt hefur stefnda bent á það, að örorkumat lækna sé fræðilegs og almenns eðlis, og verði því að beita við það varúð í hverju ákveðnu tilviki, enda beri og að líta á það, að stefnandi, sem er maður á bezta aldri, geti mjög bætt sér örorku sína með því að taka upp iðn eða atvinnu, er betur samrýmist vanheilsu hans. Með hliðsjón af því, sem upp hefur komið í málinu um fyrra starfshæfi stefnanda, tekjur hans næstu 7 ár fyrir slysið, svo og öðru því, er máli þykir skipta í þessu sambandi, þ. á m. verðgildis þess, sem peningar hafa nú, þykir hæfilegt að meta stefnanda bætur samkvæmt þessum lið kr. 40000.00.

Um 11. lið. Aðiljar virðast vera á einu máli um það, að bætur samkvæmt þessum lið beri að miða við 10. lið, þannig að hann nemi 4% af örorkubótum, sbr. lög um orlof nr. 16/1943. Verður stefnda samkvæmt því dæmt til greiðslu kr. 1600.00.

Málalok verða því þau, að stefnda verður dæmt að greiða stefnanda kr. 350.00, kr. 16.54, kr. 8.50, kr. 78.00, kr. 150.00, kr. 6000.00, kr. 22000.00, kr. 40000.00, kr. 1600.00, allt að frádregnum fyrrgreindum kr. 10000.00, er stefnandi hefur þegar þegið, eða

samtals kr. *60203.04*, með vöxtum, eins og krafizt var og málskostnað, er þykir hæfilega metinn kr. 3000.00.

Árni Tryggvason, settur borgardómari, kvað upp dóm þenna.

Því dæmist rétt vera:

Stefnd stjórn Bifreiðarstöðvar Reykjavíkur h/f f. h. félagsins greiði stefnanda, Gunnari Guðmundssyni, kr. 60203.04, ásamt 5% ársvöxtum frá 14. des. 1943 til greiðsludags, og kr. 3000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 9. júní 1944.

Nr. 52/1944. **Flugfélag Íslands h/f**
(Einar B. Guðmundsson)
gegn
Harry Rosenthal og gagnsök
(Guðmundur Í. Guðmundsson).

Skaðabótakrafa vegna flugslyss.

Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 24. apríl s. l. Krefst hann aðallega sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar. Til vara krefst aðaláfrýjandi þess, að dæmd fjárhæð verði lækkuð og málskostnaður fyrir báðum dómum látinn falla niður. Gagnáfrýjandi hefur af sinni hálfu áfrýjað málinu með stefnu 10. maí s. l. Krefst hann þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 50000.00 eða aðra lægri fjárhæð eftir mati dómsins, ásamt 5% ársvöxtum frá 14. apríl 1942 til greiðsludags, og málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms og með hliðsjón af því, sem fram hefur komið um hagi gagnáfrýjanda, þykir mega staðfesta héraðsdóminn.

Eftir þessum úrslitum telst rétt, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda kr. 2000.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Flugfélag Íslands h/f, greiði gagnáfrýjanda, Harry Rosenthal, kr. 2000.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 23. marz 1944.

Mál þetta, sem dómtekið var 18. þ. m., er höfðað hér fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 31. janúar þ. á., af Harry Rosenthal Akureyri gegn Flugfélagi Íslands h/f hér í bæ til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 50000.00 eða aðra lægri fjárhæð eftir mati dómarans, ásamt 6% ársvöxtum frá 14. apríl 1942 til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefnda hefur *aðallega* krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar sér til handa að mati dómarans, en *til vara*, að sér verði aðeins gert að greiða stefnanda kr. 12000.00, með vöxtum frá 31. janúar 1944 til greiðsludags, en málskostnaður falli þá niður.

Málavextir eru þeir, samkvæmt því sem upp er komið í málinu, að þann 14. apríl 1942 skyldi flugvélin „Smyrill" TF-AKR, sem er farþegaflugvél og eign stefnda, fljúga frá Reykjavík til Akureyrar með farþega. Áhöfn flugvélarinnar var flugmaðurinn og þrír farþegar, þar á meðal stefnandi. Klukkan um 14.07 var lagt af stað af flugvellinum hér. Flugveður mun hafa verið gott, vindur S.A. 4—5 stig, hreyfill flugvélarinnar í gangi og var vélinni rennt („taxerað") til þess staðar á flugvellinum, er hún skyldi hefja sig til flugs á. Vélin hóf sig á loft eftir að hafa runnið um 100 metra á brautinni, og var síðan haldið upp í vindinn og náði hún brátt nokkurri hæð (um 40 metra). Í þessu virtist þeim, sem á horfðu af jörðu, sem hreyfillinn tæki að ganga óreglulega, en það lagaðist brátt og flugvélin hækkaði flugið. Allt í einu sveigði vélin svo til vinstri og féll til jarðar. Flugvélin eyðilagðist gersamlega og einn farþegi lézt af meiðslum þegar í stað, annar lézt rétt á eftir, en stefnandi og flugmaðurinn hlutu alvarleg meiðsl. Stefnandi var þegar fluttur í sjúkrahús brezka flugliðsins og kom þá í ljós, að hann hafði hlotið sár á höfði, tungan hafði höggvizt sundur, efri gómur hafði brotnað, líklega á þrem stöðum, og vinstri fótleggur hafði brotnað niður við öklaliðinn. Gert var að meiðslum þessum, og lá stefnandi í nefndu sjúkrahúsi til 19. maí

s. á., að hann fékk að fara heim til skyldfólks síns hér í bænum, en varð þó að fara í sjúkrahúsið aftur þann 29. maí s. á. og virðist hafa verið þar fram til 10. ágúst s. á., en þann 14. ágúst fór hann til Akureyrar á sjúkrahúsið þar og virðist allt af síðan öðru hvoru hafa verið á sjúkrahúsum og undir læknis hendi vegna meiðslanna.

Stefnandi hefur haldið því fram, að stefnda beri ábyrgð á nefndu slysi, þar sem það hafi orðið vegna mistaka starfsmanns stefnda, sem það beri ábyrgð á. Telur stefnandi, að orsök slyssins muni hafa verið sú, að flugmaðurinn hafi í misgripum lokað fyrir þann benzíngeymi hreyfilsins, sem hafi verið opinn. Þá hefur stefnandi haldið því fram og byggt *vara*kröfu sína á því, að þótt svo verði litið á, að stefnda eða starfsmenn þess eigi ekki sök á slysinu, þá sé stefnda samt bótaskylt, þar sem á farseðli þeim, er stefnandi keypti áður en haldið var af stað, sé svo hljóðandi áletrun: „Innifalið í fargjaldinu er persónutrygging, kr. 30000.00. Flugfélagið tekur enga ábyrgð á neinu tjóni, beinu eða óbeinu, sem farþeginn verður fyrir, meðan á fluginu stendur, nema um sé að ræða líkamleg meiðsli, sem orsakast af slysi.“ Þessi áletrun verði ekki skilin á annan hátt en þann, að stefnda taki á sig ábyrgð allt að kr. 30000.00, á tjóni, er orsakast af meiðslum vegna flugslyss, án tillits til þess, hver sök eigi á slysinu.

Sýknukröfu sína byggir stefnda á því, að það eða starfsmenn þess eigi ekki sök á slysinu og beri það því ekki ábyrgð á tjóni því, sem af því hafi hlotizt. Þá hefur stefnda mótmælt því, að það hafi tekið á sig aukna ábyrgð með áðurgreindri áletrun á farseðilinn.

Ekki verður annað séð af því, sem upp er komið í málinu, en flugvélin hafi verið í góðu lagi áður en lagt var upp í nefnda ferð. Vélamaður flugvélarinnar hefur skýrt svo frá, að hann hafi, áður en lagt var af stað, athugað, að benzíngeymar hennar voru fullir, opnað fyrir vinstri geyminn og síðan sett hreyfilinn í gang, til þess að hita hann og olíuna, og þá hafi hreyfillinn gengið ágætlega í um 30 mínútur. Síðan kveðst vélamaðurinn hafa ekið vélinni út á völlinn, þar sem flugmaðurinn og farþegarnir skyldu fara upp í hana og slökkt á hreyflinum, en skilið vinstri benzíngeyminn eftir opinn; hægri geymirinn hafi hins vegar verið lokaður. Eftir nokkra stund hafi síðan flugmaðurinn og farþegarnir komið og sezt upp í flugvélina, og síðan hafi verið lagt af stað. Við athugun á flugvélarflakinu strax eftir slysið sáu menn þeir, er að komu, að lokað var fyrir annan benzíngeyminn, að þeir töldu, þann vinstri. Næsta dag var flakið nákvæmlega skoðað, og kom þá í ljós, að lokað var fyrir báða benzíngeymana, og voru við skoðun þessa báðir vélamenn þeir, er búið höfðu flugvélina

til flugs, svo og formaður stefnda. Lokarnir fyrir geymunum virtust vera í lagi og það stirðir, að útilokað er talið, að þeir hafi lokazt af hristingi. Menn þeir, er athuguðu flugvélarflakið, hafa lýst því yfir, að álit þeirra sé, að umrætt flugslys hafi orðið vegna þess að lokað hafi verið fyrir báða benzíngeyma flugvélarinnar. Með tilvísun til þessa, svo og annars þess, er upp er komið í málinu, verður ekki annað séð en að slysið hafi orðið vegna mistaka af hálfu flugmannsins, en þar sem telja verður, að stefnda beri ábyrgð á verkum hans, þá verður að leggja á félagið alla bótaábyrgð vegna tjóns þess, er af hlauzt. Verður því hvorki sýknukrafa stefnda tekin til greina né *vara*krafa þess, en hún var byggð á því, að stefnda yrði aðeins gert að greiða ákveðinn hluta af áðurgreindri tryggingarfjárhæð (kr. 30000.00), er það hefði tekizt á hendur samkvæmt áletruninni á farseðilinn.

Að því er fjárhæð bótanna snertir, þá hefur stefnda mótmælt henni sem allt of hárri.

Stefnandi var meðlimur í sjúkrasamlagi, er slys þetta varð, og hefur það greitt mestan hluta sjúkrakostnaðar hans, en sjálfur mun hann hafa greitt í læknishjálp kr. 1302.00. Við munnlegan flutning málsins hefur stefnandi þó áskilið sér rétt til að krefja í sérstöku máli kostnað af sjúkrahússvist, er hann gerir ráð fyrir, að hann þarfnist síðar vegna slyss þessa.

Stefnandi, sem er 45 ára að aldri og er kvæntur og hefur fyrir aldraðri móður að sjá, er þýzkur flóttamaður, sem mun hafa komið hingað til lands á árinu 1938. Virðist hann hafa haft góða atvinnu í Þýzkalandi sem verzlunarstjóri. Árið 1941 starfaði hann sem forstöðumaður skyrtugerðar á Akureyri og var ráðinn við það starf áfram til ársloka 1942. Kaup hans var ákveðið kr. 650.00 á mánuði, auk ókeypis herbergis með ljósi og hita, svo og fæði, og telur stefnandi sig hafa átt kost á þessari atvinnu framvegis, en hann mun hafa verið óvinnufær frá því að slysið varð og allt til þessa. Stefnandi virðist hafa meiðzt mjög og meiðsli hans gróið seint og illa, en hann virðist hafa verið heilsuhraustur maður áður. Þann 21. des. s. l. var stefnandi skoðaður af Jóhanni Sæmundssyni tryggingaryfirlækni. Skýrir hann svo frá, að stefnandi geti gengið við staf á sléttu 300 til 400 metra óþægindalítið, en þá byrji verkir í fætinum, og telji hann sig ekki þola að standa kyrr nema í 15 til 20 mínútur í einu. Þá telur læknirinn, að þrautir í fætinum muni haldast svipaðar framvegis, nema gerður yrði uppskurður á öklaliðnum og hann gerður að staurlið, en varanlega örorku telur hann nema allt að 40%. Að öllu framangreindu athuguðu, svo og öðru því, er upp er komið í málinu, þykja bætur til stefnanda vegna tjóns hans af völdum slyssins hæfilega ákveðnar kr. 40000.00, er stefnda ber að greiða honum með 5% ársvöxtum frá 16. jan. 1943, en þann dag var gefin út stefna í máli

milli sömu aðilja út af sama sakarefni, en það mál var síðan hafið af réttarfarslegum ástæðum.

Samkvæmt þessum málalokum þykir rétt, að stefnda greiði stefnanda kr. 2200.00 í málskostnað.

Árni Tryggvason, settur borgardómari, kvað upp dóm þenna.

Því dæmist rétt vera:

Stefnda, Flugfélag Íslands h/f, greiði stefnanda, Harry Rosenthal, kr. 40000.00 með 5% ársvöxtum frá 16. jan. 1943 til greiðsludags og kr. 2200.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 12. júní 1944.

Nr. 120/1943. **Valdstjórnin** (Garðar Þorsteinsson)
gegn
Hjálmari Þorsteinssyni (Gústav A. Sveinsson).

Brot á ákvæðum um verðlag.

Dómur hæstaréttar.

Eftir að héraðsdómur gekk, hefur Margrét Gústafsdóttir, sem stjórnar saumum í Kápubúðinni á Hverfisgötu 34, fengið meistarapróf í kvenklæðaskurði, en veiting þessara réttinda nú getur ekki skipt máli um kæruatriði þessa máls, og með því að fallast má á forsendur dómsins, verður að staðfesta hann.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 450.00 til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Kærði, Hjálmar Þorsteinsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæsta-

réttarlögmannanna Garðars Þorsteinssonar og Gústavs A. Sveinssonar, kr. 450.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 30. nóv. 1943.

Ár 1943, þriðjudaginn 30. nóvember, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var í Pósthússtræti 3 af fulltrúa sakadómara, Einari Arnalds, uppkveðinn dómur í málinu nr. 2802/1943: Valdstjórnin gegn Hjálmari Þorsteinssyni, sem tekið var til dóms 5. sama mánaðar.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Hjálmari Þorsteinssyni, til heimilis Þjórsárgötu 6 hér í bæ, fyrir brot gegn tilkynningu verðlagsstjóra frá 20. apríl, 29. maí og 29. júní 1943 um hámarksverð og hámarksálagningu á vinnu klæðaskeraverkstæða, hraðsaumastofa og kjólasaumastofa, sbr. lög um verðlag nr. 3 13. febrúar 1943.

Kærði er kominn yfir lögaldur sakamanna og hefur hvorki sætt ákæru né refsingu, svo að kunnugt sé.

Tildrög þessa máls eru þau, að hinn 20. apríl 1943 birti verðlagsstjórinn tilkynningu, þar sem sagt var, að viðskiptaráðið hefði sett hámarksverð og hámarksálagningu á vinnu klæðskeraverkstæða, hraðsaumastofa og kjólasaumastofa. Samkvæmt þessari tilkynningu var klæðaskeraverkstæðum heimilað að taka hærri saumalaun fyrir saumaskap á drögtum og kvenkápum en kjólasaumastofum. Að því er snerti klæðskeraverkstæði gengu ákvæði þessi í gildi 1. maí, en að því er snerti kjólasaumastofur hinn 7. maí s. l.

Kærði veitir forstöðu kápubúðinni á Hverfisgötu 34 hér í bæ og hefur ráðið verðlagningu á efni og þeirri vinnu, er kápubúðin selur, en það er efni í og saumaskapur á drögtum og kvenkápum. Hann er ekki talinn eigandi þessarar kápubúðar.

Hinn 2. maí s. l. átti kærði tal við verðlagsstjóra og tilkynnti honum, að hann teldi kápubúðina hafa rétt til að reikna saumalaun eins og klæðskeraverkstæði, þar sem kápubúðin hafði fagmann, frú Margréti Gústafsdóttur, til þess að sjá um saumaskap. Virðist kærði ekki hafa fengið skýr svör við þessu hjá verðlagsstjóra eða starfsmönnum hans fyrr en 24. maí s. l., en þá tilkynnti trúnaðarmaður verðlagsstjóra kærða, að kápubúðin yrði að nota taxta kjólasaumastofa. Sama dag fór lögmaður kærða þess á leit við verðlagsstjóra, að kápubúðinni væri veittur frestur á að breyta taxta sínum. Hefur lögmaðurinn borið, að verðlagsstjóri hafi fallizt á að veita frest meðan tilraunir stæðu yfir að útvega nefndri Margrétu Gústafsdóttur meistarabréf eða viðurkenningu um, að hún hefði meistararéttindi í klæðskeraiðn, en verðlagsstjóri hafi

getið þess um leið, að fresturinn mætti ekki dragast úr hófi fram. Verðlagsstjóri hefur skýrt svo frá, að farið hafi verið fram á frest í nokkra daga og því borið við, að eigendur kápubúðarinnar myndu innan skamms geta sýnt fram á, að kona sú, er veitti kápubúðinni faglega forstöðu, hefði fullkomin klæðskerameistararéttindi, og kveðst verðlagsstjóri hafa veitt þennan frest.

Hinn 11. júní s. l. tilkynnti kærði verðlagsstjóra í bréfi, að nefnd Margrét Gústafsdóttir hafi 10. s. m. fengið bréf frá lögreglustjóranum í Reykjavík um iðnréttindi hennar, og segist kærði vænta þess, að kápubúðin fái að hafa sama taxta á saumaskap og klæðskeraverkstæði.

Þetta bréf lögreglustjóra hljóðar svo:

„Þar sem þér hafið fært sönnur á, að þér hafið stundað karlmannafatasaum fyrir 1. janúar 1928, þegar lög nr. 18/1927 um iðju og iðnað gengu í gildi, þá hafið þér rétt til að stunda þessa iðngrein á sama hátt og þér gerðuð fyrir 1. janúar 1928."

Verðlagsstjóri taldi bréf þetta frá lögreglustjóranum ekki jafngilda meistarabréfi, og var kærða tilkynnt hinn 12., 15. eða 16. júní s. l., að verðlagsstjóri teldi kápubúðinni vera óheimilt að nota taxta klæðskeraverkstæða, heldur yrði kápubúðin að selja framleiðslu sína samkvæmt auglýstum taxta kjólasaumastofa. Kærði breytti ekki verðlaginu í kápubúðinni á saumaskap, er honum hafði verið tilkynnt þetta, heldur notaði taxta klæðskeraverkstæða eftir sem áður. Byggir kærði réttinn til að mega nota taxta klæðskeraverkstæða á því, að bréf það, sem nefnd Margrét, er sér um saumaskap kápubúðarinnar, fékk frá lögreglustjóranum í Reykjavík, jafngildi meistarabréfi, og að hún hafi því meistararéttindi í klæðskeraiðn.

Frá 16. júní til 16. september s. l. hefur kápubúðin alls selt um 16—17 kvenkápur, en engar dragtir. Saumalaun fyrir flestar þessar kápur, en ekki allar, hafa verið tekin samkvæmt taxta þeim, er viðskiptaráð hefur ákveðið fyrir klæðskeraverkstæði, en ekki er hægt að staðreyna þetta nánar, þar sem þetta mun ekki fært sérstaklega í bókum kápubúðarinnar. Samkvæmt tilkynningu verðlagsstjóra frá 29. maí 1943 mega klæðskeraverkstæði ekki taka hærri saumalaun fyrir kvenkápur en kr. 176.00, en kjólasaumastofur mega hæst taka kr. 145.00. Þetta verðlag var í gildi júnímánuð, en frá 1. júlí, breyttust tölur þessar þannig, að fyrir klæðskerasaumaðar kvenkápur mega saumalaun vera hæst kr. 172.50, en saumalaun fyrir kápur saumaðar á kjólasaumastofum mega hæst vera kr. 141.50.

Með lögum nr. 18/1927 voru fyrst sett almenn ákvæði um skilyrði til þess að mega stunda eða reka iðn hér á landi, og komu þau til framkvæmda 1. janúar 1928. Í 27. gr. laga þessara er svo ákveðið, að þeir er ráku iðn samkvæmt eldri lögum, skuli halda

þeim rétti, en eigi er talið, að réttur til iðnaðar, er maður hefur samkvæmt þessari grein, sé af honum tekinn með lögum nr. 105/1936. Samkvæmt þessu hefur lögreglustjórinn í Reykjavík viðurkennt rétt frú Margrétar Gústafsdóttur til að mega stunda karlmannafatasaum á sama hátt og hún gerði fyrir 1. janúar 1928. Til þess að öðlast þessa viðurkenningu hefur frú Margrét Gústafsdóttir einungis þurft að færa sönnur á, að hún hafi stundað þessa iðngrein fyrir 1. janúar 1928, án þess að þurfa að leggja fram nokkur gögn um fagkunnáttu sína. Til þess að öðlast meistarabréf er hins vegar krafizt, að maður hafi sveinsbréf í iðninni og að hann hafi að sveinsprófi loknu unnið ekki skemur en 3 ár samtals sjálfstætt og undir stjórn meistara. Nefnt bréf lögreglustjórans í Reykjavík til frú Margrétar Gústafsdóttur verður því ekki talið jafngilda meistarabréfi, enda hefur Iðnráðið í Reykjavík synjað henni með bréfi, dags. 23. sept. s. l., um meðmæli til að fá að leysa meistarabréf í klæðskeraiðn.

Þar sem telja verður, að í tilkynningum viðskiptaráðs um hámarksverð og hámarksálagningu á vinnu klæðaskeraverkstæða sé átt við verkstæði, sem veitt sé fagleg forstaða af mönnum, sem hafa fengið opinbera viðurkenningu á, að þeir hafi meistararéttindi í klæðskeraiðn, sbr. orðið „sniðmeistari", en kona sú, er veitti og veitir kápubúðinni Hverfisgötu 34 faglega forstöðu, hefur ekki, samkvæmt framansögðu, meistararéttindi í þessari iðngrein, þá hefur kærði, eins og málsatvikum hefur verið lýst, selt saumaskap á kvenkápum of háu verði og þar með brotið gegn tilkynningum verðlagsstjóra frá 29. maí og 29. júní s. l. um hámarksverð og hámarksálagningu á vinnu klæðskeraverkstæða, hraðsaumastofa og kjólasaumastofa.

Þar sem eigi er unnt að staðreyna, hverju ólöglegur ágóði af verðlagsbroti þessu nemur, verður þegar af þeirri ástæðu sá ágóði eigi gerður upptækur.

Refsing kærða fyrir áðurnefnt brot þykir samkvæmt 2. mgr. 9. gr. verðlagslaga nr. 3 13. febrúar 1943 hæfilega ákveðin 500 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 20 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, hrl. Gústavs Sveinssonar, kr. 400.00.

Rekstur málsins hefur verið vitalaus.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Hjálmar Þorsteinsson, greiði 500 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 20 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnar-

laun skipaðs verjanda síns, hrl. Gústavs Sveinssonar, kr. 400.00.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 14. júní 1944.

Nr. 42/1944. **Réttvísin og valdstjórnin**
(cand. jur. Ragnar Ólafsson)
gegn
Adolph Bergssyni, (Theódór B. Lindal)
Friðjóni Bjarnasyni (Egill Sigurgeirsson)
og
Guðmundi Ragnari Guðmundssyni
(Sigurður Ólason).

Fölsun skömmtunarseðla og þjófnaður, og notkun falsaðra skömmtunarseðla.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdómi hefur verið áfrýjað að því er varðar ákærðu Adolph Bergsson, Friðjón Bjarnason og Guðmund Ragnar Guðmundsson.

Það þykir viðurhlutamikið að telja sannað, að ákærði Adolph Bergsson hafi verið hlutdeildarmaður að stuldi ákærða Guðmundar R. Guðmundssonar á skömmtunarseðlum. Ber því að sýkna ákærða Adolph af þessu ákæruatriði. Að öðru leyti eru brot ákærða, sem rétt er lýst í héraðsdómi, réttilega heimfærð þar til refsiákvæða. Þykir refsing ákærða Adolphs Bergssonar hæfilega ákveðin 14 mánaða fangelsi. Með þessum breytingum þykir mega staðfesta héraðsdóminn, að því leyti sem honum er áfrýjað.

Ákærði Adolph Bergsson greiði málflutningslaun skipaðs verjanda síns fyrir hæstarétti, kr. 1200.00. Ákærði Friðjón Bjarnason greiði málflutningslaun skipaðs verjanda síns fyrir hæstarétti kr. 1000.00. Ákærði Guðmundur Ragnar Guðmundsson greiði málflutningslaun skipaðs verjanda síns fyrir hæstarétti kr. 1000.00. Allur annar áfrýj-

unarkostnaður sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda fyrir hæstarétti, kr. 1400.00, greiðist af hinum ákærðu in solidum.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði Adolph Bergsson sæti fangelsi 14 mánuði. Að öðru leyti á hinn áfrýjaði dómur að vera óraskaður.

Ákærði Adolph Bergsson greiði málflutningslaun skipaðs verjanda síns fyrir hæstarétti, Theódórs B. Líndals hæstaréttarlögmanns, kr. 1200.00.

Ákærði Friðjón Bjarnason greiði málflutningslaun skipaðs verjanda síns fyrir hæstarétti, Egils Sigurgeirssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 1000.00.

Ákærði Guðmundur Ragnar Guðmundsson greiði málflutningslaun skipaðs verjanda síns fyrir hæstarétti, Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 1000.00.

Allur annar áfrýjunarkostnaður sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda í hæstarétti, Ragnars Ólafssonar cand. juris, kr. 1400.00, greiðist af hinum ákærðu in solidum.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 11. marz 1944.

Ár 1944, laugardaginn 11. marz, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Jónatan Hallvarðssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 3266—3270/1943: Réttvísin og valdstjórnin gegn Adolph Rosenkranz Bergssyni og réttvísin gegn Friðjóni Bjarnasyni, Guðmundi Ragnari Guðmundssyni, Lárusi Hanssyni og Þorvaldi Jónssyni.

Málið er höfðað samkvæmt fyrirlagi dómsmálaráðuneytisins gegn Adolph fyrir brot gegn 14., 17. og 26. kafla almennra hegningarlaga og lögum nr. 37 1939, um heimild fyrir ríkisstjórnina til ýmislegra ráðstafana vegna yfirvofandi styrjaldar í Norðurálfu, sbr. reglugerð nr. 164 1939, um sölu og úthlutun á matvörutegundum, Friðjóni fyrir brot gegn 17. kap. hegningarlaganna, Guðmundi fyrir brot gegn 14., 17. og 26. kap. hegningarlaganna, Lárusi fyrir

brot gegn 14. og 17. kap. hegningarlaganna og Þorvaldi fyrir brot gegn 17. kap. hegningarlaganna.

Rannsókn málsins hófst hinn 2. apríl 1943 og var lokið 1. febr. s. l. Það var dómtekið 3. marz s. l.

Ákærðir eru þessir:

Adolph Rósenkranz Bergsson fulltrúi, til heimilis Túngötu 35 hér í bæ. Hann er fæddur að Flateyri 1. okt. 1900.

Hegningarvottorð hans er svolátandi:

1928 1/6 Sátt 10 kr. sekt fyrir lögreglubrot.
1930 1/6 Dómur lögregluréttar, 125 kr. sekt og sviptur ökuleyfi í 4 mánuði fyrir brot á áfengislögunum og bifreiðalögunum.
1931 2/7 Áminning fyrir brot á reglugerð um bifreiðastæði.
1941 11/12 Kærður fyrir ölvun innanhúss. Fellt niður.
1941 1/2 Kærður fyrir ölvun innanhúss. Fellt niður.
1944 15/1 Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

Friðjón Bjarnason prentari, til heimilis Holtsgötu 33 hér í bæ. Hann er fæddur 8. marz 1912 í Reykjavík. Hann hefur sætt eftirtöldum refsingum:

1940 21/10 Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1941 1/3 Áminning fyrir ölvun innanhúss.
1942 1/2 Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

Guðmundur Ragnar Guðmundsson slökkviliðsmaður, til heimilis Njálsgötu 40 hér í bæ. Hann er fæddur í Reykjavík 13. nóv. 1919. Hann hefur sætt eftirtöldum refsingum:

1940 1/11 Dómur aukaréttar, 12 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, skilorðsbundið, fyrir þjófnaðarhilmingu.
1940 2/5 Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1940 31/7 Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1942 1/6 Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun og mótþróa við lögregluna og brot á 14. gr. áfengislaganna.

Lárus Hansson innheimtumaður, til heimilis Framnesvegi 16 hér í bæ. Hann er fæddur 16. desember 1891 að Steindórsstöðum í Reykholtsdal. Hann var hinn 22. júlí 1936 sektaður um kr. 10 fyrir brot gegn lögum nr. 59 1913. Að öðru leyti hefur hann ekki sætt refsingum.

Þorvaldur Jónsson prentmyndasmiður, til heimilis Pósthússtræti 13 hér í bæ. Hann er fæddur 25. desember 1916 í Reykjavík. Hegningarvottorð hans er svo hljóðandi:

1932 2/4 Áminning fyrir að taka að ófrjálsu bílhjól til notkunar.
1932 3/6 Áminning fyrir reiðhjólshnupl.
1933 2/12 Dómur aukaréttar, 30 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, skilorðsbundið, fyrir þjófnað.
1936 3/6 Sátt, 20 kr. sekt fyrir að stýra bifhjóli réttindalaus.
1941 5/2 Kærður fyrir ölvun í bifreið. Fellt niður.

1941 ⅞ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1942 $^{2}/_{11}$ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1943 $^{1}/_{11}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

2.

Hinn 1. apríl s. l. kærði skömmtunarskrifstofa ríkisins yfir því, að fram hefðu komið við talningu þá daginn áður sykurseðlar, er virtust vera falsaðir. Seðlar þessir urðu raktir til Jóns Kjartanssonar, framkvæmdastjóra sælgætisgerðarinnar Víkings og h/f Svans, en hann skýrði aftur svo frá, að hann hefði fengið þá hjá Adolph Bergssyni. Við húsrannsókn á skrifstofu ákærðs Adolphs þá strax um kvöldið hinn 2. apríl fannst mikið af sykurseðlum, er síðar reyndust að vera falsaðir. Gaf Adolph þá skýringu á því, að þeir voru þarna, að Jón Kjartansson hefði komið til sín á skrifstofuna og lagt þá þar af sér í umslögum og þeir orðið eftir. Kvaðst hann ekki hafa vitað, hvað í umslögunum var.

Nú verða atvik þessa máls rakin eftir þeim gögnum, er fram hafa komið í málinu.

Frá viðskiptum þeirra Adolphs og Jóns Kjartanssonar hefur Jón skýrt greinilegar, og er frásögn Adolphs öll fengin eftir að skýrslur Jóns voru gerðar honum kunnar, enda synjaði Adolph með öllu fyrir viðskiptin í fyrstu. Jón hefur skýrt svo frá, að hann hafi kvartað við ákærðan Adolph um sykurskort fyrirtækja sinna. Telur hann talið hafa hafizt með almennum orðum um sykurleysið, en síðan kveðst hann hafa slegið upp á því, að Adolph hjálpaði sér, og gert það af fikti. Upp úr þessu hófust viðskiptin og fyrst með því, að Adolph útvegaði honum sykur, án þess að taka af honum skömmtunarheimild, en síðan fór hann að láta hann hafa sykurseðla, er Jón svo notaði til fyrirtækis síns sælgætisgerðarinnar Víkings. Sykurinn greiddi Jón yfir gangverði, en um seðlana varð fljótlega það samkomulag, að Jón greiddi framleiðslugjald, eða kr. 2.10 fyrir kílóið. Kveðst Jón hafa stungið upp á því, til þess að setja takmörk fjárkröfum Adolphs, og má telja mest af seðlunum greitt með því verði.

Um magn viðskiptanna og tímabil það, er þau stóðu yfir, verður að leggja til grundvallar upplýsingar, sem fengizt hafa af athugun minnisblaða nokkurra, er Jón hafði skrifað og vísað á, er hann sat í gæzluvarðhaldi, en hann var úrskurðaður í varðhald þegar er rannsóknin hófst. Samkvæmt þeim telur Jón fyrstu greiðslu sína til Adolphs 7. jan. (1942), og er hún að upphæð kr. 450.00. Greiðslurnar fóru ýmist fram í peningum eða með samþykktum víxlum. Samkvæmt minnismiðunum og víxlum, er fundizt hafa við rannsókn á bankaviðskiptum Adolphs og Jóns og fyrirtækja þeirra, er hann stendur fyrir, nema greiðslur Jóns til Adolphs samtals kr. 37495.64, og er síðasta greiðslan víxill, útgef-

inn 15. febr. 1943. Ekki hefur orðið auðið að upplýsa með rituðum gögnum, hversu mikið af greiðslum þessum var fyrir sykur og hversu mikið fyrir sykurseðla. En samkvæmt skýringum þeim, er Jón hefur gefið, má ætla, að andvirði sykursins hafi numið um kr. 5030, en hitt hafi verið fyrir seðla. Jón tók það þó fram, að hann gæti ekki frá þessu greint með vissu. Magn það, er sykurseðlarnir hljóðuðu upp á, er rúm 16000 kíló, einnig samkvæmt skýrslu Jóns og áætlun.

3.

Þeir Jón og Adolph eru sammála um það, að þessi viðskipti sín hafi hafizt með því, að Jón keypti sykur af Adolph. Kvaðst Adolph hafa fengið þann sykur hjá Þorsteini J. Jónssyni kaupmanni.

Þorsteinn J. Jónsson hefur skýrt frá því, að Adolph hafi eitt sinn keypt hjár sér 2 poka af strásykri og afhent sér seðla fyrir þeim, þá um leið og nokkru eftir. Nokkru síðar keypti hann 28—30 poka af strásykri og lofaði að standa skil á leyfi fyrir sykrinum eða sykurmiðum síðar. Það segir Þorsteinn, að Adolph hafi ekki efnt, ávallt dregið sig á leyfinu og ekki skilað því. Þorsteinn heldur því fram, að þessi sykurkaup hafi farið fram um miðjan apríl 1942; dregur hann þá ályktun af kassabók sinni, er sýnir hinn 15. apríl stórum meiri sölu en venjulega.

Adolph segir, að þessi kaup sín hafi numið 10 pokum eða meiru. Hann kveðst ekki hafa minnzt á leyfi, er hann tók út sykurinn; um það hafi ekkert verið rætt, og hann kveðst ekkert hafa hugsað út í það. Er Þorsteinn síðar krafði hann um seðla, sagðist hann ekki geta látið þá.

Þennan sykur seldi Adolph Jóni, og er ekki vitað um annan sykur, er Jón hafi fengið frá honum.

4.

Þeir Guðmundur Ragnar Guðmundsson og Lárus Hansson voru á þessum tíma í þjónustu Reykjavíkurbæjar við innheimtu bæjargjalda og samstarfsmenn Adolphs, er fór með lögtak vegna þeirra sem löggiltur fulltrúi lögmanns, en launaður af bænum. Til þeirra Guðmundar og Lárusar var gripið, þegar aðalúthlutun skömmtunarseðla fór fram, og þeir þá látnir aðstoða við þær.

Er Jón hafði fært það í tal við Adolph að útvega sér sykurseðla, kveðst Adolph hafa minnzt á það við þá samstarfsmenn sína Guðmund og Lárus. Kveðst hann hafa sagt þeim, að maður hefði beðið sig að útvega sykurseðla og vildi greiða 1 krónu fyrir kílóið. Kveðst hann halda, að hann hafi talað við þá hvorn í sínu lagi.

Guðmundur lýsir viðskiptum þeirra Adolphs á þessa leið:

Hann kveðst fyrst hafa starfað við úthlutun skömmtunarseðla

í lok desembermánaðar 1941. Er hann hafði starfað einn dag við úthlutunina, að því er hann heldur, falaði Adolph af honum skömmtunarseðla og nefndi ekki sérstaka tegund þeirra. Kvaðst Adolph mundu koma sjálfur og sækja sína seðla og einnig senda tvo drengi eftir seðlunum. Bað hann Guðmund að afhenda þeim öllum nokkra seðla umfram stofna þá, er þeir skiluðu. Guðmundur segist hafa heitið að athuga þetta, en engu um það lofað, en gerði þó eins og um hafði verið beðið, er þeir komu til að sækja seðlana. Hann telur sig hafa afhent með þessum hætti fáeina seðla umfram, gizkar á 20 stykki.

Ekki greiddi Adolph honum fyrir þetta, en bað hann að gera hið sama við næstu úthlutun.

Næsta úthlutun sem Guðmundur starfaði við fór fram í marz árið eftir. Talaði Adolph þá aftur við hann og það nokkrum sinnum um að útvega sér skömmtunarseðla, og lagði að honum. Bauð hann honum nú borgun fyrir. Kveðst hann í þetta skiptið hafa farið eins að og áður og afhent nokkra seðla umfram stofnana, er hann tók við. Nokkrum dögum síðar greiddi Adolph honum 100 krónur fyrir.

Í júnímánuði virðast hafa farið fram tvær úthlutanir skömmtunarseðla, um miðjan mánuðinn á sykurseðlum til sultugerðar og í mánaðarlokin aðalúthlutun. Guðmundur kveðst muna eftir aðalúthlutuninni og jafnframt, að Adolph bað hann sérstaklega um að útvega sér sykurseðla til sultugerðar. Í þetta skipti tók Guðmundur bunka af seðlum með sér og afhenti Adolph síðar á skrifstofunni. Greiddi Adolph honum kr. 1292.00 fyrir og, að því er hann heldur, kr. 5.50 fyrir kílóið.

Frásögn Adolphs af þessum viðskiptum er óljósari. Hann heldur, að þau hafi ekki byrjað jafnsnemma og Guðmundur telur, eða ekki fyrr en eftir að hann hafði selt Jóni sykurinn. Þó kveðst hann ekki geta fullyrt, að frásögn Guðmundar um þetta sé röng. Hann kveðst ekki geta munað eftir að hafa fengið umframseðla, er hann sótti sína eigin, og heldur ekki drengur, er hann sendi eftir nokkru af seðlunum. Aftur á móti telur hann Guðmund hafa afhent sér seðla við tvennar úthlutanir, er fram fóru í júnímánuði, og hafa greitt honum kr. 1000 í fyrra skiptið og kr. 1292 í síðara skiptið. Styðst það við athugun á tékkreikningi hans við Útvegsbankann. Hann telur sig hafa greitt Guðmundi kr. 0.50 fyrir hvert kíló í öllum viðskiptunum.

Hinn 8. júlí 1942 réðst Guðmundur í slökkvistöð Reykjavíkur og hætti þá um leið að starfa að úthlutun skömmtunarseðla. Guðmundur segir, að Adolph hafi þó haldið áfram að biðja sig að útvega seðlana. Hafði hann látið Guðmund lýsa fyrir sér geymslustað seðlanna í Góðtemplarahúsinu, þar sem aðalúthlutanir fóru fram, og vissi, að þeir voru um nætur geymdir í óvandlega læst-

um skáp þar, og enn fremur að móðir Guðmundar starfaði að hreingerningu hússins.

Að sögn Guðmundar stakk nú Adolph upp á því, að hann færi í skápinn meðan hreingerningarkonur störfuðu að ræstingu og tæki þaðan seðla. Lagði Adolph til, að Guðmundur skrúfaði hespu frá hurð skápsins. Segir Guðmundur hann hafa talið ekki vera um innbrot að ræða, ef hespan væri skrúfuð frá með skrúfjárni.

Guðmundur segir Adolph hafa talað um þetta nokkrum sinnum við sig, og kveðst jafnan hafa færzt undan, og Adolph þá orðið því stífari. Loks var það kvöld eitt, að Adolph kom heim til hans og fékk talið hann á framkvæmdir.

Morguninn eftir, sem var hinn 29. september, fór Guðmundur síðan niður í Góðtemplarahús, sem var opið, og í skápinn með því að skrúfa hespuna frá með skrúfjárni. Í skápnum greip hann slatta af skömmtunarseðlum úr samanbundnum seðlabúnka og enn fremur nokkuð af sultusykurseðlum úr skúffu. Hann skrúfaði síðan hespuna fyrir aftur og fór í síma þar í húsinu og símaði til Adolphs. Klukkan var um 7 um morguninn og enginn hafði orðið hans var þar í húsinu.

Guðmundur kveðst síðan hafa farið rakleitt heim til Adolphs með seðlana. Adolph bauð honum til stofu og taldi þar seðlana og sagði að þeir væru 600. Nokkru síðar sagði Adolph honum, að sultu-sykurseðlarnir væru úr gildi gengnir og greiddi honum því ekkert fyrir þá. En hina seðlana greiddi hann honum með tékk að upphæð kr. 2220.00.

Móðir Guðmundar hefur verið leidd sem vitni í málinu. Hún hefur borið, að Adolph hafi komið heim til þeirra Guðmundar umrætt kvöld og gengið í gegnum eldhúsið, þar sem hún var stödd, og inn í herbergi Guðmundar og dvaldist hjá honum nokkra stund. Morguninn eftir, áður en hún fór til ræstinganna í Góðtemplarahúsinu, leit hún inn til Guðmundar, er þá var enn þá í rúmi sínu. Kveðst hún þá hafa séð merki þess, að Guðmundur hafði verið í ölvunarástandi kvöldið áður, og taldi hún því, að þeir Adolph hefðu drukkið saman. Hún var yfirheyrð af lögreglunni þegar eftir innbrotið og var því þetta minnisstætt og taldi sig því geta ákveðið daginn með vissu.

Adolph hefur viðurkennt að hafa greitt Guðmundi kr. 2220.00 fyrir seðla þá, er hann fékk hjá honum í september. En hann hefur neitað að hafa minnzt á það við Guðmund að útvega sér seðla eftir að hann réðst til slökkviliðsins. Hann hefur neitað að hafa hvatt hann til að opna skápinn og taka seðlana úr honum, að hafa spurt hann, hvar seðlarnir væru geymdir eða hafa vitað það, heldur ekki kveðst hann muna til þess að hafa heimsótt hann kvöldið áður en innbrotið var framið. Hann hefur haldið því fram, að Guðmundur hafi komið með seðlana til sín óumbeðið.

5.

Lárus Hansson hefur skýrt frá viðskiptum sínum við Adolph á þessa leið.

Adolph fór fram á það við hann, að hann útvegaði sér skömmtunarseðla, er hann starfaði við úthlutun þeirra. Nefndi Adolph það oftar en einu sinni meðan á úthlutuninni stóð. Lárus sagðist ekkert vilja við þetta eiga og kveðst ekki hafa lofað því.

Er aðalúthlutuninni var lokið, starfaði Lárus við það að flytja úthlutunargögnin úr Góðtemplarahúsinu, þar sem úthlutunin fór fram og yfir í skrifstofuna. Að verkinu loknu varð hann þess var, að hann hafði gleymt skóhlífum sínum í Góðtemplarahúsinu og hvarf því þangað aftur. Þá kveðst hann hafa rekizt þar á nokkra skömmtunarseðla í pappaumbúðum, er lágu þar í umbúðadrasli og höfðu orðið eftir við flutninginn. Hann tók seðlana og afhenti þá Adolph daginn eftir heima hjá honum. Hann telur seðlana hafa verið 17. Hann gat ekki greint frá því, nær þetta hafði gerzt, og er það heldur ekki upplýst með vissu af öðrum gögnum.

Adolph hefur staðfest það, að hann hafi að fyrra bragði minnzt á það við Lárus að útvega sér seðla og hefur einnig talið, að magn þeirra seðla, er Lárus fékk honum, hafi verið svo lítið, að ekki hafi skipt máli. Hann kvaðst í fyrstu hafa greitt Lárusi fyrir þetta kr. 0.50 á sykurkíló. Lárus hefur eindregið neitað því að hafa tekið fé fyrir seðlana, en jafnframt skýrt frá því, að hann hafi um svipað leyti tekið kr. 40—50 af Adolph, án þess að Adolph skýrði nánar frá, fyrir hvað það væri, en þar sem hann taldi sig eiga nokkuð hjá Adolph, hugði hann greiðsluna vera fyrir það. Hefur Adolph í síðari réttarhaldi talið svo vera.

6.

Friðjón Bjarnason hefur talið sig hafa kynnzt Adolph við það, að Adolph innheimti hjá honum bæjargjöld. Eftir það heilsuðust þeir á götu, en höfðu ekki nánari kunningsskap.

Hann telur það hafa verið um miðjan febrúar 1943, að Adolph hringdi til hans, er hann var að vinnu sinni, og bað hann að finna sig. Er það drógst, hringdi hann aftur. Þegar þeir fundust, falaðist Adolph umsvifalaust eftir því, að hann prentaði fyrir sig sykurseðla, og bauð honum borgun fyrir. Því kveðst Friðjón hafa færzt undan og talið óleyfilegt og hættulegt og mundi leiða til sykurþurrðar í landinu. Adolph eyddi þessum mótbárum og taldi um fyrir honum, þar til hann lofaði að athuga þetta.

Það dróst þó fyrir Friðjóni að koma þessu í verk og segir hann, að Adolph hafi þá stöðugt verið að hringja til sín og tala við sig um þetta og lagt mjög að sér að framkvæma það og einu sinni sent til sín. Í þessum viðtölum gat Friðjón þess, að erfitt væri að setja seðlana, þar sem letrið, sem á þeim var, væri einungis til í

Ríkisprentsmiðjunni Gutenberg, og taldi betra að nota myndamót og taldi Adolph það vera ágætt.

Friðjón náði síðan í myndamót af sykurseðlum með þeim hætti, er síðar verður sagt frá, og hóf prentun seðlanna. Hann segir, að Adolph hafi beðið um 400—500 eintök af sykurreitum skömmtunarseðils, en þeir eru samtals 12. Hann prentaði um 500 eintök, en á myndamótinu voru einungis 10 reitir. Hann prentaði þetta í prentsmiðju þeirri, er hann starfar í, eftir venjulegan vinnutíma. Í seðlana notaði hann pappírsafganga af tvennskonar gerð og án þess að velja, enda hafði ekki neinn skömmtunarseðil fyrir sér.

Hann kveðst hafa geymt seðlana hjá sér yfir nóttina, en fór með þá morguninn eftir niður á skrifstofu til Adolphs og hitti hann þar einan. Adolph skoðaði seðlana þar og bar saman við skömmtunarseðil, er hann var með. Var hann ekki vel ánægður með þá og setti einkum út á pappírinn. Hann sagðist myndi hringja Friðjón upp síðar og ræða við hann um borgunina.

Nokkrum dögum síðar boðaði Adolph hann á fund sinn og tjáði honum, að þetta hefði allt orðið ónýtt, vegna þess hvernig pappírinn var. Kveðst Friðjón þá hafa beðið hann að brenna upplaginu og lofaði hann því. Friðjón lofaði aftur að prenta nýtt upplag.

Það framkvæmdi hann síðan og notaði til þess aðra pappírstegund. Upplagið var eins og áður um 500 eintök. Þetta upplag afhenti hann Adolph heima hjá honum.

Síðar var það, að Adolph bað Friðjón að finna sig niður á skrifstofu. Þar rétti hann honum kr. 1000 án þess að ræða frekar um, en gat þess þó jafnframt, að seðlarnir væru ágætir.

Adolph hefur viðurkennt að hafa falað seðla af Friðjóni og fengið þá hjá honum, en eindregið synjað þess að hafa beðið hann að prenta seðlana eða hafa vitað til þess, að hann hefði gert það.

Frásögn Adolphs er á þá leið, að hann hafi hitt Friðjón, sem hann sé aðeins málkunnugur, á götu og þá nefnt það við hann, hvort hann hefði aðstöðu til að útvega sér sykurseðla. Segist hann hafa getið þess, að hann vildi gera manni greiða með því að útvega honum seðla. Friðjón kvaðst mundi athuga málið, en lofaði engu. Eftir það átti Adolph nokkrum sinnum tal við Friðjón um þetta bæði á skrifstofu sinni og í síma. Kveðst Adolph hafa berum orðum vikið að því að hann útvegaði seðlana frá félögum sínum, prenturum í Gutenberg. Einnig segir hann, að komið hafi fram í þeim viðræðum, að maður sá, er seðlana átti að fá, vildi greiða kr. 1.00 fyrir kílóið.

Síðan var það, að Friðjón færði honum á skrifstofu hans seðlana í pakka. Þar var ekki minnzt á, hvernig Friðjón hefði komizt yfir þá. En Adolph telur sig hafa staðið í þeirri meiningu,

að þetta væru gamlir seðlar, sem átt hefði að eyðileggja. Ekki man Adolph, hvort rætt var um það, hve seðlarnir væru margir.

Seðla þessa afhenti Adolph síðan Jóni Kjartanssyni. Jón tjáði honum síðar í síma, að seðlarnir væru með tvennu móti. Það kveðst Adolph hafa sagt Friðjóni og spurt um leið, hvort hann hefði fleiri seðla. Kom þá Friðjón með annan seðlabunka til Adolphs, er hann svo afhenti Jóni.

Adolph kveðst hafa greitt Friðjóni 1000 krónur, en getur ekki munað, hvort það var áður eða eftir að hann kom með síðari seðlana.

Jón Kjartansson hefur skýrt frá því, að er Adolph afhenti sér seðlana, hafi hann að fyrra bragði bent á, að seðlarnir væru með öðrum litblæ, en vera átti, því það hefði staðið til að henda þeim, en maður á skömmtunarskrifstofunni, sem hann þó ekki nafngreindi, hefði hirt þá. Eftir á fór Jón að hugsa út í þetta og gerði Adolph orð að finna sig. Adolph tók þá seðlana til sín til að athuga þetta nánar, en sagðist ekki vita annað, en maður sá, er þeir stöfuðu frá, væri áreiðanlegur. Síðan fékk hann Jóni seðla aftur og þá í þrennu lagi; fullyrti hann þá, að þetta væri í lagi, en gat þess ekki, hvort þetta væru sömu seðlarnir og hann tók eða nýir í þeirra stað.

Adolph hefur neitað því, að hafa haft orð á því við Jón, að litblær seðlanna væri misjafn.

7.

Eins og áður er getið, er frásögn Adolphs öll fengin eftir á, og með því að bera upp við hann það, sem á hverjum tíma var upplýst í málinu og krefja hann skýringa. Er hann var spurður um seðla þá, er hjá honum fundust, kvað hann Jón hafa skilið þá eftir hjá sér í umbúðum, og kveðst ekki hafa vitað, hvað í þeim umbúðum var. Hefur hann haldið fast við þá frásögn sína. Jón hefur aftur á móti synjað þess að hafa nokkru sinni skilið seðla eftir í skrifstofu Adolphs. Er Adolph var beðinn skýringa á víxlum þeim, er fyrst komu fram í málinu og samþykktir voru af Jóni, en seldir í banka af Adolph, kvað hann Jón hafa samþykkt þá í greiðaskyni við sig eingöngu. Undir rannsókninni féll hann frá því og viðurkenndi, að þeir væru andvirði sykurseðla, er hann hafði fengið Jóni. Um magn seðlanna, er afhentir voru Jóni, hafa skýrslur Adolphs verið mjög ógreinilegar, bæði um einstök tilfelli og heildarmagnið. Sömuleiðis hefur hann ekki gert sérstaka grein fyrir greiðslum til sín.

Er Adolph var krafinn sagna um það, hvaðan hann hefði fengið seðla þá, er hann útvegaði Jóni, gaf hann fyrst upp Friðjón Bjarnason, en er sýnt var, að allt seðlamagnið gat ekki frá honum stafað, gaf hann upp nöfn þeirra Guðmundar og Lárusar.

Þeir Adolph og Jón eru sammála um það, að Jón hafi upphaflega hafið máls á útvegun sykurs eða sykurseðla. Adolph segist þá hafa verið búinn að heyra, að skömmtunin væri ekki eins ströng og reglugerðin gerði ráð fyrir, og að veittir væru aukaskammtar af skömmtunarvörum. Þetta segir hann, að hafi leitt til þess, að sér hafi dottið í hug, að hægt mundi vera að útvega skömmtunarseðla og því borið það í tal við þá Guðmund og Lárus, sem hann vissi, að unnu við úthlutun skömmtunarseðlanna, og síðar við Friðjón og þá einmitt nefnt við hann, hvort kollegar hans í Gutenberg hefðu möguleika á að ná í nokkuð af seðlum, en hann vissi, að þar voru seðlarnir prentaðir.

Adolph hefur eindregið neitað því að hafa falað Friðjón til að prenta eftir seðlunum, svo sem Friðjón hefur haldið fram. Þrátt fyrir það þykir verða að hafa það fyrir satt. Þykir það styðja frásögn Friðjóns, að Jón Kjartansson hermir upp á Adolph að hafa bent sér að fyrra bragði á, að annarlegur litblær væri á seðlunum. Þess ber og að gæta, að frásögn Friðjóns er öll skilgóð og greinileg og hreinskilin, en Adolph hefur lítt greint frá skiptum þeirra, og sú skýring hans er ekki sennileg, að hann hafi snúið sér til prentara, er starfaði í annarri prentsmiðju, með að útvega sér skömmtunarseðla, er prentaðir voru í Ríkisprentsmiðjunni Gutenberg. Verða heldur ekki fundin nein eðlileg líkindi til þess, að Friðjón færi að taka það upp hjá sjálfum sér, óhvattur af öðrum, enda ekki einu sinni heitið ákveðnum launum fyrir.

Enn fremur þykir verða, að athuguðum öllum málavöxtum, að leggja til grundvallar þá frásögn Guðmundar, að Adolph hafi lagt á ráðin, er hann fór í skápinn og hafði þaðan á brott seðlana, enda þótt Adolph hafi staðfastlega neitað því. Framburður móður Guðmundar um komu Adolphs til hans kvöldið fyrir innbrotið þykir styðja það. Frásögn Guðmundar er öll ýtarleg og hreinskilin. Adolph heldur því aftur á móti einungis fram, að Guðmundur hefði komið með seðlana til sín óumbeðið og, að því er virðist, óvænt.

8.

Friðjón Bjarnason skýrði frá því, að myndamót það, er hann prentaði sykurseðlana eftir, hafi hann fengið hjá Þorvaldi Jónssyni.

Hann kveðst hafa hitt Þorvald í Ingólfsstræti og spurði hann þar að því, hvort hann gæti látið sig hafa myndamót af sykurseðlum. Þorvaldur anzaði þessu með því að biðja hann að koma með sér upp í prentmyndastofu þá, er hann starfaði við. Hann kveðst hafa sagt Þorvaldi, að sig vantaði nokkra sykurseðla, en fór ekki nánar út í, hvað hann ætlaði að gera við mótið. Á prentmyndastofunni fann Þorvaldur fram myndamót af sykur- og kaffi-

seðlum, sagaði kaffiseðlana af, negldi mótið á klossa og fékk Friðjóni. Hann kveðst hafa lofað Þorvaldi að gera honum einhvern greiða í staðinn og gefa honum 1—2 flöskur af áfengi. Friðjón taldi sig varla vita, hvort hann fékk mótið að gjöf eða að láni, og varla hafa séð Þorvald eftir þetta.

Þorvaldur hefur viðurkennt að hafa fengið Friðjóni myndamótið með þeim hætti, er Friðjón lýsir því. Kveðst hann hafa verið hálffullur, er hann hitti Friðjón. Friðjón orðaði það þá við hann að búa til myndamót af sykurseðlum. Kom honum þá í hug myndamót af skömmtunarseðlum, er hann hafði rekizt á á prentmyndastofunni, og tók því Friðjón með sér þangað. Sagði hann Friðjóni, að hann mætti fá mótið, því ekkert væri gert við það, og útbjó það síðan eins og Friðjón skýrir frá.

Þorvaldur kveðst hafa spurt Friðjón, hvað hann ætlaði að gera við myndamótið, en Friðjón hafi ekkert gefið út á það, aðeins sagzt þurfa að nota nokkra miða eða því um líkt. Hann kveðst muna eftir því, að Friðjón hét honum 1 eða 2 áfengisflöskum, en ekki tekið mark á því, og ekkert hafi verið um það rætt, hvort mótið væri fengið honum að láni eða gjöf.

9.

Jón Kjartansson hefur skýrt frá því, að hann hafi keypt nokkra sykurseðla af Lárusi Hanssyni. Kom Lárus með þá til hans og bauð þá fram og setti upp kr. 0.70 fyrir kílóið. Kveðst Jón hafa keypt seðlana og greitt honum kr. 1.00 fyrir kílóið. Telur hann seðlana hafa verið upp á 154 kíló og sig hafa greitt kr. 154 fyrir þá og styðst þar jafnframt við minnisblöð sín.

Lárus hefur viðurkennt að hafa selt Jóni sykurseðla í eitt skipti, og hafi það verið seðlar frá heimili sínu eða upp á 6 manna skammt í eitt skömmtunartímabil og kveðst hafa fengið greiddar kr. 5.75 fyrir kílóið, eða tæpar kr. 30.00 samtals. Kveðst hann hafa heyrt á tal Jóns, þar sem hann kvartaði yfir sykurleysi og datt í hug að bjóða honum seðlana. En seðlana kveðst hann hafa getað sparað frá heimili sínu vegna sykursekks, er hann hafði keypt úr skipsstrandi.

Aðrar upplýsingar um þetta atvik hafa ekki komið fram.

10.

Guðmundur Ragnar Guðmundsson starfaði í þjónustu Reykjavíkurbæjar að úthlutun skömmtunarseðla og dró sér þá skömmtunarseðla og afhenti Adolph og þá fyrir fégjald. Með því hefur hann gerzt sekur við 128 gr. almennra hegningarlaga.. Með því að brjótast inn í læstan skáp og taka þaðan skömmtunarseðla hefur hann gerzt sekur við 244. gr. sömu laga. Með afhendingu seðlanna þykir hann hafa stuðlað að því, að þeir væru notaðir með öðr-

um hætti en til var ætlazt, og varðar það við 157. gr. sbr. 22. gr. 1. mgr. sömu laga. Refsingu hans ber að ákveða með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga og beita við hann ákvæðum 68. gr. 3. mgr. sömu laga.

Lárus Hansson hefur með áðurgreindu atferli sínu, er hann var starfsmaður við úthlutun skömmtunarseðlanna, gerzt sekur við 139. gr. almennra hegningarlaga. Svo hefur hann og gerzt sekur við 157. gr. sbr. 22. gr. 1. mgr. sömu laga. Við ákvörðun refsingar hans skal höfð hliðsjón af 77. gr. sömu laga.

Friðjón Bjarnason. Brot hans, sem áður er lýst, varðar við 155. gr. almennra hegningarlaga. Þá ber og að beita gegn honum ákvæðum 68. gr. 3. mgr. sömu laga.

Þorvaldur Jónsson. Brot hans þykir varða við 155. gr. 2. mgr. sbr. 22. gr. 2. mgr. almennra hegningarlaga.

Adolph Rosenkranz Bergsson. Með útvegun skömmtunarseðla til Jóns Kjartanssonar hefur hann gerzt sekur við 157. gr. sbr. 22. gr. 1. mgr. almennra hegningarlaga. Með þátttöku í brotum Guðmundar R. Guðmundssonar hefur hann gerzt sekur við 128. gr. og 244. gr. sbr. 22. gr. 1. mgr. sömu laga. Þátttaka hans í broti Lárusar Hanssonar varðar við 139. gr. sbr. 22. gr. 1. mgr. sömu laga og þátttaka hans í broti Friðjóns Bjarnasonar við 155. gr. sbr. 22. gr. 1. mgr. sömu laga.

Sala hans á sykri til Jóns Kjartanssonar varðar við 1. gr. reglugerðar nr. 130 1943, sbr. 1. gr. og 17. gr. reglugerðar nr. 159 1940, um sölu og úthlutun á nokkrum matvörutegundum, er á þeim tíma gilti og sem kom í stað reglugerðar nr. 164 1939, sem í málshöfðunarskipun dómsmálaráðuneytisins og stefnu greinir.

Refsingu hans ber að tiltaka samkvæmt 77. gr. almennra hegningarlaga, svo og ber að beita ákvæðum 68. gr. 3. mgr. sömu laga.

Refsingar hinna ákærðu þykja hæfilega ákveðnar þannig:

Adolph Rosenkranz Bergsson sæti 18 mánaða fangelsi. Hann skal sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og til annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa að telja.

Friðjón Bjarnason sæti 6 mánaða fangelsi. Hann skal sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og til annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa að telja.

Guðmundur Ragnar Guðmundsson sæti 6 mánaða fangelsi. Hann skal sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og til annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði Adolph Rosenkranz sat undir rannsókn málsins í gæzluvarðhaldi frá 3. apríl til 5. maí s. l., ákærði Friðjón frá 3. apríl s. l. til 17. s. m. og ákærði Guðmundur frá 16. apríl s. l. til 19. s. m. Samkvæmt 76. gr. hegningarlaganna þykir rétt að ákveða, að gæzluvarðhald þessara ákærðu komi til frádráttar fangelsisrefsingum þeirra.

Lárus Hansson greiði 800 króna sekt til ríkissjóðs innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa, en afpláni hana ella í varðhaldi í 40 daga.

Þorvaldur Jónsson greiði 500 króna sekt til ríkissjóðs. Sektin greiðist innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa, en afplánist ella í varðhaldi í 25 daga.

Um málskostnað skal fara þannig:

Adolph Rosenkranz Bergsson greiði málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, hrl. Theódórs B. Líndals, er ákveðast kr. 750.00.

Friðjón Bjarnason greiði málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Bjarna Bjarnasonar borgardómarafulltrúa, er ákveðast kr. 400.00.

Guðmundur Ragnar Guðmundsson greiði málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, hrl. Sigurðar Ólasonar, er ákveðast kr. 400.00.

Lárus Hansson greiði málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, hrl. Einars B. Guðmundssonar, er ákveðast kr. 400.00.

Þorvaldur Jónsson greiði málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, hrl. Lárusar Jóhannessonar, er ákveðast kr. 400.00.

Annan kostnað sakarinnar greiði ákærðir in solidum.

Málið hefur verið rekið vitalaust.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði Adolph Rosenkranz Bergsson sæti fangelsi í 18 mánuði. Hann skal sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og til annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði Friðjón Bjarnason sæti fangelsi í 6 mánuði. Hann skal sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og til annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði Guðmundur Ragnar Guðmundsson sæti 6 mánaða fangelsi. Hann skal sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og til annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa að telja.

Gæzluvarðhald ákærðu Adolps Rósenkranz, Friðjóns og Guðmundar Ragnars komi til frádráttar fangelsishegningum þeirra.

Ákærði Lárus Hansson greiði 800 króna sekt til ríkissjóðs. Sektin greiðist innan mánaðar frá lögbirtingu dómsins, en afplánist ella í varðhaldi í 40 daga.

Ákærði Þorvaldur Jónsson greiði 500 króna sekt til ríkissjóðs. Sektin greiðist innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þetta, en afplánist ella í varðhaldi í 25 daga.

Adolph Rosenkranz Bergsson greiði málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Th. B. Lindals hrl., kr. 750.00.

Friðjón Bjarnason greiði málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Bjarna Bjarnasonar borgardómarafulltrúa, kr. 400.00.

Guðmundur Ragnar Guðmundsson greiði málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Sigurðar Ólasonar hrl., kr. 400.00.

Lárus Hansson greiði málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Einars B. Guðmundssonar hrl. kr. 400.00.

Þorvaldur Jónsson greiði málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Lárusar Jóhannessonar hrl. kr. 400.00.

Annan kostnað sakarinnar greiði ákærðir in solidum.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 16. júní 1944.

Nr. 66/1944. **Valdstjórnin** (Kristján Guðlaugsson)
gegn
Ólafi Kjartani Ólafssyni
og
Guðmundi Jóhannssyni
(Einar B. Guðmundsson).

Ölvun við akstur bifreiðar og fleiri brot á bifreiðalögum.

Dómur hæstaréttar.

Brot kærða Ólafs Kjartans Ólafssonar varðar við 21. gr. sbr. 39. gr. áfengislaga nr. 33 frá 1935 og 1. málsgr. 23. gr. sbr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23 frá 1941. Brot kærða Guðmundar Jóhannssonar varðar við 21. gr. sbr. 39. gr. áfengislaga nr. 33 frá 1935 og 40. gr. sbr. 38. gr. og 39. gr. bifreiðarlaga nr. 23 frá 1941. Með þessari athugasemd ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 250.00 til hvors, greiði kærðu in solidum.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Kærðu, Ólafur Kjartan Ólafsson og Guðmundur Jóhannsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar in solidum, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Kristjáns Guðlaugssonar og Einars B. Guðmundssonar, kr. 250.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 18. apríl 1944.

Ár 1944, þriðjudaginn 18. apríl, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu sakadómara af fulltrúa hans Þórði Björnssyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 896—897/1944: Valdstjórnin gegn Ólafi Kjartani Ólafssyni og Guðmundi Jóhannssyni.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn þeim Ólafi Kjartani Ólafssyni verkamanni, til heimilis á Hverfisgötu nr. 83 hér í bæ, og Guðmundi Jóhannssyni blikksmið, til heimilis á Hringbraut 158 hér í bæ, fyrir brot gegn áfengislögum nr. 33/1935 og bifreiðalögum nr. 23/1941.

Kærðu eru báðir komnir yfir lögaldur sakamanna. Kærði Ólafur Kjartan er fæddur 25. júlí 1914 í Reykjavík og hefur, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum, öllum í Reykjavík.

1927 $^{13}/_{12}$ Kærður fyrir hlutdeild í innbrotsþjófnaði. Afgreitt til dómara.

1933 $^{18}/_{11}$ Dómur lögregluréttar, 500 króna sekt fyrir bruggun og sölu áfengis.

1934 $^{28}/_{2}$ Dómur hæstaréttar, 400 króna sekt fyrir brot gegn 42. gr. áfengislaganna.

1934 $^{14}/_{3}$ Dómur aukaréttar, fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 4 mánuði, skilorðsbundið, fyrir innbrotsþjófnað, og in solidum 150 kr. skaðabætur.

1934 $^{24}/_{9}$ Dómur sama réttar, 300 króna sekt fyrir brot gegn áfengislögum og ósvífni við lögregluna. Staðfest í hæstarétti $^{22}/_{2}$ 1935.

1934 $^{20}/_{10}$ Dómur hæstaréttar, 20 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 800 kr. sekt fyrir brot gegn 6. sbr. 30. gr. áfengislaganna.

1934 $^{5}/_{12}$ Sátt, 100 kr. sekt fyrir slagsmál.

1935 $^{1}/_{6}$ Dómur aukaréttar, 4 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir þjófnað og ólöglega vinnautn í veitingahúsi.

1935 $^{8}/_{7}$ Dómur sama réttar, 8 mánaða betrunarhúsvinna fyrir þjófnað.

1936 $^{6}/_{10}$ Sátt, 10 kr. sekt fyrir hjólreiðar í Bankastræti.

1936 $^{30}/_{12}$ Dómur aukaréttar, 6 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir brot gegn 8. gr. laga nr. 51 1928, sbr. 231. gr. 4. mgr. hegningarlaganna, og 17. gr. sbr. 37. gr. áfengislaganna.

1937 $^{1}/_{9}$ Dómur lögregluréttar, 1000 króna sekt og 30 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir ólöglega áfengissölu. Staðfest í hæstarétti $^{19}/_{1}$ 1938.

1937 $^{23}/_{11}$ Dómur sama réttar, 300 kr. sekt og sviptur ökuskírteini ævilangt fyrir ölvun við bifreiðaakstur. Staðfest í hæstarétti $^{11}/_{5}$ 1938.

1938 $^{13}/_{1}$ Sátt, 30 kr. sekt fyrir brot gegn 3. gr. reglug. nr. 105/1936 um skotvopn o. fl.

1938 $^{30}/_{7}$ Dómur lögregluréttar, 45 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 2000 króna sekt fyrir brot gegn 15. sbr. 33. gr. 1. og 2. mgr. áfengislaganna. Staðfest í hæstarétti $^{12}/_{12}$ 1938.

1938 $^{2}/_{8}$ Kærður af Maríu Guðmundsdóttur fyrir árás. Vísað til barnaverndarnefndar til athugunar.

1938 $^{1}/_{9}$ Dómur lögregluréttar, 60 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 2200 kr. sekt fyrir ólöglega áfengissölu. Staðfest í hæstarétti $^{19}/_{12}$ 1938.

1940 $^{19}/_{1}$ Dómur lögregluréttar, 3ja mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 3000 kr. sekt fyrir ólöglega áfengissölu. Staðfest í hæstarétti $^{5}/_{4}$ 1940.

1940 $^{17}/_{9}$ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1942 $^{2}/_{2}$ Sátt, 250 kr. sekt fyrir líkamsárás og 109 kr. skaðabætur í sama máli.

Kærði Guðmundur er fæddur 16. apríl 1907 í Reykjavík og hefur, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1928 $^{15}/_{1}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1931 $^{17}/_{12}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1933 $^{20}/_{11}$ Sátt, 20 kr. sekt fyrir lögreglubrot.

1936 $^{1}/_{8}$ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1936 $^{9}/_{10}$ Kærður fyrir þjófnað. Látið falla niður.

1936 $^{29}/_{11}$ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1937 $^{1}/_{1}$ Kærður fyrir ölvun í heimahúsum. Látið falla niður.

1937 $^{23}/_{1}$ Sömuleiðis.

1937 $^{2}/_{6}$ Kærður fyrir peningaþjófnað. Látið falla niður.

1940 $^{1}/_{3}$ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1942 $^{2}/_{5}$ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1943 $^{9}/_{5}$ Dómur lögregluréttar, 10 daga varðhald og svipting ökuskirteinis í 3 mánuði fyrir brot gegn áfengislögunum og bifreiðalögunum.

Samkvæmt eigin játningu kærðu og því, sem á annan hátt er sannað í málinu, eru málavextir þessir:

24. f. m. voru kærðu staddir í Nýju blikksmiðjunni í Höfðatúni hér í bæ. Kærði Guðmundur, sem var ölvaður, var með bifreið sína, R 892, og bað hann kærða, Ólaf Kjartan, að aka sér í henni inn að Miðtúni. Kærði Ólafur Kjartan varð við þessu, og fóru þeir þar inn í hús eitt. Kærði Ólafur Kjartan var með fulla flösku af sherry, og drukku þeir af henni inni í húsinu, en héldu síðan upp að Baldurshaga í áðurgreindri bifreið. Kærði Guðmundur var með hálfa flösku af sherry, og höfðu þeir tæmt úr báðum flöskunum, er þeir komu að Baldurshaga. Þá kærði Ólafur Kjartan boð kærða Guðmundar að drekka einnig af hans flösku á leiðinni að Baldurshaga.

Eftir nokkra stund héldu þeir aftur til Reykjavíkur í bifreiðinni, og voru þá báðir orðnir drukknir. Þeir héldu fyrst að Nýju blikksmiðjunni og dvöldu þar nokkurn tíma, en héldu svo suður á Laufásveg, þar sem stúlka kom í bifreiðina. Þaðan óku þau þrjú suður í Skerjafjörð og víðar um bæinn. Þau héldu svo með kærða Guðmund heim til hans að Hringbraut 158, þar sem lögreglumenn komu að þeim.

Kærði Ólafur Kjartan ók bifreiðinni í þetta skipti og viðurkennir hann að hafa verið undir áhrifum áfengis frá því að hann ók bifreiðinni frá Baldurshaga þar til lögreglumennirnir tóku hann fastan. Bifreiðinni ók hann samkvæmt beiðni kærða Guðmundar. Kveðst kærði Guðmundur hafa vitað, að kærði Ólafur Kjartan var undir áhrifum áfengis við akstur bifreiðarinnar, en haldið að hann hefði bifreiðarstjóraréttindi.

Kærði Ólafur Kjartan hefur með því að aka bifreið ölvaður, eftir að hann hefur verið sviptur bifreiðarstjóraréttindum, gerzt brotlegur gegn 21. gr. áfengislaganna nr. 33 9. janúar 1935 og 1. mgr. 23. gr. og 38. gr. bifreiðalaga nr. 23 16. júní 1941. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í 15 daga.

Kærði Guðmundur hefur með því að veita bifreiðarstjóra áfengi, þegar hann var að starfi sínu, og leyfa ölvuðum manni stjórn bifreiðar sinnar brotið gegn 21. gr. áfengislaganna og 33. gr. og 2. mgr. 40. gr. bifreiðalaganna. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin varðhald í 10 daga.

Þá ber að svipta kærða Guðmund bifreiðarstjóraréttindum ævilangt.

Kærðu ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar in solidum.

Málið hefur verið rekið vitalaust.

Því dæmist rétt vera:

Kærði Ólafur Kjartan Ólafsson sæti fangelsi í 15 daga.

Kærði Guðmundur Jóhannsson sæti varðhaldi í 10 daga.

Kærði Guðmundur skal sviptur bifreiðastjóraréttindum ævilangt.

Kærðu greiði allan kostnað sakarinnar in solidum.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Þriðjudaginn 20. júní 1944.

Nr. 121/1943. **Valdstjórnin** (Garðar Þorsteinsson)

gegn

Andrési Magnúsi Andréssyni

(Guðmundur Í. Guðmundsson).

Setudómari hrl. Sveinbjörn Jónsson í stað hrd. Þórðar Eyjólfssonar.

Áfengislagabrot og bifreiðalagabrot.

Dómur hæstaréttar.

Samkvæmt ástæðum þeim, sem greinir í héraðsdómi, ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma kærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 400.00 til hvors.

Það er aðfinnsluvert, að lögreglumenn létu lækni ekki taka blóð úr kærða til rannsóknar, sbr. 23. gr. laga nr. 23/1941.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Kærði, Andrés Magnús Andrésson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Garðars Þorsteinssonar og Guðmundar Í. Guðmundssonar, kr. 400.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 3. maí 1943.

Ár 1943, mánudaginn 3. maí, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var á skrifstofu sakadómara af fulltrúa hans Valdemar Stefánssyni, uppkveðinn dómur í málinu nr. 2716/1942: Valdstjórnin gegn Andrési Magnúsi Andréssyni, sem tekið var til dóms 27. apríl s. á.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Andrési Magnúsi Andréssyni útgerðarmanni, til heimilis á Fjölnesvegi 13 hér í bæ, fyrir brot gegn áfengislögum nr. 33 1935, bifreiðalögum nr. 23 1941 og lögreglusamþykkt Reykjavíkur.

Kærður er kominn yfir lögaldur sakamanna. Hinn 10. maí 1941 sættist hann í lögreglurétti Reykjavíkur á að greiða kr. 50.00 í sekt fyrir brot gegn 46. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur. Að öðru leyti hefur hann hvorki sætt ákæru né refsingu, svo kunnugt sé.

Málavextir eru þeir, er nú skal greina.

Kl. 1 aðfaranótt laugardagsins 19. september s. l. komu Hjálmar Kristinn Helgason sjómaður, Hofsvallagötu 17, og Gunnar Ágúst Helgason sjómaður, Hringbraut 198, á lögregluvarðstofuna og tilkynntu, að þá fyrir skömmu hefði bifreiðinni R 1903 verið ekið á steyptan garð við gatnamót Hringbrautar og Kaplaskjólsvegar, og að bifreiðarstjórinn mundi vera allmikið undir áhrifum áfengis. Lögregluvarðstjórinn, Pálmi Jónsson, sendi þegar lögregluþjónana Hallgrím Jónsson og Jóhann Ólafsson í bifreið og Karl Magnús Grönvold á bifhjóli til að leita bifreiðarinnar og bifreiðarstjórans. Lögregluþjónar þessir óku fyrst á áðurnefnd gatnamót, en sáu bifreiðina eigi þar. Síðan óku þeir að heimili kærðs. Stóð bifreiðin R 1903, sem er 5 manna fólksbifreið, þar úti fyrir. Lögregluþjónarnir fóru nú inn í húsið og hittu kærðan. Hann kannaðist við að hafa ekið bifreiðinni og að hafa lent í ákeyrslunni. Kærður neitaði að fylgjast með lögregluþjónunum á lögreglustöðina. Þá náðu þeir sambandi við varðstjórann og kom hann þá brátt með næturlækni heim til kærðs. Skyldi læknirinn taka blóðsýnishorn úr kærðum, en kærður aftók, að það yrði tekið úr sér, nema úr eyra. Það taldi læknirinn ekki nægja. Varð því eigi úr því, að blóðsýnishorn yrði tekið úr kærðum.

Kærður skýrir svo frá, að hann hafi ekið R 1903 í þetta skipti, og hafi kona sín verið ein með sér í bifreiðinni og hafi hún setið í framsætinu við hlið sér. Hann man ekki, eftir hvaða götu hann kom á gatnamót Hringbrautar og Kaplaskjólsvegar, en hann ætlaði að aka af þeim gatnamótum austur Hringbraut áleiðis heim til sín, en þangað segir hann ferðinni hafa verið heitið. Hann ók í annarri gangskiptingu með um 10 kílómetra hraða, miðað við klukkustund. Á gatnamótum féll glampi af skæru ljósi bifreiðar,

sem kærður telur hafa verið ameríska herbifreið, sem kom austan Hringbraut, í augu kærðs. Fipaðist kærðum þá stjórn bifreiðarinnar og lenti bifreiðin á steingarðinum. Skemmdir urðu litlar á bifreiðinni, vinstra framljósker brotnaði og framaurbretti beyglaðist. Kærður og kona hans fóru nú út úr bifreiðinni. Kærður sá karlmann og kvenmann þarna í nánd, en þau skiptu sér ekkert af þessu. Þá komu tveir menn, sem voru áðurnefndir Hjálmar Kristinn og Gunnar Ágúst, að bifreiðinni, töluðu við kærðan og buðu aðstoð sína. Voru þeir stundarkorn þarna hjá kærðum og reyndu meðal annars að rétta stuðarann frá bifreiðinni. Kærður sá, að menn þessir gáðu að númeri bifreiðarinnar og skrifuðu eitthvað hjá sér. Kærður ók síðan heim til sín og skildi bifreiðina eftir úti fyrir húsinu. Stundarkorni eftir að kærður kom heim til sín komu lögregluþjónarnir þangað. Strax og kærður kom heim drakk hann einn snaps brennivíns úr venjulegu snapsglasi, en annað áfengi drakk hann ekki frá því að áreksturinn gerðist og þar til lögreglan kom heim til hans. Kærður drakk einn brennivínssnaps með morgunverði daginn áður (18. september), en minnist þess ekki að hafa neytt neins áfengis frá því og þar til hann drakk brennivínssnapsinn heima hjá sér eftir áreksturinn, og neitar hann að hafa verið undir áhrifum áfengis við aksturinn. Ekki hefur hann gert grein fyrir, hvaðan hann var að koma, þegar áreksturinn varð. Kveðst hann hafa þetta kvöld ekið hingað og þangað um bæinn og komið víða. Aðspurður um, hvar hann hafi komið, mundi hann eftir tveimur stöðum, en á báða þessa staði hafði hann komið löngu (ca. 3—4 klukkustundum) áður en áreksturinn gerðist, dvalið þar aðeins skamma stund, og er ekkert fram komið, er bendi til þess, að hann hafi þá verið undir áhrifum áfengis. Hann kveðst hafa verið þreyttur eftir mikla vinnu, þegar áreksturinn varð, og segir mæli sitt yfirleitt ekki vera skýrt. Hann er rjóður í andliti og feitlaginn. Verjandi kærðs hefur þekkt kærðan persónulega í mörg ár og skýrir svo frá, að kærður hafi nokkuð hikandi málfar, þó ódrukkinn sé, og sé auk þess þungur í hreyfingum og reikull í spori að eðlisfari.

Vitnin Gunnar Ágúst Helgason og Hjálmar Kristinn Helgason hafa skýrt svo frá, að þeir hafi í umrætt skipti gengið vestur Hringbraut. Á gatnamótum Hringbrautar og Bræðraborgarstígs sáu þeir bifreiðina R 1903, og var auðséð, að bifreiðin hafði rekizt þar á steingarð. Í bifreiðinni voru karlmaður og kvenmaður (kærður og kona hans), og sat kærður undir stýrinu. Kærður kom út úr bifreiðinni og skoðaði skemmdirnar á henni, og vitnin hjálpuðu honum lítilsháttar til að færa stuðarann frá vinstra framhjólinu. Síðan ók kærður af stað, en vitnin fóru á lögreglustöðina til að láta vita um atburð þennan. Bæði vitnin segja kærðan hafa við þetta tækifæri verið töluvert mikið drukkinn, og réðu

þau það af því, að hann reikaði í gangi, þegar hann kom út úr bifreiðinni, hafði drafandi málróm og að vínlykt var af honum. Bæði þessi vitni hafa unnið eið að þessum framburðum sínum.

Næturlæknirinn, Theódór Jón Skúlason, og þeir fjórir lögregluþjónar, sem allir voru samtímis staddir heima hjá kærðum mjög skömmu eftir að akstri hans var lokið, hafa allir borið, að kærður hafi þá verið undir áhrifum áfengis. Hefur læknirinn skýrt svo frá þessu atriði, að hann „kveðst hiklaust mundu halda, að hann (kærður) hefði verið undir áhrifum áfengis, en það (vitnið) rannsakaði hann ekki sérstaklega með þetta fyrir augum.“ Öll hin sömu vitni hafa borið, að kærður hafi játað að vera undir áhrifum áfengis. Hins vegar ber þessum vitnum ekki saman um, hvort kærður hafi játað að hafa verið undir áhrifum áfengis við akstur bifreiðarinnar. Læknirinn segir hann ekki hafa minnzt á bifreiðarakstur í sambandi við áfengisáhrifin. Lögregluvarðstjórinn ber, að kærður hafi játað að vera undir áhrifum víns og að hafa ekið bifreiðinni. Lögregluþjónarnir þrír bera, að kærður hafi játað, að hann hafi ekið bifreiðinni undir áhrifum áfengis. Kærður hefur neitað því að hann hafi við þetta tækifæri játað að hafa ekið bifreiðinnni undir áhrifum áfengis eða að hann væri undir áhrifum áfengis.

Kona kærðs, sem var með honum í bifreiðinni í umrætt skipti, hefur eigi verið leidd sem vitni sökum þess, að læknir hennar taldi það „algerlega ómögulegt“ vegna taugaslappleika hennar.

Með játningu kærðs er sannað, að hann ók bifreiðinni í umrætt skipti, og leggja verður frásögn hans um, hvernig áreksturinn bar að höndum, til grundvallar. Einnig þykir sannað gegn neitun kærðs, að hann hafi verið undir áhrifum áfengis við aksturinn. Sannast þetta með hinum eiðfestu framburðum vitnanna Gunnars Ágústs og Hjálmars Kristins og framburðum læknisins og lögregluþjónanna fjögurra um, að kærður hafi verið undir áhrifum áfengis, þegar þeir töluðu við hann, og að hann hafi játað að vera þá undir áhrifum áfengis. Að vísu hafði kærður drukkið einn brennivínssnaps úr venjulegu snapsglasi frá því að áreksturinn varð og þar til lögregluþjónarnir og læknirinn sáu hann, en útilokað þykir, að áfengisáhrif þau, sem læknirinn og lögregluþjónarnir sáu á kærðum, hafi stafað af þessu litla áfengismagni. Þá styrkir það þessa niðurstöðu, að kærður hefur ekki gert grein fyrir, hvaðan hann var að koma, þegar áreksturinn varð, að hann neitaði að fara með lögregluþjónunum á lögreglustöðina, þegar þeir fóru fram á það við hann, og að hann neitaði að láta taka blóð úr sér með þeim hætti, sem læknir taldi nauðsynlegan. Loks bendir árekstur inn sjálfur til þess, að kærður hafi verið á einhvern hátt miður sín við aksturinn, þar sem hann ók á steinvegginn, þó að ökuhraðinn væri ekki nema ca. 10 km, miðað við klukkustund. Þó að

ljós bifreiðarinnar, sem kom austan Hringbrautina, hafi blindað kærðan, átti árekstur þessi ekki að þurfa að koma fyrir, ef kærður hefði sýnt þá gætni, sem krefjast verður af bifreiðarstjórum. Hefði honum borið að nema staðar í stað þess að aka áfram blindaður af ljósunum.

Samkvæmt því, sem að framan segir, hefur kærður brotið 21. sbr. 39. gr. áfengislaganna, 23. gr. 1. mgr. og 27. gr. 1. mgr. sbr. 38. gr. bifreiðalaganna og 46. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 10 daga varðhald. Samkvæmt 21. gr. áfengislaganna og 39. gr. bifreiðalaganna ber að svipta kærðan bifreiðastjóraréttindum í 3 mánuði.

Kærðan ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda sins, hrl. Guðmundar Í. Guðmundssonar, kr. 200.00.

Alllangur dráttur hefur orðið á því, að verjandi kærðs skilaði vörn í málinu, en fyrir drættinum telst hann hafa gert nægilega grein. Hefur rekstur málsins því verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Kærður, Andrés Magnús Andrésson, sæti varðhaldi í 10 daga. Kærður er sviptur bifreiðarstjóraréttindum í 3 mánuði frá birtingu dóms þessa. Kærður greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda sins, Guðmundar Í. Guðmundssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 200.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Þriðjudaginn 20. júní 1944.

Nr. 20/1944. **Ragnar Bjarnason** (Stefán Jóh. Stefánsson)
gegn
Halldóri Einarssyni (Enginn).

Skaðabótamál vegna rofa á vinnusamningi.

Dómur hæstaréttar.

Jónas Thoroddsen bæjarfógeti hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 21. febr. þ. á. Krefst hann þess að verða sýknaður af málskostnaðarkröfu stefnda í máli þessu. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi hefur ekki komið fyrir hæstarétt og enginn af hans hendi, og hefur honum þó verið löglega stefnt. Málið hefur því verið flutt skriflega samkvæmt 1. tölulið 38. gr. hæstaréttarlaga nr. 112/1935 og er dæmt samkvæmt framlögðum skilríkjum.

Eftir atvikum þykir málskostnaður í héraði eiga að falla niður.

Áfrýjandi hafði heimild til að kæra málskostnaðarákvæði héraðsdóms samkvæmt 186. gr. laga nr. 85/1936. Ber honum því ekki meiri málskostnaður úr hendi stefnda fyrir hæstarétti en orðið hefði í kærumáli, og þykir hann hæfilega ákveðinn 250 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi, Ragnar Bjarnason, á að vera sýkn af málskostnaðarkröfu þeirri, er stefndi, Halldór Einarsson, gerði á hendur honum í héraði.

Stefndi greiði áfrýjanda kr. 250.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukabæjarþings Neskaupstaðar 2. des. 1943.

Mál þetta er höfðað með stefnu, útgefinni 12. ágúst 1943, fyrir auka-bæjarþingi Neskaupstaðar af Halldóri Einarssyni formanni í Neskaupstað gegn Ragnari Bjarnasyni útgerðarmanni í Neskaupstað til greiðslu skaðabóta fyrir samningsrof, að upphæð kr. 2500.00, auk 5% ársvaxta frá sáttakærudegi 7. ágúst s. l. til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Hefur málið verið rekið skriflega og var tekið til dóms 4. nóv. s. l.

Málavextir eru þeir, að í aprílmánuði s. l. réð stefnandi sig sem formann á v/b „Valurinn" NK 82, en eigandi bátsins er stefndur í máli þessu. Ráðningartíminn var samkvæmt framburði beggja málsaðilja allt sumarið, eða venjulegur úthaldstími báta af svipaðri stærð og „Valurinn" er. Engir skriflegir samningar voru þó gerðir um ráðninguna. Miðvikudaginn 28. júlí s. l. ætlar svo stefnandi að láta beita á bátinn og segir stefndum það, en hásetinn á bátnum, Þorsteinn Jónsson, tilkynnir þá stefnanda, að hann sé hættur og muni ekki róa á bátnum. Verður því ekkert úr hinum

fyrirhugaða róðri, en stefndur segir við stefnanda, þegar hann heyrir tíðindi þessi, að sennilega sé ekki annað fyrir sig að gera en hætta úthaldinu, því annan mann muni ekki vera hægt að fá. Næsta laugardag á eftir fer báturinn í róður með Þorstein Jónsson sem formann, en stefnandi var, eins og áður greinir, ráðinn formaður á bátinn sumarlangt.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að stefndur hafi flæmt hann af bátnum „Valurinn" NK 82, með því að biðja annan mann, Þorstein Jónsson, fyrrv. háseta sinn, um að vera formann á bátnum, og látið hann fara í róður 3 dögum eftir að stefndur hafi sagt sér, að hann væri hættur úthaldinu. Telur stefnandi, að stefndur hafi með þessu framferði sínu orðið skaðabótaskyldur vegna samningsrofs, þar eð hann hafi verið ráðinn formaður á bátinn allt sumarið, og byggir stefnandi skaðabótakröfu sína á þessum samningsrofum, sem hann telur stefndan hafa gert sig sekan um.

Stefndur heldur því hins vegar aðallega fram, að hann hafi verið nauðbeygður til þess að hætta úthaldi með bát sinn, þar eð Þorsteinn Jónsson hafi neitað að róa áfram með stefnanda í máli þessu sem formann, og annan mann hafi ekki verið hægt að fá. Segir stefndur, að stefnandi hafi tvisvar spurt sig, hvort hann mætti þá ráða sig annars staðar, og hafi stefndur samþykkt það, og því talið sig lausan allra mála frekar, hvað stefnanda viðkom. Stefndur heldur því enn fremur fram, að þegar sýnt hafi verið, að hann gæti ekki haldið úthaldinu áfram, þá hafi hann gert allt, sem hann gat til þess að selja bátinn, en án árangurs, og hafi hann þá beðið Þorstein Jónsson að koma formann til sín, þar eð sér hafi tekizt að fá háseta með honum og þar eð hann segist hafa talið sig vera lausan við allar skuldbindingar viðvíkjandi stefnanda.

Loks heldur stefndur því fram, að stefnandi hafi ekki orðið fyrir neinum fjárhagslegum skaða við brottför sína af v/b „Valurinn", þar eð hann hafi fengið aðra atvinnu, sem hann hafi haft meira upp úr.

Krefst stefndur því algerðrar sýknu af kröfum stefnanda, og að sér verði tildæmdur málskostnaður.

Stefnandi hefur mótmælt þessum framburði stefnds og heldur fast við áðurgerðar réttarkröfur, en segist þó viðurkenna, að hann muni ekki hafa orðið fyrir fjárhagslegum skaða vegna brottfarar sinnar af v/b „Valurinn", en telur það ekki skipta máli, þar eð það hafi ekki verið vitað, þegar mál þetta var höfðað, svo og þar eð það sé mjög svo álitshnekkjandi að vera hrakinn sem formaður af bát, eins og hann telur að gert hafi verið gagnvart sér.

Rétturinn lítur svo á, að brottför stefnanda af v/b „Valurinn" hafi ekki valdið honum neinu álitstjóni, þar eð ekki er sannað, að stefndur, sem var útgerðarmaður hans, hafi átt þátt í því, heldur virðist sem neitun Þorsteins Jónssonar á því að róða hafi bein-

línis orsakað brottförina. Getur rétturinn því ekki fallizt á þá kröfu stefnanda, að honum verði tildæmdar skaðabætur vegna álitshnekkis. Hvað skaðabótakröfunni að öðru leyti viðkemur, þá er það viðurkennt af stefnanda sjálfum eða umboðsmanni hans, að stefnandi hafi ekki orðið fyrir neinum fjárhagslegum skaða út af aðgerðum stefnds vegna brottfarar stefnanda af v/b „Valurinn", og er því þegar af þeirri ástæðu ekki hægt að taka skaðabótakröfuna til greina.

Hins vegar verður rétturinn að líta svo á, að málssókn þessi eigi fullkomlega rétt á sér, þar eð stefnandi gat ekki vitað fyrirfram, hverjar tekjur sínar myndu verða og hvort hann myndi bíða fjárhagslegt tjón vegna þess að vera ekki formaður á v/b „Valurinn" allt sumarið, svo sem hann var ráðinn til. Þykir því rétt að taka málskostnaðarkröfu stefnanda til greina með kr. 300.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Ragnar Bjarnason, útgerðarmaður hér í bæ, skal vera sýkn af skaðabótakröfu stefnanda, Halldórs Einarssonar, formanns hér í bæ, en greiða skal stefndur kr. 300.00 í málskostnað til stefnanda.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 21. júní 1944.

Nr. 125/1942. **Kristján Guðmundsson** (Magnús Thorlacius)
gegn
Sigurlaugu Kristjánsdóttur, Sigurði Björnssyni, Sigurbirni Björnssyni, Árna Björnssyni og Örlygi Björnssyni.
(Garðar Þorsteinsson).

Landamerkjamál.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 29. des. 1942 að fengnu áfrýjunarleyfi 17. s. m. Krefst hann þess, að því er tekur til formhliðar málsins, að dómur og málsmeðferð í héraði verði ómerkt og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefndu í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndu krefjast þess, að framangreindar kröfur áfrýjanda verði ekki teknar til greina, en að þeim verði dæmdur málskostnaður fyrir hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Áfrýjandi styður ómerkingar og heimvísunarkröfu sína við það, að málflytjanda hans í héraði, sem var ólöglærður, hafi ekki verið leiðbeint af héraðsdómi um andmæli gegn vottorðum, er fram voru lögð af hálfu stefndu.

Allmörg vottorð hafa verið lögð fram í málinu af hendi stefndu. Virðast sum þeirra varða efni, er sætzt var á fyrir landamerkjadóminum. Hér fyrir dómi hefur málflutningsmaður áfrýjanda hvorki greint þau vottorð, er hann telur enn skipta máli, né rakið, hvert það efni þeirra var, sem leiðbeiningar þurfti um. Er þessum málflutningi svo áfátt, að ekki þykir fært að dæma málið að svo komnu, og ber þess vegna að vísa því frá hæstarétti.

Eftir þessum úrslitum ber áfrýjanda að greiða stefndu málskostnað fyrir hæstarétti, og þykir hann hæfilega ákveðinn 200 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Máli þessu vísast frá hæstarétti.

Áfrýjandi, Kristján Guðmundsson, greiði stefndu, Sigurlaugu Kristjánsdóttur, Sigurði Björnssyni, Sigurbirni Björnssyni, Árna Björnssyni og Örlygi Björnssyni, kr. 200.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagði aðför að lögum.

Dómur landamerkjadóms Húnavatnssýslu 13. júní 1942.

Mál þetta er höfðað 13. september 1941, að undangenginni árangurslausri sáttatilraun þann sama dag, af Kristjáni Guðmundssyni, eiganda og ábúanda Hvammkots, gegn eigendum Örlygsstaða, en þeir eru ekkjan Sigurlaug Kristjánsdóttir og synir hennar 4, Sigurður, Sigurbjörn, Árni og Örlygur Björnssynir, öll búsett á Örlygsstöðum í Skagahreppi.

Af 4 mönnum útnefndum í landamerkjadóm ruddu aðiljar sínum manninum hvor, en eftir urðu og tóku sæti í dóminum ásamt

dómsformanni, sýslumanni Guðbrandi Ísberg, þeir Jónatan J. Líndal, hreppstjóri Holtastöðum, og Hermann Þórarinsson, lögregluþjónn á Blönduósi.

Ákveðinn var skriflegur málflutningur.

Sóknaraðili gerði kröfu til þess, að landamerki milli Hvammkots og Örlygsstaða yrðu ákveðin þannig:

„Frá vörðu á Brekkunni, sem nú er merkjavarða milli Hofs og Örlygsstaða, bein lína yfir Gunnumó og Reyrlág og svonefnda Hornvörðu norðan við Hvammkotstún. Þaðan eins og landsmerkjaskrá Hvammkots segir í Sölvavörðu og þaðan sömu stefnu yfir Hestás í Lómatjarnir, sem eru vestan undir norðari Mosásenda og þaðan sömu stefnulínu yfir flá fyrir norðan Mosás að vörðu við Fjallsland."

Varnaraðili hefur hins vegar gert þá kröfu, að landamerkin yrðu ákveðin samkvæmt landamerkjaskrá Örlygsstaða þannig:

„Frá vörðunni á melnum fyrir utan Stórhól yfir Gunnumó og Reyrlág í Hornvörðu; þaðan í Sölvavörðu um Hestás og Lómatjarnir í vörðu á norðari Mosásenda."

Enginn ágreiningur er um örnefnin „Hornvörðu" og „Sölvavörðu", né það, að bein lína þar á milli ráði merkjum. Hins vegar var ágreiningur bæði um merkin frá Sölvavörðu til „Fjallslands" að ofan (norðaustan) og frá Hornvörðu til „Hofslands" að neðan (suðvestan). Um hin efri merki milli Sölvavörðu og Fjallslands náðist sátt í áreið, er ákveðin var til frekari glöggvunar á merkjum, um leið og málið að öðru leyti var tekið undir dóm. Heyrir því aðeins undir dóminn að fjalla um og ákveða hin neðri merki frá Hornvörðu að Hofslandi.

Í landamerkjaskrá fyrir jörðina Hvammkot frá 1886, þinglesinni 1889, eru þessi merki ákveðin þannig: Að vestan og norðan frá vörðu á brekkunni fyrir utan Stórhól um Gunnumó og Reyrlág til vörðu á melnum utan og vestan til við túnið og nefnd er Hornvarða. ... Í merkjaskrá Örlygsstaða frá 1890, þinglesinni sama ár, segir svo .... frá hinni sömu línu í Hornvörðu og svo frá henni til útsuðurs yfir Reyrlág og Gunnumó, sömu stefnu í vörðuna á melnum fyrir utan Stórhól. ....

Hér ber það eitt á milli, að merkin við Hofsland eru í Hvammkotsbréfinu talin „varða á brekkunni fyrir utan Stórhól", en í Örlygsstaðabréfinu „varða á melnum fyrir utan Stórhól". Um legu Stórhóls er enginn ágreiningur.

Um merkjavörðuna fyrir utan Stórhól virðist enginn ágreiningur hafa verið milli eigenda Hvammkots og Örlygsstaða fram að árinu 1922. Og ekkert hefur komið fram í málinu, er bendi til þess, að í núlifandi manna minnum hafi um nokkra aðra vörðu verið að ræða fram að 1922 en vörðuna á melnum fyrir utan Stórhól, er eigendur Örlygsstaða miða við. En nefnt ár gekk landamerkja-

dómur í máli milli umboðsmanns Hofs annars vegar og eigenda Hvammkots og Örlygsstaða hins vegar (rskj. nr. 5), og voru merkin þá færð frá vörðunni á melnum fyrir utan Stórhól í svokallað vörðustæði á grjótrana rétt sunnan við Brekkna-brekkuhorn. Byggði dómurinn á því, að hlutaðeigandi landamerkjaskrár hefðu eigi verið undirritaðar af umboðsmanni með löglegu umboði, og væru því ekki bindandi gagnvart eiganda Hofs. Í téðu máli stóðu eigendur Hvammkots og Örlygsstaða saman um þá kröfu, að merkin yrðu áfram talin í vörðuna á melnum fyrir utan Stórhól. En nú gerir eigandi Hvammkots kröfu til þess, að niðurstaða merkjadómsins frá 1922 verði einnig látin hafa áhrif á merkin milli Örlygsstaða og Hvammkots, sem þá var enginn ágreiningur um, þann veg að merkjalínan verði talin liggja frá hinni nýju vörðu sunnan við Brekkna-brekkuhorn til Hornvörðu. Styður hann kröfu sína með því, að bein lína milli þessara örnefna liggi austan við Gunnumó. Hefur dómurinn gengið úr skugga um með miðunum, að hvorttveggja þetta er rétt. Ekkert hinna efri örnefna sést frá hinni nýju merkjavörðu sunnan við Brekkna-brekkuhorn. Frá vörðunni á melnum fyrir utan Stórhól sést aftur á móti Gunnumór og Reyrlág, Gunnumór þó mjög óljóst. Hornvarða sést ekki. Meðal annars með hliðsjón af því, að Hornvarða og varðan fyrir utan Stórhól verða ekki miðaðar saman tækjalaust, þykir ekki skipta máli, þótt línan milli þeirra brotni lítið eitt um Gunnumó. Hið sama á sér stað um hin efri merki. Línan frá Hornvörðu um Sölvavörðu brotnar talsvert áberandi um þá vörðu, en þó virðist gert ráð fyrir henni beinni. Vel má þó vera, að endur fyrir löngu hafi varða á grjótrananum sunnan við Brekkna-brekkuhorn verið merkjavarða milli Örlygsstaða og Hvammkots. En hafi svo verið, þá hafa verið ákveðin ný merki síðan með löglega gerðum og löglega þinglesnum merkjaskrám frá 1886 og 1890. Og um hin umþrættu merki er, eins og áður segir, enginn ágreiningur fram að 1922. Það er fyrst eftir þann tíma, að eigandi Hvammkots kemst á þá skoðun, að hin nýja merkjavarða við Brekkna-brekkuhorn gildi einnig sem merkjavarða milli Hvammkots og Örlygsstaða, og út frá því sjónarmiði er mál þetta flutt. En þessa skoðun eiganda Hvammkots getur merkjadómurinn ekki aðhyllzt, þar sem hann telur áður löglega og ótvírætt frá merkjum gengið milli nefndra jarða, að því er aðalmiðin snertir á þessu svæði, Hornvörðu og vörðuna fyrir utan Stórhól, og telur sig því bresta heimild til að breyta þeim miðum gegn mótmælum annars aðiljans. En að því er Gunnumó snertir, sem merkjalínan á að liggja um, þykir rétt að ákveða, að hún skuli liggja frá Hornvörðu um hann miðjan og þaðan í vörðuna á melnum fyrir utan Stórhól. Í Gunnumó eru 4 stórir, jarðfastir steinar, 2 í vesturjaðri og 2 í austurjaðri hans. Þykir rétt að ákveða miðdepil Gunnumós þannig, að hann sé á

miðri línu, sem dregin sé þvert yfir móinn milli þeirra steinanna tveggja, sem nær eru brekkunni og aðiljum voru sýndir í hinni síðari áreið. Þykir og rétt að skylda aðilja til að gera merkjavörðu þar fyrir næstu áramót. Liggi svo merkin þaðan í stefnu á vörðuna á melnum fyrir utan Stórhól allt að Hofslandi, eins og norðurmerki Hofs voru ákveðin með dóminum frá 1922. Skulu aðiljar einnig á þessu ári setja upp glöggt merki í skurðardepil greindra merkjalína, að tilkvöddum eiganda Hofs.

Málskostnaður, sem eigi þegar hefur verið greiddur, þ. e. þóknun til dómenda, kr. 150.00, til hvers, og ferðakostnaður kr. 90.00, samtals kr. 540.00, þykir eftir atvikum rétt að greiðist að jöfnu af hvorum aðilja, af eiganda Hvammkots, Kristjáni Guðmundssyni, kr. 270.00, og af eigendum Örlygsstaða kr. 270.00.

Því dæmist rétt vera:

Hin umþrættu merki milli jarðanna Hvammkots og Örlygsstaða ákveðast þannig:

Frá Hornvörðu í miðjan Gunnumó og þaðan beina stefnu á vörðu á melnum fyrir utan Stórhól allt að Hofslandi.

Innan loka yfirstandandi árs skulu aðiljar í félagi reisa merki í Gunnumó, mitt á milli jarðfastra steina í vestur og austurjaðri hans næst brekkunni. Svo geri þeir og á sama hátt og innan sama tíma, að tilkvöddum eiganda Hofs, annað merki, þar sem bein lína úr merkinu í Gunnumó í vörðuna á melnum fyrir utan Stórhól sker norðurlandamerkjalínu Hofs, eins og hún er ákveðin í dóminum frá 1922.

Þóknun til dómenda, kr. 150.00 til hvers, og ferðakostnað, kr. 90.00, samtals kr. 540.00, greiði aðiljar að jöfnum hlutum, sækjandinn, Kristján Guðmundsson, kr. 270.00 og verjandinn, eigendur Örlygsstaða, kr. 270.00.

Dóminum að fullnægja innan 3ja sólarhringa frá löglegri birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 23. júní 1944.

Nr. 43/1944. **Alexander Guðmundsson** (Sjálfur)
gegn
Byggingarfélagi verkamanna
(Guðmundur Í. Guðmundsson).

Setudómari hrl. Jón Ásbjörnsson í stað hrd. Þórðar Eyjólfssonar.

Mál um rétt til íbúðar í húsi byggingarfélags.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 18. apríl þ. á., krefst þess, að stefnda verði dæmt að afsala honum með almennum kjörum Byggingarfélags verkamanna íbúð á neðri hæð hússins nr. 5 við Meðalholt Reykjavík gegn 4000 króna greiðslu til viðbótar áður greiddum 6000 krónur, svo og til að greiða honum skaðabætur, 500 krónur fyrir hvern mánuð, frá því að greind íbúð var fullger í byrjun júní 1943 og þar til hún verður afhent áfrýjanda. Loks krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir hæstarétti.

Samkvæmt 5. gr. samþykkta Byggingarfélags verkamanna í Reykjavík, sem er í samræmi við 3. tl. 6. gr. laga nr. 3/1935, er það eitt skilyrða fyrir því, að menn geti orðið félagar með fullum réttindum, þar á meðal rétti til að koma til greina, þegar félögum er úthlutað íbúðum, að þeir hafi ekki haft yfir 4000 króna árstekjur að viðbættum 300 krónum fyrir hvern ómaga, þó samtals ekki yfir 5500 krónur, miðað við meðaltal 3 síðustu ára, en fjárhæðir þessar hækka samkvæmt lögum nr. 81/1941 í samræmi við meðalvísitölu næsta árs á undan, meðan vísitala kauplagsnefndar er 110 eða hærri.

Áfrýjandi er talinn framfæra 4 ómaga, og var það því skilyrði fullra félagsréttinda hans, að meðalárstekjur hans næstu 3 árin, áður hann gæti komið til álita við úthlutun

íbúða, færi ekki fram úr kr. 5200.00, ásamt verðálagi eftir nefndum lögum.

Það er ekki ágreiningur um það, að áfrýjandi hefur ekki fullnægt þessu skilyrði, sem óheimilt er að víkja frá, og er því ekki unnt að taka kröfur hans til greina. Ber því að staðfesta héraðsdóm að niðurstöðu til.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 1. febr. 1944.

Mál þetta, sem dómtekið var 25. f. m., hefur Alexander Guðmundsson, Laugarnesvegi 78 hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 25. okt. f. á. gegn stjórn Byggingarfélags verkamanna hér í bænum f. h. félagsins. Eru dómkröfur stefnanda þær, að stefnda verði skylduð til að veita stefnanda afsal fyrir íbúð á neðri hæð hússins nr. 5 við Meðalholt hér í bæ gegn 4000 kr. viðbótargreiðslu og að öðru leyti samkvæmt almennum kjörum félagsins, svo og til að greiða stefnanda 500 kr. á mánuði í skaðabætur frá því að umrædd íbúð var tilbúin (í byrjun júní f. á.) og þar til stefnandi fær hana afhenta. Einnig krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda.

Stefnda krefst sýknu og hæfilegs málskostnaðar sér til handa.

Málsatvik eru þessi:

Í lögum nr. 3 frá 9. jan. 1935, um verkamannabústaði, eru ákvæði um stofnun byggingarsjóðs til að bæta úr húsnæðisþörf verkamanna í kaupstöðum og kauptúnum landsins. Byggingarsjóður þessi veitir lán til íbúðarhússbygginga til eins byggingarfélags í hverjum kaupstað eða kauptúni, en félagið skal byggt á samvinnugrundvelli og að öðru leyti fullnægja skilyrðum 6. gr. laganna. Samkv. 3. tölulið 6. gr. laganna er það eitt skilyrðanna til að fá lán úr sjóðnum, að félagsmenn byggingarfélags séu fjárráða, heimilisfastir innan kaupstaðarins eða kauptúnsins og hafi þeir eigi haft yfir 4000 kr. árstekjur, miðað við meðaltal 3 síðustu ára, að viðbættum 300 kr. fyrir hvern ómaga, þó ekki samtals yfir 5500 króna árstekjur, né yfir 5000 króna eignir. — Með lögum nr. 81 frá 9. júlí 1941 var sett það viðbótarákvæði, að miða skuli við upphæðir þessar hækkaðar í samræmi við meðalvísitölu

næst árs á undan, meðan vísitala kauplagsnefndar sé 110 eða hærri.

Hinn 5. júlí 1939 var Byggingarfélag verkamanna stofnað, og voru þá settar samþykktir þess, er síðan voru staðfestar af Félagsmálaráðuneytinu 7. s. m. og Byggingarsjóði verkamanna þann 20. s. m. Segir þar, að tilgangur félagsins sé að koma upp verkamannabústöðum í samræmi við gildandi lög um þau efni (3. gr.), og verði félagsmenn að fullnægja áðurnefndum skilyrðum 3. töluliðs 6. gr. laganna frá 1935, en þó er þar tekið fram, að umræddar árstekjur miðist við meðaltal 3 síðustu ára, er þeir gerast félagsmenn. Í sömu grein (5. gr.) eru jafnframt ákvæði um, að menn geti, án þess að fullnægja fyrrgreindum skilyrðum, fengið inngöngu í félagið sem styrktarfélagar, en þó þurfi til þess samþykki félagsfundar í hvert sinn. Slíkir félagar hafa tillögurétt og málfrelsi á fundum félagsins og geta tekið þátt í störfum fyrir það, ef þeir eru til þess kosnir, en hafa að öðru leyti engin félagsréttindi. Hver félagsmaður skal fá skírteini, er sýni, að hann sé löglegur félagsmaður, og skulu skírteini styrktarfélaga bera með sér, að hlutaðeigandi sé styrktarfélagi (6. gr.). Inngöngueyrir er 10 kr., en árgjald hvers félaga 5 kr. (7. gr.). Æðsta vald í félagsmálum hefur aðalfundur (13. gr.), en stjórn félagsins skipa fimm menn, og boðar hún til félagsfunda, undirbýr fundarefni, framkvæmir fundarályktanir, annast störf milli funda, leggur reikninga félagsins fyrir aðalfund til úrskurðar, hefur eftirlit með öllum framkvæmdum félagsins og húsum þeim, er félagið hefur reist, innheimtir félagsgjöld, afborganir og vexti, greiðir gjöld þess og gætir í öllu hagsmuna félagsins og getur leitað aðstoðar landslaga í málefnum þess, er þörf krefur (14. gr.). Þrír stjórnenda saman skuldbinda félagið, en allir þeir samningar, sem stjórnin gerir fyrir hönd félagsins samkvæmt samþykktunum eða fundarályktun, eru bindandi fyrir félagsheildina og hvern einstakan félagsmann (15. gr.).

Þegar umræddur stofnfundur var haldinn, höfðu um 180 menn skrifað sig á lista sem væntanlegir stofnendur, og var stefnandi þessa máls einn þeirra. Var ekki í upphafi gerð athugun á því, hverir fullnægðu ákvæðum laga og félagssamþykkta um hámarkstekjur, heldur var skattstofunni hér í bæ sendur listi með nöfnum framantalinna manna og hún beðin að merkja við þá, er hefðu of háar tekjur. Fyrir árslok 1939 komu þessar skýrslur frá skattstofunni, og kom þá í ljós, að tekjur stefnanda voru hærri en svo, að hann gæti orðið félagsmaður með fullum réttindum, því að tekjur hans námu kr. 3850.00 árið 1936, kr. 7150.00 árið 1937 og kr. 7050.00 árið 1938, en hann hafði 4 börn á framfæri sínu. Stefnandi mun þó hafa greitt inntökugjald og árgjald til félagsins, og hann kveðst hafa fengið skírteini sem fullgildur félagi, en stefnda

heldur því hins vegar fram, að hann hafi fengið sérstakt styrktarfélagsskírteini, enda ávallt frá upphafi verið færður á spjaldskrá um slíka félaga. Stefnandi mun síðan hafa greitt tilskilið árgjald árlega, en skírteini þau, er hann hefur þá fengið, hafa ekki borið þess merki, hvort um greiðslu styrktarfélaga eða fullgilds félaga var að ræða. Eitt árið lenti stefnandi í vanskilum með greiðslu árgjaldsins, en stjórnin lét þó ekki þau vanskil hafa nein áhrif um afstöðu stefnanda til félagsins.

Í bréfi, dags. 1. ágúst 1941, tilkynnti stjórn Byggingarfélagsins öllum félagsmönnum, að þá undanfarið hefði farið fram undirbúningur að byggingu nýrra bústaða á vegum félagsins, en haustið 1939 hafði félagið ráðizt í byggingu 40 íbúða. Var nú áformað að byggja hús með samtals 60 íbúðum, og var byggingarkostnaður 3 herberga íbúðar áætlaður um kr. 27000.00 og útborgun kaupanda þá kr. 4050.00. Var gert ráð fyrir fjórum afborgunum framlagsins, og skyldi sú fyrsta fara fram, þegar félagsmaður „gerir kaup á íbúðinni". Í lok bréfsins var tekið fram, að öllum félagsmönnum væri „gefinn kostur á að sækja um íbúð", en íbúðunum yrði síðan úthlutað til félagsmanna, er réttinda „njóta", í þeirri röð, sem þeir eru skráðir í félagið. Umsóknir skyldu komnar til formanns félagsstjórnar eigi síðar en kl. 12 á hádegi þann 12. ágúst 1941, en sumar umsóknanna (þar á meðal stefnanda um þriggja herbergja íbúð) bárust síðar, og var þó eigi synjað af þeirri ástæðu einni. Listi með nöfnum umsækjendanna var síðan sendur til skattstofunnar, er endursendi hann seinna með umbeðnum skýrslum, og voru þá stafirnir f. e. við nafn stefnanda, og verður að telja, að það hafi þýtt, að nafn hans finndist ekki hjá skattstofunni. Formaður Byggingarfélagsins segir, að um þessar mundir hafi stefnandi tjáð sér, að tekjur hans mundu fara lækkandi, og af þeim sökum kveðst formaðurinn hafa haldið eftir einni íbúð af þeim 52 þriggja herbergja íbúðum, sem félagsstjórnin úthlutaði eftir töluröð umsækjenda, og hafi komið til mála, að stefnandi fengi þessa íbúð, ef hann gæti sýnt fram á, að tekjur hans hefðu lækkað svo, að þær færu eigi yfir hið lögákveðna hámark. Um mánaðamótin okt.—nóv. 1941 hafi þeir menn, sem ákveðið var, að fengju íbúðirnar (51 með þriggja herbergja íbúðir og 8 með tveggja herbergja), verið kvaddir til félagsstjórnar til að undirrita kaupsamninga og greiða fyrstu afborgun samkvæmt ákvæðum bréfsins frá 1. ágúst 1941 og hafi þeir allir gengið frá sínum málum í nóv. s. á. Hinn 17. des. s. á. sendi félagsstjórnin út bréf, þar sem svo var að orði komizt, að þar væru tilgreind nöfn „þeirra meðlima félagsins, sem keypt „hefðu" þær 52 þriggja herbergja „íbúðir í húsum félagsins", sem voru í byggingu. Voru viðtakendur bréfsins beðnir að athuga nafnalistann í því skyni að reyna að komast að samkomulagi við viðkomandi, ef þeir óskuðu að vera saman í húsi. Á þess-

um lista var m. a. nafn stefnanda, og kveðst hann hafa fengið umrætt bréf sent, en stefnda mótmælir því hins vegar eindregið, að svo hafi verið. Milli jóla og nýárs 1941 voru fyrrgreindir kaupendur síðan kvaddir á fund til að draga um íbúðirnar, en ekki mun stefnandi hafa þangað komið, enda og ósannað, gegn mótmælum stefnda, að hann hafi verið þangað kvaddur. Í marz 1942 mun stefnandi hafa komið til gjaldkera félagsins og samkvæmt framburði gjaldkerans þá viljað greiða upp í kaupverð á íbúð, sem stefnandi hafi sagst eiga að fá. Kveðst gjaldkerinn hafa tekið þetta trúanlegt og tekið við fénu (kr. 4050.00), og fékk stefnandi fyrirvaralausa kvittun fyrir greiðslunni. — Síðan virðist ekkert sérstakt hafa gerzt í málinu, þar til þann 11. maí f. á., að stefnandi greiddi gjaldkera félagsins enn kr. 1950.00 með sama hætti og fyrr. Þann 25. s. m. krafðist stefnandi þess síðan bréflega af stjórn félagsins, að hún afhenti sér þriggja herbergja íbúð á neðri hæð hússins nr. 5 við Þverholt (sic). Stjórn félagsins sneri sér þá til skattstofunnar (með bréfi dags. 18. júní f. á.) og spurðist fyrir um tekjur stefnanda undanfarin ár. Í bréfum dags. 7. og 17. júní s. l. tilgreindi skattstofan því næst tekjur stefnanda þannig: árið 1936 kr. 3850.00, 1937 kr. 7150.00, 1938 kr. 7050.00, 1939 kr. 6350.00, 1940 kr. 5600.00, 1941 kr. 8850.00 og 1942 kr. 19150.00. Í bréfi til stefnanda (dags. 15. júlí s. l.) tók félagsstjórnin það fram, að skýrslur skattstofunnar sýndu, að stefnandi væri langt fyrir ofan tilskilið tekjuhámark. hvort heldur miðað væri við þrjú árin, áður en hann gerðist félagsmaður, eða þrjú árin, áður en hann fengi íbúð, og það þótt tekið væri tillit til laga nr. 81 1941. Taldi stjórnin muna svo miklu í þessu efni, að eigi væri unnt að selja stefnanda íbúð, nema hann sýndi fram á það með fullgildum gögnum fyrir 24. júlí s. l., að hann fullnægði skilyrðum um tekjuhámark, en stjórnin tók jafnframt fram, að hún hefði fullan vilja á að láta ekki smávægilega upphæð yfir hámarkið ráða úrslitum. Með bréfi dags. 21. júlí s. l. ítrekaði stefnandi fyrri kröfur um íbúðina, án þess þó að hnekkja þegar fram komnum skilríkjum um tekjur hans, en taldi hins vegar, að ýmsir félagsmanna, sem jafnvel væru tekjuhærri, hefðu fengið íbúðir hjá félaginu. Á stjórnarfundi þann 4. ágúst s. l. hélt stefnda hins vegar fast við fyrri afstöðu sína í málinu, og var stefnanda tilkynnt það bréflega 18. s. m. Þann 28. s. m. fór stefnandi þess síðan á leit við lögmannainn í Reykjavík, að hann fengi sér umráð íbúðarinnar með beinni fógetagerð. Þeirri kröfu stefnanda var synjað með úrskurði fógetaréttarins, uppkveðnum 21. sept. s. l., og höfðaði stefnandi þá mál þetta gegn stefnda með þeim dómkröfum, sem að framan greinir.

Stefnandi viðurkennir, að tekjur hans hafi þau ár, er hér skiptir máli, verið hærri en tilskilið er í áðurgreindum lögum

og samþykktum, en hann heldur því fram, að hin stefnda stjórn hafi, þrátt fyrir þetta, með framkomu sinni allri gefið sér réttmæta ástæðu til að ætla, að hann væri fullgildur félagi. Hann hafi aldrei fengið skirteini sem styrktarfélagi, heldur sem venjulegur félagsmaður; hann hafi greitt þar tilskilin gjöld, fyrirvaralaust af hálfu félagsins; hann hafi verið tekinn aftur inn í félagið, þótt hann kæmist í vanskil, og loks hafi hann greitt upp í framlag sitt til umræddar íbúðar, án þess að nokkur fyrirvari væri gerður, enda og öll framkoma og bréf félagsstjórnar á þá lund, að stutt hafi þetta álit hans. Telur stefnandi sig því eiga tvímælalausan rétt til íbúðar þeirrar, sem að framan er lýst.

Stefnda heldur því fram og byggir sýknukröfu sína á því, að stefnandi hafi frá upphafi aldrei verið annað en styrktarfélagi í Byggingarfélagi verkamanna, enda hafi honum og hlotið að vera það ljóst, að um annað gæti ekki verið að ræða, þar sem tekjur hans hafi ávallt verið hærri en hér að lútandi lög og samþykktir tilskildu. Eins og tekjum stefnanda hafi verið háttað, hafi og stjórn eða félagsfundi verið með öllu óheimilt að taka stefnanda í félagið sem fullgildan félagsmann, og stjórnin hafi í athöfnum sínum gagnvart stefnanda aldrei veitt honum réttmæta ástæðu til að ætla, að svo væri. Er hann hafi verið tekinn í félagið aftur, eftir að hafa komizt í vanskil með árgjaldið, hafi hann auðvitað einungis fengið sömu réttindi sem fyrr, þ. e. sem styrktarfélagi. Stefnanda hafi aldrei verið tilkynnt, að hann ætti skilyrðislausan rétt til íbúðar, heldur hafi slíkt einungis komið til mála, ef hann kæmi fram með skilríki um hæfilegar tekjur, en slíkt hafi hann ekki gert. Það, að stefnandi hafi greitt nokkra fjárhæð sem framlag til íbúðar, geti ekki skapað honum neinn rétt í þessu efni, eins og sú greiðsla hafi verið til komin og að framan er lýst, auk þess sem einn maður úr stjórn geti alls ekki bundið félaginu neinar skyldur að þessu leyti.

Eins og áður er rakið, hafði stefnandi þegar í upphafi þess, er hann leitaði upptöku í hið stefnda félag, hærri tekjur en svo, að hann gæti orðið fullgildur félagi samkvæmt áður tilvitnuðum lögum og félagssamþykktum. Samkvæmt þessum ákvæðum laganna og samþykktanna, sem stefnandi þekkti eða átti að þekkja, hafði hann því enga réttmæta ástæðu til að ætla, fyrr né síðar, að hann nyti annarra og fyllri réttinda í félaginu en styrktarfélagi. Kemur þá til álita, hvort félagsstjórnin hafi með athöfnum sínum eða athafnaleysi veitti stefnanda réttmæta ástæðu til að ætla, að hann nyta þeirra réttinda, er hann nú krefst dómsviðurkenningar á.

Stefnandi heldur því fram, að hann hafi í upphafi fengið félagsskírteini fullgilds félaga, en stefnda telur hins vegar, að um styrktarfélagaskírteini hafi verið að ræða. Samkvæmt því, sem fram hefur komið í málinu, verður að telja, að stefnandi hafi frá

byrjun verið færður á sérstaka spjaldskrá fyrir styrktarfélaga, og með tilliti til þess, svo og þess, er að framan segir um afstöðu stefnanda að því er tekjur snertir, verður það að teljast hafa líkurnar á móti sér, að stefnandi hafi fengið skírteini fullgilds félaga. Verður því að telja sönnunarbyrði þess, að stefnandi hafi fengið slíkt skírteini, hvíla á honum, enda byggir hann og m. a. rétt á því. Gegn andmælum stefnda hefur stefnanda ekki tekizt að færa sönnur á staðhæfingar sínar að þessu leyti, og verður réttur stefnanda því ekki byggður á þessu atriði. Hin síðari félagsskírteini, er stefnandi fékk, báru þess ekki vott, hvort um skírteini fullgilds félaga eða styrktarfélaga var að ræða, en með tilliti til þess, er að framan segir um afstöðu stefnanda, verður ekki fallizt á, að slíkt út af fyrir sig hafi veitt stefnanda ástæðu til að ætla, að hann nyti fullra félagsréttinda. Ekki verður heldur talið, að stefnandi hafi öðlazt meiri rétt en hann áður hafði, þótt félagsstjórnin samþykkti, að hann yrði áfram í félaginu, eftir að hann hafði komizt í vanskil með greiðslu árgjalds. Þótt stefnanda væri sent bréfið frá 1. ágúst 1941, verður ekki með tilliti til orðalags þess fallizt á, að stefnandi hafi þar með öðlazt neinn frekari rétt að þessu leyti. Ósannað er, gegn mótmælum stefnda, að bréfið frá 17. des. 1941 hafi verið sent stefnanda fyrir atbeina félagsins, og verður því þegar af þeirri ástæðu ekki talið, að það bréf hafi skapað stefnanda neinn fyllri rétt en hann áður hafði. Með tilvísun til þess, er að framan er rakið um afbrigðilega afstöðu félagsstjórnarinnar gagnvart stefnanda í sambandi við úthlutun íbúðanna, undirskrift kaupsamninga o. fl., og þar sem ósannað er, gegn eindregnum mótmælum stefnda, að félagsstjórnin hafi gefið stefnanda nein skilyrðislaus og bindandi loforð í þessu efni, verður heldur ekki talið, að krafa stefnanda verði byggð á þeim samskiptum. Greiðsla stefnanda til gjaldkera félagsins í marz 1942 og maí 1943 með þeim hætti, sem áður er lýst, getur heldur ekki talizt skapa honum rétt í þessu sambandi, sbr. og 15. gr. félagssamþykktanna, sem stefnandi þekkti eða átti að þekkja.

Að öllu framangreindu athuguðu þykja kröfur stefnanda því ekki hafa við næg rök að styðjast, og verður sýknukrafa stefnda því tekin til greina. Eftir atvikum þykir þó rétt, að málskostnaður falli niður.

Árni Tryggvason, settur borgardómari, hefur kveðið upp dóm þenna.

Því dæmist rétt vera:

Stefnd stjórn Byggingarfélags verkamanna f. h. félagsins skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Alexanders Guðmundssonar, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 23. júní 1944.

Nr. 13/1944. **Oddur A. Sigurjónsson**
gegn
Síldarverksmiðjum ríkisins og gagnsök.

Útivistardómur.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Aðaláfrýjandi, Oddur A. Sigurjónsson, og gagnáfrýjandi, Síldarverksmiðjur ríkisins, er eigi mæta í málinu, greiði hvor um sig 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Laugardaginn 24. júní 1944.

Nr. 14/1944. **Réttvísin** (Einar Ásmundsson)
gegn
Hinrik Ragnarssyni (Ólafur Þorgrímsson)
og
Hannesi Elíssyni (Einar B. Guðmundsson).

Íkveikja. Eignaspöll.

Dómur hæstaréttar.

Atvik máls þessa eru réttilega rakin í héraðsdómi. Ákvæði hans um sýknu ákærða Hannesar Elíssonar ber að staðfesta. Brot ákærða Hinriks Ragnarssonar varðar við 2. mgr. 257. gr. sbr. 20. gr. laga nr. 19/1940, og þykir refsing á hendur honum hæfilega ákveðin í héraðsdómi.

Kostnaður af gæzluvarðhaldi ákærða Hannesar Elíssonar greiðist úr ríkissjóði, en að öðru leyti eiga ákvæði héraðsdóms um málskostnað að vera óröskuð.

Málflutningslaun skipaðs verjanda ákærða Hannesar Elíssonar fyrir hæstarétti, kr. 800.00, greiðist úr ríkissjóði. Ákærði Hinrik Ragnarsson greiði allan annan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs

sækjanda fyrir hæstarétti, kr. 1000.00, og málflutningslaun skipaðs verjanda síns fyrir hæstarétti, kr. 800.00.

Jón sýslumaður Hallvarðsson hafði á hendi rannsókn máls þessa á árinu 1939, en eftir það Kristján sýslumaður Steingrímsson.

Nokkrir ágallar eru á rannsókn málsins. Ekki voru gerðar ráðstafanir til að aftra því, að menn, sem við málið komu, ræddu við ákærða Hinrik, meðan hann dvaldist á sjúkrahúsi. Rannsókn á andlegum þroska Hinriks hefur ekki verið framkvæmd, þótt nokkur ástæða væri til slíkrar rannsóknar. Ákærði Hinrik hefur ekki verið inntur eftir því, hvort ætlun hans hafi verið að brenna húsið í því skyni að beita vátryggingarfélag fjársvikum. Þá var Þórarinn Hjartarson að fyrirlagi rannsóknardómara hinn 3. marz 1939 yfirheyrður sem vitni og eiðfestur þegar, þótt ekki væri vitað, hvernig hann væri við málið riðinn. Loks hafa hagir ákærða Hannesar Elíssonar ekki verið rannsakaðir nægilega, og heimafólk hans ekki yfirheyrt.

Í höndum Kristjáns dómara Steingrímssonar hefur orðið óhæfilegur dráttur á máli þessu, án þess að réttlættur sé. Verður að víta greind vömm.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að kostnaður af gæzluvarðhaldi Hannesar Elíssonar greiðist úr ríkissjóði.

Málflutningslaun skipaðs verjanda ákærða Hannesar Elíssonar, hæstaréttarlögmanns Einars B. Guðmundssonar, kr. 800.00, greiðist úr ríkissjóði. Ákærði Hinrik Ragnarsson greiði allan annan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmanns Einars Ásmundssonar, kr. 1000.00, og málflutningslaun skipaðs verjanda síns fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmanns Ólafs Þorgrímssonar, kr. 800.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 26. nóv. 1943.

Ár 1943, föstudaginn 26. nóvember kl. 1 e. h., var í aukarétti Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, sem haldinn var á sýsluskrifstofunni í Stykkishólmi af sýslumanni Kristjáni Steingrímssyni, uppkveðinn dómur í málinu: Réttvísin gegn Hinrik Ragnarssyni og Hannesi Elíssyni, sem tekið var til dóms 28. maí 1942.

Mál þetta er með stefnu, útgefinni 10. marz 1942, af réttvísinnar hálfu höfðað gegn Hinrik Ragnarssyni sjómanni, Ingólfsstræti 16 í Reykjavík, og Hannesi Elíssyni fyrrverandi kaupmanni, Spítalastíg 7 í Reykjavík, fyrir brot gegn 18., 26. og 27. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 frá 12. febrúar 1940.

Um það, hvernig ákærðum er stefnt, skal þess getið, að í málshöfðunarfyrirskipun dómsmálaráðuneytisins, dagsettri 12. marz 1940, er lagt fyrir dómarann að höfða mál að rannsókn lokinni gegn báðum hinum ákærðu fyrir brot gegn 28. kafla þágildandi hegningarlaga frá 25. júní 1869.

Þessi kafli svarar til 18. og að sumu leyti til 26. og 27. kafla núgildandi hegningarlaga, og eru þeir kaflar því tilgreindir í stefnunni, þó að 27. kafli væri að vísu eigi nefndur, þegar ákærðum var tilkynnt málshöfðun í réttarhaldi 6. júní 1941.

Það, að 27. kafla var ekki getið sérstaklega í málshöfðunartilkynningunni, stafar af því, að hún var þeim stíluð með tilliti til fyrrgreindrar málshöfunarfyrirskipunar ráðuneytisins, með hliðsjón af samanburðarskrá hegningarlaga frá 1869 og 1940, sem dómsmálaráðuneytið sendi héraðsdómaranum með bréfi dagsettu 30. september 1940.

Eftir að áðurnefnd málshöfðunarfyrirskipun dómsmálaráðuneytisins var gerð, kom atriðið um innbrot í bifreiðaskúr Kaupfélags Hellissands inn í málið, og þar sem ákærður Hinrik var grunaður um þann verknað, höfðaði dómarinn í samráði við ráðuneytið einnig vegna þessa atriðis mál gegn honum fyrir brot gegn 26. kafla núgildandi hegningarlaga.

Ákærður Hinrik Ragnarsson er fæddur á Hellissandi 11. nóvember 1920.

Hinn 19. ágúst 1936 var hann sektaður á Siglufirði um 30 krónur fyrir götuóspektir. Hinn 20. apríl 1938 var hann í lögreglurétti Snæfellsness- og Hnappadalssýslu dæmdur í 500 króna sekt fyrir brot á 6. gr. sbr. 30. gr. áfengislaga nr. 33 frá 9. janúar 1935. Þá sætti hann utanréttar áminningu í Reykjavík hinn 30. september 1938 fyrir óspektir.

Ákærður Hannes Elísson er fæddur að Berserkseyri í Eyrarsveit 19. apríl 1892 og hefur eigi, svo kunnugt sé, sætt ákæru eða refsingu.

Þegar atburðir þeir, sem að mál þetta er af risið, gerðust, áttu

ákærðir báðir heima á Hellissandi. Hinrik hjá föður sínum í Berghól, en Hannes í Árbæ. Hinrik hafði átt heima á Hellissandi frá fæðingu og stundað þar sjósókn eftir að hann hafði aldur til, auk þess sem hann hafði unnið 3 sumur á Siglufirði. Hannes hafði átt heima á Hellissandi frá árinu 1927. Rak hann þar verzlun um skeið, en hætti því seint á árinu 1936 eða í ársbyrjun 1937. Eftir það stundaði hann ýmsa vinnu, þar á meðal loðdýrarækt í frekar smáum stíl og loðdýrahirðingu. Hann er kvæntur og hafði á þeim tíma, sem hér ræðir um, tvö börn á ómaga aldri. Aftur á móti var Hinrik einhleypur.

Á þessum tíma átti Hannes gamalt verzlunar- og vörugeymsluhús á Hellissandi, sem í réttarprófunum er lýst á þessa leið: Húsið var úr timbri, ein hæð með geymslulofti yfir og áföstum skúr norðan við það. Stóð það rétt við sjávarbakkann vestan við aðalgötu kauptúnsins. Austurendi hússins var eitt herbergi, sem notað hafði verið sem sölubúð, og lágu útidyr inn í það herbergi á austurhlið hússins. Dyr voru milli búðarinnar og skúrsins og útidyr vestan á skúrnum. Í vesturenda aðalhússins voru tvö herbergi, sem notuð höfðu verið sem geymsla og skrifstofa. Hús þetta hafði Hannes keypt árið 1934 fyrir 800 krónur. Bætti hann það hvorki né jók við það að öðru leyti en því, að hann lét þilja milli sölubúðarinnar og geymsluherbergisins í vesturendanum, en þiljurnar voru gerðar úr hillum, sem teknar voru úr sölubúðinni. Hannes rak verzlun í húsinu frá því um ári áður en hann keypti það og allt til þess, að hann hætti verzlunarrekstri, eins og fyrr segir. Eftir það stóð húsið autt og að mestu ónotað.

Samkvæmt upplýsingum umboðsmanns Brunabótafélags Íslands á Hellissandi var húsið virt til brunabóta á 2600 krónur, en Hannes hefur upplýst, að engin brunabótavirðing hafi farið fram á húsinu eftir að hann eignaðist það.

Um raunverulegt verðmæti hússins á þeim tíma, sem hér skiptir máli, liggur ekki annað fyrir en yfirlýsing hreppstjóra Neshrepps utan Ennis við þáverandi dómara um, að húsið myndi ekki þá verða metið nema á 300—400 krónur. En á árinu 1939 var húsið selt til niðurrifs fyrir rúmar 700 krónur til greiðslu veðskuldar, sem að á húsinu hvíldi við Sparisjóð Ólafsvíkur og þessari fjárhæð nam. Ekki er upplýst um aðrar veðskuldir á húsinu þá.

Húsið hafði verið rifið til grunna, þegar að núverandi dómari tók við rannsókn málsins.

Á þessum tíma átti Hannes húseignina Árbæ á Hellissandi, sem að mun hafa verið metin á kr. 3500.00 til fasteignamats, en á henni hvíldi 2200 króna veðskuld. Virðist Hannes í þenna mund hafa haft mjög lítið umleikis, en efnahagur hans ekki hafa verið neitt sérlega þröngur.

Miðvikudaginn 22. febrúar 1939 var þáverandi sýslumaður hér

í sýslu staddur í embættisferð að Arnarstapa. Þá um hádegið tilkynnti hreppstjóri Neshrepps utan Ennis honum, að kveikt hefði verið í áðurnefndu verzlunarhúsi ákærðs Hannesar.

Verður eigi séð, að hreppstjórinn hafi haft nein afskipti af málinu fyrr en þetta.

Sýslumaður fór þá þegar til Hellissands og hóf daginn eftir, hinn 23. febrúar kr. 1.30 fyrir hádegi rannsókn málsins. Faðir ákærðs, Hinriks, vitnið Ragnar Konráð Konráðsson Berghól, skýrði þá svo frá, að aðfaranótt þriðjudaginn 21. febrúar hefði Hinrik, sem bjó hjá vitninu, komið heim til vitnisins og vakið það upp. Logaði þá í fötum Hinriks, og var hann mikið brunninn í andliti og víðar. Vitnið kveðst þá hafa rifið fötin af Hinrik og slökkt í þeim og spurði Hinrik, hvernig á þessu ástandi hans stæði. Svaraði Hinrik þannig, að hann hefði verið að vinna óbótaverk, að hann hefði „verið að kveikja í hjá honum Hannesi". Vitnið spurði þá, hvers vegna hann hefði gert þetta, og svarar Hinrik því svo, að hann hefði gert þetta til að greiða sekt, sem hann skuldaði. Vitnið spurði þá Hinrik, hvort Hannes hefði beðið hann að kveikja í, og játaði Hinrik því og sagði, að Hannes hefði boðið sér 300 krónur fyrir að gera það.

Þegar vitnið hafði átt þetta viðtal við Hinrik, hljóp það að áðurnefndu húsi. Logaði þá í tveim stöðum í því, bæði í skúrnum og búðinni.

Vitnið fór strax inn í skúrinn og slökkti eldinn, sem þar var, þannig: Það tók rusl, sem logaði í og sem það álítur að hafi verið vélatvistur og fleira, og henti því niður fyrir sjávarbakkann. Því næst fór vitnið til Bárðar Jónassonar skipstjóra, vakti hann og sagði honum frá íkveikjunni. Síðan fór það til Péturs Péturssonar verzlunarmanns og sagði honum frá því sama. — En þessir menn bjuggu í þeim húsum, sem að næst voru íkveikjustaðnum, Bárður í húsinu Litli-Hvoll og Pétur í húsi, sem við hann er kennt.

Síðan fór vitnið aftur að verzlunarhúsinu og slökkti eldinn í búðinni, en þar hafði verið kveikt í á sama hátt og í skúrnum. Hafði kviknað í pappa, sem búðin var klædd með að innan, og slökkti vitnið eldinn með því að rífa pappann burtu. Að þessu afstöðnu fór vitnið á ný inn í skúrinn. Þá var farið að loga þar aftur og slökkti vitnið þann eld.

Vitnið kveður Hinrik hafa haft miklar kvalir í brunasárunum og verið með óráði öðru hvoru um nóttina áður en hann var fluttur til Reykjavíkur, en þangað var hann fluttur til sjúkrahúsvistar með m/s Laxfoss miðvikudaginn 22. febrúar.

Rannsókn hélt nú áfram með yfirheyrslum vitna og ákærðs Hannesar, en skýrsla var eigi tekið af ákærðum Hinrik fyrr en 16. júní 1939. Þá var hann yfirheyrður í Landsspítalanum í Reykjavík, en þar hafði hann legið samfleytt frá því hann var fluttur

þangað frá Hellissandi vegna brunasáranna. Við yfirheyrslu þessa játaði ákærður að hafa kveikt í húsinu. Skýrði hann þá frá málavöxtum á þessa leið:

Um tveimur mánuðum áður en hann framdi verkið fór Hannes fram á það við hann og Þórarinn Hjartarson, kunningja Hinriks og sambýlismann þá um skeið, að þeir kveiktu í húsinu, og bauð hann þeim 300—350 krónur fyrir að vinna verkið. Þegar þetta gerðist, voru þeir allir staddir í Grímshúsi á Hellissandi í herbergi því, sem að þeir bjuggu þá í, Hinrik og Þórarinn. Ekki hafði Hannes peninga í frammi, en sagði, að Hinrik og Þórarinn mættu treysta því, að þeir kæmu, ef að þeir ynnu verkið. Þeir Hinrik og Þórarinn tóku ekki í þetta og lofuðu engu um að vinna verkið og skildu menn þessir við svo búið. Hinrik segir, að eftir þessi tilmæli Hannesar hafi hann og Þórarinn komið sér saman um að kveikja í húsinu, en láta framkvæmd bíða til næsta hausts. Oftar en í þetta eina skipti segir hann Hannes ekki hafa talfært þetta við sig og Þórarinn saman. Frá því að þetta samtal fór fram og þar til Hinrik framdi verknaðinn, segir hann, að Hannes hafi hvað eftir annað ámálgað við sig að kveikja í húsinu, og að þeir hafi yfirleitt aldrei hitzt, án þess að Hannes færði þetta í tal. Hafi Hannes gengið mjög ríkt eftir því við sig, að hann tækist verkið á hendur og framkvæmdi það. Til dæmis skýrir Hinrik frá því, að Hannes hafi hitt sig eitt sinn daginn eftir hvassviðri og þá hafa látið orð falla á þá leið, að framkvæmd verksins myndi hafa tekizt vel, ef lagt hefði verið í það nóttina áður. Hinrik kveður Hannes einnig hafa lagt á ráðin um framkvæmd verksins. Hafi hann talið, að bezt væri að kveikja í undir stiga í húsinu eftir að hafa bleytt vel með olíu, sem að hann bauðst til að leggja til sjálfur. Skömmu fyrir framkvæmd verksins hittust hinir ákærðu á gamanleik í samkomuhúsi kauptúnsins, og hóf Hannes enn máls á þessu. Var þá fastmælum bundið, að Hinrik fremdi verkið gegn 300—350 króna peningagreiðslu frá Hannesi. Skyldi Hinrik framkvæma verknaðinn „næstu nótt, þegar kuladi af suðri". Lofaði Hannes að sjá um, að aðaldyr hússins skyldu vera ólæstar, og kom þeim saman um að haga íkveikjunni þannig, að bleyta húsið sem mest að innan með olíu. Lagði Hannes enn áherzlu á að magna eldinn sem mest undir stiganum, sem liggur úr skrúrnum upp á geymsluloftið, og gæti Hinrik þá farið út um bakdyrnar, sem að Hannes lofaði, að skyldu einnig vera ólæstar. Þá segir Hinrik, að eftir þetta hafi Hannes haft aðaldyr hússins, sem að læst var með hengilás, ólæstar, en þannig hafi verið frá lásnum gengið, að ekki hafi á því borið, að hann væri ólæstur. Að kvöldi 20. febrúar kom sunnanstormur, og þótti Hinrik þá veður til þess fallið að fremja verknaðinn. Hann fór þá heim til Hannesar í því skyni að sækja olíuna, en Hannes var þá ekki heima. Var Hinrik nú á vakki fram

eftir kvöldinu og hugkvæmdist þá að nota í stað olíunnar benzín, sem að hann gæti tekið úr tunnu, sem lá fyrir utan bifreiðaskúr kaupfélagsins. Eftir miðnætti eða um kl. 1, að hann heldur, tók hann blikkfötu heima hjá sér, fór með hana að greindri benzíntunnu, skrúfaði sponsið úr tunnunni og hellti fötuna fulla af benzíni. Hann fór nú með fötuna að margnefndu húsi Hannesar. Aðaldyr þess voru ólæstar og fór hann inn um þær, lagði þær aftur á eftir sér og skvetti síðan benzíninu um húsið, einkum um loftið. Einnig bleytti hann tvist, sem hann hafði með sér frá sjálfum sér, með benzíni og lét hann í tröppu í stiganum. Síðan kveikti hann í tvistinum með eldspýtu, sem hann hafði með sér. Um leið varð mikið bál í húsinu, og ætlaði Hinrik þá að hlaupa út um bakdyrnar, sem hann treysti af orðum Hannesar, að væri ólæstar, en það hafði hann ekki reynt áður, en þegar hann ætlaði að opna þær, reyndust þær læstar, eða ómögulegt að opna þær. Þegar hér var komið, var orðinn mikill eldur fyrir aðaldyrunum, og reyndi ákærður þá að brjóta upp bakdyrnar, en árangurslaust. Til þess að bjarga lífinu óð ákærður nú eldinn að aðaldyrunum, komst við illan leik út um þær og heim til sín í logandi fötunum og slökkti faðir hans þar í þeim eldinn.

Hinrik telur, að eins og vindur stóð, hafi ekki verið hætta á, að kviknaði í öðrum húsum, og ekki heldur, að lífshætta gæti stafað af því, þó að húsið hefði brunnið, enda enginn búið í því.

Þá skýrði Hinrik svo frá, að nokkrum dögum áður en hann framdi verkið hafi hann að kvöldlagi, þegar afspyrnurok var af suðri, ætlað að framkvæma íkveikjuna. Fór hann þá út um miðnættið og í áttina til hússins, en hvassviðri var þá svo mikið, að það feykti honum um koll, og hætti hann þá við verknaðinn, enda vantaði hann þá íkveikjuefni. Daginn eftir kveðst hann hafa hitt kunningja sinn Elías Jóhann Oddsson Stakkabergi og sagt honum frá þessu tiltæki og jafnframt, að Hannes hefði fengið sig til að vinna þetta verk fyrir áður umrædda borgun.

Hefur Elías Jóhann sem vitni staðfest þessa frásögn, en samkvæmt því hefur þessi atburður átt sér stað, áður en þeir hittust á gamanleiknum í samkomuhúsinu Hinrik og Hannes og bundust fastmælum um, að Hinrik fremdi íkveikjuna, eins og að framan greinir.

Segir Hinrik, að Elías hafi sagt honum, að hann skyldi ekki eiga við þetta.

Oftar en í nefnd tvö skipti kveðst Hinrik ekki hafa farið á stúfana til að kveikja í, og í bæði skiptin hafa verið allsgáður. Hann kveðst aldrei hafa verið undir áfengisáhrifum, þegar hann talaði um þetta við Hannes, né þegar hann tók ákvörðun um framkvæmd verksins. Ekki kveður hann Hannes hafa greitt sér neitt áður en hann framdi verknaðinn. Hann kveðst, er hann kom

frá íkveikjunni, hafa skýrt föður sínum og öðrum viðstöddum frá málavöxtum í aðalatriðum.

Næsta yfirheyrsla Hinriks fór fram 28. febrúar 1940, og verður komið að henni síðar.

Skal nú aftur vikið að framburði vitnisins Ragnars Konráðs Konráðssonar. Síðar um nóttina, eftir að það slökkti eldinn, sótti það Margréti Jónsdóttur ljósmóður, Laufási á Hellissandi, og að henni viðstaddri talaði það á ný við Hinrik um málið. Endurtók hann þá það, sem áður er fram tekið um viðtal þeirra (vitnisins Ragnars og Hinriks), og bætti því við, að Hannes hefði á síðastliðnu hausti beðið sig og Þórarinn Hjartarson sameiginlega að kveikja í húsinu og boðið þeim 300 krónur, ef þeir vildu gera það. Einnig sagði hann, að Hannes hefði oftar en einu sinni ítrekað þessi tilmæli og síðast hefði hann gert það laugardagskvöldið 18. febrúar, og hafi hann þá sagzt hafa búizt við, að Hinrik mundi kveikja í húsinu, einkum þegar sunnanstormar væru, en þeir höfðu verið þá undanfarið. Einnig sagði Hinrik, að þeir Þórarinn hefðu tekið málaleitun Hannesar fálega, en talað um sín á milli, að þeir skyldu kveikja í húsinu næsta haust. Þórarinn hefði síðan farið til Reykjavíkur skömmu eftir áramótin, og hefði hann (Hinrik) þá hætt að hugsa um íkveikjuna, þangað til eftir að Hannes talaði við hann síðast. Eftir hádegi þriðjudaginn 21. febrúar talaði vitnið við Hinrik að viðstöddum þeim Sigmundi Marteini Símonarsyni, kaupfélagsstjóra á Hellissandi, og Skúla Guðmundssyni, kennara á Hellissandi, og sagði Hinrik þá sömu sögu.

Strax um nóttina (þegar Hinrik framdi íkveikjuna) símaði vitnið til héraðslæknisins í Ólafsvík, sem kom og bjó um sár Hinriks.

Við framhaldsyfirheyrslu 23. febrúar skýrir vitnið svo frá, að það hafi í ferðum sínum í margnefnt hús um nóttina gengið bæði um útidyr skúrsins og aðaldyrnar, sem báðar hafi verið ólæstar. Þegar þingað var í málinu 18. september 1939 gaf vitnið sig fram við dómarann og sagði það misminni sitt, að það hefði farið inn um skúrdyrnar, heldur hafi það í öll skiptin gengið um aðaldyrnar. Kvaðst vitnið hafa athugað skúrdyrnar „daginn eftir að bruninn varð", og hafi hurðin þá verið ókrækt, en skafl fyrir henni að neðan, þannig að ekki hafi verið hægt að opna hana, nema moka snjónum frá Þá kveðst vitnið hafa talað um málið við Hinrik á Landsspítalanum um miðjan marz 1939, og hafi Hinrik þá sagzt hafa komið að aðaldyrunum ólæstum eftir fyrra umtali við Hannes, en skúrdyrnar hafi hann ekki getað komizt út um, en Hannes hafi sagt sér að fara þar út. Þá segir það og, að Hinrik hafi í þetta skipti sagt sér, að Hannes hefði ætlað að leggja sér til olíuna.

Í réttarhaldi 9. apríl 1940 segir vitnið, að sig minni enn, að það

hafi farið inn um skúrdyrnar, en þeir Bárður og Pétur, sem áður eru nefndir og báðir fóru inn í húsið, hafi sagt sér, að þeir hefðu ekki farið inn um skúrdyrnar. Í réttarhaldi 30. nóvember 1940 segir vitnið, að það hafi leiðrétt framburð sinn um dyrnar sökum þess að „allir" hafi sagt sér, að skúrdyrnar hefðu verið lokaðar af snjóskafli, og Bárður og Pétur hafi sagt, að þeir hafi farið út um sömu dyr aftur, þ. e. aðaldyrnar.

Þeir Bárður og Pétur hafa borið, að Ragnar Konráð hafi vakið þá brunanóttina, og að þeir hafi farið með honum inn í húsið, en þar hafi þá enginn eldur verið, nema hvað Bárður sá glitta í glæður í bréfarusli á gólfinu. Telja þeir báðir, að eins og vindstaða var þarna um nóttina, hefðu nálæg hús ekki verið í hættu, þó að verzlunarhúsið hefði brunnið. Þeir voru eigendur að og bjuggu í næstu húsunum tveim, sem að bæði stóðu ofan götunnar.

Vitnið Margrét Jónsdóttir ljósmóðir skýrir svo frá, að Ragnar Konráð hafi sent til sín brunanóttina um kl. 1 og beðið sig að koma heim til hans, og hafi hún strax farið þangað. Hafi Hinrik þá verið þar inni, nakinn og mikið brenndur, og ætt um gólfið fram og aftur af sársauka, að áliti vitnisins.

Í áheyrn vitnisins sagði Hinrik nú frá því, að Hannes hefði um haustið beðið sig og Þórarinn að kveikja í húsinu, en þeir engu lofað um það, en síðan hefðu þeir Hinrik og Þórarinn rætt um þetta, og Þórarinn stungið upp á að fresta því til næsta hausts. Hannes hefði oft itrekað þetta við Hinrik og á síðustu skemmtun, sem haldin var á Hellissandi, hefði Hannes sagt við Hinrik, að hann hefði búizt við, að Hinrik hefði framkvæmt verkið. Þá kveðst Hinrik hafa farið að hugsa ákveðnara um þetta vegna loforðs Hannesar um 300 krónur fyrir framkvæmdina. Kvaðst Hinrik hafa haft hug á fénu til greiðslu upp í sektarskuld og því kveikt í húsinu. Þá skýrir vitnið frá því, að Hinrik hafi sagt, að er hann hafði kveikt í húsinu, hafi hann orðið hræddur, beðið til guðs og hnigið niður í eldinn. Vitnið kveður Hinrik, þegar að hann hafði lokið þessari frásögn, hafa sagt: „Faðir í þínar hendur fel ég anda minn, í Jesú nafni, amen. Ég hef aldrei beðið til guðs fyrr." Telur vitnið Hinrik hafa verið með fullu ráði við þetta tækifæri.

Eftir beiðni Ragnars Konráðs komu þeir Sigmundur Marteinn Símonarson kaupfélagsstjóri og Skúli Guðmundsson kennari heim til hans um hádegi 21. febrúar, eins og áður greinir. Hafa þeir borið, að Hinrik hafi þá sagt svo þeir heyrðu, að eitt sinn, er þeir voru staddir í Grímshúsi, Hinrik, Þórarinn og Hannes, hafi þeir tveir fyrrnefndu spurt Hannes, hvort að hann ætti margnefnt hús, og hafi hann játað því. Hafi þeir þá spurt Hannes, hvers vegna hann kveikti ekki í þessu „kofaskrifli". Hafi Hannes þá beðið þá að kveikja í húsinu og boðizt til að greiða þeim 300 krónur

fyrir það. Þá sagðist hann hafa hitt Hannes á skemmtisamkomu á Hellissandi 18. febrúar, og hafi Hannes þá sagzt hafa búizt við, að húsið væri brunnið til kaldra kola eftir sunnanrokin, en Hinrik þá svarað, að ekki hefði verið hægt „að koma því við". Sagði Hinrik, að þá hefði hann verið hættur við að kveikja í húsinu, en svo farið og kveikt í því kvöldið áður (aðfaranótt 21. febrúar) og hann hafi gert það til þess að fá peninga til að greiða sektarskuld sína, að því er Sigmundur ber. En Skúli ber, að Hinrik hafi ekki sagt, vegna hvers hann hafi framkvæmt verkið. Sigmundur hefur borið, að á meðan Hinrik var að segja söguna, hafi hann annað slagið hljóðað af kvölum.

Hinn 2. marz 1939 var vitnið Þórarinn Hjartarson sjómaður yfirheyrt í lögreglurétti Reykjavíkur. Þá skýrir vitnið svo frá, að það hafi dvalið á Hellissandi frá 6. október 1938 til 22. janúar 1939 og að það sé persónulega kunnugt hinum ákærðu. Í fyrri hluta desember 1938 hittust vitnið og ákærðir að kvöldi til á götu á Hellissandi og tóku tal saman. Hinrik bauð þeim inn í herbergi sitt í Grímshúsi, og þar sátu þeir stutta stund og spjölluðu saman. Hannes hóf þó máls á því, að dýrt væri að borga af verzlunarhúsi sínu, það væri autt og rentulaust og sagði síðan sem svo upp úr þurru: „Þið ættuð nú að kveikja í þessum kumbalda fyrir mig." — Einnig bauð Hannes þeim 350 krónur fyrir að kveikja í húsinu. Vitnið tók þetta eins og hverja aðra fjarstæðu eða grín og svaraði því engu. Hinrik svaraði heldur engu og féll þá tal þetta niður. Hannes fór út nokkru fyrr en hinir, en ekki minntust hinir á þetta eftir brottför Hannesar. Meðan vitnið var á Hellissandi eftir þetta minntist Hannes aldrei á þetta við það, og það barst heldur aldrei í tal milli vitnisins og Hinriks. Að framburði þessum vann vitnið strax eið í réttinum. —

Hinn 10. júní 1939 er vitnið yfirheyrt hér í sýslu og staðfestir þá fyrri framburð sinn. Þá skýrir það frá því, að það hafi þrisvar heimsótt Hinrik á Landsspítalann. Ekki man það, hver nær tvær fyrri heimsóknirnar voru, og ekki kveðst það þá hafa rætt við Hinrik um málið, enda hafi þá aðrir gestir verið hjá honum. Síðasta heimsóknin var 28. apríl, þ. e. a. s. nokkru fyrir fyrstu yfirheyrslu Hinriks, og var vitnið þá eitt í heimsókn. Þá sagði Hinrik vitninu frá tildrögum íkveikjunnar mjög á sama hátt og rakið hefur verið. Þó sagði hann, að hann hefði fengið lykil að aðaldyrum hússins hjá Hannesi, áður en hann kveikti í. Þá sagði hann, að í sér hefði kviknað strax og hann hafði kveikt í húsinu. Einnig kveður vitnið hann hafa skýrt sér frá því, að þegar hann hafði kveikt í, þá hafi aðaldyrnar, sem hann hafði skilið eftir opnar, lokazt, líkast því sem það væri af mannavöldum, en jafnframt, að hann hefði farið út um þessar dyr eftir að hafa reynt að komast út um bakdyrnar.

Er þá komið að ákærðum Hannesi Elíssyni. Hann var yfirheyrður strax hinn 23. febrúar 1939 og neitar hann þá eindregið öllum áburði um að hafa átt hinn minnsta þátt í íkveikjunni og hefur hann haldið við þá neitun sína undir allri rannsókn málsins. Hefur ransóknin að mestu leyti snúizt um sekt hans eða sýknu, og var hann hafður í gæzluvarðhaldi vegna rannsóknarinnar frá 23. febrúar til 25. júní 1939.

Upplýst er, að Hannes var gestkomandi hjá kunningjafólki sínu í Klettsbúð á Hellissandi kvöldið áður en kveikt var í (um nóttina), og bar þá ekki á, að hann væri neitt frábrugðinn því, sem hann var vanur að vera. Við fyrstu yfirheyrslu skýrir hann svo frá, að nóttina, sem að kveikt var í, hafi Ragnar Konráð komið heim til sín, sagt sér frá íkveikjunni og þar með, að Hinrik hafi sagt, að Hannes hafi beðið hann að kveikja í húsinu, og hafi Ragnar Konráð þá beðið hann að koma með sér og líta á Hinrik. Hannes klæddi sig þá og fór með Ragnari Konráð heim til hans, og var Hinrik þá þar inni allsnakinn. Hannes talaði þá við hann og spurði, hvað hann hefði gert og hvers vegna hann væri svona. Hinrik svaraði því litlu og sagði aðeins: „Hvað hef ég gert." Endurtók hann þetta og vingsaði handleggjunum, að því er Hannes áleit, vegna sársauka. Hann segir, að Ragnar Konráð hafi þá sagt, að Hinrik hafi kveikt í húsinu að beiðni Hannesar, og haldið því fram, að Hinrik hefði sagt það, en Hinrik hafi þá sagt Ragnari Konráð að þegja og skipta sér ekki af þessu, og sagzt einn svara til um þetta. Heldur Hannes því fram, að við þetta tækifæri hafi Hinrik aðspurður af sér neitað að hafa sagt, að hann (Hannes) hefði beðið sig að kveikja í húsinu. Þá skýrði Hannes frá því, að snemma um veturinn — um hátíðar, að hann minnir — hafi hann og Hinrik gengið saman eftir götunni, sem að margnefnt hús stóð við. Hafi Hinrik þá spurt sig, hvort að hann (Hannes) ætti þetta hús. Þegar Hannes hafi játað því, hafi Hinrik spurt, hvort hann myndi ekki vilja borga eitt til tvö hundruð krónur, ef húsið væri jafnað við jörðu einhvern morguninn, þegar að hann kæmi á fætur. Kveðst Hannes hafa tekið þessu fjarri og sagt, að slíkt væri glæpur, en Hinrik þá haft orð á því, að slíkt væri engin synd. Hélt Hannes því fram, að hann hefði ekki átt neitt annað tal um þetta við Hinrik um húsið og neitaði að hafa átt tal við Þórarinn Hjartarson um það.

Í réttarhaldi 4. marz 1939 var Hannesi kunngerður vitnisburður Þórarins Hjartarsonar frá 2. s. m. Hann neitar þá eindregið að hafa beðið hann að kveikja í húsinu og man ekki eftir að hafa hitt Þórarinn sérstaklega eða talað við hann, meðan hann dvaldi á Hellissandi um haustið og veturinn. Ekki minnist hann að hafa komið í Grímshús um veturinn og neitar eindregið að hafa hitt þá þar saman Hinrik og Þórarinn. Ekki veit hann til þess, að þeir

feðgar Hinrik og Ragnar Konráð beri neinn kala til hans eða hafi nokkra ástæðu til þess. Vitnið Ragnar Konráð hefur haldið því fram, að Hannes hafi brunanóttina boðizt til að taka þátt í kostnaði vegna brunasára Hinriks. — Þessum framburði neitar Hannes algerlega. Hins vegar segir hann vitnið hafa farið fram á þetta og jafnframt haldið því fram, að hann (Hannes) hlyti að hafa fengið Hinrik til að kveikja í húsinu, en hann kveðst hafa neitað því við vitnið að hafa gert það.

Í þessu sama réttarhaldi er Hannes mjög um það spurður, hvort hann hafi látið Hinrik í té lykil að hengilásnum fyrir aðaldyrunum, eða látið lásinn vera ólæstan, en hvoru tveggja neitar hann eindregið. Hann kveðst ekki hafa komið að húsinu, þannig að hann athugaði það sérstaklega, um talsverðan tíma áður en íkveikjan var framin. Daginn eftir íkveikjuna kveðst hann hafa aðgætt, hvort lásinn væri á stéttinni við húsið, eða þar í kring, en ekki fundið hann. Skúrdyrnar segir hann hafa átt að vera kræktar aftur að innanverðu.

Í réttarhaldi 1. apríl 1939 neitar Hannes því, að Hinrik hafi talað við sig um, hvernig bezt myndi að kveikja í húsinu, og neitar einnig að hann hafi fengið hjá sér benzín og vélatvist eða beðið sig um slíkt. Hann kveðst ekki muna nákvæmlega, hve nær að hann átti síðasta tal við Hinrik fyrir íkveikjuna, en kveður sig minna, að það hafi verið a. m. k. 2—3 dögum áður — en ekki meira en nokkrum dögum áður — og hafi Kristvin Guðbrandsson, sjómaður á Hellissandi, þá verið með sér. Hafi þeir hitt Hinrik á götunni, þar sem hann var einn á ferð, og hafi Hinrik þá sagt við þá: „Haldið þið ekki, að hann ætli að gera sunnan núna?", eða eitthvað á þá leið. Jafnframt hafi hann litið einkennilega til sín og þá litið glæfralega út. Hafi sér þess vegna komið í hug áðurgreind orð Hinriks um að kveikja í húsinu, og því haft orð á því við Kristvin, að hann væri hræddur um, að Hinrik mundi einhvern tíma kveikja í húsinu. Hann kveðst jafnframt hafa sagt Kristvin frá fyrrgreindu samtali Hinriks við sig um þetta. Hafi Kristvin sagt, að Hinrik mundi bara gera að gamni sínu að tala þannig, og þeir svo ekki talað meira saman um þetta, Kristvin og hann (Hannes).

Er frásögn þessi staðfest í öllum aðalatriðum með vitnisburði Kristvins Guðbrandssonar í lögreglurétti Strandasýslu hinn 24. þ. m. Vitni þetta fór á brott af Hellissandi nokkru eftir íkveikjuna og hefur ekki tekizt að hafa upp á því fyrr en nú.

Við samprófun Hannesar og Þórarins 10. júní 1939 halda þeir hvor við sinn fyrri framburð. Þórarinn skýrir frá því, að hann, Hinrik og Hannes hafi allir hitzt hjá húsinu Merkjabæ á Hellissandi og gengið þaðan að Grímshúsi og síðan talazt við þar inni, í herbergi Hinriks, og hafi tveir menn, Tryggvi Eðvarsson og

Sigurjón Illugason, gengið á eftir þeim á götunni, áð,ur en hann fóru inni í Grímshús.

Hvorugur þeirra Tryggva eða Sigurjóns man eftir þessu, en þeir hafa báðir verið leiddir sem vitni.

Í þessu réttarhaldi hefur Þórarinn það eftir Benedikt nokkrum Bachmann í Reykjavík, sem að eigi hefur verið yfirheyrður í máli þessu, að hann hafi heyrt haft eftir Sigurði Sveini Sigurðssyni á Hellissandi, að hann hafi heyrt á tal ákærðra um húsið, og Hannes hafi sagt, að Hinrik léti hvert sunnanrokið af öðru líða hjá, án þess að kveikja í húsinu. Sigurður Sveinn Sigurjónsson, sjómaður á Hellissandi, eini maðurinn þar með þessu skírnarnafni, hefur verið leiddur sem vitni um þetta, en hann kveðst aldrei hafa heyrt ákærðu eiga nein orðaskipti um þessi efni.

Í réttarhaldi 23. júní 1939 er Hannesi gerður kunnur framburður Hinriks í lögreglurétti Reykjavíkur 16. sama mánaðar, og honum bent á þær líkur, sem að fyrir því væru, að hann hefði stuðlað að íkveikjunni, en hann neitar enn sem fyrr öllum afskiptum af henni. Hannes kveðst muna, að hann sá Hinrik á skemmtun á Hellissandi laugardags- eða sunnudagskvöldið næst áður en íkveikjan var framin, en fullyrðir eindregið, að hann hafi þá ekki átt neitt tal við Hinrik um fyrrgreint hús, og kveðst ekki muna eftir að hafa átt neitt tal við hann. Hann kveðst hafa verið undir áfengisáhrifum á skemmtun þessari, en ekki það mikium, að hann hafi munað nokkuð verr en ella það, sem þar fór fram. Hann kveðst skömmu fyrir samkomuna hafa, ásamt Kristvin Guðbrandssyni, hitt Hinrik á götunni, eins og að framan greinir.

Í réttarhaldi 28. febrúar 1940 voru ákærðir báðir yfirheyrðir, fyrst hvort fyrir sig og síðan samprófaðir.

Hinrik heldur við fyrri framburð, með nokkrum frekari skýringum. Hann telur sig hafa verið með fullu ráði fyrst eftir íkveikjuna, allt þar til læknirinn kom til hans, en þá hafi hann misst rænu að nokkru leyti og aðeins vitað af sér stund og stund í einu, og hafi þetta ástand síðan haldizt meðan að hann var á Hellissandi og lengur. Hann segist minnast þess, að einhverntíma daginn eftir íkveikjuna og eftir að læknirinn kom til hans, hafi þeir Sigmundur Marteinn kaupfélagsstjóri og Skúli kennari komið til sín, og minnir hann, að hann hafi eitthvað minnzt á við þá, að Hannes hafi beðið hann að kveikja í húsinu. Hann kveðst þá hafa verið „með rænu, en ekki fullu ráði". —

Þá segir hann það rangt í framburði Þórarins í lögreglurétti Reykjavíkur 3. marz 1939, að þeir hafi aldrei talað saman um tilboð Hannesar að kveikja í húsinu, því að þeir hafi orðið ásáttir um að fremja íkveikjuna, en ekki fyrr en næsta haust.

Hann skýrir nú fyrst svo frá, að Þórarinn hafi heimsótt sig

einu sinni eða tvisvar á Landsspítalann, og þeir þá ekkert rætt við um brunann, enda hafi hann þá ekki verið fær til þess. Síðan segir hann, að þegar Þórarinn kom til hans í annað sinn, hafi hann spurt sig eitthvað á þá leið, hvers vegna hann hafi verið að þessari vitleysu, og svaraði hann (Hinrik) því til, að Hannes hefði allt af verið að biðja sig um þetta. Eftir að honum hafði verið gerður kunnur framburður Þórarins frá 10. jan. 1939 segir hann, að verið geti, að Þórarinn hafi komið þrisvar til sín á Landsspítalann. Segist hann muna, að Þórarinn hafi komið með bróður sinn og síðar einn síns liðs, og í bæði skiptin hafi þeir átt eitthvert tal um „brunann".

Hann segir Þórarinn skýra í nokkrum atriðum rangt frá um það, sem þeim hafi farið á milli. Hann kveðst ekki hafa sagt honum, að aðaldyrnar hefðu lokazt líkast því sem af mannavöldum, en kveðst munu hafa sagt honum, að bakdyrnar hefðu verið lokaðar af mannavöldum. Hins vegar veit hann ekki, hvernig á því stóð, að bakdyrnar voru lokaðar, en hann heldur, að Hannes hafi lokað þeim til þess að hann kæmist ekki út úr húsinu eftir íkveikjuna, og gefur þannig í skyn, að Hannes hafi ætlazt til þess, að hann (Hinrik) færist í eldinum. —

Þá segir Hinrik nú, að þegar hann kom inn í húsið í umrætt skipti, hafi hann séð, að krókurinn, sem að bakdyrunum var lokað með að innanverðu, hafi verið „upp af".

Tvistinn, sem hann notaði við íkveikjuna, kveðst hann hafa gengið með í vasanum í nokkra daga, en kveðst ekki hafa fengið hann í þeim tilgangi að nota hann til þessa.

Hannes heldur að öllu leyti við fyrri skýrslur sínar og segir frásögn Hinriks um viðskipti þeirra rakalausan uppspuna.

Við samprófun ákærðra náðist ekki að neinu leyti samræmi milli framburða þeirra.

Í réttarhaldi 6. júní 1941 voru þeir enn samprófaðir, en án árangurs. Í því réttarhaldi telur Hannes, að engar teljandi skemmdir hafi orðið á húsinu við íkveikjuna, það hafi aðeins komið svartir sviðablettir á þiljur á tveimur stöðum. Morguninn eftir íkveikjuna varð Friðleifur Valdemar Þórðarson bifreiðarstjóri, sem vann hjá Kaupfélagi Hellissands, þess var, að farið hafði verið inn í læstan bifreiðarskúr kaupfélagsins með þeim hætti, að járnplata hafði verið rifin frá að neðanverðu á norðurhlið skúrsins, en plata þessi hafði áður spennzt nokkuð frá, og hafði nú verið gert op á hliðina, þannig að maður gat komizt þar í gegn. Kvöldið áður hafði Friðleifur tekið benzín úr tunnu í skúrnum og var hann viss um, að tunnan hafði verið hreyfð frá því að hann gekk frá henni um kvöldið, og úr henni tekið dálítið benzín. Einnig kveður hann hafa horfið um nóttina hnefafylli af véltvist, sem var uppi á hillu í skúrnum. Hann sagði kaupfélagsstjóranum frá

þessu um morguninn, en ekkert kom fram um þetta í prófum málsins, fyrr en í réttarhaldi 29. nóvember 1940, er kaupfélagsstjórinn skýrði frá þessu.

Þar sem Hinrik notaði bæði benzín og vélatvist við íkveikjuna, þóttu líkur benda til þess, að hann hefði verið hér að verki. Fór fram rannsókn um þetta atriði, en Hinrik hefur stöðugt neitað að hafa framið þennan verknað og segist hafa náð í benzínið til íkveikjunnar eins og áður er rakið. Hefur eigi orðið upplýst, hver hafi framið innbrotsþjófnað þenna, og verður ákærði Hinrik eigi sakfelldur fyrir hann.

Í vottorði Björgúlfs Ólafssonar læknis, dags. 26. febrúar 1939, um skoðun á ákærðum Hinrik, segir svo:

„Ár 1939, þ. 21. febrúar kl. 5 f. h., hef ég undirritaður Björgúlfur Ólafsson, fyrir hönd héraðslæknisins í Ólafsvík, skoðað sjúklinginn Hinrik Ragnarsson, fæddan 15. nóvember 1920, á Hellissandi. Hafði hann orðið fyrir brunaslysi hér um bil tveim kl.stundum áður. Allt andlit sjúklingsins var rautt og þrútið, með smáblöðrum hingað og þangað. Augnalok og varir sollnar. Blöðrur á báðum eyrum. Hár sviðið um allan kollinn. Augnhimnur þrútnar og rauðar, en sjáaldur virtust óskemmd.

Báðar hendur og framhandleggir upp undir miðju alsett blöðrum og húðin rauð og þrútin á milli þeirra. Ber meira á þessu handarbaksmegin en lófamegin.

Á sitjandanum beggja megin og ofan um lærin að aftan, til hliðanna og að framan, voru sams konar áverkar. Enn fremur smærri blöðrum og roði utan á hægri fótlegg og upp um handleggina.

Áverkarnir eru eftir bruna og virðast þeir vera um tveggja stunda gamlir, eins og líka upplýst var."

Í vottorði yfirlæknis Landsspítalans, Guðmundar Thoroddsen, dags. 25. nóvember 1943, segir svo um ákærða Hinrik:

„Hinrik Ragnarsson frá Sandi var fluttur á Landsspítalann 22. febr. 1939 vegna bruna. Hann var mikið brenndur um allt andlitið, á höndum og lærum og fékk eftir brunann mikil ör og lýti, sérstaklega áberandi í andlitinu. Hann lá hér til 15. des. 1939 og leið framan af mjög illa. Innan í munni og koki var hann brenndur, svo lá við bana, vegna andþrengsla, og varð að gera á honum barkaskurð þess vegna. Hann gekk lengi með barkapípur og lá aftur í spítalanum 2. okt. til 1. nóv. 1940 til þess að losna við pípuna og láta barkasárið gróa. Þessi bruni Hinriks hefur valdið honum miklum kvölum og um skeið alvarlegri lífshættu, en seinna varanlegum og áberandi lýtum."

Um fjarlægð hússins, sem kveikt var í, frá næstu húsum er þetta upplýst:

25 metrar voru frá því til næsta húss fyrir neðan götu í norður-

átt, íbúðarhússins Götuhúss, einlyfts steinhúss með járnþaki. Fyrir neðan götu að sunnan 36 metrar að einlyftu fiskgeymsluhúsi, pappaklæddu timburhúsi, með járnþaki. Fyrir ofan götu sunnanvert 7 metrar að íbúðarhúsi Péturs Péturssonar verzlunarmanns, einlyftu járnvörðu timburhúsi á steinsteyptum kjallara. Sömu megin götu norðanvert 12 metrar að íbúðarhúsi Bárðar Jónassonar, portbyggðu, járnvörðu timburhúsi á steinsteyptum kjallara.

Vegna þessara verulegu fjarlægða og vindáttarinnar, og þar sem eigendur næstu húsa, þeir Bárður og Pétur og auk þess ákærður Hinrik hafa lýst því yfir, að þeir hafi eigi talið hættu á, að kviknaði í öðrum húsum, þó margnefnt hús brynni, þá getur rétturinn eigi talið, að almanna hætta hafi stafað af íkveikjunni.

Hins vegar lítur rétturinn svo á, að með íkveikjunni hafi verið valdið eldsvoða, þótt húsið ekki brynni vegna slökkviráðstafana vitnisins Ragnars Konráðs Konráðsssonar.

Eftir að málavextir hafa nú verið þannig raktir, kemur til álita, hvort og að hverju leyti ákærðir hafa gerzt brotlegir við þá kafla hegningarlaganna, sem þeim er stefnt fyrir.

Skal þá fyrst athugaður þáttur ákærðs Hannesar Elíssonar. Hann er sakaður um að hafa í hagnaðarskyni fengið ákærðan Hinrik Ragnarsson til að kveikja í húsinu og lagt á ráðin um framkvæmd verknaðarins og einnig að hafa beðið Þórarinn Hjartarson að kveikja í húsinu.

Þessu hefur Hannes ætíð, þrátt fyrir miklar yfirheyrslur, samprófanir og mjög langt gæzluvarðhald, staðfastlega neitað og aldrei verið á honum neinn bilbugur í því.

Gagnstæðir eru framburðir þeirra Hinriks og Þórarins. En önnur vitni en Þórarinn, sem bera um viðskipti ákærðra, hafa frásagnir sínar eftir Hinrik.

Þrátt fyrir það, að í framburði Hinriks innbyrðis í hinum ýmsu réttarhöldum gæti nokkurs ósamræmis, *þrátt fyrir*, að hann var ekki einangraður á spítalanum og hafði því tækfæri til viðtala, þar á meðal við Þórarinn, *þrátt fyrir* það, að Hinrik var miður sín af kvölum og spurður af föður sínum, þegar hann gaf fyrstu skýringar á verknaðinum, og *þrátt fyrir* nokkurt ósamræmi milli framburða þeirra Hinriks og Þórarins, þykja að vísu fram komnar sterkar líkur fyrir sekt ákærðs Hannesar, og styrkir væntanlegur hagnaður Hannesar af bruna hússins, ef orðið hefði, þær líkur.

En vegna hinnar eindregnu og samræmu neitunar Hannesar þykir réttinum eigi framkomin lögfull sönnun fyrir sekt hans og líkur eigi nægilega sterkar til sakfellingar.

Verður niðurstaðan því sú, að sýkna beri hann af ákærum réttvísinnar.

Um sjálfa framkvæmd íkveikjunnar má leggja framburð ákærðs Hinriks Ragnarssonar til grundvallar. En þar sem samkvæmt framan sögðu eigi verður talið, að almannahætta hefði stafað af bruna hússins, þó orðið hefði, og þar sem samkvæmt sýknu ákærðs Hannesar engu verður slegið föstu um, hvort fyrir hafi legið hagnaðarvon Hinriks af verknaðinum, verður brot hans einungis heimfært undir 257. gr. 1. mgr. almennra hegningarlaga nr. 19 frá 12. febrúar 1940. Þykir refsing hans eftir öllum atvikum hæfilega ákveðin fangelsi í 6 mánuði. En með tilliti til langrar sjúkrahúsvistar, þjáningar og varanlegra líkamslýta, er allt hlauzt af verknaði hans, svo og með tilliti til æsku hans, þykir mega ákveða, að framkvæmd refsingar hans skuli frestað og hún niður falla að tveim árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði skilorð VI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 frá 12. febrúar 1940 haldin.

Málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðs Hannesar, hrl. Einars B. Guðmundssonar, kr. 300.00, ber að greiða af almannafé, en allan annan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun ákærðs Hinriks til skipaðs verjanda hans, hrl. Ólafs Þorgrímssonar, kr. 300.00, ber að dæma ákærða Hinrik til að greiða.

Hvað viðvíkur drætti þeim, er varð á, að mál yrði höfðað eftir að lögregluranns0kninni lauk, stafaði auk starfsanna af því, að dómarinn taldi ekki vonlaust um, að einhverjar frekari upplýsingar fengjust í málinu. En þær eftirgrennslanir voru framkvæmdar utan réttar.

Dómarinn er sér þess meðvitandi, að mjög verulegur dráttur hefur orðið á uppkvaðningu dómsins, sem eigi verður réttlættur, þótt starfsannir hafi verið alveg óvenjulegar við embættið.

Því dæmist rétt vera:

Ákærður Hannes Elísson skal sýkn vera af ákærum réttvísinnar í máli þessu.

Ákærður Hinrik Ragnarsson sæti fangelsi í 6 mánuði, en fullnustu refsingar hans skal frestað og niður skal hún falla að 2 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði skilorð VI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 frá 12. febrúar 1940 haldin.

Málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðs Hannesar Elíssonar, Einars B. Guðmundssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 300.00, ber að greiða af almannafé. Allan annan sakarkostnað greiði ákærður Hinrik Ragnarsson, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, Ólafs Þorgrímssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 300.00.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 27. júní 1944.

Nr. 38/1944. **Strætisvagnar Reykjavíkur h/f** (Theódór B. Lindal)
gegn
Jóhanni Indriðasyni f. h. ófjárráða sonar síns Harðar (Sigurður Ólason).

Skaðabótakrafa vegna meiðsla í bifreið.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 8. apríl s. l. Krefst hann aðallega sýknu af kröfum stefnda í málinu, en til vara, að bótaábyrgð verði skipt. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Samkvæmt vottorði Magnúsar Sigurjónssonar, er staðfest hefur verið fyrir dómi eftir uppsögn héraðsdóms, hafði strætisvagninum þegar verið ekið af stað, er slysið varð. Kveðst Magnús hafa verið í vagninum og greinilega tekið eftir, er slysið bar að hendi. Það er og komið fram, að vagninum hafði verið ekið nokkurn spöl, er menn veittu áverka drengsins athygli. Að svo vöxnu máli þykir verða samkvæmt 34. gr. laga nr. 23/1941 að leggja ábyrgðina á slysi þessu á áfrýjanda, enda þótt ekki sé sönnuð sök bifreiðarstjórans. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir hæstarétti, og þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 400.00.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Strætisvagnar Reykjavíkur h/f, greiði stefnda, Jóhanni Indriðasyni f. h. ófjárráða sonar hans, Harðar, kr. 400.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 1. apríl 1944.

Mál þetta, sem dómtekið var 28. f. m., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 4. janúar 1944, af Jóhanni Indriðasyni bifreiðarstjóra, Sogavegi 158 hér í bæ, f. h. ólögráða sonar hans Harðar Jóhannssonar s. st. gegn Strætisvögnum Reykjavíkur h/f hér í bæ til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 5000.00, ásamt 5% ársvöxtum frá 8. október 1943 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. — Þá hefur Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f verið stefnt til réttargæzlu í málinu, en bifreið stefnda R 2780 er tryggð hjá því félagi.

Með samkomulagi aðilja og samþykki dómarans hefur málflutningurinn nú snúizt um það eitt, hvort stefnda verði talið eiga sök á síðargreindu slysi.

Hefur stefnandi *aðallega* krafizt þess, að stefnda verði að öllu leyti talinn eiga sök á slysinu, en til *vara*, að sökinni verði skipt að mati dómarans.

Stefnda hefur hins vegar *aðallega* krafizt sýknu, en *til vara*, að sökinni verði skipt. Þá hefur stefnda krafizt málskostnaðar sér til handa að mati dómarans.

Málavextir eru þeir, að um morguninn þann 7. október s. l. var strætisvagninn R 2780, sem er eign stefnda, á leið innan úr Sogamýri niður í Miðbæ. Vagninn var fullur af fólki, og margir stóðu. Einn þeirra var stefnandinn Hörður, sem er 13 ára að aldri, og stóð hann aftarlega í vagninum. Um kl. 8.48 var vagninn stöðvaður fyrir neðan verzlunina Ás hér í bænum, til að taka farþega og sleppa farþegum út. Skýrir stefnandi svo frá, að allmikil þrengsli hafi verið í vagninum, og hafi hann staðið aftarlega beint á móti afturdyrum vagnsins og haldið sér í slá, sem til þess er í lofti vagnsins. Er vagninn hafi staðnæmzt, hafi nokkrir farþegar komið inn að framan, en enginn farið út að aftan þá strax. Í því að vagninn hafi verið að renna af stað aftur, hafi staðið upp maður einn þar aftarlega í vagninum, farið út um afturdyrnar og skellt á eftir sér hurðinni. Stefnandi kveðst hafa sleppt slánni til að maðurinn kæmist fram hjá og í þeim svifum hafi hann hrasað niður í tröppu þá, er liggur niður að afturdyrunum, og um leið gripið með hægri hendinni í aftari dyrastafinn, þar sem læsingin er. Í þessu hafi maðurinn skellt hurðinni aftur og klemmdist þá baugfingur hægri handar á milli stafs og hurðar svo mjög, að tók í burtu hluta af fremstu kjúkunni. Stefnandi varð ekki strax var við meiðslið, og ók vagninn nokkra leið áður en farþegar sáu, að blæddi úr sárinu. Var vagnstjóranum þá gert viðvart, og

stefnanda síðan komið á sjúkrahús til læknisaðgerða. Telur stefnandi, að stefnda beri ábyrgð á nefndu slysi, þar sem vagnstjórinn hafi eigi sýnt fulla aðgætni með því að aka af stað áður en farþegar höfðu komið sér fyrir og hurðir tryggilega lokaðar. Þá hefur stefnandi talið, að ein orsök til slyssins sé sú, að vagninn hafi verið ofhlaðinn, og því hafi orðið þröng aftur í honum. Enn fremur hefur stefnandi haldið því fram, að ekki sé tryggilega gengið frá hurð vagnsins, en henni verði ekki lokað né hún opnuð úr sæti vagnstjóra, heldur verða farþegar þeir, er um hana ganga, að opna hana og loka. Þar sem slysinu hefði þannig mátt afstýra, hefði vagnstjórinn sýnt fulla aðgæzlu og vagninn verið í fullu lagi, þá hljóti stefnda að bera ábyrgð á því tjóni, er af hlauzt, samkv. ákvæðum 34. gr. bifreiðalaganna nr. 23 frá 1941.

Vagnstjóri sá, er stýrði stætisvagninum R 2780 í umrætt sinn, hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að í vagninum muni hafa verið í þetta skipti um 40—50 farþegar, en hann megi flytja 45 farþega. Þar af hafi aðeins 16—20 menn sæti, en hinir verði að standa. Hann segir, að staðnæmzt hafi verið stutta stund fyrir neðan Ás, og kveðst hann ekki hafa orðið þess var, að umrætt slys skeði, enda sjái hann ekki aftur í afturhluta vagnsins, þegar margir farþegar standi, eins og var í þetta sinn. Slyssins hafi hann fyrst orðið var, er hann hafi verið búinn að aka um 100 faðma áfram. Vagnstjórinn hefur einnig skýrt svo frá, að hann geti ekki opnað eða lokað afturhurð vagnsins úr sæti sínu. Hins vegar sé í tækjaborðinu rautt ljósmerki í sambandi við afturhurðina, þannig að rautt ljós sést, þegar hurðin er opin, en það slokknar jafnskjótt og hurðinni er lokað. Kveðst vagnstjórinn þess fullviss, að rauða ljósið hafi kviknað í umrætt sinn, en verið slokknað áður en hann lagði af stað. Hreyfill vagnsins hafi hins vegar verið í gangi allan tímann.

Vitnið Daníel Kristinsson, sem var farþegi í vagninum í umrætt sinn, hefur borið það fyrir dómi, að vagninn hafi staðnæmzt aðeins örstutta stund fyrir neðan Ás, og aðeins einn maður hafi þá farið út að aftan. Telur vitnið, að maður þessi hafi staðið og hafi hann ekki gengið hranalega um, er hann fór út, og kveðst þess fullviss, að vagninn hafi staðið kyrr í þessu, enda ekki farið af stað fyrr en nokkru eftir að hurðinni var lokað. Slyssins varð vitnið ekki vart fyrr en eftir að vagninn var kominn af stað, en þá sá það blóð streyma úr hendi stefnanda og var vagnstjóranum þá strax gert viðvart.

Stefnda byggir sýknukröfu sína á því, að þar sem vagninn hafi staðið kyrr, hafi vagnstjórinn sýnt fulla aðgæzlu og varkárni og vagninn verið í lagi, þá beri það hvorki ábyrgð á nefndu slysi samkvæmt sérákvæðum bifreiðalaganna né samkvæmt almennum skaðabótareglum.

Varakröfu sína byggir stefnda á því, að stefnandi eigi nokkra sök á greindu slysi sakir ógætni sinnar, og beri því að skipta sökinni milli aðilja.

Bifreiðin R 2780 er almenningsvagn, sem stefnda notar til mannflutninga á áætlunarleiðum innan lögsagnarumdæmis Reykjavíkur, en það hefur sérleyfi til slíkra flutninga hér í bænum.

Af því, sem upp er komið í málinu og að framan greinir, er ljóst, að slys það, er hér um ræðir, varð með þeim hætti, að hönd stefnanda klemmdist á milli hurðar og stafs, þegar afturhurðs vagnsins var lokað, er farþegi hafði gengið út um dyrnar.

Að vísu er ósannað, að vagninn hafi verið á hreyfingu, er umrætt slys varð, en með tilliti til allra aðstæðna þykir verða að telja, að slys þetta standi í því sambandi við notkun bifreiðarinnar sem slíkrar, að ábyrgðarreglur bifreiðalaganna komi hér til greina.

Og með því að eigi er sýnt fram á, að slysið hefði hlotið að vilja til, þrátt fyrir alla aðgæzlu og varkárni af hálfu vagnstjórans, þá þykir samkvæmt 34. gr. bifreiðalaganna nr. 23 frá 1941 verða að telja, að stefnda beri ábyrgð á tjóni því, er af slysi þessu hlauzt.

Þar sem ekki verður sé, að stefnandi hafi sýnt ógætni í umrætt sinn, verður ekki talið, að unnt sé að skipta sökinni, og verður því varakrafa stefnds ekki tekin til greina.

Málsúrslit verða því þau, að telja verður að stefnda beri bótaábyrgð vegna framangreinds slyss.

Eftir atvikum þykir rétt, að stefnda greiði stefnanda kr. 100.00 upp í málskostnað fyrir þennan hluta málsins.

Árni Tryggvason, settur borgardómari, kvað upp dóm þenna.

Því dæmist rétt vera:

Stefnda, Strætisvagnar Reykjavíkur h/f, ber bótaábyrgð vegna framangreinds slyss.

Stefnda greiði stefnanda, Jóhanni Indriðasyni f. h. Harðar Jóhannssonar, kr. 100.00 upp í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 27. júní 1944.

Nr. 53/1944. **Þrotabú Guðmundar H. Þórðarsonar**
(Einar B. Guðmundsson)
gegn
Sigurjóni Jónssyni
(cand. jur. Guttormur Erlendsson).

Rifting handveðréttar.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 24. apríl þ. á., krefst þess, að riftað verði handveðsetningu tryggingarbréfs að fjárhæð kr. 350000.00 með 4. veðrétti í húsinu nr. 20 við Hafnarstræti og nr. 2 við Lækjartorg, en veðsetning greinds bréfs er talin hafa farið fram um mánaðamótin nóvember og desember 1942. Svo krefst áfrýjandi og málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdómsins og málskostnaðar fyrir hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Tryggingarbréf það, sem í máli þessu greinir, var eign h/f Hótel Heklu og hafði það félag veitt Guðmundi H. Þórðarsyni leyfi til að veðsetja það. Var hið veðsetta verðmæti því ekki eign, sem renna átti til þrotabús Guðmundar, og ekki hefur þrotabúinu á neinn hátt verið íþyngt vegna veðsetningarinnar, enda er engri kröfu lýst á hendur búinu af h/f Hótel Heklu. Samkvæmt þessu veitir hvorki 20. gr. né önnur ákvæði laga nr. 25/1929 um gjaldþrotaskipti þrotabúinu heimild til að rifta veðsetningu þessari. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm að niðurstöðu til.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda fyrir hæstarétti málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 600 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, þrotabú Guðmundar H. Þórðarsonar,

greiði stefnda, Sigurjóni Jónssyni, 600 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 4. marz 1944.

Með afsali dagsettu 25. ágúst 1942 seldi gjaldþroti, Guðmundur H. Þórðarson, kaupmaður hér í bæ, stefnda Sigurjóni Jónssyni bankaritara, til heimilis á Þverholti 7 hér í bæ, fasteignina nr. 7 við Þverholt hér í bæ. Kaupverðið var kr. 135000.00 og var það greitt þannig:

1.	Kaupandi tók að sér að greiða áhvílandi veðskuldir á 1., 2. og 3. veðrétti eignarinnar	kr. 57325.57
2.	Kaupandi gaf út skuldabréf til seljanda tryggt með 4. veðrétti í eigninni	— 9024.22
3.	Eftirstöðvarnar greiddar í peningum	— 68650.21
		Kr. 135000.00

Nálægt mánaðamótum nóvember og desember 1942 tilkynnti stefndi gjaldþrota, að hann hefði komizt að því, að tryggingarbréfi að upphæð kr. 80000.00 hefði verið þinglýst á 4. veðrétti eignarinnar. Viðurkenndi gjaldþroti þá að hafa gefið út fyrrgreint 80 þúsund króna tryggingarbréf í júlí 1942 eða rúmum mánuði áður en hann seldi stefnda Þverholt 7. Varð það að samkomulagi þeirra, að gjaldþroti fengi frest til 15. janúar f. á. til að afhenda stefnda bréfið. Jafnframt setti hann stefnda að handveði til tryggingar því, að hann yrði ekki fyrir neinu tjóni af nefndri 80 þúsund króna veðsetningu, svo og af 5000 króna víxli, er stefndi keypti af honum samtímis, eftirtalin bréf:

1.	Tryggingarbréf með víxli til handhafa tryggt með 4. veðrétti í Hótel Heklu að upphæð ..	kr. 350000.00
2.	Skuldabréf það, er að framan greinir	— 9024.22
	Er framangreindur frestur var útrunninn, krafðist stefndi afhendingar á 80 þúsund króna tryggingarbréfinu. Gjaldþroti lofaði að afhenda bréfið, en stóð ekki við það. Fékk hann svo nýjan frest til að koma þessu í lag og setti stefnda til frekari tryggingar að handveði eftirtalin bréf:	
3.	Tryggingarbréf með víxli til handhafa, tryggt með 3. veðrétti í Svanastöðum í Mosfellssveit að upphæð	— 45000.00

4. Tryggingarbréf með víxli til handhafa, tryggt með 3. veðrétti í jörðinni Grjótlæk í Stokkseyrarhreppi, að upphæð ..... kr. 20000.00

Á skiptafundi, sem haldinn var í þrotabúi gjaldþrota 26. febrúar f. á., en bú hans var tekið til gjaldþrotameðferðar 27. janúar f. á., var talið, að handveðsetningar þær, er um ræðir í 1., 3. og 4. lið hér að framan, væru riftanlegar samkvæmt ákvæðum laga nr. 25 14. júní 1929 um gjaldþrotaskipti. Höfðaði þrotabúið síðan með stefnu dagsettri 1. marz f. á. mál á hendur stefnda til riftunar téðum veðsetningum. Voru réttarkröfur þrotabúsins þær, að stefndi yrði dæmdur til að skila aftur veðbréfum þeim, er um ræðir í 1., 3. og 4. lið hér að framan, auk greiðslu málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati réttarins.

Í rekstri málsins hefur stefndi afhent stefnanda bréf þau, er nefnd eru í 3. og 4. lið, og lýtur málið því nú aðeins að skyldu stefnda til að afhenda tryggingarbréfið í 1. lið hér að framan.

Stefndi mótmælir kröfum stefnanda og gerir þær réttarkröfur, að hann verði sýknaður og honum tildæmdur málskostnaður að skaðlausu eftir mati réttarins.

Stefndi byggir sýknukröfu sína í fyrsta lagi á því, að stefnandi sé ekki réttur aðili til að krefjast riftunar á handveðsetningu 350 þúsund króna tryggingarbréfsins. Hótel Hekla h/f hafi átt verðmæti það, sem sett var til tryggingar, og hafi gjaldþroti ekki getað gert ráðstafanir um eignir þess félags. Stefnandi myndi heldur ekki græðast fé á riftuninni, því að Hótel Hekla h/f ætti að fá bréfið, en ekki stefnandi.

Meiri hluti stjórnar Hótel Heklu h/f leyfði, að 350 þúsund króna tryggingarbréfið væri sett til tryggingar víxilskuld gjaldþrota. Gjaldþroti var einn skuldari á víxlinum, og var ekki hægt að nota víxilinn, nema með því að hafa tryggingarbréfið í höndum líka. Eftir upphaf gjaldþrotaskipta kom búið í stað þrotamanns að því er snertir fjárréttindi hans og fjárskyldur almennt. Á það verður eigi fallizt, að skilyrði fyrir því, að riftunarmál megi höfða, sé, að þrotabúinu græðist fé við það. Skiptafundur í þrotabúi Hótel Heklu h/f, haldinn 29. okt. f. á., lýsti sig samþykkan því, að mál þetta héldi áfram, en krafðist þess jafnframt, að Hótel Hekla h/f fengi 350 þúsund króna veðskuldabréfið eða þá fjárhæð, sem upp í það greiddist við uppboð á húseign félagsins.

Samkvæmt framansögðu verður að telja, að stefnandi máls þessa sé bær að krefjast afhendingar á fyrrgreindu veðskuldabréfi, og verður því þessi sýknuástæða stefnda eigi tekin til greina.

Í öðru lagi byggir stefndi sýknukröfu sína á því, að krafan, sem veðsetning sú, sem um er deilt, er til tryggingar fyrir, hafi stofnazt á sama tíma og veðsetningin fór fram eða svo litlu síðar að jafna megi til samtímis stofnunar.

Umrætt 80 þúsund króna tryggingarbréf er dagsett 21. júlí 1942. Daginn eftir eða næstu daga á eftir tók sá fulltrúi lögmanns, er annast þinglýsingar, við bréfinu og var hann eftir því, sem upplýst er í málinu, látinn ráða því, hvort hann innritaði bréfið til þinglesturs fyrr eða síðar, en hann var þó beðinn að gæta þess, ef ný skjöl varðandi Þverholt 7 kæmu til hans, að láta þá bréfið ganga á undan þeim. Fulltrúinn lagði bréfið á ákveðinn stað, en kveðst síðan hafa misst skjalið úr minni sínu, þar til hann rakst á það síðar óþinglesið. Innritaði hann þá skjalið til þinglesturs samdægurs eða næsta dag, og var það 17. desember 1942.

Stefndi heldur því fram, að hann hafi ekki fengið að vita um tilvist 80 þúsund króna tryggingarbréfsins fyrr en fyrstu dagana í desember 1942, er Björn Ólafs lögfræðingur, sem aðstoðaði hann við kaup húseignarinnar nr. 7 við Þverholt, hringdi til hans í síma og sagði honum frá bréfinu. Sama dag eða daginn eftir hafi þeir farið til gjaldþrota og stefndi krafizt þess, að bréfinu yrði strax aflýst. Gjaldþroti hafi viljað strax greiða úr þessu, og hafi endirinn orðið sá, að stefndi tók við 350 þúsund króna tryggingarbréfinu, eins og áður segir.

Björn Ólafs hefur borið það, að hann muni ekki betur, en að það hafi verið 3. desember 1942, sem stefndi fékk 350 þúsund króna tryggingarbréfið afhent, og hafi verið liðnir í mesta lagi 10—12 dagar frá því, að hann (Björn) fékk vitneskju um 80 þúsund króna bréfið. Segir Björn, að sökum þess að hann hafi haldið hálft í hvoru, að stefndi hefði gefið út 80 þúsund króna bréfið, hafi hann ekki sagt honum strax frá þessari vitneskju sinni, en 1—2 dögum eftir að hann fékk þessa vitneskju hafi hann sagt stefnda frá tilvist bréfsins. Síðan hafi ekki liðið meira en örfáir dagar, um vika, þar til gjaldþroti hafði veðsett stefnda tryggingarbréfið. Kveðst Björn hafa hafizt handa um að fá tryggingar frá gjaldþrota til handa stefnda strax og stefndi hafði fengið vitneskju um tilvist 80 þúsund króna bréfsins.

Gjaldþroti hefur haldið því fram, að hann hafi sagt stefnda frá tilvist 80 þúsund króna bréfsins, er samningar fóru fram milli þeirra um kaupin á Þverholti 7, en því hafa stefndi og Björn Ólafs, sem var við og aðstoðaði stefnda við kaupin, eindregið mótmælt.

Áðurnefndur fulltrúi lögmanns fullyrðir, að stefndi hafi ekki fengið vitneskju frá sér um tilvist 80 þúsund króna bréfsins, á meðan það var óinnfært í veðmálabækur, og telur hann afar ólíklegt og jafnvel útilokað, að nokkur annar hafi gefið stefnda vitneskju um bréfið á þeim tíma.

Í afsali því, er stefndi fékk hjá gjaldþrota fyrir Þverholti 7, er ekki getið um 80 þúsund króna bréfið.

Gegn eindregnum mótmælum stefnda verður eigi talið sannað,

að hann hafi fengið vitneskju um 80 þúsund króna bréfið, fyrr en Björn Ólafs skýrði honum frá tilvist þess. Að vísu var krafa sú, er bréfið hljóðaði um, til fyrr, en gagnvart stefnda, að því er snertir möguleika hans á því að tryggja kröfuna, var hún ekki til fyrr en hann fékk vitneskju um hana.

Samkvæmt 20. gr. laga nr. 25 14. júní 1929, um gjaldþrotaskipti, eru veðskuldbindingar þær, er þrotamaður hefur gengizt undir á síðustu 6 mánuðum, áður en hann varð gjaldþrota, til tryggingar kröfum á hendur honum, sem ekki eru stofnaðar á sama tíma, ógildar að því er búið snertir. Ákvæði þetta á að hindra það, að skuldheimtumaður geti allt í einu útvegað sér af ótta við gjaldþrot skuldara veð fyrir kröfu, sem hann áður hafði ekki tryggingar fyrir, og skapað sér þannig betri aðstöðu á kostnað annarra kröfuhafa skuldara. Séu hins vegar veðskuldbindingar þrotamanns settar til tryggingar kröfum á hendur honum, sem stofnaðar eru á sama tíma, er ekki verið að mismuna eldri kröfuhöfum þrotamanns, og eru því þær veðskuldbindingar gildar.

Því hefur eigi verið mótmælt, að stefndi hafi strax hafizt handa um að fá tryggingar hjá gjaldþrota, er hann fékk vitneskju um 80 þúsund króna bréfið. Tilraunir og viðræður um tryggingar fyrir kröfunni virðast hafa verið samfelldar og þær hætta ekki fyrr en 350 þúsund króna bréfið er sett til tryggingar kröfunni nokkrum dögum, um viku, síðar. Það er því beint samband milli stofnunar kröfunnar gagnvart stefnda í þeirri merkingu, er áður greinir, og veðskuldbindingarinnar fyrir kröfunni, og hefur þetta samband aldrei rofnað. Hér er því ekki verið að mismuna eldri kröfuhöfum þrotamanns með veðskuldbindnigunni. Þykir því verða að telja margnefnda veðsetningu hliðstæða því, að veðsetning og krafa hafi stofnazt á sama tíma, og því rétt að láta sömu reglur gilda um hvort tveggja. Samkvæmt þessu er veðskuldbindingin eigi riftanleg samkvæmt 20. gr. gjaldþrotaskiptalaganna, og þar sem eigi hefur verið sýnt fram á, að hún sé riftanleg af öðrum ástæðum, ber að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dóm þennan hefur kveðið upp Þórður Björnsson setudómari.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Sigurjón Jónsson, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, þrotabús Guðmundar H. Þórðarsonar, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Þriðjudaginn 26. september 1944.

Kærumálið nr. 8/1944. **Alþýðuhús Reykjavíkur h/f**
gegn
Guðrúnu I. Jónsdóttur.

Úrskurður héraðsdóms um efnisatriði máls felldur úr gildi.

Dómur hæstaréttar.

Með bréfi, dags. 6. júlí þ. á. og hingað komnu 8. s. m., hefur borgardómarinn í Reykjavík sent hæstarétti kæru sóknaraðilja á úrskurði uppkveðnum í bæjarþingi Reykjavíkur 26. júní þ. á. og þá samstundis kærðum. Hefur sóknaraðili krafizt þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og að varnaraðilja verði dæmt að greiða sóknaraðilja málskostnað fyrir hæstarétti. Varnaraðili hefur krafizt staðfestingar á úrskurðinum og málskostnaðar fyrir hæstarétti.

Eins og í úrskurðinum segir, er ágreiningur aðilja um það, hvort sóknaraðili geti gegn andmælum varnaraðilja gert á síðari stigum málflutningsins í héraði víðtækari sýknukröfur en hann hafði gert í öndverðu. Þetta atriði varðar efni sakar og verður ekki gegn mótmælum annars aðilja greint frá öðru efni málsins til sérstakrar úrlausnar, sbr. 5. mgr. 71. gr. laga nr. 85/1936, heldur ber að dæma það ásamt öðrum efnisatriðum í dómi um efni málsins. Verður því samkvæmt kröfu sóknaraðilja að fella hinn kærða úrskurð úr gildi.

Samkvæmt þessum málalokum þykir rétt, að varnaraðili greiði sóknaraðilja 150 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur.

Varnaraðili, Guðrún Í. Jónsdóttir, greiði sóknaraðilja, Alþýðuhúsi Reykjavíkur h/f, 150 kr. í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 26. júní 1944.

Mál þetta hefur höfðað Guðrún Iðunn Jónsdóttir, til heimilis Kirkjuvegi 25, Keflavík, gegn stjórn Alþýðuhúss Reykjavíkur h/f, f. h. félagsins, til greiðslu vangoldinna vinnulauna að fjárhæð kr. 800.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 30. sept. 1943 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Er stefna málsins gefin út þann 23. nóv. f. á., og var málið þingfest á bæjarþingi 24. s. m. Fékk stefnda þá frest til 8. des. f. á. til þess að tjá sig um kröfur stefnandi og í greinargerð (dskj. nr. 4), sem lögð var fram þann dag, gerði stefnda þær kröfur, að það yrði sýknað gegn greiðslu á kr. 700.00, en algerlega sýknað af málskostnaðarkröfu. Stefnda áskildi sér þó rétt til að breyta þessari kröfugerð síðar, ef tilefni yrði til. Síðan var veittur sameiginlegur frestur til gagnasöfnunar í málinu, og töldu aðiljar gagnasöfnun lokið þann 19. jan. s. l. Við nánari athugun var þó talið, að svo væri ekki, og var gagnasöfnun haldið áfram að ósk aðilja, og enn töldu þeir að öflun gagna væri lokið þann 30. marz s. l. Sumpart vegna mikilla anna við borgardómaraembættið og sumpart vegna þess, að umboðsmaður stefnda óskaði eftir því, að vottorðsgefandi einn staðfesti framlagt vottorð sitt, dróst það nokkuð, að dagur til munnlegs málflutnings yrði ákveðinn, en dómarinn ákvað síðan með venjulegum fyrirvara, að málflutningur skyldi fram fara kl. 10 f. h. í dag. Var málið síðan tekið fyrir, og hélt umboðsmaður stefnandi þá sína fyrri ræðu, þar sem hann mótmælti því m. a., að önnur kröfugerð en sú, sem um getur í dskj. nr. 4, kæmi til greina af hálfu stefnda, en í bókun fyrir bæjarþinginu þann 30. marz s. l. hafði umboðsmaður stefnds gert kröfu, er gekk lengra en fyrrnefnd krafa í greinargerð, þ. e. að stefnda yrði sýknað gegn greiðslu á kr. 336.90, án málskostnaðar, og í sömu átt fór krafa hans við hinn munnlega málflutning, þ. e. krafa um sýknu gegn greiðslu á kr. 417.01, en málskostnaður yrði látinn falla niður. Heldur stefnandi því fram, að þessar síðari kröfur stefnda geti ekki komizt að í málinu gegn mótmælum sínum, en stefnda telur sér þetta heimilt, enda hafi verið áskilinn réttur til þessa, eins og áður greinir.

Þar sem þessi ágreiningur var risinn, krafðist umboðsmaður stefnda þess, að dómarinn felldi úrskurð um það, að hann væri, eins og á stæði, ekki bundinn við kröfugerð sína á dskj. nr. 4, heldur mættu framangreindar kröfur hans komast að í málinu. Umboðsmaður stefnandi mótmælti því, að úrskurður yrði uppkveðinn um þetta atriði, þar sem það yrði til þess eins að tefja málið. Dómarinn tók þetta ágreiningsatriði til úrskurðar, enda verður ekki fallizt á, að rétt sé að synja um úrskurð að þessu leyti.

Aðspurður við hinn munnlega málflutning, hver væri orsök

þess, að ekki hefði verið komið fram með endanlegar kröfur af hálfu stefnda, fyrr en raun varð á, lýsti umboðsmaður stefnda því yfir, að hann hefði eigi verið búinn að kynna sér málið nægjanlega á þeim tíma, er greinargerðin var samin. Verður ekki fallizt á, að þessi ástæða réttlæti það, hversu seint stefnda kom fram með hinar nýju kröfur, og með því að ekkert annað er leitt í ljós í málinu, sem geti talizt réttlæta þessa kröfugerð, sem gengur lengra en kröfurnar í greinargerð, þá þykir, gegn mótmælum stefnanda og með skírskotun til 106. gr. einkamálalaganna nr. 85/1936, eigi unnt að taka hinar síðari dómkröfur stefnda til greina, enda getur fyrrnefndur áskilnaður í greinargerð ekki talizt hafa þýðingu að þessu leyti. Kröfugerð stefnda í greinargerð verður því lögð til grundvallar í málinu. Árni Tryggvason, settur borgardómari, kvað upp úrskurð þenna.

Því úrskurðast:

Framangreindar dómkröfur stefnda komast eigi að í máli þessu.

Þriðjudaginn 26. september 1944.

Kærumálið nr. 7/1944. **Vinnuveitendafélag Íslands**
gegn
Alþýðusambandi Íslands f. h. verkamannafélagsins Dagsbrúnar.

Kærður úrskurður félagsdóms um frestveitingu. Frávísun.

Dómur hæstaréttar.

Hinn kærði úrskurður er kveðinn upp af hinum reglulegu dómendum félagsdóms, þeim Hákoni Guðmundssyni, Gunnlaugi Briem, Kristjáni Kristjánssyni, Jóni Ásbjörnssyni og Sigurjóni Ólafssyni.

Forseti Félagsdóms hefur með bréfi 1. júlí þ. á. og hingað komnu sama dag sent hæstarétti kæru sóknaraðilja, dags. 24. júní þ. á., þar sem hann kærir úrskurð félagsdóms í málinu Alþýðusamband Íslands f. h. verkamannafélagsins Dagsbrúnar gegn Vinnuveitendafélagi Íslands, er kveðinn var upp 21. s. m. Krefst sóknaraðili þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi og honum dæmdur málskostnaður fyrir hæstarétti úr hendi varnaraðilja eftir mati dómsins.

Varnaraðili krefst staðfestingar úrskurðarins og málskostnaðar úr hendi sóknaraðilja eftir mati hæstaréttar.

Niðurlag úrskurðar þessa varðar aðeins frestveitingu, en úrskurður félagsdóms um það atriði er fullnaðarúrslausn samkvæmt 67. gr. laga nr. 80/1938, og skiptir það eigi hér máli, á hvaða forsendum frestur var veittur. Þau atriði, er 3. töluliður nefndrar greinar heldur, verða eigi fyrr borin undir hæstarétt en þau hafa sætt úrlausn í félagsdómi. Verður því að vísa máli þessu frá hæstarétti.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að sóknaraðili greiði varnaraðilja málskostnað fyrir hæstarétti, kr. 150.00.

Því dæmist rétt vera:

Máli þessu vísast frá hæstarétti.

Sóknaraðili, Vinnuveitendafélag Íslands, greiði varnaraðilja, Alþýðusambandi Íslands f. h. verkamannafélagsins Dagsbrúnar, kr. 150.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður félagsdóms 21. júní 1944.

Mál þetta er höfðað af Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkamannafélagsins Dagsbrúnar gegn Vinnuveitendafélagi Íslands með stefnu 24. apríl þ. á. Er málið risið út af ágreiningi um það, hvaða merkingu beri að leggja í orðið „lýsisbræðsla" í 5. gr. kjarasamnings, dags. 22. febr. 1944, milli Dagsbrúnar og stefnda. Orð þetta er talið vera komið inn í samninginn að tilhlutun sáttasemjara ríkisins eða sáttanefndar, er að sáttum vann með honum, meðan á samningum stóð.

Í þinghaldi 14. þ. m. óskaði stefnandi eftir fresti til þess að kveðja sáttasemjara ríkisins og sáttanefndina hér fyrir dóm, til þess að fá vitnisburð þeirra um það, hvað þeir hefðu talið, að fælist í umdeildu orði. Þá krafðist stefnandi og frests til þess að þeir stjórnarnefndarmenn Dagsbrúnar og samninganefndarmenn, sem fjölluðu um þetta samningsatriði, gætu fyrir dómi gefið aðiljaskýrslu í málinu.

Stefndi mótmælti því, að frestur yrði veittur til nefndrar vitnaleiðslu og aðiljayfirheyrslu. Studdi hann mótmæli sín þeim rökum að óheimilt sé að krefja sáttasemjara eða sáttamenn í vinnudeil-

um skýrslna um það, hvað fram hafi farið á sáttafundum. Þá taldi hann og, að sér væri algerlega óviðkomandi, hvað fram hefði farið milli sáttamanna og umboðsmanna Dagsbrúnar á sáttafundum án sinnar vitundar, og því þýðingarlaust fyrir málið að leita upplýsinga um það með vitnaleiðslu eða aðiljayfirheyrslum.

Samkvæmt síðustu málsgrein 28. gr. laga nr. 80/1938 er bannað að skýra frá eða leiða vitni um, hvað aðiljar hafa lagt til á sáttafundi, nema báðir aðiljar samþykki. Ekki verður talið, að í þessu ákvæði felist algert bann við því, að sáttasemjari eða sáttamenn beri vitni til skýringar á samkomulagi, sem náðst hefur milli aðilja á sáttafundi, og verður slíkt bann ekki heldur leitt af öðrum lagaákvæðum. Með því að skýrslugjöf af hálfu sáttamanna þarf þannig ekki að brjóta í bág við 28. gr. l. nr. 80/1938, en hins vegar ekki útilokað, að hún gæti orðið til nota við úrlausn málsins, þykir rétt, að stefnanda gefist kostur á, að umbeðin vitnaleiðsla geti farið fram. Þá verður ekki á þessu stigi málsins fullyrt, að aðiljaskýrslur forráðamanna Dagsbrúnar og samninganefndar hljóti að vera þýðingarlausar fyrir úrslit málsins, og ber því með tilvísun til 115. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 69. gr. l. nr. 80/1938, að veita stefnanda kost á að koma þeim á framfæri hér fyrir dómi.

Samkvæmt framansögðu veitist stefnanda frestur til umbeðinnar vitnaleiðslu og aðiljayfirheyrslu.

Því úrskurðast:

Stefnandi fær frest í máli þessu til framannefndrar vitnaleiðslu og aðiljayfirheyrslu.

Miðvikudaginn 27. september 1944.

Kærumálið nr. 9/1944. **Hallbjörn Þórarinsson**
gegn
Sverri Briem.

Staðfesting vitnaskýrslna.

Dómur hæstaréttar.

Með bréfi 10. júlí þ. á. hefur borgarfógetinn í Reykjavík sent hingað kæru sóknaraðilja, dags. 30. júní þ. á., á úrskurði, uppkveðnum af fulltrúa borgarfógeta Unnsteini Beck í fógetarétti Reykjavíkur 26. júní þ. á. í útburðarmálinu Sverrir Briem gegn Hallbirni Þórarinssyni.

Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og þar greindum vitnum talið óheimilt að staðfesta vætti sitt með eiði eða drengskaparorði. Svo krefst sóknaraðili og málskostnaðar úr hendi varnaraðilja eftir mati dómsins. Varnaraðili krefst þess, að úrskurðurinn verði staðfestur og að sóknaraðili verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar.

Í máli þessu hefur sóknaraðili, þrátt fyrir áskorun varnaraðilja, hvorki lagt fram sitt eintak af húsaleigusamningnum né kvittanir fyrir greiðslu húsaleigunnar, en haft uppi þá mjög ósennilegu staðhæfingu, að hann hafi glatað öllum þessum skjölum.

Virðast þessi atriði veita sterkar líkur gegn fullyrðingu hans um fölsun leigusamningsins, enda er eintak leigusala af samningnum hvorki að efni né útliti á nokkurn hátt grunsamlegt, en endurrit það af leigusamningnum, sem eftir varð í vörzlum húsaleigunefndar, er, eins og segir í fógetaúrskurðinum, ónákvæmt í mörgum greinum og styrkir því ekki málstað sóknaraðilja.

Samkvæmt þessu, og að öðru með vísan til forsendna fógetaúrskurðarins, ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að sóknaraðili greiði varnaraðilja málskostnað fyrir hæstarétti, sem ákveðst kr. 150.00.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Hallbjörn Þórarinsson, greiði varnaraðilja, Sverri Briem, kr. 150.00 í málskostnað fyrir hæstarétti, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 26. júní 1944.

Gerðarbeiðandi máls þessa, Sverrir Briem, Ljósvallagötu 12 hér í bænum, hefur krafizt þess, að Hildi Bjarnardóttur, Víðimel 31, og syni hennar, Guðmundi Guðmundssyni s. st., verði með úrskurði fógetaréttarins heimilað að staðfesta með eiði eða drengskaparheiti vitnaframburði sína hér fyrir réttinum 1. og 6. þ. m. En framburðum þeirra hefur gerðarþoli mótmælt sem óstaðfestum.

Gerðarþoli, Hallbjörn Þórarinsson, Ljósvallagötu 12, hefur mótmælt því, að vitnum þessum verði heimiluð staðfesting, og lögðu aðiljar atriðið undir úrskurð fógetaréttarins, sem tók það til úrskurðar 6. þ. m.

Málavextir eru þeir, að með beiðni, dags. 11. maí s. l., óskaði gerðarbeiðandi útburðar á gerðarþola úr íbúð þeirri, er hann nú býr í húsinu nr. 12 við Ljósvallagötu hér í bænum, en hús þetta keypti gerðarbeiðandi af Pétri nokkrum Ingjaldssyni, og er afsal til hans dags. 15. maí s. l. Pétur mun á sínum tíma hafa keypt hús þetta af vitninu Hildi. Hafði gerðarþoli upphaflega tekið húsnæði sitt á leigu af Hildi, meðan húsið var í hennar eigu, og gert við hana skriflegan leigusamning dags. 14. febr. 1940. Gerðarbeiðandi byggir útburðarkröfu sína á vanskilum, sem hann telur gerðarþola hafa komizt í um leiguna fyrir aprílmánuð s. l., en í afsalinu fyrir húsinu var tekið fram, að seljandi framseldi honum þann rétt, er hann ætti á hendur þeim leigjendum hússins, sem með vanskilum hefðu brotið af sér rétt sinn til veru þar, og teldi hann gerðarþola þar á meðal.

Í máli þessu er m. a. deilt um það, hvort leiga fyrir húsnæðið eigi að greiðist fyrirfram eða eftir á, og lýtur framburður vitna þeirra, er áður getur, að þessu atriði. Gerðarbeiðandi hefur lagt fram eintak leigusala af húsaleigusamningi þeim, er áður getur, milli vitnisins Hildar og gerðarþola. Er það á prentuðu eyðublaði, útfyllt og undirritað af gerðarþola og vitninu. Í hinu prentaða formi stendur, þar sem ræðir um greiðslu húsaleigunnar: „... og skal hún greidd ... hvers mánaðar eftir á fyrir fram.“ Er í samningnum strikað yfir orðin „eftir á“. Er því haldið fram af hálfu gerðarþola, að útstrikun þessi hafi verið gerð eftir að samningurinn var undirritaður og án sinnar vitundar og vilja, enda hafi engin útstrikun verið í eintaki því, er hann fékk af samningnum, en því kveðst hann nú hafa glatað. Hefur hann hins vegar sýnt í réttinum endurrit af samningnum, sem Hildur gerði og afhenti húsaleigunefnd á sínum tíma, og er útstrikunin þar ekki, en eintak þetta er ónákvæmt í ýmsum greinum, aðeins undirritað af leigusala og nafn leigutaka ranghermt.

Gerðarþoli byggir kröfur sínar um synjun staðfestingar, að því er vitnið Hildi varðar, á eftirfarandi ástæðum:

1) Að samningur sá, er að framan getur, hafi verið um skeið í hennar vörzlum eftir að hann var undirritaður, og óvíst sé, hvenær breyting sú hafi verið gerð, sem hann telur hafa verið gerða á honum, en vitnið heldur því eindregið fram, að útstrikunin hafi verið gerð þegar við samningsgerðina.
2) Að vitnið sé riðið við mál þetta, þar sem það muni hafa selt Pétri Ingjaldssyni húsið nr. 12 við Ljósvallagötu.

3) Að vitnið hafi reynzt svo óstöðugt í framburði sínum fyrir réttinum, að ekki sé rétt af þeirri ástæðu að heimila því staðfestingu.

Að því er varðar vitnið Guðmund Guðmundsson, mótmælir gerðarþoli því, að honum sé heimiluð staðfesting af þeim ástæðum, að hann sé sonur áðurgreindrar Hildar, og hefur lýst yfir hér fyrir rétti, að hann hafi haft mikið með fjárreiður hennar að gera og muni m. a. hafa haft samning þann, er áður getur, undir höndum, og eigi því ástæður þær, er getur undir tölulið 1 og 2 hér að framan, einnig við um hann.

Gerðarbeiðandi hefur mótmælt því, að ástæður þær, er að framan greinir, geti valdið því, að vitnunum verði synjað að staðfesta framburði sína með eiði eða drengskaparheiti. Sérstaklega mótmælir hann því, að staðhæfingar gerðarþola um að húsaleigusamningnum hafi verið breytt án vilja síns og vitundar, geti valdið þessu, þar sem gerðarþoli hafi hvorki fært líkur né sönnur að þessari staðhæfingu, sbr. 128. gr. einkamálalaganna.

Ekki verður séð, að vitnin Hildur Bjarnardóttir né Guðmundur Guðmundsson hafi neinna þeirra hagsmuna að gæta í sambandi við úrslit máls þessa, þótt Hildur hafi eitt sinn verið eigandi hússins nr. 12 við Ljósvallagötu og leigusali gerðarþola, að það geti varnað því, að þeim sé heimilað að staðfesta framburði sína með eiði eða drengskaparheiti.

Staðhæfing gerðarþola um breytingu á margnefndum húsaleigusamningi er ósönnuð, og sker afrit það, sem hann hefur sýnt hér í réttinum, ekki úr um þetta, enda er það ónákvæmt í ýmsum atriðum. Verður þetta atriði því ekki heldur talið varna því, að staðfesting megi fara fram.

Vitnið Hildur Bjarnardóttir hefur í framburði sínum gefið ósamhljóða svör um eitt atriði, en ástæða er til að ætla, að það stafi af misskilningi á spurningu fógetans, enda hefur hún haldið fast við síðari framburð sinn um atriðið, og er hann viðurkenndur réttur af gagnaðilja. Þykir þetta atriði því ekki geta hamlað því, að hún fái að staðfesta framburð sinn.

Dráttur hefur orðið á uppkvaðningu úrskurðar þessa, sem stafar af miklum önnum fógetaréttarins.

Því úrskurðast:

Vitnunum Hildi Bjarnardóttur og Guðmundi Guðmundssyni, báðum til heimilis að Víðimel 31 hér í bænum, heimilast að staðfesta vitnaframburði sína hér fyrir réttinum í máli þessu 1. og 6. þ. m. með eiði eða drengskaparheiti.

Föstudaginn 6. október 1944.

Nr. 77/1944. **Valdstjórnin** (Sigurgeir Sigurjónsson).
gegn
Leifi Guðmundi Pálssyni
(Garðar Þorsteinsson).

Ölvun við akstur bifreiðar.

Dómur hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, þó svo, að svipting ökuleyfis, 3 mánuði, skal teljast frá birtingu dóms þessa.

Eftir þessum úrslitum ber kærða að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, 220 krónur til hvors.

Það athugast, að skýrsla hefur ekki verið tekin af Jóhannesi þeim Finnssyni, er í héraðsdómi greinir og talinn er hafa neytt áfengis með kærða að kvöldi 7. apríl s. l.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að svipting ökuleyfis telst frá birtingu dóms þessa.

Kærði, Leifur Guðmundur Pálsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Sigurgeirs Sigurjónssonar og Garðars Þorsteinssonar, kr. 220.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Ísafjarðarsýslu 19. apríl 1944.

Ár 1944, miðvikudaginn 19. apríl, var í lögreglurétti Ísafjarðarsýslu, sem haldinn var í skrifstofu bæjarfógeta af Jóh. Gunnari Ólafssyni, sýslumanni, kveðinn upp dómur í ofannefndu máli, sem dómtekið var í dag.

Mál þetta er höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn Leifi Guðmundi Pálssyni, bifreiðarstjóra, til heimilis í Hnífsdal, fyrir brot gegn áfengislögum nr. 33/1935 og bifreiðalögum nr. 23/1941.

Kærði, Leifur G. Pálsson, er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur í Hnífsdal 28. nóv. 1918.

Hann hefur ekki sætt neinni refsingu áður, svo kunnugt sé.

Málavextir eru þessir:

Um kl. 20,30 föstudaginn 7. þ. m. lagði kærður af stað frá veitingahúsinu Uppsölum hér í bænum í bifreiðinni Í 47 áleiðis upp að Seljalandsmúla, en ferðinni var heitið upp í Skíðaskála, en þar átti að fara fram kvöldskemmtun á vegum skíðavikunnar.

Kærður ók sjálfur bifreiðinni, en á palli hennar stóð allmargt fólk, sem einnig ætlaði upp í Skíðaskálann. Ók hann síðan bifreiðinni upp að Seljalandsmúla, en fór þaðan gangandi upp að Skíðaskálanum ásamt hinu fólkinu.

Uppi í Skíðaskálanum dvaldist kærður þar til kl. rúmlega 24, en þá lagði hann af stað heimleiðis ásamt fleira fólki. Þegar komið var niður að bifreiðinni, var hópur manna þegar kominn upp á pall bifreiðarinnar. Bað þá kærður fólkið að fara niður af pallinum, meðan hann sneri bifreiðinni við, en áður en hann hafði lokið því, hafði fólkið aftur farið upp á pall bifreiðarinnar, svo margt sem staðið gat á honum. Í því er kærður var að aka af stað, kom kippur á bifreiðina, sem kærður telur stafa af því, að annað afturhjól hennar hafi lent niður í dæld á veginum. Við þetta féllu nokkrir þeirra, er stóðu á palli bifreiðarinnar, ofan af honum, en enginn hlaut veruleg meiðsl, nema stúlkan Arndís Stefánsdóttir. Féll hún niður með bifreiðinni, og kom annað afturhjólið við vinstri fót hennar, og hlaut hún nokkurn áverka við það. Hefur hún lýst því yfir fyrir rétti 17. þ. m., að hún geri enga bótakröfu vegna meiðsla þessara. Eftir þetta ók kærður bifreiðinni til Ísafjarðar, og kom ekkert óhapp fyrir eftir þetta.

Kærður hefur viðurkennt að hafa neytt áfengis þetta kvöld uppi í Skíðaskálanum ásamt Kristjáni Torfasyni og Jóhannesi Finnssyni frá kl. 21—21,30. Hafi þeir drukkið úr einum whiskypela, er á hafi verið líkör.

Kærður hefur viðurkennt að hafa fundið á sér nokkur vínáhrif eftir neyzlu þessa áfengis, enn fremur hefur hann viðurkennt, að hann þoli illa áfengi, þ. e. þurfi lítið til að finna á sér.

Vitnin Þorleifur Guðmundsson og Daníel Eyjólfur Sigmundsson hafa bæði borið það og staðfest þann framburð sinn með eiði, að þeim hafi virzt kærður vera undir áhrifum víns, er hann kom að bifreiðinni laust eftir kl. 24 um kvöldið og ók henni til Ísafjarðar, svo sem fyrr segir.

Hins vegar hefur eitt vitnið borið það, að það hafi ekki séð, að kærður væri undir áhrifum áfengis, og sat þetta vitni við hlið hans á leiðinni út á Ísafjörð. Þá hefur vitnið Óli Jóhannes Sigmundsson borið það, að hann hafi séð kærðan undir áhrifum áfengis í Skíðaskálanum, en ekki man vitnið, hvað klukkan var þá.

Aftur kveðst vitnið hafa séð kærðan þetta sama kvöld laust eftir kl. 24, er hann var að leggja af stað heimleiðis á bifreiðinni, en þá kveðst hann ekki hafa veitt kærðum það mikla athygli, að það geti um það borið, hvort hann væri undir vínáhrifum, en kveðst telja, að svo hafi verið, og dregur þá ályktun m. a. af því, að kærður hafi ekki numið staðar strax, er fólkið féll af bifreiðinni, og enn fremur, að hann hafi svarað kæruleysislega til, er honum hafi verið sagt, að fólk hafi dottið ofan af palli bifreiðarinnar og sennilega meiðzt.

Kærður hefur borið það, að hann hafi ekki strax orðið þess var, er fólkið féll af palli bifreiðarinnar, og ekki hafa heyrt kallað til sín að nema staðar, fyrr en bifreiðin hafi runnið fáeina metra áfram.

Vitnið Jón Jónsson hefur borið það, að hann hafi ekki orðið þess var, er fólkið féll af bifreiðinni, og ekki hafa heyrt kallað til bifreiðarstjórans um að nema staðar.

Svo sem að framan greinir, hefur kærður viðurkennt að hafa neytt áfengis á tímabilinu kl. 21—22 kvöldið 7. þ. m. og þá hafa fundið á sér vínáhrif.

Frá því að kærður neytti þessa áfengis og þar til hann ekur af stað heimleiðis, líða rúmlega tveir klukkutímar, og verður því að telja samkvæmt framburði vitnanna sannað, að hann hafi þá verið undir vínáhrifum.

Með þessu athæfi sínu hefur kærður gerzt brotlegur við 1. mgr. 23. gr. bifreiðalaga nr. 23 16. júlí 1941 og 21. gr. áfengislaga nr. 33 9. jan. 1935, og þykir refsing hans samkvæmt 38. gr. bifreiðal. og 39. gr. áfengisl. hæfilega ákveðin varðhald í 10 daga. Þá ber samkvæmt 38. gr. bifreiðal. og 39. gr. áfengisl. að svipta kærða leyfi til að stýra bifreið í 3 mánuði frá 17. þ. m. að telja.

Kærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með málsvarnarlaun til talsmanns síns, Sigurðar Bjarnasonar alþm., að upphæð 100 krónur. Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Kærður, Leifur G. Pálsson, sæti varðhaldi í 10 daga. Hann skal sviptur leyfi til að stýra bifreið í 3 mánuði frá 17. þ. m. að telja. Kærður greiði allan kostnað sakarinnar, þar með 100 krónur til verjanda síns, Sig. Bjarnasonar alþm. Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 9. október 1944.

Nr. 115/1943. **Ölgerðin Egill Skallagrímsson h/f**
(Garðar Þorsteinsson)
gegn
Tollstjóranum í Reykjavík f. h. ríkissjóðs
(Einar B. Guðmundsson).

Ákvörðun eignarskatts.

Dómur hæstaréttar.

Hinn áfrýjaða úrskurð hefur upp kveðið Þórhallur Pálsson fulltrúi lögmanns.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 13. des. f. á., hefur krafizt þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði felldur úr gildi og að synjað verði um hið krafða lögtak. Svo krefst hann þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar. Stefndi hefur krafizt staðfestingar á úrskurðinum og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Í gildandi lögum er engin heimild til þess að draga frá eign gjaldþegns í árslok opinber gjöld, sem væntanlega verða lögð á hann á næsta ári. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð að niðurstöðu til.

Eftir þessum úrslitum verður að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda 1000 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Ölgerðin Egill Skallagrímsson h/f, greiði stefnda, tollstjóranum í Reykjavík f. h. ríkissjóðs, kr. 1000.00 í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 8. nóvember 1943.

Við álagningu tekju- og eignarskatts og stríðsgróðaskatts árið 1942 lagði skattstjórinn í Reykjavík á gerðarþola, h/f Ölgerðin Egill Skallagrímsson hér í bænum, kr. 3057.60 í eignarskatt, kr.

90384.00 í tekjuskatt og kr. 193396.00 í stríðsgróðaskatt, eða samtals kr. 286837.00.

Hinn 9. nóvember 1942 greiddi gerðarþoli kr. 284261.00 inn í skattreikning sinn fyrir nefnt ár. Hinn 10. ágúst 1943 krafðist tollstjórinn í Reykjavík f. h. ríkissjóðs, að lögtak yrði gert til tryggingar eftirstöðvum skattsins, en áður hafði lögtak fyrir ógreiddum sköttum til ríkissjóðs verið auglýst í dagblöðum bæjarins að undangengnum lögtaksúrskurði.

Var málið tekið fyrir í fyrsta sinn hinn 24. sept. þ. á., en vegna anna fógeta hafði ekki unnizt tími til þess fyrr, og síðan sótt og varið hér fyrir réttinum og tekið til úrskurðar hinn 1. nóvember þ. á.

Aðiljar hafa gert þær kröfur, sem hér segir:

Umboðsmaður gerðarbeiðanda hefur krafizt þess, að hið umbeðna lögtak nái fram að ganga og gerðarþoli verði úrskurðaður til að greiða hæfilegan málskostnað.

Umboðsmaður gerðarþola hefur krafizt, að synjað verði um hið umbeðna lögtak og málskostnaðar eftir mati réttarins.

Málavextir eru þeir, sem nú segir:

Umboðsmaður gerðarbeiðanda heldur því fram, að umræddur skattur sé ranglega álagður, að því er snertir nefndar eftirstöðvar, þ. e. kr. 2576.60, þar sem hann telur, að draga beri væntanleg opinber gjöld frá eignum í árslok og leggja síðan eignarskatt á mismuninn, sem sé hin raunverulega eign, því að skattkrafan sé þegar mynduð í árslok, þó að ekki sé hægt að ákveða hana nákvæmlega, og ef þessi aðferð hefði verið viðhöfð, hefði eignarskattur gerðarþola verið hinum umdeildu eftirstöðvum lægri.

Þessa skoðun byggir hann einkum á 9. gr. laga nr. 20 frá 20. maí 1942, sem hann telur að skilja verði þannig, að væntanlegir skattar séu áhvílandi krafa þegar við lok skattársins.

Um tekjuskatt gerðarþola og stríðsgróðaskatt er enginn ágreiningur.

Umboðsmaður gerðarbeiðanda hefur hins vegar mótmælt þessari skoðun sem alrangri. Spurningin í máli þessu er, hvort hægt sé að telja þau opinber gjöld, sem á kunna að vera lögð, sem skuld hjá skattþegnum hinn 31. desember eða ekki. Í 9. gr. laga nr. 20 frá 20. maí 1942 segir: „Óheimilt er að slíta félagi og úthluta eignum þess fyrr en opinberir skattar af tekjum þess og eignum hafa að fullu verið greiddir fyrir allan starfstíma félagsins."

Það verður að líta svo á með tilliti til 3. mgr. 41. gr. laga nr. 77 frá 27. júní 1921, að löggjöfin hafi sett 9. gr. laga nr. 20 frá 20. maí 1942 einmitt til að fyrirbyggja, að félagi væri slitið áður en væntanlegir skattar væru greiddir, og virðist því hafa talið þá skatta, sem þegar væru ekki álagðir, aðeins skilyrta kröfu, en ekki

skuld, sem hvíli á skattþegni þegar 31. desember. Annars væri þetta ákvæði óþarft, þar sem það leiði af 3. mgr. 41. gr. laga nr. 77 frá 27. júní 1921, að óheimilt er að slíta félagi fyrr en skuldir, þar á meðal álagðir skattar, hafa verið greiddir.

Þá er það mjög ólíklegt, að löggjöfin hafi litið svo á, að væntanlegir skattar séu „skuld" í merkingu laga nr. 6 frá 9. janúar 1935, sbr. einkum 14. og 17. gr. þeirra, þar sem það væri næsta erfitt verk fyrir skattyfirvöldin að leggja á skatta og útsvör, ef svo væri. Þyrftu þau þá jafnan að vita nákvæmlega, hve há gjöld hvort um sig ætlaði að leggja á skattþegninn, svo að hægt væri að draga þau frá, áður en eignarskattur væri endanlega ákveðinn. Einnig mundu síðari breytingar á álögðum opinberum gjöldum valda miklum óþægindum í starfi þessara yfirvalda, og gæti því oft mjög dregizt úr hömlu, að gjöld þessi yrðu endanlega ákveðin, er þau væru svo mjög hvert öðru bundin.

Með tilliti til þess, sem nú hefur verið sagt, verður að álíta, að væntanlegir skattar séu ekki skuld í merkingu greindra laga, og að skattstofninn, sem leggja ber á eignarskatt, séu eignir skattþegns í lok reikningsárs að ófrádregnum væntanlegum opinberum gjöldum.

Samkvæmt þessu verður niðurstaðan hér í réttinum sú, að hið umbeðna lögtak skal ná fram að ganga.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Hið umbeðna lögtak skal fara fram. Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 11. október 1944.

Nr. 114/1943. **Theódór Friðriksson** (Einar B. Guðmundsson)
gegn
Þorláki Hálfdánarsyni
(Sigurgeir Sigurjónsson).

Meinyrði um látinn mann.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 13. des. f. á., krefst sýknu af kröfum stefnda í málinu og málskostnaðar úr hendi hans fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Ómerkingarákvæði hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta og dæma áfrýjanda í sekt fyrir ummæli þau, sem getur í 1., 4. og 5. tölulið héraðsdómsins, samkvæmt 240. gr. sbr. 3. mgr. 25. gr. laga nr. 19/1940. Með þessari breytingu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm að niðurstöðu til, þó svo, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Eftir þessum úrslitum ber áfrýjanda að greiða stefnda málskostnað fyrir hæstarétti, og ákveðst hann 650 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Áfrýjandi, Theódór Friðriksson, greiði stefnda, Þorláki Hálfdánarsyni, kr. 650.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Sératkvæði hrd. Gizurar Bergsteinssonar.

Ég tel, að staðfesta beri öll refsiákvæði hins áfrýjaða dóms með vísun til forsendna hans. Með þessari athugasemd er ég samþykkur ofangreindri niðurstöðu.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 19. október 1943.

Mál þetta, sem dómtekið var 13. þ. m., er eftir árangurslausa sáttaumleitun höfðað á bæjarþinginu með stefnu útgefinni 18. maí 1943 af Þorláki Hálfdánarsyni, sjómanni hér í bæ, gegn Theódór Friðrikssyni, rithöfundi, Þingholtsstræti 28 hér í bænum, út af ummælum í bók stefnds: Í verum, er út kom hér í bænum árið 1941, um föður stefnanda, Hálfdán sál. Kristjánsson, verkamann á Sauðárkróki, sem andaðist þar árið 1934.

Hin átöldu ummæli eru þessi:

1) „Hálfdán Kristjánsson, er kallaður var strigakjaftur". — — — 2) „en ekki var hann, þegar hér var komið sögu, mikill dugnaðarmaður til verka, og gat ekki heitið, að hann leitaði sér dag-

launavinnu. En hann átti lítinn árabát, gutlaði dálítið á honum við fiskveiðar." — — — 3) „Hálfdán var illa kristinn maður í skoðunum, og lengi neitaði hann prestinum um að skíra börnin" — — — „Þegar Árni var orðinn prófastur, tók hann rögg á sig og fékk Hálfdán til að koma með allan hópinn til skírnar um leið og elzta barnið var fermt. Var orð á því haft, að þessi athöfn hefði farið vel fram. Háldán var og valinn til að vera hringjari við Sauðárkrókskirkju, en það var mér vel kunnugt, að ekki gekk hann í kirkju til annars en rækja þann starfa sinn. Virtist hann lítinn trúnað leggja á það, er presturinn sagði af stólnum". — — — 4) En Dána gamla þótti sopinn góður, og þurfti oft að endurreisa hann." — — — 5) „Hálfdán strigakjaftur".

Telur stefnandi öll hin umstefndu ummæli ærumeiðandi við Hálfdán sáluga föður sinn. Gerir hann þær réttarkröfur: 1) að ummælin verði öll ómerkt, 2) að stefndur verði dæmdur í þyngstu lögleyfðu refsingu fyrir þau, 3) að stefndur verði dæmdur til að greiða honum hæfilega fjárhæð til þess að standast kostnað af birtingu dóms þessa í opinberu blaði eða riti, og 4) að stefndur verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar í máli þessu.

Stefndur krefst sýknu og málskostnaðar eftir mati réttarins.

Um 1. Ummæli þessi eru lítilsvirðandi og óviðurkvæmileg, og ber því að ómerkja þau.

Um 2. Ummæli þessi virðist verða að skilja á þann veg, að þau eigi við Háldán sáluga kominn á efri ár. Og þegar litið er til þess, að hér er talað um fátækan verkamann, sem átti við þröngan kost og erfið kjör að búa, þá er svo eðlilegt, að vinnuþrek hans hefði verið bilað orðið á efri árum, að ummæli þessi geta ekki talizt meiðandi fyrir æru hans né á nokkurn hátt til þess fallin að kasta rýrð á minningu hans. Þykir því ekki ástæða til að ómerkja þau.

Um 3. Hálfdán sálugi var kristinn maður og auk þess þjónn (hringjari) kristinnar kirkju í byggðarlagi sínu. Þykja því þessi ummæli, sem a. m. k. að því er varðar skírn barna hans eru beinlínis sönnuð röng, til þess fallin að varpa ósannaðri rýrð á minningu hans. Ber því að ómerkja þau.

Um 4. Væru ummæli þessi sönn, hefði Hálfdán sálugi brotið gefið drengskaparheit um bindindi á áfenga drykki. Meiðir það því æru hans að viðhafa slík ummæli sem hér greinir, enda eru þau, gegn andmælum stefnanda, með öllu ósönnuð. Þau verða því ómerkt.

Um 5. Um þessi ummæli gildir það óbreytt, er sagt var undir 1 hér að framan.

Enda þótt telja verði, að stefndur tali yfirleitt fremur hlýlega um Hálfdán sáluga í bók sinni, þá þykir ekki verða hjá því komizt að beita hann refsingu fyrir ummæli þau, er samkvæmt

framansögðu verða ómerk dæmd. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 100.00 kr. sekt í ríkissjóð, en til vara 5 daga varðhald. Kostnað af birtingu dóms þessa ber stefndum að greiða stefnanda. Þykir hann hæfilega áætlaður kr. 60.00. Loks verður að gera stefndum að greiða stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega metinn kr. 150.00.

Dóm þenna kvað upp Gunnar A. Pálsson, fulltrúi lögmannsins í Reykjavík.

Því dæmist rétt vera:

Framangreind ummæli undir 1, 3, 4 og 5 skulu vera dauð og ómerk.

Stefndur, Theódór Friðriksson, greiði 100.00 króna sekt í ríkissjóð innan aðfararfrests í máli þessu, en sæti ella 5 daga varðhaldi.

Stefndur greiði stefnandanum kr. 60.00 til að standast kostnað af birtingu dóms þessa og kr. 150.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 13. október 1944.

Nr. 18/1944. **Tómas Jónsson** og **Þorsteinn Sigurðsson**
(Einar B. Guðmundsson)
gegn
Vélsmiðjunni Keili h/f
(Kristján Guðlaugsson).

Skuldamál.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjendur, sem skotið hafa máli þessu til hæstaréttar með stefnu 21. febr. þ. á., hafa krafizt niðurfærslu á kröfu stefnda, sem er kr. 7286.79, um kr. 4740.86, þannig að þeim verði einungis gert að greiða stefnda kr. 2545.93 vaxtalaust. Áfrýjendur krefjast þess einnig, að málskostnaður í héraði verði látinn falla niður, en að stefnda verði dæmt að greiða þeim málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Stefndi hefur krafizt staðfestingar á héraðsdómi og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Í viðskiptareikningi stefnda til áfrýjenda, dags. 28. júlí 1942, eru taldir dagvinnutímar 914 á kr. 6/30 kr. 5758.20
yfirvinnutímar 133 á kr. 9/42 ..... — 1252.86
og næturvinnutímar 51 á kr. 12/60 ..... — 642.60

kr. 7653.66

Fyrir þessa vinnu alla eru gerðar í reikningnum kr. 12394.52
en er rétt reiknað ..... — 7653.66

Ofkrafið eftir reikningnum ..... kr. 4740.86

sem er fjárhæð sú, er áfrýjendur krefjast skuldina í máli þessu lækkaða um. Stefndi kveðst hafa vantalið dagvinnuna um 600 tíma. En þótt svo væri, þá næmi gjald fyrir þá með kr. 6.30 kaup um tímann þó aðeins kr. 3780.00. Stefndi hefur þrátt fyrir áskorun áfrýjenda enga aðra grein gert fyrir mismun téðrar reikningsupphæðar, kr. 12394.52, og þess, er út skal koma í reikningsliðnum, kr. 7653.66, samkvæmt tilgreindum tímafjölda. En sú greinargerð verður ekki gegn mótmælum áfrýjenda tekin til greina, enda átti stefnda að vera unnt að sýna fram á það, hvern vinnustundafjölda hann hafði vantalið. Áfrýjendur kveðast og í flutningi málsins í héraði hafa þegar fundið að fyrrnefndum lið reikningsins, og sézt ekki af skjölum málsins, að þessari staðhæfingu hafi verið nægilega mótmælt. En jafnvel þótt áfrýjendur hefðu ekki fundið að reikningsliðnum og þótt þeir hafi 4. september 1942 greitt inn í viðskiptin kr. 2000.00 án fyrirvara, gat það ekki bundið áfrýjendur til þess að greiða fjárhæð, sem fram var komin vegna bersýnilegrar reikningsvillu í fyrrnefndum lið reikningsins 28. júlí 1942. Loks verður eigi talið, að samþykki Erlings Þorkelssonar á reikninginn skipti nokkru um úrslit þessa máls.

Samkvæmt framansögðu ber að færa kröfu stefnda niður í kr. 2545.93, er greiðist með 5% ársvöxtum frá 1. janúar 1943 til greiðsludags.

Rétt þykir, að málskostnaður í héraði falli niður, en að stefndi greiði áfrýjendum málskostnað fyrir hæstarétti, og ákveðst hann kr. 1000.00.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjendur, Tómas Jónsson og Þorsteinn Sigurðsson, greiði stefnda, vélsmiðjunni Keili h/f, kr. 2545.93 með 5% ársvöxtum frá 1. janúar 1943 til greiðsludags.

Málskostnaður í héraði fellur niður.

Stefndi greiði áfrýjendum kr. 1000.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 27. janúar 1944.

Mál þetta, sem dómtekið var 21. þ. m., hefur Guðfinnur Þorbjörnsson f. h. Vélsmiðjunnar Keilis h/f, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 20. nóvember f. á. gegn eigendum l/v Hugins, þeim Tómasi Jónssyni kaupmanni, Laugavegi 2, og Þorsteini Sigurðssyni útgerðarmanni, Bergþórugötu 27, báðum hér í bænum, til greiðslu skuldar in solidum að fjárhæð kr. 7286.79, með 5% ársvöxtum frá 1. jan. 1943 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu.

Stefndir hafa krafizt þess, að dómkröfur stefnanda verði lækkaðar um kr. 4740.88 og málskostnaður felldur niður.

Málavextir eru þeir, að l/v Huginn var nokkrum sinnum árið 1942 í viðgerð hjá stefnanda, og samkvæmt reikningsyfirliti hans, sem miðað er við 10. desember þess árs, nam skuld stefndra við hann fjárhæð þeirri, sem stefnt er um. Einn liður yfirlits þessa er reikningur um viðgerð, er fram fór milli 18. maí og 13. júlí 1942. Virðist ágreiningur aðilja vera um hluta hans eingöngu og felast í því, að í reikningi þessum segir, að unnið hafi verið við aðgerðina 914 klukkustundir í dagvinnu, en endurgjald áskilið fyrir 1514 klst. Kveður stefnandi mismun þenna stafa af því, að gleymzt hafi að bæta við 600 klst. fyrir verkstjórn, en stefndir hafa vefengt það í flutningi málsins, að hér sé rétt frá skýrt.

Stefnandi hefur haldið því fram, án mótmæla af hálfu stefndra, að reikningur þessi hafi verið sendur þeim þegar að viðgerð lokinni, og gegn andmælum hans hafa ekki verið færðar sönnur á þá staðhæfingu stefndra, að þeir hafi þá hreyft athugasemdum við þessu misræmi og krafizt skýringa á því. Hins vegar er það viðurkennt í málinu, að stefndir hafa oftar en einu sinni greitt upp í skuld sína við stefnanda eftir þetta án fyrirvara, að því er séð verður. Þá hefur og fram komið í málinu, að stefndir hafa falið Gísla vélaeftirlitsmanni Jónssyni að hafa umsjón með við-

gerðum á skipinu. Vegna annríkis Gísla um þessar mundir annaðist fulltrúi hans, Erlingur Þorkelsson, eftirlitið um viðgerð þá, er hér ræðir. Báðir hafa menn þessir komið fyrir bæjarþingið og lýst starfi þessu svo, að þeir meti til fjár viðgerð þá, sem fram hefur farið, og beri saman mat sitt og reikninginn um viðgerðarkostnaðinn. Sé ekki verulegur munur, áriti þeir reikninginn, en reikningur sá, er hér skiptir máli, ber áritun fulltrúans. Verður ekki annað ráðið af því, er fram hefur komið í máli þessu, en að áritun þessi hafi verið á reikningnum, er hann var sýndur stefndum.

Þykir þetta hvort tveggja, hinar fyrirvaralausu greiðslur stefndra upp í skuld sína við stefnanda og aðgerðarleysi þeirra um mótmæli og mat eftirlitsmanns þeirra á kostnaðinum af viðgerðinni, valda því, að þeir geti ekki nú borið fyrir sig frágang reikningsins, og verða kröfur stefnanda því teknar til greina, en málskostnaður þykir hæfilega ákveðinn kr. 700.00.

Árni Tryggvason, settur borgardómari, hefur kveðið upp dóm þenna.

Því dæmist rétt vera:

Stefndir, Tómas Jónsson og Þorsteinn Sigurðsson, greiði stefnanda, Vélsmiðjunni Keili h/f, kr. 7286.79 með 5% ársvöxtum frá 1. janúar 1943 til greiðsludags og kr. 700.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 16. október 1944.

Nr. 102/1943. **Borghildur Brynjólfsdóttir**
(Garðar Þorsteinsson)
gegn
Huga Vigfússyni (Egill Sigurgeirsson).

Ómerking héraðsdóms og heimvísun málsins.

Dómur hæstaréttar.

Með mál þetta fór í héraði fulltrúi lögmanns Bjarni Bjarnason og settur lögmaður Kristján Kristjánsson, og hefur hinn síðarnefndi kveðið upp héraðsdóminn.

Áfrýjandi hefur að fengnu áfrýjunarleyfi 16. nóv. 1943 skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 22. sama mánaðar.

Áfrýjandi máls þessa kom sjálf fyrir dóm í héraði og naut þar ekki aðstoðar lögfróðs málflytjanda. Bar því héraðsdómara að leiðbeina henni um kröfugerð, þar á meðal benda henni á að gera kröfu til málskostnaðar, svo og vísa henni til vegar um varnarástæður sbr. 114. gr. laga nr. 85/1936. Þá var og dómara, eins og á stóð, skylt samkvæmt sömu grein að veita aðiljum kost á að gefa skýrslu fyrir dómi. Enn er það andstætt téðum lögum, að dómari hefur veitt aðiljum fresti á víxl og ekki tekið ákvörðun um, hvort mál skyldi flutt munnlega eða skriflega á réttu stigi málsins, sbr. 109. og 110. gr. Loks hefur láðst að greina nöfn aðilja í forsendum héraðsdóms.

Verður af framangreindum ástæðum að ómerkja málsmeðferðina frá þingfestingu og héraðsdóm og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Meðferð máls þessa í héraði frá þingfestingu og hinn áfrýjaði dómur eiga að vera ómerk, og vísast málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Málskostnaður fyrir hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 3. júlí 1943.

Er mál þetta kom fyrir rétt hinn 24. f. m., sótti stefnd ekki þing og enginn af hennar hálfu, en hún hafði málsskjöl að láni. Lét þá umboðsmaður stefnanda bóka dómkröfur sínar á þá leið, að hann krefðist þess, að stefnd yrði dæmd til að skila stefnanda aftur úri, hring og myndavél, svo og dæmd til að greiða honum kr. 1500.00 með 5% ársvöxtum frá 30. apríl 1943 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu, og var málið þá dómtekið.

Stefnda hefur, eins og fyrr er sagt, sótt þing, en ekki verður séð, að hún hafi hreyft andmælum við kröfum stefnanda, og verða þær því allar teknar til greina.

Málskostnaður ákveðst kr. 350.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefnd, Borghildur Brynjólfsdóttir, er skyld að skila stefnanda, Huga Vigfússyni, framangreindum munum. Þá greiði stefnd og stefnanda kr. 1500.00 með 5% ársvöxtum frá 30. apríl 1943 til greiðsludags og kr. 350.00 í málskostnað. Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 18. október 1944.

Nr. 55/1944. **Ásgeir Ólafsson** (Gunnar Þorsteinsson)
gegn
Magnúsi Thorlacius (Sjálfur).

Staðfestur úrskurður fógetaréttar um framkvæmd fjárnáms.

Dómur hæstaréttar.

Hinn áfrýjaða úrskurð hefur upp kveðið Unnsteinn Beck, fulltrúi borgarfógeta Reykjavíkur.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 26. apríl s. l., krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda fyrir fógetarétti og hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Með skírskotun til ákvæða 1. mgr. 185. gr. laga nr. 85/1936 og að öðru leyti samkvæmt forsendum fógetaúrskurðarins ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber áfrýjanda að greiða stefnda málskostnað fyrir hæstarétti, og ákveðst hann kr. 600.00.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Ásgeir Ólafsson, greiði stefnda, Magnúsi Thorlacius, kr. 600.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 28. marz 1944.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar 22. þ. m., hefur gerðarbeiðandi, Magnús Thorlacius hrl., krafizt þess, að gert verði fjárnám hjá gerðarþola, Ásgeiri Ólafssyni heildsala, Vonarstræti 12 hér í bænum, til tryggingar skuld samkvæmt dómi uppkveðnum á bæjarþingi Reykjavíkur 7. febrúar s. l. í málinu Howard Little gegn Ásgeiri Ólafssyni. Er dómskuld þessi að upphæð kr. 73.20 ásamt 5% ársvöxtum frá 28. október 1943 til greiðsludags og kr. 100.00 í málskostnað. Auk dómskuldarinnar krefst gerðarbeiðandi, að fjárnámið nái til tryggingar greiðslu fyrir endurrit dómsins og birtingu, sem samtals nemur kr. 12.85, svo og öllum kostnaði við gerð þessa og eftirfarandi uppboð, ef til kemur.

Gerðarþoli mótmælti framgangi gerðarinnar og krafðist málskostnaðar sér til handa, og lögðu aðiljar málið undir úrskurð fógetaréttarins.

Málavextir eru þeir, að með fyrrnefndum dómi bæjarþings Reykjavíkur var gerðarþoli dæmdur til að greiða stefnanda, Howard Little, Vonarstræti 12 hér í bænum, áðurgreinda dómsupphæð innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum. Fékk gerðarbeiðandi endurrit af dómi þessum 8. febrúar s. l. og lét stefnuvotta birta gerðarþola hann 11. s. m. Hinn 8. þ. m. sendi gerðarþoli gerðarbeiðanda tékka á Útvegsbanka Íslands h/f í Reykjavík að upphæð kr. 174.55 til greiðslu á dómskuldinni ásamt vöxtum til þess dags, hins vegar var ekki innifalin í tékkupphæðinni greiðsla á birtingarkostnaði og endurriti dómsins. Kveðst gerðarbeiðandi þá hafa krafið gerðarþola um kostnað þenna, og hefur því ekki verið mótmælt.

Fógetaréttinum barst beiðni um fjárnámsgerð þessa 9. þ. m., og var hún tekin fyrir á skrifstofu gerðarþola 22. þ. m., og mætti gerðarþoli þar sjálfur. Lýsti hann því yfir í réttinum, að hann teldi sig hafa greitt dómskuldina að fullu með framangreindum tékka, sem hann sendi gerðarbeiðanda 8. þ. m. Afhenti gerðarbeiðandi honum þá tékkann með þeirri athugasemd, að hann tæki hann ekki gildan sem greiðslu á kröfum sínum, með því að upphæð hans nægði ekki til greiðslu dómskuldarinnar ásamt áföllnum kostnaði og auk þess væri tékki ekki löglegur gjaldeyrir. Bauð gerðarþoli þá fram upphæð tékkans, kr. 174.55, í peningum sem fullnaðargreiðslu á fjárnámskröfunum, en gerðarbeiðandi neitaði að veita þeim viðtöku sem fullnaðargreiðslu, og varð því ekki af, að greiðslan færi fram.

Gerðarbeiðandi byggir kröfu sína um framgang gerðarinnar á því, að dómskuldin sé ógreidd, því hann sé ekki skyldur að taka við framangreindum tékka til fullnægingar henni af ástæðum þeim, sem að framan greinir, að tékkupphæðin nægi aðeins fyrir

hluta af kröfu sinni og tékki sé auk þess ekki löglegur gjaldeyrir. Telur hann, að gerðarþola beri að greiða kostnað af endurriti og birtingu dómsins, en gjöld þessi séu ekki innifalin í dæmdum málskostnaði héraðsdómsins, þar sem þau séu áfallin eftir að hann var kveðinn upp, og sé fógetaréttarins að skera úr um greiðsluskyldu á þeim.

Mótmæli sín gegn framgangi gerðarinnar byggir gerðarþoli á því, að hann hafi þegar greitt dómskuldina ásamt áföllnum vöxtum með tékka þeim, sem áður getur, og sé gerðarbeiðanda ekki rétt að neita þeirri greiðslu viðtöku og krefjast fjárnáms. Kostnað af endurriti og birtingu dómsins telur hann sér óskylt að greiða, þar sem hann sé innifalinn í málskostnaðarupphæð héraðsdómsins og bendir í því sambandi á niðurlagsorð dómsins sem sönnun þess, að héraðsdómur geri ráð fyrir, að birting fari fram, og séu útgjöld þessi nauðsynleg samfara henni.

Kostnaður við endurrit og birtingu dóms er á fallinn, eftir að dómur er upp kveðinn, og við dómsuppkvaðningu er óséð, hvort hann muni verða nokkur. Verður af þeim ástæðum að ætla, að kostnaður þessi sé ekki innifalinn í dæmdum málskostnaði héraðsdómsins. Gjöld þessi eru beinn kostnaður, sem gerðarbeiðandi hefur haft í sambandi við innköllun dómsskuldarinnar, sem komast hefði mátt hjá, ef gerðarþoli hefði greitt dóminn þegar eftir uppkvaðningu hans. Verður að líta svo á, að gerðarþola sé skylt að greiða þann kostnað, og hafi því greiðslutilboð hans frá 8. marz ekki verið fullnægjandi. Verður því að leyfa framgang hinnar umbeðnu fjárnámsgerðar á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Samkvæmt þessum málalokum verður málskostnaðarkrafa gerðarþola ekki tekin til greina.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna fjárnámsgerð skal fram fara á ábyrgð gerðarbeiðanda, en kostnað gerðarþola.

Föstudaginn 20. október 1944.

Nr. 103/1943. **Ragnar Halldórsson** og **Þórólfur Beck Sveinbjarnarson.** (Sigurgeir Sigurjónsson)
gegn
Sælgætis- og efnagerðinni Freyju h/f.
(Egill Sigurgeirsson).

Endurheimta ofgreidds fjár.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjendur, sem skotið hafa máli þessu til hæstaréttar með stefnu 26. nóv. f. á., hafa krafizt þess, að þeir verði algerlega sýknaðir af kröfum stefnda í máli þessu og að honum verði dæmt að greiða þeim málskostnað fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar. Stefndi hefur krafizt staðfestingar á héraðsdóminum og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Matsgerð, sem farið hefur fram um sakarefnið, hefur leitt í ljós, að raunverulegur kostnaður áfrýjanda hafi ekki farið fram úr kr. 12870.00, jafnvel þótt efnið hefði verið látið í té og verkið hefði að öllu verið framkvæmt eftir 1. júlí 1942, sem þó ekki var. En reikningskrafa áfrýjanda fyrir verk og efni nemur kr. 20902.27. Áfrýjendur hafa enga tilraun gert til að hnekkja matsgerðinni né heldur gert nokkra fullnægjandi grein fyrir hinum mikla mun á kröfufjárhæð sinni og fjárhæð matsgerðarinnar, enda þótt ástæða væri til og unnt hafi verið. Með þessu háttalagi sínu hafa áfrýjendur borið svo böndin að sér um óhæfilega fjárkröfu fyrir unnið verk, að rétt þykir að dæma þá til endurgreiðslu eins og héraðsdómur segir, þrátt fyrir greiðslu og loforð stefnda um greiðslu allrar fjárhæðarinnar.

Samkvæmt framanskráðu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm að niðurstöðu til.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að áfrýjendur greiði stefnda málskostnað fyrir hæstarétti, og er hann ákveðinn 600 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjendur, Ragnar Halldórsson og Þórólfur Beck Sveinbjarnarson, greiði stefnda, Sælgætis- og efnagerðinni Freyju h/f, 600 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 30. október 1943.

Mál þetta, sem dómtekið var 26. þ. m., er eftir árangurslausa sáttaumleitun höfðað á bæjarþinginu með stefnu útgefinni 29. marz 1943 af Sælgætis- og efnagerðinni Freyju h/f, hér í bæ, gegn Ragnari Halldórssyni, Smiðjustíg 10, og Þórólfi Beck, Ljósvallagötu 10, báðum hér í bænum. Réttarkröfur stefnanda eru þær, að stefndir verði óskipt dæmdir til að greiða honum *aðallega* kr. 11452.27, en *til vara* kr. 8032.27, með 6% ársvöxtum af dæmdri fjárhæð frá útgáfudegi sáttakæru 26. marz 1943 til greiðsludags og máls- og matskostnað að skaðlausu.

Stefndir krefjast sýknu og málskostnaðar að skaðlausu.

Atvik máls þessa eru þau, að í marzmánuði 1942 bað stefnandi trésmiðjuna Rún, sem stefndir starfrækja, að byggja yfir vörubifreiðina R 2524. Tóku stefndir þetta að sér, og telur stefnandi, að verkinu hafi átt að verða lokið í júní 1942, en stefndir neita því og telja, að ekki hafi verið lofað neinu um, hve nær verkinu yrði lokið. Er þetta atriði ósannað í máli þessu, en yfirbyggingunni var ekki lokið fyrr en síðla hausts 1942. Síðast í júní 1942 greiddi stefnandi stefndum kr. 5000.00 upp í kostnað af verkinu. Í nóvember 1942 var yfirbyggingu bifreiðarinnar lokið og hún afhent stefnanda. Ekki er ljóst, hvaða dag afhendingin fór fram, en reikningur stefndu, sem sýndur var í réttinum við munnlegan flutning málsins, er dagsettur 10. nóv. Sýnist verkinu þá hafa verið lokið, og ætla verður, að bifreiðin hafi verið afhent um svipað leyti. Ekki er ljóst, hve nær stefnanda var sendur reikningur þessi, er var að fjárhæð kr. 20902.27, en svo virðist, sem ekki hafi komið til átaka með aðiljum um byggingarkostnaðinn fyrr en 23. nóvember. Þann dag kom reikningurinn til umræðu, og mótmælti stefnandi honum sem allt of háum. En eftir nokkurt þjark varð það þó úr, að stefnandi greiddi reikninginn að fullu, kr. 10000.00, með því að samþykkja og afhenda stefndum víxil þeirrar fjárhæðar samþykktan af sér til greiðslu 23. marz 1943, en að öðru leyti í

peningum. Síðar fólu stefndir Útvegsbanka Íslands h.f. víxil þenna til innheimtu, og greiddi stefnandi hann bankanum 25. marz með fyrirvara um endurheimtu víxilfjárhæðarinnar hjá útgefanda, er var Ragnar Halldórsson vegna Trésmiðjunnnar Rún, að því er telja verður, þar eð ekki er öðru fram haldið en því, að stefndir hafi í raun réttri báðir verið eigendur víxilsins sem sameigendur nefndrar trésmiðju.

Eftir að nýgreind peningagreiðsla og víxilafhending fóru fram, verður ekki séð, að neitt hafi gerzt í skiptum aðilja, fyrr en í febrúar 1943. Hinn 1. þess mánaðar reit stefnandi lögmanninum í Reykjavík og bað um, að dómkvaddir væru matsmenn til að skoða yfirbyggingu bifreiðarinnar, meta verkið til peningaverðs og lýsa því, er þeir teldu verkinu ábótavant. Dómkvaðning matsmanna fór fram í bæjarþinginu 2. febrúar. Dómkvaddir voru Gunnar Stefánsson, Njálsgötu 31, og Þórir Kristinsson, vagnasmiður, Frakkastíg 12. Skoðuðu þeir yfirbygginguna 6. febrúar að viðstöddum fulltrúum stefnanda og stefndum. Er matsgerð þeirra Gunnars dagsett 8. febrúar. Hún var síðar tekin gild sem staðfest eftir að matsmennirnir höfðu komið á bæjarþingið og svarað þar ýmsum spurningum varðandi hana. Telja matsmennirnir verkið vel unnið í heild, en tína þar til ýmsa allmikilvæga galla á því, er ekki þykir ástæða til að lýsa, þar eð engar kröfur eru gerðar út af þeim í máli þessu. Kostnaðarverð slíkrar yfirbyggingar telja þeir kr. 9450.00 miðað við að verkið sé unnið á tímabilinu frá 1. marz til 30. júní 1942, en kr. 12870.00, ef það væri unnið á tímabilinu frá 1. júlí til 31. október 1942.

Hinn 9. febrúar 1942 sendi málflutningsmaður stefnanda stefndum endurrit matsgerðarinnar, skoraði á þá að koma til viðtals um endurgreiðslu þess fjár, er þeim hefði verið ofgoldið fyrir verkið, og tilkynnti þeim, að ella yrði hafin lögsókn gegn þeim til endurheimtu fjárins. Bréfi þessu svöruðu stefndir ekki, og virðist ekkert hafa gerzt milli aðilja, er þýðingu hafi, unz sáttakæra í máli þessu var gefin út 26. marz 1943 og síðan stefnan 29. s. m.

Fjárhæð aðalkröfunnar byggist á því, að stefnandi telur sig eiga rétt á að fá endurgreiddan muninn á því, er hann greiddi stefndum, kr. 20902.27, og lægri matsfjárhæðinni, kr. 9450.00, og varakröfunnar á því, að hann eigi þó a. m. k. rétt á muninum á hinni greiddu fjárhæð og hærri matsfjárhæðinni. Telur stefnandi sig eiga umræddan endurgreiðslurétt vegna þess, að samkvæmt matsgerðinni hafi hann ofgreitt stefndum fyrir verk þeirra. Hafi hann gert þetta í góðri trú um, að hann væri að greiða réttmæta skuld og ekki komizt að öruggri raun um hið verulega óréttmæti skuldarinnar, fyrr en hann hefði átt tal við sérfróða menn um verkið. Og óyggjandi vissu um, hve verulega hann hefði ofgoldið, hafi

hann ekki fengið fyrr en eftir matsgerðina. Af þessum ástæðum telur stefnandi sig eiga tvímælalaust rétt til endurgreiðslu frá stefndum.

Stefndir byggja sýknukröfuna á því, að reikningur þeirra um umrætt verk, er verið hafi mjög vandasamt, sé í alla staði réttur, enda hafi stefnandi, þrátt fyrir nokkurt þjark af hans hálfu um fjárhæð reikningsins, greitt hana að fullu, án nokkurs áskilnaðar um endurgreiðslurétt sér til handa. Hafi hann þannig á bindandi hátt firrt sig rétti til að gera nokkra athugasemd við reikninginn síðar. Og enda þótt réttur til slíks hefði verið fyrir hendi, ef hans hefði strax verið neytt fljótlega eftir greiðsluna, þá hafi stefnandi látið svo langan tíma ónotaðan til að ná rétti sínum, að nú sé honum með öllu fyrirgert.

Á skipti þessi lítur rétturinn svo, að telja verði, að fyrirsvarsmönnum stefnanda hafi verið með öllu óljóst, þegar þeir greiddu reikning stefndu, hversu óeðlilega hár hann var. Þykja þeir því ekki hafa svipt sig rétti til umræddrar endurheimtu, þótt þeir áskildu sér hann ekki berum orðum, þegar greiðsla fór fram, enda má telja, að óbeinn áskilnaður í þessa átt hafi verið í því fólginn, er þeir mótmæltu reikningnum sem alltof háum, þegar þeir greiddu. Þá verður heldur ekki talið, að þeir hafi vangætt svo réttar síns þótt þeir hæfust ekki handa um neyzlu hans, fyrr en raun varð á, að hann hafi glatazt, enda er ekki ósennilegt, að nokkur tími hafi liðið frá því, að þeir greiddu reikninginn, unz þeim varð ljóst, hversu óhæfilega hár hann var, en að matinu gengnu varð ekki nema sennilegur dráttur á því, að mál þetta væri höfðað. Af þessum ástæðum þykir stefnandi ekki hafa fyrirgert rétti sínum til endurgreiðslu, og svo mikill munur er á reikningsfjárhæðinni og matsfjárhæðunum, að endurgreiðslurétturinn telst tvímælalaus.

Svo sem fyrr getur, er ósannað, að umsamið hafi verið, að verkinu skyldi lokið í júní 1942. Er ekki ljóst, hve langt það var komið 1. júlí, en ekki er eftir atvikum ólíklegt, að það hafi að verulegu leyti verið unnið eftir þann tíma. Þegar til þess er litið svo og þess, að stefndir virðast hafa verið óvanir slíku verki og því má ætla, að þeir hafi eytt í það lengri tíma en æfðir menn, sem matsgerðin hlýtur að gera ráð fyrir, þá þykir aðeins unnt að taka til greina varakröfu stefnanda.

Verða þá lok málsins þau, að stefndum verður óskipt gert að greiða stefnanda kr. 8032.27 með 5% ársvöxtum frá 26. marz 1943 til greiðsludags og mats- og málskostnað, er í einu lagi þykir hæfilega ákveðinn kr. 1000.00.

Gunnar A. Pálsson, fulltrúi lögmannsins í Reykjavík, kvað upp dóm þenna.

Því dæmist rétt vera:

Stefndir, Ragnar Halldórsson og Þórólfur Beck, greiði óskipt stefnandanum, Sælgætis- og efnagerðinni Freyju h/f, kr. 8032.27 með 5% ársvöxtum frá 26. marz 1943 til greiðsludags og kr. 1000.00 í mats- og málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Laugardaginn 21. október 1944.

Kærumálið nr. 10/1944. **J. Þorlákssón & Norðmann**
gegn
Þorláki Einarssyni.

Dómkvaðning matsmanns.

Dómur hæstaréttar.

Með bréfi 5. okt. þ. á. og hingað komnu 7. s. m. hefur borgardómarinn í Reykjavík sent hæstarétti kæru sóknaraðilja frá 2. s. m. á úrskurði borgardómara sama dag í matsmáli sóknaraðilja gegn varnaraðilja. Krefst sóknaraðili þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi, en varnaraðili krefst staðfestingar á honum.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar, ber að staðfesta hann.

Með því að hvorugur aðilja hefur krafizt málskostnaðar fyrir hæstarétti, fellur hann niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir hæstarétti fellur niður.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 2. október 1944.

Fyrir bæjarþingi Reykjavíkur er rekið mál af hendi Þorláks Einarssonar, verkamanns hér í bæ, gegn firmanu J. Þorlákssón & Norðmann, hér í bænum, til greiðslu skaðabóta vegna slyss, sem stefnandi varð fyrir, er hann var að vinnu að uppskipun á vegum stefnda. Umboðsmenn aðilja töldu gagnasöfnun í málinu lokið á síðastliðnu sumri, skömmu áður en þingleyfi hófust. Dómarinn

ákvað því næst dag til munnlegs málflutnings, er fram fór þann 19. f. m. Eftir dómtöku málsins þótti sýnt, að ýms mikilsvarðandi gögn vantaði í málið, og kvað dómarinn því upp úrskurð þann 20. s. m. á þá lund, að málsaðiljum gæfist kostur á að afla tiltekinna gagna áður en dómur yrði felldur í málinu. M. a. var talin nauðsyn á að afla álitsgerðar sérfróðra manna um öryggi uppskipunar þeirrar, er í málinu greinir, svo og um það. í hverju starf svonefnds „lúgumanns" eigi að vera fólgið. Með bréfi, dags. 22. f. m., fóru málflutningsmenn stefnda, hæstaréttarlögmennirnir Eggert Claessen og Einar Ásmundsson, þess á leit við borgardómara, að dómkvaddir yrðu tveir hæfir og óvilhallir menn til þessarar álitsgerðar, og á bæjarþingi Reykjavíkur, sem haldið var 23. f. m., voru þeir Sigurjón Á. Ólafsson, fyrrv. alþm., og Sigurður Pétursson, fyrrum skipstjóri á e/s Gullfossi, kvaddir til þessa starfa. Með bréfi, dags. 28. f. m., hafa fyrrnefndir málflutningsmenn stefnda krafizt þess, að dómkvaðning þessari verði breytt að því leyti, að annar maður verði settur í stað Sigurjóns Á. Ólafssonar. Telja þeir Sigurjón ekki óvilhallan, þar sem hann sé formaður Sjómannafélags Reykjavíkur, en meðlimir þess félags vinni mjög oft við uppskipanir, og muni hinn dómkvaddi maður því hafa áhuga fyrir því, að ábyrgð þeirra, sem fyrir uppskipun standa, sé sem víðtækust.

Að beiðni fyrrnefndra málflutningsmanna er þessi krafa þeirra tekin til úrskurðar í samræmi við ákvæði 143. gr. laga um meðferð einkamála í héraði, nr. 85/1936.

Þess skal getið, að málsaðiljar hafa ekki komið sér saman um matsmenn, og koma ákvæði 3. mgr. 139. gr. einkamálalaganna því ekki til greina hér.

Að áliti dómarans er Sigurjón Á. Ólafsson hinn hæfasti maður til þess starfa, sem hann er dómkvaddur til, þar sem hann hefur gegnt störfum við afgreiðslu skipa hér í bænum um margra ára skeið, enda hefur hann og áður verið dómkvaddur til slíkrar álitsgerðar í hæstaréttarmáli, án þess að nokkuð þætti athugavert við. Stefnandi fyrrnefnds bæjarþingsmáls er ekki félagsmaður í Sjómannafélagi Reykjavíkur, og getur það, að Sigurjón Á. Ólafsson er formaður þess félags, ekki talizt valda því, að hann sé vilhallur að þessu leyti, þótt félagsmenn Sjómannafélagsins kunni ef til vill stundum að gegna uppskipunarstörfum, eins og jafnt er hugsanlegt um þátttakendur í margs konar öðrum félagsskap.

Borgardómarinn, Árni Tryggvason, telur því enga ástæðu til að breyta framangreindri dómkvaðningu.

Því úrskurðast:

Framangreind krafa um breytingu á dómkvaðningu verður ekki tekin til greina.

Föstudaginn 27. október 1944.

Nr. 33/1943. **Garðar Jóhannesson**
gegn
Aðils Kemp.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Garðar Jóhannesson, sem eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 27. október 1944.

Nr. 16/1943. **Jón Magnússon**
gegn
H/f Sæfara.

Öflun framhaldsskýrslna.

Úrskurður hæstaréttar.

Áður dómur gangi í máli þessu, þykir rétt að veita aðiljum kost á samkvæmt analogíu 120. gr. laga nr. 85/1936 að afla eftirtalinna gagna.

1. Brynjólfur sá Vilhjálmsson, er skýrslu hefur gefið í málinu, skal um það spurður fyrir dómi, á hverju hann reisi þau ummæli sín, að slíta hafi mátt ráðningarsamningi aðilja fyrirvaralaust, er skipið væri hér í höfn, og hvort hann muni til, að aðiljar hafi um þetta rætt, og ef svo er, hvernig orð þeirra hafi fallið.
2. Rétt þykir, að aflað sé skýrslu Nóa Jónssonar, sem sagður er hafa verið stýrimaður á skipinu, svo og Ámunda Geirssonar og annarra, er viðstaddir kunna að hafa verið samningsgerðina um sömu atriði.
3. Þá er og rétt, að áfrýjanda sé veittur kostur á að gefa ýtarlegri skýrslur en fram hafa komið af hans hendi um samningskjör sín. Hann skal og um það spurður,

hvers vegna hann hafi tekið loforð, að því er hann segir, af stefnda um skipstjórn sér til handa á síldveiðum sumarið 1941, ef hann taldi sig þá eiga rétt á uppsagnarfresti. Svo skal og einnig spyrja hann, hvar hann hafi dvalizt þrjá mánuðina næstu, eftir að hann fór af skipi stefnda, hvað hann hafi gert og hvaða laun hann hafi haft, ef nokkur hafa verið.

4. Loks skulu framangreindir skýrslugefendur samprófaðir, ef annar hvor aðilja óskar þess, og annarra þeirra gagna aflað, er efni verða til.

Því úrskurðast:

Aðiljum veitist kostur á að afla framantalinna gagna.

Mánudaginn 30. október 1944.

Nr. 98/1944. **Ólafur Ó. Guðmundsson**
gegn
Hreppsnefnd Keflavíkur f. h. hreppsins.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ólafur Ó. Guðmundsson, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 30. október 1944.

Nr. 24/1944. **Kristinn Þórðarson**
gegn
Gunnari Sigurðssyni.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Kristinn Þórðarson, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 3. nóvember 1944.

Nr. 122/1943. **Valdstjórnin** (Theódór B. Líndal)
gegn
Jóhannesi Jósefssyni (Jón Ásbjörnsson).

Brot verðlagsákvæða.

Dómur hæstaréttar.

Enda þótt hinar svonefndu „sandwiches" séu taldar jafngilda tveimur brauðsneiðum með álagi, eins og kærði heldur fram, þá var hámarksverð á þeim kr. 4.00, og hefur kærði því brotið verðlagsákvæðin með því að selja þær á kr. 4.50. Að öðru leyti þykir mega fallast á ákvæði héraðsdóms um refsiverðleika athafna kærða, en sekt hans ákveðst kr. 10000.00, er afplánist 100 daga varðhaldi, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærði seldi á þeim tíma, sem mál þetta tekur til, skattskyldar vörur og þjónustu fyrir kr. 256164.08. Af því voru áfengisvörur seldar fyrir kr. 107366.80, en þær ber að draga frá fyrrnefndu fjárhæðinni, þar sem hann lagði ekki ólöglega á þær vörur. Eftir verður þá sala fyrir kr. 148797.28, en sú 10% álagning á sölu þessa, sem kærði hefur viðurkennt og ólögleg er, nemur kr. 13527.02. Ber að gera fjárhæð þessa upptæka til ríkissjóðs.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað staðfestist.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 1200 til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Jóhannes Jósefsson, greiði 10000.00 króna sekt í ríkissjóð, er afplánist 100 daga varðhaldi, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ólöglegur ágóði kærða, kr. 13527.02, skal upptækur ríkissjóði til eignar.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað staðfestist.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna, Theódórs B. Líndals og Jóns Ásbjörnssonar, 1200 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 15. nóvember 1943.

Ár 1943, mánudaginn 15. nóvember, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Valdimar Stefánssyni, fulltrúa sakadómara, uppkveðinn dómur í málinu nr. 2610/1943: Valdstjórnin gegn Jóhannesi Jósefssyni, sem tekið var til dóms 2. sama mánaðar.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Jóhannesi Jósefssyni, veitingamanni á Hótel Borg hér í bænum, fyrir brot gegn reglum frá 2. apríl 1943 um hámarksverð og hámarksálagningu á greiðasölu, sbr. lög nr. 3 13. febrúar 1943, um verðlag.

Kærði er kominn yfir lögaldur sakamanna og hefur sætt þessum kærum og refsingum:

1930 $^{19}/_{5}$ Sátt, 40 kr. sekt fyrir brot á fuglafriðunarlögunum.

1931 $^{3}/_{11}$ Dómur lögregluréttar, 5000 króna sekt og svipting veitinga- og gistihússleyfis í 6 mánuði fyrir ólöglega áfengissölu.

1932 $^{9}/_{1}$ Sátt, 75 kr. sekt fyrir brot á laxveiðalögunum.

1932 $^{6}/_{5}$ Kærður fyrir brot á lögum nr. 59/1913, sbr. lög nr. 59/1919. Afgreitt til sýslumannsins í Rangárvallasýslu.

1933 $^{1}3/_{4}$ Kærður fyrir brot á reglum um sölu Spánarvína. Upplýst, að kærði hafði fengið aukavínveitingaleyfi hjá dómsmálaráðuneytinu.

1934 $^{9}/_{4}$ Sátt, 20 kr. sekt fyrir æðarkolludráp. Byssa gerð upptæk.

1936 $^{4}/_{8}$ Kærður af bændum í Skilmanna- og Innri-Akraneshreppum fyrir ætlað brot á friðunarlögum. Málið sent sýslumanni Mýra- og Borgarfjarðarsýslu til meðferðar.

1939 $^{2}3/_{11}$ Sátt, 10 kr. sekt fyrir brot á lögum frá $^{2}/_{6}$ 1849.

Hinn 8. apríl s. l. gengu í gildi reglur um hámarksverð og hámarksálagningu á greiðasölu, sem auglýstar voru 2. sama mánaðar. Með bréfi dags. 8. apríl s. l. tilkynnti verðlagsstjóri kærða, að heimilt væri að taka sætagjald af gestum veitingahússins, sem næmi að degi til kr. 0.50, en að kvöldi eftir kl. 7 og á sunnudögum kr. 1.25. Reglur þessar um sætagjaldið héldust óbreyttar, þar til verðlagsstjóri tilkynnti kærða með bréfi, dags. 7. júní s. l., að sætagjaldið skyldi framvegis verða kr. 0.50, jafnt að degi og kvöldi.

Þegar bréf þetta barst veitingahúsinu, var kærði að Brúarfossi á Mýrum, en þar var hann lengst af í sumar. Yfirþjónninn fékk bréf þetta í hendur og tilkynnti hinum þjónunum strax sætagjaldsbreytinguna. Ósannað er, hvaða dag bréfið barst yfirþjóninum, en gera verður ráð fyrir, að það hafi verið mjög brátt eftir dagsetningu þess.

Með bréfum dagsettum 5. maí, 24. júní, 21. júlí og 21. ágúst s. l. hefur verðlagsstjóri kært yfir því, að kærði hafi gerzt brotlegur við reglurnar um hámarksverð og hámarksálagningu á greiðasölu. Með kærunum hafa fylgt nokkrir reikningar, sem gestir hafa fengið í veitingahúsinu yfir veitingar þær, sem þeir hafa keypt þar.

Í reikningunum kemur það fram, að veitingahúsið hefur selt ýmsar þær veitingar, sem falla undir hámarksákvæðin, hærra verði en reglurnar frá 2. apríl ákveða. Hefur kaffi og te verið selt á kr. 0.85 á mann, bjór og pilsner á kr. 1.40 flaskan, sódavatn og coca cola á kr. 1.10 flaskan og ávaxtadrykkir á 1.10 flaskan. Glóðað brauð hefur verið selt á kr. 0.55 sneiðin og smjörkúlan með sneiðinni á kr. 0.20, smurt brauð á kr. 4.50 sneiðin í einu tilfelli og rúmlega það í öðru. Þá hefur kaffibrauð verið selt 10% hærra verði en reglurnar frá 2. apríl ákveða.

Kærði skýrir svo frá, að þetta verðlag, að undanskildu verði smurða brauðsins og smjörsins með glóðaða brauðinu, byggist á því, að hann hafi bætt við hið auglýsta hámarksverð 10% veitingaskatti. Skýrir hann svo frá 21. sept. s. l., að gistihúsið hafi frá gildistöku verðlagsákvæðanna um greiðasölu bætt 10% veitingaskatti við verð allra veitinga að undanskildum mat, og telur hann það fyllilega löglegt. Það verður þó eigi talið, að svo hafi verið, heldur hafi verðlagsákvæðin verið ákveðin þannig, að tekið hafi verið tillit til alls kostnaðar við starfsemina, þar á meðal veitingaskattsins. Álit viðskiptaráðs og verðlagsstjóra um þetta atriði er skýlaust. Telja báðir þessir aðiljar, að kærða hafi verið óheimilt að bæta veitingaskatti við hið auglýsta verð. Hefur kærði því með þessari verðlagningu brotið reglurnar frá 2. apríl um hámarksverð á greiðasölu.

Verðlagsstjóri telur kærða hafa verið óheimilt að selja smjörið með glóðaða brauðinu sérstaklega, heldur sé smjörið innifalið í hinu auglýsta hámarksverði glóðaðs brauðs. Í reglunum er ákvæðið um glóðað brauð orðað þannig: „Smurt brauð, þ. á m. glóðað, kr. 0.50 stykkið". Af þessu orðalagi sýnist ljóst, að smjörið sé meðtalið í verðinu, hvort sem brauðið er borið fram smurt eða smjörið borið með brauðinu. Hefur kærði því með því að selja smjörið sérstaklega á kr. 0.20 með hverri glóðaðri sneið, þannig að verð hverrar sneiðar með smjörinu hefur orðið kr. 0.75, brotið reglurnar frá 2. apríl.

Tvær kærur eru um verð smurða brauðsins, önnur frá sam-

komu Cocktail-klúbbsins 10. apríl s. l., þar sem 12 sneiðar með áskurði voru seldar á kr. 54.00, og hin frá sumarfagnaði stúdenta 17. apríl, þar sem 16 sneiðar voru seldar á kr. 75.00. Kærði gerir þá grein fyrir þessari verðlagningu smurða brauðsins, að um báðar þessar samkomur, sem voru með borðhaldi, hafi verið samið við veitingahúsið áður en reglurnar um hámarksverð greiðasölu voru auglýstar, en samkvæmt bréfi verðlagsstjóra til sín, dags. 8. apríl, hafi hann sagzt ekki hafa afskipti af samningum um veizlur í veitingahúsi kærða, sem þá þegar væru samningsbundnar. Upplýst er, að forráðamenn nefndra samkvæma sömdu ekki um verð smurða brauðsins við kærða. Þeir minnast þess ekki, að á verð smurðs brauðs væri minnzt í viðtölum þeirra við kærða um samkvæmin, en kærði kveðst hafa sagt þeim, hvaða verð yrði á smurðu brauði í samkvæmunum, en ekki hafi komið til neinna samninga um það. Þar sem ekki var um samninga um verð smurða brauðsins að ræða í þessum tilfellum, hefur kærði brotið reglurnar frá 2. apríl með nefndri verðlagningu brauðsins.

Samkvæmt einum reikning frá veitingahúsinu, sem tekinn er upp í kæru verðlagsstjóra, hafa 9 „sandwiches" verið seldar á kr. 40.50, eða á kr. 4.50 hver. Verðlagsstjóri telur eina „sandwich" jafngilda einni smurðri brauðsneið með áskurði og einni án áskurðar, og ætti hið rétta verð einnar „sandwich" því að vera kr. 2.50. Kærði telur hins vegar, að þar sem ekki hafi verið auglýst neitt hámarksverð á þessu brauði, sé verðlagning þess frjáls. „Sandwich" er hvergi getið í reglunum frá 2. apríl s. l., og þar sem hér er um sérstaka tegund veitinga að ræða og verðlagsákvæðin verða að vera skýr og ótvíræð til þess, að almenningi sé skylt að fara eftir þeim, þykja reglurnar frá 2. apríl s. l. ekki ná til þessarar tegundar veitinga. Hefur kærði því eigi gerzt brotlegur með verðlagningu „sandwiches".

Loks hefur í sumum þeim tilfellum, sem kært hefur verið yfir, verið ranglega tekið sætagjald af gestum veitingahússins, en eigi þykir ástæða til að rekja hvert tilfelli hér. Með þessu hafa reglurnar frá 2. apríl s. l. verið brotnar af hálfu kærða.

Fyrir brot þau gegn reglunum frá 2. apríl s. l. um hámarksverð og hámarksálagningu á greiðasölu, sem nú hefur verið lýst, ber að ákveða kærða refsingu eftir 9. gr., 2. mgr., laga nr. 3 13. febr. 1943 um verðlag. Við ákvörðun sektarinnar ber að taka tillit til hinnar miklu veitingasölu kærða og einnig þess, að eigi er unnt að ákveða, hve allur sá ólöglegi ágóði er mikill, sem kærði hefur haft af broti sínu. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 8 þúsund króna sekt til ríkissjóðs, og komi 100 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Hvern ólöglegan ágóða kærði hefur haft af áðurnefndum verðlagsbrotum öðru en viðbætingu 10% „veitingaskattsins" við hið

auglýsta hámarksverð, er ógerningur að ákveða. Hins vegar liggja fyrir skýrslur kærða um veitingasölu hans mánuðina apríl til ágúst s. l. að báðum meðtöldum. Er skattskyld veitingasala hans á þessum tíma kr. 277374.08. Í aprílmánuði er hún kr. 90899.95. Verðlagsákvæðin um greiðasölu gengu í gildi frá og með 8. apríl s. l., og koma því eigi hér til álita veitingar seldar fyrir þann dag. Sé gert ráð fyrir jafnri sölu á dag, verður hin skattskylda sala í apríl, sem hér kemur til álita, kr. 69689.95. Verður því skattskyld veitingasala kærða frá og með 8. apríl s. l. til ágústloka kr. 256164.08. Af þeirri upphæð eru hin margnefndu 10% kr. 23287.68. Samkvæmt framanskráðum málavöxtum og samkvæmt 3. tölulið 69. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940 þykir rétt að gera þessa upphæð, kr. 23287.68, upptæka ríkissjóði til handa sem ólöglegan ágóða.

Kærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, hrl. Jóns Ásbjörnssonar, kr. 500.00.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Jóhannes Jósefsson, greiði 8000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 100 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ólöglegur ágóði, kr. 23287.68, skal upptækur ríkissjóði til handa, og greiði kærði hann innan 15 sólarhringa frá birtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan sakarkostnað, þar sem talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Ásbjörnssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 500.00.

Dóminum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 6. nóvember 1944.

Nr. 99/1944. **Valdstjórnin** (Sveinbjörn Jónsson)
gegn
Cornelis Peiter Aland (Eggert Claessen).

Ólögleg veiði togaraskipstjóra í landhelgi.

Dómur hæstaréttar.

Sigfús M. Johnsen, bæjarfógeti í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Eftir uppkvaðningu héraðsdóms hefur forstöðumaður Stýrimannaskólans í Reykjavík markað á uppdrátt stað þann, er togari kærða var tekinn á 6. júní s. l., og reyndist staðurinn vera 1,1 sjómílu innan landhelgilínu. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann, þó svo, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 600 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Kærði, Cornelis Peiter Aland, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Sveinbjörns Jónssonar og Eggerts Claessens, kr. 600 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Vestmannaeyja 7. júní 1944.

Mál þetta er höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn Cornelis Peiter Aland, skipstjóra á togaranum Utrecht 303 frá Ymuiden, fyrir brot gegn ákvæðum laga 5/1920 um bann gegn botnvörpuveiðum.

Eru málavextir þeir, er nú skal greina og sannaðir eru með skýrslu skipherrans á varðskipinu Óðni og eigin játningu kærða.

Þriðjudaginn 6. þ. m., kl. 18,52, var hinn kærði skipstjóri, Cornelis Peiter Aland, að veiðum með stjórnborðsvörpu í sjó í Meðallandsbugt, er varðskipið Óðinn kom að honum, á skipi sínu Utrecht 303, frá Ymuiden. Var kallað til skipstjórans á togaranum frá varðskipinu og togaraskipstjóranum tilkynnt, að hann væri að veiðum í landhelgi og skipað að vinda upp vörpu sína og nema staðar, og gerði hann það.

Kl. 19.02 sama dag, um leið og vörpuhlerarnir komu úr sjó, var sett út boja við hlið togarans í ca. 20 metra fjarlægð frá honum og dýpi mælt 73 metrar.

Lagzt var síðan við hlið togarans, og skipstjóri hans og stýrimaður komu um borð í varðskipið. Var skipstjóra togarans bent á, að hann hefði gerzt sekur um landhelgibrot, og jafnframt tjáð, að nákvæmar staðarákvarðanir yrðu gerðar, þegar létti til, en þar til beðið við duflið. Veðri var svo háttað, að skúraleiðingar gengu yfir.

Kl. 19,40, er létti nokkuð til, sást vel Kálfafellsmelamerki og Máfabótarmerki. Kálfafellsmelamerki miðaðist í réttvísandi 29° og Máfabótarmerki réttvísandi 269°. Dýpi 73 metrar. Þessar staðarákvarðanir, er varðskipið framkvæmdi og lýst er hér að framan, sýndu stað skipsins og bojunnar 1,2 sjómílur innan við landhelgilínuna.

Skipstjóri togarans og stýrimaður, er viðstaddir voru, er þessar staðarákvarðanir og miðanir voru gerðar, samþykktu þær, sbr. skýrsluna.

Staðurinn, þar sem togarinn Utrecht var staddur, er hann var tekinn af varðskipinu 6. þ. m., var færður út af skipstjóra varðskipsins á sjókort, er lagt var fram hér í réttinum, og kom með öllu heim við staðarákvarðanir þær, er að framan er lýst, og viðurkenndi kærður þær vera með öllu réttar sem og skýrslu skipherrans á varðskipinu í heild og játaði, að hann hefði verið að botnvörpuveiðum í landhelgi á umræddum tíma og stað. Hins vegar segist kærði ekki hafa vitað um það, að hann var að fiski í landhelgi, með því að dimmt var yfir, fyrr en varðskipið kom til hans.

Samkvæmt því er að ofan segir, er það sannað í málinu með framburði varðskipsforingjans og eigin játningu kærða, að hann hefur verið að botnvörpuveiðum í landhelgi, og hefur hann þar með gerzt brotlegur gegn 1. gr. laga nr. 5 frá 18. maí 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum.

Kærði er fæddur 9. okt. 1901 og hefur ekki, svo kunnugt sé, verið refsað fyrir sams konar brot, og þykir refsing hans með tilliti til þess, að hér er um fyrsta brot að ræða, hæfilega ákveðin samkvæmt 3. gr. laga nr. 5/1920 29500 króna sekt í landhelgisjóð Íslands með tilliti til þess, að gengi íslenzkrar krónu er það í dag, að krónan jafngildir 33,90 aurum gulls.

Verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, sæti kærði 7 mánaða varðhaldi.

Auk þess skulu allur afli innanborðs í nefndum togara Utrecht og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, vera upptæk og andvirðið renna í landhelgisjóð.

Svo greiði kærður allan af máli þessu leiddan og leiðandi kostnað.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Cornelis Peiter Aland, greiði 29500 króna sekt til landhelgisjóðs Íslands, og komi í stað sektarinnar 7 mánaða varðhald, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir í togaranum Utrecht 303 frá Ymuiden, skal vera upptækt, og renni andvirðið í landhelgisjóð Íslands.

Loks greiði kærður allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 8. nóvember 1944.

Nr. 15/1944. **Ólafur Hermannsson** (Egill Sigurgeirsson)
gegn
H/f Shell á Íslandi (Jón Ásbjörnsson).

Ítakseiganda dæmt óheimilt að leyfa öðrum aðilja not ítaksréttindanna við hlið sér.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 16. febr. þ. á., hefur krafizt þess *aðallega*, að viðurkennt verði með dómi, að stefndi hafi brotið svo ákvæði samnings 12. júlí 1928 með afhendingu þargreindra réttinda til Oliuverzlunar Íslands h/f, að hann hafi þar með fyrirgert þeim, en *til vara*, að stefnda verði með dómi óheimilað að framselja öðrum almennt eða af hluta réttindi sín samkvæmt áðurgreindum samningi og að framsal það til Oliuverzlunar Íslands h/f, er í héraðsdómi getur, verði því metið ógilt gagnvart stefnanda. Svo krefst áfrýjandi málskostnaðar fyrir báðum dómum úr hendi stefnda eftir mati hæstaréttar. Stefndi hefur krafizt staðfestingar á héraðsdóminum og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi hafði að vísu rétt til að framselja réttindi sín samkvæmt samningnum 28. júlí 1928, en þar af leiðir ekki, að

honum hafi verið heimilt að setja annan eða aðra aðilja við hlið sér til neyzlu þeirra réttinda, með því að slík ráðstöfun gat bakað áfrýjanda eða þeim, er í hans stað koma, óþægindi, sem þeir þurftu eigi að gera ráð fyrir.

Verður því að telja, að stefnda hafi verið óheimilt að leyfa Olíuverzlun Íslands h/f neyzlu téðra réttinda sér við hlið, og ber því að taka varakröfu áfrýjanda að því leyti til greina.

Eftir þessum málalokum þykir rétt að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir báðum dómum, er ákveðst 1800 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Ráðstöfun stefnda, H/f Shell á Íslandi, um heimild til handa Olíuverzlun Íslands h/f til neyzlu réttinda samkvæmt samningi 12. júlí 1928 með sér, er ógild gagnvart áfrýjanda.

Stefndi greiði áfrýjanda, Ólafi Hermannssyni, 1800.00 kr. í málskostnað fyrir báðum dómum.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 6. desember 1943.

Mál þetta, sem dómtekið var 30. f. m., er höfðað hér fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 4. maí s. l. af Ólafi Hermannssyni, kaupmanni, Eskifirði, gegn h/f Shell á Íslandi, hér í bæ. Gerir stefnandi þær dómkröfur *aðallega*, „að viðurkennt verði með dómi réttarins og því slegið föstu“ að stefnda hafi brotið svo af sér ákvæði síðargreinds samnings, dags. 12. júlí 1928, „með afhendingu réttinda þeirra og á þann hátt, er síðar segir, að það hafi fyrirgert rétti sínum með öllu samkvæmt samningnum, og stefnandi sé því laus allra mála, *til vara*, að stefnda verði með dómi réttarins óheimilað að framselja öðrum, almennt eða að hluta, réttindi sín samkvæmt samningi dags. 12. júlí 1928, og að greint framsal til Olíuverzlunar Íslands h/f verði því metið ógilt og óskuldbindandi gagnvart stefnanda.“

Einnig krefst stefnandi málskostnaðar að skaðlausu.

Stefnda krefst sýknu og málskostnaðar samkvæmt mati réttarins.

Málsatvik eru þau, að hinn 12. júlí 1928 gerðu h/f Andri á

Eskifirði og h/f Shell á Íslandi með sér samning, þar sem fyrst og fremst var tiltekið, að h/f Andri afsalaði h/f Shell á Íslandi tilteknum lóðarspildum á Eskifirði. Í 2. lið samningsins segir síðan orðrétt: „H/f Andri veitir hér með h/f Shell á Íslandi eða þeim, sem síðar kann að öðlast þessi réttindi á löglegan hátt, rétt til þess að leggja endurgjaldslaust pípur fyrir steinolíu- og benzínleiðslur frá hinni afsöluðu lóðarspildu og niður með bryggju þeirri, sem h/f Andri hefur keypt af Sam. ísl. verzl. í likvidation, utan á bryggjubrúninni, svo langt niður eftir, sem þurfa þykir. Enn fremur skal h/f Shell á Íslandi hafa rétt til að láta skip þau, er flytja olíu, benzín eða aðrar slíkar vörur til stöðvar þess á Eskifirði eða sem taka þar þessar vörur, liggja við bryggjuna og nota hana eftir þörfum til út- og uppskipunar þeirra endurgjaldslaust. Skulu skip þau, er flytja vörur þessar til félagsins, ávallt hafa rétt til að komast að bryggjunni tafarlaust, þegar þess er krafizt, þó svo, að ekki komi í bága við bryggjuafnot eiganda. Skip, sem taka nefndar vörur, skulu fá aðgang svo fljótt sem auðið er og aldrei síðar en þegar lokið er afgreiðslu þeirra skipa, sem fyrir liggja og verið er eða fara á að afgreiða, þó með sama skilyrði og að ofan segir um bryggjuafnot eiganda. Bæði rétturinn til að nota bryggjuna til afgreiðslu skipa og rétturinn til að hafa þar ofangreindar steinolíu- og benzínleiðslur er óuppsegjanlegur af hálfu eiganda bryggjunnar. Skal h/f Andra eða þeim, sem síðar kann að eignast bryggjuna, skylt að halda henni forsvaranlega við, en verði hún lögð niður og önnur ný gerð í staðinn, flytzt réttur þessi yfir á þá bryggju. Þinglýsa skal þessum lið sérstaklega sem kvöð á bryggjunni."

Samningur þessi var síðan afhentur til þinglýsingar á Eskifirði þann 16. febr. 1929 og þinglesinn þar 6. júlí s. á.

Um það leyti, sem samningur þessi var gerður, störfuðu á Eskifirði tvö fyrirtæki, sem höfðu með höndum olíusölu, þ. e. stefnda í máli þessu og Olíuverzlun Íslands h/f, og höfðu þau afgreiðslustöðvar og geymslupláss hvort á sínum stað. Stefnandi þessa máls keypti fasteignir h/f Andra á Eskifirði um áramótin 1939—40 og þá m. a. bryggju þá, sem að framan greinir. Um sama leyti mun stefnda hafa heimilað Olíuverzlun Íslands h/f afnot annars olíugeymis þess, er félagið á á lóðinni fyrir ofan umrædda bryggju, svo og afnot bryggjunnar með sér, og mun svo hafa verið síðan. Ekki kveðst stefnandi hafa fengið neina tilkynningu um þessar breytingar, og hafi hann strax kunnað illa þessum auknu notum, enda mótmælt þeim þá þegar. Hafi hann talið, að stefnda hefði eigi leyfi til meiri nota af bryggjunni en því sjálfu væri nauðsynlegt, enda óvíst, að hann sjálfur gæti haft nokkur not bryggjunnar, ef slíku héldi áfram. Jafnframt hafi hann talið fyrrnefndan samning frá 12. júlí 1928 svo óhagstæðan sér, að frekari hlunn-

indi til handa stefnda væru útilokuð, nema berum orðum væru fram tekin. Kveðst stefnandi þó hafa viljað gefa Olíuverzluninni kost á að nota bryggjuna áfram gegn hóflegu endurgjaldi, og hafi hann skrifað fyrirtækinu bréf um það efni þann 30. júlí 1942, en þeirri málaleitan hafi verið synjað. Skrifaði stefnandi þá olíufélögunum og taldi sig lausan við tilboð sitt í nefndu bréfi, jafnframt því sem hann bannaði Olíuverzluninni afnot bryggjunnar, án þess þó, að því banni hafi verið sinnt. Hefur stefnandi því höfðað mál þetta gegn stefnda og gert þær dómkröfur, sem að framan er lýst, enda telur hann, að stefnda hafi brotið svo fyrrgreindan samning með nefndum ráðstöfunum, að það heimili riftun hans, eða, verði svo ekki talið, sé greint framsal til Olíuverzlunarinnar að minnsta kosti óheimilt og því ógilt gagnvart sér, eins og varakrafa hans lýtur að.

Sýknukröfu sína byggir stefndur fyrst og fremst á því, að framangreind not Olíuverzlunar Íslands á bryggju stefnanda séu ekki brot á samningnum frá 12. júlí 1928, þar sem sá samningur heimili framsal réttindanna, og hljóti þar í að felast heimild til að framselja öðrum réttinn með sér. Not félaganna af bryggjunni hafi heldur ekki verið né séu með þeim hætti, að brjóti í bága við samninginn, þar sem þau hafi ekki hindrað „bryggjuafnot" stefnanda að neinu leyti og þau séu sízt meiri en gera hafi mátt ráð fyrir.

Gegn mótmælum stefnda hefur stefnandi eigi fært sönnur á, að framangreind not olíufélaganna af bryggjunni hafi brotið eða brjóti í bág við bryggjuafnot stefnanda, og samkvæmt því, svo og með tilliti til þess, að ósannað er, að afnot félaganna séu að öðru leyti með þeim hætti, að heimili riftun samningsins, verður aðalkrafa stefnanda ekki tekin til greina á þeim grundvelli. Fyrrnefnt framsal stefnda á réttindunum til Olíuverzlunar Íslands verður og að teljast heimilt samkvæmt ákvæðum samningsins frá 12. júlí 1928, og getur það framsal því eigi talizt heimila algera riftun hans, enda verður framlagt vottorð frá fyrrverandi formanni h/f Andra um skilning hans á hér að lútandi ákvæðum eigi talið hafa þýðingu að þessu leyti. *Aðalkrafa* stefnanda verður því ekki tekin til greina.

Með tilvísun til framanritaðs um heimild stefnda til fyrrnefnds framsals, verður *varakrafa* stefnanda heldur eigi talin hafa við rök að styðjast, og verður hún því ekki tekin til greina. Ber því að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda, en eftir atvikum þykir þó rétt, að málskostnaður falli niður.

Vegna mikilla anna við lögmannsembættið hefur nokkur dráttur orðið á því, að mál þetta yrði munnlega flutt, eftir að gagnasöfnun var lokið.

Árni Tryggvason, fulltrúi lögmanns, hefur kveðið upp dóm þenna.

Því dæmist rétt vera:

Stefnda, h/f Shell á Íslandi, skal vera sýknt af kröfum stefnanda, Ólafs Hermannssonar, í máli þessu, en málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 10. nóvember 1944.

Nr. 80/1944. **Réttvísin og valdstjórnin** (Einar Ásmundsson) gegn **Óskari Petersen** (Theódór B. Líndal).

Bifreiðalagabrot. Líkamsáverki.

Dómur hæstaréttar.

Þar sem ákærði hefur ekið mjög hratt og ógætilega, eins og á stóð, og valdið miklu slysi, þykir rétt að svipta hann ökuleyfi eitt ár frá birtingu dóms þessa samkvæmt 39. gr. laga nr. 23/1941. Að öðru leyti ber að staðfesta héraðsdóminn með skírskotun til forsendna hans.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 350 kr. til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Óskar Petersen, skal sviptur ökuleyfi eitt ár frá birtingu dóms þessa. Að öðru leyti staðfestist héraðsdómurinn.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Einars Ásmundssonar og Theódórs B. Líndals, kr. 350.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 24. maí 1944.

Ár 1944, miðvikudaginn 24. maí, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Jónatan Hallvarðssyni,

sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 1121/1944: Réttvísin og valdstjórnin gegn Óskari Petersen.

Málið er höfðað fyrir brot gegn 23. kafla almennra hegningarlaga, bifreiðalögum nr. 23 1941 og umferðalögum nr. 24 1941. Það var dómtekið hinn 17. apríl s. l.

Ákærður er Óskar Petersen, bifreiðarstjóri, til heimilis Bárugötu 33 hér í bæ. Hann er fæddur 12. sept. 1917 á Ísafirði. Hann var á Ísafirði hinn 25. maí 1932 sektaður um 10 krónur fyrir brot gegn lögreglusamþykkt bæjarins og hefur ekki sætt öðrum refsingum.

Hinn 26. sept. 1942 ók Ófeigur Ófeigsson, læknir, bifreið sinni, R 718, vestur Sólvallagötu. Telur hann sig hafa ekið vinstra megin á götunni á 18—20 km hraða miðað við klst. Við gatnamót Hofsvallagötu kveðst hann hafa litið fyrst til hægri handar, síðan til vinstri og loks fram og varð þá var við skugga bregða fyrir til hægri, og í þeim svifum rakst bifreiðin R 309 á hægri hlið bifreiðar hans, og var sem bifreiðin tækist á loft, og kastaðist hún upp undir gangstétt hinum megin götunnar.

Kærður ók R 309 í umrætt skipti suður Hofsvallagötu. Kveðst hann hafa ekið á 20—25 km hraða samkvæmt ágizkun sinni. Er hann nálgaðist gatnamótin, kveðst hann hafa litið til beggja handa, en ekki séð umferð. Þó kveðst hann á gatnamótunum hafa skipt niður í 4 gír og dregið úr hraðanum. Hann sá R 718, er hún var á að gizka billengd frá vegarhorni, og hugði, að hún mundi beygja inn í Hofsvallagötu. Var hann þá sjálfur 4—5 metra frá götuhorni. Kveðst hann þá hafa dregið úr hraða bifreiðar sinnar, en ekki stöðvað hana. Er hann varð þess var, að R 718 hélt beint áfram, segist hann hafa hemlað, en bílarnir voru þá rétt komnir saman, og nægði það því ekki til að forða árekstrinum. R 309 kom á hina bifreiðina miðja.

Við árekstur þennan hlaut læknirinn stórfelld meiðsli. Læknarnir Jónas Sveinsson og Úlfar Þórðarson gáfu hinn 7. júní 1943 svofellda lýsingu á þeim:

„Við undirritaðir læknar skoðuðum Ófeig Ófeigsson lækni einni og þremur klukkustundum eftir bílslys það, sem hann varð fyrir þ. 26. sept. s. l., og höfum stundað hann síðan ásamt öðrum sérfræðingum.

Meiðsli læknisins voru þessi:

1. Fimmtán cm langt höfuðkúpubrot úr processus mastoid. dx., sem er beintrjóna aftan við hægra eyra, á ská upp os temporale og alla leið að hægra ennisbeini, ca. þremur cm ofan hægri augabrúnar, hlustarbein hægra megin hafa brotnað, enda blæddi inn í hægra eyra. Þetta brot telst til hinna svokölluðu „contre-coup“ brota, þar sem hauskúpan hefur

sprungið á mótsettri hlið við höggið vegna gífurlegs þrýstings, sem hún hefur orðið fyrir.

2. Mjög miklar líkur til blæðinga inn í höfuðkúpuna í sambandi við höfuðkúpubrot auk blæðinga inn í hægra eyra.
3. Heilahristingur (meðvitundarleysi, svimi, ógleði, höfuðverkur o. s. frv.).
4. Tvö rif brotin á hægri síðu og tvö á vinstri síðu.
5. Einkenni um mikil vöðva- og sinaslit í mjóbaki, aðallega vinstra megin, og sterkur grunur um brot á vinstra þvertindi neðsta mjóhryggjarliðs.
6. Brotinn hægri hnéliður með mikilli blæðingu í liðinn.
7. Tognun á vinstra hnélið og báðum öklaliðum.
8. Sautján cm langur skurður frá vinstra alnboga niður framhandlegginn utanverðan. Skurðurinn var grunnur, og hafa jakkaermi og skyrtuermar dregið úr dýpt hans.
9. Svo djúpt mar á hægra þumalfingri, að það hvarf ekki fyrr en eftir ca. 4 mánuði, að nöglin óx fram.
10. Tæpu dægri eftir slysið fékk sjúklingurinn paralytiskan ileus (— garnalömun) með ákaflegum meteorismus, sem smáhvarf á rúmri viku. Þó hafði hann mikla obstipatio í áframhaldi af þessu í næstu þrjár vikur. Orsakir þessarar lömunar munu hafa verið innvortis blæðingar og lemstur.
11. Þrem dögum eftir slysið komu fram mjög þéttar stærri og minni blæðingar í húð og subcutis um allan líkamann, nema höfuðið. Ætla má, að þessar blæðingar hafi fremur stafað af central uppruna (taugakerfistruflun) en frá beinum local æðaslitum, þó eflaust hafi eitthvað af æðum beinlínis slitnað við áverkann.
12. Fyrstu þrjár vikurnar hafði sjúklingurinn svo miklar þrautir, að hann svaf ekki meira en eina—þrjár kl.stundir í sólarhring, þrátt fyrir sterk deyfandi lyf.

Úr því fór að smá-draga úr þrautunum, en þær koma þó enn við áreynslu og þreytu.

Upprunalega voru þrautirnar um allan líkamann, en þó verstar í höfði, baki og kvið.

Höfuðverkirnir voru mjög sárir, generallir, pulserandi verkir, en upp úr áramótunum voru þeir farnir að localisera sig yfir hægra eyra og gagnauga á mannslófastórum bletti. Nú eru þeir aðallega bundnir við barnshandarstórt svæði á hægra gagnauga og má því ætla, að enn sé um blæðingar-eftirstöðvar að ræða á þessum stað.

Sjúklingurinn var lengi haltur, en er nú óhaltur oftast nær, nema ef hann reynir venju fremur á sig, gengur upp stiga og þess háttar, þá fær hann svo mikil óþægindi, aðallega í hægra hnélið, að hann verður jafnvel að nema staðar um stund.

Bakverkirnir eru ekki horfnir enn þá og versna mikið við áreynslu, sérstaklega þegar hann ekur eftir ósléttum vegi.

Sjúklingurinn var algerlega rúmfastur fyrstu 12 vikurnar eftir slysið og gat vegna heilahristingseinkennanna ekki reist höfuðið frá koddanum, en fór að klæðast upp úr því og smá auka fótavist sína, þar til síðast í apríl, að hann komst á nokkurn veginn fulla fótavist. Hann verður þó enn þá að fara mjög gætilega með sig og hvíla sig lengi eftir alla áreynslu.

Sjúklingurinn var með öllu óvinnufær fram í maí, en hefur síðan gegnt læknisstörfum að litlu leyti, en hefur þó smáaukið störf sín, svo að nú er hann á lækningastofunni í eina kl.stund á dag (í stað fimm—sjö kl. stunda fyrir slysið) og vitjar þeirra sjúkrasamlagssjúklinga sinna, sem nauðsynlega þurfa hans með. Hann er því langt frá því full vinnufær enn. Batahorfur: Erfitt er að segja með öruggri vissu, hvort læknirinn mun með tíð og tíma ná fullri heilsu, sérstaklega á þetta við um höfuðkúpuáverkann. Eins má gera ráð fyrir, að gigt setjist síðar í liði og bak.

Við höfum því ráðlagt honum að taka löng frí og vinna lítið þess á milli.

Mjög líklegt má telja, eftir þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, og athugun á meiðslum læknisins, að hann hafi, þegar áreksturinn varð, fyrst henzt út að vinstri framhurð svo harkalega, að tvö rif vinstri síðu brotnuðu, og um leið hefur höfuðið skollið á hurðarrúðunni, mölbrotið hana og sprungið sjálft á mótsettri hlið („contre-coup"). Því næst hefur læknirinn henzt yfir bílinn að hægri framhurð og brotið á henni tvö rif hægri síðu, en hægri hnéliður hefur líklega brotnað á stýrisstönginni um leið og læknirinn kastaðist yfir bílinn þveran."

Rétturinn lítur svo á, að ákærður hafi ekki sýnt nauðsynlega aðgæzlu og varkárni, er hann ók á gatnamótin, þar sem hann hafði biðskyldu. Varðar það við 7. gr. sbr. 14. gr. umferðalaga nr. 24 1941 og 27. gr., 1. mgr., sbr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23 1941. Með því að slík meiðsli hafa af hlotizt, sem áður er lýst, ber einnig að refsa ákærðum samkvæmt 219. gr. almennra hegningarlaga. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 45 daga varðhald. Þá ber og að dæma hann til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns hér fyrir réttinum, Theódórs B. Líndals hrl., er þykja hæfilega ákveðin kr. 250.00.

Málið hefur verið rekið vítalaust.

Því dæmist rétt vera:

Ákærður, Óskar Petersen, sæti varðhaldi í 45 daga.

Hann greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Th. B. Líndals, hrl. kr. 250.00.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 13. nóvember 1944.

Nr. 129/1942. **Jarðakaupasjóður ríkisins**
(Gunnar Þorsteinsson)
gegn
db. Erlends Jónssonar (Einar Ásmundsson).

Landamerkjamál.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 29. des. 1942 og krafizt þess, að hinn áfrýjaði landamerkjadómur verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til dómsálagningar af nýju. Svo krefst hann og málskostnaðar fyrir báðum dómum úr hendi stefnda eftir mati hæstaréttar.

Stefndi, sem fengið hefur gjafvörn í málinu, krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Sönnunarbyrði um það, að Hvítá hafi breytt farvegi sínum síðan 1889, hvílir óskorað á áfrýjanda. Með gögnum þeim, sem fram eru komin af hans hálfu í máli þessu, eru að vísu líkur að því færðar, að breyting hafi orðið á rennsli árinnar á þessum tíma, en ekki þykja fullar sönnur að því leiddar, þar sem skýrslur vitna eru andstæðar sín á milli um þetta atriði. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður, en að laun skipaðs málflutningsmanns stefnda, kr. 1800.00, greiðist úr ríkissjóði.

Það verður að telja mikinn galla á meðferð máls þessa, að málflytjendur hafa sjálfir aflað sér skriflegra vottorða frá vitnum, áður þau kæmu fyrir dóm, í stað þess að landamerkjadómurinn átti sjálfur að kveðja vitnin á vettvang, taka þar af þeim skýrslur og samprófa þau.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður, en mál-

flutningslaun skipaðs málflytjanda stefnda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmanns Einars Ásmundssonar, kr. 1800.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur landamerkjadóms Gullbringu- og Kjósarsýslu 30. sept. 1942.

Ár 1942, miðvikudaginn 30. september, var í landamerkjadómi Gullbringu- og Kjósarsýslu, sem haldinn var að Brautarholti í Kjalarneshreppi af settum sýslumanni Jóh. Gunnari Ólafssyni sem formanni dómsins með meðdómsmönnunum Ólafi Bjarnasyni og Jónasi Magnússyni kveðinn upp dómur í ofangreindu máli, sem dómtekið var 27. apríl 1942.

Með stefnu útgefinni 6. október 1941 hefur Erlendur Jónsson, bóndi á Mógilsá í Kjalarneshreppi, höfðað mál þetta fyrir landamerkjadóminum gegn landbúnaðarráðherra f. h. jarðakaupasjóðs ríkisins sem eiganda jarðarinnar Kollafjarðar í Kjalarneshreppi, og hefur hann gert þær réttarkröfur, að landamerki milli Mógilsár og Kollafjarðar verði ákveðin með dómi þannig, að „frá sjó ráði Hvítá merkjum, eins og hún rennur nú til sjávar, fyrir sunnan Sandeyri við Kollafjarðarbotn, upp að malarkambi og gegnum hann, síðan til norðurs meðfram malarkambinum, eins og áin rennur nú, að tjörninni, sem áin myndar fyrir austan malarkambinn, síðan eftir miðri tjörninni. Þar eftir ráði áin, frá því að hún rennur í tjörnina, og eins og hún rennur nú, til upptaka árinnar, en síðan ráði stytzta lína frá upptökum árinnar í Esjubrún."

Enn fremur hefur stefnandi krafizt þess, að viðurkennt verði, að Mógilsá hafi átt land að Hvítá, þar sem hún rann gegnum malarkambinn til sjávar, áður en setulið Breta hóf malartöku norðan árinnar og orsakaði, að farvegur árinnar fluttist til norðurs í malarkambinum.

Þá hefur stefnandi krafizt þess, að stefndur verði dæmdur til að greiða sér málskostnað að skaðlausu eða eftir mati réttarins.

Stefndur hefur hins vegar krafizt þess, að landamerki jarðarinnar verði ákveðin þessi:

Frá sjó ráði bogin lína (merkt með rauðu á korti Samúels Eggertssonar, er lagt hefur verið fram í málinu sem rskj. nr. 9) frá nyrzta enda sandrifs þess, sem er fyrir framan leirurnar og sem upp úr sjó kemur um stórstraumsfjöru, í miðja tjörnina. Síðan lína eftir miðri tjörninni, þar eftir ráði áin frá því hún rennur í tjörnina og eins og hún rennur nú til upptaka árinnar, en síðan ráði landamerkjum bein lína um Geithól upp á há Esju.

Þá hefur hann krafizt þess, að sér verði dæmdur málskostnaður að skaðlausu eða eftir mati réttarins.

Undir rekstri málsins hefur stefndur breytt kröfum sínum á þá leið, að landamerkin verði þessi:

Aðallega: Frá sjó ráði landamerkjum bein lína (merkt með bláu striki á rskj. nr. 9) úr norður-horni sandrifs þess, sem er fyrir framan leirurnar og sem upp úr sjó kemur um stórstraumsfjöru, að malarkambinum og í gegnum hann í vik það úr tjörninni, sem gengur inn (suðvestur) í malarkambinn (þar sem rauða og bláa línan á rskj. nr. 9 skerast), síðan lína eftir miðri tjörninni. Þar eftir ráði áin frá því hún rennur í tjörnina og eins og hún rennur nú til upptaka árinnar, en síðan ráði landamerkjum bein lína um Geithól upp á há-Esju.

Til vara: Að landamerkin verði ákveðin samkvæmt hinni upphaflegu kröfugerð stefnds.

Til þrautavara: Að merkjalínan verði ákveðin bein lína þvert yfir malarkambinn á þeim stað, sem Hvítá rann út úr tjörninni árið 1908, en það er 140 m norðar en hún rennur nú út úr malarkambinum, og stefndi sú lína annars vegar út í miðjan Kollafjörð, en hins vegar í miðja tjörnina (tjarnarálinn). Að öðru leyti verði merkin hin sömu og tekið er fram í aðalkröfunni.

Sáttatilraun reyndist árangurslaus.

Mál þetta er gjafsóknarmál.

Stefnandi hefur mótmælt hinni síðari kröfugerð stefnds, þar sem hún væri of seint fram komin. Hefur hann vitnað til 8. greinar landamerkjalaganna nr. 41/1919, þar sem svo er fyrir mælt, að aðiljar skuli lýsa kröfum sínum í upphafi máls. Hefur hann sérstaklega byggt neitun sína á því, að hér væri um nýjar kröfur að ræða.

Dómurinn getur ekki fallizt á þessar röksemdir stefnanda, þar sem þessi síðari orðun á kröfum stefnds er í öllum verulegum atriðum samhljóða hinum upphaflegu kröfum og varakröfurnar ganga mun skemmra. Mótmæli stefnanda verða því ekki tekin til greina að þessu leyti.

Málavextir eru þessir:

Milli eigenda jarðanna Mógilsár og Kollafjarðar í Kjalarneshreppi hefur risið upp ágreiningur um landamerki milli þessara jarða. Ágreiningslaust er þó, að Hvítá hafi ráðið merkjum að svonefndum Geithól. Hins vegar hefur deilan snúizt um það, hvort Hvítá hafi breytt rennsli til sjávar út í gegnum sjávarkambinn. Hefur stefndur haldið því fram, að áin hafi áður runnið miklu norðar út til sjávar heldur en hún gerir nú. Hins vegar hefur stefnandi haldið því fram, að Hvítá hafi ekki breytt um farveg síðan árið 1897 þangað til árið 1940, að tekinn var sandur úr malar-

kambinum norðan við útfall árinnar, og falli hún síðan nokkru norðar til sjávar.

Þannig háttar til á þeim slóðum, er hér um ræðir, að ofan við malarkambinn myndar Hvítá allstóra tjörn, og er farvegur árinnar nálega eftir miðri tjörninni, og miklu dýpri en sjálf tjörnin. Rétt úti við malarkambinn beygir áin síðan til suðurs og rennur síðan á nokkru svæði meðfram honum, áður en hún fellur út í gegnum malarkambinn til sjávar. Sum þeirra vitna, sem leidd hafa verið í málinu, telja, að tjörnin hafi verið miklu minni um s. l. aldamót heldur en hún er nú.

Áður fyrr lá þjóðvegurinn úr Kjós og af Kjalarnesi um malarkambinn fyrir botni Kollafjarðar og yfir Hvítárósa. Fóru þarna um þeir menn, sem komu úr þessum sveitum á leið til Reykjavíkur í kaupstaðarferð eða annarra erinda. Árið 1926 eða 1927 var þjóðvegurinn lagður á þessum slóðum, og var hann þá fluttur upp undir tún á Mógilsá og alllangt upp í grundina ofan við malarkambinn, svo að síðan sést ekki greinilega af þjóðveginum til staðhátta niðri við malarkambinn í smærri atriðum.

Í málinu hafa verið lögð fram landamerkjabréf jarðanna Mógilsár, rskj. nr. 2, og Kollafjarðar, rskj. nr. 3. Þessi skjöl voru bæði þinglesin á manntalsþingi Kjalarneshrepps 3. júní 1890, og hafa ábúendur og eigendur beggja jarðanna undirritað þau bæði athugasemdalaust, að því er séð verður.

Í landamerkjabréfi Mógilsár er komizt svo að orði, að milli Kollafjarðar og Mógilsár ráði Hvítá merkjum frá sjó í Geithól og upp á Esjubrún. Í landamerkjabréfi Kollafjarðar er þetta hins vegar orðað þannig, að Hvítá ráði merkjum „frá ósum, þar sem hún fellur nú í sjóinn, til upptaka. Þaðan ræður bein stefna skemmstu leið upp á Esju."

Við orðalag rskj. n. 2 var ekki gerð nein athugasemd við þinglestur þess og ekki heldur við rskj. nr. 3, að því er séð verður.

Í málinu hafa verið leidd fjölmörg vitni, og skiptast þau í tvo flokka. Hefur annar borið, að Hvítá hafi ekki breytt rennsli, en hinn, að hún hafi gert það. Skulu nú vitnisburðirnir raktir hér. Þessi vitni halda því fram, að áin hafi ekki breytt rennsli frá því að þau muna:

1. *Ólafur Eyjólfsson, bóndi að Saurbæ* á Kjalarnesi, hefur borið það, að Hvítá hafi ekki frá því árið 1889, að því er hann bezt minni, breytt rennsli sínu, þar sem hún rennur í sjó í Kollafjörð. Hann hefur getið þess í vitnisburði sínum, að Mógilsá hafi, annað hvort árið 1902 eða 1903, runnið í tjörnina, sem Hvítá myndar, ofan við sjávarkambinn. Þetta hafi aðeins staðið skamma hríð að vorlagi, eftir að skriða hafi fallið í ána. Þessi vitnisburður hefur verið staðfestur með eiði.

2. *Hans Gíslason frá Fitjakoti* á Kjalarnesi hefur borið, að Hvítá

hafi ekki breytt farveg síðan árið 1880—1933 út úr malarkambinum, en vitnið kom síðast að Hvítárósum árið 1933. Einnig bar þetta vitni, að engar breytingar hafi orðið á malarkambinum og tjörninni ofan við hann á sama tímabili. Hann taldi, að áin hefði runnið út úr tjörninni í átt nær suðri heldur en suðvestur. Eftir að áin kom fram fyrir malarkambinn, rann áin um fjörur dreift út leirurnar, en vitnið mundi þó ekki, hvernig hún rann. Framburðurinn var staðfestur með eiði.

3. *Guðbjartur Jónsson, bóndi í Króki* á Kjalarnesi, hefur borið það, að Hvítá hafi ekki breytt um rennsli gegnum malarkambinn til sjávar síðan árin 1898—1900, og þangað til 1926—1927. Allt þetta tímabil var hann ýmist að Bakkakoti eða Króki á Kjalarnesi. En síðan 1926 hefur hann ekki komið niður að Hvítárósum. Þenna framburð staðfesti vitnið með eiði.

4. *Jóhann Árnason frá Esjubergi* á Kjalarnesi hefur borið, að síðan hann var 10 ára gamall, eða um 1890, hafi hann oft farið um leirurnar neðan Mógilsár og Kollafjarðar, og mundi hann ekki til, að Hvítá hafi breytt rennsli sínu að neinu leyti á þeim tíma, þar sem hún fellur út í gegnum malarkambinn. Fór hann þar síðast um haustið 1941, og varð þá ekki var við, að nein breyting væri á orðin á rennslinu út í gegnum kambinn. Þessi framburður var tekinn jafn gildur og hann væri staðfestur með eiði.

5. *Steini Guðmundsson, bóndi á Valdastöðum* í Kjós, hefur borið, að síðan 1890—1900 viti hann ekki til, að Hvítá hafi breytt rennsli sínu út úr malarkambinum til sjávar. Vitnið hefur getið þess, að það myndi ekki til, að nein breyting hafi orðið á tjörninni ofan við malarkambinn eða kambinn sjálfan, en vitnið hefur ekki komið niður að árósunum síðan bílvegurinn var lagður um Kollafjörðinn og ekki athugað staðhætti síðan. Þessi framburður var staðfestur með eiði.

6. *Jóhannes Ellert Eggertsson, bóndi á Meðalfelli* í Kjós, hefur borið, að hann hafi oft á ári farið um malarkambinn, þar sem Hvítá rennur til sjávar í Kollafjörð, síðan á fyrsta tug 20. aldar, þangað til 1925—1926, og reki hann ekki minni til, að áin hafi breytt rennsli út úr malarkambinum á þeim tíma. Hann hefur einnig borið, að Hvítá hafi runnið til suðvesturs út úr tjörninni ofan við malarkambinn, og hefði hann hvorki veitt því eftirtekt, að tjörnin né malarkamburinn breyttist á þessu tímabili. Þessi vitnisburður var tekinn jafn gildur og hann væri eiðfestur.

7. *Ólafur Einarsson, bóndi að Vindási í Kjós,* hefur borið, að hann hafi að staðaldri síðan árið 1884, þangað til bílvegurinn var lagður yfir Kollafjörð, farið Kollafjarðareyrar og ekki reka minni til, að Hvítá hafi runnið annars staðar til sjávar en hún gerir nú, þ. e. „um lónið og austur fyrir grandann". Einnig hefur hann borið, að áin hafi runnið sem næst í suður gegnum kambinn, og

muni ekki til, að tjörnin eða malarkamburinn hafi neitt breytzt á þeim tíma, sem að ofan greinir. Þegar kom út fyrir sjávarkambinn, dreifði áin sér um leirurnar. Vitnisburðurinn var tekinn jafngildur og hann væri eiðfestur.

8. *Bergþór Ágúst Þorsteinsson að Káraneskoti* í Kjós hefur borið, að hann hafi oft á ári síðan 1910, þangað til þjóðvegurinn var lagður, farið um malarkambinn við Kollafjörð og ekki muna til, að áin breytti sér neitt á því tímabili. Einnig hefur vitnið borið, að Hvítá hafi runnið út úr tjörninni nálega til suðurs, en ekki muna til, hvort tjörnin hafi breytt sér nokkuð á sama tíma eða malarkamburinn. Vitnisburðurinn var tekinn gildur, eins og hann væri eiðfestur.

9. *Jakob Guðlaugsson, bóndi að Sogni* í Kjós, hefur borið, að hann hafi oft á ári síðan laust fyrir síðustu aldamót farið um malarkambinn, þar sem Hvítá rennur út í Kollafjörð, og síðast farið þar um ríðandi árið 1939, og ekki muna til, að áin hafi breytt rennsli. Einnig hefur hann borið, að áin hafi runnið sem næst suður úr tjörninni, og hefði hún síðan dreift sér um leirurnar. Ekki kvaðst hann muna til, að malarkamburinn eða tjörnin hefði breytzt á sama tíma. Þessi framburður var staðfestur með eiði.

10. *Guðni Guðnason, bóndi að Eyjum* í Kjós, hefur borið, að síðan um 1900, þangað til þjóðvegurinn var byggður, man hann ekki til, að Hvítá hafi breytt um rennsli. Einnig bar vitnið, að áin hefði runnið til suðvesturs úr tjörninni og dreift sér um leirurnar, þegar hún kom út úr malarkambinum, en ekki mundi vitnið, hvort tjörnin eða malarkamburinn hefði tekið nokkrum breytingum á sama tímabili. Vitnisburðurinn var tekinn jafngildur og hann væri eiðfestur.

11. *Sigurjón Ingvarsson, bóndi að Sogni í Kjós,* hefur borið, að síðan 1900 og þangað til þjóðvegurinn var lagður um Kollafjörð hafi hann farið árlega og stundum oft á ári um malarkambinn í Kollafirði, og hefði áin ekki neitt breytt sér á því tímabili. Einnig ber vitnið, að hún hefði runnið mikið til suðurs út úr tjörninni og dreift sér suður á bóginn, þegar kom út á leirurnar, og að hvorki hefði tjörnin né malarkamburinn breytt sér á þessu sama tímabili. Þessi vitnisburður var tekinn gildur, eins og hann væri eiðfestur.

12. *Jón Bjarnason, bóndi í Púfu* í Kjós, hefur borið, að síðan laust fyrir 1900 og þangað til þjóðvegurinn var lagður, hafi hann oft á ári farið um sjávarkambinn í Kollafirði, og minnist þess ekki, að Hvítá hafi breytt rennsli á því tímabili. Einnig hefur hann borið, að áin hafi runnið út úr malarkambinum til suðurs og að engar breytingar hafi orðið á tjörninni eða malarkambinum á

þessu tímabili. Vitnisburðurinn var tekinn gildur, eins og hann væri eiðfestur.

13. *Ögmundur Hansson Stephensen,* sem átti *heima að Hurðarbaki í Kjós* á árunum 1885—1905, hefur borið, að Hvítá hafi ekki breytt rennsli, síðan að hann fór fyrst þarna um, en hann fór þarna oft á ári, einkum síðari hluta ofangreinds tímabils. Þessi framburður hefur verið staðfestur með eiði.

14. *Jón Stefánsson, sem á árunum 1890—1933* átti heima í Kjós, hefur borið, að síðan um 1880 og þangað til að þjóðvegurinn var fluttur, að hann hafi ekki séð annað en að Hvítá renni alltaf á sama stað gegnum malarkambinn út í Kollafjörð, er hann athugaði staðhætti 7. desember 1941. Þessi framburður var staðfestur með eiði.

Á hinn bóginn hafa eftirtalin vitni borið það, að Hvítá hafi breytt rennsli út úr malarkambinum til sjávar:

1. *Runólfur Magnússon frá Lykkju á Kjalarnesi,* sem var kaupamaður í Kollafirði sumurin 1893—1895, hefur borið, að Hvítá hafi á þeim tíma runnið út úr tjörninni miðri yfir mjóan malarkamb og út leirurnar fyrir norðan sandrif það, sem upp úr sjó kemur um stórstraumsfjöru. Vitnið athugaði staðhætti 25. október 1941, en hafði þá ekki komið að Hvítárósum síðan árið 1897. Hann merkti með bláu striki á uppdráttinn á rskj. nr. 9, hvar hann teldi, að áin hefði runnið út úr malarkambinum, en taldi hugsanlegt, að hún hefði runnið eitthvað norður út úr honum, en alls ekki sunnar. Hann tók fram, að áin hefði breytt um farveg út úr malarkambinum meðan hann man til. Þetta vitni er þannig skylt ábúanda Kollafjarðar, að faðir hans og afi Kolbeins Högnasonar voru bræður. Vitnisburðurinn var tekinn jafngildur, eins og hann væri eiðfestur.

2. *Jón Árnason frá Viðinesi á Kjalarnesi* og fæddur þar árið 1877, en dvaldi síðan að Móum frá 1898—1900, hefur borið, að Hvítá hafi á þessum tíma runnið út úr tjörninni miðri yfir mjóan malarkamb, eða þar sem merkt er á rskj. nr. 9 með bláu striki. Um 1908 kom hann að Hvítárósum, og þá rann áin enn þá nálægt því sem var í æsku hans, eða miklu norðar en hún nú rennur til sjávar, eftir ágizkun um 200 m norðar. Vitnið athugaði staðhætti 2. nóvember 1941. Vitnisburðurinn var tekinn gildur, eins og hann væri eiðfestur.

3. *Runólfur Þórðarson frá Móum á Kjalarnesi* hefur borið, að frá því að hann man fyrst eftir (hann er fæddur árið 1874) og til 1900 hafi Hvítá runnið úr tjörninni miðri yfir malarkambinn, þar sem merkt er með blárri línu á uppdráttinn á rskj. nr. 9. Síðast fór hann um hjá Hvítárósum árið 1900, en 2. nóvember 1941 athugaði hann staðhætti að nýju. Einnig bar hann, að hann myndi

ekki til, að áin hefði neitt breytt rennsli frá því að hann man eftir og þangað til að hann fór af Kjalarnesi. Þessi framburður var staðfestur með eiði.

4. *Ragnheiður Kolbeinsdóttir frá Kollafirði* hefur borið, að Hvítá hafi árið 1889 runnið út úr tjörninni, sunnanvert við hana miðja, og síðan út leirurnar og að mestu norðan við sandrifið, yzt á þeim, sem kemur upp um stórstraumsfjörur. Árið 1912 kom vitnið á flatirnar ofan Hvítárósa, er þar fór fram í tjaldbúðum gullbrúðkaup foreldra hennar, og hafði áin þá ekki breytt rennsli í gegnum malarkambinn. Þetta vitni er móðursystir Kolbeins Högnasonar ábúanda Kollafjarðar. Vitnisburðurinn var tekinn jafngildur, eins og hann væri eiðfestur.

5. *Guðmundur Pétursson, sem heima átti að Esjubergi og Kollafirði* á Kjalarnesi á tímabilinu frá 1880—1900, hefur borið, að Hvítá hafi breytt rennsli, og hafi hún runnið á ofangreindu tímabili, þar sem rauða strikið er dregið á uppdráttinn á rskj. nr. 9, og alls ekki sunnar. Útrennsli árinnar hafi breytzt frá ári til árs um 5—10 metra af völdum malar, sem brim og sjór báru upp. Vitnið kom 25. okt. 1941 að Hvítárósum og athugaði staðhætti. Þá hafði áin breytt um rennsli út úr malarkambinum, og rann nú miklu sunnar út til sjávar. Úti á leirunum rann áin fyrst til suðvesturs, en síðan að mestu fyrir norðan sandrifið, sem upp úr kemur um stórstraumsfjörur. Þetta vitni er eiginmaður systur næsta vitnis að framan. Vitnisburðurinn var tekinn jafn gildur og hann væri eiðfestur.

6. *Ágúst Jónsson frá Varmadal* hefur borið, að hann hafi árin 1908—1910 verið kunnugur í Kollafirði, og hafi Hvítá þá runnið til sjávar rúmlega 200 metrum norðar en Kollafjarðará, og muni hún hafa runnið til sjávar á svipuðum stað og sýnt er á rskj. nr. 19. Einnig hefur hann borið, að Hvítá hafi runnið út úr tjörninni aðeins sunnan til við krossinn, sem merktur er með bleki við fjöruborðið á uppdrættinum á rskj. nr. 9, og hafi áin breytt rennsli sínu smám saman. Vitnið athugaði staðhætti um hálfum mánuði áður en það mætti fyrir dóminum. Þessi vitnisburður var staðfestur með eiði.

7. *Pétur Guðmundsson frá Kollafirði* hefur borið, að hann hafi árin 1908—1910 verið kunnugur í Kollafirði, og þá hafi Hvítá runnið til sjávar rúmlega 200 metrum norðar en Kollafjarðará, og hefði Hvítá þá runnið út í gegnum kambinn, þar sem merkt er með tveimur krossum við fjöruborðið á uppdrættinum á rskj. nr. 9. Að því er Kollafjarðará snertir, taldi vitnið, að hún hefði runnið til sjávar nokkru sunnar en sýnt er á rskj. nr. 19. Einnig bar vitnið að kamburinn norður af ósi Hvítár, norður undir gamla ósinn, sé nýtt land, sem myndazt hafi á árunum 1910—1941 af uppburði frá sjó. Vitnið athugaði staðhætti tvisvar sinnum skömmu áður en

hann mætti fyrir dóminum. Vitnisburðurinn var tekinn jafngildur, eins og hann væri eiðfestur.

8. *Þorkell Jónsson frá Snússu á Kjalarnesi* hefur borið, að rétt fyrir aldamót hafi Hvítá runnið miklu norðar til sjávar heldur en Kollafjarðará, eða um 200 metrum norðar. Rann Hvítá þá út úr miðri tjörninni úr smáviki, sem nú sést vestast í henni, og hafi hún runnið sem næst þar sem merktir eru tveir krossar á uppdráttinn á rskj. nr. 9. Tjörnin, sem er ofan við malarkambinn, var miklu minni, aðeins lítill pollur. Einnig bar hann, að hann myndi til staðhátta við Kollafjörð árin 1899, 1900, 1910, 1911 og 1917, og myndi hann ekki til, að áin breytti sér á þessu tímabili. Vitnið áréttaði síðan framburð sinn og sagði, að áin myndi aðallega hafa breytt rennsli eftir 1911. Þá tók vitnið fram, að áin mundi hafa runnið sunnan við sandrifið, þegar kom út á leirurnar. Þessi framburður var staðfestur með eiði.

9. *Björn Jónsson frá Lykkju á Kjalarnesi* hefur borið, að um 1900 og skömmu fyrir hafi Hvítá runnið til sjávar miklu norðar en hún gerir nú. Hafi hún runnið úr smáviki út úr tjörninni miðri og síðan út leirurnar og norðan við sandrifið. Tjörnin var um þær mundir miklu minni heldur en hún er nú. Vitnið athugaði staðhætti við Hvítárósa 23. nóvember 1941 og taldi, að Hvítá mundi hafa runnið um 200 metrum norðar út í gegnum malarkambinn heldur en hún gerir nú. Afi vitnisins og afi Kolbeins Högnasonar voru bræður. Vitnisburðurinn var tekinn jafn gildur og hann væri eiðfestur.

10. *Magnús Jónasson, bóndi á Völlum á Kjalarnesi,* hefur borið að Hvítá muni hafa runnið um 120 metrum norðar heldur en hún gerir núna. Vitnið athugaði staðhætti 2. nóvember 1941, en man til árinnar frá því rétt fyrir aldamót og þangað til 1907. Einnig hefur hann borið, að tjörnin ofan við malarkambinn hafi verið allmiklu minni þá heldur en núna og að áin hafi runnið út leirurnar sitt hvorum megin við sandrifið. Þá hefur hann haldið því fram, að malarkamburinn hafi verið miklu mjórri heldur en hann er núna. Þessi framburður var staðfestur með eiði.

11. *Kolbeinn Högnason, bóndi í Kollafirði,* gaf þá skýrslu, að Hvítá hafi runnið um 1913 sem næst þar sem svarti krossinn er merktur í uppdráttinn á rskj. nr. 9, en síðan færzt smám saman suður á bóginn. Hafi kamburinn breikkað mikið síðan að hann man fyrst eftir, en hann er 52 ára gamall. Rann Hvítá þá sem næst út úr miðri tjörninni, sem þá var miklu minni heldur en nú. Þessi framburður hefur ekki verið staðfestur og mótmælt.

12. *Andrés Ágúst Guðnason, sem var á Mógilsá frá 1886—1908,* hefur borið, að Hvítá hafi ekki runnið sunnar í gegnum malarkambinn á þessu tímabili en sýnt er á rskj. nr. 9 með krossi við sjávarmál. Tjörnin sé stærri heldur en þegar hann þekkti til og

malarkamburinn breiðari. Hann athugaði staðhætti í marz 1941 og aftur skömmu áður en hann bar vitni. Einnig bar hann, að Mógilsá hafi í vatnavöxtum runnið í tjörnina, en það hafi þó aðeins verið kvísl, sem runnið hafi um skamman tíma í vesturenda tjarnarinnar, og mundi það hafa verið í 2—3 ár á ofangreindu tímabili. Vitnisburðurinn var tekinn jafngildur, eins og hann væri eiðfestur.

13. *Oddur Jónsson frá Króki á Kjalarnesi* hefur borið, að hann á árunum 1900—1921 hafi oft farið um Kjalarnesið og yfir Hvítá. 9. nóvember 1941 fór hann og athugaði staðhætti og sá þá, að Hvítá rennur talsvert sunnar út úr malarkambinum heldur en hún gerði um aldamót, en þá rann hún beint út úr tjörninni og yfir malarkambinn, en ekki meðfram honum, eins og nú. Síðustu árin, sem vitnið fór þarna um, var áin farin að beygja til suðurs, og man hann, að kominn var nokkur malarkambur, sem áin rann meðfram, eftir að hún rann út úr tjörninni og áður en hún rann til sjávar. Einnig bar vitnið, að um aldamót hafi áin ekki runnið sunnar til sjávar en við blekkrossinn, sem merktur er á uppdráttinn á rskj. nr. 9. Breytingin á ánni muni hafa orðið smám saman. Vitnisburðurinn var tekinn gildur, eins og hann væri eiðfestur.

14. *Jón Halldórsson frá Austur-Völlum á Kjalarnesi* hefur borið, að 10 ára gamall hafi hann flutzt að Álfsnesi og verið þar 11 ár. Á því tímabili rann Hvítá til sjávar úr miðri vestanverðri tjörninni úr smáviki, sem nú er sjáanlegt til vesturs í tjörninni. Einnig bar hann, að tjörnin hefði verið miklu minni þá heldur en núna. Hinn 23. nóvember 1941 athugaði vitnið staðhætti. Hann kvaðst ekki vita, hvenær Hvítá hefði breytt rennsli til sjávar eða hvorum megin sandrifsins hún hefði runnið út leirurnar. Þessi vitnisburður var staðfestur með eiði.

15. *Gunnlaugur Jónsson frá Króki á Kjalarnesi* hefur borið, að Hvítá hafi, er hann athugaði staðhætti við Hvítárósa í nóvember 1941, runnið talsvert sunnar til sjávar út úr malarkambinum heldur en hún gerði skömmu eftir síðustu aldamót, er hann man fyrst eftir henni. Þá rann áin út úr miðri tjörninni sunnanverðri og sem næst beint til vesturs út úr malarkambinum. Vitnið fór síðast um ósana 1923—1924, og rann áin þá á svipuðum stað út úr malarkambinum og hún rennur nú. Ekki treysti vitnið sér til að sýna á uppdrættinum á rskj. nr. 9, hvar áin muni hafa runnið út úr kambinum, og ekki muna, hvenær áin hafi breytt framrennsli. Vitnisburðurinn var tekinn gildur, eins og hann væri eiðfestur.

16. *Dr. Björn Þórðarson frá Móum á Kjalarnesi* hefur borið, að Hvítá hafi á tímabilinu 1890—1897 líklega runnið sunnan við rauða strikið á uppdrættinum á rskj. nr. 9. Ármynnið hafi líklega verið sunnanvert við miðjan ósinn. Vitnið athugaði staðhætti í nóvember 1941 og fannst mikil breyting orðin á. Ósinn (tjörnin)

líklega að yfirborði fjórum sinnum stærri en áður, og falli áin nú suður úr honum og renni langa leið, áður en hún renni til sjávar. Stefnumunurinn milli núverandi útrennslis og á ofangreindu tímabili, þótti vitninu ekki ólíklegt, að myndaði 45—50 gráða horn. Vitnisburðurinn var tekinn gildur, eins og hann væri eiðfestur.

17. *Einar Runólfsson, sem á árunum 1916—1927* var ýmist að Völlum eða *Norður-Gröf á Kjalarnesi*, hefur borið, að hann hafi oft á því tímabili farið um Hvítárósa. Í byrjun nóvember 1941 athugaði hann staðhætti að nýju, og taldi, að Hvítá rynni nú nokkru sunnar út úr malarkambinum heldur en hún gerði þá, og að malarkamburinn hefði verið miklu styttri og mjórri. Ekki treysti vitnið sér til að tiltaka þá vegarlengd, er áin hefði breytt rennsli. Vitnisburðurinn var gildur tekinn, eins og hann væri eiðfestur.

18. *Einar Pétursson*, sem dvaldi nokkur ár skömmu eftir síðustu aldamót í Kollafirði, hefur borið, að Hvítá hafi runnið talsvert norðar til sjávar yfir malarkambinn heldur en hún gerði nú eða á árunum 1905—1907. Vitnið athugaði staðhætti við Hvítárósa í nóvembermánuði 1941. Vitnið treysti sér ekki til að sýna á uppdrættinum á rskj. nr. 9, hvar áin mundi hafa runnið, en fullyrti, að það hefði verið talsvert norðar heldur en hún rennur núna, og kvaðst ekki geta til tekið fjarlægðina í metrum. Einnig tók vitnið fram, að hann gerði ráð fyrir, að áin hefði breytt rennsli smám saman. Vitnisburðurinn var tekinn gildur, eins og hann væri eiðfestur.

19. *Sigurður Nielsson, sem dvaldist að Mógilsá* á árunum 1882—1886, hefur borið, að Hvítá hafi breytt mjög rennsli til sjávar síðan að hann var á Mógilsá. Athugaði hann staðhætti seint í nóvember 1941. Vitnið bar, að áin mundi hafa runnið til sjávar sem næst því, þar sem merkt er rautt strik á uppdráttinn á rskj. nr. 9, og síðan vestur leirurnar. En ekki kvaðst vitnið muna eftir neinu sandrifi utan við leirurnar. Þá hefur hann borið, að tjörnin ofan kambsins hafi verið miklu minni heldur en núna. Vitnið hefur ekki komið í 50 ár á staðinn, er það kom þangað aftur í nóvembermánuði 1941. Vitnið vann eið að framburði sínum.

Enn fremur hafa í málinu verið lögð fram nokkur vottorð, en þau hafa ekki verið staðfest fyrir dóminum, enda þótt þeim hafi verið mótmælt sem óstaðfestum utanréttar vottorðum.

Við samanburð á framburðum þessum kemur í ljós, að mjög mikið misræmi er milli þeirra. Skiptast þeir í tvo aðalflokka. Annars vegar standa framburðir þeirra vitna, sem halda því fram, að Hvítá hafi ekki breytt rennsli, en hins vegar eru vitnisburðir þeirra, sem halda því fram, að áin hafi breytt rennsli út úr malarkambinum, auk þess sem nokkru skakkaði í framburði vitnanna í þessum flokki innbyrðis. Ber þeim ekki saman um, hve mikilli vegarlengd nemi breyting sú, sem orðið hafi á framrennsli ár-

innar, og treystu sum vitnin sér ekki til þess að tiltaka vegalengd.

Eins og vitnisburðir þessir liggja fyrir, þá þykir augljóst, að þeir skeri ekki úr um niðurstöðu í máli þessu.

Stefndur hefur haldið því fram, að uppdráttur herforingjaráðsins, rskj. nr. 53, sannaði fullkomlega, að Hvítá hefði síðan árið 1908, að mælt var til undirbúnings uppdrættinum, breytt rennsli þannig, að hún rynni nú um 140 metrum sunnar heldur en hún gerði þá. Uppdráttur þessi er gerður með mælikvarða 1:50000.

Ágúst Böðvarsson verkfræðingur framkvæmdi mælingar á botni Kollafjarðar 21. og 27.—29. desember 1941, og gerði síðan uppdrátt af svæðinu með mælikvarða 1:10000. Uppdráttur þessi hefur verið lagður fram í málinu sem rskj. nr. 55. Hann hefur markað á þenna uppdrátt með rauðum hring og merkt með tréstaur á landinu þann stað, sem ósar Hvítár hefði verið árið 1908 samkvæmt uppdrætti herforingjaráðsins, rskj. nr. 53. Við leitina að þessum stað hefur hann miðað við hlutföll fjarlægða meðfram ströndinni, milli Hvítárósa og Mógilsáróss annars vegar og hins vegar við ósa farvegs Kollafjarðarár, þar sem hún rann til sjávar fram til ársins 1917. Reyndist honum, að fjarlægðin frá þeim stað, sem Hvítá hefði runnið til sjávar 1908, og sandrifs, sem er norðan við núverandi framrennsli hennar, vera 140 metrar, eða að Hvítá rynni nú 140 metrum sunnar heldur en hún gerði árið 1908. Þess skal getið, að við merkjagöngu fundu dómendur í máli þessu ekki staur þann, sem verkfræðingurinn kvaðst hafa rekið niður til þess að merkja staðinn, sem áin hefði runnið til sjávar 1908. Ágúst Böðvarsson hefur ekki mætt fyrir dóminum og staðfest mælingar sínar og uppdrætti.

Sigurður Thoroddsen yfirkennari hefur í umsögn á rskj. nr. 63 bent á, að uppdráttur herforingjaráðsins, sem Ágúst Böðvarsson hefur notað við staðarákvörðun sína, sé í svo litlum mælikvarða (1:50000), að aðallega sé um afstöðuuppdrátt að ræða, sem ekki sé nákvæmur í smærri atriðum. Þannig gæti tjarnarinnar ofan við malarkambinn lítið gætt á uppdrættinum, vegna þess hve lítill hann væri, enda væri hún ekki sýnd. Ágúst Böðvarsson hefur bent á, að ef hún hefði verið 90 m á breidd, hefði hún átt að vera sýnd með 1,8 mm breidd á uppdrættinum. Sama máli gegnir um þá breytingu, sem haldið er fram, að orðið hafi á ánni. Hún nemur með þessum sama mælikvarða 2,8 mm miðað við 140 m breytingu. Hennar mundi því lítið gæta á svona litlum uppdrætti, og færi þá eftir því, með hve mikilli nákvæmni uppdrátturinn er gerður, hvort hennar hefði nokkuð gætt.

Með hliðsjón af framansögðu lítur dómurinn svo á, að uppdráttur herforingjaráðsins frá 1909, rskj. nr. 53, sé gerður með of litlum mælikvarða til þess að hægt sé að líta á hann sem full-

nægjandi sönnun fyrir því, að Hvítá hafi breytt rennsli til sjávar síðan árið 1908.

Í málinu hefur verið lögð fram álitsgerð Jóhannesar Áskelssonar, rskj. nr. 67. Skjali þessu hefur verið mótmælt sem óstaðfestu, en samt hefur ekki farið fram staðfesting á því fyrir dóminum.

Í landamerkjaskránum á rskj. nr. 2 og 3 er annars vegar komizt svo að orði, að Hvítá ráði merkjum frá sjó í Geithól og upp á Esjubrún, en hins vegar, að áin ráði merkjum frá ósnum, þar sem hún fellur nú í sjóinn, til upptaka. Þaðan ræður bein stefna skemmstu leið upp á Esju.

Stefndur hefur haldið því fram, að með orðalaginu: „Þar sem hún fellur nú í sjóinn", sé í fyrsta lagi sagt, að sá farvegur, sem áin rann í árið 1889, þegar landamerkjabréfið var gert, skuli ráða merkjum, en ekki sá farvegur, er áin síðan kynni að brjóta sér. Í öðru lagi sé gefið í skyn með orðinu „nú", að áin sé ekki stöðug í rásinni. Í þriðja lagi hefur hann haldið því fram, að svona orðalag sé í landamerkjaskrám að jafnaði ekki notað, nema um ár, sem kunnugt sé um, að hafi annað hvort breytt farvegi sínum eða talið sé, að auðveldlega geti gert það. Þessu til sönnunar eru þó ekki tekin nein dæmi.

Stefnandi hefur algerlega mótmælt þessum skilningi á orðalagi bréfsins og haldið því fram, að orðalagið væri í samræmi við orðun landamerkjabréfa yfirleitt, þar sem miðað sé við staðhætti, eins og þeir eru, þegar bréfin eru samin.

Dómurinn fellst á þessa röksemdafærslu stefnanda að því er þetta atriði snertir, og vill jafnframt benda á, að bréfin eru lesin á sama manntalsþingi, án þess að nokkrar athugasemdir hafi vitanlega komið fram um efni þeirra.

Í málinu verður að teljast upplýst, að Hvítá rennur út leirurnar sunnan við sandrifið (Sandeyri) sem kemur upp úr sjó um fjörur.

Krafa stefnanda um það, að viðurkennt verði, að Mógilsá hafi átt land að Hvítá, þar sem hún rann gegnum malarkambinn áður en malartekja haustið 1940 orsakaði breytingu á rennsli árinnar, verður ekki tekin til greina, þar sem hún er of óákveðin og ekki sannað í málinu hvar áin rann þá.

Við athugun á staðháttum virðist augljóst, að Hvítá hafi ráðið merkjum milli Mógilsár og Kollafjarðar, og að það sé að öllu leyti eðlilegast. Dóminum virðist, að ekki verði hallað á eigendur þessara jarða með því að ákveða landamerki þeirra þannig, að Hvítá ráði merkjum frá sjó og til upptaka og síðan ráði stytzta lína frá upptökum árinnar að Esjubrún.

Samkvæmt þessu verða kröfur stefnanda teknar til greina í höfuðatriðum.

Eftir þessum úrslitum málsins ber stefndum að greiða kostnað málsins og sundurliðast hann þannig:

1. Málskostnaður stefnanda og málflutningslaun samkvæmt framlögðum reikningi ..... kr. 1754.75
2. Ferðakostnaður dómenda, kr. 450.00, og dagpeningar, kr. 400.00, eða alls ..... — 850.00

og verður málskostnaður því samtals ..... kr. 2604.75

Dráttur sá, sem orðið hefur á því, að dómur væri kveðinn upp í málinu, stafar af margháttuðum önnum formanns dómsins, undirbúningi undir manntalsþing og þingaferðum.

Því dæmist rétt vera:

Landamerki milli Mógilsár og Kollafjarðar skulu vera þessi:

Frá sjó ráði Hvítá, eins og hún rennur til sjávar fyrir sunnan Sandeyri við Kollafjarðarbotn, upp að malarkambi og gegnum hann, síðan til norðurs meðfram malarkambinum að tjörninni, sem áin myndar fyrir austan malarkambinn, og síðan eftir farveginum í miðri tjörninni. Eftir það ráði áin frá því að hún rennur í tjörnina til upptaka og úr því stytzta lína í Esjubrún.

Málskostnað greiði stefndur, landbúnaðarráðherra f. h. jarðakaupasjóðs ríkisins, með kr. 2604.75.

Dóminum ber að fullnægja innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 15. nóvember 1944.

Nr. 81/1943. **Valdstjórnin** (Jón Ásbjörnsson)
gegn
Paul A. S. Wiberg. (Lárus Fjeldsted).

Ólöglegar veiðar togara í landhelgi.

Dómur hæstaréttar.

Eftir að héraðsdómur var upp kveðinn, hafa yfirmenn varðskipsins gefið frekari skýrslu fyrir dómi um töku togarans, Leivur Össurson T.G. 32 og staðarákvarðanir sínar og mælingar. Þá hefur og forstöðumaður Stýrimannaskólans í Reykjavík markað á sjóuppdrátt stað þann, þar sem

greindur togari var stöðvaður. Reyndist sá staður bæði samkvæmt staðarmörkun yfirmanna varðskipsins og afmörkun skólastjórans að vera 1,3 sjómílur innan landhelgilínu. Er það því sannað, að kærði var að veiðum í landhelgi, þegar hann var tekinn.

Ber samkvæmt þessu að staðfesta héraðsdóminn að niðurstöðu til, þó svo, að greiðslufrestur sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 800 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Kærði, Paul A. S. Wiberg, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Jóns Ásbjörnssonar og Lárusar Fjeldsteds, 800.00 kr. til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Barðastrandarsýslu 4. september 1943.

Ár 1943, laugardaginn 4. september, var í lögreglurétti Barðastrandarsýslu, sem haldinn var í skrifstofu embættisins af sýslumanni Jóhanni Skaptasyni, kveðinn upp dómur í lögreglumálinu nr. 16/1943: Valdstjórnin gegn Poul Anders Siegfred Wiberg, Tveraa, Færeyjum.

Kærður Poul Anders Siegfred Wiberg er skipstjóri á togaranum Leivur Össurson frá Tveraa í Færeyjum T.G. 32. Hann hefur ekki áður, svo vitað sé, sætt kæru fyrir brot á íslenzku fiskveiðalöggjöfinni.

Málið er höfðað gegn honum fyrir brot á lögum nr. 5 frá 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum í landhelgi, sbr. lög nr. 4 frá 1924. Það var rannsakað og dómtekið í dag.

Í morgun kl. 7,10, er varðskipið Óðinn var að landhelgigæzlu fyrir Vestfjörðum og lét reka út af Svalvogsvita, sást til ferða

botnvörpungs, er virtist að veiðum í landhelgi. Var þá haldið til hans. Kl. 7,38 var dregið upp stöðvunarmerki og kl. 7,40 stöðvað við hlið togarans. Reyndist togarinn vera færeyski togarinn Leivur Össurson T.G. 32, og var hann að veiðum með bakborðsvörpu. Á sama tíma stöðvaði botnvörpungurinn, og var þá látið út dufl við hlið hans.

Staður duflsins var:

Barðinn v.k.

> 93° 00'

Álftamýrartangi

> 86° 00'

Straumnes v.k. (Blakkur)

og

Barðinn v.k.

> 32° 53'

Svalvogaviti

> 71° 40'

Bíldudalshryggur

Dýpi 48 metrar.

Þessi staðarákvörðun sýnir, að togarinn var 1,3 sjómílur innan við landhelgilínuna. Kærðum var þá boðið að gera sjálfur staðarákvörðun með tækjum varðskipsins. Hann þáði það ekki, en talaði um að láta stýrimanninn gera það. Af því varð þó ekki.

Hér fyrir réttinum hefur kærður lýst því yfir, að hann trúi því, að hann hafi verið að veiðum í landhelgi fyrst varðskipstjórinn fullyrði það, og skýrslu varðskipstjórans kveðst hann ekki geta mótmælt. Hann bendir aðeins á það, að hann hafi ekki ætlað að fiska í landhelgi og að samkvæmt sínum mælingum hafi hann talið sig vera utan landhelgi, en jafnframt bendir hann á það, að sjókort sitt sé ekki eins nákvæmt sem kort varðskipsstjórans.

Það verður því að teljast, að kærður viðurkenni, að hann hafi gerzt sekur um botnvörpuveiðar í landhelgi.

Brot hans varðar við 1. gr. sbr. 3. gr. laga nr. 5 frá 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum í landhelgi, sbr. lög nr. 4 frá 1924.

Refsing hans þykir hæfilega ákveðin kr. 29500,00 sekt, og er þá tekið tillit til þess, að gullgengi íslenzkrar krónu er í dag kr. 33.90. Sektin renni í landhelgisjóð Íslands.

Verði sektin eigi greidd innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa, afpláni kærður hana með 7 mánaða varðhaldi. Þá skal og allur afli og öll veiðarfæri, þar með taldir togstrengir togarans Leivur Össurson T.G. 32 frá Tveraa, eins og það er nú um borð í togaranum, gert upptækt og andvirðið renna í sama sjóð.

Loks greiði kærður allan kostnað sakarinnar.

Málið hefur verið rekið vítalaust.

Því dæmist rétt vera:

Kærður, Poul Anders Siegfred Wiberg, greiði kr. 29500.00 sekt til landhelgisjóðs Íslands.

Sektin greiðist innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa, en afplánist ella með 7 mánaða varðhaldi.

Allur afli og öll veiðarfæri, þar með taldir togstrengir togarans Leivur Össurson sé upptækt gert til sama sjóðs.

Kærður greiði allan kostnað sakarinnar.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 17. nóvember 1944.

Kærumálið nr. 11/1944. **Alþýðusamband Íslands f. h. verkamannafélagsins Dagsbrúnar**
gegn
Vinnuveitendafélagi Íslands.

Vitnaskylda sáttamanns í vinnudeilum.

Dómur hæstaréttar.

Með bréfi 3. þ. m. og hingað komnu samdægurs hefur félagsdómur sent hæstarétti kæru sóknaraðilja í máli ofangreindra aðilja, sem rekið er fyrir félagsdómi. Krefst sóknaraðili þess aðallega, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og heimilað að leggja 3. og 4. spurningu, er í úrskurðinum getur, fyrir þar greint vitni. Til vara krefst hann þess, að leyft verði að leggja 3. spurninguna fyrir vitnið. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi varnaraðilja fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Varnaraðili krefst staðfestingar á hinum kærða úrskurði og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann. Samkvæmt því ber sóknaraðilja að greiða varnaraðilja málskostnað fyrir hæstarétti, er ákveðst kr. 150.00.

Því dæmist rétt vera:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Alþýðusamband Íslands f. h. Verka-

mannafélagsins Dagsbrúnar, greiði varnaraðilja, Vinnuveitendafélagi Íslands, kr. 150.00 í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður félagsdóms 24. október 1944.

Í máli þessu, sem höfðað er hér fyrir dómi með stefnu 24. apríl þ. á. af Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkamannafélagsins Dagsbrúnar gegn Vinnuveitendafélagi Íslands, er um það deilt, hvaða merkingu beri að leggja í orðið „lýsisbræðsla" í 5. gr. kjarasamnings milli málsaðilja, dags. 22. febr. þ. á.

Samningur þessi komst á fyrir milligöngu sáttasemjara ríkisins og sáttanefndar, sem skipuð var samkv. 22. gr. laga nr. 80/1938.

Á dómþingi í máli þessu 17. þ. m. mætti fyrir dómi sem vitni einn sáttanefndarmanna, Emil Jónsson vitamálastjóri. Umboðsmaður stefnanda óskaði eftir því, að spurningarnar á réttarskjali nr. 10 yrðu lagðar fyrir vitnið, og svaraði það 1. og 2. spurningunni með samþykki umboðsmanns stefnda, en hins vegar mótmælti hann því, að 3. og 4. spurningin yrðu lagðar fyrir vitnið. Byggði hann mótmæli sín á því, að ólöglegt væri samkv. 4. mgr. 28. gr. laga nr. 80/1938, sbr. við 13. gr. laga nr. 85/1936, að skýra frá eða leiða vitni um málsatvik þau, sem spurningarnar fjölluðu um, enda vildi stefndi ekki samþykkja, að vitni yrðu leidd um þessi atriði.

Umboðsmaður stefnanda mótmælti því, að bann 4. mgr. 28. gr. l. nr. 80/1938 næði til þeirra málsatriða, sem 3. og 4. spurningin fjölluðu um, en upptalning nefndrar greinar væri tæmandi.

Vitnispurningar þær, sem um er deilt, hljóða svo:

3. spurning. Er það rétt, að sáttasemjari eða hin stjórnskipaða sáttanefnd skýrði fyrir báðum aðilum, að orðið „lýsisbræðsla" í 5. gr. samningsins næði yfir alla vinnu í lýsisvinnslustöðvum, aðra en út- og uppskipun á lýsi.

4. spurning. Teljið þér, að samninganefnd Vinnuveitendafélags Íslands hafi samþykkt, að orðið „lýsisbræðsla" í 5. gr. samningsins, sem nefndur er í 1. spurningu, næði til þeirrar vinnu, sem talin er upp í 3. spurningu.

Samkvæmt 4. mgr. 28. gr. laga nr. 80/1938 er óheimilt án samþykkis beggja samningsaðilja að skýra frá eða leiða vitni um, hvað aðiljar hafa lagt til á sáttafundum.

Telja verður að efni 4. spurningarinnar falli beint undir nefnt lagaákvæði, þar sem spurt er um, hvort annar samningsaðilja hafi samþykkt tiltekið tilboð frá hinum samningsaðiljanum. Ber því að synja þess, að hún verði lögð fyrir vitnið.

Hvað 3. spurningunni viðvíkur, þá fjallar hún að vísu aðeins

um það, hvað sáttamenn hafi sagt við samningsaðilja. En hún er nátengd 4. spurningunni og svar sáttamanns við henni gæti gert nauðsynlegt, að rannsökuð yrðu, til frekari upplýsingar málavöxtum, tilboð og yfirlýsingar samningsaðiljanna fyrir sáttamönnum, og raunverulega skapað öðrum aðiljanum þá aðstöðu í málsókn, að hann yrði neyddur til þess að skýra frá málsatvikum, sem honum annars væri ekki skylt samkvæmt framannefndu lagaákvæði. Þá ber og á það að líta, að það verður að teljast mjög heppileg regla, að sáttamenn í vinnudeilum þurfi sem minnst að bera um það, hvað fram hafi farið á sáttafundum. Að þessu athuguðu þykir ekki heldur rétt, að 3. spurningin verði lögð fyrir vitnið.

Því úrskurðast:

Spurningarnar nr. 3 og 4 á réttarskjali nr. 10 verða ekki lagðar fyrir vitnið Emil Jónsson.

Föstudaginn 17. nóvember 1944.

Nr. 87/1944. **H/f Sæfinnur** (Theódór B. Lindal)
gegn
Bæjarstjórn Neskaupstaðar f. h. bæjarsjóðs
(Einar B. Guðmundsson).

Útsvarsmál. Ómerking og heimvísun.

Dómur hæstaréttar.

Hinn áfrýjaða úrskurð hefur uppkveðið Kristinn Júlíusson, settur sýslumaður í Suður-Múlasýslu.

Í máli þessu heldur áfrýjandi því fram, að útsvar hafi verið ólöglega lagt á fjárhæð, er hann hafi lögum samkvæmt lagt í nýbyggingarsjóð og varasjóð. Áfrýjandi telur því útsvarið að nokkru lagt á útsvarsfrjálsar tekjur. En það atriði, hvort leggja megi útsvar á tilteknar tekjur eða tiltekna eign, sætir úrlausn dómstóla. Fógeti hefur eigi leyst úr því, hvort útsvar hafi verið réttilega lagt á tekjur lagðar í nýbyggingar- og varasjóð, og því látið sakarefnið óúrskurðað. Verður því að ómerkja fógetaúrskurðinn og leggja fyrir fógeta að úrskurða sakarefnið.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur, og er málinu vísað heim til úrskurðar um sakarefni samkvæmt framanskráðu.

Málskostnaður fyrir hæstarétti fellur niður.

Úrskurður fógetaréttar Suður-Múlasýslu 6. júní 1944.

Eins og málsskjölin bera með sér, hafði upphaflega orðið samkomulag um það með málsaðiljum, að mál þetta yrði rekið fyrir og úrskurðað af fógetarétti Neskaupstaðar. En eftir að málið hafði verið flutt þar og komið var að því, að það væri tekið undir úrskurð, þótti ýmislegt fram komið, er leiddi til þess, að réttara væri að það yrði úrskurðað af fógetarétti Suður-Múlasýslu. Eru þær ástæður raktar á rskj. nr. 1. Var málið því hafið þar, málsskjölin send hingað og það tekið hér undir úrskurð.

Málsaðiljar hafa báðir samþykkt þessa málsmeðferð.

Málið er að öðru leyti svo vaxið, að árið 1943 var lagt útsvar á h/f Sæfinn, sem þá átti lögheimili í Neskaupstað, kr. 40000.00. Útsvar þetta þótt h/f Sæfinni, gerðarþola í máli þessu, óviðunandi hátt og kærði útsvarsálagninguna til þeirra aðilja, er samkvæmt lögum hafa það á sínu valdi að ákveða úrsvarsupphæðir. Í meðförum þessara aðilja var svo útsvarið lækkað nokkuð, en þó eigi svo, að gerðarþoli teldi sig geta sætt sig við, en endanlegur úrskurður ríkisskattanefndar var á þá leið, að útsvarið skyldi vera kr. 36000.00. Af útsvarinu greiddi gerðarþoli á árinu kr. 32000.00, en eftirstöðvarnar, kr. 4000.00, neitaði hann að greiða, er hann var um þær krafinn. Er svo var komið, sneri krefjandinn, bæjarstjórinn í Neskaupstað, sér til bæjarfógetans þar og krafðist þess fyrir hönd bæjarsjóðs að lögtak yrði gert hjá gerðarþola fyrir hinum umkröfðu eftirstöðvum. Gerðarþoli mótmælti því, að lögtakið næði fram að ganga, og varð þá að samkomulagi með þeim, að atriðið yrði úrskurðað af fógetaréttinum.

Mótmæli sín gegn framgangi lögtaksins byggir gerðarþoli á því, að þegar útsvar hans var reiknað út af niðurjöfnunarnefnd, hafi verið taldar í útsvarsskyldum tekjum hans greiðslur, er runnu í sjóði. Séu greiðslur þessar undanþegnar tekjuskatti, og sama hljóti og að gilda að því er útsvarsskylduna snertir, þótt hvergi sé það beint fram tekið í lögum. Um hitt er enginn ágreiningur, að hann sé að öðru leyti útsvarsskyldur til bæjarsjóðs Neskaupstaðar, gerðarbeiðanda.

Rétturinn lítur svo á, að í máli þessu sé raunverulega um það eitt deilt, hvort útsvarið skuli vera hærra eða lægra. Hins vegar

er svo fyrir mælt í 24. grein laga nr. 106/1936, að úrskurður ríkisskattanefndar skuli vera fullnaðarúrskurður um útsvarsupphæð. Í þessu máli hefur ríkisskattanefnd fellt sinn úrskurð, og er hann endanlegur samkvæmt hinni tilvitnuðu lagagrein. Hefur rétturinn því ekki á sínu valdi að breyta neinu hér um, og ber þegar af þeirri ástæðu að leyfa framgang hinnar umbeðnu gerðar á ábyrgð gerðarbeiðanda, bæjarstjórans í Neskaupstað fyrir hönd bæjarsjóðs. Kemur því ekki til álita hér, hvort gerðarbeiðandi hefur verið misrétti beittur samanborið við aðra gjaldendur bæjarins, né heldur hvaða ástæður liggi til þess, hafi svo verið.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna lögtaksgerð skal fara fram.

Þriðjudaginn 21. nóvember 1944.

Nr. 94/1944. **Borgarfógetinn í Reykjavík og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs** (Einar B. Guðmundsson)

gegn

Garðari Þorsteinssyni (Sjálfur).

Útlagning fasteignar til veðhafa. Úrskurður uppboðsréttar ómerktur.

Dómur hæstaréttar.

Fyrir hæstarétti hefur stefndi lýst málavöxtum á allt annan veg en í héraði. Kveður hann sig hafa fengið veð það í húseigninni Mánagötu 22, er hann lýsti í héraði sem handveði í veðskuldabréfi, beint frá þáverandi eiganda eignarinnar, Guðmundi H. Þórðarsyni, og hafi veðrétturinn aldrei farið öðrum aðiljum á milli.

Eins og málið lá fyrir í héraði, bar héraðsdómaranum samkvæmt 114. gr. laga nr. 85/1936 að afla skýrslu stefnda um veðrétt þann, er hann taldi sig hafa, hvernig hann hefði stofnazt og til tryggingar hve hárri kröfu. Ef dómarinn hefði gætt þessa, mundi væntanlega hafa komið í ljós, hvernig veðréttinum var háttað. Þá hefði dómarinn og átt að afla vitneskju um, hvort þrotabú Guðmundar H. Þórðarsonar

hafi skipt sér af sölu hússins Mánagötu 22, og ef svo hefur verið, hvernig þeim afskiptum var varið.

Með því að málflutningnum var svo áfátt af hálfu stefnda, og héraðsdómarinn hefur undan fellt að afla fræðslu um framangreind veigamikil atriði, verður að ómerkja hinn áfrýjaða úrskurð og málsmeðferð, frá því að setudómarinn tók við málinu, og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og úrskurðar af nýju.

Eftir atvikum þykir rétt, að stefndi greiði áfrýjendum 500 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður og málsmeðferð, frá því að setudómarinn tók við málinu, eiga að vera ómerk, og vísast málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og úrskurðar af nýju.

Stefndi, Garðar Þorsteinsson, greiði áfrýjendum, borgarfógetanum í Reykjavík og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, 500 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður uppboðsréttar Reykjavíkur 21. júlí 1944.

Ár 1944, föstudaginn 21. júlí, var í uppboðsrétti Reykjavíkur, sem haldinn var á skrifstofu sakadómara á Fríkirkjuvegi 11 af Valdimar Stefánssyni, settum uppboðshaldara, uppkveðinn úrskurður í málinu: Garðar Þorsteinsson gegn lögmanninum í Reykjavík og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs; sem tekið var til úrskurðar sama dag.

Eftir kröfu bæjargjaldkerans í Reykjavík var húseignin Mánagata 22 hér í bæ, þinglesin eign Guðmundar H. Þórðarsonar, boðin upp á nauðungaruppboði, sem haldið var á eigninni sjálfri hinn 13. apríl 1943, til lúkningar opinberum gjöldum. Á eigninni hvíldu þessi veðbönd: I. veðréttur kr. 39000.00 til Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis samkvæmt veðbréfi, dagsettu 20. júní 1941, II. veðréttur kr. 150000.00 til handhafa víxils samkvæmt veðbréfi, dagsettu 21. júlí 1942.

Á uppboðinu mætti sóknaraðili þessa máls, Garðar hæstaréttarlögmaður Þorsteinsson, sem hafði að handveði annars veðréttar

víxilinn ásamt meðfylgjandi tryggingarbréfi i eigninni, og lýsti því yfir, að auk aðalupphæðarinnar væru áfallnir vextir af víxlum frá 1. september 1942, og hefði hann einnig veð í eigninni fyrir þeirri upphæð, og er þessu eigi mótmælt.

Uppboðið fór þannig, að hæstbjóðandi varð hrl. Garðar Þorsteinsson, er bauð kr. 155000.00 og krafðist þess, að sér yrði lögð eignin út sem ófullnægðum veðhafa, en til vara, að hún yrði seld sér sem kaupanda.

Hinn 20. sama mánaðar var málið tekið fyrir í skiptarétti, og lýsir skiptaráðandi þá yfir, að hann ákveði að veita útlagningarbeiðanda uppboðsafsal fyrir eigninni, þar sem hann sjái ekki, að skilyrði séu til útlagningar, eins og málið liggi fyrir.

Lýsti þá útlagningarbeiðandi því yfir, að hann mundi áfrýja þessari ákvörðun skiptaráðanda og að hann áskildi sér allan rétt til að krefjast endurgreiðslu á því, sem hann greiði fyrir uppboðsafsal meira en fyrir útlagningu. Greiddi hann síðan allan uppboðskostnað með þessum fyrirvara, og opinber gjöld og tók að sér að greiða I. veðréttarskuldina, sem var kr. 41025,00, og fékk síðan uppboðsafsal fyrir eigninni.

Þessari ákvörðun skiptaréttarins áfrýjaði útlagningarbeiðandi, og var hún ómerkt í hæstarétti hinn 18. febrúar s. l. og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppsagnar úrskurðar um þá kröfu útlagningarbeiðanda, að honum yrði lögð eignin út sem ófullnægðum veðhafa.

Í uppboðsrétti Reykjavíkur hinn 12. maí s. l. var málið tekið fyrir, og eftir kröfu útlagningarbeiðanda vék þá hinn reglulegi uppboðshaldari, Kristján Kristjánsson settur borgarfógeti, sæti.

Hinn 6. þ. m. var sá, er nú fer með málið, settur til að fara með það.

Af málavöxtum er ljóst, að hefði útlagningarbeiðandi verið eigandi víxilsins og annars veðréttar tryggingarbréfsins, hefði hann átt rétt á að fá eignina útlagða sem ófullnægður veðhafi. En nú er það skilyrði eigi fyrir hendi, þar sem útlagningarbeiðandi hefur víxilinn og tryggingarbréfið að handveði.

Kemur þá til álita, hvort útlagningarbeiðandi geti sem handveðshafi tryggingarbréfsins fengið útlagningu. Um þetta tilvik eru engin bein ákvæði í lögum né réttarvenja, svo vitað sé, og þykja því úrslit málsins eiga að vera þau, sem eðli málsins eru samkvæmust. Verður rétturinn að líta svo á, að með því að hafa tryggingarbréfið að handveði, hafi útlagningarbeiðandi raunverulega veðrétt í sjálfri eigninni. Hin eðlilega leið útlagningarbeiðanda til að gæta réttar síns var sú, er hann fór, að mæta á uppboðinu og bjóða í eignina, en boð hans fór ekki upp úr veðkröfu hans. Þar sem málum er svo háttað, þykir eigi verða séð ástæða til, að útlagningarbeiðandi eigi að vera verr settur en hinn upphaflegi veðhafi, og

verður því krafa hans um útlagningu sem ófullnægður veðhafi tekin til greina.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Húseignin Mánagata 22 skal lögð Garðari Þorsteinssyni hæstaréttarlögmanni út sem ófullnægðum veðhafa.

Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 27. nóvember 1944.

Nr. 6/1944. **Bæjarstjórn Ísafjarðar f. h. bæjarsjóðs** (Stefán Jóh. Stefánsson)

gegn

Hreppsnefnd Eyrarhrepps f. h. hreppsins. (Einar B. Guðmundsson).

Útsvarsskylda af búrekstri bæjarfélags.

Dómur hæstaréttar.

Sigurður Bjarnason alþingismaður hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar að fengnu áfrýjunarleyfi 5. jan. 1944 með stefnu 12. s. m. hefur krafizt þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar. Stefndi, sem hefur fengið gjafvörn í málinu, hefur krafizt staðfestingar á úrskurðinum og málskostnaðar fyrir hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Búrekstur manna á jörð utan sveitar sinnar er almennt útsvarsskyldur að lögum, sbr. lög nr. 106/1936, 8. gr. b., og er eigi heimild til að telja bæjarfélög eða sveitar, er bú reka í öðru sveitarfélagi, undan þeirri skyldu. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð að niðurstöðu til.

Málflutningslaun skipaðs talsmanns stefnda fyrir hæstarétti eru ákveðin kr. 600.00, og þykir eftir atvikum rétt, að áfrýjandi greiði stefnda sömu fjárhæð í málskostnað fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Málflutningslaun skipaðs talsmanns stefnda fyrir hæstarétti, Einars B. Guðmundssonar hæstaréttarlögmanns, ákveðast kr. 600.00, og greiði áfrýjandi, bæjarstjórn Ísafjarðar f. h. kaupstaðarins, stefnda, hreppsnefnd Eyrarhrepps f. h. hreppsins, sömu fjárhæð í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Ísafjarðar 1. september 1943.

Við niðurjöfnun útsvara í Eyrarhreppi árið 1942 var gerðarþola, Bæjarsjóði Ísafjarðar, gert að greiða Eyrarhreppi kr. 1200.00 í útsvar. Útsvar þetta var síðan af ríkisskattanefnd lækkað niður í kr. 900.00.

Með bréfi dags. 20. apríl s. l. krafðist oddviti Eyrarhrepps lögtaks fyrir útsvarsupphæð þessari ásamt kostnaði við lögtakið.

Lögtaksmál þetta var þingfest þ. 15. júní s. l. og lagt í úrskurð 30. þ. m. að undangengnum skriflegum málflutningi. Af hálfu gerðarbeiðanda eru gerðar þær réttarkröfur, að hið umbeðna lögtak verði framkvæmt til lúkningar útsvarinu, kr. 900.00, ásamt dráttarvöxtum af þeirri upphæð frá 31. ág. 1942 til greiðsludags, þar eð gerðarþoli neitaði að greiða hana. Einnig er þess krafizt af hálfu gerðarbeiðanda, að lögtak verði gert fyrir málskostnaði hans, er ákveðinn verði með mati réttarins.

Af hálfu gerðarþola eru hins vegar gerðar þær réttarkröfur, að fyrrnefnd útsvarsálagning verði úrskurðuð ólögleg, Bæjarsjóður Ísafjarðar sýknaður af kröfu Eyrarhrepps og synjað verði um framkvæmd gerðarinnar. Þá er þess krafizt af hálfu gerðarþola, að gerðarbeiðanda verði gert að greiða honum málskostnað eftir mati réttarins.

Af hálfu gerðarbeiðanda er því haldið fram, að gerðarþoli sé útsvarsskyldur í Eyrarhreppi samkvæmt útsvarslögum, þar eð hann hafi heimilisfasta atvinnustofnun í hreppnum, þ. e. hafi með höndum búrekstur á jörðinni Tungu í Eyrarhreppi. Sé bú þetta rekið sem sjálfstæð stofnun, er annist mjólkursölu til Ísafjarðar. Hafi gerðarþoli og greitt útsvar af rekstri sínum á jörðinni s. l. 18½ ár, án þess að vefengja lögmæti slíkrar útsvarsálagningar. Af hálfu gerðarþola er viðurkennt, að hann eigi og reki umrætt bú í Tungu í Eyrarhreppi og að hann hafi greitt útsvar af þeim rekstri til Eyrarhrepps þann tíma, er áður getur.

En gerðarþoli telur ekki vera um útsvarsskyldu að ræða af þeim

rekstri og vitnar því til stuðnings í 6. gr. útsvarslaga, ákvæði A-liðs II 2 c., þar sem „félög, sem að vísu reka atvinnu, en verja öllum ágóða af starfsemi sinni beinlínis til almenningsheilla samkvæmt samþykktum sínum" eru undanþegin útsvari.

Gerðarþoli telur enn fremur, að hér sé um að ræða rekstur hliðstæðan rekstri ríkisstofnana, sem undanþeginn sé útsvari. Bendir gerðarþoli enn fremur á Hrd. um útsvarsskyldu Reykjavíkurbæjar vegna rafstöðvarinnar við Sogsfossa, þar sem talið er, að slíkur rekstur sé ekki útsvarsskyldur í viðkomandi hreppi, þar eð rafmagnsstöðin sé rekin til þess að fullnægja almenningsheill, en ekki í atvinnuskyni.

Samkvæmt framanskráðu er upplýst, að gerðarþoli hefur á árinu 1941, útsvarsárinu, átt bú og rekið það á jörðinni Tungu í Eyrarhreppi. Verður ekki litið þannig á þann búrekstur, eftir þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, að hann geti komið undir 6. gr. A-lið II 2 c. útsvarslaganna og geti af þeim orsökum orðið útsvarsfrjáls. Upplýst er, að bæjarsjóður Ísafjarðar sé eigandi að 19/24 hlutum úr jörðinni Tungu og búi á 1/24 hlutum hennar. Hefur hann nytjað þann hluta jarðarinnar til venjulegs kúabúsreksturs síðan árið 1927.

Jarðarábúð og búskapur er almennt útsvarsskyldur, þótt jarðarnotandi sé ekki búsettur í viðkomandi hreppi, og skiptir í því sambandi ekki máli, hvort búið er rekið af einstaklingi eða bæjarfélagi. Sú skoðun gerðarþola, að slíkum rekstri bæjarfélags verði jafnað við útsvarsfrjálsan rekstur ríkisstofnana, verður heldur ekki talin hafa við rök að styðjast.

Bæjarfélögum sem slíkum er ekki í lögum áskilinn útsvarsundanþága af rekstri sínum í öðrum sveitarfélögum.

Um samanburð gerðarþola á rekstri raforkuversins við Sogsfossa við rekstur Tungubúsins, sem gerðarþoli telur hliðstæðan, er það að segja, að sá samanburður verður ekki talinn hafa þýðingu í þessu efni. Rekstur raforkuversins fyrir heila borg og umhverfi hennar verður ekki jafnað við rekstur bús, er framleiðir mjólk fyrir takmarkaðan hluta fólks í einu bæjarfélagi. Sú höfuðröksemd gerðarþola, að bú hans í Tungu sé fyrst og fremst rekið með almenningsheill fyrir augum, þykir því ekki nægilega rökstudd. Þvert á móti virðist sem þar sé um venjulegan búrekstur að ræða.

Samkvæmt þessu verður að áliti réttarins að telja, að atvinnurekstur gerðarþola í Tungu í Eyrarhreppi sé þannig, að ákvæði 6. gr. A-liðs II 2 c útsvarslaganna nái ekki til hans og geti því ekki réttlætt undanþágu hans frá útsvarsskyldu. Hafi því verið heimilt að leggja á hann útsvar samkvæmt ákvæði a-liðs 2. mgr. 8. gr. útsvarslaganna við niðurjöfnun útsvara í Eyrarhreppi árið 1942.

Verður samkvæmt þessu að taka til greina kröfu gerðarbeiðanda

um að hin umbeðna gerð fari fram fyrir framangreindu útsvari ásamt dráttarvöxtum samkvæmt útsvarslögum.

Rétt þykir að ákveða, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna gerð skal fara fram fyrir framangreindu útsvari og dráttarvöxtum af því samkvæmt útsvarslögum.

Málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 29. nóvember 1944.

Nr. 100/1944. **Valdstjórnin**
gegn
Jóni Jóhannssyni.

Framhaldsrannsókn fyrirskipuð.

Úrskurður hæstaréttar.

Rannsókn máls þessa er mjög áfátt, og verður því að leggja fyrir héraðsdómara að afla skýrslna um það, áður dómur gangi í því í hæstarétti.

1. Spyrja ber lögreglumann þann eða lögreglumenn þá, sem komu á vettvang eða sáu kærða eftir slysið, hvort þeim hafi virzt hann vera með áhrifum áfengis, og ef svo er, á hverju þeir hafi markað það. Þá ber og að spyrja lækni þann, sem tók blóð úr kærða, um greind atriði svo og það, hvenær komið var með kærða til hans.
2. Taka skal rækilegri skýrslu af mönnum þeim, sem voru í bílnum með kærða. Inna skal Óskar Sigurðsson eftir því, hvort hann hafi verið að drykkju með kærða einhvern tíma frá kveldi þess 6. júní og þar til slysið varð og hver hafi verið ástæða til, að farþegarnir voru þarna að aka með kærða um nóttina. Hinir farþegarnir skulu spurðir um það, hvort þeir hafi verið að drykkju með kærða á áðurgreindu tímabili, hvernig stóð á ferðum þeirra um nóttina, er slysið varð, og hvort þeir sjálfir hafi verið þá með áhrifum áfengis.

3. Lögreglumaður sá eða lögreglumenn þeir, sem sáu farþegana Hilmi Ásgrímsson og Valtý Pálmason um nóttina, skulu spurðir um það, hvort vín hafi sézt á farþegum þessum.
4. Kærði skal yfirheyrður um athafnir sínar frá því 6. júní og þar til slysið varð, með hverjum hann hafi verið að sumbli á þessum tíma, hvenær hann hafi hitt farþega þá, sem voru í bílnum, hvernig hafi staðið á því, að hann var að aka þeim á þessum tíma sólarhrings, og hvort hann hafi tekið þóknun fyrir aksturinn. Leitt skal í ljós, hvort bíllinn hafði hægri eða vinstri handar stýri svo og hvort nokkrar skemmdir urðu á honum, og ef svo var, þá hverjar.

Loks skal héraðsdómari leita þeirra frekari skýrslna, er framhaldsrannsókn kann að gefa efni til.

Því úrskurðast:

Héraðsdómari skal framkvæma áðurgreinda rannsókn.

Miðvikudaginn 29. nóvember 1944.

Nr. 89/1944. **Guðmundur Þorsteinsson**
gegn
Haraldi Andréssyni f. h. Nýju Blikksmiðjunnar og gagnsök.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Aðaláfrýjandi, Guðmundur Þorsteinsson, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 29. nóvember 1944.

Nr. 107/1944. **Ásgeir Ingimundarson**
gegn
Inga Haraldssyni.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ásgeir Ingimundarson, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 29. nóvember 1944.

Nr. 121/1944. **Jón Katarínusson**
gegn
Sigurði Berndsen og
Sigurgeir Sigurjónssyni.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Jón Katarínusson, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 4. desember 1944.

Nr. 88/1944. **Valdstjórnin** (Gunnar Þorsteinsson)
gegn
Guðmundi Jóhannessyni
(Kristján Guðlaugsson).

Setudómari próf. Ísleifur Árnason
í stað hrd. Einars Arnórssonar.

Brot gegn ákvæðum laga nr. 84/1933 um varnir gegn óréttmætum verzlunarháttum.

Dómur hæstaréttar.

Sala kærða á vöru þeirri, er í málinu greinir, varðar við 14. gr. laga nr. 84/1933, og þykir sekt hans með hliðsjón af 3. tölulið 74. gr. laga nr. 19/1940 hæfilega ákveðin 100 krónur til ríkissjóðs, og komi 3 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað eiga að vera óröskuð.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, 500 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Guðmundur Jóhannesson, greiði 100 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 3 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað eiga að vera óröskuð.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Gunnars Þorsteinssonar og Kristjáns Guðlaugssonar, kr. 500.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 26. apríl 1944.

Mál þetta, sem dómtekið var 21. þ. m., er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Guðmundi Jóhannessyni forstjóra, til heimilis Bergstaðastræti 69 hér í bæ, fyrir brot gegn lögum nr. 84 1933 um varnir gegn óréttmætum verzlunarháttum.

Kærður er kominn yfir lögaldur sakamanna og hefur sætt eftirtöldum refsingum:

1929 $^{1}/_{1}$ Kærður fyrir sviksamlegt athæfi. Málið rannsakað í Reykjavík og sent sýslumanninum í Suður-Múlasýslu.

1937 $^{2}/_{1}$ Meðtók í Reykjavík f. h. firmans Magnús Th. S. Blöndahl áminningu og greiddi málskostnað fyrir brot gegn 6. gr. reglugerðar nr. 51 1936 um aldinsafa o. fl.

1940 $^{1}/_{1}$ Sátt í Reykjavík, 5 kr. sekt, fyrir að tvímenna á reiðhjóli.

1942 $^{1}/_{1}$ Kærður í Reykjavík fyrir meint brot gegn lögum um matvælaskömmtun. Fellt niður með bréfi dómsmálaráðuneytisins.

1921 Suður-Múlasýsla. Sátt, 25 kr. sekt, fyrir brot gegn reglug. frá $^{1}/_{3}$ 1920 um innflutning á vörum.

1921 Suður-Múlasýsla, sátt, sekt kr. 7.50, fyrir brot gegn lögum nr. 75 1921 um stimpilgjald.

Tildrög máls þessa eru þau, að firmað Magnús Th. S. Blöndahl h/f, Reykjavík, hefur undanfarin 2 ár flutt inn og selt haframjöl í pökkum, en í hverjum pakka hefur einnig verið eitt vatnsglas. Félag íslenzkra stórkaupmanna taldi sölu þessa vera brot á lögum um varnir gegn óréttmætum verzlunarháttum og kærði þetta með bréfi dags. 23. júní s. l.

Kærður er og hefur verið forstjóri firmans Magnús Th. S. Blöndal h/f í Reykjavík, og ber ábyrgð á rekstri þess. Fyrri hluta ársins 1943 flutti firmað inn 400 kassa af hafranjöli. Í hverjum kassa voru 24 pakkar, og í hverjum pakka 14 oz. af hafranjöli og auk þess eitt vatnsglas. Var mynd af vatnsglasi utan á hverjum pakka og lesmál á ensku, þar sem skýrt var frá vatnsglasinu. Kassa þessa seldi firmað í heildsölu á kr. 41.61, og eru þeir nú seldir. Sams konar hafranjölssendingar hefur firmað síðar fengið, og eru þær nú einnig seldar.

Kærði hefur haldið því fram, að hér hafi verið að ræða um sölu á tveimur vörutegundum, sem seldar væru saman. Styður kærði þetta með því, að nefndir hafranjölskassar séu talsvert dýrari en sambærilegt hafranjöl án glervöru er selt hjá öðrum heildsölufirmum. Leitt er í ljós í málinu, að önnur heildsölufirmu hér í bæ hafa á sama tíma selt sama magn af hafranjöli, án þess að nokkur glervara eða annað fylgdi, talsvert ódýrara en firma það, er kærði veitir forstöðu, en ekki verður séð, hvort gæðin séu hin sömu.

Árið 1942 flutti firmað Magnús Th. S. Blöndal h/f inn nokkuð af sams konar haframjöli, og í sams konar umbúðum og haframjöl það, er það flutti inn árið 1943. Kveðst kærði þá hafa heyrt ávæning um, að sala á þessu haframjöli myndi talin ólögleg og hafa því snúið sér til skrifstofustjórans í viðskiptamálaráðuneytinu og spurzt fyrir um þetta atriði. Hefur skrifstofustjórinn staðfest þetta og kveðst hafa sagt kærða, að hann teldi ekki sitt verk eða ráðuneytisins að skera úr þessu, en hafa bætt við, að þar sem vatnsglösin væru reiknuð til verðs, en ekki gefin, þá áliti hann, að þetta bryti ekki í bága við lög. Í trausti þessa kveðst kærður hafa haldið áfram að flytja inn og selja haframjöl þetta. Kærði kveðst aldrei hafa auglýst haframjölið.

Í 14. gr. laga nr. 84 frá 19. júní 1933 um varnir gegn óréttmætum verzlunarháttum er bannað að gefa með verzlunarvörum kaupbætismiða, happdrættismiða, vörugjafir eða annað, sem dregið getur kaupendur til að kaupa þá vörutegund vegna verðmætis í því, er henni fylgir. Tilgangurinn með ákvæðum þessarar greinar virðist vera sá að koma í veg fyrir, að óskyldum vörum sé blandað saman í verzlun og með því reynt að afla vörutegund vinsælda með öðru móti en verðleikum hennar sjálfrar. Virðist í þessu sambandi enginn verulegur munur vera á, hvort fylgihluturinn sé beinlínis talin gjöf eða reiknaður til einhvers verðs, ef tilgangurinn er sýnilega sá, að lokka menn til að kaupa ákveðna vörutegund með því að láta aðra alveg óskylda fylgja með.

Eins og málsatvikum hefur verið lýst hér að framan, verður ekki annað séð en að eitt vatnsglas hafi verið látið fylgja sérhverjum haframjölspakka í þeim tilgangi að reyna að auka sölu na á haframjölinu. Orðalag hinnar tilvitnuðu lagagreinar er að vísu ekki með öllu ótvírætt, en með því að tilgangur greinarinnar virðist vera sá, að koma í veg fyrir verzlunarhætti sem þessa, þá verður að telja, að kærði hafi með framangreindri sölu brotið gegn 14 gr. laga nr. 84 frá 19. júní 1933. Eftir öllum atvikum og með hliðsjón af ákvæðum 3. töluliðs 74. gr. hinna almennu hegningarlaga, þykir refsing kærða samkvæmt 3. mgr. 14. gr. laga nr. 84 1933 hæfilega ákveðin 300 kr. sekt í ríkissjóð. Komi varðhald í 12 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, Jóns Ólafssonar hdl., kr. 250.00.

Í dóminum áttu sæti Árni Tryggvason settur borgardómari og meðdómendurnir Aðalsteinn Kristinsson forstjóri og Þorsteinn Þorsteinsson hagstofustjóri. Samkvæmt fyrirmælum dómsmálaráðuneytisins er borgardómari formaður dómsins, þótt hér sé um opinbert mál að ræða.

Dráttur sá, sem orðið hefur á því, að málið yrði tekið fyrir hér fyrir dóminum, stafar af mjög miklum önnum við borgardómaraembættið, svo og því, að erfitt var að ná til meðdómsmanna.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Guðmundur Jóhannesson, greiði 300 króna sekt í ríkissjóð, og komi varðhald í 12 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærður greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, Jóns Ólafssonar hdl., kr. 250.00.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 6. desember 1944.

Nr. 25/1944. **Réttvísin og valdstjórnin** (Lárus Jóhannesson) gegn **Guðjóni Andréssyni** (Magnús Thorlacius).

Bifreiðalagabrot. Líkamsáverki.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóminn hefur upp kveðið Guðbrandur Ísberg sýslumaður.

Samkvæmt vottorði héraðslæknis dags. 8. des. 1943 fór Hólmfríður Kristjánsdóttir, er fyrir slysinu varð 4. okt. 1943 og í héraðsdómi getur, út af sjúkrahúsi 7. des. s. á. og hafði þá náð fullri fótavist. Pípan, sem rekizt hafði í hana, braut gat á brjóstkassann við mót brjóstbeins og geislunga 3. og 4. rifs, svo að húðin, sem var heil yfir brotstaðnum, en hrumluð, blakti til við andardráttinn, enda var konunni mjög erfitt um andardrátt. Eftir slysið var hún mjög þungt haldin um hríð. Telja verður meiðsli konunnar slík sem í 218. gr. almennra hegningarlaga greinir, og verður ákærði að sæta refsingu fyrir tjón það á heilsu hennar, er lýst var, samkvæmt 219. gr. sömu laga, með því að umbúnaður pípnanna á vagni þeim, er hann stýrði, var ófullnægjandi og aksturinn var of hraður, eins og á stóð. Svo varðar atferli

ákærða auk ákvæða þeirra í lögum nr. 23/1941, sem vitnað er til í héraðsdómi, og við 7. málsgr. 28. gr. téðra laga. Þykir refsing ákærða fyrir ofangreint brot hæfilega ákveðin 45 daga varðhald. Svo ber og að svipta ákærða ökuleyfi um tvö ár.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar eru staðfest.

Loks greiði ákærði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 500 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Guðjón Andrésson, sæti 45 daga varðhaldi, og sé sviptur ökuleyfi um 2 ár.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar eiga að vera óröskuð. Svo greiði ákærði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Lárusar Jóhannessonar og Magnúsar Thorlacius, kr. 500 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Húnavatnssýslu 7. janúar 1944.

Málið er höfðað gegn ákærðum fyrir brot gegn 23. kafla hegningarlaganna og bifreiðalögum nr. 23/1941.

Ákærði, Guðjón Andrésson bifreiðarstjóri, til heimilis að Ásholti á Skagaströnd, er fæddur í Kálfshamarsvík $^{24}/_{10}$ 1920. Hann hefur eigi áður sætt ákæru né dómi fyrir refsivert athæfi.

Hinn 4. október s. l. milli kl. 10 og 11 e. h. ók ákærður vörubifreið sinni, H 35, frá Skagaströnd suður eftir Höfðahólavegi, sem er brautarspotti, er liggur frá Skagastrandarkauptúni upp undir Spákonufell. Á palli bifreiðarinnar var lítið eitt af sláturflutningi og þrír karlmenn, og var flutningurinn og mennirnir framarlega á pallinum. Auk þess voru á pallinum 20 vatnsleiðslupípur, 6—7 metra langar. Var þeim komið þannig fyrir, að endarnir voru látnir ganga fram með bílhúsinu hægra megin og síðan beint aftur eftir bílpallinum. Var þeim fest þannig, að brugðið var bandi um þær að framan og bandinu síðan fest í járnkrók undir bílpallsframhorni hægra megin. Bandinu síðan brugðið í

sams konar krók undir aftara bílpallshorn og síðan einbrugðið um pípurnar, og bandinu loks fest í afturhorns-bílpallskrók vinstra megin. Við athugun undir rannsókn málsins kom í ljós, sem og augljóst mátti vera, að þrátt fyrir bragðið utan um pípurnar gátu þær við átak auðveldlega flutzt til í áttina að vinstra pallhorni og vafalaust einnig við mikinn hristing vegna óvæginnar keyrslu, en tilraun sýndi, að þær hreyfðust ekki í rólegum akstri. En gengju pípurnar til yfir til vinstri á afturbrún pallsins, hlutu þær að sveigjast frá bifreiðinni að framan, og það því meir, sem þær gengju meir til að aftan.

Þegar ákærður hafði ekið bifreiðinni nokkurn spöl suður eftir Höfðahólaveginum, sá hann tvær stúlkur koma á móti henni. Sveigðu stúlkurnar út á vinstri vegbrún, og hefur ákærður borið, að önnur stúlkan hafi virzt standa utan í vegkantinum, en hin á honum, er hann ók fram hjá, en á meðan á því stóð, telur hann sig hafa dregið úr hraða bifreiðarinnar, úr á að gizka 30 km hraða niður í ca. 25 km hraða, en á hraðamæli leit hann ekki. Jafnframt telur hann sig hafa sveigt til vinstri, svo sem hann þorði. Varð hvorki hann, kona, sem sat hægra megin í bílhúsinu, né mennirnir 3, er sátu uppi á pallinum, þess vör, að nokkuð kæmi fyrir stúlkurnar um leið og ekið var fram hjá þeim.

Stúlkurnar, er þarna voru á ferð, voru Hólmfríður Kristjánsdóttir, til heimilis að Litla-Felli, og systurdóttir hennar, Soffía Lárusdóttir, Skagaströnd. Með þeim var og dóttir Hólmfríðar, Þorgerður að nafni, 11 ára að aldri. Þeim Hólmfríði og Soffíu ber saman við ákærða um það, hvar þær hafi verið, er bifreiðin ók fram hjá, en telpan vék alveg út í brautarskurðinn.

Um leið og bifreiðin ók framhjá, rakst eitthvað, sem var á bifreiðinni, og ekki getur hafa verið annað en framendar vatnsleiðslupípnanna, í brjóst Hólmfríðar með svo miklu afli, að hún kastaðist þvert yfir brautarskurðinn. Meiddist hún svo mikið, að næstu daga var talið tvísýnt um líf hennar, en eftir tveggja mánaða sjúkrahúsvist var hún talin að mestu heil aftur, samkvæmt vottorði sjúkrahússlæknis.

Eftir að umrætt slys varð, ók ákærði áfram lítinn spöl, og mætti þá Pálma Sigurðssyni og Hólmfríði Hjartardóttur, er einnig voru á leið til Skagastrandar. Vék Hólmfríður út af veginum, en Pálmi nam staðar á vegbrún, er bifreiðin ók framhjá, en um leið rákust pípuendar í handlegg Pálma, svo honum lá við falli og hlaut meiðsli af. Marðist handleggurinn í olnbogabót, en framhandleggurinn blánaði fram á úlnlið, og varð honum eigi höndin af fullu nýt aftur, fyrr en eftir nálega mánuð. Menn þeir, er á pallinum voru, urðu þess varir, er pípurnar rákust í Pálma. Gerðu þeir ákærða aðvart, og stöðvaði hann þegar bílinn, en hélt áfram ferðinni, er Pálmi taldi sig ekki hafa meiðzt til muna.

Sum vitni hafa borið, að ákærður hafi í umræddri ferð ekið með venjulegum aksturshraða, en önnur, að hann hafi ekið mjög hratt. Ekkert vitnanna leit á hraðamæli bifreiðarinnar, og vegna myrkurs var torveldara en ella að átta sig á hraðanum. Sönnun þess, að ákærður hafi ekið hraðar en hann sjálfur gizkar á, verður því ekki sótt í framburð vitnanna, en líkur virðast mjög benda í þá átt, að svo hafi verið. Pípurnar hafa hlotið að hreifast til og sveigjast frá bifreiðinni að framan, en það gat aðeins orðið vegna mikils hristings. Birtu bifreiðarljósanna bar svo skjótt undan, að hvorki konan, er sat við bílhúsgluggann hægra megin né þeir þrír menn, er sátu ofan á bílpallinum, urðu þess varir, er Hólmfríður kastaðist frá bílnum út yfir skurðinn. Í sömu átt bendir það og, að Hólmfríður skyldi kastast svo sem hún gerði, þvert yfir skurðinn, en ekki hníga niður, þar sem hún stóð. En jafnvel þó gengið væri út frá, að hraðaágizkun ákærða, er hann ók framhjá Hólmfríði Kristjánsdóttur, væri alveg rétt, verður sá hraði, 25 km á klst., að teljast ógætilegur eins og á stóð, þ. e. þegar ekið er fram hjá fólki í myrkri á þröngum vegi. Þá verður og eigi komizt hjá að álykta, að ekið hafi verið ógætilega nærri stúlkunum og síðan Pálma Sigurðssyni, miðað við breidd vegarins og það, hvar fólk þetta stóð. Loks verður útbúnaðurinn um vatnsleiðslupípurnar að teljast óforsvaranlegar, jafnt fyrir því, þó ákærða sökum reynsluskorts hafi ef til vill ekki verið það sjálfum ljóst. Það verður því að telja, að ákærður hafi með ónógum útbúnaði um hættulegan flutning og ógætilegum og, eins og á stóð, of hröðum akstri gerzt sekur við 26. gr., 4. mgr., og 27. gr. 1. mgr., sbr. 38. gr. bifreiðalaganna nr. 23/1941. Þá lítur rétturinn enn fremur svo á, að heimfæra beri verknað ákærða undir 219. gr. hegningarlaganna. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 500 króna sekt í ríkissjóð, og komi 20 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa.

Þá skal ákærður og sviptur rétti til þess að aka bifreið 1 ár frá birtingu dóms þessa.

Ákærður greiði allan kostnað sakarinnar.

Málið hefur verið rekið vítalaust.

Því dæmist rétt vera:

Ákærður, Guðjón Andrésson, greiði 500 — fimm hundruð — króna sekt í ríkissjóð, og komi 20 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa. Hann skal og sviptur leyfi til að aka bifreið 1 ár frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 8. desember 1944.

Nr. 75/1944. **Stefán Jónsson** (Jón Ásbjörnsson)
gegn
Hreppsnefnd Svarfaðardalshrepps
f. h. hreppsins (Einar B. Guðmundsson).

Um viðurkenningu eignarréttar að landi. Ómerking og heimvísun.

Dómur hæstaréttar.

Sigurður Eggerz, sýslumaður í Eyjafjarðarsýslu, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áður mál þetta væri dæmt í héraði, virðist nauðsyn hafa verið að skoða þrætustaðinn. Bar héraðsdómara því samkvæmt III. kafla laga nr. 41/1919 að nefna samdómendur og fara með málið svo sem þar greinir. Þá er og rétt að gera nákvæmari uppdrátt en gert hefur verið, þar sem sýnd séu takmörk þrætusvæðisins og, ef unnt er, svæðið milli stórstraumsflóðmáls og stórstraumsfjörumáls eins og það var, áður en hafizt var handa um gerð hafnarmannvirkja. Markmið stefnanda í máli þessu virðist vera að fá dóm um eignarrétt sinn að fjöru þeirri, sem var á þrætusvæðinu, er byrjað var að gera hafnarmannvirki, svo og að landauka í fjöru þessari og að landauka og fjöru þeirri, sem myndazt hefur síðan þar fram af vegna uppburðar sjávar. Hefur dómari látið undir höfuð leggjast að dæma þessi efni. Með vísun til þeirra atriða, sem nú voru greind, ber að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og leggja fyrir héraðsdómara að taka málið til löglegrar meðferðar og uppsögu dóms af nýju.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og vísast málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppsögu dóms af nýju.

Málskostnaður fyrir hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Akureyrar 7. marz 1944.

Mál þetta hefur höfðað Stefán Jónsson, Brimnesi í Svarfaðardalshreppi, með stefnu dags. 15. nóvember 1943 gegn hreppsnefnd Svarfaðardalshrepps, Tryggva Jónssyni oddvita, Jóhanni Jónssyni, Kristni Jónssyni, Stefáni Guðnasyni, öllum til heimilis í Dalvík, Páli Friðfinnssyni, Hrappsstöðum, Stefáni Björnssyni, Grund, og Jóni Gíslasyni, Hofi, f. h. hreppsins fyrir bæjarþingi Akureyrar samkvæmt samkomulagi aðilja, réttarskjal 2.

Gerir stefnandinn þær kröfur fyrir réttinum, að viðurkennt verði með dómi, að landauki sá — malar- og sanduppfylling —, sem á síðustu árum hefur myndazt í fjörumálinu á eignarjörð hans Brimnesi vegna uppburðar sjávar norðan landgöngugarðsins við hafnarbryggjuna á Dalvík, sé óskoruð eign stefnanda og nánar tiltekið allt það af landauka þessum, sem er ofansjávar við venjulega stórstraumsfjöru. En stefnandinn segir, að þenna landauka telji hin stefnda hreppsnefnd hins vegar eign hreppsins samkvæmt hafnarlögum, og hefur leigt hana öðrum til afnota fyrir sérstakt eftirgjald, en bannað stefnda afnot og allan ráðstöfunarrétt yfir honum. Stefnandinn krefst og málskostnaðar, og samkvæmt framlögðum reikningi er hann gerður kr. 1843.60.

Hin stefnda hreppsnefnd mótmælir algerlega kröfum stefnanda um viðurkenningu á eignarrétti honum til handa á landspildu þeirri, sem myndazt hefur fyrir malar og sandburð norðan hafnargarðsins í Dalvík, og krefst fullrar sýknu umbjóðanda sínum til handa. Enn fremur krefst hún málskostnaðar, en samkvæmt framlögðum reikningi er hann gerður kr. 2089.80.

Stefndi heldur því fram, að umrædd landspilda sé öll myndud síðan bygging hafnargarðsins í Dalvík var hafin, en það var árið 1939. Landspildan, segir stefndi, að sé öll áföst við land hafnarinnar, hafnargarðinn að sunnanverðu og strandlengjuna norðan við hann, eins og hún var, áður en byrjað var að gera höfnina. Heldur stefnda hreppsnefnd því fram, að Dalvíkurhöfn sé eigandi hvorstveggja, hafnargarðsins og strandlengjunnar, svo og sjávarbotnsins, er landið er myndað á. Samkvæmt lögum um hafnargerð á Dalvík, nr. 66 frá 1931, 10. gr., er Dalvíkurhöfn eigandi alls þessa lands innan hafnarmerkja, er sjór fellur yfir um stórstraumsflóð. Með eignarnámsgerð dags. 14. desember 1942 hefur Dalvíkurhöfn eignazt land það, sem liggur fyrir ofan stórstraumsflóðlínu, eins og hún var 1939, er mannvirkjagerðin var hafin og áður en landið tók að myndast þarna vegna uppburðar og sjávargangs. Segir stefnda, að hið nýmyndaða land hafi orðið til vegna þess, að hafnargarðurinn stöðvaði uppburðinn og liggur á 2 vegu að hafnarmannvirkjunum og landi hafnarinnar í sjálfri höfninni.

Stefndi mótmælir því, að 10. gr. hafnarlaganna brjóti í bága við eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar.

Til vara krefst stefnda hreppsnefnd sýknu á þeim grundvelli, að landaukinn sé að öllu leyti myndaður og til orðinn vegna hafnargerðarinnar í Dalvík. Áður en mannvirkjagerðin hófst, segir stefnda, að sjórinn hafi gengið upp að svonefndum Brimnesbökkum norðan „Lágarinnar", sem garðurinn er byggður fram úr. Braut sjórinn stöðugt bakkana niður, þar til hafnargerðin kom. Landið er þannig orðið til fyrir aðgerðir hafnarsjóðs og myndað í sjálfri höfninni og hlýtur því að vera hennar eign, en ekki landeiganda, sem einskis landauka gat vænzt fyrir sig og engu hefur kostað til þeirra mannvirkja, sem landaukann hafa skapað.

Til þrautavara krefst stefndur, að eignarréttur stefnanda verði aðeins viðurkenndur til þess landsvæðis, er að stærð samsvarar því landi, er lá þurrt um stórstraumsfjöru milli stórstraumsflóðmáls og stórstraumsfjörumáls árið 1939, áður en mannvirkjagerðin hófst. Fjöruland þetta, telur stefnda, að hafi verið nálega 1300 fermetra að stærð, og þó sennilega nokkuð minna, þar eð mæling matsmanna, 4 metrar frá bakka í flóðmál, er varla nákvæm. Telur stefndi, að fjarlægðin muni hafa verið 5½ metri og virðist líta svo á þrátt fyrir það, að matsmennirnir, sem mátu land það, er stefndi fékk eignarrétt á, muni hafa tekið landið til virðingar niður að flóðlínunni 1939, sem teiknuð er á kortið. Stefnandinn segir aftur, að þetta sýni, að 1½ meters landflæmi liggi milli landaukans og lands þess, er hreppsnefndin eignaðist við matið. Stefndi segir, að eignarréttur Dalvíkurhafnar að því landi, sem myndazt hefur fyrir framan greinda 1300 ferfaðma, sé ótvíræður, þar eð landið allt er myndað eftir að höfninni var með lögum veittur réttur til hafnarsvæðisins og þarmeð sjávarbotnsins. Land þetta, segir hann, að sé 2000 fermetrar.

Umboðsmaður stefnanda hefur aftur eftir stefnanda, að uppfyllingin nái eigi meira en 500 metra fram úr fjörumálinu, og eftir mælingum, sem hann vísar til, en eigi hafa verið lagðar fram, virðist hann halda fram, að uppfyllingin nái eigi meira en 200 metra fram úr fjörumálinu. Mæling þessi, segir hann, hafi verið framkvæmd af skipstjórum, en svo virðist sem ekki sé lokið við hana, því þeir menn ætla að mæla það aftur.

Eins og tekið hefur verið fram hér að ofan, krefst stefnandinn að réttur sinn verði viðurkenndur til þess landauka, sem sé ofan sjávar við stórstraumsfjöru og myndaður á síðustu árum.

Eðlilegast væri að skilja það svo, að landaukinn væri reiknaður frá því landi, sem var uppi um stórstraumsfjöru 1939 og svo til stórstraumsfjöru nú. Land þetta telur stefndur, eins og tekið er fram áður, og vísar þar um til matsmanna, sem mátu landið,

er höfnin tók úr Brimnesslandi, 2000 fermetra. Segir stefndur, að land þetta allt sé myndað eftir að höfninni með lögum var veittur réttur til hafnarsvæðisins og sé því tvímælalaust eign Dalvíkurhafnar.

Í munnlega málflutningnum virðist umboðsmaður stefndanda hafa það eftir stefnanda, að land þetta væri ekki nema 500 ferfaðma eða jafnvel 200 ferfaðma, en þessu er mótmælt, enda á engan hátt rökstutt, og getur því eigi orðið tekið til greina. Þá þykir rétt að taka fram, að umboðsmaður stefnanda tók fram, að enga þýðingu mundi það hafa haft að yfirheyra aðilja.

Yfir höfuð er krafa stefnandans ekki eins ljós og skyldi, en þegar tekið er tillit til réttarskj. 3, þá virðist landaukinn, sá sem stefnandinn gerir kröfu til að verði viðurkennd sem eign sín, ná að mestu, auk landaukans, sem minnst var á áðan, yfir land, sem 1939 var á milli flóðs og fjöru. Stefnandinn hefur þó mótmælt flóðborðslínunni, sem dregin er á réttarskjal 9, en segir, að sú rétta flóðborðslína sé 3 metrum neðar á kortinu.

Það er nú á engan hátt sannað, hvar stórstraumslínan var 1939, og ef til vill erfitt að sanna nákvæmlega, hvar hún lá, og að minnsta kosti er eigi heldur sannað, að flóðborðslínan hafi legið þar, sem stefnandinn segir. En hins vegar virðist mega takmarka kröfu hans við línu, sem liggur 3 metrum neðar á kortinu en sú, sem dregin er á það 1939, en þessi lína takmarkar þó aðeins kröfu hans, en sýnir eigi hina raunverulegu straumborðslínu. Aftur á móti segir stefnandinn berum orðum, að landaukinn, sem hann vill fá viðurkenndan sem sína eign, takmarkist að neðan af stórstraumsfjöru. Á réttarskjali 9 er stórstraumsfjara sýnd með rauðu striki eins og hún var 8. desember 1943. Stefnandinn hefur að vísu mótmælt þessari línu. Segir, að fjaran hafi verið talin kl. 1, en hafi verið 7.25 um morguninn. En þetta er misskilningur hjá stefnanda. Að vísu var athugunin á fjörunni gerð milli 1 og 2 um daginn, en farið var eftir þeim fjörumerkjum, sem sáust um háfjöruna, en um þetta hefur verið bókað í þingbókinni í réttarhaldi 15. jan. síðastl. Það virðist því mega leggja þessa línu til grundvallar sem takmarkalínu landaukans að neðan.

Málið snýst nú aðallega um það hjá stefnanda að fá eignarréttinn viðurkenndan yfir svæði því, sem tilgreint er hér að framan. Stefnandinn telur, að eignarréttur landeiganda yfir höfuð nái ekki aðeins til fjörunnar, svæðisins milli stórstraumsflóðs og stórstraumsfjöru, heldur einnig 60 faðma í sjó fram yfir svokölluð netlög, og verður að fallast á það, þar sem réttur sá, sem netlögin veita landeiganda, er svo víðtækur.

Stefnandinn segir nú, að Alþingi hafi með lögum um hafnargerð í Dalvík nr. 66 frá 8. september 1931, þar sem ákveðið er „að hafnarsjóður“ eigi land allt innan hafnarinnar, sem sjór flýtur

yfir „um stórstraumsflóð" brotið gegn ákvæðum 63. gr. stjórnarskrárinnar, og hafi hann því hlotið að fara í mál til þess að fá greind lög ógild í þessu falli. Stefnda hefur aftur talið, að hafnarlögin væru í samræmi við stjórnarskrána, enda fái landeigandi endurgjald í auknu landverði sbr. og 11. gr. hafnarlaganna.

Eins og tekið hefur verið fram, byggir stefnandinn kröfu sína á því, að 10. gr. hafnarlaganna sé eigi í samræmi við 63. gr. stjórnarskrárinnar. Á þetta getur rétturinn eigi fallizt. Rétturinn lítur svo á, að Alþingi hljóti að hafa heimild til að ráðstafa landi, sem nauðsynlegt er til að þjóðþrifafyrirtæki eins og höfnin verði byggð. Og rétturinn lítur svo á, að hreppsnefnd Svarfaðardalshrepps geti örugglega gengið út frá því, að hún eigi land það allt, sem ákveðið er í 10. gr. hafnarlaganna og þá einnig það land, sem hér ræðir um, enda verði að líta svo á, að Alþingi hafi á engan hátt brotið gegn stjórnarskrá landsins með löggjöf þessari. Hitt er aftur annað mál, en um það verður eigi ákveðið undir þessu máli, hvort eigandi jarðarinnar eigi kröfu til skaðabóta eftir skaðabótareglum eða á annan hátt úr ríkissjóði.

Samkvæmt því, sem tekið er fram hér að ofan, ber að sýkna hina stefndu hreppsnefnd af kröfu stefnanda.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Hreppsnefnd Svarfaðardalshrepps, Tryggvi Jónsson oddviti, Jóhann Jónsson, Kristinn Jónsson, Stefán Guðnason, allir til heimilis í Dalvík, Páll Friðfinnsson, Hrappsstöðum, og Stefán Björnsson, Grund, Jón Gíslason, Hofi, fyrir hönd hreppsins, eiga sýknir að vera af kröfum stefnandans, Stefáns Jónssonar, Brimnesi.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 11. desember 1944.

Nr. 78/1944. **H/f Júpíter** (Einar B. Guðmundsson)
gegn
Sjómannafélagi Reykjavíkur
(Sigurgeir Sigurjónsson).

Uppsögn skiprúmssamnings háseta.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 12. júní þ. á. Krefst hann þess, að honum verði að-

eins gert að greiða stefnda laun fyrir eins dags uppsagnartíma Sigurðar Þórarinssonar, kr. 40.87, án vaxta. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar af áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Sigurður Þórarinsson, er í málinu greinir, var ráðinn háseti á skip áfrýjanda um óákveðinn tíma. Áfrýjanda var því heimilt samkvæmt 13. gr. sjómannalaga nr. 41/1930 að segja honum upp skiprúmssamningnum með eins dags fyrirvara, enda færi stefndi úr skiprúminu í íslenzkri höfn, og er 10. gr. kjarasamnings þess, er í héraðsdómi getur, ekki til fyrirstöðu þessu. Með því að skilyrði uppsagnar samkvæmt nefndri 13. gr. sjómannalaga voru fyrir hendi, þykir verða að taka til greina kröfu áfrýjanda um lækkun dæmdrar fjárhæðar.

Eftir atvikum þykir mega ákveða, að málskostnaður fyrir báðum dómum falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi, h/f Júpíter, greiði stefnda, Sjómannafélagi Reykjavíkur, kr. 40.87.

Málskostnaður bæði í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 27. apríl 1944.

Mál þetta, sem dómtekið var 25. þ. m., hefur Sjómannafélag Reykjavíkur höfðað fyrir sjó- og verzlunardóminum með stefnu 4. janúar þ. á. gegn Tryggva Ófeigssyni, Reykjavík, f. h. eigenda b/v Júpíters, Hafnarfirði, til greiðslu á kr. 3101.98 ásamt 5% ársvöxtum frá 4. jan. 1944 til greiðsludags og málskostnaðar að mati dómsins.

Stefndur krefst sýknu gegn greiðslu á eins dags kaupi og að honum verði dæmdur málskostnaður eftir mati dómsins.

Málsatvik eru þau, að b/v Júpíter kom til Hafnarfjarðar frá Englandi þann 6. nóv. 1943 kl. um 8 f. h. Á skipinu var þá sem

háseti Sigurður nokkur Þórarinsson. Er hann ætlaði um kl. 7 f. h. morguninn eftir að fara til skips, kom í ljós, að skipið hafði farið um kl. 1—2 um nóttina. Út af þessu taldi nefndur Sigurður sig eiga kröfu á hendur stefndum um kaup, fæðispeninga og lífrarhlut fyrir þá veiðiaðferð með skipinu, er hann varð af, en skipið kom aftur úr henni þann 2. des. 1943. Samkvæmt sundurliðuðum reikningi nemur krafa Sigurðar hinni umstefndu fjárhæð, og hefur hann framselt stefnanda þessa kröfu.

Stefnandi byggir kröfu sína á því, að nefndum Sigurði hafi ekki verið tilkynnt, hvenær skipið myndi láta úr höfn né hafi honum verið sagt upp skiprúmssamningi, en hann hafi talið sig eiga og átt hafnarfrí í 24 klst. samkvæmt 10. gr. samnings frá 30. sept. 1942 milli sjómannafélaganna annars vegar og Félags ísl. botnvörpuskipaeigenda hins vegar.

Stefndur byggir sýknukröfu sína gegn greiðslu á eins dags kaupi á því, að nefndum Sigurði hafi mátt segja upp með eins dags fyrirvara. Ætlunin hafði verið að segja Sigurði upp stöðunni, en ekki hafði náðst til hans, meðan skipið stóð við, þar sem hann hafi farið af skipsfjöl strax og skipið kom í höfn og ekki látið sjá sig eftir það. Var því ekki hægt að koma uppsögninni til hans fyrr en mánudaginn þann 8. nóv. 1943. Þá telur stefndur, að skipverjar verði sjálfir að hafa gát á brottfarartíma skipsins og stefnandi geti því engan rétt sér til handa byggt á því, að nefndur Sigurður var ekki látinn vita um hann. Loks mótmælir stefndur því, að nefndur Sigurður hafi beðið nokkurt tjón við það að verða af skipinu umrædda veiðiför.

Samkvæmt 13. gr. sjómannalaganna nr. 41 frá 1930 getur hvor aðili sagt upp skiprúmssamningi, ef ráðningartíminn er óákveðinn, með eins dags fyrirvara, en þó þannig, að skipverji fari úr skiprúmi í íslenzkri fermingar- eða affermingarhöfn.

Samkvæmt framansögðu hefur stefndur ekki gætt þess að segja nefndum háseta, Sigurði Þórarinssyni, upp stöðunni með sólarhrings fyrirvara, áður en skipið lét úr höfn, og verður því þessi varnarástæða hans ekki tekin til greina. Þá er og leitt í ljós, að stefndur hefur vanrækt að tilkynna nefndum Sigurði, hvenær skipið skyldi láta úr höfn í umrætt skipti, en nefndur Sigurður hafði réttmæta ástæðu til að ætla, að skipið léti ekki úr höfn fyrr en þann 7. nóv. 1943 eftir kl. 8 f. h., en eins og áður er sagt, fór skipið um kl. 1—2 f. h. sama dag. Samkvæmt þessu verður að dæma stefndan til að bæta það tjón, sem nefndur Sigurður hefur beðið af þeim sökum, að hann varð af umræddri veiðiför skipsins, og þar sem hin umstefnda fjárhæð hefur ekki verið véfengd út af fyrir sig, en ekki hefur verið leitt í ljós gegn andmælum stefnanda, að nefndur Sigurður hafi aflað sér tekna með því að gegna öðrum störfum þann tíma, sem umrædd veiðiför stóð yfir, þá

ber að dæma stefndan til að greiða stefnanda hina umstefndu fjárhæð, kr. 3101.98 ásamt 5% ársvöxtum frá 4. jan. 1944 til greiðsludags og málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn kr. 500.00.

Í dóminum áttu sæti þeir Árni Tryggvason settur borgardómari og meðdómendurnir Geir Sigurðsson og Þorgrímur Sigurðsson skipstjórar.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Tryggvi Ófeigsson f. h. eigenda b/v Júpiters, greiði stefnandanum, Sjómannafélagi Reykjavíkur, kr. 3101.98 með 5% ársvöxtum frá 4. jan. 1944 til greiðsludags og kr. 500.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 11. desember 1944.

Nr. 50/1943. **Db. Ingvars Guðjónssonar**
(Guðm. Í. Guðmundsson)
gegn
bæjarsjóði Siglufjarðar
(Einar B. Guðmundsson).

Útsvarsmál. Ómerking og heimvísun.

Dómur hæstaréttar.

Guðmundur Hannesson bæjarfógeti, sem kveðið hefur upp hinn áfrýjaða úrskurð, hafði áður sem formaður yfirskattanefndar Siglufjarðar lagt úrskurð á kæru áfrýjanda út af útsvari því, sem í máli þessu greinir. Bar héraðsdómara því að víkja sæti ex officio, þegar málið kom fyrir fógetaréttinn.

Samningu úrskurðarins er mjög áfátt. Ekki eru þar nefnd nöfn aðilja né kröfur, og greinargerð skortir að mestu leyti um málsatvik. Þessi meðferð er fjarri eðli málsins og brot á ákvæðum 2. mgr. 190. gr. og 193. gr. sbr. 223. gr. laga nr. 85/1936.

Af framangreindum ástæðum verður að ómerkja hinn

áfrýjaða úrskurð ex officio og vísa málinu heim í hérað til uppkvaðningar úrskurðar af nýju.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera ómerkur, og vísast málinu heim í hérað til uppkvaðningar úrskurðar af nýju.

Málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Úrskurður fógetaréttar Siglufjarðar 13. marz 1943.

Lögtaksþoli hefur mörg undanfarin ár haft hér síldarverkun og síldarkaup og síldarsölu og haft hér opna skrifstofu allt árið. Enda þótt telja verði, að lögtaksþoli með þessu hafi eigi gerzt búsettur í Siglufirði, verður að telja, að atvinnurekstur þessi sé útsvarsskyldur samkv. 1. lið C. 9. greinar útsvarslaganna 106/1936, sbr. 1. gr. laga 36/1939, og að honum því beri að greiða útsvar af atvinnurekstri sínum í Siglufirði. Er því rétt, að lögtakið fari fram.

Því úrskurðast:

Lögtakið skal fram fara.

Föstudaginn 15. desember 1944.

Nr. 48/1944. **Fisksölusamlag Vestfirðinga** (Einar B. Guðmundsson)

gegn

bæjarsjóði Ísafjarðar. (Sigurgeir Sigurjónsson).

Setudómarar próf. Ísleifur Árnason og hrl. Jón Ásbjörnsson í stað hrd. Þórðar Eyjólfssonar og Gizurar Bergsteinssonar.

Útsvarsmál.

Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 17. apríl þ. á., hefur krafizt þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði felldur úr gildi, og að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir báðum

dómum eftir mati hæstaréttar. Gagnáfrýjandi, sem hefur fengið áfrýjunarleyfi 9. maí þ. á., hefur einnig skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 13. s. m., og krefst hann staðfestingar á úrskurðinum og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Í málflutningnum fyrir hæstarétti hefur það komið fram, að niðurjöfnunarnefnd hafi lagt á tekjur aðaláfrýjanda af ísfiskssölu hans á tímabili því, sem útsvarið er miðað við. Ísfisk þenna áttu félagsmenn að mestu leyti, að því er einnig kom fram í málflutningnum fyrir hæstarétti, en að nokkru var hann eign utanfélagsmanna. Og einnig hefur aðaláfrýjandi selt nokkuð af saltfiski á nefndu tímabili fyrir utanfélagsmenn og haft tekjur af þeirri sölu. Tilgangur félagsskapar aðaláfrýjanda er sá einn að koma fiski félagsmanna í verð, en eigi að safna eign framar en nauðsynlegt er til framkvæmdar þeirra athafna, er að markmiði félagsins eiga að leiða, enda er félagsmönnum endurgreiddur hluti þess, sem haldið er eftir af söluverði fisks þeirra. Tekjur félagsins af þessum skiptum við félagsmenn virðast því ekki vera gjaldstofn til útsvars álagningar. Útsvar það, er hér greinir, hefur verið lagt á tekjur aðaláfrýjanda bæði af skiptum við félagsmenn og utanfélagsmenn ósundurgreint, og verður því að telja það ólöglega á lagt. Ber því að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi.

Eftir atvikum þykir rétt, að gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda málskostnað fyrir báðum dómum, er þykir hæfilega ákveðinn samtals kr. 800.00.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur. Gagnáfrýjandi, bæjarsjóður Ísafjarðar, greiði aðaláfrýjanda, Fisksölusamlagi Vestfirðinga, 800 krónur í málskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Ísafjarðar 23. febrúar 1944.

Ár 1944, miðvikudaginn 23. febr., var í fógetarétti Ísafjarðar, sem haldinn var í forföllum hins reglulega fógeta af fulltrúa hans

Kristjáni Jónssyni, kveðinn upp úrskurður í málinu nr. 12/1943: Bæjarsjóður Ísafjarðar gegn Fisksölusamlagi Vestfirðinga, sem tekið var til úrskurðar 14. febr. 1944.

Málavextir eru þessir:

Við niðurjöfnun útsvara á Ísafirði árið 1942 var gerðarþola, Fisksölusamlagi Vestfirðinga, ætlað að greiða Bæjarsjóði Ísafjarðar kr. 5800.00 í útsvar.

Með lögtaksbeiðni dags. 14. des. 1943 krafðist Páll Guðmundsson f. h. bæjarsjóðs Ísafjarðar lögtaks fyrir útsvari þessu ásamt dráttarvöxtum, svo og öllum kostnaði við lögtaksgerðina.

Gerðarþoli Fisksölusamlag Vestfirðinga, hefur færzt undan að greiða útsvar þetta, með því að það sé ólöglega á lagt, og hafa aðiljar krafizt úrskurðar fógetaréttarins.

Málið var þingfest 18. des. 1943 og lagt undir úrskurð 21. jan. 1944 að undangengnum skriflegum málflutningi, en var síðar tekið upp aftur, sökum þess að það þótti ekki nægilega upplýst, og lagt aftur undir úrskurð 14. febr. 1944.

Af hálfu gerðarbeiðanda eru gerðar þær réttarkröfur, að hið umbeðna lögtak verði framkvæmt til lúkningar útsvarinu, að upphæð kr. 5800.00, ásamt dráttarvöxtum og öllum kostnaði við lögtaksgerðina.

Af hálfu gerðarþola eru hins vegar gerðar þær réttarkröfur, að útsvarsálagningin verði úrskurðuð ólögleg og synjað verði um framkvæmd gerðarinnar. Enn fremur krefst hann málskostnaðar samkvæmt taxta M. F. Í. eða eftir mati fógeta.

Af hálfu gerðarbeiðanda er því haldið fram, að ekki sé hægt að heimfæra Fisksölusamlag Vestfirðinga undir neina þá tegund félaga, sem undanþegin eru útsvarsskyldu samkvæmt útsvarslögunum. Enn fremur, að 1941 hafi veruleg breyting orðið á starfsemi Fisksölusamlags Vestfirðinga frá því er það fyrst var stofnað, er það tekur í sínar hendur í félagi við Útvegsmannafélag Ísfirðinga útflutningsafgreiðslu á öllum ísvörðum fiski hér úr umdæminu fyrir brezka matvælaráðuneytið, og hafi með því stórlega aukið viðskipti sín við utanfélagsmenn.

Þá heldur gerðarbeiðandi því fram, að með því að greiða útsvar 1942 hafi Fisksölusamlagið raunverulega viðurkennt útsvarsskyldu sína, enda þótt fyrirvari væri gerður af þess hálfu um endurgreiðslu, ef síðar yrði leitað úrskurðar dómstólanna og dómsúrskurður fengist fyrir því, að útsvarið væri ólöglega á lagt.

Gerðarbeiðandi heldur og fram, að Fisksölusamlag Vestfirðinga hafi með höndum arðvænleg viðskipti og nokkur hluti þessara viðskipta sé rekinn við utanfélagsmenn, og með tilliti til þess, að aðalfundur ráðstafar ávallt tekjuafgangi milli samlagsmanna, sé með öllu fyrir það girt, að samlagið geti verið útsvarsfrjálst.

Gerðarþoli heldur því fram, að Fisksölusamlag Vestfirðinga sé

ekki sjálfstætt gróðafyrirtæki fremur en t. d. S. Í. F. Fisksölusamlag Vestfirðinga sé aðeins sameiginleg miðstöð útgerðarmanna hér á Vestfjörðum til fyrirgreiðslu við sölu á fiski samlagsmanna, og til þess að spara þann kostnað, sem óhjákvæmilega hlyti af því að leiða, ef hver útgerðarmaður seldi sinn fisk út af fyrir sig. Enn fremur, að Fisksölusamlag Vestfirðinga geti aldrei eignazt neinar verulegar eignir, með því að tekjum samlagsins, sem afgangs eru að frádregnum rekstrarkostnaði, sé úthlutað til félagsmanna í réttu hlutfalli við fiskmagn það, er samlagið selur fyrir þá. Tekjur samlagsins hafi numið við reikningsskil 31. des. 1942 kr. 40221.86, en þessar tekjur hafi orðið til á 19 mánaða tímabili frá 1. júní 1941—31. des. 1942. Hafi þetta langa reikningsár samlagsins stafað af lagabreytingu, sem gerð var í sambandi við sams konar lagabreytingu hjá S. Í. F. í Reykjavík.

Á stjórnarfundi samlagsins þann 4. febr. 1943 hafi stjórn samlagsins lagt til við aðalfund, að fyrrgreindum tekjum, kr. 40221.86 yrði ráðstafað þannig, að endurgreitt yrði samlagsmönnum ½% af andvirði saltfisks, eða kr. 6062.78. Sömuleiðis yrði 0.7% af andvirði ísfisks, kr. 27076.39, endurgreitt samlagsmönnum. Greidd þóknun til stjórnar í 19 mánuði kr. 1000.00, til endurskoðenda kr. 600.00. Lagt í fastasjóð (tryggingarsjóð) félagsins kr. 4500.00 og yfirfært til næsta árs kr. 982.69.

Þessar tillögur stjórnarinnar hafi svo verið samþykktar á aðalfundi 5. febr. 1943 og greiðslur farið fram stuttu síðar.

Gerðarþoli telur, að þessar upphæðir, nema fastasjóður, kr. 982.69, er yfirfærðar voru til næsta árs, hafi lent hjá samlagsmönnum sem tekjur þeirra 1943 og komið fram í skattaframtölum þeirra það ár. Af þessu leiði, að ef Fisksölusamlag Vestfirðinga greiddi umrætt útsvar, væri verið að taka útsvar tvisvar af þessum tekjum, og sé slíkt ólöglegt.

Þá heldur gerðarþoli því fram, að Fisksölusamlag Vestfirðinga sé algerlega hliðstætt S. Í. F., sem sé undanþegið útsvarsskyldu samkvæmt sérstökum lögum. Þessu til stuðnings leggur hann fram lög S. Í. F.

Svo virðist sem Fisksölusamlag Vestfirðinga sé stofnað 1932. Tilgangur samlagsins er samkvæmt lögum þess sá, að annast sölu á fiskafurðum félagsmanna einkum á saltfiski svo og öðrum sjávarafurðum, eftir því sem ákveðið kann að vera á hverjum tíma. Félagsmenn geta allir þeir orðið, bæði félög og einstaklingar á félagssvæðinu, sem hafa fiskafurðir til útflutnings.

Félagið aflar sér tekna á þann hátt, að félagsmenn greiða 1% af söluandvirði afurða þeirra, er samlagið selur fyrir þá, miðað við sölu á skip f.o.b.

Það, sem afgangs kann að verða árlegum rekstrarkostnaði, ráðstafar aðalfundur í hvert skipti.

Með samþykkt þann 29. júní 1940 var ákveðið að stofna séreignasjóð og fastasjóð innan samlagsins. Samkvæmt annarri grein samþykktarinnar skal það fé, sem afgangs er við lok hvers reikningsárs, og ekki er ráðstafað að fullu sem hundraðshlutauppbót til samlagsmanna eða á annan hátt, lagt í fastasjóð og séreignarsjóð. Í 3 gr. samþykktarinnar segir svo: „Í séreignasjóð, sem vera skal óskoruð eign hvers samlagsmeðlims, skal eftir ákvörðun aðalfundar leggja hundraðshluta af söluandvirði afurða hans, þeirra er samlagið selur beint eða gegnum umboðssamband sitt, að réttri tiltölu við aðra samlagsmeðlimi og í réttri tiltölu við óráðstafað fé af söluandvirði samlagsmanna.

Í fastasjóð skal hins vegar leggja þann hluta óráðstafaðs fjár þeirra manna, sem ekki eru samlagsmenn, en sem samlagið hefur selt fisk fyrir á árinu. Enn fremur segir í 5. gr.: „Fastasjóður er eign samlagsins og fer um eignir hans, ef samlagið hættir störfum, eins og segir í 10. gr.“

Í 6. gr. segir svo: „Séreignasjóður og fastasjóður skulu vera starfsfé samlagsins, og greiðist því ekki vextir af séreign samlagsmeðlima.

Þess skal þó gætt, að fé séreignarsjóðs sé ekki bundið meir en svo, að hægt sé með 3ja mánaða fyrirvara að greiða séreignir samlagsmanna.“

Af efnahagsreikningi Fisksölusamlags Vestfirðinga, dags. 31. des. 1942, má sjá, að eignir séreignasjóðs hafa numið kr. 8684.02, og eignir fastasjóðs kr. 2528.78.

Á stjórnarfundi Fisksölusamlags Vestfirðinga, er haldinn var 4. febr. 1943, leggur stjórn samlagsins til, að tekjum samlagsins verði ráðstafað þannig:

1.	Endurgreitt samlagsmönnum	kr. 33139.17
2.	Laun stjórnar og endurskoðenda	— 1600.00
3.	Lagt í fastasjóð	— 4500.00
	Samtals	kr. 39239.17

Eftir eru þá kr. 982.69, sem stjórnin leggur til, að yfirfært verði til næsta árs.

Þann 5. febr. sama ár var svo haldinn aðalfundur á skrifstofu samlagsins, og voru þá samþykktar tillögur stjórnarinnar frá 4. febr. Skömmu síðar fóru svo greiðslur fram, og hefur því ekki verið mótmælt.

Samkvæmt framansögðu verður ekki séð, að þær 4500.00 kr., er lagðar voru í fastasjóð, og þær 982.69 kr., er yfirfærðar voru til næsta árs, hafi neins staðar komið fram til skatts. Svo sem að framan greinir, hefur gerðarþoli haldið því fram, að Fisksölusamlag Vestfirðinga sé algerlega hliðstætt S. Í. F.

Á þessa staðhæfingu gerðarþola verður ekki fallizt. Að vísu hafa bæði þessi samlög upphaflega haft svipaðan eða sama tilgang. Bæði samlögin hafa það aðalmarkmið að efla hag íslenzkra útgerðarmanna og stuðla að því að skipuleggja á sem hagkvæmastan hátt afurðasölu meðlima sinna. En skipulag þessara tveggja samlaga virðist ólíkt að ýmsu leyti. S. Í. F. hefur aðeins varasjóð, en engan séreignarsjóð eða fastasjóð, og ekki verður séð, að það geri ráð fyrir viðskiptum við utanfélagsmenn.

Aftur á móti er í 3. gr. samþykktar Fisksölusamlags Vestfirðinga frá 29. júní 1940 gert ráð fyrir viðskiptum við utanfélagsmenn.

S. Í. F. er, svo sem kunnugt er, undanþegið útsvarsskyldu með sérstökum lögum, en af því þarf engan veginn að leiða, að fisksölusamlögin innan S. Í. F. séu einnig útsvarsfrjáls.

Hvort fisksölusamlögin innan S. Í. F. eru undanþegin útsvarsskyldu, fer eingöngu eftir því, á hvern hátt þau reka starfsemi sína og hvort lög þeirra og samþykktir séu þannig gerðar, að eigi sé hægt að safna meiri sjóðum en nauðsynlegir eru til starfrækslu samlaganna.

Sú staðhæfing gerðarþola, að Fisksölusamlag Vestfirðinga sé algerlega hliðstætt S. Í. F. og þar af leiðandi undanþegið útsvarsgreiðslu, verður því ekki talin hafa við rök að styðjast.

Það er upplýst í máli þessu, að tekjur Fisksölusamlags Vestfirðinga hafa á tímabilinu frá 1. júní 1941—31. des. 1942 numið kr. 40221.86. Af þessari upphæð eru kr. 5205.02 tekjur við utanfélagsmenn.

Rétturinn lítur svo á, að af þessum tekjum beri gerðarþola að greiða útsvar. En um upphæð útsvarsins hefur ríkisskattanefnd fullnaðarúrskurð.

Samkvæmt framansögðu verður því að taka til greina kröfu gerðarþeiðanda um að hið umbeðna lögtak nái fram að ganga.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Hið umbeðna lögtak skal fram fara fyrir framangreindu útsvari og dráttarvöxtum af því.

Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 18. desember 1944.

Nr. 109/1944. **Jón Jóhannesson**
gegn
Aage Schiöth.

Öflun framhaldsskýrslna.

Úrskurður hæstaréttar.

Með því að skýrslur stefnda í máli þessu og skýrslur Garðars hæstaréttarlögmanns Þorsteinssonar eru mjög svo andstæðar hverar öðrum, en úrslit málsins kunna hins vegar að velta á þeim að meira leyti eða minna, þá þykir rétt að leggja fyrir héraðsdómarann að veita stefnda kost á að gefa aðiljaskýrslu fyrir dómi og að taka skýrslu fyrir dómi af hæstaréttarlögmanni Garðari Þorsteinssyni um skipti þeirra, þau er í máli þessu greinir, sbr. 142. gr. laga nr. 19/1940, ef annarhvor aðilja óskar þess, áður en dómur verður kveðinn upp í máli þessu.

Því úrskurðast:

Héraðsdómaranum ber að veita stefnda, Aage Schiöth, kost á að gefa aðiljaskýrslu fyrir dómi og að taka skýrslu fyrir dómi af Garðari Þorsteinssyni hæstaréttarlögmanni um skipti þeirra, þau er mál þetta varða, ef annarhvor aðilja óskar þess.

Mánudaginn 18. desember 1944.

Nr. 111/1942. **Finnur Jónsson** (Stefán Jóh. Stefánsson)
gegn
þrotabúi Hávarðs h/f. (Gunnar Þorsteinsson).

Máli vísað frá hæstarétti sökum galla á áfrýjun þess.

Dómur hæstaréttar.

Torfi Hjartarson bæjarfógeti hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Fyrir skiptaréttinum andmælti umboðsmaður útibús Landsbankans á Ísafirði kröfum áfrýjanda í máli þessu, og flutti téður umboðsmaður og áfrýjandi fram sókn og vörn um kröfurnar, áður hinn áfrýjaði úrskurður var upp sagður, sbr. 40. gr. skiptalaga nr. 3/1878. Þegar áfrýjandi skaut máli þessu til hæstaréttar, bar honum því samkvæmt 1. gr. laga nr. 19/1895 að stefna fyrir hæstarétt auk skiptaráðanda fyrirsvarsmönnum greinds bankaútibús. Þar sem áfrýjandi hefur ekki stefnt fyrirsvarsmönnum þessum fyrir hæstarétt, verður að vísa máli þessu ex officio frá hæstarétti.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Máli þessu vísast frá hæstarétti.

Málskostnaður fyrir hæstarétti fellur niður.

Úrskurður skiptaréttar Ísafjarðar 20. júlí 1942.

Hinn 11. október 1938 var bú h/f Hávarðar á Ísafirði tekið til gjaldþrotaskipta samkvæmt beiðni félagsins.

Með kröfulýsingu dags. 15. okt. 1938 lýsti Jón Grímsson, kaupmaður á Ísafirði, f. h. Finns Jónssonar, forstjóra og alþingismanns á Ísafirði, er verið hafði framkvæmdarstjóri h/f Hávarðar, kröfu í búið að upphæð kr. 5731.04, auk innheimtulauna að upphæð kr. 371.93, eða samtals kr. 6102.97. Er þess krafizt í kröfulýsingunni, að krafa þessi verði tekin til greina sem forgangskrafa, þar sem hún sé vegna húsaleigu og vinnulauna.

Á skiptafundi í búinu 14. okt. 1938 var kröfu þessari í heild mótmælt sem forgangskröfu og kr. 3600.00 af kröfunni og innheimtulaunum, kr. 371.93, einnig mótmælt sem lögmætri almennri kröfu í búið, hvort tveggja af hálfu útibús Landsbankans á Ísafirði, sem var aðallánveitandi h/f Hávarðar.

Sáttaumleitanir um ágreining þenna hafa reynzt árangurslausar, og hafa aðiljar lagt ágreininginn undir úrskurð skiptaréttarins.

Vegna dráttar, er varð á endurskoðun reikninga h/f Hávarðar hjá löggiltum endurskoðanda og þar af leiðandi einnig á rannsókn lögregluréttarins út af gjaldþrotinu, varð langt hlé á meðferð ágreiningsmáls þessa fyrir skiptaréttinum. Var öflun gagna lokið 8. f. m., málið þá tekið til skriflegs flutnings samkvæmt samkomulagi aðilja og tekið til úrskurðar 29. f. m.

Um réttarkröfur aðilja er þetta að segja:

Í fyrrnefndri kröfulýsingu er þess krafizt af hálfu Finns Jónssonar, að krafan verði öll tekin til greina sem forgangskrafa og hún sundurliðuð þannig:

Húsaleiga: Eftirstöðvar til 10. okt. 1938	kr.	655.18
Húsaleiga vegna uppsagnarfrests	—	300.00
Innheimtulaun af þessum upphæðum	—	95.51
Vinnulaun: Eftirstöðvar til 10. okt. 1938	—	3275.86
Vinnulaun vegna uppsagnarfrests	—	1500.00
Innheimtulaun af þessum upphæðum	—	276.42
Samtals	kr.	6102.97

Í greinargerð, lagðri fram í skiptaréttinum 17. nóv. 1938, er gerð sú varakrafa af hálfu Finns Jónssonar, að krafan verði tekin til greina í búið þannig:

1. Sem forgangskrafa:
   a. Húsaleiga samkvæmt kröfulýsingunni, kr. 100.00 á mánuði, alls ..... kr. 955.18
   b. Kaupeftirstöðvar, kr. 450.00 á mánuði, alls .. — 4298.28
   c. Innheimtulaun hér af ..... — 357.60
   Samtals kr. 5611.06
2. Sem almenn krafa:
   a. Fyrir hita, ljós og ræstingu, kr. 50.00 á mánuði, alls ..... kr. 477.58
   b. Innheimtulaun, hér af ..... — 47.75
   Samtals kr. 525.33

Í framhaldsgreinargerð, lagðri fram í skiptaréttinum 17. des. 1938, er þess síðan krafizt af umboðsmanni Finns Jónssonar, að honum verði úrskurðuð málflutningslaun samkvæmt lágmarksgjaldskrá M. F. Í. kr. 506.00 í stað innheimtulaunanna, og þess krafizt aðallega, að útibúi Landsbankans verði gert að greiða málskostnaðinn, en til vara, að þrotabúinu verði gert að greiða hann. Þá gerir hann og þá varakröfu um málskostnaðinn, að hann verði úrskurðaður honum á sama hátt í samræmi við varakröfu hans í málinu.

Af hálfu útibús Landsbankans eru hins vegar gerðar þær réttarkröfur, að krafan verði að engu leyti tekin til greina sem forgangskrafa og að hún verði ekki tekin til greina sem almenn krafa með hærri upphæð en kr. 2131.04. Þá er þess og krafizt af málflutningsmanni útibúsins, að honum verði úrskurðuð málflutningslaun samkvæmt lágmarksgjaldskrá M. F. Í kr. 600.00.

Í málinu er upplýst, að Finnur Jónsson var á fundi stjórnar h/f Hávarðar 6. febr. 1936 ráðinn framkvæmdarstjóri félagsins til eins árs með 3ja mánaða uppsagnarfresti. Var jafnframt svo um samið, að „framkvæmdastjóri annist eða láti annast auk framkvæmdarstjórnar allt skrifstofuhald h/f Hávarðar, leggi til skrifstofuáhöld og innanbæjarsíma félaginu að kostnaðarlausu og fái í laun á mánuði kr. 600.00."

Á árinu 1937 var Finni Jónssyni sagt upp starfi hans fyrir félagið frá 1. jan. 1938 að telja. Á fundi stjórnar félagsins 5. apríl 1938 var hann aftur ráðinn framkvæmdarstjóri félagsins með sömu kjörum og áður, og gegndi hann eða lét gegna því starfi úr því, þar til bú félagsins var tekið til gjaldþrotaskipta 11. okt. sama ár.

Því er haldið fram í málinu af hálfu Finns Jónssonar og það staðfest með vottorði 2ja manna úr stjórn h/f Hávarðar, að á tímabilinu frá 1. jan. til 31. marz 1938 hafi Finnur Jónsson og í fjarveru hans starfsmaður hans og staðgengill haft með höndum reikningsuppgjör fyrir félagið, umsjón með eignum þess og starf við að koma botnvörpuskipi félagsins aftur út á veiðar. Hafa fyrrnefndir stjórnarnefndarmenn vottað, að gengið hafi verið út frá því sem vísu, þegar ráðningarsamningurinn var framlengdur 5. apríl 1938, að Finnur Jónsson hefði sama kaup fyrir tímabilið frá 1. jan. til 31. marz 1938 og hann hafði áður verið ráðinn fyrir.

Skal þá fyrst tekið til athugunar, að hve miklu leyti taka beri til greina kröfu Finns Jónssonar í búið, og síðan, hvort eða að hve miklu leyti hún skuli teljast forgangskrafa.

Eins og fyrr segir, er krafa Finns Jónssonar í búið kr. 5731.04 án innheimtulaunanna. Af upphæð þessari er viðurkennd sem lögmæt krafa kr. 2131.04, en mótmælt sem lögmætri kröfu kr. 3600.00, og kemur því aðeins til álita, hvort taka beri hina síðar nefndu upphæð til greina eða ekki.

Af nefndum kr. 3600.00, er mótmælt hefur verið, eru kr. 1800.00 greiðsla, er Finnur Jónsson hefur reiknað sér fyrir tímabilið frá 1. jan. til 31. marz 1938, og kr. 1800.00 greiðsla, er hann krefst fyrir 3ja mánaða uppsagnarfrest frá 10. okt. 1938 til 10. jan. 1939.

Af hálfu útibús Landsbankans er greiðslunni fyrir tímabilið frá 1. jan. til 31. marz 1938 mótmælt á þeim grundvelli, að eigi verði séð, að Finnur Jónsson hafi verið ráðinn framkvæmdarstjóri félagsins þenna tíma. En með tilvísun til þess, er að framan segir um störf Finns Jónssonar og staðgengils hans fyrir félagið á þessu tímabili og endurráðningu hans 5. apríl 1938, verður að telja nægilega sannað, að Finni Jónssyni hafi borið greiðsla fyrir umrætt tímabil, og ber því að taka þenna hluta kröfunnar til greina í búið.

Kröfu Finns Jónssonar um greiðslu fyrir uppsagnarfrest er mótmælt af útibúi Landsbankans á þeim grundvelli, að stjórn félagsins hafi verið skylt að gefa félagið upp sem gjaldþrota 1. júlí 1938

eða jafnvel nokkru fyrr. Þá hafi og stjórninni borið, þótt hún gæfi félagið ekki upp sem gjaldþrota, að haga öllum rekstri þess með væntanlegt gjaldþrot fyrir augum og segja öllum starfsmönnum þess upp. Eigi Finnur Jónsson, er verið hafi í stjórn félagsins, ekki að hagnast á því, að þetta hafi verið vanrækt. Auk þess hafi Finnur Jónsson vanrækt störf sín fyrir félagið svo, að heimilt hafi verið að víkja honum úr stöðunni fyrirvaralaust.

Það er að vísu upplýst í málinu, að hagur h/f Hávarðar var orðinn mjög slæmur 1. júlí 1938, en með tilliti til þess, *að* félagið virðist aldrei beinlínis hafa stöðvað greiðslur sínar, *að* því hafði um all-langan tíma verið hjálpað af Landsbankanum til að halda útgerð sinni áfram, þótt það vantaði mikið til að eiga fyrir skuldum, og *að* bankarnir héldu um þetta leyti áfram að lána mörgum togaraútgerðarfélögum fé til áframhaldandi rekstrar, þrátt fyrir mjög bágborinn efnahag þeirra og áframhaldandi töp á útgerð, þykir skylda félagsstjórnarinnar til að gefa félagið upp sem gjaldþrota um 1. júlí 1938 eða til að segja upp starfsmönnum þess þá ekki hafa verið það augljós, að það, að þetta var ekki gert, svipti Finn Jónsson, er eigi hafði verið sagt upp stöðu sinni að nýju, rétti til greiðslu fyrir umsaminn uppsagnarfrest, þó að hann ætti sæti í stjórn félagsins.

Það er að vísu upplýst, að Finnur Jónsson var á árinu 1938 mjög mikið fjarverandi frá störfum sínum fyrir félagið. En þar sem hann lét starfsmann sinn gegna störfum í fjarveru sinni og hafði samkvæmt framangreindri ráðningu sinni mjög rúman rétt til að láta aðra annast störf þau, er félagsstjórnin hafði falið honum, og þar sem eigi hafa verið færðar sönnur á verulegar misfellur í framkvæmd starfanna, verður eigi talið sannað, að félagið hafi öðlast rétt til að víkja honum frá störfum fyrirvaralaust.

Samkvæmt þessu er eigi unnt að taka til greina mótmæli útibús Landsbankans gegn því, að Finni Jónssyni beri réttur til greiðslu fyrir hinn umsamda uppsagnarfrest, og ber að áliti réttarins að taka kröfu Finns um greiðsluna fyrir uppsagnarfrestinn til greina í búið.

Krafa umboðsmanns Finns Jónssonar um innheimtulaun er afturkölluð með kröfu hans um, að honum verði úrskurðaður málskostnaður í máli þessu í stað innheimtulaunanna, og kemur því innheimtulaunakrafan eigi til álita.

Samkvæmt framanrituðu ber að taka kröfu Finns Jónssonar að upphæð kr. 5731.04 til greina í þrotabúi h/f Hávarður án innheimtulaunanna, og kemur þá til álita, hvort eða að hve miklu leyti bera að viðurkenna forgangsrétt kröfunnar.

Af hálfu Finns Jónssonar er þess, eins og fyrr segir, krafizt aðallega, að krafa hans verði öll tekin til greina sem forgangskrafa í þrotabúi h/f Hávarðar, og til vara, að hún verði tekin til greina

sem forgangskrafa að undanteknum kr. 477.58 fyrir hita, ljós og ræstingu. Eru kröfur þessar byggðar á því, að hér sé um að ræða húsaleigu — og vinnulaunakröfu, er njóti forgangsréttar í búið skv. 83. gr. skiptalaganna, og því haldið fram, að orðin „annarra þjónustumanna" í 5. lið greinarinnar taki til framkvæmdarstjóra, er ráðnir séu með þeim hætti, sem Finnur Jónsson var ráðinn.

Af hálfu útibús Landsbankans er því hins vegar mótmælt sem fyrr segir, að krafan njóti forgangsréttar skv. 83. gr. skiptalaganna. Er því haldið fram af hálfu útibúsins, að grundvöllur kröfunnar sé verksamningur, en eigi vinnusamningur, og að jafnvel þó að svo yrði álitið, að hér væri um vinnukröfu að ræða, nyti hún ekki forgangsréttar skv. 5. lið 83. gr. skiptalaganna, því undir þenna lið falli ekki kaup framkvæmdastjóra eða annarra, er svipaða stöðu hafa.

Þá er því haldið fram af hálfu útibúsins, að Finnur Jónsson hafi ekkert húsnæði leigt h/f Hávarði, og geti því ekki verið um neina sérstaka húsaleigukröfu að ræða af hans hálfu á hendur þrotabúinu. Auk þess sé skipting kröfunnar í húsaleigukröfu og vinnulaunakröfu af hreinu handahófi gerð.

Í málinu er upplýst og viðurkennt, að Finnur Jónsson hafði afnot af skrifstofu Samvinnufélags Ísfirðinga, sem hann var einnig forstjóri fyrir, vegna skrifstofuhalds síns fyrir h/f Hávarð. Telur hann sig hafa greitt Samvinnufélagi Ísfirðinga kr. 100.00 á mánuði í húsaleigu vegna skrifstofuhaldsins. Tveir menn úr stjórn h/f Hávarðar hafa vottað, að Finnur Jónsson hafi greitt samvinnufélaginu kr. 150.00 á mánuði fyrir afnot af skrifstofu og fleira vegna starfa í þágu h/f Hávarðar, og segjast þeir telja, að af upphæð þessari sé húsaleiga kr. 100.00. Af þessu er ljóst, að Finnur Jónsson hefur ekki leigt h/f Hávarði nokkurt húsnæði með þeim hætti, að hann geti átt sérstaka húsaleigukröfu á hendur þrotabúi félagsins, er njóti lagaverndar skv. 83. gr. skiptalaganna. Er þegar af þessum ástæðum ekki unnt að taka til greina sem forgangskröfu í búið þær kr. 955.18 af kröfu Finns Jónssonar, er hann telur vera húsaleigukröfu.

Það er viðurkennt í málinu, að kr. 477.58 af hinni umdeildu kröfu, eða sem svarar 50.00 kr. fyrir hvern mánuð, sé greiðsla fyrir hita, ljós og ræstingu, og að Finnur Jónsson hafi greitt Samvinnufélagi Ísfirðinga upphæð þessa vegna starfa þeirra, er hann hafði að sér tekið fyrir h/f Hávarð. Getur slík krafa ekki notið lögverndar skv. 83. gr. skiptalaganna, og verður þessi hluti kröfunnar því ekki til greina tekinn sem forgangskrafa í búið.

Kemur þá til álita, hvort sá hluti hinnar umdeildu kröfu, kr. 4298.28, er Finnur Jónsson telur vera vinnulaun sín, njóti lögverndar skv. 5. lið 83. gr. skiptalaganna.

Af því, sem að framan segir um ráðningu Finns Jónssonar, er

ljóst, að því fer mjög fjarri, að með ráðningunni hafi verið gerður hreinn vinnusamningur, sbr. og það, er að framan segir um skiptingu hinnar umdeildu kröfu. Á hinn bóginn verður eigi heldur talið, að ákvæðin um ráðninguna séu í heild hreinn verksamningur.

Að því er snertir sjálfa framkvæmdarstjórnina, er Finni Jónssyni virðist með ráðningarsamningnum falið að annast sjálfum, verður að telja, að um vinnusamning sé að ræða. Þó ber á það að líta, að í framkvæmdinni hefur þetta orðið með nokkuð öðrum hætti að því er snertir það tímabil, sem hin umdeilda krafa stafar frá, því upplýst er og viðurkennt í málinu, að þann tíma var Finnur Jónsson að mestu fjarverandi frá störfum fyrir h/f Hávarð, sumpart vegna opinberra starfa sinna og sumpart vegna veikinda, og að ákveðinn starfsmaður hans annaðist framkvæmdarstjórnina að verulegu leyti á meðan.

Auk þess að Finnur Jónsson var ráðinn framkvæmdarstjóri h/f Hávarðar, var honum eins og fyrr segir falið að annast eða láta annast allt skrifstofuhald félagsins, þar á meðal að sjálfsögðu allt bókhald þess, og virðist engin áherzla á það lögð við ráðninguna, hvort hann annaðist skrifstofuhaldið sjálfur eða léti aðra annast það. Er á það er litið, að upplýst er, að er Finnur Jónsson var ráðinn framkvæmdarstjóri h/f Hávarðar, var hann einnig forstjóri annars all-stórs útgerðarfélags og átti auk þess umfangsmiklum opinberum störfum að gegna, verður naumast talið, að honum hafi verið ætlað af stjórn h/f Hávarðar að hafa sjálfum á hendi skrifstofuhald og bókhald félagsins. Er og upplýst í málinu, að á því tímabili, er hin umdeilda krafa stafar frá, hafi ákveðinn starfsmaður Finns Jónssonar að mestu eða öllu annazt skrifstofuhaldið og bókhaldið. Verður því að telja, að ákvæði ráðningarinnar um skrifstofuhaldið séu frekar verksamningur en vinnusamningur, og verður greiðslan að því leyti sem hún er fyrir skrifstofuhaldið þegar af þeirri ástæðu eigi talin njóta lögverndar skv. 5. lið 83. gr. skiptalaganna.

Um þann hluta kröfunnar, sem er greiðsla til Finns Jónssonar fyrir framkvæmdarstjórn hans, er það að segja í fyrsta lagi, að þar sem greiðslan fyrir framkvæmdarstjórnina, skrifstofuhaldið og það annað, er honum bar fram að leggja samkvæmt fyrrnefndri ráðningu, er til tekin í einu lagi sem heildargreiðslur, er eigi unnt að greina greiðsluna fyrir framkvæmdarstjórnina sérstaklega frá greiðslunni fyrir hin atriðin, er um ræðir í ráðningunni, þannig að sagt verði með vissu, hve miklu hún nemi, enda er eigi gerð tilraun til þess í málinu, nema að því er snertir greiðsluna fyrir húsnæði, hita, ljós og ræstingu. Í öðru lagi verður að áliti réttarins að telja, að orðin „annarra þjónustumanna“ í 5. lið 83. gr. skiptalaganna taki aðeins til þeirra þjónustu- eða starfsmanna, er hafa að verulegu leyti svipaða aðstöðu til kaupgreiðanda síns og

kaupgreiðslu og hjú, daglaunamenn og aðrir þeir flokkar manna, sem sérstaklega eru taldir upp í greinarliðnum, en eigi verður talið, að svo sé háttað um framkvæmdarstjóra hlutafélaga.

Samkvæmt þessu er eigi heldur unnt að taka þenna hluta hinnar umdeildu kröfu til greina sem forgangskröfu.

Eftir atvikum þykir rétt að ákveða, að málskostnaður skuli falla niður.

Því úrskurðast:

Finnur Jónsson á kröfu að upphæð kr. 5731.04 í þrotabú h/f Hávarðar.

Kröfu þessa ber að taka til greina í búið sem almenna kröfu, en eigi sem forgangskröfu.

Miðvikudaginn 20. desember 1944.

Nr. 32/1944. **Skipaútgerð ríkisins** (Ólafur Þorgrímsson)
gegn
Theódór B. Líndal f. h. John Padley Grantham vegna eigenda og skipshafnar b/v War Grey H 14 og gagnsök (Theódór B. Líndal).

Bjarglaun.

Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 27. marz þ. á. Krefst hann þess, að bjarglaun verði lækkuð til mikilla muna frá því, sem ákveðið er í héraðsdómi, og að málskostnaður verði látinn falla niður fyrir báðum dómum.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 19. apríl þ. á. Krefst hann þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum bjarglaun kr. 125000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 17. júní 1943 til greiðsludags svo og málskostnað fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar. Loks krefst hann þess, að viðurkenndur verði sjóveðréttur í e/s Súðinni til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, þó með þeirri breytingu, að vextir af dæmdri fjárhæð verði 6%.

Eftir atvikum þykir rétt, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað fyrir hæstarétti, kr. 1500.00.

Því dæmist rétt vera:

Aðaláfrýjandi, Skipaútgerð ríkisins, greiði gagnáfrýjanda, Theódór B. Líndal f. h. John Padley Grantham vegna eigenda og skipshafnar b/v War Grey H 14 kr. 90000.00 með 6% ársvöxtum frá 8. des. 1943 til greiðsludags, kr. 6000.00 í málskostnað í héraði og kr. 1500.00 í málskostnað fyrir hæstarétti. Á aðaláfrýjandi sjóveðrétt í e/s Súðinni til tryggingar fjárhæðum þessum.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 25. febr. 1944.

Mál þetta, sem dómtekið var 18. þ. m., hefur John Padley Grantham f. h. eigenda og skipshafnar b/v War Grey H 14 höfðað fyrir sjó- og verzlunardóminum með stefnu útgefinni 8. des. 1943 gegn Pálma Loftssyni f. h. Skipaútgerðar ríkisins, hér í bæ, til greiðslu björgunarlauna að fjárhæð kr. 125000.00, ásamt 6% ársvöxtum frá 17. júní 1943 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt framlögðum reikningi. Þá krefst og stefnandi þess, að viðurkenndur verði sjóveðréttur í e/s Súðinni fyrir hinum dæmdu upphæðum.

Stefndur krefst þess, að hin umstefnda fjárhæð verði lækkuð að miklum mun eftir mati dómsins; að málskostnaður verði látinn falla niður og að vextir verði aðeins reiknaðir 5% p. a. frá stefnudegi.

Málsatvik eru þessi:

Hinn 16. júní 1943 var e/s Súðin, eign stefnds, stödd á Skjálfandaflóa á leið til Akureyrar. Veður var kyrrt, lítill sjór og léttskýjað. Þenna dag um kl. 13.40 gerði flugvél vélbyssu- og sprengjuárás á skipið. Dundi kúlnahríðin á því, og jafnframt varpaði flugvélin sprengjum. Skipið var stöðvað, ráðstafanir gerðar til þess að koma út bátum og menn settir við loftvarnartæki skipsins. Jafnframt voru send út neyðarmerki. Sjóloki á skipssíðu hafði brotnað í tvennt, og fossaði sjórinn inn í vélarúmið. Virtist yfirvélstjóra engin tök á að stöðva lekann og halda skipinu á floti, og tók nú skipið að hallast mikið til bakborða. Gaf skipstjóri þá

skipun um að yfirgefa skipið. Tveir björgunarbátar reyndust ónothæfir. Var annar sundurskotinn, en hinum varð ekki komið út vegna halla á skipinu. Tveimur bátum varð komið út, og fóru mennirnir í þá. Merki voru gefin með eimpípunni til þess að vekja athygli togara, er á veiðum voru skammt frá. Síðan var haldið frá skipinu í bátunum. Tveir togaranna komu brátt á vettvang, enda höfðu þeir séð, hvað fram fór, og farið að draga inn vörpur sínar, áður en merki var gefið frá Súðinni. Voru þetta togararnir War Grey H 14 og Limeslade H 548. Talaðist svo til milli skipstjóranna þriggja, að Limeslade færi með hina særðu menn til næstu hafnar, sem var Húsavík, en War Grey skyldi reyna að koma Súðinni þangað. Í hríð þeirri, er gerð var að Súðinni, særðust 7 menn, sumir alvarlega og tveir svo, að þeir létust á leið til lands. Þeir skipverjar Súðarinnar, sem ekki fóru með Limeslade, fóru ásamt skipstjóra um borð í War Grey og biðu átekta. Meðan á þessu stóð, hafði Súðin sigið mikið að aftan og eldur gosið upp á bátaþilfari. Var nú enn beðið um stund til þess að sjá, hverju fram yndi, en síðan fór skipstjóri Súðarinnar og skipverjar þeir, er með honum voru, um borð í Súðina. Tókst að koma dráttartaugum milli skipanna á þann hátt, að War Grey sigldi að Súðinni, línu var kastað til hennar, og drógu skipverjar á Súðinni „trollvíra" togarans um borð og festu þá. Jafnframt reyndu skipverjar árangurslaust að slökkva eldinn, en mikill sjór var kominn í Súðina, og hallaðist hún mikið. Var Súðin því enn yfirgefin, þar eð ekki þótti fært að vera um borð, og fóru skipverjar aftur um borð í War Grey, sem lagði af stað til Húsavíkur með Súðina í eftirdragi í því ástandi, sem að framan er lýst, en klukkan var þá um 15.30. Meðan á þessu stóð, hafði togarinn Newland H 553 frá Hull komið á vettvang, og fylgdist hann með upp undir Húsavíkurhöfn. Á leiðinni seig Súðin meir og meir að aftan, og eldur logaði bæði á efra og neðra þilfari. Vegalengdin til Húsavíkur var um 24 sjómílur, en ekki þótti fært að fara hraðar en hálfa ferð, meðal annars til þess að eldarnir æstust ekki af vindi. Var hraðinn með þessu móti um 4 sjómílur á klst. Þegar komið var í landvar á Húsavíkurhöfn, var stöðvað, og fór skipstjóri Súðarinnar með menn sína um borð í Súðina. Skipverjar á War Grey bundu hann við bakborðshlið Súðarinnar, settu brunaslöngur hans um borð í Súðina, og var þá tekið til að slökkva eldinn og haldið áfram að draga Súðina upp að bryggju, en þrír vélbátar komu nú frá Húsavík, og veittu þeir aðstoð eftir þörfum. Kl. 22.45 var búið að binda Súðina við bryggju, en var hún þar á svo grunnu, að hún stóð um fjöruna. Var svo eldurinn í Súðinni slökktur, og auk skipverja hennar og manna af War Grey, aðstoðaði brunaliðið á Húsavík við það verk. Súðin var þá að mestu full af sjó fram að annarri lest. Togarinn War Grey beið við

hlið Súðarinnar til kl. 7 að morgni þess 17. júní, en fór þá á veiðar aftur og var kominn á fiskislóð um kl. 9. Við skoðun á Súðinni kom í ljós, að hún var stórskemmd af skothríð, eldi og vatni. Meðal annars var „botnventill" brotinn, svo að sjór rann inn í skipið, og enn fremur var platan við „botnventilinn" þversprungin, og var sprungan um 1 m á lengd. Eftir bráðabirgðaviðgerð á Húsavík fór Súðin til Reykjavíkur í fylgd með öðru skipi, og var hún þar virt af dómkvöddum mönnum, sem töldu verðmæti hennar hafa verið kr. 422000.00 í því ástandi, sem hún var í, eftir komuna til Húsavíkur. Hefur þessu mati ekki verið hnekkt, en í því er farmur, farmgjöld, kol og vistir ekki tekið með. Eru aðiljar sammála um, að verðmæti þess hafi verið um kr. 80000.00. Þar sem ekki hefur náðst samkomulag milli aðilja um upphæð launa fyrir framangreinda hjálp togarans War Grey, hefur stefnandi höfðað mál þetta.

Telur stefnandi tvímælalaust, að togarinn War Grey hafi innt af hendi björgun á Súðinni, og með tilliti til allra aðstæðna verði þau að teljast hæfilega metin, eins og í stefnu greinir.

Dómkröfur sínar byggir stefnda hins vegar á því, að hér hafi aðeins verið um tiltölulega auðvelda og áhættulausa aðstoð að ræða, og beri því að miða launin til stefnanda við það, og auk þess verði að taka tillit til þátttöku skipshafnarinnar á Súðinni, sem hafi sjálf framkvæmt allt það áhættusamasta og vandasamasta í sambandi við aðstoðina svo og þeirrar aðstoðar, sem vélbátarnir frá Húsavík létu í té, en einn þeirra muni auk þess hafa orðið fyrir einhverju tjóni í því sambandi.

Með tilliti til þess, að skipshöfnin var búin að yfirgefa Súðina, að óstöðvandi leki virtist kominn að skipinu og það var logandi, svo ekki var annað sýnna en að það myndi sökkva þá og þegar, svo og með hliðsjón af öðru því, sem leitt er í ljós um aðstæður allar samkvæmt framansögðu, þykir verða að líta svo á, að Súðinni hafi verið bjargað úr yfirvofandi háska að verulegu leyti fyrir atbeina skipverja á togaranum War Grey, þannig að stefnanda beri björgunarlaun. Koma þá til athugunar ákvæði 230. gr. siglingalaganna um ákvörðun á upphæð björgunarlaunanna. Björgun tókst á þann hátt, sem fyrr greind matsgerð sýnir, og var hún unnin af verklægni og atorku, þótt að vísu megi segja, að skipverjar Súðarinnar hafi framkvæmt það áhættusamasta með því að festa dráttartaugum í hið brennandi skip og, að því er virtist, sökkvandi skip. Tók björgunin rúmlega 7 klukkustundir. Eins og að framan er lýst, var Súðin í mikilli hættu, en björgunin virðist ekki hafa verið fyrirhafnarmikil. Ekki þykir unnt að telja, að War Grey hafi, eins og á stóð, stofnað sér í aukna hættu af hernaðarvöldum með því að fara Súðinni til hjálpar. Hins vegar hlaut töluverð hætta að vera því samfara að hafa brennandi skip í eftirdragi og

við hlið sér, eftir að komið var í landvar á Húsavíkurhöfn, þótt veðrið hafi að vísu verið gott. Eins verður að telja, að þar sem Súðin var fest við bryggju á það grunnu, að hún stóð um fjöru, en War Grey var við hlið hennar, meðan henni var lagt að bryggjunni, þá hafi War Grey einnig átt á hættu að taka þarna niðri. Togarinn War Grey er 246 smálestir „brúttó" og var með 800 kit af fiski, auk veiðarfæra, en verðmæti þessa hefur ekki verið leitt í ljós. Stefnandi hefur þó bent á, að í fyrrgreindu mati á Súðinni hafi hver „brúttó"smálest hennar óskemmdrar verið metin á kr. 2000.00, en verðmæti hverrar smálestar togarans telur hann hafa verið svipað. War Grey lagði til dráttartaugar við björgunina, tvo 2½" víra, sem voru 60 faðmar hvor, en ekki er upp komið um verðmæti þessara dráttartauga. Þær munu hafa reynzt nokkuð við dráttinn, en slitnuðu ekki. Alls mun War Grey hafa tafizt frá veiðum vegna björgunarinnar um 17½ klst. Í þessari veiðiför var War Grey samtals að veiðum um 10 daga, og var aflinn alls um 1200 kit af fiski, eða að jafnaði aflað um 120 kit á sólarhring. Telur stefnandinn, að aflatjónið þá 17½ klst., sem skipið tafðist frá veiðum, eiga að miðast hlutfallslega við þetta, en stefndur heldur því fram, að ekki verði miðað við þann tíma, sem skipið var eingöngu við veiðar, heldur verði að miða við alla veiðiferðina. Dómarinn fellst á það með stefnanda, að miða beri við veiðitímann sjálfan, þar sem skipið var á veiðimiðum, er það tafðist vegna björgunarinnar, og ósannað er, að það hafi getað verið lengur að veiðum en upphaflega var ráð fyrir gert.

Um annað tjón eða beinan tilkostnað en það, sem hér hefur verið nefnt að framan, virðist ekki hafa verið að ræða hjá bjargendum. Með tilliti til þess og framanritaðs svo og verðmætis hins bjargaða og aðstoðar þeirrar, sem vélbátarnir frá Húsavík létu í té, þykja umrædd björgunarlaun í heild hæfilega ákveðin kr. 90000.00. Ber stefnda að greiða stefnanda þá fjárhæð ásamt 5% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnað (þar með talinn matskostnað), sem telst hæfilega ákveðinn kr. 6000.00.

Samkvæmt 1. tölulið 236. gr. siglingalaganna viðurkennist og sjóveðréttur í e/s Súðinni til tryggingar fjárhæðum þessum.

Dráttur sá, sem orðið hefur á því, að mál þetta væri flutt munnlega, eftir að gagnasöfnun var talið lokið, stafar af önnum í sambandi við skiptingu lögmannsembættisins.

Í dóminum áttu sæti þeir Árni Tryggvason settur borgardómari og meðdómendurnir Hafsteinn Bergþórsson útgerðarmaður og Jón Axel Pétursson hafnsögumaður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Pálmi Loftsson f. h. Skipaútgerðar ríkisins, greiði stefnanda, John Padley Grantham f. h. eigenda og skips-

hafnar b/v War Grey H 14, kr. 90000.00 með 5% ársvöxtum frá 8. des. 1943 til greiðsludags og kr. 6000.00 í málskostnað. Á stefnandi sjóveðrétt í e/s Súðinni til tryggingar fjárhæðum þessum.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 20. desember 1944.

Nr. 49/1944. **H.f. Marz**
gegn
Andrési Bjarnasyni.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, H.f. Marz, sem eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 20. desember 1944.

Nr. 117/1944. **Mikael Sigfinnsson**
gegn
Sigurjóni Jónssyni h.f.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Mikael Sigfinnsson, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda, Sigurjóni Jónssyni h.f., er hefur látið mæta í málinu og krafizt ómaksbóta, 60 krónur í ómakslaun að viðlagðri aðför að lögum.
